Stjórnartíðindi
1994 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 2061, 2105, 2126, 2140, 2153, 2191, 2220, 2228, 2239, 2296, 2499, 2547, 2631, 2824, og 2882.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1994

1. nóvember 1994 2037 Nr. 572

REGLUGERÐ

um varnir gegn fjárkláða.

1. gr.

Komi upp grunur um fjárkláða, skal sá sem hans verður var þegar í stað tilkynna það héraðsdýralækni eða lögreglustjóra. Skulu þeir þá hlutast til um að hið grunaða eða kláðasjúka fé sé einangrað uns héraðsdýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Verði fjárkláði staðfestur skal héraðsdýralæknir tilkynna það yfirdýralækni þegar í stað. Landbúnaðarráðherra tekur ákvörðun um nauðsynlegar varnaraðgerðir gegn sjúkdómnum að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Varnaraðgerðir geta falist í böðun eða lyfjagjöf. Yfirdýralæknir gefur út leiðbeiningar um notkun lyfja við böðun eða lyfjagjöf og leiðbeinir um meðferð.

Héraðsdýralæknir skal jafnframt grípa til annarra nauðsynlegra varúðarráðstafana til varnar útbreiðslu og til útrýmingar á kláðanum, svo sem að hefta samgang fjár, farga einstöku kindum, sem vart verða læknaðar, sótthreinsa fjárhús og aðrar fjárgeymslur og eyða ullarkleprum, skófum og öðru sem smithætta getur stafað af.

Öllum þeim er starfa við heilbrigðiseftirlit á sláturhúsum, smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár og geita er skylt að hafa vakandi auga á því hvort fjárkláða eða annarra óþrifa verði vart.

2. gr.

Hafi fjárkláði verið staðfestur er heimilt að láta fara fram ítarlega skoðun á sauðfé og geitum sem hafa haft samgang við hinar sjúku kindur. Fjáreigendum er skylt að framvísa fé sínu til skoðunar og veita nauðsynlega aðstoð við verkið sé þess óskað. Héraðsdýralæknum eða fulltrúum þeirra skal vegna skyldustarfa sinna vera heimill aðgangur að útihúsum og öðrum vistarverum þar sem sauðfé eða geitur kunna að vera geymdar.

3. gr.

Héraðsdýralæknar, hver í sínu umdæmi, skulu vera eftirlitsmenn með varnaraðgerðum gegn fjárkláða. Héraðsdýralæknar geta tilnefnt sérstaka fulltrúa, baðstjóra, til að sjá um framkvæmd böðunar og lyfjameðferðar. Í umdæmum þar sem ekki eru starfandi héraðsdýralæknar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Baðstjórum er skylt að halda skýrslur um böðun sauðfjár, tölu þess, fjölda sjúkra kinda, framkvæmd verksins og hvenær það var unnið samkvæmt fyrirsögn héraðsdýralæknis.

4. gr.

Fjáreigendum er skylt að hafa allt fé sitt tiltækt til eftirlits eða meðhöndlunar, á húsi eða í rétt, eftir fyrirsögn héraðsdýralæknis eða fulltrúa hans.

Eigandi eða umráðamaður sauðfjár eða geitfjár skal hafa tiltækan nægan mannafla svo verkið geti gengið vel og greiðlega. Við böðun eða aðrar varnaraðgerðir gegn fjárkláða

Steindórsprent Gutenberg hf.

skal þess gætt að fé sæti ekki hrottalegri meðferð og aðstaða til verksins sé góð. Geitfé skal meðhöndla á sama hátt og sauðfé.

5. gr.

Vanti sauðfé þegar böðun eða aðrar varnaraðgerðir gegn fjárkláða fara fram á fjárbúi eða fresta verði aðgerðum á hluta fjárstofns af óviðráðanlegum ástæðum, skal allt meðhöndlað fé auðkennt og því haldið tryggilega aðskildu frá öðru fé, þar til allt fé á bænum hefur verið meðhöndlað.

Sérstaka gát skal hafa á fé sem heimtist seint og gæta þess vandlega að það sé ekki sett saman við annað fé fyrr en það hefur verið meðhöndlað.

6. gr.

Verði fjárkláða ítrekað vart á ákveðnu svæði er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að höfðu samráði við yfirdýralækni, að meðferð verði endurtekin innan eins mánaðar á svo stóru svæði sem þurfa þykir.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að skipa sérstakan fulltrúa til að stýra framkvæmd endurtekinnar meðferðar (útrýmingarböðun) og taki hann laun úr ríkissjóði. Hann skal sjá um að varnaraðgerðir á svæðinu fari í hvívetna fram eftir settum reglum, allt fé sé meðhöndlað á tilskyldum tíma og fylgst sé vandlega með því að fé sem heimtist eftir meðferð sé meðhöndlað án tafar.

Þegar endurtekin meðferð hefur verið ákveðin tilkynnir yfirdýralæknir það héraðsdýralæknum en þeir baðstjórum. Tilkynning um slíka meðferð skal einnig birt með sannanlegum hætti fyrir viðkomandi umráðamanni sauðfjár eða geita.

7. gr.

Eigendur og umráðamenn sauðfjár og geitfjár greiða allan kostnað við útrýmingu fjárkláða. Þó greiðir ríkissjóður kostnað vegna einangrunar fjár, efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Þá greiðir ríkissjóður lyfjakostnað vegna endurtekinnar meðferðar.

Reikningur fyrir kostnaði ríkissjóðs skal staðfestur af eftirlitsmanni.

Eigendum eða umráðamönnum er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við aðgerðir samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi Reglugerð um sauðfjárbaðanir nr. 290/1978.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 80, nr. 572. Útgáfudagur 2. nóvember 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1994

3. nóvember 1994 2039 Nr. 573

AUGLÝSING

um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

St. Jósefsspítali, Landakoti og Sjúkraliðafélaga Íslands hafa gert með sér samning dags. 8. desember 1992 um að með kjarasamninga skuli farið eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Í 19. gr. l. nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir, sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3. tl. 1. mgr. 19 gr. er tilgreint, að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19 gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá, sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986 sé birt opinberlega. Fer hér á eftir skrá yfir þá sjúkraliða á St. Jósefsspítala, Landakoti, sem samkvæmt þessu er óheimilt að gera verkfall:

Hjúkrunardeild.

Á hjúkrunardeild eru aldraðir sjúklingar sem ekki verða útskrifaðir heim. Deildin skiptist í 23ja rúma legudeild í Hafnarbúðum og 22ja rúma legudeild á gangi 1A.

Einnig er dagvistun aldraðra í Hafnarbúðum með að meðaltali 12 einstaklinga á dag.

Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum starfa í dag 18 sjúkraliðar í 13,2 stöðum.

Gert er ráð fyrir 8,4 stöðum eða 11 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Stöður raðast þannig:	3 stöður	morgunvakt
	2 stöður	kvöldvakt
	1 staða	næturvakt

Á hjúkrunardeild gangi 1A starfa í dag 16 sjúkraliðar í 12,8 stöðum.

Gert er ráð fyrir 9,9 stöðum eða 12 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Stöður raðast þannig:	3 stöður	morgunvakt
	3 stöður	kvöldvakt
	1 staða	næturvakt

Barnadeild.

Barnadeild er 26 rúma deild. Þar leggjast inn börn með ýmsa sjúkdóma.

Barnadeild sinnir bráðavöktum, 7-9 vöktum í mánuði, þ.e. 1/3 á móti Landspítalanum. Í dag starfa 9 sjúkraliðar í 6,3 stöðum.

Gert er ráð fyrir 3,5 stöðum eða 4 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Stöður raðast þannig: 0,5 staða morgunvakt
1,0 staða kvöldvakt
1,0 staða næturvakt

Augndeild.

Legudeild augndeildar á gangi 1B er 16 rúm. Deildin þjónar öllu landinu varðandi bráða augnsjúkdóma og slys á augum. Á deildina eru ennfremur lagðir inn sjúklingar sem fara í aðgerðir og meðferð vegna ýmissa sjúkdóma í augum. Í dag starfa 7 sjúkraliðar í 5,2 stöðum.

Gert er ráð fyrir 3,9 stöðum eða 5 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Stöður raðast þannig: 0,8 staða morgunvakt
1,0 staða kvöldvakt
1,0 staða næturvakt

Á göngudeild augndeildar, augnskoðun, starfa 2 sjúkraliðar í 1,9 stöðum.

Gert er ráð fyrir 1 stöðu á morgunvakt í verkfalli.

Handlækningadeild, gjörgæsla.

Handlækningadeild á gangi 2B er 22 rúm, þar af eru 6 rúm með gjörgæsluútbúnaði Á deildina eru lagðir sjúklingar sem fara í almennar skurðaðgerðir og þeir sjúklingar sem fá óvænta fylgikvilla eftir aðgerðir. Í dag starfa 14 sjúkraliðar í 10,2 stöðum.

Gert er ráð fyrir 4,0 stöðum eða 4 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Stöður raðast þannig: 0,8 staða morgunvakt
1,0 staða kvöldvakt
1,0 staða næturvakt

Lyflækningadeild.

Lyflækningadeild á gangi 3B er 16 rúm. Á deildinni er aðallega sinnt sjúklingum með meltingarfærasjúkdóma og krabbamein. Þeir sjúklingar sem hafa fengið meðferð á deildinni hafa aðgang allan sólarhringinn, ef upp koma óvæntir fylgikvillar eða ef sjúkdómur versnar. Í dag starfa 13 sjúkraliðar í 6,2 stöðum.

Gert er ráð fyrir 3,4 stöðum eða 5 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Stöður raðast þannig: 0,4 staða morgunvakt
1,0 staða kvöldvakt
1,0 staða næturvakt

Skurðstofa.

Almennar skurðstofur eru 4. Þar eru gerðar margvíslegar skurðaðgerðir og speglanir. Deildin sinnir bráðavöktum barnadeildar. Í dag starfa 5 sjúkraliðar í 4,2 stöðum.

Gert er ráð fyrir 2 stöðum eða 2 einstaklingum í vinnu í verkfalli.

Stöður raðast þannig: 2 stöður morgunvakt

St. Jósefsspítali, 3. nóvember 1994.

Logi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1994

8. nóvember 1994 2041 Nr. 574

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlent viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,00	68,22
Smjör, óniðurgreitt	967,51	68,22
Mjólkurduft	240,00	78,63
Undanrennumjöl óniðurgreitt	306,85	66,53
Ostur	450,62	150,55
Nautgripakjöt	483,00	161,05
Kindakjöt	486,20	110,08
Svínakjöt	435,50	113,15
Kjúklingakjöt	469,75	80,11

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

Tollskrárnúmer	Verðjöfnunargjald kr/kg
0402.1000	161
0403.1001	65
0403.1003	34
0403.9001	28
0403.9002	28
0403.9003	28
0403.9004	108
0403.9009	183

Steindórsprent Gutenberg hf.

Tollskrárnúmer	Verðjöfnunargjald kr/kg
0405.0000	252
0406.2000	385
0406.3000	309
0406.9000	240
1602.4900	107
1901.2023	98
1901.2024	67
1902.2022	48
1902.2041	50
1902.3022	48
1902.3041	50
1902.4022	48
1905.9051	98
1905.9059	67
2202.9001	42

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir eða sé ekki í samkeppni við samskonar innlenda vöru eða vörulíki.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 421/1994.

Gjaldtaka af tollskrárnúmerum 1902.2022, 1902.2041, 1902.3022, 1902.3041 og 1902.4022 skal þó ekki hefjast fyrr en 1. desember 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1994

20. október 1994 2043 Nr. 575

SAMÞYKKT

um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið.

Bæjarstjórn fer með stjórn Vesturbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Vesturbyggðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. VI. kafla þessarar samþykktar.

2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.
Þriggja ára áætlun.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.
Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.
Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.
Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga. Strax og lokið er fullnaðarafgreiðslu ársreikninga frá hendi bæjarstjórnar, skulu þeir liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til skoðunar. Skal það auglýst samhliða auglýsingu um bæjarstjórnarfundi.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Fundartími bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan þriðjudag hvers mánaðar. Leitast verður við að fundir bæjarstjórnar verði haldnir sem víðast í bæjarfélaginu.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri sbr. 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn fyrir hádegi fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Boðsending fundarboða.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum. Að minnsta kosti tveimur varamönnum þeirra framboða er eiga fulltrúa í bæjarstjórn skal boðsend dagskrá ásamt fundargögnum.

17. gr.

Boðun aukafunda.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Að minnsta kosti tveimur varamönnum þeirra framboða er eiga fulltrúa í bæjarstjórn skal boðsend dagskrá ásamt fundargögnum.

18. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Kosning skrifara.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Fundarstaður.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Fatlaðir verða aðstoðaðir við aðgang að fundarsal þar sem þess er þörf.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar

sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Lögmæti bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Fundarstjórn.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og ber bæjarfulltrúum að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli s.s. önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, og boða síðan varamann sinn á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Fundarsköp: Vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Fundarsköp: Takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Fundarsköp: Meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Fundarsköp: Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Fundarsköp: Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Fundarsköp: Úrslit atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Fundarritun – fundargerð.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er

haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra liða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.
Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

37. gr.
Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.
Lausn úr bæjarstjórn.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.
Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hagsmunir bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Þóknun bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Orlof.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Fjarvera vegna veikinda – varamenn.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.
Kosning í bæjarráð, nefndir og stjórnir.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.
Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar eiga sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir því aðeins að þeir séu kjörnir í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.
Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði 1. og 3. þriðjudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

51. gr.
Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.
Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla mála.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn, s.s. sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

55. gr.

Boðun fyrstu nefndafunda.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Bæjarstjórn er heimilt að kjósa formenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Fundarseta nefndarmanna.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Fundargerðabækur.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana.

61. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti bæjarstjórnar.*
2. *1. varaforseti bæjarstjórnar.*
3. *2. varaforseti bæjarstjórnar.*
4. *Tveir skrifarar bæjarstjórnar* og tveir til vara, úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 49/1990.
6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Fulltrúar á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga* skv. samþykktum samtakanna og jafnmarga til vara.
8. *Kjörstjórnir við alþingiskosningar.* Skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
   Fjórar undirkjörstjórnir til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga: Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og lögum um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir til vara.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Atvinnumálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum. Nefndin skal velja þrjá úr sínum hópi til setu í stjórn vinnumiðlunar, sbr. 9. gr. laga nr. 18/1985. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf.

3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
   Félagsmálaráð fer með:
   a. Verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. 50. gr. laga nr. 40/1991.
   b. Verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. 32. gr. laga nr. 40/1991.
   c. Framkvæmd laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, að því leyti sem þau mæla fyrir um þjónustu sveitarfélags við fatlaða á sviði almennrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, húsnæðis og atvinnu.
   d. Verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. 49. gr. laga nr. 40/1991.
   e. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.
   f. Verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
4. *Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um fjallskil í Vestur-Barðastrandarsýslu. Landbúnaðarnefnd skal tilnefna búfjáreftirlitsmann skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991. Einnig annast nefndin eyðingu refa, minka og vargfugls.
5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Hafnasamband sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara á aðalfund sambandsins skv. samþykktum þess.
7. *Heilbrigðisnefnd.* Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. *Héraðsnefnd Barðstrendinga.* Samkvæmt gildandi samþykktum héraðsnefndar.
9. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
10. *Íþrótta- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar að íþrótta- og æskulýðsmálum í Vesturbyggð.
11. *Kjörstjórnir.* Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
    Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
12. *Lista- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar að lista- og menningarmálum í Vesturbyggð í umboði bæjarstjórnar og fer með stjórn bókasafna skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
13. *Samband íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara á landsþing samtakanna.
14. Skipulags- og byggingarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og skv. skipulagslögum nr. 19/1964.
15. *Skólanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um grunnskóla nr. 49/1991. Nefndin fer auk þess með verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994 og verkefni tónlistarskólanefndar skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
    Undirnefndir grunnskóla. (Fjórar nefndir.) Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í hverja skv. samþykkt bæjarstjórnar.
16. *Stjórnir félagsheimila.* Skv. gildandi samþykktum viðkomandi félagsheimila. Stjórnir félagsheimila skulu vera eftirfarandi:
    Húsnefnd Birkimels, Barðaströnd (1 fulltrúi).
    Húsnefnd Fagrahvamms, Rauðasandi (1 fulltrúi).
    Húsnefnd Félagsheimilis Patreksfjarðar, Patreksfirði (3 fulltrúar).
    Húsnefnd Baldurshaga, Bíldudal (1 fulltrúi).

17. *Strönd hf.* Tveir fulltrúar á aðalfund Strandar hf. og jafnmargir til vara.
18. *Oddi hf.* Einn fulltrúi á aðalfund Odda hf. og annar til vara.
19. *Umhverfismálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með umhverfismál og náttúruvernd skv. 3. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988, og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, sbr. 28. gr. laga nr. 108/1988.

63. gr.

Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Hlutverk bæjarstjóra og bæjarritara.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar í samráði við formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum í forföllum hans.

Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofu bæjarsjóðs og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra þar á meðal innheimtu tekna bæjarsjóðs.

66. gr.

Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Ráðning starfsmanna.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Patrekshrepps nr. 259/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

4. október 1994 Nr. 576

REGLUR

um verðmerkingar.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vöru og þjónustu beint til neytenda. Verðmerkja skal vöru hvar sem hún er til sýnis, þ.m.t. vöru í búðargluggum og sýningarkössum.

Þegar söluverð vöru eða þjónustu er birt í auglýsingu skal fara eftir reglum um verðmerkingar eftir því sem við á.

Reglur þessar gilda ekki um uppboðssölu.

Almennt um verðmerkingar.

2. gr.

Skylt er að verðmerkja vöru og þjónustu með söluverði.

Verðmerking skal vera skýr svo greinilegt sé til hvaða vöru verðmerkingin vísar.

Auðvelt á að vera að sjá verð vöru og þjónustu á sölustað. Ef fleiri en ein verðmerking er á vöru, skal koma skýrt fram hvaða verð neytendur eiga að greiða.

Uppgefið söluverð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram.

Verðmerking á útsölu.

3. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var, sbr. 28. gr. samkeppnislaga.

Verðmerking vegna neytendalána.

4. gr.

Í auglýsingum eða tilboðum, sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda, skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð sbr. 13. gr. laga um neytendalán.

Verðmerking á vörum.

5. gr.

Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða sölueiningu.

Þegar vara er seld í lausri vigt skal söluverð hennar gefið upp miðað við kíló, lítra eða aðra viðeigandi mælieiningu.

Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Ef framangreint er ekki hægt má verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista enda sé ávallt tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið.

Auk söluverðs er skylt að gefa upp mælieiningarverð samkvæmt reglum sem gilda þar um.

Verðmerking á þjónustu.

6. gr.

Skýr verðskrá eða skilti með verði á allri þjónustu sem þjónustufyrirtæki veitir skal vera hjá afgreiðslukassa eða á áberandi stað þar sem þjónustan er veitt.

Einnig skal þjónustufyrirtæki, eftir því sem við verður komið, hafa verðskrá við inngöngudyr. Þar skal gefa upp verð á algengustu þjónustu sem er á boðstólum.

Undanþága.

7. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Viðurlög.

8. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Gildistaka.

9. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað fyrri tilkynninga Verðlagsstofnunar nr. 53/1980, nr. 60/1983, nr. 19/1987, nr. 19/1990 og nr. 25/1990 sem falla jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 4. október 1994.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

REGLUR

um birtingu og auglýsingar á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa.

1. gr.

Aðgöngumiðaverð kvikmyndahúss skal auglýst á áberandi stað í eða við aðgöngumiðasölu.

Uppgefið aðgöngumiðaverð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti.

2. gr.

Ef aðgöngumiðaverð er hærra á einstöku kvikmyndum, ber að taka það sérstaklega fram þegar kvikmyndin er auglýst.

3. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Verðlagsstofnunar nr. 6/1987, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 4. október 1994.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

4. október 1994 Nr. 578

REGLUR

um verðupplýsingar veitingahúsa.

1. gr.

Allir sem veitingarekstur stunda, skulu festa upp verðskrá á áberandi stað fyrir framan inngöngudyr þar sem fram kemur verð á algengustu vöru og þjónustu sem í boði er. Uppgefið verð skal í öllum tilvikum vera endanlegt verð með virðisaukaskatti og þjónustugjaldi.

2. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Verðlagsstofnunar nr. 4/1991, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 4. október 1994.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs Svarfdæla.

Í tilefni aldarafmælis Sparisjóðs Svarfdæla, 1. maí 1984 er stofnaður sjóður til styrktar menningarmálum í byggðarlaginu.

Um sjóðinn og starfsemi hans gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Nafn sjóðsins er Menningarsjóður Svarfdæla. Heimili hans og varnarþing er á Dalvík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til hvers konar menningarmála á starfssvæði Sparisjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Einn kosinn af aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla, og er hann jafnan formaður stjórnar og sveitarstjórnir á starfssvæðinu kjósi sinn fulltrúa hver.

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári fyrir aðalfund Sparisjóðsins. Hún heldur gerðabók og semur árlega reikninga sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum Sparisjóðsins og lagðir, ásamt skýrslu um úthlutun styrkja, fyrir aðalfund hans.

4. gr.

Stofnfé Menningarsjóðs Svarfdæla er kr. 500.000, ákveðið af ábyrgðarmannafundi Sparisjóðs Svarfdæla á aldarafmælinu, 1. maí 1984. Árlegar tekjur sjóðsins eru auk vaxta, framlög sem aðalfundur Sparisjóðsins kann að ákveða honum, eða aðrir þeir aðilar, sem hafa áhuga á að efla getu sjóðsins til styrkveitinga, sbr. 2. gr.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla. Við styrkveitingar skal þess gætt, að höfuðstóll sjóðsins fari jafnaðarlega ekki niður fyrir upphæð stofnframlagsins að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Að öðru leyti hefur sjóðsstjórnin óbundnar hendur með árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt markmiði í 2. gr.

6. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa að fenginni staðfestingu þessarar skipulagsskrár.

Þannig samþykkt á aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla þann 19. mars 1994 og komi í stað fyrri samþykktar frá árinu 1986.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUR

um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa.

1. gr.

Hárgreiðslu- og rakarastofum er gert að hafa uppi við inngöngudyr skýrar verðskrár með verði á algengustu þjónustu sem í boði er.

Einnig skulu stofurnar hafa uppi verðskrár við greiðslukassa eða á öðrum áberandi stað með verði á allri þeirri þjónustu sem þær veita.

2. gr.

Uppgefið verð á þjónustu í verðskrám skal innifela efni og annað sem er notað hverju sinni.

Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við verðið þarf að taka það sérstaklega fram.

3. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Verðlagsstofnunar nr. 13/1984, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 4. október 1994.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

25. október 1994 Nr. 581

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi með áorðnum breytingum sbr. reglugerð nr. 157/1992 og reglugerð nr. 240/1993.

1. gr.

Í upptalningu iðngreina í 3. gr. skal setja heitið *hársnyrtiiðn* í stað orðsins *hársnyrting*.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 57/1988 sbr. breytingar með lögum nr. 107/1988, lögum nr. 74/1989 og lögum nr. 83/1993. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 25. október 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ nr. 257/1983, skal vera kr. 9.500 fyrir árið 1995. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1994.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2 gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur laga nr. 25/1987.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar og sett samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 24. október 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 583 24. október 1994

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Staðarhrepp í Skagafirði.

1 gr.

Hreppsnefnd Staðarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Árgjald er sem hér segir:

1. Býli þar sem stundaður er einhver búskapur eða önnur atvinnustarfsemi ..... kr. 5.000
2. Íbúðarhúsnæði án atvinnurekstrar ..... kr. 2.500

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Staðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 24. október 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Andakíls-, Skorradals-, Reykholtsdals-, Hálsa- og Lundarreykjadalshreppa, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar, er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir Andakíls-, Skorradals, Reykholtsdals-, Hálsa- og Lundarreykjadalshreppa í Borgarfjarðarsýslu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd (eða framkvæmdanefnd) skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 10 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna (aðal- og varamanna) og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins (eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu) sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa í samvinnunefnd (og framkvæmdanefnd). Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af því sveitarfélagi þar sem fundur er haldinn hverju sinni en af embætti skipulagsstjóra sé hann haldinn í Reykjavík.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnum miðað við íbúafjölda. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr að fenginni tillögu skipulagsstjórnar ríkisins.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir árslok 1996. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 sbr. lög nr. 73/1964 og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 26. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 585 31. október 1994

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Sauðárkróks, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki.

Á eftirtöldum stöðum skulu vera merktar gangbrautir yfir akbrautir:

1. Sæmundarhlíð neðan Sauðárbrúar.
2. Sæmundarhlíð ofan gatnamóta við Skagfirðingabraut gegnt anddyrum á Gagnfræðaskóla og Verknámshúsi FNV.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 31. október 1994.

Halldór Þ. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1994

11. nóvember 1994 2065 Nr. 586

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit gildir á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, samkvæmt 10. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988. Af eftirlitsskyldri starfsemi er sveitarstjórnum á svæðinu heimilt, að höfðu samráði við svæðisnefnd, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að leggja á og innheimta starfsleyfis- og eftirlitsgjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit í samræmi við heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð. Sé um að ræða fjölþætta starfsemi sama aðila skal einungis innheimt eitt gjald, það hæsta í viðkomandi tilviki, enda fari starfsemin fram á sömu starfsstöð eða lögbýli og um náskylda starfsemi að ræða.

2. gr.

Starfsleyfisgjöld.

Af starfsleyfiskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er sveitarstjórnum heimilt að innheimta starfsleyfisgjöld sem hér segir:

1. flokkur	kr.	2.000
2. flokkur	kr.	5.000
3. flokkur	kr.	15.000
4. flokkur	kr.	18.000
5. flokkur	kr.	33.000
6. flokkur	kr.	40.000

3.gr.

Eftirlitsgjöld.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og starfsemi sem talin er upp í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er sveitarstjórnum heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjöld sem hér segir:

1. flokkur	kr.	5.500
2. flokkur	kr.	11.000
3. flokkur	kr.	21.750

B 144
Steindórsprent Gutenberg hf.

4. flokkur kr. 36 750
5. flokkur kr. 66 170
6. flokkur kr. 80 000

Við flokkun fyrirtækja skal mið tekið af umfangi og eðli starfseminnar og tillit til þeirrar vinnu og kostnaðar sem heilbrigðiseftirlitið hefur af útgáfu starfsleyfis og eftirliti.

Sé eftirlit jafnframt í höndum annarra löggiltra eftirlitsaðila, s.s. héraðsdýralækna eða fiskistofu, skal sérstaklega samið um framkvæmdina. Aldrei skal þó tekið lægra gjald en sem nemur lágmarksgjaldi. Komi til frekara eftirlits en samkomulagið kveður á um, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta sérstaklega vegna kostnaðar sem af því hlýst.

4. gr.

Flokkun.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands annast flokkun eftirlitsskyldra aðila samkvæmt umfangi rekstrar þeirra, sbr. fylgiskjal með gjaldskrá þessari og sbr. flokkun í viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð vegna mengunareftirlits samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands semur skrá yfir eftirlitsskylda aðila á starfssvæðinu. Nöfn aðila ásamt flokkun þeirra samkvæmt ofangreindu skulu send hlutaðeigandi sveitarfélögum til skoðunar fyrir 1. janúar ár hvert.

Aðilar sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald en annars hálft gjald.

Heimilt er að lækka eftirlitsgjöld vegna aðila sem hafa sérstakt innra eftirlit sem hlotið hefur samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

5. gr.

Endurnýjun starfsleyfis.

Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálft starfsleyfisgjald eða fella gjaldið niður ef breytingar eru smávægilegar.

6. gr.

Gjöld fyrir vottorð.

Fyrir hvert umbeðið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal innheimta kr. 5.000.

7. gr.

Útseld þjónusta.

Ef verkefni eru umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, það sama gildir um önnur þjónustuverkefni og útselda vinnu.

8. gr.

Innheimta gjalda.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skal, í umboði sveitarfélaganna á svæðinu, innheimta starfsleyfisgjöld, eftirlitsgjöld og gjöld fyrir þjónustuverkefni. Gjöld þessi skulu renna til reksturs heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits á svæðinu.

9. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af svæðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurlands, sbr. 5. gr., 10. mgr. 6. gr., og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, sbr. c-liður 52. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með samkvæmt téðum lögum og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 205/1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. verður gjalddagi eftirlitsgjalda á árinu 1994 15. nóvember og eindagi 15. desember.

Umhverfisráðuneytið, 11. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

FYLGISKJAL MEÐ GJALDSKRÁNNI

Heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

A. Matvælaframleiðsla

Sláturhús, starfsemi allt árið	5. fl.
Sláturhús starfsemi hluta úr ári	4. fl.
Mjólkurstöðvar	6. fl.
Reykhús	4. fl.
Kjötvinnsla	4. fl.
Fiskvinnsla til útflutnings	3. fl.
Fiskvinnsla fyrir innanlandsmarkað	4. fl.
Fiskvinnsla við ár og vötn	3. fl.
Fiskþurrkun	4. fl.
Niðursuða	4. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta	5. fl.
Salatgerð	4. fl.
Ísgerð	5. fl.
Brauð- og kökugerð	4. fl.
Sælgætisgerð	4. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð	5. fl.
Kaffibrennsla	5. fl.
Smjörlíkisgerðir	5. fl.
Kartöfluvinnsla	4. fl.
Kartöflumjöls- og sterkjuframleiðsla	5. fl.
Laukskeiking	4. fl.
Mör- og tólgframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	4. fl.
Grænmetisframleiðsla, vinnsla, pökkun og geymsla	3. fl.

B. Þjónusta

Sólbaðsstofur	3. fl.
Hárgreiðslu- og rakarastofur	3. fl.
Snyrtistofur	3. fl.
Sundlaugar	5. fl.
Leiktækjasalir	3. fl.
Gufubaðsstofur	3. fl.
Læknastofur	3. fl.
Tannlæknastofur	3. fl.
Félagsheimili sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur	3. fl.
Heilsuræktarstöðvar	3. fl.
Heilsugæslustöðvar	4. fl.
Sjúkrahús	4. fl.
Dvalarheimili aldraðra	4. fl.
Barnaheimili	5. fl.
Kvikmyndahús	3. fl.
Íþróttahús	4. fl.
Kirkjur	1. fl.
Kirkjur með safnaðarheimili	2. fl.
Vistheimili	4. fl.
Meðferðarheimili	4. fl.
Fangelsi	6. fl.

C. Verslun

Stórmarkaðir	5. fl.
Stærri verslanir	5. fl.
Fiskverslanir	4. fl.
Nýlenduvöruverslanir	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir	3. fl.
Málningarverslanir	3. fl.
Áfengisverslanir	1. fl.
Matsöluvagnar	3. fl.
Torgsala	2. fl.
Ísbúðir og ísvagnar	3. fl.
Brauð- og kökusala	3. fl.
Gassala	3. fl.
Neysluvörugeymslur	3. fl.

D. Ferðaþjónusta þ.m.t. hálendisaðstaða

Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma

Færri en 10 rúm	1. fl.
10 - 20 rúm	2. fl.
21 - 30 rúm	3. fl.
31 - 40 rúm	4. fl.
41 - 100 rúm	5. fl.
Fleiri en 101 rúm	6. fl.

Veitingasala, miðast við sætafjölda	
<10 sæti	1. fl.
10 - 20 sæti	2. fl.
20 - 30 sæti	3. fl.
30 - 40 sæti	4. fl.
40 - 100 sæti	5. fl.
>100 sæti	6. fl.
Ef um vínveitingar er að ræða má færa upp um einn flokk.	
Tjaldsvæði	
< 30 tjaldstæði	1. fl.
30 - 100 tjaldstæði	2. fl.
100 - 200 tjaldstæði	3. fl.
200 - 300 tjaldstæði	4. fl.
300 - 500 tjaldstæði	5. fl.
>500 tjaldstæði	6. fl.

J. Vinnsla úr járni- og málmum

Málmsteypur	4. fl.
Járn-, stálsmíði og stálskipagerð	3. fl.
Völsunar-, víra og stangaverksmiðjur.	5. fl.
Nagla- og skrúfuframleiðsla	3. fl.
Vélaframleiðsla og vélasala	3. fl.
Blikksmiðjur	3. fl.
Vinnsla á málmum í raftækjaiðnaði, t.d. rafgeyma verksmiðjur og verkstæði	3. fl.
Zink- og krómhúðun málma	4. fl.
Rafherðing málma	3. fl.
Gull- og silfursmíði	3. fl.
Álsmíði	3. fl.
Sandblástur	3. fl.

K. Jarð- og steinefnavinnsla

Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefni	4. fl.
Malarnám	4. fl.
Steinsmíði	3. fl.
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	4. fl.
Leirmunaverkstæði	3. fl.
Jarðvegsgerð	3. fl.
Mó- og moldartekja	3. fl.

L. Efnaiðnaður

Fyrirtæki sem geyma klórgas	4. fl.
Lakksprautun	3. fl.
Prentiðnaðarfyrirtæki	3. fl.
Efnalaugar	3. fl.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla	4. fl.
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum	3. fl.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda	3. fl.

Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað	4. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	5. fl.
Plastiðnaður	4. fl.
Gleriðnaður	4. fl.

M. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu

Fóðurstöðvar	4. fl.
Fóðurblöndur	3. fl.
Gúmmívinnsla	3. fl.
Trésmíðaverkstæði	3. fl.
Sögunarmyllur	4. fl.
Fúavörn úr timbri	4. fl.
Framleiðsla úr spónaplötum, límtré og þess háttar	5. fl.
Pappírsvöru og pappakassaframleiðsla	5. fl.
Skinnaverkun og leðurvinnsla	5. fl.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	4. fl.
Litun og bleiking	5. fl.
Ullarþvottastöðvar	6. fl.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi	6. fl.
Lifrarbræðsla	5. fl.
Fituhersla	5. fl.

N. Búfjár- og dýrahald

Dýraspítalar	2. fl.
Gæludýrageymslur	3. fl.
Fiskeldi, framleiðsla meiri en 100 tonn og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn	3. fl.
Seiðaeldisstöðvar með meiri en 150 þúsund seiði og afrennsli í ferskvatn	3. fl.
Fisk- og seiðaeldi með minni framleiðslu en að ofan greinir	2. fl.
Alifuglabú, eggja- og kjötframleiðsla.	1. fl.
Hesthús	1. fl.
Kanínubú	1. fl.
Loðdýrabú	1. fl.
Nautgripabú, mjólkur- og kjötframleiðsla	1. fl.
Sauðfjárbú	1. fl.
Svínabú	1. fl.

O. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki

Bifreiða- og vélaverkstæði	3. fl.
Smurstöðvar	3. fl.
Bensínstöðvar	5. fl.
Bílaþvottastöðvar	5. fl.
Ryðvarnarverkstæði	5. fl.
Hjólbarðaverkstæði	3. fl.
Verktakar með þungavinnuvélar og verkstæðisaðstöðu	3. fl.
Bílasölur	3. fl.
Bílapartasölur	5. fl.

Kappaksturs-, æfinga- og keppnisbrautir ökutækja ..... 3. fl.
Hópferðastöðvar ..... 4. fl.
Flugvellir- og flugbrautir ..... 4. fl.

P. Ýmislegt
Gámastöðvar ..... 4. fl.
Gámaflutningsaðilar og aðilar
sem flytja spilliefni og sérstakan úrgang ..... 5. fl.
Endurvinnsla úrgangs ..... 5. fl.
Hreinsistöðvar fráveitna ..... 5. fl.
Dælubílar og starfsemi tengd þeim ..... 5. fl.
Birgðastöðvar rafveitna ..... 5. fl.
Gasbirgðastöðvar ..... 5. fl.
Stærri spennistöðvar ..... 5. fl.
Stærri vörugeymslur ..... 5. fl.
Líkbrennslur ..... 3. fl.
Skotvellir ..... 2. fl.
Skemmtigarðar, tívolí ..... 5. fl.
Þvottahús ..... 3. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu ..... 5. fl.
Saltvinnsla úr sjó ..... 5. fl.

Stjórnartíðindi B 84, nr. 586. Útgáfudagur 14. nóvember 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1994

Nr. 587 2072 3. nóvember 1994

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði á Grófina norðan Tryggvagötu gagnvart umferð á Tryggvagötu.
2. að einstefna verði á Sölvhólsgötu.
3. að bann verði við vinstri beygju af Meistaravöllum vestur Hringbraut á mótum Hringbrautar og Meistaravalla.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. nóvember 1994.

Böðvar Bragason.

Nr. 588 3. nóvember 1994

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann við Geitland 2 og 4.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. nóvember 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. nóvember 1994.

Böðvar Bragason.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu.

I. KAFLI
Gildissvið og orðaskýringar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um notendabúnað, þar með talinn gervihnattajarðstöðvarbúnað eins og tilgreint er í 2. gr., sem hefur hlotið viðurkenningu staðfesta með CE-merkingu.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

„almennt fjarskiptanet“: innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, þráðlaust, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum;

„notendabúnaður“: búnaður ætlaður til að tengjast almennu fjarskiptaneti, þ.e.:

a) er ætlað að vera tengdur beint við tengipunkt almenns fjarskiptanets
eða

b) er ætlað að virka með almennu fjarskiptaneti tengdur beint eða óbeint við nettengipunkt á netinu í þeim tilgangi að senda, meðhöndla eða taka á móti upplýsingum.

„gervihnattajarðstöðvabúnaður“: búnaður sem ýmist er hægt að nota einungis til sendinga, til sendinga og móttöku, eða einungis til móttöku á fjarskiptamerkjum í gegnum gervihnött eða annað kerfi úti í geimnum. Sérstakur gervihnattajarðstöðvarbúnaður, sem ákveðið er að nota sem hluta af hinu almenna fjarskiptaneti, heyrir ekki undir þessa reglugerð.

„tenging við almennt fjarskiptanet á jörðu niðri“: hver sú tenging við almenna fjarskiptanetið sem felur ekki í sér geimskor.

Tenging getur verið með rafþræði, þráðlaus, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

„tækniforskrift“: forskrift í skjali þar sem tilgreindir eru þeir eiginleikar sem vara verður að hafa, þar með talið gæði, notagildi, öryggi eða stærð og aðrar kröfur er lúta að íðorðanotkun, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, áletrunum eða merkingum;

„staðall“: tækniforskrift sem viðurkenndur stöðlunaraðili hefur samþykkt og beita má með endurteknum hætti eða að staðaldri, en ekki er skylt að fara eftir.

II. KAFLI
Markaðssetning og frjáls innflutningur.

3. gr.

Framleiðandi eða dreifingaraðili búnaðarins skal leggja fram yfirlýsingu um hvaða tilgangi búnaðurinn þjónar. Gera skal ráð fyrir að notendabúnaður skv. ofangreindri skilgreiningu, er getur tengst almennu fjarskiptaneti þráðlaust, sé jafnframt ætlaður til að tengjast við almennt fjarskiptanet.

Framleiðandi eða dreifingaraðili gervihnattajarðstöðvarbúnaðar skal leggja fram yfirlýsingu um það, hvort tengja eigi búnaðinn við almenna fjarskiptanetið eða ekki.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. gr. skal búnaði, sem tengja má við almennt fjarskiptanet

en ekki er til þess ætlaður, fylgja yfirlýsing framleiðanda hans eða dreifingaraðila, en fyrirmynd að henni er sýnd í VIII. viðauka, ásamt notkunarleiðarvísi. Ef búnaðurinn hefur ekki verið settur áður á markað í öðrum löndum EES, skal afrit af þessum skjölum sent til þess aðila, sem tilgreindur er og um getur í 1. mgr 10. gr. Að auki heyri slíkur búnaður undir ákvæði 4. mgr. 11. gr.

Framleiðandi eða dreifingaraðili skal að ósk einhvers þeirra aðila, sem um getur í 1. mgr. 10. gr, hafi hann ekki gert það áður, réttlæta fyrirhugaða notkun slíks tækis á grundvelli þeirra tæknilegu eiginleika þess sem máli skipta, svo og hvernig það starfar og hvaða markaðsgeira það er ætlað.

4. gr.

Notendabúnað má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hann hafi CE-merkið sem kveðið er á um í 11. gr. sem sýnir að hann sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, þar með taldar reglur um aðferðir við samræmismat sem mælt er fyrir um í III. kafla, ef hann er rétt settur upp og við haldið og notaður í fyrirhugðuðum tilgangi.

Gervihnattajarðstöðvarbúnað, sem tekur einungis á móti og er ekki ætlaður fyrir tengingu við almenna fjarskiptanetið á jörðu niðri, má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hann sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, þegar hann er rétt settur upp og við haldið og notaður í tilætluðum tilgangi. Notkun skal takmarkast við móttöku á þjónustu, sem ætluð er viðkomandi notanda.

Annan gervihnattajarðstöðvarbúnað má því aðeins setja á markað að hann sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar þegar hann er rétt settur upp og við haldið og notaður í tilætluðum tilgangi. Notkun slíks búnaðar getur verið háð skilyrðum um sérstaka leyfisveitingu.

Búnað sem um getur í 3. mgr. 3. gr. má því aðeins setja á markað að hann uppfylli þær kröfur um slíkan búnað sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Ekki má tengja slíkan búnað almenna fjarskiptanetinu í skilningi 2. gr.

Búnað sem um getur í 3. gr skal taka úr sambandi við almenna fjarskiptanetið sé hann ekki notaður í fyrirhugðuðum tilgangi. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að hindra að búnaður sem ekki er notaður í fyrirhuguðum tilgangi sé tengdur við almenna fjarskiptanetið.

Ef notendabúnaður fellur undir ákvæði annarra reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á búnaðinn, gefur þetta merki til kynna að viðkomandi búnaður teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Heimili ein eða fleiri þessara reglugerða framleiðanda að velja, hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma, skal CE-merkið gefa til kynna að samræmi sé aðeins við þær reglugerðir sem framleiðandi notar. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglugerðir, sem notaðar eru, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglugerðunum.

5. gr.

Búnaður sem fellur undir reglugerð þessa skal fullnægja eftirfarandi grunnkröfum:

a) um öryggi notenda, að því leyti sem ekki er fjallað um það í reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 með síðari breytingum.
b) um öryggi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem reka almennu fjarskiptakerfin, að því leyti sem ekki er fjallað um það í reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 með síðari breytingum.
c) um rafsegulsviðssamhæfi að svo miklu leyti sem þær eiga sérstaklega við notendabúnað;
d) um varnir gegn skaða á almenna fjarskiptanetinu;

e) um skilvirka notkun tíðnisviðsins fyrir þráðlaus fjarskipti, þar sem við á;
f) um að hægt sé að tengja notendabúnaðinn við búnað almenna fjarskiptanetsins í þeim tilgangi að koma á, breyta, gjaldfæra, viðhalda raunverulegum samböndum eða sýndarsamböndum eða rjúfa þau;
g) um að unnt sé að tengja notendabúnaðinn öðrum notendabúnaði gegnum almenna fjarskiptanetið, þannig að þeir vinni saman á eðlilegan hátt, í réttlætanlegum tilvikum.

Ekki eru gerðar kröfur um að gervihnattajarðstöðvarbúnaður, sem ekki er ætlunin að tengja við almenna fjarskiptanetið, fullnægi grunnkröfunum skv. liðum b), d), f) og g).

6. gr.

Notendabúnaður sem uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar skal njóta óhindraðrar markaðssetningar og ekki má hefta flutninga eða notkun slíks búnaðar.

7. gr.

Litið er svo á að grunnkröfur sem getur í a- og b-lið 5. gr. séu uppfylltar, ef sýnt er fram á að notendabúnaðurinn sé í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla sem vísað hefur verið til í Staðlatíðindum útgefnum að Staðlaráði Íslands.

Grunnkröfur sem getur í c- til g-liðum 5. gr. skulu vera skilgreindar í sameiginlegum tæknilegum reglugerðum (Common Technical Regulation, CTR), sem vísað er til í X. viðauka.

8. gr.

Ef í ljós kemur að notendabúnaður, sem merktur er eins og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum sem tilgreind eru í III. kafla, samræmist ekki grunnkröfunum, þegar hann er rétt notaður í þeim tilgangi sem fyrirhugaður er af framleiðandanum, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að taka slíka vöru af markaði eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

Beri notendabúnaður, sem samræmist ekki viðkomandi grunnkröfum, CE-merki, verða gerðar viðeigandi ráðstafanir gegn hverjum þeim sem sett hefur merkið á búnaðinn og tilkynnt um það til Eftirlitsstofnunar EFTA.

III. KAFLI
Samræmismat.

9. gr.

Framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu á evrópska efnagssvæðinu getur valið um hvort notendabúnaður sæti EB-gerðarprófun eins og lýst er í I. viðauka eða fær EB-samræmisyfirlýsingu eins og lýst er í IV. viðauka.

EB-gerðarprófun eins og lýst er í I. viðauka skal fylgja samræmisyfirlýsing, sem lýst er í II. eða III. viðauka.

1. og 2. mgr. eiga ávallt við um gervihnattajarðstöðvarbúnað, sem sendir eða bæði sendir og tekur á móti og getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem skráður er á Evrópska efnahagssvæðinu, valið hvaða aðferð er notuð.

7. gr. Reglugerðar um rafsegulsviðssamhæfi nr. 146 frá 28. febrúar 1994, gildir ekki um búnað, sem fellur undir reglugerð þessa. Gervihnattajarðstöðvarbúnaður, sem getur einungis tekið á móti og sem er ætlaður til tengingar við almennt fjarskiptanet á jörðu niðri, heyrir, hvað varðar jarðtengibúnað, undir ákvæði 1. mgr., en aðrir hlutar heyra ýmist undir ákvæði 1. mgr. eða reglur um framleiðsluefirlit skv. IX. viðauka.

Gervihnattajarðstöðvarbúnaður, sem getur einungis tekið á móti og er ekki ætlaður til

tengingar við almennt fjarskiptanet á jörðu niðri, heyrir ýmist undir ákvæði 1. mgr. eða reglur um framleiðslueftirlit skv. IX. viðauka.

Til viðbótar ofangreindum ákvæðum þessarar greinar skal gervihnattajarðstöðvarbúnaði, sem er ekki ætlunin að tengja við almennt fjarskiptanet, fylgja yfirlýsing framleiðanda hans eða dreifingaraðila, sem skal gerð og send út með sömu aðferðum og eru settar fram í 3. gr. og VIII. viðauka.

10. gr.

Stjórnvöld skulu tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA um þá aðila, sem þau hafa útnefnt til að framkvæma vottun, vöruprófun og skyld eftirlitsstörf sem lið í málsmeðferð þeirri sem um getur í 9. gr, ásamt kenninúmerum sem þeim hefur verið úthlutað. Beita skal þeim lágmarksviðmiðum sem tilgreind eru í V. viðauka við útnefningu slíkra aðila. Gert verður ráð fyrir að aðilar sem uppfylla viðmið, sem sett eru samkvæmt viðeigandi samhæfðum stöðlum, uppfylli einnig viðmið sem fram koma í V. viðauka.

Stjórnvöld skulu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um prófunarstofur, sem þau hafa útnefnt til að framkvæma prófanir sem lið í málsmeðferð þeirri sem um getur í 9. gr. Tilnefndir aðilar skulu beita þeim viðmiðum sem gert er ráð fyrir í samsvarandi hlutum þeirra samhæfðu staðla, sem við eiga þegar þeir útnefna prófunarstofur.

Ef tilnefndur aðili eða prófunarstofa, sem útnefnd hafa verið samkvæmt 1. eða 2. mgr. uppfylla ekki lengur þau viðmið sem máli skipta fyrir útnefninguna, skal útnefningin afturkölluð.

Tilnefndir aðilar skulu viðurkenna skjöl gefin út af viðeigandi aðilum í landi utan hins evrópska efnahagssvæðis, ef um það hefur náðst samkomulag milli EES og þess lands, sem viðunandi er fyrir báða aðila.

Þegar tilnefndu aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 10. gr. gefa út EB-gerðarprófunarvottorð svo sem um getur í I. viðauka og eftir fylgir viðeigandi skjal svo sem um getur í II. eða III. viðauka eða eftir ákvörðun um gæðatryggingarmat svo sem um getur í IV. viðauka, gefa þeir samtímis út samþykki stjórnvalda fyrir tengingu viðkomandi notendabúnaðar við almenna fjarskiptanetið.

IV. KAFLI
CE-samræmismerki og áletranir.

11. gr.

Notendabúnaður sem er í samræmi við reglugerð þessa skal merktur með CE-merkinu sem samanstendur af hástöfunum „CE“, ásamt kenninúmeri tilnefnda aðilans sem tekur þátt í eftirlitsþætti á framleiðslustigi og tákni sem gefur til kynna að búnaðurinn sé til þess ætlaður og til þess hæfur að tengjast almenna fjarskiptanetinu. Útlit CE-merkisins sem nota á ásamt öðrum upplýsingum er sýnt í VI. viðauka.

Óleyfilegt er að setja á búnað merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins sem tilgreint er í VI. og VII. viðauka. Setja má hvers konar aðrar merkingar á búnaðinn eða merkiplötu, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Framleiðandinn skal auðkenna notendabúnaðinn með gerð, framleiðslueiningu og/eða raðnúmeri og með nafni framleiðanda og/eða dreifingaraðila, sem ber ábyrgð á að setja hann á markað.

Framleiðendur búnaðar eða dreifingaraðilar, sem setja á markað búnað eins og um getur í 3. gr skulu setja á hann táknið sem sýnt er í VII. viðauka, þannig að það komi á eftir hástöfunum CE eins og tilgreint er í VI. viðauka og sé sjónrænn hluti af heildarmerkingunni.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. mgr. skal merking gervihnattajarðstöðvarbúnaðar, sem

getur einungis tekið á móti og er ekki ætlaður til tengingar á við almennt fjarskiptanet á jörðu niðri og er háður reglum um innra framleiðslueftirlit sem fram koma í IX. viðauka, gerð með tákninu „CE“.

12. gr.

Með fyrirvara um 8. gr:

a) ef sannreynt er að CE-merki hafi verið sett ranglega á vöru ber framleiðendi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ábyrgð á því að búnaðurinn samræmist ákvæðum um CE-merkingar og að bundinn sé endir á brotið samkvæmt skilyrðum sem sett verða.
b) ef ósamræmi heldur áfram verður gripið til allra viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða banna markaðssetningu viðkomandi búnaðar eða tryggja að hann verði innkallaður af markaði í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 8. gr.

V. KAFLI
Lokaákvæði og bráðabirgðaákvæði.

13. gr.

Fyrri gerðarsamþykki, sem veitt hafa verið á grundvelli NET-staðla (Norme Européenne de Telecommunication) halda gildi sínu innan þeirra viðmiða sem í gildi voru, þegar þau voru upphaflega veitt.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr 73/1984 sbr l. nr. 32/1993 og með hliðsjón af eftirtöldum tilskipunum ráðherraráðs EB:

a) nr. 91/263/EBE um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi,
b) nr. 93/97/EBE um viðbót við tilskipun 91/263/EBE að því er varðar gervihnattajarðstöðvarbúnað og
c) nr. 93/68/EBE, 11. grein, um breytingar á tilskipun 91/263 að því er varðar samræmda notkun á CE-merkingum í hinum ýmsu tilskipunum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi fyrri reglugerð með sama heiti nr. 393 frá 4. mars 1994.

Samgönguráðuneytið, 3. október 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI
EB.-gerðarprófun.

1. EB-gerðarprófun er sú aðferð sem tilkynntur aðili beitir til að líta eftir og votta að dæmigert eintak af fyrirhugaðri framleiðslu fullnægi ákvæðum þessarar tilskipunar.
2. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu sækir um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

- nafn og póstfang framleiðandans og nafn og póstfang umboðsmanns ef hann er umsækjandi,

- skriflega yfirlýsingu um að ekki hafi verið sótt um hjá öðrum tilkynntum aðila,

- tækniskjölin sem lýst er í 3 atriði.

Umsækjandinn skal láta hinum tilkynnta aðila í té eintak sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um ræðir, hér eftir nefnt „gerðareintak“([1]). Tilkynnti aðilinn getur farið fram á fleiri eintök ef prófunin útheimtir það.

3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi vörunnar við grunnkröfur tilskipunarinnar. Þau skulu fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar, að svo miklu leyti sem þörf er á við slíkt mat.

Til dæmis skulu skjölin hafa að geyma, að svo miklu leyti sem þörf er á við matið:

- almenna gerðarlýsingu sem nægir til að bera kennsl á vöruna, gjarnan með myndum,

- hönnunar- og framleiðsluteikningar og skrá yfir íhluti, einingar, straumrásir o.fl.,

- nauðsynlegar lýsingar og útskýringar til að skilja áðurnefndar teikningar og skrár og hvernig varan virkar,

- skrá yfir staðlana sem um getur í 6. gr. og beitt er að fullu eða að hluta og lýsing á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að fullnægja grunnkröfunum þegar stöðlunum sem um getur í 6. gr. hefur ekki verið beitt,

- niðurstöður prófana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,

- prófunarskýrslur,

- drög að leiðbeiningum fyrir notendur eða handbók,

4. Tilkynnti aðilinn skal:

4.1. athuga tækniskjölin, sannreyna að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við þau og bera kennsl á þá hluta sem hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 1. mgr. 6. gr. sem og þá hluta sem hafa verið hannaðir án þess að viðeigandi ákvæðum þessara staðla hafi verið beitt;

4.2. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla grunnkröfur tilskipunarinnar sem um getur í a- og b-lið 5. gr.;

4.3. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um að gerðareintakið uppfylli þær sameiginlegu tæknilegu reglugerðir sem við eiga og tilgreindar eru í 2. mgr. 6. gr.;

4.4. semja við umsækjandann um staðinn þar sem athuganir og prófanir eiga að fara fram.

([1]) Gerðareintak getur verið hið sama fyrir fleiri útgáfur af vörunni að því tilskildu að mismunur þeirra snerti ekki öryggi eða aðrar kröfur varðandi skil vörunnar.

5. Uppfylli gerðareintakið ákvæði tilskipunarinnar gefur tilkynnti aðilinn út EB-gerðarprófunarvottorð til handa umsækjandanum. Á vottorðinu skal koma fram nafn og póstfang framleiðandans, niðurstöður athugana og prófana, skilyrði fyrir því að það sé í gildi og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á hina samþykktu gerð.

   Skrá yfir þau tækniskjöl sem skipta máli skal vera viðauki við vottorðið og afrit skal geymt hjá tilkynnta aðilanum.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann sem geymir tækniskjölin varðandi EB-gerðarprófunarvottorðið um allar breytingar gerðar á hinni samþykktu vöru sem verða að fá viðbótarsamþykki þegar þær kunna að hafa áhrif á samræmi við grunnkröfurnar eða þau skilyrði sem mælt er fyrir um við notkun vörunnar. Þetta viðbótarsamþykki er gefið út sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.

7. Tilkynnti aðilinn sendir öðrum tilkynntum aðilum allar upplýsingar sem máli skipta varðandi EB-gerðarprófunarvottorð og viðbætur sem gefin hafa verið út og afturkölluð.

8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu einnig vera þeim tiltækir.

9. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans skal geyma, ásamt tækniskjölunum, afrit af EB-gerðarprófunarvottorðunum ásamt viðbótum í að minnsta kosti 10 ár eftir að varan var síðast framleidd.

   Hafi hvorki framleiðandinn né umboðsmaður hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu að hafa öll tækniskjöl tiltæk.

II. VIÐAUKI
Gerðarsamræmi.

1. Gerðarsamræmi er sá hluti tilhögunarinnar sem framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu fylgir til að tryggja og lýsa yfir að viðkomandi vörur séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi kröfum þeirrar tilskipunar sem við þær á. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal setja merkin sem um getur í 1. mgr. 11. gr. á hvert vörueintak og gefa út skriflega yfirlýsingu um samræmi við gerð.

2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að í framleiðsluferlinu sé tryggt að framleidd vara sé í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og kröfur viðeigandi tilskipunar.

3. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans skulu geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að varan var síðast framleidd.

   Hafi hvorki framleiðandinn né umboðsmaður hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu að hafa samræmisyfirlýsinguna tiltæka.

4. Tilkynntur aðili, valinn af framleiðanda, skal hafa eftirlit með eða láta fara fram eftirlit með vöru öðru hverju. Fullnægjandi sýni af fullunninni vöru sem hinn tilkynnti aðili tekur eða lætur taka á staðnum skulu rannsökuð og viðeigandi prófanir gerðar til að kanna samræmi vörunnar við þær kröfur tilskipunarinnar sem við eiga. Ef eitt eða fleiri prófaðra vörueintaka eru ekki í samræmi við kröfurnar skal hinn tilkynnti aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

III. VIÐAUKI
Gæðatrygging framleiðslu.

1. Gæðatrygging framleiðslu er sú tilhögun sem framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, fylgir til að tryggja og lýsa yfir að viðkomandi vörur séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi kröfum þeirrar tilskipunar sem við þær á. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal setja merkin sem um getur í 1. mgr. 11. gr. á hvert vörueintak og gefa út skriflega yfirlýsingu um samræmi við gerð.

2. Framleiðandinn skal reka samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðsluna, framkvæma lokaeftirlit og prófun á fullunninni vöru eins og tilgreint er í lið 3 og vera háður eftirliti eins og tilgreint er í lið 4.

3. Gæðakerfi.

3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir þær vörur sem um er að ræða hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

- allar upplýsingar sem máli skipta um þann vöruflokk sem um er að ræða,

- gögn um gæðakerfið,

- ef við á, tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að vörurnar séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og kröfur þeirrar tilskipunar sem við þær á.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skráðar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skjöl séu ávallt túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

- aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt,

- þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær skulu gerðar,

- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsliðsins o.s.frv.

- hvernig fylgst er með því að tilskilin vörugæði hafi náðst, og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnti aðilinn metur gæðakerfið til þess að komast að raun um hvort það samræmist kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert er ráð fyrir að kröfunum sé fullnægt ef þeim samhæfða staðli sem við á er beitt í gæðakerfinu([1]).

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati við þá framleiðslutækni sem um er að ræða. Eftirlitsferð um athafnasvæði framleiðandans skal vera liður í matsverkefninu.

Tilkynna skal framleiðandanum ákvörðunina. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

3.4. Framleiðandinn tekur að sér að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða umboðsmaður hans skulu upplýsa tilkynnta aðilann sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi fullnægi áfram kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkta gæðakerfi leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang, í eftirlitsskyni, að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit og prófun og geymsla á sér stað og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,

- gæðaskýrslur svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsliðsins o.s.frv.

([1]) Þessi samhæfði staðall er EN 29002, með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir tilteknum eiginleikum þeirra vara sem framleiddar eru samkvæmt honum.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili láta fara fram úttekt til að fá vissu fyrir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að koma í skyndiheimsóknir til framleiðandans. Í slíkri könnun er honum heimilt að framkvæma eða láta framkvæma prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að varan var síðast framleidd geyma og hafa tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:

- gögnin sem um er getið í öðrum undirlið liðar 3.1.,
- þær breytingar sem um er getið í annarri málsgrein liðar 3.4.,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokamálsgrein liða 3.4., 4.3. og 4.4.

6. Tilkynntur aðili sem um getur í 1. mgr. 10. gr. skal veita öðrum tilkynntum aðilum sem um getur í sömu grein þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum sem gefin hafa verið út eða afturkölluð.

IV. VIÐAUKI
Full gæðatrygging.

1. Full gæðatrygging er sú tilhögun sem framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem lýst er í lið 2, fylgir til að tryggja og lýsa yfir að viðkomandi vörur fullnægi kröfum þeirrar tilskipunar sem tekur til þeirra. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal setja merkin sem um getur í 1. mgr. 11. gr. á hvert vörueintak og gefa út skriflega yfirlýsingu um samræmi við gerð.

2. Framleiðandinn skal reka samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu, lokaskoðun og prófun eins og tilgreint er í lið 3 og skal vera háður eftirliti eins og tilgreint er í lið 4.

3. Gæðakerfi.

3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila.

Umsóknin skal innihalda:

- allar upplýsingar sem máli skipta um þann vöruflokk sem um er að ræða,
- gögn um gæðakerfið.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að vörurnar séu í samræmi við kröfur tilskipananna sem taka til þeirra.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skráðar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skjöl séu ávallt túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða hönnunar og vöru,

- þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum sem vísað er til í 1. mgr. 6. gr. verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem beita skal til að tryggja að grunnkröfur þeirrar tilskipunar sem tekur til vörunnar verði uppfylltar.

- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu ráðstöfunum sem beita skal við hönnun varnanna í þeim vöruflokki sem um ræðir,

- samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu,

- þeim athugunum og prófunum sem gera á fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu títt þær verða gerðar, einnig niðurstöður þeirra prófana sem gerðar eru áður en framleiðsla hefst eftir því sem við á,

- þeim aðferðum sem beitt er til að tryggja að aðstæður til prófana og rannsókna séu í samræmi við þær kröfur sem hæfa nauðsynlegum prófunum,

- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsliðsins o.s.frv.,

- hvernig fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst, og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnti aðilinn metur gæðakerfið til þess að komast að raun um hvort það samræmist kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert er ráð fyrir að kröfunum sé fullnægt ef þeim samhæfða staðli sem við á er beitt í gæðakerfinu([1]).

Tilkynnti aðilinn metur sérstaklega hvort gæðaeftirlitskerfið tryggir vörusamræmi samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar með hliðsjón af viðkomandi gögnum sem lögð eru fram með tilliti til liða 3.1. og 3.2. þar á meðal, ef við á, niðurstöðum sem framleiðandi leggur fram.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati við þá framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð um athafnasvæði framleiðandans.

(1) Þessi samhæfði staðall er EN 29001, með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir tilteknum eiginleikum þeirra vara sem framleiddar eru samkvæmt honum.

Tilkynna skal framleiðandanum ákvörðunina. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

3.4. Framleiðandinn tekur að sér að rækja þær skyldur sem hið samþykkta gæðakerfi leggur honum á herðar og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða umboðsmaður hans skulu upplýsa tilkynnta aðilann sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi fullnægi áfram kröfunum sem um er getið í 3. 2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

4. EB-eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem fylgja hinu samþykkta gæðakerfi.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang, í eftirlitsskyni, að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit og prófun og geymsla á sér stað og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum;

- gögn um gæðakerfið,

- gæðaskýrslur með hliðsjón af hönnunarhluta gæðakerfisins svo sem niðurstöður greininga, útreikningar, prófanir o.s.frv.

- gæðaskýrslur með hliðsjón af hönnunarhluta gæðakerfisins svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsliðsins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili láta fara fram úttekt til að fá vissu fyrir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að koma í skyndiheimsóknir til framleiðandans. Í slíkri könnun er honum heimilt að framkvæma eða láta framkvæma prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að varan var síðast framleidd geyma og hafa tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:

- gögnin sem um er getið í öðrum undirlið liðar 3.1.,

- þær breytingar sem um er getið í annarri málsgrein liðar 3.4.,

- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokamálsgrein liða 3.4., 4.3. og 4.4.

6. Tilkynntur aðili sem um getur í 1. mgr. 10. gr. skal veita öðrum tilkynntum aðilum sem um getur í sömu grein þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, þar á meðal upplýsingar um þá vöru eða þær vörur sem um er að ræða, sem gefin hafa verið út eða afturkölluð.

V. VIÐAUKI
Lágmarksviðmið sem uppfylla skal þegar útnefndir eru tilnefndir aðilar samkvæmt 1. mgr. 10. gr.

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn sem sjá um sannprófanir skulu hvorki vera hönnuður, framleiðandi, birgir né sjá um uppsetningu á vélum sem þeir skoða, né heldur umboðsmenn neins þessara aðila. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði eða viðhaldi vélanna né vera umboðsmenn aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki möguleikann á skiptum á tæknilegum upplýsingum milli framleiðandans og tilkynnta aðilans.

2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans skulu framkvæma sannprófanir með faglegu sjálfstæði og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður úr sannprófunum.

3. Tilkynnti aðilinn verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsliði og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun; hann skal einnig hafa aðgang að þeim tækjum sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.

4. Það starfslið sem ber ábyrgð á skoðun skal hafa:

   - trausta tækni- og fagkunnáttu,

   - næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um þær prófanir sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,

   - getu til þess að rita þau vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófin hafi verið framkvæmd.


5. Hlutleysi skoðunarmanna verður að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda prófa sem framkvæmd eru né niðurstöðum úr þessum prófunum.

6. Tilkynnti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.

7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skylt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessari tilskipun eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni, sem trúnaðarmál (nema gagnvart réttum yfirvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).


VI. VIÐAUKI
Merki til að setja á notendabúnað sem um getur í 1. mgr. 11. gr.

CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti, auk viðbótarupplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 11. gr.



Hástafirnir CE

Kenninúmer tilkynnts aðila



Tákn um að búnaðurinn geti tengst við almennt fjarskiptanet

Sjá Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins um leturgerð.

- Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.
- Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

VII. VIÐAUKI
Merki til að setja á notendabúnað sem um getur í 4. mgr. 11. gr.



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

VIII. VIÐAUKI
Fyrirmynd yfirlýsingar sem um getur í 3. mgr. 3. gr.

Framleiðandi/birgir(1).....

.....

.....

lýsir því yfir að (2).....

.....

er ekki ætlað til tengingar við almennt fjarskiptanet.

(1) Nafn og póstfang.
(2) Auðkenni búnaðar.

Tenging slíks búnaðar við almennt fjarskiptakerfi í viðkomandi aðildarríki bandalagsins er brot á landslögum um framkvæmd tilskipunar 91/263/EBE um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi.

DAGSETNING, STAÐUR OG UNDIRSKRIFT

IX. VIÐAUKI
Reglur um innra framleiðslueftirlit.

1. Í þessum viðauka er lýst aðferð framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem er með staðfestu í bandalaginu og sér um framkvæmd þeirra skuldbindinga sem mælt er fyrir um í 2. lið, við að tryggja og lýsa yfir að vörurnar sem um ræðir fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem gilda um þær.

   Framleiðandi skal festa CE-merki á hverja vöru og útbúa skriflega samræmisyfirlýsingu.

2. Framleiðandi skal útvega þau tæknigögn sem lýst er í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans sem er með staðfestu í bandalaginu skal geyma þau í minnst 10 ár eftir að framleiðslu ákveðinnar vöru er hætt, þannig að viðkomandi innlend yfirvöld geti skoðað þau.

   Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans er með staðfestu í bandalaginu skal sá aðili sem setur vöruna á markað í bandalaginu bera ábyrgð á að tæknigögn liggi fyrir.

3. Tæknigögn skulu gera kleift að meta samræmi varanna miðað við þær kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þær. Í þeim skal koma fram, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt fyrir matið:

   - almenn lýsing á vörunni,
   - hönnunaráætlun, framleiðsluteikningar og skrá yfir íhluta, aukahluta, rafrásir o.s.frv.,
   - lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á framangreindu, þar með talin lýsing á því hvernig tækin vinna,
   - skrá yfir staðlana sem um getur í 5. gr. þessarar tilskipunar og gilda að öllu leyti eða eftir því sem við á eða, ef slíkir staðlar eru ekki notaðir, skrá yfir tæknismíði og lýsingar á lausnum sem samþykktar hafa verið til að fullnægja þeim kröfum þessarar tilskipunar sem gilda um vörurnar,
   - niðurstöður hönnunarútreikninga, prófanir sem gerðar hafa verið, o.s.frv.,
   - prófunarskýrslur.

4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal halda afriti af samræmisyfirlýsingunni ásamt tæknigögnum.

5. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi samræmi framleiddra vara við tæknigögnin sem um getur í 2. lið og við þær kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þær.

X. VIÐAUKI
Sameiginlegar tæknilegar reglugerðir.

Eftirtaldar sameiginlegar tæknilegar reglugerðir skv. 2. mgr. 7. gr. skulu gilda sem hér segir:

1. CTR 5: GSM tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/11/EBE) um notendabúnað, sem á að tengja við almenna stafræna GSM farsímakerfið, og tekur til almennra krafna um tengingu á notendabúnaði fyrir farstöðvar í 1. fasa GSM farsímakerfisins.

   Samhæfði staðallinn er:
   Kröfur um tengingu fyrir farstöðvar í GSM – Aðgangur.
   TBR 5 – nóvember 1993 (að formála undanskildum).

   Reglugerðin gildir frá birtingu. Hún gildir þó ekki um notendabúnað, sem tilnefndir aðilar hafa viðurkennt til bráðabirgða fyrir 1. janúar 1994.

2. CTR 9: GSM talsímanotkun (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/12/EBE) um notendabúnað, sem á að tengja við almenna stafræna GSM farsímakerfið, og tekur til krafna um talsímabúnað fyrir farstöðvanotendabúnað í 1. fasa GSM farsímakerfisins.

   Samhæfði staðallinn er:
   Kröfur um tengingu fyrir farstöðvar í GSM – Talsímanotkun.
   TBR 9 – nóvember 1993 (að formála undanskildum).

Reglugerðin gildir frá birtingu. Hún gildir þó ekki um notendabúnað, sem tilnefndir aðilar hafa viðurkennt til bráðabirgða fyrir 1. janúar 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1994

16. nóvember 1994 2089 Nr. 590

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

2. tl. 3. gr. breytist og orðist svo:

2.	Úthafsrækja	63.000

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Úthafsrækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°00'V og norðan 65°30'N telst ekki til aflamarks af úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn á því svæði. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í rækju.

3. gr.

Í stað 3. mgr. 22. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á loðnu, úthafskarfa, blálöngu eða síld.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 3. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfestur með fullnægjandi hætti, að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða innan og utan fiskveiðilögsögunnar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 86, nr. 590. Útgáfudagur 17. nóvember 1994.

B 146

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1994

Nr. 591 2090 22. nóvember 1994

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995 með síðari breytingum.**

1. gr.

3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skipi sem veiðileyfi hefur verið flutt af skv. 1. mgr. verður ekki síðar veitt veiðileyfi gegn úreldingu annars eða annarra skipa nema því aðeins að það skip eða þau skip hefðu getað komið í stað fyrstnefnda skipsins við upphaflegu úreldinguna þannig að ákvæðum 1. og 2. mgr. væri fullnægt.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 87, nr. 591. Útgáfudagur 23. nóvember 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1994

15. september 1994 2091 Nr. 592

REGLUR

um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

1. Gildissvið

1.1 Reglur þessar gilda um báta sem eru 6 metrar á lengd, mælt milli stafna, eða með mestu lengd allt að 15 metrum.

1.2 Reglurnar gilda um báta sem hafin er smíði á eða koma til Íslands eftir gildistöku reglnanna. Aðrir bátar skulu uppfylla ákvæði reglnanna við fyrstu aðalskoðun eftir gildistöku þeirra, að því marki sem hér greinir;

- um björgunarstiga
- um brunaboða
- um gaskynt tæki
- um handrið
- um handslökkvitæki
- um legufæri og dráttartóg
- um lokunarbúnað á loftrásir til vistarvera
- um neyðarstýri
- um neyðarútganga, þó ekki bátar með neyðarútganga skv. ákvæðum reglna nr. 521/1984
- um öryggisbúnað við vindu til netaveiða.

Heimilt er að gera frekari kröfur til endurbóta með tilliti til ákvæða þessara reglna, ef ástæða þykir til frá öryggissjónarmiði.

1.3 Við endurnýjun aðalvélar í bátum sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna skal eftirgreindum búnaði breytt til samræmis við ákvæði reglnanna:

- loftrásum til vélarrúms
- lokum við eldsneytisgeyma
- rafbúnaði
- sjó- og austurlögnum
- útblásturslögnum
- viðvörun um vatn í vélarrúmi
- föstum slökkvibúnaði

1.4 Ef bátum er breytt eða þeir endursmíðaðir að einhverju leyti, skal verkið unnið samkvæmt reglum þessum, nema vinna samkvæmt eldri reglum teljist fullnægjandi með hliðsjón af smíði bátsins.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Smíði peru á stefni eða flotgeymis á skut báta sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna og samþykkt var skv. eldri reglum, telst fullnægjandi. Við samþykkt á breytingum eða endursmíði á bátum skal fara að sem um samþykkt á bátum í fyrsta sinn, samkvæmt kafla 2.

1.5 Hver bátur sem smíði var hafin á fyrir gildistöku þessara reglna skal uppfylla kröfur reglnanna um stöðugleika ef aðalvél er endurnýjuð, bátnum breytt eða hann endursmíðaður svo og ef siglingamálastjóri telur nauðsynlegt af öryggisástæðum að kanna stöðugleika báta.

1.6 Bátar, sem smíðaðir eru í alþjóðlega keppnisflokka, eru undanþegnir ákvæðum reglna um smíði skemmtibáta, enda séu bátarnir eingöngu notaðir á takmörkuðu svæði til æfinga eða keppni og samþykktir til þeirra nota af viðkomandi íþróttasambandi.

2. Samþykkt báta

2.1 Bátar 6 metrar að lengd og lengri og sem smíðaðir eru hér á landi eru háðir samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.2 Umsókn um samþykkt báta skal skila skriflega til Siglingamálastofnunar ríkisins áður en smíði hefst.

2.3 Umsóknir skulu undirritaðar af ábyrgðarmanni þess fyrirtækis sem hyggst smíða bátana eða flytja þá til landsins. Er sá hinn sami ábyrgur fyrir því að settum reglum sé fylgt í einu og öllu sbr. ákvæði í gr. 2.6.

2.4 Umsóknum skulu fylgja öll gögn sem nauðsynleg eru til samþykktar á viðkomandi bátum, sbr. ákvæði Norðurlandareglna sem fylgja reglum þessum.

2.5 Smíði og búnaður báta sem falla undir reglur þessar, skal fullnægja ákvæðum Norðurlandareglna um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum sem fylgja reglum þessum og teljast hluti þeirra. Ennfremur skulu bátarnir uppfylla ákvæði reglna um öryggisbúnað og merkingu, svo og aðrar þær reglur sem varða báta minni en 15 metrar. Allt efni til smíði og viðgerða báta skal vera samþykkt af Siglingamálastofnun ríksins.

2.6 Samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins byggist á því að forsvarsmenn bátasmíðastöðva ábyrgist að bátar þeirra séu smíðaðir samkvæmt samþykktum teikningum og smíðalýsingum, við viðurkenndar aðstæður, úr efni og með því verklagi sem kveðið er á um í Norðurlandareglunum um viðkomandi báta eða bátsgerð. Sama ábyrgð hvílir á innflytjendum báta sem smíðaðir eru erlendis. Með umsókn um samþykkt á bátum eða búnaði báta, skuldbindur umsækjandi sig til að greiða allan kostnað og gjöld vegna samþykktarinnar.

3. Innfluttir bátar

3.1 Innflutningur skemmtibáta 6 metrar að lengd og lengri og annarra báta til nota í atvinnuskyni, er háður samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

3.2 Umsókn um leyfi til innflutnings á bátum skal skila skriflega til Siglingamálastofnunar ríkisins áður en bátarnir eru fluttir til landsins. Í umsókninni skal koma fram hvar bátarnir eru smíðaðir og á hvaða smíðastigi þeir verða þegar þeir koma til landsins. Ennfremur skulu liggja fyrir allar teikningar og önnur gögn sem nauðsynleg eru til samþykktar á viðkomandi báti sbr. ákvæði Norðurlandareglna sem fylgja reglum þessum og teljast hluti þeirra.

3.3 Með upplýsingum um innflutta báta úr trefjaplasti skal fylgja vottorð sem staðfestir að þeir séu smíðaðir samkvæmt ákvæðum í Norðurlandareglunum eða samsvarandi reglum. Vottorðið skal vera gefið út af erlendum yfirvöldum eða flokkunarfélagi sem viðurkennt er af Siglingamálastofnun ríkisins.

3.4 Bátar sem ekki eru fullsmíðaðir þegar þeir koma til landsins skulu fullgerðir undir eftirliti skoðunarmanna Siglingamálastofnunar ríkisins og/eða skoðunarmanna viðurkenndra flokkunarfélaga.

4. Samþykkt úr gildi

4.1 Ef smiður báts eða innflytjandi fer ekki í einu og öllu eftir settum reglum, má fella úr gildi allar samþykktir veittar viðkomandi bátasmið eða innflytjanda, þar með talið starfsleyfi til smíði báta úr trefjaplasti.

4.2 Ef bátar eru smíðaðir eða fluttir til landsins án samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins, getur það leitt til þess að tilkynning þar að lútandi verði birt opinberlega. Sama gildir ef viðurkenning báta er afturkölluð vegna misgerða.

4.3 Samþykkt á smíði bátsgerða samkvæmt eldri reglum falla úr gildi við gildistöku þessara reglna. Viðurkenningarskírteini sem gefin hafa verið út samkvæmt eldri reglum gilda þó áfram fyrir viðkomandi báta.

4.4 Við endurnýjun samþykktar skal fara að sem um samþykkt í fyrsta sinn, nema önnur aðferð teljist fullnægjandi.

5. Refsingar

5.1 Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt VII. kafla laga nr. 35, 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum.

6. Gildistaka

6.1 Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, nr. 542/1994.

Samgönguráðuneytið, 15. september 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Norðurlandareglur um smíði og búnað vinnubáta með mestu lengd allt að 15 m.

Efnisyfirlit

Almennt
1. Samþykkt á bátum
2. Skilgreiningar og tákn

Flothæfni
3. Fríborð og stöðugleiki
4. Lúgur, hurðir og gluggar
5. Austurop og önnur op á bol
6. Vatnsþétt hólf og austurbúnaður

Stýris- og vélbúnaður
7. Stýrisbúnaður
8. Vélbúnaður
9. Eldsneytisbúnaður
10. Skrúfubúnaður
11. Rafbúnaður

Vistarverur
12. Vistarverur
13. Öryggi manna
14. Eldvarnir
15. Lyftibúnaður
16. Festartæki og legufæri
17. Stýrishús og siglingatæki

Sérákvæði
18. Bátar úr trefjaplasti
19. Stálbátar
20. Álbátar

Efnismál
21. Álagsstuðlar
22. Bátar úr trefjaplasti
23. Stálbátar
24. Álbátar
25. Trébátar

Smíði
26. Bátar úr trefjaplasti
27. Stálbátar
28. Álbátar
29. Trébátar

Sérákvæði
30. Fiskibátar
31. Farþegabátar
32. Dráttarbátar
33. Styrkingar vegna siglinga í ís

SAMÞYKKT Á BÁTUM V-1

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Gildissvið
3. Afhending báta
4. Umsókn um samþykkt
5. Smíðalýsing
6. Innra framleiðslueftirlit
7. Eftirlit og prófanir
8. Forsendur samþykktar á bátsgerðum
9. Skilti og skírteini

1. Almennt

1.1 Bátar sem eru raðsmíðaðir samkvæmt reglum þessum, geta fengið bátsgerðarviðurkenningu þegar einn bátur hefur verið skoðaður og prófaður og niðurstaðan sýnir að hann uppfyllir ákvæði reglnanna.

1.2 Bátsgerðarviðurkenning er veitt raðsmíðuðum bátum sömu gerðar sem smíðaðir eru undir eftirliti sem felst í skyndiskoðunum.

1.3 Bátum, sem ekki fara fullsmíðaðir frá bátasmíðastöðinni, er veitt bátsviðurkenning, enda séu þeir smíðaðir undir sérstöku eftirliti þar sem hver og einn bátur er prófaður sérstaklega að smíði lokinni.

1.4 Samþykkt báta samkvæmt reglum þessum er veitt af siglingamálastofnunum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, eða af Det norske Veritas. Samþykktin miðast við nýja báta áður en þeir eru teknir í notkun.

1.5 Eigendur gamalla báta geta fengið þá samþykkta samkvæmt reglum þessum.

1.6 Viðgerðir og endurbætur á bátum skulu unnar samkvæmt ákvæðum reglnanna eftir því sem við á hverju sinni.

2. Gildissvið

2.1 Reglur þessar gilda um báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

2.2 Reglurnar gilda fyrst og fremst sem kröfur um öryggi, en einnig um gæði, endingu, notagildi o.þ.h. að því marki sem þessir þættir varða öryggi bátanna.

2.3 Reglurnar taka ekki til gæða, endingar eða notagildis ef þessir þættir hafa ekki þýðingu fyrir öryggi bátanna.

2.4 Bátar sem eru smíðaðir við aðrar aðstæður, úr öðru efni, með öðrum aðferðum, með annarri tegund styrkinga, með annan búnað eða annan frágang á vélum og tækjum en reglur þessar segja fyrir um, geta að undangenginni sérstakri athugun fengist samþykktir ef þeir teljast uppfylla ákvæði reglnanna.

2.5 Gera má kröfur umfram ákvæði reglnanna ef nauðsynlegt er talið til að ná því marki sem reglurnar miða að.

2.6 Kröfur reglnanna eru settar fram með orðalaginu „skal“ eða „skal ekki“. Með orðalaginu „á“ og „skal almennt“ eða „á ekki“ og „skal almennt ekki“ er átt við kröfu þar sem samsvarandi útfærsla getur komið í staðinn.

2.7 Reglurnar byggjast á eftirfarandi skilyrðum fyrir notkun bátanna:
- að ekki sé látinn meiri þungi í bátana en þeir eru viðurkenndir fyrir
- að ekki sé notuð kraftmeiri vél í bátunum en þeir eru viðurkenndir fyrir
- að skipstjórar bera fulla ábyrgð á notkun bátanna með tilliti til veðurs og sjólags,

ganghraða í slæmu veðri, ásamt staðsetningar manna, búnaðar og annarrar hleðslu um borð
- að opnir bátar séu aðeins á sjó þar sem þeir geta leitað hafnar með stuttum fyrirvara ef veður versnar
- að ef reiði er til staðar sé hann settur upp á öruggan hátt
- að stjórnendur bátanna geri sér grein fyrir því að bátarnir eru ekki styrktir til siglinga í ís, nema þeir uppfylli ákvæði í V-33 og þá aðeins til siglinga í þunnum ís eða íshröngli.

3. Afhending báta

3.1 Bátsgerð er skilgreining á bátum sem eru af sömu stærð og lögun, hafa sama búnað, fyrirkomulag og eiginleika.

3.2 Bátar af viðurkenndri gerð eiga að vera fullsmíðaðir og með allan fastan búnað þegar þeir fara frá bátasmíðastöðinni, þannig að hægt sé að taka þá í notkun án frekari aðgerða. Takmarkanir á notkun bátanna miðast við útfærslu þeirra samkvæmt samþykktri smíðalýsingu.

3.3 Bátsgerð getur fengist samþykkt með mismunandi útfærslu, t.d. stjórntækjum, gleri í gluggum, yfirbyggingum o.s.frv., sem auðveldlega má koma fyrir í bátunum.

3.4 Viðurkenndar bátsgerðir skulu kynntar undir nafni sem ekki er hægt að taka fyrir aðra bátsgerð eða aðra útfærslu á sömu bátsgerð.

3.5 Bátar sem viðurkenndir eru til eiginsmíði skulu vera á því smíðastigi er þeir fara frá bátasmíðastöðinni að allir þeir hlutir sem varða styrk bátanna séu fullsmíðaðir, þar með taldar undirstöður véla og annars búnaðar sem veldur álagi. Eiginsmíði kaupandans nær því aðeins til frágangs sem skoðunarmenn geta skoðað og metið þegar smíði bátsins er lokið. Bátar til eiginsmíði skulu prófaðir sérstaklega hver og einn að smíði lokinni.

3.6 Bátum sem afhentir eru kaupanda til eiginsmíði skal fylgja samþykkt smíðalýsing, þar sem fram kemur hvernig bátarnir skuli búnir til að þeir uppfylli ákvæði reglna. Ennfremur skal þess getið hvaða vélar og tæki eru samþykkt í bátana.

3.7 Þegar kaupandi hefur fullsmíðað bát sem hann keypti til eiginsmíði, ber honum að sækja um skoðun og prófun á bátnum og fá hann endanlega samþykktan.

4. Umsókn um samþykkt

4.1 Umsókn um samþykkt á bátum skal gera skriflega af forsvarsmönnum bátasmíðastöðva.

4.2 Með umsókn um samþykkt skuldbindur umsækjandi sig til að leggja fram réttar upplýsingar um smíði og búnað bátanna auk þess sem hann ábyrgist:
- að farið verði að kröfum um efni og smíði almennt
- að skoðanir og prófanir fari fram á hverjum báti eða prufubáti hverrar bátsgerðar, þar til fyrir liggur að prufubáturinn uppfylli að öllu leyti ákvæði reglna
- að allir bátar sömu gerðar séu eins smíðaðir og prufubáturinn
- að skyndiskoðanir og annað eftirlit með smíði bátanna geti farið fram svo fullnægjandi sé
- að bætt sé úr ef athugasemdir eru gerðar við skoðun.

5. Smíðalýsing

5.1 Þegar sótt er um samþykkt á báti/bátsgerð skal fylgja umsókninni smíðalýsing með teikningum í þremur eintökum fyrir hvern bát.

5.2 Í smíðalýsingu skulu koma fram minnst eftirgreindar upplýsingar:

- almennar upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir samþykktina, svo sem auglýsingabæklinga, niðurstöður prófana og þess háttar
- um smíðaverkstæði, smíðaaðferð, efni, efnisgæði og styrkingar
- um fyrirkomulag bátanna, hámarkshleðslu, stöðugleikagögn ásamt línuteikningu og upplýsingar um op og lokunarbúnað
- um vél- og stýrisbúnað
- um annan búnað svo sem slökkvibúnað, festartæki, lyftibúnað, handrið, handföng o.þ.h.

5.3 Eftirgreindar teikningar skulu fylgja umsókn um samþykkt:
- fyrirkomulagsteikning
- langskurður, lóðréttur og láréttur
- miðband og minnst einn þverskurður fyrir framan og annar fyrir aftan
- yfirbygging, þar sem sýndur er frágangur glugga, dyra og neyðarútganga
- lúgum og lokunarbúnaður
- vélarundirstöðu
- stýri
- sjó- og austurkerfi
- eldsneytisgeymum og lögnum
- rafbúnaði
- mastri og bómu
- skrúfubúnaði.

6. Innra framleiðslueftirlit

6.1 Framleiðendur skulu hafa fullnægjandi eftirlit með eigin framleiðslu sem tryggir að bátarnir uppfylli kröfur í reglum.

6.2 Starfsmenn skulu hafa nákvæmar leiðbeiningar um verklag hvers smíðaáfanga sem gera þeim mögulegt að vinna sitt verk í samræmi við samþykktar teikningar og smíðalýsingar.

6.3 Niðurstaða eftirlits með hverjum báti skal skrásett og undirrituð og merkt smíðanúmeri viðkomandi báts.

6.4 Sá sem ábyrgur er fyrir framleiðslunni skal hafa kunnáttu til að geta metið verklag og gæði framleiðslunnar.

6.5 Eftirlit skal haft með eftirgreindum atriðum:
- hráefni
- geymslu- og framleiðsluaðstöðu
- verklagi
- að unnið sé í samræmi við samþykkta smíðalýsingu.

7. Eftirlit og prófanir

7.1 Við eftirlit með smíði á bátum skal gengið úr skugga um að hver bátur, eða prufubátur hverrar bátsgerðar, sé í einu og öllu smíðaður samkvæmt samþykktri smíðalýsingu og að verklag sé eins og vera ber.

7.2 Við smíði á raðsmíðuðum bátum skal fylgst með innra eftirliti bátasmíðastöðvarinnar en bátarnir eru háðir skyndiskoðunum.

7.3 Skipaskoðunarmenn ákveða tíðni skyndiskoðana með hliðsjón af þeim fjölda báta sem eru smíðaðir á hverjum stað.

7.4 Bátar til eiginsmíði eru háðir sama eftirliti og aðrir viðurkenndir bátar. Aðeins sá hluti bátanna sem smíðaður er hjá bátasmíðastöðinni getur flokkast undir raðsmíði. Hver bátur skal vera merktur með smíðanúmeri og nafni framleiðanda.

7.5 Stórir bátar, bátar sem eru margbrotnir í smíði og bátar sem eru ekki raðsmíðaðir,

skulu skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig. Bátarnir skulu skoðaðir eftir því sem ástæða þykir til en þó minnst einu sinni meðan á smíði stendur og síðan að smíði lokinni.

7.6 Við prófun á prufubáti skal athuga stöðugleika hans, flothæfni og hleðslu, en einnig skal bátnum reynslusiglt við aðstæður sem skoðunarmaður telur fullnægjandi. Fyrir stærri báta geta útreikningar komið í stað prófana. Niðurstöður prófana skulu skráðar.

7.7 Hver bátur með bátsviðurkenningu skal prófaður fyrir afhendingu til kaupanda eftir sérstakri áætlun sem ákveðin er við samþykkt á bátunum. Fyrir raðsmíðaða bátsgerð, báta minni en 10 m, nægir að prófa einn prufubát.

7.8 Hvað varðar báta sem smíðaðir eru skv. ákvæðum í V-18, V-19 og V-20 nægir að bátarnir séu skoðaðir að smíði lokinni enda séu aðstæður til skoðunar á þann veg að fullnægjandi skoðun geti átt sér stað sbr. almenn ákvæði í 1. gr. kaflanna. Ef fyrirkomulag bátanna er hins vegar þannig að skoðunarmaður komist ekki að til skoðunar vegna innréttinga, innsúðar eða af öðrum sökum, ber bátasmiðnum að kalla til skoðunarmann meðan á smíðinni stendur og báturinn er aðgengilegur til skoðunar.

7.9 Bátum skal reynslusiglt í viðurvist skipaskoðunarmanns og skal eftirgreint athugað:
- stjórnhæfni bátsins í bæði borð á lítilli ferð og hámarkshraða
- bökkun
- stefnustöðugleiki á lítilli ferð
- stöðvun.

Hraðgengir bátar skulu prófaðir skv. viðauka við kafla þennan.

8. Forsendur samþykktar á bátsgerðum

8.1 Ef bátar eru ekki í einu og öllu skv. reglum þegar þeir eru afhentir kaupanda, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.2 Ef gerðar eru breytingar varðandi efni, efnisuppbyggingu, festingu á vél og tækjum eða öðru sem snertir smíði bátanna, án þess að það hafi verið samþykkt sérstaklega, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.3 Ef bátasmiður fer ekki eftir þeim ábendingum sem fram koma við eftirlit með smíði báta, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.4 Ef smíði báta er flutt til annars smíðaverkstæðis skal það samþykkt sérstaklega, annars fellur samþykktin á bátsgerðinni úr gildi.

8.5 Ef samþykkt á bátsgerð er afturkölluð vegna misgerða getur það leitt til þess að tilkynning þar að lútandi verði birt opinberlega. Við endurnýjun samþykktar skal fara að sem við samþykkt báta í fyrsta sinn.

8.6 Þó smíði báta af samþykktri bátsgerð sé hætt um stundarsakir getur samþykktin gilt áfram.

9. Skilti og skírteini

9.1 Fyrir hvern bát skal gefið út viðurkenningarskírteini.

9.2 Allir samþykktir bátar skulu merktir varanlega með smíðanúmeri og nafni bátasmiðsins.

9.3 Viðurkenningarskírteini skal vera sem hér greinir:

VIÐURKENNINGARSKÍRTEINI

fyrir báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Skírteini þetta staðfestir að nýsmíði nr. _____ frá bátasmíðastöðinni

_____

uppfyllir ákvæði reglna um báta[1] og hefur fengið úthlutað skipaskrárnúmerinu _____

Báturinn er af gerðinni _____ og bolur úr _____

Lm _____ m B _____ m D _____ m

Bátinn má ekki hlaða meira en sem nemur _____ kg[2]

þar af má hleðsla á þilfari ekki fara yfir _____ kg[2]

Farþegar um borð mega ekki vera fleiri en _____

Fríborð bátsins miðskips skal vera minnst _____ m[3]

1) Viðurkenning þessi nær ekki yfir lausan björgunar- og öryggisbúnað, fjarskiptabúnað eða siglingartæki og er háð þeim takmörkunum sem Siglingamálastofnun ríkisins kann að setja um notkun bátsins. Viðurkenningin fellur úr gildi ef báturinn verður fyrir áverkum eða honum er breytt þannig að hann uppfyllir ekki lengur ákvæði reglna.

2) Til hleðslu skal telja m.a. þyngd á mönnum, búnaði, innihaldi geyma, ásamt öðru því sem í bátnum er.

3) Bátinn má ekki hlaða þannig að stafnhalli, hliðarhalli, ganghraði bátsins eða önnur tilvik við notkun hans, valdi því að vatn safnist fyrir á þilfari eða plittum.

Viðurkenningarskírteini nr. _____

Gefið út af Siglingamálastofnun ríkisins

Reykjavík, _____ 19 _____

_____

REYNSLUSIGLING HRAÐBÁTA

Efnisyfirlit

1. Útsýni
2. Stjórnpallur og stjórntæki
3. Reynslusigling

1. Útsýni

1.1 Útsýni frá stjórntækjum fyrir meðalstóran mann, standandi eða sitjandi eftir því sem við á hverju sinni, skal vera þannig að:
- yfirborð vatnsins sé sjáanlegt í fjarlægð sem er innan við fjórar bátslengdir framan við bátinn og upp að sjóndeildarhring á því gráðuhorni sem hliðarljósin ná til. Krafan skal uppfyllt við þau hleðslutilvik og þann ganghraða sem gera má ráð fyrir á viðkomandi báti. Þó má útsýni fram fyrir bátinn vera minna á meðan hann fer upp á plan, ef það tekur aðeins stuttan tíma.
- sjóndeildarhringurinn sé sjáanlegur til beggja hliða við siglingu á meðalhraða.
- útsýni aftur fyrir bátinn sé nægilegt til að stjórnandi hans geti fylgst með skipum sem sigla í sömu stefnu og báturinn.
- gluggatjöld sem skyggja á útsýni frá stjórntækjum bátsins séu sett upp á þann veg að hægt sé að víkja þeim til hliðar, ef nauðsyn krefur við stjórn bátsins.

1.2 Ef útsýni minnkar að ráði við ágjöf eða regn skal vera rúðuþurrka sem hefur undan og ennfremur má takmarka fjarlægðina á milli rúðu og stjórnanda bátsins.

1.3 Staðsetning stjórnanda bátsins og fyrirkomulag á stjórnpalli almennt skal vera þannig að möguleikar stjórnandans til að stjórna bátnum minnki ekki við ljós eða speglun, hvorki við sólarljós né önnur ljós í myrkri.

1.4 Gler í gluggum sem horfa þarf í gegnum við stjórn bátsins má ekki vera þeim eiginleikum búið að það dragi svo nokkru nemi úr því ljósmagni sem í gegnum glerið fer eða að það hafi áhrif á liti sem varða siglingu bátsins.

2. Stjórnpallur og stjórntæki

2.1 Í báti sem gengur hraðar en 15 hnúta skal vera stýrishjól á heppilegum stað beint framan við stjórnanda bátsins. Stýrishjól skal vera á öllum bátum sem ætlaðir eru fyrir utanborðsvél aflmeiri en 15 kW (20 hö). Stjórntæki vélar skulu vera innan við armslengd frá stjórntækjum bátsins.

2.2 Bátur með innanborðsvél sem knýr bátinn hraðar en 40 hnúta skal búinn öryggisrofa til að stöðva vélina. Í bátum sem eru með stjórntæki í opnu rými og ætlaðir eru fyrir utanborðsvél sem knýr bátana hraðar en 15 hnúta, skal vera skilti við stjórntæki með áletruninni: NOTA SKAL ÖRYGGISROFA.

2.3 Í báti með ganghraða yfir 25 hnútum skal stjórntæki vélar, stilling á stafnhalla bátsins og stilling á halla utanborðsdrifs vera þannig fyrirkomið að stjórnandi bátsins geti náð til þeirra allra samtímis eða í beinu framhaldi hverju af öðru, án þess að sleppa stýrishjólinu.

2.4 Í báti með ganghraða yfir 25 hnútum skulu allir mælar og önnur tæki sem nota þarf við siglingu bátsins, svo sem hraðamælir, mælar sem sýna stöðu utanborðsdrifs og stafnhalla bátsins, áttaviti o.þ.h. vera sem næst beint fyrir framan stjórnanda bátsins.

2.5 Í báti með ganghraða yfir 40 hnútum á aðstaða við stjórntæki að vera á þann veg að stjórnandi bátsins geti staðið upp og hafi þá stuðning við bak og til hliðanna, án þess að vikið sé frá öðrum ákvæðum í kafla þessum.

3. Reynslusigling

3.1 Við reynslusiglingu skal botn bátanna, vél og skrúfa vera ný eða sem ný. Reiði, Vél og skrúfa skal vera þannig að hægt sé að ná mesta mögulega ganghraða. Í bátunum skal vera allur búnaður. Reynslusiglt skal á lygnu vatni við vindhraða undir 5 m/sek.

3.2 Mesti ganghraði skal mældur með hámark tveimur mönnum um borð. Báturinn skal halda stefnunni stöðugri og halda sér á réttu plani.

3.3 Ganghraði á ekki að vera meiri en:
V mest = 17 $\sqrt{Lm}$ hnútar.

3.4 Hraðbátar skulu prófaðir með siglingu í 90° beygju í bæði borð. Í bátunum skulu vera hámark tveir menn og innihald geyma ekki meira en til hálfs. Bátunum skal siglt á fullri ferð í beinni stefnu þegar stýri er snúið snöggt í borð og síðan siglt í stefnu sem er 90° á fyrri stefnu.

Stjórnandi bátsins skal reyna að halda stefnu í boga sem myndar 6 · L_m metra radíus. Í beygjunni skal ekki nota önnur stjórntæki en stýri bátsins. Framangreind prófun skal gerð þrisvar sinnum í hvort borð. Bátur telst uppfylla kröfur ef stjórnandi bátsins hefur fulla stjórn á honum við prófunina og ekkert af eftirgreindu gerist:
- báturinn breytir snögglega um stefnu eða skrensar til, án þess að stjórnandinn ráði við
- hliðarátak gerir stjórnanda erfitt að sitja í sæti sínu í beygjunum
- báturinn hefur lélegt grip í vatninu sem gerir erfitt að halda stefnunni í réttum boga
- annað sem gefur til kynna að öryggi sé ekki sem skyldi.

3.5 Hraðgenga báta skal prófa á fullri ferð með hámark tvo menn um borð og hámark hálffulla geyma, með því að leggja stýri snögglega frá borði til borðs nokkrum sinnum. Bátur telst uppfylla kröfur ef stjórnandinn hefur fulla stjórn á bátnum. Framangreind prófun skal einnig gerð á fullhlöðnum báti við það sjólag sem gera má ráð fyrir að báturinn verði notaður í, ef ástæða er talin til að kanna eiginleika bátsins við þær aðstæður.

SKILGREININGAR OG TÁKN V-2

Efnisyfirlit

1. Skilgreining á bátum
2. Aðalmál
3. Fríborð og hleðslumerki
4. Þyngdir
5. Eiginþyngd og sæþyngd
6. Tákn og einingar

1. Skilgreining á bátum

1.1 Bátar og bátsgerðir eru skilgreind í reglum þessum sem hér segir:


Bátur: Hver sá farkostur sem notaður er til ferða á sjó eða vötnum. Sjá einnig skilgreiningu í lögum um eftirlit með skipum.

Bátsgerð: Bátar sem hafa sömu lögun, stærð, fyrirkomulag og eiginleika.


Bátsgerðir skiptast í eftirgreinda flokka:
Fiskibátar: Bátar sem notaðir eru til fiskveiða í atvinnuskyni.

Farþegabátar: Bátar sem notaðir eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
Dráttarbátar: Bátar sem notaðir eru til að draga skip og báta.
Vinnubátar: Samheiti á bátum sem notaðir eru í atvinnuskyni.
Bátar til eiginsmíði: Bátar sem smiður afhendir kaupendum áður en smíði eða frágangi búnaðar er að fullu lokið. Sjá nánar í V-1.


1.2 Þilfarsbátur er bátur sem hefur þétt þilfar stafna á milli, frá síðu til síðu, nema þar sem þilfarið er rofið af veðurþéttri yfirbyggingu og lúgum.



1.3 Opinn bátur er bátur sem ekki er þilfarsbátur. Sjá nánar um opna báta í V-5.2 og V-6.2.



1.4 Yfirbyggður bátur er þilfarsbátur eða opinn bátur sem er yfirbyggður að verulegu leyti yfir fríborðsþilfari eða plittum.




1.5 Með orðinu „plittur“ er átt við krossviðarplötur, hlera eða aðra palla í opnu rými opinna báta. Gildir það einnig um palla sem eru smíðaðir sem þilfar, en uppfylla ekki kröfur í 1.2


2. Aðalmál

2.1. Við mælingu á aðalmálum skal reikna með öllum föstum hlutum bolsins, þar með taldir hlífðarlistar. Hins vegar skal ekki mæla stýrisfjaðrir, laus fríholt né annan auðlosanlegan búnað svo sem handrið, hlífðargrindur við utanborðsdrif, kili og þess háttar.


2.2 Mesta lengd í metrum, L_m, skal mæld eins og eftirfarandi myndir sýna:



2.3 Mesta breidd í metrum, B_m, og breidd á bol, B, skal mæld eins og eftirfarandi myndir sýna.




2.4 Dýpt í metrum, D, skal mæld á miðri mestu lengd, frá efri brún á borðstokki eða þilfari að útsíðu botnsúðar, miðskips á flatbotna bátum, en við hlið kjalar á kjalbátum. Sjá eftirfarandi myndir:




2.5 Djúprista í metrum, d, skal mæld niður á neðri brún kjalar þar sem hann er lægstur.

3. Fríborð og hleðslumerki

3.1 Á þilfarsbátum skal mæla fríborð upp að efri brún á þilfari við síðuna, en ekki upp á brún skjólborðsklæðningar, jafnvel þótt hún sé þétt niður að þilfarinu. Að undanskildum farþegabátum og dráttarbátum skal merkja hámarks leyfilega hleðslu á báðar síður miðskips með vel greinilegu hleðslumerki, sem er 250 mm langt og 20 mm breitt.





3.2 Á opnum bátum skal mæla fríborð upp að þeim stöðum sem vatn kemur til með að renna fyrst inn í bátana. Þó skal ekki mæla að opum sem eru minni en 20 mm í þvermál, ef þau eru ofan við 0,5 · F við hámarkshleðslu eða eru búin einstefnulokum. Opnir bátar skulu merktir með hleðslumerki sbr. ákvæði 3.1 á báðar síður miðskips og að framan á afturbyggðum bátum og að aftan á frambyggðum.



3.3 Lágmarksfríborð miðskips skal vera tilgreint á viðurkenningarskírteini.

3.4 Eftirfarandi myndir sýna dæmi um áhrif hleðslu á fríborð með tilliti til ákvæða í 3.1 og 3.2.





4. Þyngdir

4.1 Til hámarkshleðslu, P, telst sú þyngd sem setja má í bát með hliðsjón af lágmarks-

fríborði, styrk á bol og stöðugleika, til viðbótar eiginþyngd viðkomandi báts. Eftirgreindar þyngdir teljast til hleðslu:

- þyngd þeirra manna sem mega vera um borð í bátnum samtímis og skal gera ráð fyrir að hver maður vegi 75 kg
- þyngd á persónulegum munum sem skal áætlað 30 kg fyrir hvern mann
- þyngd á eldsneyti og vatni í fullum geymum, sem reiknast 0,85 fyrir hvern lítra af eldsneyti og 1,0 fyrir vatn
- þyngd á öllum lausum búnaði, þar með talinn öryggisbúnaður, þó ekki akkerisbúnaður
- þyngd á farmi.

4.2 Fyrir þilfarsbáta skal ákveða hámarkshleðslu út frá stöðugleikagögnum og stafnhalla með hliðsjón af staðsetningu farms, sem skal reiknast dreift jafnt bæði í lest og á þilfari.

4.3 Fyrir opna báta og yfirbyggða báta skal ákveða hámarkshleðslu með hleðsluprófun, eða hugsanlega útreikningum á stöðugleika, stafnhalla og fríborði skv. ákvæðum í V-3. Gera skal ráð fyrir að hleðslunni sé dreift jafnt í þau rými sem eru ætluð fyrir farm.

4.4 Hámarkshleðsla og leyfileg hleðsla á þilfari skal vera tilgreind á viðurkenningarskírteini.

5. Eiginþyngd og sæþyngd

5.1 Eftirtaldar þyngdir teljast til eiginþyngdar, G:

- þyngd á fullsmíðuðum báti með innréttingum og búnaði sem er fastur í bátnum og telst til hluta hans
- þyngd á vélum, vindum og kerfum, þar með talinn glussi, smurolía, kælivatn og annar vökvi
- þyngd á akkerisbúnaði.

5.2 Eiginþyngd skal ákveðin út frá stöðugleikagögnum eða með vigtun.

5.3 Hámarkssæþyngd báta, Δ, er summan af eiginþyngd, G, og leyfilegri hleðslu, P:
$\Delta = G + P$ kg.

6. Tákn og einingar

6.1 Tákn sem notuð eru í reglunum

Tákn	Eining	Stærð
A	m^2 cm A	flatarmál/amper
a	mm^2 cm^2	flatarmál
B	m	breidd
B_m	m	mesta breidd
b	mm	breidd
c	c	senti
D	m	dýpt
d	m	djúprista/þvermál
d_v	mm	þvermál
E	MPa	sveigjufjaðurstuðull
F	m	meðalfríborð
f	m/mm	fríborð/leiðréttingarstuðlar/hæð á kúpu

G	kg	eiginþyngd
g	kg	kjalarþungi/þyngd lóða
H	m	hæð
h	mm	hæð
I	mm^4	tregðuvægi
J	Nm	júl
K	Nf	kraftur
k	k	leiðréttingarstuðull/ kíló/fastastærð
L	m	lengd vatnslínu
L_m	m	mesta lengd
l	mm	spennilengd
M	Nm	vægi
m	m	metri, milli
N	N	newton
n	fjöldi	menn/boltar
°	gráður	gráður, celsíus
P	kg, N	kraftur/þyngd/ álag/hleðsla
p	MPa, kW	þrýstingur, vélarafl
Q	m^3/mín	afköst
q	m^3/klst/kW	afköst
R	mm	radíus
r	sn/sek	snúningar
S	cm, mm	vægisarmur
s	mm	millibil styrkinga
t	mm	þykkt/tonn
U	kW	hámarksvélarafl
V	hnútur/m^3	ganghraði/rúmmál
v	kg/m^3	eðlisþyngd/rúmmál
W	mm^3 W	mótstöðuvægi, Watt
α	gráður	geiri
ß	gráður	geiri
σ	MPa	spenna
Δ	kg	sæþyngd
τ	MPa	skerþol

6.2 Í reglum þessum eru notaðar einingar hins alþjóðlega einingakerfis „Systeme International d'Unites" skammstafað SI.

Helstu SI-einingar í reglunum eru:

Stærðir	SI-einingar	Tákn
afl	watt	W
hiti	celsíus	°C
kraftur	newton	N
lengd	metri	m

massi	kílógramm	kg
rafstraumur	amper	A
tíðni	herz	Hz
tími	sekúnda	sek
tími	mínúta	mín
tími	klukkustund	klst
vinna	júl	J
þrýstingur	pascal	Pa

Helstu yfir- og undireiningar eru myndaðar með:

Stærðir	Nafn	Tákn
milljón	mega	M
þúsund	kíló	k
1 hundraðasti	senti	c
1 þúsundasti	milli	m

Gildi SI-eininga:

SI-einingar	Gildi	Eldri einingar
1 N	1 kg m/sek	0,1020 kp
1 Pa	1 N/m^2	0,0010 kp/cm^2
1 kPa	0,001 MPa	0,0102 kp/cm^2
0,1 MPa	1 bar	1,0200 kp/cm^2
1 MPa	1 N/mm^2	0,1020 kp/mm^2
1 W	1 J/sek	0,8600 kcal/h
1 kW	3,6 MJ/klst	1,3600 hö
0,7355 kW		1 hö

1 hnútur = 1 sjóm/klst = 1,85 km/klst = 0,514 m/sek

FRÍBORÐ OG STÖÐUGLEIKI V-3

Efnisyfirlit

1. Fríborð þilfarsbáta
2. Fríborð opinna báta
3. Stöðugleiki þilfarsbáta
4. Stöðugleiki opinna báta
5. Kjölfesta

1. Fríborð þilfarsbáta

1.1 Fríborð miðskips skal ákveða út frá stöðugleika, stafnhalla og styrk á bol. Fríborð skal þó aldrei vera minna en 200 mm, mælt frá efri brún þilfars niður að vatnslínu, hvar sem mælt er á bátnum.

1.2 Fríborð að framan skal ekki vera minna en;
$17 \cdot L_m + 700$ mm; mælt frá lyftiþilfari eða fríborðsþilfari niður að vatnslínu. Hæðin á lyftiþilfarinu/fríborðsþilfarinu að framan má minnka línulega niður í lágmarksfríborð sbr. 1.1 á svæði sem er ekki minna en; $0{,}3 \cdot L_m$; mælt frá framstefninu.

2. Fríborð opinna báta

2.1 Fríborð skal ákveða út frá stöðugleika, stafnhalla og styrk á bol, en með hleðslu í því rými sem henni er ætlað skal fríborðið miðskips ekki vera minna en hið hærra af:

a) $F = \frac{3{,}2}{1000 \cdot L_m} \cdot \frac{\Delta}{B}$ m

b) $F = 0{,}5$ m

2.2 Við fyrrgreinda prófun skal:
- fríborð að framan ekki vera minna en $1{,}2 \cdot F$
- fríborð að aftan ekki vera minna en $0{,}8 \cdot F$ Sjá mynd í V-2.3.4.

3. Stöðugleiki þilfarsbáta

3.1 Hvern bát skal hallaprófa í viðurvist skoðunarmanns eftirlitsaðila. Bátarnir skulu prófaðir þegar smíði er að fullu lokið og allur fastur búnaður er kominn um borð. Niðurstöður prófunar skulu skráðar á þar til gerð eyðublöð og skal reikna út eiginþyngd, G, og staðsetningu þyngdarmiðju.

3.2 Þegar bátar eru raðsmíðaðir eftir sömu smíðalýsingu þannig að þeir hafi sömu aðalmál, þyngd og form á bol, styrkingar á sama veg, samskonar vélbúnað og fastan búnað á sama stað í bátunum, skal hallaprófa minnst tvo fyrstu bátana, en síðan má falla frá hallaprófun á næstu bátum, ef útreikningar eða vigtun sýnir að eiginþyngd, G, er hin sama og á hallaprófuðu bátunum.

3.3 Við athugun á stöðugleika skal reikna eftirgreind hleðslutilvik:
a) Við eiginþyngd skv. V-2.5.1 og eins fáum mönnum og mögulegt er.
b) Með áhöfn, eldsneytis- og vatnsgeyma fulla, allar birgðir og veiðarfæri.
c) Með hámarkshleðslu, þó aðeins 30% af eldsneyti, vatni og öðrum birgðum.
d) Með hámarkshleðslu, þó aðeins 10% af eldsneyti, vatni og öðrum birgðum.
e) Með 20% af farmi og 10% af eldsneyti, vatni og öðrum birgðum.
Fyrir það hleðslutilvik hinna þriggja síðasttöldu, c, d og e, sem sýnir minnstan stöðug-

leika, skal að auki reikna stöðugleikann með tilliti til ísingar. Gera skal ráð fyrir 40 kg/m^2 á þilfari og 10 kg/m^2 á hvorri hlið ofan sjólínu, möstur og handrið þar meðtalin. Þyngdarmiðju við framangreind hleðslutilvik skal reikna sem hér segir;

- lest, þar með talið lestarkarm, eldsneytisgeyma og aðra geyma, skal reikna út frá rúmmáli viðkomandi rýmis
- fyrir hleðslu á þilfari, að undanskildum mönnum og einstökum þungum stykkjum, skal reikna þyngdarmiðju út frá 1,0 t hleðslu sem er dreift jafnt á þilfarið, þó minnst 0,10 m ofan við þilfarið
- farþegar reiknast jafnt dreifðir á þilfarinu með þyngdarmiðju 1,0 m ofan við þilfarið
- fyrir báta sem ætlaðir eru fyrir flutning á þungum stykkjum, svo sem flutningartækjum eða öðru slíku með þyngdarmiðju hlutfallslega ofarlega, skal ganga út frá þyngdarmiðjunni sem næst því sem gera má ráð fyrir á viðkomandi stykkjum.

3.4 Þilfarsbátar skulu uppfylla eftirtaldar stöðugleikakröfur við öll þau hleðslutilvik sem tilgreind eru í 3.3, þó þarf ekki að taka tillit til ísingar:

a) Flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,055 meterradianar að 30° hallahorni og ekki minni en 0,09 meterradianar að 40° hallahorni eða að fyllingaropum, ef það horn er minna en 40°. Auk þessa skal flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) milli hallahornanna 30° og 40° eða á milli 30° og hallahorni að fyllingaropum, ef það horn er minna en 40°, ekki vera minni en 0,03 meterradianar.

b) Réttiarmurinn GZ, skal ná minnst 0,20 m við hallahorn 30° eða stærra.

c) Stærsti réttiarmur skal vera við hallahorn, sem helst er stærra en 30°, en ekki minna en 25°.

d) Byrjunarmálmiðjuhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m.

Heimilt er að miða kröfur við önnur stöðugleikamörk en framan greinir, fyrir einstakar gerðir báta, ef nauðsynlegt er talið frá öryggissjónarmiði.

3.5 Op sem eru ekki búin veðurþéttum lokunarbúnaði skoðast sem fyllingarop.

3.6 Við útreikninga á GZ-bogalínum er ekki litið á minni op, svo sem fyrir víra, keðjur o.þ.h. á þilfarshúsi eða öðrum yfirbyggingum sem fyllingarop. Lítil op með þvermál undir 20 mm, sem eru minnst 380 mm yfir fríborðsþilfari og fara ekki niður í vatn við 30° halla bátsins, þurfa ekki að skoðast sem fyllingarop.

3.7 Í hverjum báti skulu vera upplýsingar sem gera skipstjóra kleift að meta stöðugleika bátsins á auðveldan og öruggan hátt við mismunandi aðstæður.

3.8 Sjá V-30, V-31 og V-32 um sérkröfur til stöðugleika fiskibáta, farþegabáta og dráttarbáta.

4. Stöðugleiki opinna báta

4.1 Stöðugleika opinna báta skal kanna annað hvort með hallaprófun eða veltiprófun.

4.2 Sé notuð hallaprófun skal stöðugleiki bátanna uppfylla ákvæði um stöðugleika þilfarsbáta, sjá V-3.3 að undanskyldum kröfum um réttiarm, GZ.

4.3 Sé notuð veltiprófun skal hún gerð í viðurvist skoðunarmanns eftirlitsaðila. Bátarnir skulu prófaðir þegar smíði er að fullu lokið og allur fastur búnaður auk veiðarfæra er kominn um borð. Veltiprófun skal framkvæmd þannig að bátur er látinn velta frjálst og heildartími a.m.k. þriggja veltna mældur. Stöðugleiki báts skal teljast fullnægjandi ef meðaltími einnar heillar veltu (þ.e. milli bakborða-stjórnborða-bakborða eða öfugt), mældur í sekúndum er styttri en skráð mesta breidd bátsins í metrum.

5. Kjölfesta

5.1 Kjölfestu skal festa á þann veg að hún hreyfist ekki við 90° halla bátsins.

LÚGUR, HURÐIR OG GLUGGAR V-4

Efnisyfirlit

1. Lúgur á þilfarsbátum
2. Hurðir á þilfarsbátum
3. Lúgur og hurðir á opnum bátum
4. Gluggar
5. Lúgur á súð

1. Lúgur á þilfarsbátum

1.1 Karmar um lúguop á fríborðsþilfari skulu ekki vera lægri en 380 mm mælt frá þilfarinu. Karmar um lúguop á þilfari ofan við fríborðsþilfar skulu vera minnst 300 mm háir.


1.2 Lúgur sem opnaðar eru til sjós skulu vera á lömum eða festar við karminn með keðju. Ennfremur skal vera hægt að festa lúguna í opinni stöðu.


1.3 Karmar um lúgur sem almennt eru ekki opnaðar til sjós, neyðarlúgur o.þ.h., skulu vera minnst 230 mm á fríborðsþilfari og 100 mm á þilfari ofan við fríborðsþilfar.

1.4 Víkja má frá kröfum um hæð á körmum við eftirgreindar lúgur;
- lúgur yfir vélarrúmi sem aðeins eru opnaðar til viðhalds og viðgerða á vél
- lúgur sem ekki þarf að opna til sjós vegna notkunar á bátnum
- lúgur sem eru innan við 0,1 m^2 að stærð.

Skilyrði fyrir lúgum án karma eru að þær séu búnar fullnægjandi þéttingum og lokunarbúnaðurinn sé á þann veg að lúgurnar verði ekki auðveldlega opnaðar.

1.5 Til að lúgur teljist veðurþéttar og þar með fullnægjandi á þilfarsbáta, skulu þær búnar þéttingum sem ekki geta pressast út fyrir þéttikantinn og skálkbúnaði með hámark 600 mm millibili. Heimilt er að lamir sem pressa lúguna niður komi í staðin fyrir skálkspennur.





2. Hurðir á þilfarsbátum

2.1 Dyrum, til rýmis undir þilfari eða á yfirbyggingu sem reiknast til uppdriftar fyrir stöðugleika, skal lokað með veðurþéttum hurðum. Hurðirnar skulu hafa minnst sama styrk og þilið sem dyrnar eru á. Til að hurðirnar teljist veðurþéttar skulu þær búnar þéttingum og minnst tveimur þéttispennum auk lamanna.

2.2 Hurðir skal vera mögulegt að opna og loka bæði innan frá og utan.

2.3 Þröskuldar á dyrum til fríborðsþilfars skulu vera minnst 380 mm háir. Þröskuldar á dyrum til þilfars ofan við fríborðsþilfar skulu vera minnst 300 mm háir.

3. Lúgur og hurðir á opnum bátum

3.1 Lúgur á vélarúmi eða vélakössum skulu búnar lokunarbúnaði. Sama gildir um lúgur og hurðir á stýrishúsum og öðrum vistarverum.

4. Gluggar

4.1 Þykkt á gleri í gluggum skal vera samkvæmt töflu 4.1 sem miðuð er við hert gler, samanlímt gler og akrýlgler.

4.2 Þykkt á gleri miðast við staðsetningu gluggans og hvort báturinn er lokaður eða opinn. Í ljósi þess er töflunni skipt niður í þrjá dálka.

Dálkur 1 gildir um:

a) Glugga sem eru minnst í 0,5 m og að;

$$\frac{3{,}2 \cdot \Delta}{1000 \cdot L_m \cdot B}\ \text{m}$$ yfir hleðsluvatnslínu

Innan við framangreinda glugga skal vera blindlok á lömum sem loka má vatnsþétt.

b) Lárétta glugga og lúgur sem geta orðið fyrir álagi og eru í þilfari eða reisnarþaki á lokuðum bátum sem er ofan við;

$$\frac{3{,}2 \cdot \Delta}{1000 \cdot L_m \cdot B}\ \text{m}$$ yfir hleðsluvatnslínu

Samsvarandi gluggar/lúgur sem eru staðsettar neðar en framan greinir skal meta sérstaklega til samþykktar.

Dálkur 2 gildir um:

Glugga í yfirbyggingum, stýrishúsum o.þ.h. á lokuðum bátum sem eru ofan við;

$$\frac{3{,}2 \cdot \Delta}{1000 \cdot L_m \cdot B}\ \text{m}$$ yfir hleðsluvatnslínu

Dálkur 3 gildir um:

a) Glugga í yfirbyggingum á opnum bátum sem eru minnst ofan við fríborðshæð.

b) Glugga sem eru á annarri hæð yfirbygginga á lokuðum bátum, þó ekki um glugga á framhlið stýrishúss, þar gilda ákvæði í dálki 2.

4.3 Gluggar á bátssíðum skulu aldrei vera neðar á síðunum en 500 mm ofan við hleðsluvatnslínu og skal glerið auk þess vera minnst 10 mm innan við úthlið síðunnar. Rammar sem eru utanáliggjandi skulu ekki ná meira en 5 mm út fyrir bátssíðuna.

4.4 Litað gler eða rúður úr efni sem auðveldlega rispast má ekki hafa í gluggum framan við eða til hliðar við stýri.

4.5 Glugga skal festa tryggilega, einkum með tilliti til álags utan frá. Ef rúður eru stórar, úr sveigjanlegu efni eða staðsettar nærri vatnslínu skal falsið fyrir rúðurnar vera nægilega djúpt eða rúðurnar festar í falsinu til að þær komist ekki úr falsinu við sveigju.

4.6 Rúður í gluggum á rýmum sem reiknast til uppdriftar vegna stöðugleika skulu vera í föstum ramma sem er tryggilega festur við bátinn.

4.7 Ef rúður eru festar með gúmlistum, skulu þeir vera þannig lagaðir að rúðurnar þrýstist ekki inn við álag utan frá. Ennfremur skal auka þykktina á glerinu um 20% frá því sem tilgreint er í dálkum 1 og 2 í töflunni. Ef notað er annað gler en hert gler, skal þykktin vera með tilliti til stífleika og styrks á hertu gleri.

4.8 Ef notaðar eru rúður sem eru lengri eða breiðari en tilgreint er í töflunni, skal styrkur og stífleiki vera hlutfallslega samsvarandi.

5. Lúgur á súð

5.1 Lúgur á súð opinna báta skulu vera vatnsþéttar. Lúgur og karmar skulu ekki hafa

minni styrk en bolurinn að öðru leyti. Ekki má setja lúgur á bol þilfarsbáta neðan við fríborðsþilfar.

5.2 Neðsti kantur á lúgum á opnum bátum skal ekki vera neðar en 200 mm ofan við hleðsluvatnslínu.

5.3 Vegna þéttleika á lúgum sem eru að einhverju leyti neðar en 500 mm ofan við hleðsluvatnslínu, skulu þær búnar fullnægjandi þéttingum og skálkbúnaði með innan við 300 mm millibili. Lúgur sem eru ofan við 500 mm frá hleðsluvatnslínu, skulu vera það þéttar að ekki komist verulegt magn af vatni inn með lúgunum og vera búnar fullnægjandi lokunarbúnaði.

5.4 Niðurfellanlegar lúgur skulu hafa stoppara í neðstu stöðu lúgunnar.

Tafla 4.1

Hæð í mm	200	300	400	500	600	700
Breidd í mm	123	123	123	123	123	123
200	554	554	554	554	554	654
300	554	554	654	654	654	664
400	554	654	654	664	864	865
500	554	654	664	864	1065	1085
600	554	654	864	1065	1085	1085
700	654	864	865	1085	1085	1085
800	-54	-64	-65	-85	-85	-106
900	-54	-65	-85	-85	-106	-106
1000	-54	-65	-85	-85	-106	-106
1100	-54	-65	-85	-106	-106	-126
1200	-54	-65	-85	-106	-106	-126
1300	-54	-65	-86	-106	-126	-126
1400	-54	-65	-86	-106	-126	-126

AUSTUROP OG ÖNNUR OP Á BOL V-5

Efnisyfirlit

1. Austurop á þilfarsbátum
2. Op á súð
3. Op loftrása
4. Loftrásir

1. Austurop á þilfarsbátum

1.1 Austuropum skal deilt jafnt niður eftir lengd þilfarsins, en þó skal taka tillit til þess hvar mestar líkur eru á að sjór safnist, t.d. vegna niðurskurðar þilfars eða lægsta hluta þess.

1.2 Á bátum þar sem skjólborðsklæðning, yfirbyggingar o.þ.h. mynda brunn, skal setja austurop, A, sem eru ekki minni á hvorri hlið bátsins en:
$A = 0{,}02 \cdot V\ m^2$
V = rúmmál brunnsins í m^3

1.3 Rúmmál brunnsins er byggt á flatarmáli þilfarsins og hæð skjólborðsklæðningar. Frá þessu má draga rúmmál á lúgum og þilfarshúsum upp að efri brún á skjólborðsklæðningu.

1.4 Lúgur, ef þær eru til staðar, eða utanáliggjandi gúmblöðkur skulu vera á lömum að ofan. Frágangur á lúgum skal vera á þann veg að ekki sé hætta á að þær sitji fastar. Lamir skulu vera úr efni sem ekki ryðgar. Lokunarbúnað má ekki hafa á lúgum við austurop.

1.5 Stór austurop skulu búin rimlum með hámark 330 mm millibili, þó hámark 230 mm frá þilfari að lægsta rimli.

2. Niðurföll af plittum


2.1 Niðurföll af plittum opinna báta sem eru ofan við vatnslínu bátanna, sbr. ákvæði í V-30.11.1, skulu aldrei vera minni en þar segir þó skal dýpt plittabrunnsins aldrei reiknuð minni en 500 mm.


3. Op á súð

3.1 Við op á súð sem eru undir þilfari eða plittum, eða innan við 100 mm yfir hleðsluvatnslínu, skulu vera lokanlegir lokar.

3.2 Lokinn skal vera ætlaður til nota í bátum, vera handvirkur og vel aðgengilegur undir öllum kringumstæðum. Í ljósi þess mega lokanlegir lokar ekki vera staðsettir í lest. Handföng skulu þannig fest við lokana að þau losni ekki við notkun.

3.3 Við op á súð sem eru ofan við vatnslínu á báti við eiginþyngd og neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu eða undir þilfari, skal vera einstefnuloki sem kemur í veg fyrir að vatn renni inn í bátinn. Þó þarf ekki einstefnuloka ef lögnin nær ofar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu eða 250 mm upp fyrir þilfar.





3.4 Lagnir sem tengjast opum á súð skulu vera á þann veg að vatn geti ekki runnið inn í bátinn þótt lokanlegir lokar standi opnir.
3.5 Slöngur sem tengjast við op í súð, neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu, skal festa með tveimur hosuklemmum í báða enda, nema með sérstöku samþykki, þó nægir að festa innri endann með einni hosuklemmu, ef lögnin nær að einhverju leyti ofar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu. Tengistútar skulu vera rifflaðir.

4. Op loftrása

4.1 Á þilfarsbátum skal op loftrása vera minnst 450 mm ofan við þilfar og vera þannig fyrirkomið að ágjöf sjávar stofni ekki öryggi bátsins í hættu. Hæð og staðsetning opanna skal auk þess vera þannig að hvorki renni vatn inn um þau á opnum bátum þó þeir halli 30° né inn um opin á þilfarsbátum við allt að 40° halla. Ytra op loftrása á opnum bátum skal vera minnst 380 mm ofan við plitta.

5. Loftrásir

5.1 Loftrásir skulu ná upp undir öldustokk, þó minnst 450 mm upp frá þilfari og vera þannig staðsettar að þær verði ekki fyrir áverkum vegna vinnu á þilfari.
5.2 Loftrásir skulu vera þannig að vatn gangi ekki niður í eldsneytisgeyma, rafhlöðurými o.þ.h., til dæmis skal vera á þeim svanaháls eða einstefnuloki.
5.3 Loftrásir til eldsneytisgeyma skulu liggja út fyrir opið rými opinna báta og upp fyrir þilfar á lokuðum bátum, þannig að yfirfall við áfyllingu fari ekki inn í bátinn.

6. Önnur op

6.1 Öll önnur op en að framan greinir skulu vera minnst 450 mm ofan við þilfar á þilfarsbátum og 380 mm ofan við plitta á opnum bátum og vera þannig fyrir komið að ágjöf sjávar stofni ekki öryggi bátsins í hættu.

VATNSÞÉTT HÓLF OG AUSTURBÚNAÐUR V-6

Efnisyfirlit

1. Vatnsþétt hólf
2. Austurbrunnar
3. Vél- og rafdælur
4. Handdælur
5. Viðvörun um vatn
6. Austurlagnir

1. Vatnsþétt hólf

1.1 Vélarúm, lest og vistarverur í þilfarsbátum skulu vera aðskilin hvert frá öðru með vatnsþéttu skilrúmi frá botni og upp að þilfari. Í opnum bátum skal vélarúm vera aðskilið vatnsþétt frá öðru rými bátsins frá botni og upp að hleðsluvatnslínu eða plittum, hvort heldur sem er hærra.

1.2 Lúgur og hurðir á vatnsþéttum skilrúmum skulu hafa fullnægjandi lokunarbúnað og hafa minnst sama styrk og viðkomandi skilrúm.

1.3 Ef rör eða raflagnir ganga í gegnum vatnsþétt skilrúm skal frágangur vera á þann veg að skilrúmið haldist vatnsþétt.

2. Austurbrunnar

2.1 Í bátum með frárennsli af plittum eða þilfari er heimilt að hafa sérstakan austurbrunn í botni bátanna fyrir frárennslisvatnið skv. nánari fyrirmælum siglingamálastjóra.

3. Vél- og rafdælur


3.1 Austurkerfi skal vera á þann veg að mögulegt sé að dæla úr hverju vatnsþéttu hólfi bátsins. Þó er heimilt að á litlum hólfum, svo sem stýrisvélarými, keðjukassa eða öðrum hólfum af svipaðri stærð, sé frárennsli að austurdælu með loka utan við viðkomandi hólf.

3.2 Austurdælur skulu vera vél- eða rafknúnar. Austurkerfið má vera hvort heldur sem er ein dæla og fastar soglagnir í hvert vatnsþétt hólf, með einstefnuloka á hverri lögn, eða sérstök dæla til austurs úr hverju hólfi fyrir sig. Hverri austurdælu skal vera stjórnað úr stýrishúsi.

3.3 Hver dæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu:


		L_m	< 8	=	80	l/mín.
8	≤	L_m	<12	=	120	l/mín.
12	≤	L_m	<15	=	180	l/mín.

3.4 Austurkerfi skal lagt á þann veg að vatn geti ekki runnið úr einu vatnsþéttu hólfi til annars gegnum austurlagnirnar.



3.5 Rafknúnar austurdælur má ekki tengja við rafgeyma til gangsetningar vélar. Dælu má ekki staðsetja í lest, nema hún sé aðgengileg til hreinsunar undir öllum kringumstæðum eða í lestinni sé önnur dæla til vara sem nota má ef aðaldælan stíflast.

3.6 Austurbúnaðinn má almennt ekki nota til annars en til austurs úr bátnum. Þó er heimilt að tengja sjólögn við austurlögnina að því tilskildu að báturinn sé búinn minnst tveimur dælum með aðskildar lagnir og tengingin sé á þann veg að sjór geti ekki runnið inn í bátinn.



3.7 Ekki má tengja saman ólíka málma þar sem það getur valdið tæringu.

4. Handdælur

4.1 Handdæla skal vera til austurs úr vélarrúmi og skal hún vera föst við bátinn og staðsett utan við vélarrúmið og sem næst stjórnpalli.

4.2 Hver handdæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Mesta lengd í metrum	Lítri í slagi blöðku-dæla	stimpil-dæla
- 8,0	0,5	0,7
8,0 - 10,0	0,7	1,0
10,0 -	0,9	1,25

4.3 Í bátum með tvær vélar og tvær vélknúnar dælur, eina knúna af hvorri vél, þarf ekki handdælu í vélarrúmi. Einnig má hafa rafknúna dælu í stað handdælu, enda sé hún ekki knúin af sömu vél og aðaldælan.

5. Viðvörun um vatn

5.1 Þilfarsbátar og opnir bátar með plitta ofan við hleðsluvatnslínu skulu búnir viðvörunarkerfi sem gefur merki á fullnægjandi hátt um vatn í vélarrúmi, annaðhvort með hljóðmerki, ljósi eða hvort tveggja


6. Austurlagnir


6.1 Austurlagnir skulu vera úr óbrennanlegu efni eða slöngum sem uppfylla ákvæði í EB-11.

6.2 Austurlagnir skal festa á fullnægjandi hátt.

Mynd 6.1
Dæmi um austurbúnað:

1. Vélknúin dæla
2. Rafknúin dæla
3. Handdæla
4. Sía
5. Lokanlegir einstefnulokar
6. Skiptiloki
7. Sigti
8. Síðuflans





STÝRISBÚNAÐUR V-7

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Stýriskraftur
3. Stýrisásar og hæltappar
4. Legur, stýrisástengi og þétting
5. Stýrisfjöður
6. Stærð stýrisfjaðra

1. Almennt

1.1 Stýrisbúnaður skal vera á þann veg að auðvelt sé að stjórna bátnum á þeim hámarkshraða sem báturinn er viðurkenndur fyrir. Barkastýrisbúnaður og stýrishjól skulu uppfylla ákvæði í EB-12 og EB-14. Stýrisbúnaður skal þannig varinn að hann geti ekki snert hluti sem gera stjórn bátsins erfiða eða ómögulega.

1.2 Á bátum sem ekki er stjórnað með stýrissveif sem fest er beint á stýrisásinn, skal vera stoppari við stýrisfjöðrina.

1.3 Bátar sem eru viðurkenndir fyrir aflmeiri utanborðsvélar en 15 kW (20 hö) skulu búnir stýrishjóli. Gera má kröfu um stýrishjól á öðrum bátum ef nauðsynlegt er talið af öryggisástæðum.

1.4 Stjórnborð, sem og annar stýrisbúnaður, skal hafa nægan styrk og vera það vel fest við bolinn að búnaðurinn þoli það álag sem á hann reynir, þar með talinn þann kraft sem stjórnandi bátsins gæti valdið í veltingi eða við aðrar hreyfingar bátsins. Heimilt er að krefjast skrúfaðra tenginga úr ryðfríu stáli. Allar skrúfaðar tengingar á stýrisbúnaði við bátinn skulu vera læstar.

1.5 Göt fyrir stýrislagnir o.þ.h. á brunnum fyrir utanborðsvélar skulu þétt á fullnægjandi hátt.

1.6 Vökvaslöngur og rör skulu varin fyrir hita og sliti og vera fest með sem næst 300 mm millibili. Vökvaáfylling og lofttappar skulu vera aðgengilegir.

1.7 Á bátum sem ekki er stjórnað með stýrissveif sem fest er beint á stýrisásinn, skal vera neyðarstýri. Neyðarstýri má vera neðan þilfars að því tilskildu að það sé aðgengilegt frá þilfari undir öllum kringumstæðum. Á bátum með tvær skrúfur þarf ekki neyðarstýri, ef sýnt er með reynslusiglingu að örugglega má stjórna bátnum með skrúfunum. Á bátum með tvö aðskilin stjórnkerfi sem hvort um sig má nota til að stjórna bátnum, þarf ekki neyðarstýri ef stjórnkerfin eru ekki búin vökvaslöngum. Á bátum sem stjórnað er með utanborðsdrifi eða utanborðsvél þarf ekki neyðarstýri.

2. Stýriskraftur

2.1 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:

A = flatarmál á stýrisfjöður í m^2
d_a = þvermál á stýrisási við stýrisarm í mm
d_t = þvermál á hæltappa
d_v = þvermál á gegnheilum stýrisási í mm
K = stýriskraftur í N
M = vægi í N mm
P = kraftur á stýrisfjöður í N

$$P = 110 \cdot A \cdot V^2$$

R_p 0,2= flotmörk í MPa

S_a = lengd á stýrisarmi í mm
S_b = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að skutlegu
S_v = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að snúningslínu á stýrisási, mælt hornrétt frá snúningslínu. Þrýstimiðja á plötustýri skal vera 40% af breidd stýrisfjaðrarinnar, mælt frá framkanti. Þrýstimiðja á tvöföldu stýri skal vera 30% af breidd stýrisfjaðrarinnar, mælt frá framkanti
T = prófunarálag
t_e = þykkt á plötu í plötustýri
t_d = þykkt á plötum í tvöföldu stýri
t_t = þykkt á eikarstýri
U = hámarksvélarafl í kW
V = mesti ganghraði bátsins í hnútum


2.2 Stýriskraftur á báti með utanborðsvél eða hálfutanborðsvél skal vera minnst:
$K = 10 \cdot U$ N

2.3 Stýriskraftur á báti með stýri skal við vélarfestinguna vera minnst:
$K = P \cdot S_v / S_a$ N


2.4 Stýrisbúnaður með fast stýrishjól skal þola eftirgreint álag, T, á viðkomandi vél eða festingu stýrisarmsins:
$T = 3{,}5 \cdot K$ á barkastýrisbúnað
$T = 1{,}5 \cdot K$ á vökvastýrisbúnað
$T = 2{,}0 \cdot K$ á annan stýrisbúnað

3. Stýrisásar og hæltappar

3.1 Stýrisásar sem festir eru í hællegu að neðan, hafa snúningsvægið:
$M = (0{,}25 \cdot P \cdot S_b + 0{,}5 \cdot P \cdot \sqrt{S_b} + 2 \cdot S_v^2)\ 1{,}15$



3.2 Stýrisásar á spaðastýri hafa snúnings- og beygjuvægið:
$M = (0{,}5 \cdot P \cdot S_b + 0{,}5 \cdot P \cdot \sqrt{S_b^2 + 2 \cdot S_v^2})\ 1{,}15$



3.3 Þvermál á gegnheilum stýrisási skal ekki vera minna en:
$d_v = 2{,}2 \cdot \sqrt[3]{M / R_p 0{,}2}$ mm
$R_p 0{,}2$ = flotmörk stýrisássins í MPa
Þvermálið má þó minnka línulega frá skutlegu og upp að stýrisarmi niður í:
$d_a = 0{,}8 \cdot d_v$ mm


3.4 Holur stýrisás skal hafa þvermál skv. eftirfarandi líkingu:
$d_v = \sqrt[3]{(d_1^4 - d_2^4) / d_1}$ mm
d_v = þvermál á gegnheilum stýrisás
d_1 = ytra þvermál á hola stýrisásnum
d_2 = innra þvermál á hola stýrisásnum

3.5 Þvermál á hæltappa skal ekki vera minna en:
$d_t = 5{+}0{,}6 \cdot d_v$ mm

4. Legur, stýrisástengi og þétting

4.1 Legur við stýrisás og festingar leganna við bolinn skulu þola stýriskraftinn P. Lengd á legum skal ekki vera minni en d_v. Stýrisás við spaðastýri skal hafa stuðning af legu sem er minnst S_b ofan við skutleguna. Ef bilið á milli stýrisarms og skutlegu á stýri sem fest er með hællegu að neðan, er meira en 6 sinnum þvermálið á stýrisásnum, skal sett burðarlega efst á stýrisásinn.

4.2 Þvermál á boltum í stýrisástengi má ekki vera minna en:
$d_b = 0{,}65 \cdot d_v / \sqrt{n}$ mm
d_v = þvermál á stýrisási í mm
d_b = þvermál á boltum í mm
n = fjöldi bolta; boltar skulu ekki vera færri en fjórir
Fjarlægð bolta í láréttu stýrisástengi frá miðju stýrisáss skal ekki vera minni en sem nemur þvermáli ássins.



4.3 Boltar í stýristengingu skulu festir á þann veg að þeir losni ekki við titring. Þykkt á stýrsástengi skal ekki vera minni en þvermál bolta. Breidd á stýrisástengi utan við boltana skal ekki vera minni en þvermál bolta.

4.4 Stýrisáspípa á að ná minnst 350 mm upp fyrir hleðsluvatnslínu og vera búin þéttihring. Ef þessu verður ekki við komið, skal vera á stýrisáspípunni fullnægjandi þéttidós.

5. Stýrisfjöður

5.1 Stýrisfjaðrir úr stáli, áli og glertrefjastyrktum pólýestra skulu hafa gegnumgangandi ás frá stýrisástengi niður að hæltappa. Þvermál ássins skal ekki vera minna en þvermál á hæltappa skv. 3.5. Á spaðastýri má þvermál ássins þó minnka niður í ekki neitt við neðri brún stýrisfjaðrarinnar.

5.2 Stýrisfjaðrir úr stáli og áli, hvort heldur sem plötustýri eða tvöföld stýri, skulu hafa minnst tvær þverstyrkingar þvert á ásinn, með hámark 600 mm millibili. Þykkt þverstyrkinganna skal ekki vera minni en þykkt á plötum í tvöföldu stýri skv. 5.4.

5.3 Þykkt á plötustýri úr stáli eða áli skal ekki vera minni en:
$t_e = 3 + 0{,}125 \cdot d_v$ mm
d_v = þvermál á stýrisási skv. 3.3.

5.4 Þykkt á plötum í tvöföldu stýri skal ekki vera minni en:
$t_d = k \cdot t_e$ mm
k = 0,46 fyrir stál eða ál
k = 0,33 fyrir ryðfrítt stál
t_e = þykkt á plötustýri skv. 5.3.

5.5 Stýrisfjaðrir úr glertrefjastyrktum pólýestra, skulu vera tvöföld stýri með stálstyrkingum sem soðnar eru á ásinn með hámark 200 mm millibili. Þykkt þverstyrkinganna skal ekki vera minni en þykkt á plötustýri skv. 5.3, breiddin minnst 10 · þykktin og lengdin ekki minni en 75% af lengdinni frá ásnum að fram- eða afturkanti stýrisfjaðrarinnar.

5.6 Stýrisfjöður úr glertrefjastyrktum pólýestra, sem smíðuð er í tveimur hlutum, skal fyllt með styrktum pólýestra eða samsvarandi efni og hlutarnir límdir saman á flönsum við kantana. Þykkt hliðanna skal ekki vera minni en þykkt á tvöföldu stýri úr stáli eða áli skv. 5.4.

5.7 Stýrisfjaðrir úr tré skulu vera úr eik og festast við stýrisás og hæltappa með stálgöfflum

sem eru ekki þynnri en 0,8 · þykkt á plötustýri skv. 5.3. Stálgafflarnir skulu heilsoðnir við stýrisásinn og hæltappann og boltast við stýrisfjöðrina með minnst þremur boltum að ofan og tveimur að neðan og skal þvermál þeirra ekki vera minna en þvermál bolta í stýrisástengi skv. 4.2.

5.8 Þykkt á stýrisfjöður úr eik skal ekki vera minni en:
$t_t = 7{,}3 \cdot t_e$ mm
t_e = þykkt á plötustýri skv. 5.3.

5.9 Stýrisfjaðrir sem eru auðlosanlegar skulu þannig festar að þær geti ekki hrokkið af eða losnað.

6. Stærð stýrisfjaðra

6.1 Stýrisfjöður skal vera nægilega stór til að tryggja fulla stjórn á bátnum skv. nánari fyrirmælum siglingamálastjóra.

VÉLBÚNAÐUR V-8

Efnisyfirlit

1. Vélar
2. Vélarúm
3. Slöngulagnir
4. Útblásturslagnir
5. Stjórntæki og mælar
6. Búnaður vegna utanborðsvéla
7. Kælivatnsbúnaður
8. Loftrásir

1. Vélar

1.1 Vinnubátar skulu búnir dísilvélum. Þó má hafa utanborðs bensínvélar í öðrum bátum en farþegabátum, ef $L_m \cdot B$ er minna en 20.

1.2 Heimilt er að krefjast tegundarviðurkenningar frá viðurkenndu flokkunarfélagi fyrir vélar sem eru 100 kW (136 hö) eða stærri.

1.3 Ef aðalvél stendur á sveigjanlegum undirstöðum, t.d. gúmpúðum, skal skrúfuásinn festur við vélina með sveigjutengi, nema lengdin frá vél að næstu legu við skrúfuásinn sé meiri en 40 sinnum þvermál hans. Þó þarf ekki sveigjutengi ef skrúfuásinn hefur aðeins stuðning af einni skutlegu. Sjá V-10.1.5 um sveigjutengi.

1.4 Óheimilt er að festa vélum með gúmpúðum nema fyrir liggi staðfesting frá vélarframleiðanda um að púðarnir hafi fullnægjandi styrk fyrir viðkomandi vél og séu gerðir fyrir langskipskrafta frá skrúfubúnaði, ef þeir verða fyrir slíku álagi.

2. Vélarrúm

2.1 Fyrirkomulag í vélarrúmi skal vera á þann veg að rýmið sé ekki notað til annarra hluta en því er ætlað. Allur vélbúnaður sem þarf þjónustu og eftirlit skal vera vel aðgengilegur. Geymslurými skal aðskilið frá vélarrými með skilrúmi. Til að létta störf við stærri viðgerðir mega skilrúm vera losanleg, að því tilskildu að þau uppfylli kröfur um styrk og þéttleika skilrúma.

2.2 Kýraugu eða önnur gler til birtugjafa má ekki setja á bátssíðu, þilfar eða reisn yfir vélarrúmi. Í vélarrúmi skal vera raflýsing.

3. Slöngulagnir

3.1 Allar slöngur skulu vera sjáanlegar og aðgengilegar til skoðunar. Slöngur skulu uppfylla ákvæði í EB-9, 10 og 11 og vera fest við rifflaða stúta með tveimur sýruheldum hosuklemmum. Millibil festinga á ekki að vera meira en 10 til 15 sinnum þvermálið.


4. Útblásturslagnir


4.1 Sjókældar útblásturslagnir skulu vera úr efni sem ekki tærist. Ekki má tengja saman ólíka málma þar sem það getur valdið tæringu.

4.2 Í bátum með fleiri en eina vél skal vera sérstök útblásturslögn fyrir hverja vél.

4.3 Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að þær verði ekki fyrir ákomu. Lagnirnar má þó ekki loka inni í trefjaplasti. Ekki má vera frárennslisloki á útblásturslögn í lokuðum vistarverum.

4.4 Útblástursop á opnum bátum skal vera minnst 100 mm yfir hleðsluvatnslínu. Þó má opið vera neðar ef lögnin frá opinu er pípa af minnst sama styrk og súðin, sem er tryggilega fest við bolinn og nær minnst 100 mm upp fyrir hleðsluvatnslínuna. Á þilfarsbátum skal opið vera ofan við þilfarið. Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að hluti þeirra sé minnst 350 mm yfir hleðsluvatnslínu á opnum bátum en 250 mm ofan við þilfar á þilfarsbátum með fallrennsli til opsins á súðinni.





5. Stjórntæki og mælar

5.1 Öll stjórn á aðalvél skal vera með einföldum hætti og stjórntækin aðgengileg frá stýri.

5.2 Mælar og viðvörunarkerfi skal vera á þann veg að við stýrið sé hægt að fylgjast með:
- snúningshraða aðalvélar
- olíuþrýstingi aðalvélar
- olíuþrýstingi á gír

- hita á kælivatni
- hita á útblæstri

Í bátum með vél minni en 100 kW nægir að við stýrið séu viðvörunarljós í stað mæla, að undanskildum snúningshraðamæli aðalvélar.

Á mælum skal almennt vera merki sem sýnir ef vél er notuð óeðlilega og einnig skulu mælar vera vel lýstir. Auk framangreindra mæla skulu hljóðmerki gera vart við óeðlilega notkun vélarinnar.

6. Búnaður vegna utanborðsvéla

6.1 Afturgafl skal búinn hlífðarplötum beggja megin sem er vel fest við gaflinn vegna festiskrúfa utanborðsvéla. Á efri brún innri plötunnar skal vera minnst 5 mm hár kantur sem varnar því að festiskrúfur vélarinnar renni upp af gaflinum.

6.2 Utanborðsvélar með vélarafl meira en 15 kW (20 hö) skulu festar við afturgafl með gegnumgangandi boltum.

6.3 Bátar með vélarafl meira en 15 kW (20 hö) skulu hafa vélarbrunn með frárennsli til sjávar, sem er minnst 15 mm í þvermál.

6.4 Öll göt á vélarbrunni, fyrir stjórnbarka, eldsneytislagnir o.þ.h., skulu vera þétt. Botn vélarbrunns skal vera ofan við sjólínu við eiginþyngd bátsins.

6.5 Vélarbrunnur skal vera það stór að auðveldlega megi stjórna vélinni og að mögulegt sé að reisa vélina upp.

7. Kælivatnsbúnaður

7.1 Kælivatnsbúnaður skal vera úr efni sem ekki tærist. Ekki má tengja saman ólíka málma þar sem það getur valdið tæringu.

7.2 Sjóinntak skal annaðhvort búið sigti eða síu.

7.3 Utanáliggjandi kælivatnslagnir skulu varðar eins og kostur er.

7.4 Ef sía er á kælivatnslögn skal þannig frá henni gengið að hana megi hreinsa á auðveldan hátt.

7.5 Lagnir og síur í vélarrúmi skulu ekki vera úr hitadeigu plasti. Heimilt er að nota slöngur í kælivatnslagnir, enda séu þær samþykktar sérstaklega til þeirra nota.

8. Loftrásir

8.1 Loftrás til vélarrúms skal lögð á þann veg að hún afkasti því loftstreymi sem nauðsynlegt er skv. leiðbeiningum vélarframleiðanda. Op loftrásarinnar í vélarrúminu skal almennt vera í gagnstæðri síðu við loftinntak vélarinnar og ytra opið sem lengst frá útblástursopi, þannig að útblástur vélarinnar eigi ekki greiða leið inn í vélarrúmið aftur.

8.2 Loftrás fyrir eðlilegan súg skal ekki hafa minna þverskurðarflatarmál en:

$A = 7 \cdot kW\ cm^2$ eða

$5{,}2 \cdot hö\ cm^2$.

kW/hö = afl vélar í viðkomandi vélarúmi.

8.3 Í vélknúinni loftrás skal afkastageta viftunnar ekki vera minni en:

$Q = 8 \cdot kW\ m^3/klst.$

Ekki skal taka tillit til hugsanlegra loftrása fyrir eðlilegan súg ef vélarrúmið er loftræst með viftu.

8.4 Loftrásir á þilfarsbátum skulu búnar lokunarbúnaði sem stjórna má utan við vélarrýmið. Lokunarbúnaðurinn skal vera þannig að festa megi lokið bæði í opinni og lokaðri stöðu.

8.5 Sjá V-9.3.2 um hugsanlega yfirfyllingu um loftrásir eldsneytisgeyma.

ELDSNEYTISBÚNAÐUR V-9

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Eldsneytisgeymar
3. Eldsneytislagnir

1. Almennt

1.1 Á eldsneytislögn til vélar skal vera aðgengileg sía og vatnsskilja sem gerir mögulegt að hleypa vatni undan eldsneytinu á auðveldan hátt. Síur má ekki hafa inni í eldsneytisgeymum.

1.2 Lögn fyrir rennsli til baka frá vél skal ná niður undir botn á eldsneytisgeyminum.

1.3 Eldsneytisgeymar skulu standa á traustum undirstöðum og vera tryggilega festir. Eldsneytisgeymar skulu þannig staðsettir að loftrás í kringum þá sé óhindruð.

2. Eldsneytisgeymar

2.1 Á eldsneytisgeymum fyrir dísilolíu má tengja eldsneytislagnir við botn geymanna, að því tilskildu að loki sé á lögnunum við geymana. Ennfremur má leggja lagnir á milli dísilolíugeyma, enda séu lokar á lögnunum við hvern eldsneytisgeymi. Þá er heimilt að setja frárennslisloka á botn eldsneytisgeyma fyrir dísilolíu.

2.2 Bátar með utanborðsvélar skulu hafa festingar fyrir færanlega bensíngeyma. Festingarnar skulu vera á þann veg, að auðvelt sé að festa geymana. Sjá V-8.1.1.

2.3 Bensíngeymar skulu vera úr ryðfríu stáli eða sjóþolnu áli og vera í rými sem er loftþétt aðskilið frá öðrum hólfum bátsins og loftræst út.


2.4 Geymir sem rúmar meira en 50 l skal hafa nauðsynleg skvettiskilrúm. Skvettiskilrúmin skulu hafa fullnægjandi op á milli hólfa, bæði að ofan og neðan. Á eldsneytisgeymum skal vera aðgengileg skoðunarlúga sem gerir mögulegt að hreinsa hvert hólf geymanna.


2.5 Hver eldsneytisgeymir skal hafa dýpilpípu, hæðarmæli eða annan búnað sem gefur til kynna eldsneytismagnið í geyminum. Við utanáliggjandi sjónglös skal vera sjálflokandi loki.


2.6 Eldsneytisgeymar úr glertrefjastyrktum pólýestra skulu smíðaðir úr ísotalspólýestra og duftbundinni glertrefjamottu í innsta lagi geymanna, þ.e. því lagi sem næst er innsíðu geymanna. Geymarnir skulu ennfremur húðaðir að innan með ísótalsslithúð.

2.7 Smíði færanlegra eldsneytisgeyma úr stáli, ryðfríu stáli eða áli, skal metin á sama veg og smíði annarra eldsneytisgeyma. Sama gildir um suðu geymanna sem má ekki vera kantsuða. Sjá eftirfarandi myndir:


Viðurkennndar suður







Ekki viðurkennd suða



2.8 Efnismál eldsneytisgeyma skal vera með tilliti til styrkinga og lögunar, en þykkt skal þó aldrei vera minni í mm en sú niðurstaða sem lægri er úr eftirfarandi töflu eða líkingu:

Stærð í lítrum	-50	50-100	100-200	200-500	500-1000	1000-
Stál 37-2	1,50	2,00	3,0	4,0	5,0	6,0
Ryðfrítt stál	1,25	1,25	2,0	2,5	3,0	4,0
Ál	2,00	3,00	4,0	4,5	5,0	6,0
Trefjaplast	4,00	4,00	4,0	4,5	5,0	6,0
Pólýten	5,00	7,00	9,0	-	-	-

t = 0,8 · s · h + k mm
s = millibil styrkinga í metrum eða styttri hliðin á óstyrktum fleti
h = þrýstihæð í metrum, frá botni geymisins upp að opi á loftpípu
k = 0,7 sinnum þykktin sem krafist er fyrir viðkomandi stærð af geymum í töflunni

3. Eldsneytislagnir

3.1 Eldsneytislagnir skulu almennt vera úr stáli eða kopar. Dísilolíulagnir mega þó vera úr slöngum, enda uppfylli þær ákvæði í EB-8.

3.2 Hver fastur eldsneytisgeymir skal hafa sérstaka áfyllingarpípu og aðra loftpípu. Op loftræstilagnarinnar skal vera þannig staðsett að vatn gangi ekki inn í geyminn. Þvermál áfyllilagnarinnar að innan skal vera minnst 38 mm og þvermál loftrásarinnar minnst 12 mm. Lagnirnar skulu lagðar á þann veg að yfirfall við áfyllingu eða olíuloft vegna uppgufunar fari ekki inn í bátinn.

3.3 Á eldsneytislögnum skal vera loki við eldsneytisgeyma sem gerir mögulegt að loka fyrir rennsli frá geymunum á aðgengilegum stað utan vélarrúms.


3.4 Eldsneytislagnir skulu tryggilega festar og þær varðar þannig að þær verði ekki fyrir áverkum, sliti eða öðru slíku. Eldsneytislagnir skulu lagðar með nægilega stórum lykkjum vegna hugsanlegra hreyfinga á lögninni. Ekki má tengja saman ólíkar efnistegundir þar sem það gæti valdið tæringu. Allir hlutir sem tengjast saman skulu vera í sama gæðaflokki.

3.5 Tengingar á slöngum skulu vera tryggilega þéttar. Ef notaðar eru hosuklemmur skulu þær vera minnst tvær á hverri tengingu og skulu tilheyrandi stútar vera rifflaðir. Hosuklemmur skulu vera úr sýruheldu efni.

3.6 Eldsneytisbúnaðurinn fullfrágenginn skal þéttiprófaður með 0,02 MPa (0,2 kp/cm^2) yfirþrýstingi. Þéttiprófa má með lofti og sápuvatni.

3.7 Sjá 1.1 um síu og vatnsskilju á eldsneytislögnum til véla.

Mynd 9.1
Dæmi um eldsneytislagnir:
V = vél
E = eldsneytisgeymir
S = vatnsskilja
L = loki, sjá 2.1 og 3.3



SKRÚFUBÚNAÐUR V-10

Efnisyfirlit

1. Skrúfuás
2. Legur og millibil þeirra
3. Ásberar

1. Skrúfuás

1.1 Efni í skrúfuásum skal hafa brotþol sem er ekki minna en 440 MPa (44 kp/mm^2).

1.2 Þvermál á skrúfuásum skal uppfylla tilmæli vélarframleiðanda en skal þó aldrei vera minna en:
$d = 30\ \sqrt[3]{p} / r \cdot mm$, þar sem
d = þvermál skrúfuássins
p = hámarksvélarafl við stöðugt álag í kW
r = snúningshraði skrúfu í sekúndum.

1.3 Ef efni í skrúfuási hefur meira brotþol en 440 MPa má leiðrétta þvermálið með því að margfalda það með eftirgreindum stuðli f:
$f = \sqrt[3]{600} / (\sigma_b + 160)$
σb = brotþol efnisins í viðkomandi skrúfuási þó hámark 700 MPa, án tillits til raunverulegs brotþols skrúfuássins.

1.4 Við skrúfuása sem ganga í gegnum vatnsþétt skilrúm skal þess gætt að styrkur og þéttleiki skilrúmsins haldist.

1.5 Ef skrúfuás er festur við vél með sveigjutengi, sbr.V-8.1.3, skal sveigjutengið vera þannig upp byggt að vélin geti knúið bátinn þó sveigjutengið bili.

2. Legur og millibil þeirra

2.1 Veggþykkt á legum við skrúfuás skal ekki vera minni en:
$t = (d + 230)/ 32\ mm$
d = þvermál á skrúfuási í mm.

2.2 Lengd á öftustu legu við skrúfuás skal ekki vera minni en:
$l = 3 \cdot d$
d = þvermál á viðkomandi skrúfuási.
Lengd á öðrum legum skal ekki vera minni en:
$l = 2 \cdot d$


2.3 Millibil á legum skal ekki vera meira en fram kemur á línuriti myndar 10.1 á næstu síðu:

3. Ásberar

3.1 Við ákvörðun á efnismálum einarma ásbera skal mótstöðuvægi hans við botn bátsins ekki vera minna en:
$W = l \cdot d^2 / 0{,}112\ \sigma_b\ mm^3$, þar sem
l = lengd armsins frá botni bátsins að miðjum ási í mm
d = þvermál skrúfuássins í mm
σb = brotþol efnisins í ásberanum.

3.2 Mótstöðuvægi ásberans við ásnöfina skal vera minnst 60% þess mótstöðuvægis sem krafist er við botninn skv. 3.1.

Mynd 10.1


Hámarks millibil á legum í mm
3400
3200
3000
2800
2600
2400
2200
2000
1800
1600
1400
1200
500
700
900
1100
1300
1500
Snúningshraði skrúfu á mínútu
Þvermál á skrúfuási í mm
80
70
60
55
45
40
35
30
25
Lágmarks millibil lega ef tengt er með sveigjutengi
1200
1100
1000
900
700
600
500
400
300

RAFBÚNAÐUR V-11

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Kröfur til veitukerfis
3. Ljós, siglingaljós og öryggistæki
4. Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar
5. Yfirálagsvarnir
6. Rafhlöður
7. Frágangur rafstrengja og rafbúnaðar
8. Kröfur um þéttleika
9. Rafstrengir og ljósabúnaður

1. Gildissvið

1.1 Reglur þessar gilda um jafnstraumskerfi með málspennu allt að 50 V. Varðandi önnur rafkerfi er bent á þar að lútandi reglur Siglingamálastofnunar ríkisins.

1.2 Reglur þessar gilda ekki um vélar og tæki fasttengd aðal- eða hjálparvél, né viðtæki, talstöðvar, rafmótora, mæla og þvílíkra tækja. Ef hægt er að staðfesta að slík tæki séu ekki talin uppfylla öryggiskröfur er heimilt að krefjast endurbóta eða endurnýjunar.

1.3 Reglur þessar taka ekki til varúðarráðstafana gegn skaðlegum rafsegulbylgjum, t.d. frá radar og skjámynd.

2. Kröfur til veitukerfis

2.1 Almennt skal rafkerfið vera einangrað tvítauga kerfi.

2.2 Heimilt er þó að bátar með aðalvél minni en 100 kW séu búnir tvítauga kerfi fyrir gangsetningu vélarinnar, þ.e. með annan pólinn til jarðar, en ekki skipsbolinn sem leiðara. Eftirfarandi mynd sýnir dæmi um hvernig nota má vélina sem leiðara og önnur hvor rafhlaðan er notuð til þess að ræsa vélina, sjá 6.2.

2.3 Neyslustraumur frá rafhlöðu til notenda, annarra en þeirra sem tilheyra vélinni, skal tekinn frá einni eða fleiri greinitöflum, gegnum varinn stofnstreng með yfirálagsvörum og höfuðrofa sem eru sem næst rafhlöðum. Viðvörunarkerfi, hitari og sjálfvirkar austurdælur mega þó tengjast framan við höfuðrofa og skal þá hvert þeirra hafa sjálfstæðan varbúnað.
Rafbúnað sem nota skal aðeins stutta stund, t.d. rafstrengur að akkerisspili, má tengjast rafhlöðu án vara en skal þá uppfylla kröfur í 7.3.

2.4 Spennufall í rafstrengjum frá greinitöflu að notanda má við fullt álag ekki vera meira en 6% af spennunni í greinitöflunni.

3. Ljós, siglingaljós og öryggistæki

3.1 Vör skulu vera fyrir hvert siglingaljós. Sjá V-17.4

3.2 Ef ekki er hægt með góðu móti að fylgjast með virkni siglingaljósanna, skal vera í stýrishúsi gaumljós fyrir hvert siglingaljós eða sameiginlegt hljóðmerki, sem gefur til kynna ef siglingaljós logar ekki. Bilun í þessum merkjabúnaði má ekki hafa áhrif á siglingaljósin.


3.3 Almennri lýsingu um borð skal deilt á a.m.k. tvær greinar. Vör ljósagreina skulu ekki vera stærri en 10 A.

3.4 Öryggisbúnaður, t.d. sjó- og austurdælur, talstöð, flauta, leitarkastari o.fl. og rafbúnaður fyrir meira en 5 A straumnotkun skal hver og einn hafa sitt eigið var.

4. Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar

4.1 Rafhlöðum, rafstrengjum og öðrum rafbúnaði skal þannig komið fyrir að það sé aðgengilegt til viðhalds, jafnvel þegar báturinn er í notkun. Teikningar af rafkerfi bátsins skulu fylgja honum.

4.2 Allar merkingar skulu gerðar á sérstök merkispjöld með varanlegri áletrun.



4.3 Sérhvert var skal merkt með upplýsingum um straumgildi og notanda. Samræmi skal vera á númerum greina í töflu og á teikningum. Tengimynd af töflu skal vera í töflunni. Allar greinar töflunnar skulu vera aðgengilegar til einangrunarmælinga.

4.4 Merkja skal greinilega alla mæla, rofa, gaumljós og annað í töflum.

4.5 Tenglar skulu merktir og getið um spennu- og straumtegund. Bátar sem eingöngu eru búnir 12 V eða 24 V jafnstraumskerfi eru þó undanþegnir þessari reglu.

4.6 Leiðarar skulu búnir varanlegum merkingum, t.d. númerum eða litum, þannig að frá teikningum sé auðvelt að rekja hvern leiðara.

4.7 Við rafhlöður skal vera merking sem tilgreinir notkun hverrar rafhlöðu. Einnig skal tekið fram hvernig umtenging fer fram, þ.e. í neyðartilfellum að flytja álagið frá einni rafhlöðu yfir á aðra.

5. Yfirálagsvarnir

5.1 Gerð og gildleika rafstrengja skal velja þannig að ekki verði tjón af völdum hita, skammhlaups eða annars álags við venjulega notkun. Rafstrengi milli rafhlöðu og ræsis má ekki verja með vörum. Hlíta ber leiðbeiningum vélarframleiðanda um val á gildleika rafstrengs milli rafhlöðu-ræsis og rafala-rafhlöðu, þó má spennufallið vera mest 8%.

5.2 Yfirstraumsvörnin skal verja rafstrengi fyrir yfirálagi og við skammhlaup rjúfa straum-inn innan 5 sek., skv. töflu á mynd 11.1. Yfirstraumsvarnir skal staðsetja í vel aðgengilegum töfluskáp, svo nærri rafhlöðum og mögulegt er. Hafa skal vör á báðum taugum hverrar greinar. Rafstrengir, sem notaðir eru til merkjaflutninga mega þó vera grennri en sá lágmarksgildleiki sem gefinn er í töflu á mynd 11.1.

5.3 Bræðivör af gerðinni Neozed, Diazed og önnur vör sem uppfylla DIN 72581-3 með málstraum skv. töflu í dálki yfir „stærsta leyfilega yfirálagsvar" skulu teljast uppfylla kröfuna um skammhlaupsvörn. Sjálfvirk endursetning á sjálfvörum skal ekki vera möguleg og skulu þau hafa a.m.k. 100 A skammhlaupsgetu.

6. Rafhlöður

6.1 Rafhlöður skulu vera í stöðugri hleðslu þegar vélar eru í gangi.

6.2 Vél með rafræsi skal vera mögulegt að tengja tveim óháðum rafhlöðum. Önnur rafhlaðan á að vera eingöngu ætluð til ræsingar vélar og má því enginn annar almennur notandi tengjast henni. Hin rafhlaðan má vera neyslurafhlaða, ef hún uppfyllir kröfur um rýmd sem ræsirafhlaða.

6.3 Fyrir hverja rafhlöðu skal hafa rafhlöðurofa á báðum pólum á aðgengilegum stað sem næst rafhlöðu.

6.4. Ef rafhlöður eru hafðar í sama vatnsþéttirými, t.d. vélarrými, skulu þær þannig staðsettar að ekki verði í þeim skammhlaup þó sjór nái upp að hleðsluvatnslínu. Að öðrum kosti verði komið fyrir neyðarrafhlöðu á þilfari eða í stýrishúsi fyrir notkun á neyðarljósum, siglinga- og fjarskiptatækjum.

6.5 Rafhlöður skal festa tryggilega í sýruheldum kössum sem skulu byrgðir að ofan með einangrandi loki og svo frá þeim gengið að engin hætta sé á að þær losni.

6.6 Rafhlöður skal hafa í vélarými eða tilsvarandi rýmum. Ef samanlögð rýmd rafhlaðanna er stærri en 10 kWh, samsvarandi 410 Ah við 24V eða 820 Ah við 12V skal staðsetja rafhlöðurnar í sérstök rými með eigin loftræstingu þannig að að- og frástreymi lofts sé óhindrað.

7. Frágangur rafstrengja og rafbúnaðar

7.1 Raflagnir skal festa tryggilega með þar til gerðum spennum eða draga í rör. Rör skal festa vandlega með spennum og skrúfum eða plasta. Ekki má plasta sjálfa rafstrengina eða festa þá við olíugeyma, olíuleiðslur, vatnsrör eða þvílíkt.

7.2 Lagningu rafstrengja skal þannig háttað að þeir séu varðir gegn utanaðkomandi hita. Rafstrengur sem gæti orðið fyrir áverkum skal hafa hlíf eða hafður í röri. Rafstrengur sem lagður er undir vél eða gólf skal hafður í röri. Leggja skal raflagnarör þannig, að hugsanlegt vatn eða raki í rörunum geti runnið burt. Utan um rafstrengi sem leggja þarf í gegnum vatnsþétt þil eða þilför skal vera vatnsþéttur umbúnaður. Strengjagegnumtök skulu vera að neðan eða á hliðum viðkomandi búnaðar.

7.3 Eftirtaldir strengir skulu vera einangraðir einleiðarar og þannig lagðir, að þeir séu vel aðskildir og varðir gegn hugsanlegum áverkum:
rafall - rafhlaða
rafhlaða - ræsir
rafhlaða - greinitafla.
Ef þessir einleiðarar eru festir á rafleiðandi efni skal einleiðarinn vera með tvöfaldri einangrun eða lagður í rör úr einangrandi efni.

7.4 Ganga skal tryggilega frá endum rafstrengja á þann hátt að leiðarinn skaðist ekki. Kápa rafstrengs skal ná inn í þann búnað sem strengurinn er tengdur við. Fyrir strengi sem uppfylla eiga kröfurnar í 7.3, skal nota ápressaða strengskó og festa með spenniskífu og ró. Aðra leiðaraenda skal festa tryggilega við safnskinnur eða nota viðurkennd raðtengi.

7.5 Vör eða rafhlöður skal ekki hafa í rýmum með bensínvélum eða þar sem hætta er á að eldfimar gastegundir finnist sem geta valdið sprengingu. Vör skulu ekki höfð í sérstökum rafhlöðurýmum.
Ljósa- og rofabúnaður skal vera af þeirri gerð sem sérstaklega er viðurkennndur til notkunar í slíkum rýmum.

8. Þéttleiki

8.1 Lágmarkskröfur um þéttleikaflokk búnaðar í hinum ýmsu rýmum skal vera skv. töflu á mynd 11.2.

9. Rafstrengir og ljósabúnaður

9.1 Lágmarksspennuflokkur rafstrengja skal vera 60 V. Lágmarkshitaflokkur rafstrengja skal vera sem hér segir:
60°C Strengir í íverustöðum og á þilfari.
85°C Strengir í vélarrými og fyrir bruna- og austurdælur.

9.2 Fastfrágengnir leiðarar skulu vera margþættir. Leiðarar skulu vera fínþættir þar sem hætta er á að þeir verði fyrir hreyfingu eða titringi.

9.3 Rofar skulu vera af þeirri gerð og stærð að þeir þoli þá spennu og þann mesta straum í þeirri rafrás er þeir tengjast.

9.4 Ljósabúnaður skal búinn hlífðargrind ef hætta er á að hann geti orðið fyrir hnjaski.

Mynd 11.1

Gildleiki mm^2	Leyfilegt stöðugt álag A	Stærsta leyfilega yfirálagsvar A	Stærsta leyfilega skammhlaupsvar, raðtengt yfirálagsvörn A
1,5	9	10	20
2,5	12	16	35
4,0	16	20	45
6,0	21	25	63
10,0	28	35	100
16,0	37	50	160
25,0	49	63	200
35,0	60	80	315
50,0	76	100	400


Mynd 11.2

Fyrri tölustafurinn fyrir aftan bókstafina IP táknar vörn gegn snertingu spennuhafa eða hreyfanlegra hluta og þéttleika gegn ryki og aðskotahlutum. Seinni tölustafurinn táknar þéttleika gegn vökva. Ef ekki er getið um þéttleikaflokk í eftirfarandi töflu, er slíkur búnaður ekki leyfður í viðkomandi rými.

Snertivörn		Vatnsvörn	
0	Án varnar	0	Án varnar
1	Opnun < 50 mm	1	Dropavarið
2	Opnun < 12 mm	2	Vörn gegn dropum við allt að 15° halla
3	Opnun < 2,5 mm	3	Regnvarið
4	Opnun < 1 mm	4	Vörn gegn dropum úr öllum áttum
5	Rykvarið	5	Sprautuvarið
6	Rykþétt	6	Vatnsþétt

Staðsetning	Raf-mótorar	Töflu-búnaður	Ljósa-búnaður	Hitunar-tæki	Annar búnaður
íverustaðir	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20
stýrishús	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20
stjórnklefi	IP 22	IP 22	IP 22	IP 22	IP 22
vélarrúm	IP 22	IP 22	IP 44	IP 44	IP 44
stýrisvélarrými	IP 22		IP 44	IP 44	IP 44
lest			IP 56	IP 56	IP 56
eldhús		IP 44	IP 22	IP 22	IP 22
þvottarými	IP 44		IP 44	IP 44	IP 55
kælirými	IP 44		IP 44		IP 55
undir gólfi	IP 44		IP 55		
opið þilfar	IP 56	IP 56	IP 55		IP 56

Mynd 11.3
Dæmi um rafkerfi:



VISTARVERUR V-12

Efnisyfirlit

1. Salerni
2. Loftrásir
3. Ferskvatnsgeymar

1. Salerni

1.1 Hver bátur sem er lengri en 8 m mesta lengd skal búinn minnst einu salerni.

1.2 Öll salerni skulu vera í sérstökum klefa með læsanlegri hurð. Salerni skulu vera vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli. Heimilt er að víkja frá þessari kröfu um sérstakan salernisklefa ef báturinn er minni en 10 m mesta lengd og ekki notaður til farþegaflutninga Þó skal salernið vera vel loftræst og aðskilið frá svefnklefum og matargeymslum.

2. Loftrásir

2.1 Vistarverur skulu loftræstar á þann veg að nægilegt innstreymi og útstreymi geti átt sér stað þegar hurðir, kýraugu, gluggar o.þ.h. eru lokuð.

2.2 Loftræstiop skulu þannig staðsett að loftræsting sé góð.

2.3 Loftháfar mega ekki vera á þeim stöðum sem hætta er á að skaðlegar lofttegundir geti sogast inn í bátinn. Loftrásir fyrir eðlilegan súg skulu vera eins stuttar og mögulegt er og sem minnst bognar.

2.4 Innstreymisrás og útstreymisrás fyrir eðlilegan súg skulu hvor um sig hafa minnst 7,5 cm^2 þverskurðarflatarmál, fyrir hvert sæti í rýminu eða samsvarandi loftræstingu.

2.5 Ofan við eldavél skal vera loftrás með hatti eða öðrum búnaði sem myndar súg frá eldavélinni.

2.6 Salerni skulu loftræst út með sérstakri loftrás.

3. Ferskvatnsgeymar

3.1 Ferskvatnsgeyma skal vera auðvelt að hreinsa og þeir skulu vera úr ryðfríu efni.

3.2 Geymarnir skulu hafa skoðunarlúgu sem er ekki minni en 150 mm í þvermál.

3.3 Ferskvatnsgeyma skal vera hægt að tæma, annaðhvort með frárennsli á lægsta hluta botnsins eða soglögn. Soglögn skal ná niður í skál á botni geymisins.

ÖRYGGI MANNA V-13

Efnisyfirlit

1. Hálkuvörn á þilfari
2. Handrið og handföng
3. Hvassar brúnir
4. Hálkuvörn í vélarrúmi
5. Öryggi við hreyfanlega og heita hluti
6. Neyðarútgangar
7. Björgunarstigar

1. Hálkuvörn á þilfari

1.1 Á opnu þilfari, kringum vindur, við línu- og netaspil og á öðrum þeim stöðum sem vænta má umgangs, skal þilfar hafa fullnægjandi hálkuvörn.

2. Handrið og handföng

2.1 Um opin þilför þar sem vænta má umgangs manna skal setja skjólborð eða handrið. Handriðið má vera losanlegt ef nauðsyn krefur vegna notkunar bátsins.

2.2 Hæð á skjólborðum og handriðum skal ekki vera minni en 750 mm. Bilið undir neðstu rim á handriði skal ekki vera meira en 230 mm. Bil á milli annarra rima skal ekki vera meira en 330 mm. Heimilt er að víkja frá kröfunum um millibil rima á lyftiþilfari sem aðeins er ætlað til vinnu við legufæri, festar o.þ.h. en millibilið skal þó aldrei vera meira en 400 mm.

2.3 Allir bátar skulu búnir fullnægjandi handföngum til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir meiðslum eða falli fyrir borð.

3. Hvassar brúnir

3.1 Þar sem menn ganga um eða hafast við mega ekki vera hvassar brúnir sem gætu valdið meiðslum.

4. Hálkuvörn í vélarrúmi

4.1 Þar sem gert er ráð fyrir að menn gangi í vélarrúmi skal vera fullnægjandi hálkuvörn og má efnið ekki geta drukkið í sig olíu. Gólfplötur skulu vera tryggilega fastar.

5. Öryggi við hreyfanlega og heita hluti

5.1 Þar sem menn ganga um eða hafast við, nálægt vélum með hreyfanlega eða heita hluti, skal fyrirkomulag vera á þann veg að ekki sé hætta á meiðslum. Við hreyfanlega hluti skal vera hlíf sem kemur í veg fyrir að föt og þess háttar festist og dragist inn.

5.2 Vírarúllur skulu þannig búnar að víraendar geti ekki slegist upp og valdið meiðslum á mönnum.

6. Neyðarútgangar

6.1 Allar vistarverur skulu hafa minnst tvær útgönguleiðir. Minni vistarverur mega þó vera með aðeins eina útgönguleið ef víst er að hún geti ekki lokast vegna elds í vélarrúmi, eldhúsi eða af öðrum sökum.

6.2 Útgönguopin skulu vera í sitt hvorum enda vistarverunnar og vera þannig löguð að þau séu heppileg í neyðartilfellum. Ef nauðsynlegt þykir skulu vera stigar og handföng til að auðvelda útgang um opin.

6.3 Útgönguopin skulu ekki vera minni en:
450 · 450 mm eða 450 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, á bátum allt að 12 m mestu lengd, en 600 · 600 mm eða 600 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, á bátum 12 m og lengri.

6.4 Dyr eða lúgur skulu vera auðopnanlegar innan frá án þess að nota þurfi verkfæri. Rennilúgur skulu hafa handfang að innanverðu. Ennfremur skal vera mögulegt að opna utanfrá, en heimilt er að til þess þurfi að nota laust handfang, brunaöxi eða annað þess háttar, sem staðsett er á heppilegum stað, t.d. í stýrishúsi.

6.5 Ef ganga þarf um dyr að útgönguopi má hurð dyranna ekki vera læsanleg, nema í henni séu spjöld sem sparka má úr hurðinni í útgönguátt í neyðartilfellum.

7. Björgunarstigar

7.1 Hver bátur skal vera búinn föstum björgunar-stiga sem er með neðsta þrep minnst 300 mm neðan við vatnslínu við eiginþyngd bátsins, eða annan þann búnað sem gerir mögulegt fyrir mann sem fallið hefur í sjóinn að komast af eigin ramleik aftur um borð. Kaðalstigi sem leggja má saman skoðast ekki sem fastur stigi.

ELDVARNIR V-14

Efnisyfirlit

1. Eldavélar og ofnar
2. Gastæki
3. Einangrun
4. Handslökkvitæki
5. Fastur slökkvibúnaður
6. Brunaboðar
7. Neyðarrofar

1. Eldavélar og ofnar

1.1 Eldavélar og ofnar, sem eru þannig uppbyggðir að eldsneytið gæti farið til spillis við áfyllingu eða ef eldur slökknar, skulu standa í eða vera yfir vökvaheldum bakka sem er með minnst 20 mm háum kanti allan hringinn.

1.2 Olíukynt tæki skulu þannig búin að sjálfkrafa lokist fyrir olíurennsli til þeirra ef eldur slökknar og einnig ef óhóflegur hiti myndast við tækið.


1.3 Við hvert gastæki skal vera lokanlegur loki. Lokinn skal vera aðgengilegur og sem næst tækinu þó þannig að loka megi fyrir gasið ef eldur kemur upp við tækið. Ef lokinn á gaskútnum er vel aðgengilegur og í námunda við tækið þarf ekki fyrrgreindan loka.

1.4 Gastæki, önnur en eldavélar, skulu vera með hulinn eld eða þannig fyrirkomið að brennarinn sé í sértilgerðu rými. Gastæki skulu undir öllum kringumstæðum vera í loftræstu rými.

1.5 Eldavélum og ofnum skal þannig fyrirkomið að nærliggjandi hlutir hitni ekki um of. Brennanlegt efni má ekki verða fyrir meiri hita frá eldavélum eða ofnum en 80°C. Eftirfarandi mynd sýnir það lágmarksbil sem skal vera frá opnum eldi að nærliggjandi hlutum án eldvarnar og hvar hitann verður að mæla til að ganga úr skugga um hvort setja þarf eldvörn. Eldvörn skal vera hlíf úr óbrennanlegu efni, sem er hitaeinangruð frá brennanlegu efni.

1.6 Framan við eldavélar á ramböldum skal vera föst slá til öryggis. Eldavélar á ramböldum skal vera mögulegt að festa í láréttri stöðu.

1.7 Eldavélar og ofnar skulu fest þannig að þau losni ekki við velting bátsins.
   a) Eldfim klæðning eða gluggatjöld óheimil.
   b) Hámark 80°C.
   c) Óbrennanlegt efni



2. Gastæki

2.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um föst gaskerfi, að undanskildum kerfum sem notuð eru við framdrifsvélar og kerfum með 35 mbar þrýsting og þar yfir.

2.2 Fylgihlutir sem tengjast gaskerfum skulu uppfylla ákvæði í EB-15.


2.3 Lagnir skulu ekki hafa fleiri samsetningar en nauðsynlegt er. Lagnir má ekki leggja í vélarrúmi.

2.4 Lagnir skal festa með klemmum eða á annan samsvarandi hátt til að fyrirbyggja titring og nudd lagnanna við bol bátsins eða aðra hluti. Klemmur skulu vera úr ryðfríu efni og þannig lagaðar að þær skaddi ekki lagnirnar með hvössum brúnum eða skaði lagnaefnið á annan hátt.


2.5 Slöngur skulu ekki vera lengri en 1 metri, nema ef fjarlægðin á milli gaskúts og tækis er innan við 1,5 metrar og ef aðeins eitt tæki er tengt við viðkomandi gaskút. Gúmslöngur skulu vera vel aðgengilegar til skoðunar.

2.6 Festingar skulu vera fyrir alla gaskúta, bæði neyslukúta og varakúta. Þrýstijafnarar sem eru ekki gerðir til að festast beint á gaskútana skulu vera fastir í sama rými og gaskútarnir sem þeir tengjast. Rými fyrir gaskúta má ekki nota til geymslu á öðru en viðkemur gaskerfinu. Rými fyrir varakúta, hvort sem þeir eru fullir eða tómir, skal uppfylla sömu kröfur og rými fyrir neyslukúta. Öryggisbúnaður skal vera þannig festur að hann þoli þær hreyfingar sem gera má ráð fyrir til sjós. Kerfi sem tengt er tveimur gaskútum skal búið skiptiloka fyrir val á kútum. Skiptilokinn kemur ekki í stað lokanlega lokans á gaskútunum.

2.7 Rými ofan þilfars fyrir gaskúta, þrýstijafnara og öryggisbúnað skal vera kassi á opnu þilfari eða yfirbyggingaþaki sem er loftræstur út í opið rými, þannig að gas geti ekki runnið inn í bátinn.



2.8 Rými undir þilfari eða borðstokki fyrir gaskúta, þrýstijafnara og öryggisbúnað, skal vera gasþétt aðskilið frá öðru rými bátsins. Rýmið skal aðeins vera opnanlegt að ofan og þannig fyrirkomið að gas geti ekki runnið inn í bátinn. Rýmið skal vera ofan við vatnslínu og vel aðgengilegt þannig að hægt sé að opna það í skyndi án verkfæra, til að stilla lokann á gaskútnum, kanna leka eða lesa af þrýstimæli ef hann er til staðar. Rýmið skal vera loftræst með minnst 12,5 mm opi á botni rýmisins sem liggur út úr bátnum í gegnum bolinn, án nokkurra vasa sem geta safnað saman gasi. Opið skal koma út neðan við botn rýmisins, en ofan vatnslínu og minnst 500 mm frá öðrum opum sem liggja inn í bátinn. Efnismál hliða og botns gaskútahólfsins skulu ekki vera minni en efnismál vantsþéttra skilrúma.



2.9 Þegar uppsetningu á gaskerfum er að fullu lokið skulu þau þéttiprófuð með sápuvatni eða þar til gerðu efni á öllum samsetningum og við hugsanlega lekavara og skulu kerfin vera fullkomlega þétt. Lagnir skulu prófaðar áður en þær eru tengdar við þrýstijafnara eða hugsanlegan lekavara, með 0,035 MPa (0,35 kp/cm^2) loftþrýstingi og skulu lagnirnar vera þéttar við þennan þrýsting.

3. Einangrun

3.1 Einangrunarefni og klæðning á einangrun skal hafa minnst ildisstuðulinn 21.

3.2 Einangrun í vélarúmi skal klædd með efni sem ekki drekkur í sig olíu eða olíugufu.

4. Handslökkvitæki

4.1 Hver bátur skal búinn handslökkvitækjum sem hér segir;
- eitt stk. í bátum með mestu lengd allt að 10 metrum
- tvö stk. í bátum með mestu lengd 10 metrar og þar yfir.

4.2 Handslökkvitæki skulu vera af viðurkenndri gerð fyrir A- ,B- og E-elda og innihalda minnst 6 kg af slökkvimiðli eða jafngildi 6 kg (21 slökkvieining fyrir A-eld og 113 fyrir B).

5. Fastur slökkvibúnaður

5.1 Bátar með mestu lengd 8 metra og þar yfir skulu búnir föstum slökkvibúnaði í vélarrúmi.

5.2 Eftirfarandi ákvæði gilda um slökkvikerfi þar sem slökkvimiðillinn er kolsýra. Heimilt er að nota annan slökkvimiðil og búnað sem tryggir samsvarandi öryggi ef eldur verður laus.

5.3 Stjórnbúnaður slökkvikerfisins skal aðeins vera handvirkur. Hann skal vera miðsvæðis í bátnum og utan við vélarúmið. Stjórnbúnaðurinn skal vera í skjóli fyrir ágjöf sjávar og þannig fyrirkomið að ekki verði opnað fyrir kolsýruna í ógáti. Leiðbeiningar um notkun skulu vera við stjórnbúnaðinn.

5.4 Kolsýrukútar skulu vera á afviknum stað þar sem ekki er hætta á að þeir verði fyrir ágjöf sjávar, áverkum eða hita yfir 50°C. Kútarnir mega ekki vera í vélarrúmi.

5.5 Pípulagnir og dreifistútar skulu staðsettir þannig að kolsýran dreifist jafnt í vélarrúmið. Magn kolsýrunnar og afköst skulu vera með tilliti til stærðar vélarrúmsins svo fullnægjandi sé til að slökkva eld sem þar gæti komið upp.

5.6 Magn kolsýru skal vera 1,5 kg/m^3 miðað við heildarrými vélarrúmsins, en skal þó aldrei vera minna en 2 kg eða jafngildi 2 kg CO_2 (13 slökkvieiningar fyrir B-eld). Afköstin skulu nægja til að vélarrúmið mettist að hálfu á mest 10 sekúndum.

5.7 Loftræsting og lokunarbúnaður loftrása skal vera á þann veg að ekki sé hætta á skaðlegum yfirþrýstingi þegar opnað er fyrir slökkvimiðilinn.

5.8 Vélarrúm og rými fyrir kolsýrukúta ásamt öðru rými bátsins þar sem leki gæti komið upp í slökkvikerfinu, skulu vera gasþétt aðskilin frá lokuðum íverustöðum manna. Rými fyrir kolsýrukúta skal vera loftræst út í opið rými.

6. Brunaboðar

6.1 Þilfarsbátar og bátar sem eru yfirbyggðir að hluta skulu búnir brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef hiti verður óeðlilega mikill í vélarrúmi. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, ef vélin er í sérstökum kassa í opnu rými eða í rými sem er sambyggt stýrishúsinu og með opið á milli vélar og stýrishúss.

6.2 Hver bátur með eldavél, ofn eða önnur tæki sem gætu valdið eldi í vistarverum, skal búinn brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef reykur kemur upp

í vistarverunum. Í frambyggðum bátum með lúkar fremst eða afturbyggðum bátum með káetu aftast, má reykskynjarinn vera sjálfstæð eining með sambyggðum aflgjafa.

7. Neyðarrofar.

7.1 Hver bátur með vélknúna loftræstingu skal hafa neyðarrofa fyrir loftblásara. Skal neyðarrofinn vera vel merktur og staðsettur á aðgengilegum stað en ekki innan þeirra rýma sem loftræst eru, t.d. vélarrými eða vistarveru.

LYFTIBÚNAÐUR V-15

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Hámarksálag
3. Upplýsingar um lyftigetu

1. Gildissvið

1.1 Ákvæði þessa kafla gilda um vélknúinn lyftibúnað.

2. Hámarksálag

2.1 Hver lyftibúnaður skal vera þannig gerður að án aðgerða með verkfærum sé ómögulegt að lyfta meiri þunga en lyftibúnaðurinn er gerður fyrir.
Búnaður sem lyftir með vír skal vera þannig gerður að álag á vírinn geti aldrei orðið of mikið þegar krókurinn er í innstu stöðu.

2.2 Hámarks leyfilegur þungi skal vera greinilega skráður á áberandi stað á hverjum lyftibúnaði. Einnig skulu liggja fyrir upplýsingar um minnst þrjár mismunandi þyngdir ásamt tilheyrandi útslætti sem við versta tilvik er innan leyfilegra marka. Tilgreina má við sjálfvirkar þungatakmarkanir hver takmörkin eru við mismunandi stöðu lyftiarmsins. Óheimilt er að á lyftibúnaði séu aðrar merkingar sem gætu valdið misskilningi á tilskildri skráningu.

2.3 Að lokinni prófun á lyftibúnaði skal búnaðurinn og festing hans skoðuð nákvæmlega til að ganga úr skugga um hvort nokkur merki sjáist um skemmdir.

3. Upplýsingar um lyftigetu

3.1 Með hverjum lyftibúnaði skulu fylgja leiðbeiningar þar sem tilgreindur er leyfilegur hámarksþungi, sem lyfta má með viðkomandi búnaði.

3.2 Vegna festinga á lyftibúnaði og þess hluta bátsins sem verður fyrir álagi við notkun búnaðarins, skal leggja fram upplýsingar sem sýna að öryggisstuðull fyrir málma sé ekki minni en 5 og fyrir glertrefjastyrktan pólýestra minnst 7.

FESTARTÆKI OG LEGUFÆRI V-16

Efnisyfirlit

1. Festartæki
2. Legufæri

1. Festartæki

1.1 Hver bátur skal búinn viðurkenndum festartækjum skv. ákvæðum í EB-16, ásamt festarleiðurum þannig að festa megi akkeri, draga bátinn, draga aðra báta og festa viðkomandi bát tryggilega við bryggju eða annan viðlegustað.

1.2 Hver bátur skal hafa minnst eitt festartæki að framan og annað að aftan. Ef höfð eru tvö festartæki annaðhvort að framan eða aftan skulu þau vera eins nærri síðum bátsins og mögulegt er, sitt hvorum megin. Fyrir stærri báta má krefjast fleiri festartækja.

1.3 Eitt festartæki að framan og annað að aftan skulu vera þannig að þau megi nota til að draga bátinn eða draga aðra báta. Ef festartæki sem staðsett er á framstefni er vel aðgengilegt getur það talist fullnægjandi festartæki á opnum bátum án forþilfars.

1.4 Festartæki skulu vera sterkbyggð og þau tryggilega fest. Festartækin og festing þeirra skal þola láréttan kraft, P, skv. eftirfarandi líkingu:
$P = 50 \cdot \Delta / Lm$ N
Δ = særými bátsins við hámarkshleðslu í kg
Festartækin skulu prófuð með tvöföldum framangreindum krafti.

1.5 Þar sem festartæki eru fest skulu vera fullnægjandi styrkingar. Boltar, rær og annað það sem notað er við festingu festartækja skal vera úr ryðfríu eða ryðvörðu efni.

1.6 Festartæki skulu annaðhvort soðin föst eða fest með gegnumgangandi boltum. Undir rær að innan skal setja stórar skífur og læsa rónum.

2. Legufæri

2.1 Hver bátur skal hafa akkerisbúnað skv. línuriti á mynd 16.1 þannig fyrirkomið að varpa megi akkeri á öruggan hátt í skyndi.


2.2 Akkerisþyngd skv. línuritinu má deila á tvö akkeri, en þó skal annað akkerið vega minnst 2/3 af tilskilinni heildarþyngd. Bátar sem eru 8 metrar mesta lengd eða lengri skulu þó búnir einu akkeri skv. línuritinu og öðru sem vegur 1/3 þeirrar þyngdar.

2.3 Hver bátur skal búinn minnst einni akkeriskeðju af lengd og með þvermáli skv. línuritinu.

2.4 Hver bátur skal búinn minnst einni akkerisfesti og þremur dráttartógum af lengd og með brotþoli skv. línuritinu.

2.5 Bátar sem eru í förum á svæðum þar sem ætla má að legufæri skv. línuritinu séu ófullnægjandi, skulu búnir þyngri akkerum og lengri akkerisfesti með tilliti til aðstæðna í hverju einstöku tilfelli.

Mynd 16.1


70
60
kg
m
kN
50
40
30
20
10
Þyngd á akkeri í kg
Lengd á akkerisfesti í m
Brotþol akkerisfestar í kN
Lengd og brotþol á dráttartógi
Lengd á keðju í m
Þvermál keðju í mm
8
9,5
12,5
4
6
8
10
12
14
Lm í metrum

STÝRISHÚS OG SIGLINGATÆKI V-17

Efnisyfirlit

1. Stýrishús
2. Áttavitar
3. Tæki til hljóðmerkjagjafa
4. Siglingaljós

1. Stýrishús

1.1 Útsýni frá stjórntækjum skal vera gott allt í kringum bátinn. Auk þess skal vera mögulegt að hreinsa regn, ágjöf og móðu af framrúðum á auðveldan hátt.

1.2 Fyrirkomulag í stýrishúsi skal vera með hliðsjón af eftirgreindu;
- mælar, stjórntæki, viðvörunarljós o.þ.h. séu þannig staðsett að stjórn bátsins verði sem auðveldust
- innréttingar við stjórntæki séu, ef þess er nokkur kostur, úr endurskinsfríu efni
- lofthæð sé almennt ekki minni en 1,98 m.

2. Áttavitar

2.1 Hver bátur skal búinn seguláttavita af viðurkenndri gerð.

3. Tæki til hljóðmerkjagjafa

3.1 Hver bátur skal búinn tækjum til hljóðmerkjagafa samkvæmt reglum um björgunar- og öryggisbúnað og Alþjóðasiglingareglum frá 1972.

3.2 Flautan og skipsklukkan skulu uppfylla ákvæði í Alþjóðasiglingareglum frá 1972, viðauka III.

4. Siglingaljós

4.1 Hver bátur skal búinn siglingaljósum af stærð og tegund og með staðsetningu og fyrirkomulagi sem uppfylla ákvæði Alþjóðasiglingareglna frá 1972 ásamt síðari breytingum.

4.2 Heimilt er að hliðarljós séu í sambyggðu ljóskeri staðsett í miðlungskurðarfleti bátsins. Á öðrum bátum en fiskibátum minni en 12 m má í stað skut- og sigluljóss hafa uppi hvítt hringljós auk hliðarljósanna.
Sjá V-30.12 um fiskibáta og V-32.8 um dráttarbáta.

4.3 Siglingaljós skulu vera af viðurkenndri gerð og merkt einhverri Siglingamálastofnun Norðurlandanna eða ljóskerjunum fylgi viðurkenningarskírteini sbr. reglur einstakra Norðurlanda.

4.4 Ef nauðsyn krefur skulu vera hlífar við siglingaljós til að koma í veg fyrir óþægilegt endurskin.

BÁTAR ÚR TREFJAPLASTI - SÉRÁKVÆÐI V-18

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efni
3. Smíðaverkstæði
4. Verklag
5. Efnismál
6. Eftirlit

1. Almennt

1.1 Báta úr trefjaplasti má smíða samkvæmt ákvæðum í kafla þessum svo framarlega að:
a) ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta
b) bátarnir séu ekki smíðaðir með samlokuaðferð
c) skilrúm, bönd, botnstokkar og aðrar styrkingar séu aðgengilegar til skoðunar og botn, síður og þilfar aðgengilegt til þykktarmælinga.

1.2 Ef framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt skulu bátarnir smíðaðir skv. ákvæðum í V-21, V-22 og V-26.

2. Efni

2.1 Við smíði báta samkvæmt kafla þessum skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið uppfylli kröfur í EB-2, EB-3 eða samsvarandi reglum.

2.2 Upplýsingar skulu liggja fyrir sem staðfesta að eiginleikar trefjaplastsins uppfylli kröfur í EB-2.

2.3 Ef upplýsingar um efnisgæði liggja ekki fyrir skal taka sýni úr bátunum til rannsóknar.

3. Smíðaverkstæði

3.1 Smíðaverkstæði skal vera á þann veg að það uppfylli eftirgreind skilyrði:
1) Hitastigið meðan á smíði bátanna og herslu pólýestrans stendur, sé stöðugur og aldrei minni en 18°C
2) Loftræstikerfi myndi ekki gegnumtrekk
3) Trefjaplastið verði ekki fyrir beinu skini sólar
4) Ekki sé unnið við slípingar þar sem plastvinna fer fram.

4. Verklag

4.1 Uppbygging trefjaplastsins skal vera á hefðbundinn hátt fyrir gott verklag og trefjaplastið vel hert og ekki mislitt. Trefjaplast sem verður fyrir vatni skal húðað með grunnhúð eða topphúð.

5. Efnismál

5.1 Efnismál skulu ekki vera minni en tilgreint er í eftirfarandi töflu:
B = mesta breidd á bol í metrum, sjá V-2.2.3
L_m = mesta lengd bátsins í metrum, sjá V-2.2.2

Bátshluti	Á svæði	Efnismál
kjölur og stefni	80 · B út frá miðlínu	$t = 7,0 + 1,3 \cdot L_m$mm
botn upp að hleðsluvatnslínu		$t = 6,0 + 0,7 \cdot L_m$ mm
síður, yfirbyggingar og skilrúm	ofan við hleðsluvatnslínu	$t = 3,0 + 0,6 \cdot L_m$mm
þilfar og þilfarshús		$t = 6,0 + 0,8 \cdot L_m$mm
kantar á bol	100 mm til beggja hliða við kantana	$t = 6,0 + 0,8 \cdot L_m$mm

5.2 Millibil styrkinga skal ekki vera meira en tilgreint er í eftirfarandi töflu og mótstöðuvægi þeirra ekki minna en þar kemur fram:

Styrkingar í	Hámarksmillibil í mm	Lágmarksmótstöðuvægi í mm^3
botn	$s = 5,4 \cdot L_m + 400$	$W = 0,06 \cdot L_m \cdot s \cdot (l/100)^2$
síðu	$s = 16 \cdot L_m + 400$	$W = 0,038 \cdot L_m \cdot s\ (l/100)^2$
þilfar	$s = 26 \cdot L_m + 300$	$W = (0,01 \cdot 0,002 \cdot L_m)\ 8,7 \cdot s\ (l/100)^2$

5.3 Bátarnir skulu búnir botnstokkum með hámark 1,0 m millibili og skal hæðin á kilinum, h_b, ekki vera minni en:
$h_b = B/3 \cdot 0,1 \cdot s$, þó minnst 100 mm
s = millibil botnstokka í mm

5.4 Krossviður í skilrúmum skal vera vatnsheldur og ekki þynnri en:
$t = 2 \cdot L_m - 2$ mm
Skilrúm úr öðrum efnum en krossviði skulu hafa samsvarandi styrk.

6. Eftirlit

6.1 Við lokaskoðun sbr. ákvæði í V-1 skal ganga úr skugga um að efnismál uppfylli kröfur í framangreindum töflum, verklag sé eins og vera ber og upplýsingar um efnisgæði séu fullnægjandi.

STÁLBÁTAR - SÉRÁKVÆÐI V-19

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efni
3. Verklag
4. Efnismál
5. Eftirlit

1. Almennt

1.1 Báta úr stáli má smíða skv. ákvæðum í kafla þessum svo framarlega að;
a) ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta
b) skilrúm, bönd, botnstokkar og aðrar styrkingar séu aðgengilegar til skoðunar og botn, síður og þilfar aðgengilegt til þykktarmælinga.

1.2 Ef framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt skulu bátarnir smíðaðir skv. ákvæðum í V-21, V-23 og V-27.

2. Efni

2.1 Við smíði báta skv. kafla þessum skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið sé af skipasmíðagæðum með flokkunarfélags- eða framleiðsluskírteini sem sýnir að efnisgæði séu ekki minni en:

Flotmörk	= 240 MPa (24 kp/mm^2)
Togþol	= 410 MPa (41 kp/mm^2)
Brotlenging	= 22 %

3. Verklag

3.1 Skurður á efni, suðu og fyrirkomulag styrkinga skal vera skv. ákvæðum í V-27.

4. Efnismál

4.1 Efnismál skulu ekki vera minni en tilgreint er í töflunni hér að neðan. Fyrir báta með mestu lengd á bilinu 8,0 m til 15 m skal ákveða efnismál línulega á milli þessara tveggja stærða.

5. Eftirlit

5.1 Við lokaskoðun sbr. ákvæði í V-1 skal ganga úr skugga um að efnismál uppfylli kröfur í framangreindri töflu, verklag sé eins og vera ber og upplýsingar um efnisgæði séu fullnægjandi.

5.2 Suður skulu athugaðar með röntgenmyndun eða samsvarandi ef ástæða þykir til.

Bátshluti	$L_m \leq 8{,}0$ m	$L_m = 15$ m	Ath.
Kjölur	a = 1500 mm^2	a = 2000 mm^2	
Plötukjölur	1,5 · t botnplötu b = 30 · L_m mm	1,5 · t botnplötu b = 30 · L_m mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar b = heildarbreidd
Miðkjölur	a = 1500 mm^2 tmín = 5 mm	a = 2000 mm^2 tmín = 6 mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar
Botnstokkar	h = 200 mm t = 4,5 mm	h = 250 mm t = 5,5 mm	Aðeins krafa á 3 hvert band, annars bönd yfir kjöl
Flans á botnstokkum	50 · 5,0 mm	50 5,5 mm	Ekki krafa ef steypt er upp á efri brún
Kjalbak	UNP 100	UNP 120	Aðeins krafa á bátum án miðkjalar
Bönd	90 · 6,0 mm (w = 9500 mm^3)	100 · 6,5 mm (w = 18000 mm^3)	Bandabil mest 500 mm
Botnsúð	t = 4,5 mm	t = 7,0 mm	Kjalar- og stefnisplötur + 1,0 mm
Síður	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Skilrúm	t = 4,5 mm	t = 6,0mm	
Styrkingar skilrúma	50 · 6,0 mm (w = 6000 mm^3)	50 · 6,5 mm (w = 7000 mm^3)	Millibil mest 750 mm

Þilfar	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Þilfarsbitar	90 · 8,0 mm ($w = 2200\ mm^3$)	90 · 8,0 mm ($w = 2200\ mm^3$)	Hámark 500 mm bitabil og 3,0 m spennilengd
Skjólborðsklæðning	t = 4,0 mm	t = 5,0 mm	
Skjólborðsstoðir	50 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 500 mm
Yfirbygging	t = 4,0 mm	t = 5,0 mm	
Styrkingar	50 · 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 500 mm

ÁLBÁTAR - SÉRÁKVÆÐI V-20

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efni
3. Verklag
4. Efnismál
5. Eftirlit

1. Almennt

1.1 Báta úr áli má smíða samkvæmt ákvæðum í kafla þessum svo framarlega að;
a) ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta.
b) skilrúm, bönd, botnstokkar og aðrar styrkingar séu aðgengilegar til skoðunar og botn, síður og þilfar aðgengilegt til þykktarmælinga.

1.2 Ef framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt skulu bátarnir smíðaðir skv. ákvæðum í V-21, V-24 og V-28.

2. Efni

2.1 Við smíði báta samkvæmt kafla þessum skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið sé af skipasmíðagæðum með flokkunarfélags- eða framleiðsluskírteini sem sýnir að efnisgæði séu ekki minni en:
Flotmörk = 170 MPa ($17\ kp/mm^2$)

3. Verklag

3.1 Skurður á efni, suðu og fyrirkomulag styrkinga ásamt smíðaverkstæði skal vera skv. ákvæðum í V-28.

4. Efnismál

4.1 Efnismál skulu ekki vera minni en tilgreint er í eftirfarandi töflu. Fyrir báta með mestu lengd á bilinu 8,0 m til 15 m skal ákveða efnismál línulega á milli þessara tveggja stærða.

5. Eftirlit

5.1 Við lokaskoðun sbr. ákvæði í V-1 skal ganga úr skugga um að efnismál uppfylli kröfur

í framangreindri töflu, verklag sé eins og vera ber og upplýsingar um efnisgæði séu fullnægjandi.

5.2 Suður skulu athugaðar með röntgenmyndun eða samsvarandi ef ástæða þykir til.

Bátshluti	$L_m \leq 8{,}0$ m	$L_m = 15$ m	Ath.
Kjölur	a = 1800 mm^2 tmín= 16 mm	a = 2400 mm^2 tmín= 20 mm	
Plötukjölur	1,5 · t botnplötu b = 30 L_m mm	1,5 · t botnplötu b = 30 · L_m mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar b = heildarbreidd
Miðkjölur	a = 1800 mm^2 tmín = 6 mm	a = 2400 mm^2 tmín = 8 mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar
Botnstokkar	h = 200 mm t = 5,0 mm	h = 250 mm t = 6,0 mm	Aðeins krafa á 3 hvert band, annars bönd yfir kjöl
Flans á botnstokkum	50 · 5,0 mm	50 · 6,0 mm	Ekki krafa ef steypt er upp á efri brún
Kjalbak	UNP 100	UNP 120	Aðeins krafa á bátum án miðkjalar
Bönd	90 · 8,0 mm (w=22000 mm^3)	100 · 8,5 mm (w=27000 mm^3)	Bandabil mest 300 mm
Botnsúð	t = 4,5 mm	t = 7,0 mm	Kjalar- og stefnisplötur + 1,0 mm
Síður	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Skilrúm	t = 4,5 mm	t = 6,0mm	
Styrkingar skilrúma	50 · 6,0 mm (w = 6000 mm^3)	50 · 8,0 mm (w = 8000 mm^3)	Millibil mest 500 mm
Þilfar	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Þilfarsbitar	90 · 8,0 mm (w = 2700 mm^3)	90 · 8,0 mm (w = 2700 mm^3)	Hámark 300 mm bitabil og 3,0 m spennilengd
Skjólborðsklæðning	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Skjólborðsstoðir	50 · 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 500 mm
Yfirbygging	t = 4,0 mm	t = 5,0 mm	
Styrkingar	50 · 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 300 mm

ÁLAGSSTUÐLAR V-21

Efnisyfirlit

1. Álag á bol


1. Álag á bol


1.1 Efnismál á bol, þilfari, plittum og yfirbyggingum miðast við álag sjávar og skulu ákveðin með tilliti til stærðar bátsins, ganghraða, særými og hæð yfir vatnslínu.


1.2 Mynd 21.1 sýnir álag sjávar við hámarkshraða bátsins með lágmarkshleðslu. Mesta lengd, L_m, mælist í metrum.
Álagsstuðull skal ekki miðast við minni hraða en 10 hnúta. Álagsstuðullinn fyrir botn, p, skal ekki vera minni en:
$p = k_1 \cdot p$ sjó MPa,
þó aldrei minna en p mín


k_1 = langskipsleiðréttingarstuðull, sjá 1.3
p mín = lágmarksálagsstuðull, sjá 1.6.


1.3 Álag sjávar reiknast mismikið langskips eins og sýnt er á eftirfarandi myndum. Þegar botnris miðskips er minna en 12° skal p-stuðullinn haldast óbreyttur alla bátslengdina, ef $V/\sqrt{L_m}>6$.













1.4 Álag sjávar reiknast mismikið ofan vatnslínu þverskips, eins og sýnt er á eftirfarandi mynd. Álagið er ákveðið með hliðsjón af vatnslínu skv. V-3.2.1, a og b.



1.5 Álagsstuðla fyrir síður, þilfar, plitta og yfirbyggingar skal ákveða sem hér segir:
Fyrir síður;
p = (F-h)/F · p sjó · k_1 MPa, þó minnst
p = 0,3 p sjó MPa
F = meðalfríborð, sjá V-3.2.1
h = hæð á álagspunkti
Fyrir hliðar á yfirbyggingum þilfars báta;
p = 0,2 · p sjó MPa
Fyrir þilfar og plitta vegna manna;
p = 0,01+0,002 · L_m+0,06 · p sjó MPa
Fyrir þilfar og plitta vegna farms;
p = 0,08 · G_f MPa
G_f = farmur í t/m^2

1.6 Álagsstuðlar skulu aldrei vera minni en:
pmín = 0,003 · L_m MPa
Styrktarskilrúm skulu metin á grundvelli lágmarksálagsstuðulsins.

Mynd 21.1



EFNISMÁL BÁTA ÚR TREFJAPLASTI V-22

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Efni
3. Skilgreiningar
4. Leiðréttingar á efnismálum
5. Samloka
6. Kjölur
7. Stefni og borðstokkur
8. Botn
9. Síða og skilrúm
10. Húfur, kantar
11. Þilfar og plittar
12. Yfirbyggingar og reisnir
13. Langskipsstyrkingar
14. Þverskipsstyrkingar
15. Aðrar styrkingar
16. Afturgafl
17. Verklag
18. Vélarundirstaða
19. Hlasskjölur
20. Festing búnaðar
21. Samsetningar

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi kröfur um efnismál gilda um báta úr trefjaplasti sem smíðaðir eru með hefðbundnu bátslagi.

2. Efni

2.1 Efni bátanna skal uppfylla ákvæði í EB-2, EB-3, EB-5 og EB-6.

2.2 Fullhart trefjaplast skal uppfylla eftirgreindar kröfur:
Togþol: minnst σ_s = 80 MPa
Beygjubrotþol: minnst σ_b = 130 MPa
Togfjaðurstuðull: E_s = 7000 MPa
Beygjufjaðurstuðull: E_b = 6000 MPa

2.3 Togþol og togfjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 3268-1978. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur. Beygjubrotþol og beygjufjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 178. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur.

2.4 Meðaltal ofangreindra mælinga skal uppfylla kröfur í 2.2. Engin einstök mæling má vera lakari en 80% af þeirri tölu sem notuð er við útreikninga.

2.5 Glerinnihald trefjaplasts skal ekki vera minna en 27% af heildarþunga og ekki meira en 45%, mælt skv. ISO/R 1172-1975. Mismunur á glerinnihaldi prófsýna má ekki vera meiri en ± 4% af meðaltalsniðurstöðum rannsókna. Niðurstaða hverrar rannsóknar skal uppfylla þessar kröfur.

3. Skilgreiningar


3.1 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_1 = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.
Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.

4. Leiðréttingar á efnismálum


4.1 Ef framleiðandi getur sannað að eiginleikar trefjaplastsins séu betri en krafist er skv. 2.2, má samþykkja minni efnismál en tilgreind eru í reglunum fyrir viðkomandi bát.
$f = f_1 \cdot f_2 \cdot f_3 \cdot f_4$
f minnst 0,7

4.2 Ef notað er trefjaplast sem hefur meira beygjubrotþol en 130 MPa, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f_1, með eftirgreindum stuðli:
$f_1 = 130/_{\sigma_b}$
σ_b = beygjubrotþol á viðkomandi trefjaplasti


4.3 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2 \cdot a/b$



4.4 Ef flötur á trefjaplasti er kúptur að ráði má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_3 = 1 - h/s$
f_3 minnst 0,8



4.5 Ef kjarni bands k er breiðari en 0,1 s, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_4 = 1{,}1 - k/s$
f_4 minnst 0,7



4.6 Ef togþol trefjaplastsins er meira en 80 MPa má margfalda mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:
$f_w = 80 / \alpha_s$
σ_s = togþol á viðkomandi trefjaplasti.

5. Samloka

5.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um samloku sem verður fyrir álagi og er gerð úr kjarna með trefjaplasti beggja megin.

5.2 Við ákvörðun á styrk samloku er miðað við að álag vegna beygjuspennu reyni á trefjaplast samlokunnar en skerspenna á kjarnann.

5.3 Samloka skal ekki hafa minni styrk en krafist er til samsvarandi hlutar úr gegnheilu trefjaplasti skv. líkingu þar sem reiknað er með bandabilinu s. Samloka telst hafa fullnægjandi styrk ef W/s samlokunnar uppfylla ákvæði í 11.2, 13.3 og 13.4, þegar s er 1 mm og l er lengd styttri hliðar flatarins í mm. Sjá mynd 22.5 varðandi mótstöðuvægi.

Kröfu um mótstöðuvægi má margfalda með stuðlinum f_6, skv. línuriti í 5.5.

5.4 Efni kjarna í samloku má ekki hafa minna skerþol en:

$$\tau = \frac{0{,}25 \cdot f5 \cdot p \cdot l}{d} \text{ MPa}$$

og kjarni má aldrei vera þynnri en 0,01 l.

d = bilið á milli trefjaplastlaganna utan á kjarnanum í mm, mælt miðju í miðju

l = lengd styttri hliðar flatarins í mm


p = þrýstingur á bol í MPa

f_5 = leiðréttingarstuðull skv. línuriti í 5.5.

Í botni skal skerþol ekki vera minna en:

$\tau = 0{,}046 \cdot V$, þó minnst 0,7 MPa

5.5 Ef hlutfall á milli lengri hliðar „a" og styttri hliðar „b" samloku er minna en 3,0 má margfalda mótstöðuvægi hennar, W/s, með stuðlinum f_6 og skerþol kjarna með stuðlinum f_5 skv. eftirfarandi línuriti.



5.6 Þykkt á ytri húð trefjaplasts í kili, stefnum, botni, húfi og síðum á ekki að vera minni en 40% og í þilfari 60% af kröfum til þykktar á gegnheilu trefjaplasti skv. líkingum þar sem ekki er reiknað með millibili styrkinga, s. Í botni og síðum má samþykkja minni efnismál, ef fram kemur við prófun, að höggþol er ekki lakara en á gegnheilu trefjaplasti með lágmarksefnismál fyrir viðkomandi bát.

5.7 Hlutfall á milli þykktar þynnsta og þykkasta hluta á trefjaplasti samloku á ekki að vera minna en 0,75.

6. Kjölur

6.1 Efnismál kjalar skulu ákveðin með tilliti til notagildis hans, svo sem uppsetningu bátsins, festingum, hlasskili og þess háttar. Sjá S-15.10 um festingu á hlasskili.


6.2 Efnisþykkt kjalar skal ekki vera minni en:


$t_k = 1{,}15\ (2{,}9 + 0{,}9 \cdot f_1 \cdot L_m + 0{,}1 \cdot V)$ mm

Efnisþykkt kjalar, t_k, skal mæld eins og sýnt er á eftirfarandi myndum:


b = 80 · B mm

B = breidd bátsins í metrum.





6.3 Efnisþykkt kjalar, t_k, á bátum með kjölfestu steypta í kilinum skal ná minnst niður að kjölfestunni. Á bátum án skúffukjalar eða innbyggðrar langskipsstyrkingar skal efnisþykktin miðskips ekki vera minni en sýnt er á eftirfarandi mynd:



6.4 Ef bolur er framleiddur í hlutum skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í kili. Breidd tengingarinnar hvorumegin við samskeytin skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

7. Stefni

7.1 Efnisþykkt í framstefni skal ekki vera minni en:
$t = 1{,}15\ (2{,}9+0{,}9 \cdot f_1 \cdot L_m)$ mm

7.2 Breidd á stefni skal ekki vera minni en:
$b = 80 \cdot B$ mm
b þarf þó ekki að vera meiri en 200 mm
Ef bolur er framleiddur í hlutum skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í stefni. Breidd tengingarinnar, hvorumegin við samskeytin, skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

8. Botn

8.1 Þykkt á trefjaplasti í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er af eftirgreindu:
- upp að hleðsluvatnslínu
- upp að kanti.

8.2 Efnisþykkt í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_b = 0{,}081 \cdot f \cdot s\sqrt{p}$ mm

$t_b = 1{,}15(1{,}4 + 0{,}5 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}08 \cdot V)$ mm

8.3 Á bátum með kjöl skal mismunur á þykkt kjalar og þykkt á botni jafnast út á svæði sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

9. Síða og skilrúm

9.1 Efnisþykkt síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_s = 0{,}062 \cdot f \cdot s\sqrt{p}$ mm

$t_s = 1{,}15(1{,}7+0{,}5 \cdot f_l \cdot L_m)$ mm

Efnisþykkt styrktarskilrúma skal ekki vera minni en:

$t = 0{,}75 \cdot t_s$ mm

10. Húfur, kantar

10.1 Ef kantur er á milli botns og síðu, eða húfur er með radíus sem er minni en 20 sinnum botnþykktin, skal efnisþykkt kantsins/húfsins, t_k, á minnst 100 mm breiðri rönd beggja megin við kant eða húf, ekki vera minni en:

$t_k = 1{,}15\ (2{,}4 + 0{,}7 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}06 \cdot V)$ mm, þó ekki minni en þykkt í botni.

11. Þilfar og plittar

11.1 Þykkt á þilfari og plittum, sem verða fyrir álagi vegna umgangs skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_d = 0{,}063 \cdot f \cdot s\sqrt{p}$ mm

$t_d = 1{,}05\ (1{,}6+0{,}4 \cdot f_l \cdot L_m)$ mm

11.2 Bitar skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi á miðri spennilengd en:

$W = 5{,}8 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2$ mm^3

11.3 Víkja má frá kröfum um styrkingar á litlum þilförum sem ekki geta orðið fyrir álagi.

12. Yfirbyggingar og reisnir

12.1 Yfirbygging og reisn sem verður fyrir álagi frá sjó skal hafa efnismál, sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

12.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verður fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en tilgreint er í 11.

13. Langskipsstyrkingar

13.1 Við ákvörðun á mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af fletinum sem styrkingin tengist sem flansi, að breidd sem nemur 20 sinnum þykkt flatarins, auk breiddar styrkingarinnar.

13.2 Bátar sem ganga hraðar en $6\sqrt{L_m}$ hnúta eiga að hafa langbönd í botni.

13.3 Langbönd í botni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$W = 11{,}5 \cdot fw \cdot s \cdot p\ (1/100)^2$ mm^3

Þrep og hlífðarlista sem liggja langskips má meta sem styrkingar.

13.4 Langbönd í síðu skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 7{,}3 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$
Þrep og hlífðarlista sem liggja langskips má meta sem styrkingar.

14. Þverskipsstyrkingar


14.1 Langbönd eiga að hafa stuðning af þverskilrúmum eða þverböndum.

14.2 Bátar með hámarksganghraða minni en $6\sqrt{L_m}$ hnúta má styrkja með þverskipsstyrkingum eingöngu og kili sem einu langskipsstyrkingunni.

14.3 Þverbönd skulu annaðhvort ganga óskert yfir kjölinn eða tengjast botnstokkum. Þverbönd skulu hafa stuðning að ofan af þilfarsbitum, þilfari eða annarri langskipsstyrkingu.


14.4 Þverstyrkingar og þverskilrúm skulu hafa sömu efnismál og þverbönd. Á bátum með kjöl skal lengdin, l, mæld frá miðlínu bátsins, en á flatbotna bátum mælist lengdin á milli síða.

14.5 Þverbönd skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi upp fyrir húf en:
$W = 6{,}9 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$
$l = l_o - 3f + 0{,}3R$, sjá mynd:



14.6 Mótstöðuvægi þverbanda efst í síðu, skal ekki vera minna en 40% af því mótstöðuvægi, sem krafist er í botni. Mótstöðuvægið skal minnka línulega upp frá húfnum.

14.7 Á planandi bátum án kjalar skulu botnstokkar festast við síður og skal þverskurðarflatarmál festinganna ekki vera minna en:
$A = 0{,}006 \cdot s_1 \cdot p \cdot b\ mm^2$
$s_1 = 0{,}5\ (l_1 + l_2)\ mm$
þar sem l_1 og l_2 er lengd langbandsins fyrir framan og aftan þverstyrkinguna.
b = breidd á bol í mm, sjá mynd.





15. Aðrar styrkingar

15.1 Bekkir, plittar eða innréttingar mega koma í stað styrkinga, ef þeir eru festir í allri sinni lengd á fullnægjandi hátt við súðina.

15.2 Gera má minni kröfur til styrkinga, ef lag bolsins er á þann veg að það styrki bátinn.

15.3 Í opnum bátum má gera styrkingar í botni að öllu leyti eða hluta til með föstum plittum. Breiddin b skal ekki vera minni en 0,25B. Millibilið a, frá plittunum að kanti, skal ekki vera minna en 0,15B.





15.4 Ef styrkingar eru gerðar úr frauðplasti, skal frauðplastið hafa fullnægjandi þrýsti- og skerþol til að tryggja heildarstyrk botnsins. Tegund og gæði frauðplastsins, ásamt frauðgerðinni, eru metin til viðurkenningar í hverju einstöku tilfelli.

16. Afturgafl

16.1 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi vegna vélar eða stýris skal hafa sömu efnismál og síða.

16.2 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá utanborðsvél á að byggjast sem samloka með kjarna úr vatnsheldum krossviði eða samsvarandi efni. Lágmarksþykkt á þeim hluta gaflsins sem verður fyrir álagi frá vélinni er gefin upp í eftirfarandi töflu.

16.3 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá hálfutanborðsvél skal byggður upp skv. ákvæðum í 16.2, en þó skal auka heildarþykktina um 5 mm frá því sem þar er tilgreint í töflu.

16.4 Þykkt á trefjaplasti innan við kjarnann á ekki að vera minni en 0,7 sinnum þykkt síðu og þykkt á trefjaplasti utan við kjarnann ekki minni en 0,7 sinnum þykkt í botni. Hér er átt við þær líkingar sem ekki byggja niðurstöðu á millibili styrkinga, s. Trefjaplast innan við kjarnann skal tengjast við síður og botn og þynnast út línulega.

Vélarafl kW	Hestöfl	Heildarþykkt mm
3	4	12
3 - 7	4 - 10	15
7 - 18	10 - 25	25
18 - 30	25 - 40	30
30 - 60	40 - 80	35
60 - 150	80 - 200	40
yfir 150	yfir 200	*

* Efnismál á afturgafli eru metin hverju sinni

17. Verklag

17.1 Hlutir úr trefjaplasti skulu ekki hafa skörp horn. Ef ekki er hægt að koma öðru við skal styrkja hornin sérstaklega. Mót mega ekki vera of margbrotin og komast skal hjá byggingarlagi sem torveldar eftirlit og viðgerðir.

17.2 Varast ber að byggja burðarhluti sem valda togálagi hornrétt á trefjaplastflöt, þar sem slíkt getur valdið tvískinnungi í trefjaplastinu.

17.3 Styrkingar skulu ekki hafa snöggar breytingar á styrkleika. Styrkingar skulu þynnast út til endanna eða tengjast öðrum styrkingum.

17.4 Þykktarmismun á trefjaplasti skal jafna út á svæði sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn. Á fleti, sem verður fyrir miklu álagi skal jafna mismuninn út á svæði sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

17.5 Samlokufletir skulu byggðir upp með tilliti til eftirgreindra atriða:

- trefjaplastið utan á kjarnanum skal vera óskert við bönd og aðrar styrkingar og forðast skal snöggar breytingar á þykkt kjarnans
- mismun þykktar á milli samloku og gegnheils trefjaplasts, skal jafna út á svæði, sem er ekki minna en tvisvar sinnum þykkt kjarnans
- þar sem þrýstingur leggst hornrétt á samloku, skal auka þykkt trefjaplastsins utan á kjarnanum eða setja viðbótarstyrkingu sem dreifir álaginu á stærra svæði
- þar sem bönd, skilrúm og þess háttar er fest við samloku skal þykkt trefjalagsins á samlokunni ekki vera minni en þykktin á styrkingunni sem fest er. Þykktarmismun trefjalagsins skal jafna út á svæði sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn.

18. Vélarundirstaða

18.1 Ef vél er fest beint á langband í botni skal auka efnismál langbandsins og tengja það þverskipsstyrkingu. Vélarundirstaða skal vera byggð upp á þann veg að hún gefi nægilegan stífleika á milli vélar og legu í stefnispípu.

18.2 Vélarundirstaðan skal vera byggð upp á þann veg að hún dreifi krafti frá vél, gír og skrúfubúnaði á fullnægjandi hátt á bolinn.

19. Hlasskjölur

19.1 Þar sem hlasskjölur er festur við bolinn skal auka þykkt trefjaplastsins og styrkja það á fullnægjandi hátt.

19.2 Í staðinn fyrir hlasskjöl má byggja kjölfestuna inn í kjölinn í einu lagi með bolnum. Efnisþykkt kjalarins og tenging hans við bolinn skal metin með tilliti til þyngdar kjölfestunnar og þess álags sem kjölurinn verður fyrir. Kjölfestuna verður að skorða þannig að hún geti ekki hreyfst. Kjölfestu úr steinsteypu má aðeins leggja á trefjaplast sem hefur verið húðað með topphúð eða samsvarandi.

20. Festing búnaðar

20.1 Þar sem búnaður er festur í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar, sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

20.2 Viðbótarstyrkingar má gera með því að auka þykkt trefjaplastsins eða hafa styrkinguna úr samloku með krossviði, málmplötu eða þess háttar. Við smíði styrkinga skal taka tillit til stefnu átaksins og þess álags sem styrkingarnar verða fyrir. Trefjaplastið sem lagt er yfir kjarnann að innan skal ná hæfilega langt út fyrir kjarnann og hver styrkingarmotta skal ná vel út fyrir næstu mottu á undan.

21. Samsetningar

21.1 Samsetningar skulu vera einfaldar og aðgengilegar til eftirlits og unnar á þann veg að ekki sé hætta á tvískinnungi í samsetningunum.

21.2 Hnoðnaglar, boltar og undirlagsskífur skulu vera úr ryðfríu efni eða vera ryðvarðar.


21.3 Göt fyrir bolta og hnoðnagla skulu boruð og skal þvermálið vera það sama og þvermál bolta/hnoða. Fjarlægð miðju gatsins að brún á trefjaplastinu skal ekki vera minni en 2,5 sinnum þvermál gatsins fyrir hnoð og 3 sinnum þvermál gatsins fyrir bolta.


21.4 Undir boltahausum og róm í samsetningum sem verða fyrir álagi skal vera skífa með ytra þvermál sem er ekki minna en 2 sinnum þvermál gatsins og ekki þynnri en 0,1 sinnum þvermál gatsins, þó aldrei þynnri en 0,5 mm. Ef haus eða ró uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu. Í samsetningum sem verða fyrir miklu álagi má gera kröfu um stærri skífur.

21.5 Við vatnsþéttar samsetningar skal setja þéttiefni á bolta/hnoðnagla áður en þeir eru settir í og festa þá síðan tryggilega.


21.6 Nota má, með sérstöku samþykki í hverju einstöku tilfelli, skrúfur í samsetningar sem ekki verða fyrir álagi. Skrúfur skulu vera sem allra næst hornrétt á flötinn. Trefjaplast sem skrúfað er í skal hafa nægilega þykkt (minnst 5 mm), en ef því verður ekki við komið má koma fyrir stykki á bak við trefjaplastið til að skrúfa í.


Mynd 22.1
Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.







Mynd 22.2
Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.






Mynd 22.3
Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.







Mynd 22.4
Mótstöðuvægi þrepa, W, er byggt á hæð þrepsins, H, og efnisþykkt, t.




Mynd 22.5
Mótstöðuvægi samloku, W/s, ef gert er ráð fyrir jafnþykku trefjaplasti beggja megin.





Mynd 22.6

Þykkt á trefjaplasti er tilgreind í mm og er þá átt við þykktina á trefjaplastinu án slithúðar að utan og innan. Eftirfarandi línurit sýnir hve þungar glertrefjar í g/m^2 þarf til að ná 1 mm þykku trefjaplasti, með hliðsjón af hlutfalli glertrefja í trefjaplastinu.



EFNISMÁL STÁLBÁTA V-23

Efnisyfirlit

1. Efni
2. Leiðréttingar
3. Kjölur og stefni
4. Plötur í botni
5. Plötur í síðu og skilrúmum
6. Plötur í þilfari
7. Styrkingar
8. Afturgafl og vélarundirstöður
9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

1. Efni og skilgreiningar


1.1 Efni til smíði stálbáta skal vera af efnisgæðum sem eru ekki minni en:
brotlenging = 22%
flotmörk = σ_f 240 MPa (24 kp/mm^2)
togþol = σ_S 410 MPa (41 kp/mm^2)

1.2 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_l = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.
Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.


2. Leiðréttingar

2.1 Ef notað er stál með hærri flotmörkum en 240 MPa má leiðrétta plötuþykktir með eftirgreindum stuðli:
f_1 = $\sqrt{240/\sigma\ 0{,}2}$ þar sem
σ 0,2 = flotmörk stálsins sem notað er.

2.2 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykktina með eftirgreindum stuðli:
f_2 = 0,6 + 0,2 a/b



2.3 Ef plata er kúpt, má margfalda þykkt hennar með eftirgreindum stuðli:
f_3 = 1 - 0,8 h/s
f_3 minnst 0,85



2.4 Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum er:
f = $f_1 \cdot f_2 \cdot f_3$

2.5 Ef notað er stál með hærri flotmörk en 240 MPa má leiðrétta mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:
f_w = 240/σ 0,2 þar sem
σ 0,2= flotmörk þess stáls sem notað er.

3. Kjölur og stefni

3.1 Kjölur skal almennt vera stangarkjölur.

3.2 Mótstöðuvægi stangarkjalar skal ekki vera minna en:
$W = 150 \cdot Lm^2$ mm^3
Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botnplötunni að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

3.3 Ef stangarkjölur virkar ekki sem slitkjölur, skal þykkt kjalplötunnar ekki vera minni en:
$t = 1{,}5 \cdot t_b$ mm, þar sem
t_b = þykkt á plötum í botni skv. 23.4.2
Breidd kjalplötunnar skal ekki vera minni en:
$b = 10 \cdot L_m$ mm

4. Plötur í botni

4.1 Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er skv. eftirgreindu:
- upp að húfi
- upp að hleðsluvatnslínu.

4.2 Þykkt á plötum í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_b = 1{,}15\ (0{,}4 + 0{,}2 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}04 \cdot V)$ mm
$t_b = 0{,}049 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_b minnst 3,0 mm

5. Plötur í síðu og skilrúmum

5.1 Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_S = 1{,}15\ (0{,}2 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}04 \cdot V)$ mm
$t_S = 0{,}023 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_S minnst 2,5 mm
Þykkt á plötum í skilrúmum sem eiga að vera vatnsþétt eða hafa þýðingu fyrir styrk bátsins, skal ekki vera minni en 0,75 sinnum þykkt síðu skv. framangreindum líkingum.

6. Plötur í þilfari

6.1 Þykkt á plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_d = 1{,}05\ (0{,}8 + 0{,}2 \cdot f_l \cdot L_m)$ mm
$t_d = 0{,}032 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_d minnst 2,5 mm


7. Styrkingar

7.1 Í mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af viðkomandi plötu að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni, þó ekki meira en millibili styrkinga.

7.2 Mótstöðuvægi styrkinga í botni skal ekki vera minna en:
$W = 1{,}73 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2$ mm^3

7.3 Mótstöðuvægi styrkinga í síðu og á styrktarskilrúmum eða vatnsþéttum skilrúmum, skal ekki vera minna en:
$W = 1{,}27 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2$ mm^3

7.4 Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda, skal nota l, sem fengið er skv. eftirgreindu:
$l = l_0 - 3f + 0{,}3R$ mm, sjá mynd:



7.5 Mótstöðuvægi styrkinga undir þilfari skal ekki vera minna en:
$W = 0{,}85 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2$ mm^3

7.6 Styrkingar skulu almennt vera með flansi. Ef svo er ekki, verður að ganga úr skugga um stífleika styrkinganna gagnvart beglu.

8. Afturgafl og vélarundirstöður

8.1 Afturgafl sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar skal vera þannig smíðaður, að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

8.2 Plötuþykkt í afturgafli sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar er metin í hverju einstöku tilfelli, en skal þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni. Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla skal styrkja gaflinn með bitum sem taka við álaginu frá vélinni.

8.3 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi frá vél skal hafa sömu efnismál og síða.

8.4 Innanborðsvélar skulu festar á langbönd sem ná lengd vélarinnar, þó minnst 0,5 m fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langböndin skulu vera af umræddri lengd án tilllits til skilrúma eða annarra þverstyrkinga.

9. Yfirbyggingar, þilfarshús og viðbótarstyrkingar


9.1 Yfirbyggingar og reisnir sem verða fyrir álagi frá sjó skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

9.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verða fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

9.3 Við úrtök og op á bol sem eru stærri en 250 mm skal setja styrkingar.

9.4 Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

Mynd 23.1
Mótstöðuvægi styrkinga sem soðnar eru á 4 - 6 mm plötur.



EFNISMÁL ÁLBÁTA V-24

Efnisyfirlit

1. Efni
2. Leiðréttingar
3. Kjölur og stefni
4. Plötur í botni
5. Plötur í síðu og skilrúmum
6. Plötur í þilfari
7. Styrkingar
8. Afturgafl og vélarundirstöður
9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

1. Efni og skilgreiningar

1.1 Almennt skal nota ál af eftirgreindum tegundum:

Flokkur 1	Óherðanlegar málmblöndur	Dæmi
Skal innihalda	**ASTM**	**DIN 1725**
	5052	Almg 2,5
C_u max. 0,2%	5083	Almg 4,5 Mn
F_e max. 0,5%	5086	Almg 4 Mn
M_g max. 2,0%	5154	Almg 3
	5454	Almg 2,7 Mn

Flokkur 2	Herðanlegar málmblöndur	Dæmi
Skal innihalda	**ASTM**	**DIN 1725**
	6005	Almg S_1 0,7
C_u max. 0,4%	6063	Almg S_1 0,5
F_e max. 0,5%	6351	Almg S_1 1,0

Í töflu 24.1 eru tilgreindir eiginleikar nokkurra áltegunda

1.2 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:


p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_l = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.


2. Leiðréttingar

2.1 Efnismál eru byggð á 170 MPa flotmörkum efnisins. Ef notað er ál með önnur flotmörk skal leiðrétta plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_1 = \sqrt{170/\sigma\ 0,2}$ þar sem
$\sigma\ 0,2$ = flotmörk þess áls sem notað er.
Við soðnar samsetningar skulu flotmörk suðunnar ákveðin út frá eftirgreindum flotmörkum og togþoli álsins og suðunnar.
$\sigma\ 0,2$ soðið = $\sigma\ 0,2 \cdot B$ soðið/σ B
Sjá skýringu á táknum í töflu 24.1.


2.2 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti, þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 0,6 + 0,2 \cdot a/b$



2.3 Ef plata er kúpt má margfalda þykkt hennar með eftirgreindum stuðli:
$f_3 = 1 - 0,8\ h/s$
f_3 minnst 0,85



2.4 Ef breidd styrkinga, k, er breiðari en 0,1 s má margfalda plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_4 = 1,1 - k/s$
f_4 = minnst 0,7



2.5 Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum um plötuþykktir er:
$f = f_1 \cdot f_2 \cdot f_3 \cdot f_4$

2.6 Samloka skal metin út frá sömu forsendum og tilgreindar eru í V-22.5.

2.7 Ef notað er ál með önnur flotmörk en 170 MPa, skal leiðrétta mótstöðuvægi með stuðlinum f_w :
$f_w = 170/\sigma$ 0,2 þar sem
$\sigma 0,2$ = flotmörk þess áls sem notað er. Sjá 2.1 um suðu.

3. Kjölur og stefni

3.1 Kjölur skal almennt vera stangarkjölur.

3.2 Mótstöðuvægi stangarkjalar skal ekki vera minna en:
$W = 200 \cdot L_m^2$ mm^3
Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botnplötunni, að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

3.3 Ef stangarkjölur virkar ekki sem slitkjölur, skal þykkt kjalplötunnar ekki vera minni en:
$t = 1,5 \cdot t_b$ mm, þar sem
t_b = þykkt á plötum í botni skv. 4.2.
Breidd kjalplötunnar skal ekki vera minni en:
$b = 10 \cdot L_m$ mm

3.4 Kjölur, stefni, húfur og aðrir hlutar sem hætt er við sliti, skulu vera þannig lagaðir, að styrkur samsetninga minnki ekki að ráði vegna slits.

4. Plötur í botni

4.1 Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er skv. eftirgreindu:
- upp að húfi
- upp að hleðsluvatnslínu.

4.2 Þykkt á plötum í botni skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_b = 1,15\ (0,4 + 0,2 \cdot f_1 \cdot L_m + 0,04 \cdot V)$ mm
$t_b = 0,049 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_b minnst 1,25 mm

5. Plötur í síðu og skilrúmum

5.1 Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_s = 1,15\ (0,2 \cdot f_1 \cdot L_m + 0,04 \cdot V)$ mm
$t_s = 0,028 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_s minnst 1,25 mm
Þykkt á plötum í skilrúmum sem eiga að vera vatnsþétt eða hafa þýðingu fyrir styrk bátsins skal ekki vera minni en 0,75 sinnum þykkt síðu skv. ofangreindum líkingum.

6. Plötur í þilfari

6.1 Þykkt í plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_d = 1,05\ (0,8 + 0,2 \cdot f_1 \cdot L_m)$ mm
$t_d = 0,038 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_d minnst 1,50 mm


7. Styrkingar

7.1 Í mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af viðkomandi plötu að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni, þó ekki meira en millibili styrkinga.

7.2 Mótstöðuvægi styrkinga í botni skal ekki vera minna en:
$W = 2,4 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$

7.3 Mótstöðuvægi styrkinga í síðu og á styrktarskilrúmum skal ekki vera minna en:
$W = 1,5 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$

7.4 Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda, skal nota l sem fengið er skv. eftirgreindu:
$l = l_o - 3f + 0,3R$



7.5 Mótstöðuvægi styrkinga undir þilfari skal ekki vera minna en:
$W = 1,2 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$

7.6 Styrkingar skulu almennt vera með flansi. Ef svo er ekki verður að ganga úr skugga um stífleika styrkinganna gagnvart beyglu.

8. Afturgafl og vélarundirstöður

8.1 Afturgafl sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar skal vera þannig smíðaður að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

8.2 Plötuþykkt í afturgafli sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, er metin í hverju einstöku tilfelli en má þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni. Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla skal styrkja gaflinn með bitum, sem taka við álaginu frá vélinni. Fyrir utanborðsvélar sem eru kraftminni en 7,4 kW (10 hö) má styrkja afturgaflinn með krossviði.

8.3 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi frá vél skal hafa sömu efnismál og síða.

8.4 Innanborðsvélar skulu festar á langbönd sem ná lengd vélarinnar, þó minnst 0,5 m fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langböndin skulu vera af umræddri lengd án tillits til skilrúma eða annarra þverstyrkinga.

9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

9.1 Yfirbyggingar og reisnir sem verða fyrir álagi frá sjó skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

9.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verða fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

9.3 Við úrtök og op á bol sem eru stærri en 250 mm skal setja styrkingar.

9.4 Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar, skal setja viðbótarstyrkingar, sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

Tafla 24.1
Dæmi um sjóþolið ál í flokki 1 skv. DIN 1745 og ASTM B 209. Fyrir hverja málmblöndu eru tilgreindar þrjár misharðar tegundir, mjúk, hálfhörð og hörð.

Málmblanda	Ástand	Flotmörk σ 0,2 MPa	Togþol σ B MPa	Brotlenging A5 %	Togþol suðu σ B MPa
ISO AlMg 2,5					
DIN AlMg 2,5	W17(.10)	60	170	20	170
AA 5052	0	65	170	17	170
DIN AlMg 2,5	F23(.26)	180	230	5	170
AA 5052	H34	180	235	4	170
DIN AlMg 2,5	F27(.30)	240	270	3	170
AA 5052	H38	220	270	4	170
ISO AlMg 3 Mn					
DIN AlMg 2,7 Mn	F22(.07)	100	215	17	215
AA 5454	0	85	215	12	215
DIN AlMg 2,7 Mn	G25(.25)	180	245	10	215
AA 5454	H32	180	250	5	215
DIN AlMg 2,7 Mn	G27(.27)	200	270	9	215
AA 5454	H34	200	270	4	215
ISO AlMg 3					
DIN AlMg 3	W19(.10)	80	190	20	190
AA 5154	0	75	205	13	205
DIN AlMg 3	F24(.26)	190	240	5	190
AA 5154	H32	180	250	6	205
DIN AlMg 3	F29(.30)	250	290	3	190
AA 5154	H36	220	290	5	205
ISO AlMg 4					
DIN AlMg 4 Mn	W24(.10)	100	240	18	240
AA 5086	0	95	240	16	240
DIN AlMg 4 Mn	F30(.26)	240	300	5	240
AA 5086	H34	235	300	5	240
DIN AlMg 4 Mn	F33(.28)	270	325	4	240
AA 5086	H36	260	325	4	240
ISO AlMg 4,5 Mn					
DIN AlMg 4,5 Mn	W28(.10)	125	275	17	275
AA 5083	0	125	275	16	275
DIN AlMg 4,5 Mn	G31(.25)	205	310	10	275
AA 5083	H32	235	310	8	275
DIN AlMg 4,5 Mn	G35(.27)	270	345	6	275
AA 5083	H340	270	345	6	275

Tölur í dálki um ástand, sem eru innan sviga, vísa til númers í DIN-staðli 17007.

Dæmi um sjóþolið ál í flokki 2. Vinklar og stangir skv. DIN 1748 og ASTM B 221. Fyrir hverja málmblöndu eru tilgreindar tvær misharðar tegundir.

Málmblanda	Ástand	Flot-mörk σ 0,2 MPa	Togþol σ B MPa	Brot-lenging A5 %	Togþol suðu σ B MPa
ISO Al-Si Mg					
AA 6005	T1	105	170	14	130
DIN A1MgSi 0,7	F27(.61)	225	270	8	160
AA 6005	T5	240	260	8	155
ISO Al-Mg Si					
DIN AlMgSi 0,5	F13(.51)	65	130	15	100
AA 6063	T4	70	130	12	100
DIN AlMgSi 0,5	F22(.71)	160	215	12	110
AA 6063	T6	170	205	7	115
ISO Al-Si 1 Mg Mn					
DIN AlMgSi 1	F21(.51)	110	205	14	160
AA 6351	T4	130	220	14	175
DIN AlMgSi 1	F28(.71)	200	275	12	170
AA 6351	T6	255	290	8	180

EFNISMÁL TRÉBÁTA V-25

Efnisyfirlit

1. Skilgreiningar
2. Almennt
3. Efnisgæði
4. Leiðréttingar
5. Kjölur og stefni
6. Tvöföld bönd
7. Laglímd bönd
8. Langbönd
9. Þverbönd vegna langbanda
10. Svigabönd
11. Vélarundirstaða
12. Botnstokkar
13. Skarsúð
14. Hampþéttuð súð

15. Listasúð
16. Krossviðarsúð
17. Laglímd súð
18. Afturgafl
19. Bjálkasúð og húfsýja
20. Þilfarsbitar
21. Stafnband og skutband
22. Þilfarsþiljur
23. Krossviðarþilfar
24. Yfirbygging og reisn
25. Vatnsþétt skilrúm
26. Festing festartækja
27. Þóftur

1. Skilgreiningar

1.1 Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:
L_m = mesta lengd bátsins í mm. Sjá V-2.2.2
B = mesta breidd á bol bátsins í mm. Sjá V-2.2.3
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = efnisþykkt í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
l = spennilengd á böndum, styrkingum og bitum í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.
Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.

2. Almennt

2.1 Efnismál báta með þverbönd eru miðuð við að ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta.

2.2 Efnismál planandi báta sem ganga hraðar en 15 hnúta eru miðuð við að bátarnir hafi langbönd í botni.

2.3 Bátar með langsliggjandi súð skulu hafa þverbönd.

3. Efnisgæði

3.1 Kröfur um efnismál og mótstöðuvægi eru miðaðar við að eftirgreindir hlutir séu smíðaðir úr viðartegundum sem ekki vega minna við 15% rakainnihald en sem hér segir:

tvöföld bönd	
svigabönd	
vélarundirstöður	720 kg/m^3
kjölur	
kjalbak	
innri kjölur	
framstefni	
afturstefni	
öll hné	640 kg/m^3
súð, önnur en skarsúð	
langbönd	


laglímd bönd	
bjálkasúð	
húfsýja	
þilfarsbitar	
þröm	
meginþilja	560 kg/m^3
skarsúð	
þilfarsþiljur	
þilfarshús	430 kg/m^3

3.2 Báta sem eru minni en 6 m L_m má smíða úr viðartegundum sem vega minna en tilgreint er í 3.1 að því tilskildu að efnismál gefi fullnægjandi styrk.

4. Leiðréttingar

4.1 Ef rakainnihald viðar er ekki skv. því sem tilgreint er í 3.1 skal leiðrétta efnismál í réttu hlutfalli:
f_1 = vr / va
f_1 minnst 0,9
vr = þyngd viðar skv. töflu í 3.1
va = þyngd viðkomandi viðar


4.2 Ef breidd banda er meiri en 0,1 s má margfalda súðarþykktina skv líkingum með leiðréttingastuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
f_2 = 1,1 - b / s
f_2 minnst 0,8
b = breidd á böndum
s = millibil banda




4.3 f báðir framangreindir leiðréttingarstuðlar eru notaðir skal:
$f = f_1 \cdot f_2$

5. Kjölur og stefni

5.1 Kjölur og stefni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
W = 8000 · f · L_m^2 mm^3 fyrir gegnheilt tré
W = 6400 · f · L_m^2 mm^3 fyrir laglímt tré
Hlutfallið hæð/breidd skal ekki vera minna en 2 og ekki meira en 3. Ef botnris er mikið má leiðrétta mótstöðuvægi kjalar með því að margfalda það með stuðlinum:
K = 1,5 - 0,025 ß
K minnst 0,5



5.2 Kjölur á helst að vera í einu stykki, en ef því verður ekki við komið má skeyta kjölinn saman. Samskeytin skulu vera skásniðin og lengd skörunar ekki minni en 5 sinnum hæð kjalarins. Samskeyti kjalar skal bolta saman með 6 boltum, þremur boltum hvorum megin við miðju kjalar. Samskeyti kjalar má ekki staðsetja á sama stað og vélarundirstaða endar. Bátar sem almennt eru teknir upp í fjöru skulu búnir slitkili.



5.3 Bátar, sem ryðja sjó og eru lengri en 8 m L_m, skulu hafa kjalbak á 0,7 L_m miðskipa með efnismálum, sem hér segir:
b = 12 · L_m mm að breidd
h = 10 · L_m - 40 mm að hæð.

5.4 Á bátum, sem eru 6 m L_m og lengri skulu kjalboltar ekki vera grennri en:
d = 1,0 · L_m mm
Kjalboltar skulu ganga í gegnum kjalbak, botnstokka, innri kjöl og kjöl og skulu settir á víxl hver sínum megin við miðju kjalar.

5.5 Á bátum sem eru < 6 m L_m má skrúfa kjölinn við böndin eða skrúfa böndin við kjölinn. Skrúfurnar skulu vera tvær í hverju bandi og þvermál þeirra ekki minna en 6 mm.

5.6 Hlasskjölur skal festur við bolinn á fullnægjandi hátt með boltum úr ryðfríu stáli eða öðru samsvarandi efni með hliðsjón af efni hlasskjalar. Fjöldi og gildleiki boltanna skal ákveðinn í hverju einstöku tilfelli með tilliti til þunga og stærðar á kilinum ásamt efnisgæðum festiboltanna.

5.7 Á skarsúðuðum bátum og krossviðarbátum skal þykkt á innri kili og breidd hans út frá kilinum ekki vera minni en 1,5 sinnum þykktin á súðinni. Aftan á framstefni skal vera innra stefni sem nær frá stefnishné að neðan og upp að öldustokk. Breidd á innra stefni skal vera það mikil að góð festing fáist fyrir súðina aftan við festingu súðarendanna og þykktin, t, skal ekki vera minni en:
t = 20 + 4,0 · L_m mm
Innra stefni skal fest við framstefni með skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltar. Millibil boltanna sé sem næst 6 sinnum þykktin á innra stefninu.


5.8 Ekki má vera minna af óskertu efni utan við öxulgat í skrúfustefni eftir að spónfarið hefur verið gert, en sem nemur 3 · L_m mm.

5.9 Þykkt á hnjám við fram- og afturstefni skal ekki vera minni en þykktin á viðkomandi stefni og kili og lengd á örmum skal ekki vera minni en:
l = 150 + 40 · L_m mm
Stefnishné skal festa við kjöl og stefni með minnst tveimur skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltarnir í hvorn arm hnésins.

6. Tvöföld bönd

6.1 Með tvöföldum böndum er átt við að tvö bönd séu boltuð saman með samskeytin á víxl. Ef böndin fremst í bátnum eru það bein að þau geti verið án samskeyta mega böndin vera í einu stykki.

6.2 Mótstöðuvægi hvors bandahluta í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:
$W = 48 \cdot f \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$
$l = l_0 - 3f + 0{,}3R$ mm, sjá mynd:
Hlutfall á milli hæðar og breiddar hvors bandahluta, h/b, skal ekki vera meira en 1,5.



6.3 Mótstöðuvægi banda í síðu má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokki niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægið í botninum.

6.4 Bandahlutarnir skulu liggja þétt hver við annan og vera festir saman með minnst þremur 10 mm stúfboltum hvorum megin við samskeytin, þó fleiri boltum ef langt er á milli skeytanna.

6.5 Samskeyti banda skulu vel felld saman og mega ekki skarast minna en:
$l = 100 + 100 \cdot B$ mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

6.6 Þegar þverskurður banda fremst og aftast fer að verða mjög tígulmyndaður þannig að hvassa hornið verður minna en 60°, skulu böndin skeytt á kilinum með botnstokki og snúið á þann veg að þau komi sem næst hornrétt á súðina.

7. Laglímd bönd

7.1 Mótstöðuvægi laglímdra banda í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:
$W = 37 \cdot f \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$
l = sjá 6.2.

7.2 Mótstöðuvægi bandanna í síðu má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokki niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægi í botninum.

7.3 Hæð bandanna má ekki vera meiri en breiddin.

7.4 Á bátum þar sem böndin koma heil yfir kjölinn skal hæð bandanna á kilinum ekki vera minni en sem nemur hæð á botnstokkum skv. ákvæðum í 12.2.

8. Langbönd

8.1 Mótstöðuvægi langbanda skal ekki vera minna en:
$W = 46 \cdot f \cdot s \cdot p \ (l/100)^2 \ mm^3$

8.2 Mótstöðuvægi langbanda við þröm skal ekki vera minna en 1,3 sinnum mótstöðuvægi skv. 8.1. Langbönd við þröm skulu ná stafna á milli. Á bátum með lyftiþilfar skal langbandið við lægri þrömina ná stafna á milli.

8.3 Langbönd skulu hafa stuðning af skilrúmum eða þverböndum.

9. Þverbönd vegna langbanda

9.1. Mótstöðuvægi þverbanda skal ekki vera minna en:
$W = 37 \cdot f \cdot s \cdot p \ (l/100)^2 \ mm^3$ þar sem
$s = 0{,}5 \ (l_1 + l_2)$ mm þar sem l_1 og l_2 er lengd langbandanna fyrir framan og aftan þverbandið.

10. Svigabönd

10.1 Mótstöðuvægi svigabanda skal ekki vera minna en:
$W = 37 \cdot f \cdot s \cdot p(l/100)^2 \ mm^3$
l = sjá 6.2.
Mótstöðuvægi lagskiptra svigabanda, W, skal reiknað á sama veg og mótstöðuvægi laglímdra banda.

10.2 Svigabönd mega vera lagskipt á hæðina, en hver svigi skal þó ekki vera þynnri en 15 mm.

10.3 Þegar svigabönd eru heil yfir kjölinn má vera undirfella miðskips í stað botnstokks. Breidd undirfellunnar skal ekki vera minni en breidd bandsins og hæðin á bandinu og undirfellunni á kilinum minnst jafnmikil og hæðin á botnstokkum skv. ákvæðum í 12.2.

10.4 Bátar með hampþéttaða súð mega ekki vera með svigabönd eingöngu. Ef bátar eru með bæði mótuð bönd og svigabönd, skulu ekki vera fleiri en þrjú svigabönd á milli hverra mótaðra banda.

10.5 Ef svigabönd á milli mótaðra banda uppfylla ekki ákvæði í 10.1 skal aðeins taka þau til greina við ákvörðun á efnismálum mótuðu bandanna og þykkt súðarinnar, að því marki sem niðurstaðan minnkar við að margfalda hana með stuðlinum:

$f = 1 - 0{,}5 \frac{W \text{ svigar}}{W \text{ mótuð}}$ þar sem

W svigar = summa af mótstöðuvægi svigbanda
W mótuð = mótstöðuvægi mótuðu bandanna.

11. Vélarundirstaða

11.1 Vélar skulu festar á langstykki sem hvíla á botnstokkum. Efnismál langstykkjanna skulu metin með tilliti til millibils botnstokka og af vélarafli viðkomandi vélar.

11.2 Vélarundirstaða skal tryggilega skorðuð þverskips.

11.3 Langstykki skulu fest við botnstokka eða gegnum botnstokka og útsúð með skrúfboltum. Boltarnir skulu ekki vera færri né grennri en festiboltar vélarinnar. Gæta skal þess að hægt sé að herða á festiboltum vélarundirstöðunnar án þess að vél sé fjarlægð.


11.4 Langstykki skulu ná minnst 500 mm fram fyrir og aftur fyrir vélina.

12. Botnstokkar

12.1 Botnstokkar skulu vera við hvert þverband.

12.2 Botnstokkar skulu vera af sömu breidd og böndin og hæð botnstokka á kilinum, h_1, ekki minni en:
$h_1 = 1{,}5 \cdot h$ mm
h = hæð á böndum í botni í mm

12.3 Lengd á botnstokk út frá miðlínu bátsins, skal ekki vera minni en:
$l = 100 + 100 \cdot B$ mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum




13. Skarsúð

13.1 Þykkt skarsúðar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}39 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}2 \cdot L_m$ mm
t minnst 12 mm.

13.2 Þykkt rimarborðs á $0{,}5 \cdot L_m$ svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,5 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykktin ná aftur að gaflinum.

13.3 Súðarsýjur skulu ekki vera breiðari en 200 mm.

13.4 Súðarsýjur skulu ekki skarast minna en sem nemur 1,5 sinnum þykkt á viðkomandi súð. Þó skal ekki miða við þykkt á rimarborði miðskips.



13.5 Súðarsýjur skulu hnoðnegldar saman á skörum og skal millibil hnoðnagla ekki vera meira en 110 mm. Skarir skulu hnoðnegldar við hvert band nema þar sem skrúfboltar ganga í gegn til festingar á bjálkasúð og húfsýju.

13.6 Samskeyti súðar skulu vera stúfsett og fest saman með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin, og lengdin ekki minni en:
$l = 30 + 5 \cdot t$ mm
t = þykkt á viðkomandi súð.
Sýjuendar skulu hnoðnegldir við klampann. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta í 14.4.

14. Hampþéttuð súð

14.1 Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}52 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}4 \cdot L_m$ mm
t minnst 15 mm.


14.2 Þykkt bjargsýju á $0{,}5 \cdot L_m$ svæði miðskips, skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl, skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

14.3 Súðarsýjur skal festa við bönd sem hér segir:
við tvöföld bönd og laglímd bönd;
- 2 naglar eða skrúfur í sýjur 150 mm breiðar eða mjórri
- 3 naglar eða skrúfur í sýjur breiðari en 150 mm
- 2 naglar eða skrúfur í sýjuenda

við svigabönd á milli mótaðra banda;
- 2 hnoðnaglar

Þar sem skrúfbolti kemur í bjálkasúð og húfsýju má vera einum nagla/skrúfu/ hnoðnagla minna, en tilgreint er hér að ofan.

14.4 Samskeyti súðar skulu skarast sem mest og aldrei minna en:
- $600 + 30 \cdot L_m$ mm, ef skeytin eru á samliggjandi sýjum
- $400 + 20 \cdot L_m$ mm, ef ein sýja er milli skeyta
- $200 + 10 \cdot L_m$ mm, ef tvær sýjur eru á milli skeyta
- Í sama bandabili, ef þrjár sýjur eru á milli skeyta.



14.5 Samskeyti súðar skulu stúfsett saman, annaðhvort á tvöföldu bandi eða með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin og lengdin ekki minni en:
$l = 30 + 5 \cdot t$ mm.
t = þykkt á viðkomandi súð.
Klampinn skal ná minnst 50 mm upp á næstu sýju ofan við skeytin og jafnlangt niður á næstu sýju fyrir neðan. Klampinn skal hnoðnegldur við sýjuendana og ennfremur við næstu sýjur ofan og neðan við skeytin.


15. Listasúð

15.1 Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}39 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}2 \cdot L_m$ mm
t minnst 12 mm

15.2 Þykkt bjargsýju á $0{,}5 \cdot L_m$ svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

15.3 Breidd súðarlistanna á að vera sem næst 1,3 sinnum þykkt súðar. Kjalsýja og bjargsýja mega vera breiðari en súðarlistar en skulu þó ekki vera breiðari en 200 mm.

15.4 Kantar á súðarlistum mega vera hvort heldur sem er sléttir eða kúptir, en þess skal vandlega gætt að kantar falli vel saman við límingu. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta og klampa á skeytunum.



16. Krossviðarsúð

16.1 Þykkt krossviðarsúðar í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}2 \cdot L_m$ mm

t minnst 6,0 mm.

16.2 Þykkt krossviðarsúðar í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}0 \ L_m$ mm

t = minnst 4,0 mm

16.3 Krossviðarplötur í súð skulu vera eins stórar og mögulegt er.

17. Laglímd súð

17.1 Heildarþykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}4 \cdot L_m$ mm

t minnst 6,0 mm

17.2 Hver súðarþynna skal ekki vera þykkari en 3,5 mm og ekki breiðari en 130 mm.

17.3 Súðarþynnurnar eiga að mynda um það bil 45° horn við kjölinn.

18. Afturgafl

18.1 Þykkt á afturgafli skal ekki vera minni en þykkt súðar.

18.2 Afturgafl skal tryggilega festur við botn og síður með bandi og hnjám.

18.3 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá vél skal styrktur á þann veg að álagið dreifist á styrkingar bolsins.

19. Bjálkasúð og húfsýja

19.1 Bátar sem eru 8 m L_m og lengri og eru ekki styrktir með langböndum skulu hafa bjálkasúð sem nær stafna á milli og húfsýju á $0{,}5 \cdot L_m$ miðskips. Á bátum með lyftiþilfar skal neðri bjálkasúðin ná stafna á milli.

19.2 Efnismál bjálkasúðar og húfsýju skulu ekki vera minni en:

$b = 10 + 11 \cdot L_m$ mm fyrir breidd og

$t = 0{,}3 \cdot b$ mm fyrir þykkt, þar sem

b = breidd viðkomandi bjálkasúðar eða húfsýju.

19.3 Húfsýja skal staðsett um miðjan húfinn eða þar sem bein lína frá neðri brún á kili snertir súðina utan á miðbandinu.

19.4 Bjálkasúð og húfsýju skal fest með minnst einum skrúfbolta af sama gildleika og kjalboltarnir í hvert band.

20. Þilfarsbitar

20.1 Mótstöðuvægi þilfarsbita skal ekki vera minna en:

$W = 12{,}0 \cdot f \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$

fyrir gegnheilt tré

$W = 9{,}0 \cdot f \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \, mm^3$

fyrir laglímt tré.

20.2 Bitabugða skal ekki vera minni en sem nemur 22 mm fyrir hvern metra af breidd bátsins.

20.3 Hver þilfarsbiti skal almennt festur við þverband. Þó er heimilt að festa þilfarsbita við þilfarshillu eða aðra langskipsstyrkingu á milli þverbanda.

20.4 Þilfarsbitar sem verða fyrir álagi frá yfirbyggingu, siglu, vindu og þess háttar skulu hafa stuðning af stoð eða skilrúmi.

20.5 Þykkt á bitahnjám skal ekki vera minni en 0,75 sinnum hæð þilfarsbitans og lengd armanna ekki minni en:

$l = 200 + 40 \cdot B$ mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

20.6 Bitahné skal fest við þilfarsbita og bönd með minnst tveimur skrúfboltum í hvorn arm hnésins.

21. Stafnband og skutband

21.1 Allir bátar skulu hafa stafnband og skutband sem felld eru á bjálkasúðir eða böndin.

21.2 Lengd arma á stafnbandi og skutbandi skal ekki vera minni en:

$l = 300 + 20 \cdot B$ mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

21.3 Stafnband og skutband skal fest með minnst fimm 10 mm skrúfboltum og skal miðboltinn ganga í gegnum stefnið, en hinir boltarnir út í gegnum bönd og súð. Á bátum með langbönd má líma og skrúfa stafn- og skutbandið við þramarlangbandið.

22. Þilfarsþiljur.

22.1 Þykkt á þilfarsþiljum skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}27 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}1 \cdot L_m$ mm

t minnst 12 mm, ef þiljurnar eru saman-límdar, en:

$t = 0{,}00042 \cdot f \cdot s^2 \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}4 \cdot L_m$ mm

t minnst 15 mm, ef þiljurnar eru ekki samanlímdar.

22.2 Þilfarsþiljur skulu ekki vera breiðari en 130 mm. Ef þiljur eru límdar saman, skulu þær ekki vera breiðari en 80 mm.

22.3 Þilfarsþiljur skal festa í hvern þilfarsbita sem hér segir:

- 1 nagla eða skrúfu í þiljur 80 mm breiðar eða mjórri.
- 2 nagla eða skrúfur í þiljur breiðari en 80 mm.

Þiljuendar skulu festir á sama veg. Nagla- og skrúfuhausum skal hleypt niður um 0,3 sinnum þykkt þiljanna og tappað yfir.

22.4 Samskeyti á þilfari skulu skarast sem mest og aldrei minna en sem hér segir;

- tvö bitabil, ef skeytin eru á samliggjandi þiljum

- eitt bitabil, ef ein þilja er á milli skeytanna
- á sama þilfarsbita, ef þrjár þiljur eru á milli skeyta.

Samskeyti skulu staðsett á þilfarsbita og vera stúfsett ef því verður við komið.

22.5 Utan við þilfarsþiljur skal vera þröm sem er ekki þynnri en þilfarsþiljurnar og minnst 160 mm á breidd. Þrömin skal fest á sama veg og þilfarsþiljunum.

23. Krossviðarþilfar

23.1 Þykkt á krossviðarþilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}21 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}6 \cdot L_m$ mm

t minnst 12 mm

Lausir plittar í opnum bátum skulu ekki vera þynnri en:

$t = 0{,}09 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}0 \cdot L_m$ mm

t minnst 12 mm

23.2 Krossviðarþilfar skal lagt í eins stórum plötum og mögulegt er.

23.3 Samskeyti á þilfarsplötum skulu ekki vera í beinu framhaldi af samskeytum á plötum í síðu, ekki á þilfarsbita, sem er við enda á opi í þilfarinu né undir vindu, siglu eða öðru sem veldur álagi.

23.4 Ef krossviðarþilfar er húðað með trefjaplasti, skal aðeins líta á trefjaplastið sem hlíf en ekki taka tillit til þess við ákvörðun á þykkt krossviðarins. Öll vinna með trefjaplast skal fara fram samkvæmt ákvæðum í köflum V-22 og V-26.

24. Yfirbygging og reisn


24.1 Yfirbygging og reisn sem verður fyrir álagi frá sjó, skal hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

24.2 Efnismál yfirbyggingar og reisnar skulu að öðru leyti metin með hliðsjón af lágmarks álagi.

24.3 Yfirbyggingar og reisnir skulu festar tryggilega við þilfarsbita eða bol bátsins með skrúfboltum eða límí og skrúfum.

Ennfremur skulu þakbitar festir við styrkingar í hliðum með hnjám eða á annan fullnægjandi hátt.

24.4 Við op í þilfari skal setja strengbolta sem næst 800 mm frá endum opsins með hámark 800 mm millibili.



25. Vatnsþétt skilrúm

25.1 Vatnsþétt skilrúm skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu fyrir viðkomandi viðartegund.

25.2 Styrkingar og festing vatnsþéttra skilrúma við bol bátsins skulu vera á þann veg að gert sé ráð fyrir álagi sjávar á hvora hlið skilrúmanna sem er.

26. Festing festartækja

26.1 Festartæki, vindur o.þ.h. skal festa í þilfarsbita með skrúfboltum.


27. Þóftur

27.1 Opnir bátar skulu að hafa þóftur með hæfilegu millibili.

27.2 Þóftur skulu hvíla á langbandi og vera tengdar við bol bátsins með hnjám sem fest eru með minnst einum skrúfbolta í þóftuna og öðrum út í gegnum bönd og súð.


Mynd 25.1
Mótstöðuvægi W

W = $^1/_6$ bh^2, þar sem b = breidd í mm og h = hæð í mm



Mynd 25.2
Mótstöðuvægi W

$W = {}^{1}/_{6}\, bh^2$, þar sem b = breidd í mm og h = hæð í mm



SMÍÐI BÁTA ÚR TREFJAPLASTI V-26

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Verkstæði til plastvinnu
3. Geymsla fyrir hráefni
4. Efni
5. Verklag
6. Handlagning
7. Sprautun
8. Samloka í móti
9. Samloka án móts
10. Plastað á hart trefjaplast
11. Styrkingar
12. Hersla á pólýestraefnum
13. Fullunnið trefjaplast
14. Efniseiginleikar

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði báta úr trefjaplasti þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

1.2 Reglurnar byggjast á því að bátasmiðurinn fylgi leiðbeiningum framleiðenda um meðferð hinna mismunandi efna sem notuð eru við smíði úr glertrefjastyrktum pólýestra.

1.3 Smíði eða viðgerðir á hlutum úr trefjaplasti sem varða styrk og öryggi báta skal unnin af vönum starfsmönnum undir stjórn verkstjóra sem hefur samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins til að annast smíði og viðgerðir á bátum úr trefjaplasti. Hann skal jafnframt ábyrgjast að plastvinnan sé unnin samkvæmt reglum.

2. Verkstæði til plastvinnu

2.1 Á verkstæði til smíði báta úr trefjaplasti skal ekki vera gegnumtrekkur, en hann hefur þau áhrif að ekki verður haldið jöfnu hitastigi meðan á smíðinni stendur. Hugsanleg loftræstikerfi skulu vera á þann veg að loftræstingin hafi ekki áhrif á herslu pólýestrans.

2.2 Hiti á verkstæðinu skal aldrei vera lægri en + 18°C og hitamismunur aldrei meiri en ± 3°C meðan á smíði stendur. Réttur hiti skal vera kominn á minnst sólarhring áður en vinna hefst og skal haldast réttur þar til pólýestrinn hefur stirðnað. Hitann má auka meðan á herslu pólýestrans stendur sbr. leiðbeiningar framleiðandans.

2.3 Verkstæði til plastvinnu skal vera einangrað eða byggt á þann veg, að hitinn þar haldist réttur án tillits til hitastigsins utan verkstæðisins eða vegna sólskins. Rúður í gluggum skulu annaðhvort málaðar eða gluggatjöld vera til staðar, sem draga má fyrir gluggana ef hætta er á að sólskin hafi áhrif á herslu pólýestrans.

2.4 Verkstæði skal vera það þétt að regn eða raki utan þess auki ekki rakann á verkstæðinu umfram 80%. Ennfremur er óheimilt að nota vatn á verkstæðinu, sem veldur þar meiri raka en 80%. Rakinn skal haldast eins stöðugur og mögulegt er. Ef trefjaplastinu er sprautað skal rakinn í námunda við sprautuna ekki vera lægri en 40%.

2.5 Verkstæði skal vera hreint og laust við ryk. Óheimilt er að saga eða slípa þar sem smíðað er úr trefjaplasti.

2.6 Lýsing á verkstæði skal vera góð og ljós skulu staðsett með tilliti til þess að þau lýsi inn í mót eða þar sem menn plasta.

3. Geymsla fyrir hráefni

3.1 Geymsla fyrir hráefni skal vera þurr og hrein. Einkum á þetta við um geymslu fyrir glertrefjar og kjarnaefni.

3.2 Pólýestra, slithúðarkvoðu og þess háttar skal almennt geyma á köldum stað og skal hitinn aldrei vera það mikill að hann hafi áhrif á eiginleika efnanna. Pólýestraefni sem eru geymd við lægri hita en 18°C skal velgja upp í sama hitastig og er á smíðaverkstæðinu áður en þau eru notuð.

3.3 Pólýestrageymar skulu vera þannig búnir að fullnægjandi hreyfing sé á pólýestranum eða hræra megi í honum með góðu móti daglega.

3.4 Glertrefjar skal almennt geyma í minnst tvo sólarhringa í 2°C meiri hita en á smíðaverkstæði, þó minnst í sama hita og á smíðaverkstæðinu, áður en þær eru notaðar. Umbúðir úr plasti skulu vera opnar þessa tvo sólarhringa fyrir notkun.

3.5 Herðir, aceton, stýren og þess háttar skal geyma í sérstakri geymslu eða á öðrum aðskildum stað, ef mögulegt er.

4. Efni

4.1 Við smíði báta skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið uppfylli kröfur í EB-2, EB-3, EB-5, EB-6 eða samsvarandi reglum.

4.2 Geymslutími pólýestraefna skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi þeirra mælir fyrir um.

4.3 Í pólýestra má ekki blanda viðbótarefnum sem rýra gæði hans frá ákvæðum reglna.

4.4 Blöndun á herði og hvata skal vera með tilliti til eiginleika pólýestrans, vinnslutímans og hita á vinnustað.

4.5 Krossviður sem notaður er í styrkingar eða er festur með trefjaplasti, skal vera í flokki WBP samkvæmt British Standard 6566 part 8, 1985.

4.6 Kjarni í styrkingum skal vera úr heppilegu efni, en ekki úr gegnheilu tré, sem getur þrútnað þannig að trefjaplastið utan á kjarnanum rifnar. Spónaplötur má ekki nota í kjarna samloku eða styrkinga.

5. Verklag

5.1 Trefjaplast skal húðað að utan með pólýestragrunnhúð, af sem næst jafnri þykkt yfir allan flötinn, eða annarri húð, sem ver trefjaplastið jafnvel. Þykkt grunnhúðarinnar skal almennt vera á bilinu 0,4 - 0,6 mm og vera án rennslistauma, bóla eða annarra ójafna, sem gætu valdið holrúmi á milli húðarinnar og trefjaplastsins.

5.2 Trefjamottan sem lögð er á grunnhúðina, þ.e. ysta mottan í bolnum, skal vera duftbundin og vætt með ísótalspólýestra upp fyrir hleðsluvatnslínu bátsins.

5.3 Vökvabundnar trefjamottur má ekki nota með ísótalspólýestra.

5.4 Næst grunnhúð skal almennt vera létt motta, sem ekki vegur meira en 450 g/m^2. Þó má nota allt að 600 g/m^2 mottu á slétta fleti.

5.5 Glertrefjastyrking skal lögð í þeirri röð sem viðurkennd er.

5.6 Trefjaplast í kili og austurbrunnum skal húðað að innan með pólýestratopphúð, sem og á öðrum stöðum þar sem vænta má að vatn liggi á trefjaplastinu. Kjarni í samloku eða styrkingum skal varinn með trefjaplasti, sjá 9.5.

5.7 Trefjaplast, sem er ekki húðað með topphúð skal innihalda vax sem heldur stýreni inni þannig að yfirborð trefjaplastsins nái fullri herslu.

6. Handlagning

6.1 Við samskeyti á styrkingarmottum skulu þær skarast um minnst 50 mm.

6.2 Pólýestra skal dreift jafnt á milli hvers lags af styrkingarmottum.

6.3 Innilokað loft skal valsað út við annað hvert lag af styrkingarmottum, þannig að trefjaplastið sé sem næst laust við loftbólur og pólýestrinn dreifist jafnt um trefjaplastið.

6.4 Trefjamottur skulu vera gegnvættar en þess skal þó gætt að ekki verði umframmagn af pólýestra á glertrefjunum þegar hann harðnar.

6.5 Tímabilið á milli lagningar styrkingarlaga, skal vera með tilliti til stirðnunartíma pólýestrans. Þess skal gætt að ekki sé lagt það þykkt trefjaplast í einu að of mikill hiti myndist. Ef trefjaplastið nær að harðna áður en plastað er yfir það skal unnið samkvæmt ákvæðum í gr. 10 (plastað á hart trefjaplast).

6.6 Við völsun á skörpum köntum og hornum skal þess gætt að hlutfall á milli pólýestra og glertrefja sé innan réttra marka og að trefjaplastið haldi tilskilinni þykkt.

7. Sprautun

7.1 Við sprautun á glertrefjum og pólýestra skal sprautubúnaðurinn vera þannig stilltur að hlutfallið á milli glertrefjanna og pólýestrans sé innan réttra marka.

7.2 Glertrefjahnífurinn skal vera þannig stilltur að trefjarnar verði minnst 20 mm langar.

7.3 Sprautubúnaðurinn skal vera þannig stilltur að glertrefjarnar og pólýestrinn dreifist jafnt yfir flötinn sem verið er að sprauta.

7.4 Trefjaplastinu skal sprautað sem jafnast yfir flötinn. Ef nauðsynlegt er talið má gera kröfu um glertrefjar með lituðum þræði til að geta betur fylgst með þykktinni.

7.5 Þess skal gætt að lögun móta og aðstæður við sprautun séu á þann veg að hægt sé að beina sprautunni með góðu móti í réttri stefnu á þá staði sem sprautaðir eru.

7.6 Trefjaplastið næst grunnhúðinni, fyrsta lagið sem sprautað er, skal valsað er það hefur náð 1,5 mm þykkt.

7.7 Trefjaplast sem sprautað er eftir fyrsta lag skal valsað þegar það hefur náð 2,5 mm þykkt hverju sinni. Í bol skal vera ein létt ofin motta, sem næst miðju trefjaplastsins.

7.8 Sprautun á trefjaplasti skal samþykkja sérstaklega fyrir hverja bátsgerð með tilliti til þess hvort lögun bátanna er á þann veg að þá megi sprauta svo fullnægjandi sé. Ennfremur skal sá er sprautar hafa til þess sérstakt samþykki.

7.9 Bolur, þilfar og aðrir hlutir sem verða fyrir álagi skulu aðeins sprautaðir af mönnum sem hafa gengist undir próf í sprautun. Við prófið skal próftakinn ná því marki, að misþykktarstuðullinn skv. 13.4 fari ekki yfir 0,14 og minnsta þykkt ekki undir 85% af tilgreindri þykkt prófstykkisins. Prófstykkið skal sprautað í bátsmóti og vera minnst 3-10 m^2 að stærð og þykktin og glerinnihaldið, sem skal ákveðið áður en prófið hefst, skal vera sem hér segir; þykktin á bilinu 4-8 mm.

8. Samloka í móti

8.1 Kjarnaefni í samloku skal vera af tegund og eðlisþyngd samkvæmt samþykktri smíðalýsingu.

8.2 Kjarnaefni með holum eða smá opum á yfirborðinu, skal húðað með pólýestra þar til holurnar eru fullar eða opunum lokað, áður en kjarninn er lagður á trefjaplastið/límið.

8.3 Ferningaskornum kjarna skal þrýsta niður í það þykkt lag af pólýestra eða límu að umframmagnið fylli bilið á milli ferninganna.

8.4 Ef kjarna er þrýst niður í vott trefjaplast, skal það glertrefjastyrkt með minnst 450 g/m^2 á sléttum flötum og 900 g/m^2 á beygju.

8.5 Þegar kjarna úr stífum frauðplötum eða krossviði er þrýst niður í pólýestra eða lím, skal helst leggja á kjarnann farg sem heldur honum niðri meðan á límingu stendur.

8.6 Allar fúgur og önnur op á yfirborði kjarna skulu fyllt áður en trefjaplast er lagt á kjarnann.
8.7 Pólýestri eða lím, sem kjarni er lagður í skal fá að harðna áður en byrjað er að leggja yfir kjarnann.

9. Samloka án móts

9.1 Öll samskeyti á kjarna skulu límd saman áður en lögn á trefjaplasti hefst.
9.2 Kjarnaefni má ekki beygja meira en eiginleikar efnisins leyfa.
9.3 Fjarlægja skal allar ójöfnur af yfirborði kjarna áður en lögn á trefjaplasti hefst. Einkum skal gæta að misfellum við samskeyti.
9.4 Kjarna skal grunna eða spartla áður en lögn á trefjaplasti hefst.
9.5 Ávallt skal vera glertrefjastyrking í fyrsta lagi sem lagt er á kjarna.

10. Plastað á hart trefjaplast

10.1 Þegar plastað er á trefjaplast sem hefur harðnað lengur en í 24 klst. skal flöturinn fyrst slípaður niður í glertrefjar.
10.2 Ef vaxhúð er á fleti þar sem leggja á trefjaplast, skal vaxhúðin fjarlægð nema víst sé að hún leysist upp í pólýestranum sem borinn er á flötinn undir glertrefjastyrkinguna.
10.3 Grunnhúð og topphúð skal alltaf fjarlægð áður en trefjaplast er lagt á flötinn.

11. Styrkingar

11.1 Styrkingar skulu festar með minnst sömu þykkt og er í styrkingunni sjálfri og breidd tengiflatarins skal vera minnst 20 sinnum þykktin. Ef styrkingar eru hins vegar festar við fullhart trefjaplast, skal breidd tengiflatarins vera allt að 40 sinnum þykkt tengingarinnar.
11.2 Festing styrkinga til endanna, skal ekki vera minni en tilgreint er í 11.1.
11.3 Þar sem styrking endar á miðjum fleti, skal endi hennar eyðast út línulega og glertrefjamotturnar í festingu styrkingarinnar ná vel út fyrir endann, til að ekki verði snöggur munur á styrkleika.
11.4 Stórir hlutir, sem teknir eru úr móti áður en styrkingar eru festar, skulu skorðaðir vel til að koma í veg fyrir óheppilega sveigju og að þeir aflagist.

12. Hersla á pólýestraefnum

12.1 Grunnhúð má ekki harðna lengur en í sólarhring áður en trefjaplastið er lagt yfir.
12.2 Trefjaplast má ekki verða fyrir álagi né má vinna það á nokkurn hátt meðan á herslu stendur, ef undan er skilinn skurður kanta.
12.3 Ekki má herða pólýestra við það mikinn hita að hann skipti litum.
12.4 Hitastig meðan á herslu pólýestra stendur skal vera með tilliti til leiðbeininga framleiðanda hans.

13. Fullunnið trefjaplast

13.1 Fullunnið trefjaplast skal þykktarmælt þegar ástæða þykir til og þykktin borin saman við samþykkta smíðalýsingu.
13.2 Þykkt trefjaplastsins má mæla með grunnhúð og topphúð, en ef svo er skal draga sem næst 0,6 mm frá niðurstöðu þykktarmælingarinnar fyrir grunnhúð og 1,0 mm ef trefjaplastið er bæði húðað með grunnhúð og topphúð.
13.3 Þykkt trefjaplastsins telst fullnægjandi ef meðaltal 20 mælinga á sama bátshluta, það er botn (bb), síða (sb), afturgafl o.s.frv., er yfir kröfum og engin ein mæling er undir 85% af lágmarks kröfu.

13.4 Misþykktarstuðullinn, V_L, skal almennt vera minni en 0,14.
V_L mest = S/t, þar sem
$S = \sqrt{\sum (t_i - t_o)^2/n-1}$
t = krafa um þykkt
t_i = einstök mælingarniðurstaða
t_o = meðalþykkt
n = fjöldi mælinga

13.5 Í þeim tilvikum sem misþykktarstuðullinn V_L á sprautuðu trefjaplasti er hærri en 0,07 skal margfalda kröfu reglnanna um lágmarksþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_t = 2,3 \cdot V_L + 0,85$

14. Efniseiginleikar

14.1 Staðfesting skal liggja fyrir, um að glertrefjar og pólýestri sem notað er til smíði báta, hafi þá eiginleika sem lagðir eru til grundvallar við samþykkt smíðinnar.

14.2 Þegar ástæða þykir skulu sýni tekin til rannsóknar hjá viðurkenndri rannsóknastofnun, til að ganga úr skugga um að eiginleikar trefjaplastsins uppfylli þær kröfur sem samþykkt bátanna byggir á.

14.3 Ef tekin er upp önnur efnisuppbygging eða önnur aðferð við plastlögn en áður hefur verið samþykkt, skal taka sýni til rannsóknar á eiginleikum trefjaplastsins, ef ástæða þykir til.

14.4 Eiginleikar trefjaplasts skulu ætíð kannaðir ef samþykkt smíðalýsingar á að byggjast á meiri efnisgæðum en lágmarkskröfur segja fyrir um.

SMÍÐI STÁLBÁTA V-27

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Smíðaverkstæði og geymslur
3. Efni
4. Verklag
5. Rafsuða

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði stálbáta, þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

2. Smíðaverkstæði og geymslur

2.1 Plötur og styrkingarefni sem nota skal við smíði bátanna, skal geymt undir þaki og vera frítt frá jörðu þannig að efnið liggi ekki í bleytu.

2.2 Efni sem er geymt liggjandi skal vera innanhúss.

2.3 Stálbátar skulu almennt smíðaðir undir þaki, þannig að hiti fari aldrei niður fyrir -5°C.

2.4 Við suðu með hlífðargasi skal vinnustaðurinn vera í skjóli fyrir vindi og laus við gegnumtrekk.

2.5 Málningarvinna skal unnin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda viðkomandi málningar, bæði hvað varðar hita og raka á vinnustaðnum.

3. Efni

3.1 Staðfesting á efnisgæðum, bæði á plötum og styrkingum, skal liggja fyrir í formi flokkunarskírteinis eða samsvarandi fyrir hvern bát sem smíðaður er.
3.2 Allt efni skal vera þurrt og laust við tæringu.
3.3 Meðalþykkt á hverri plötu skal ekki vera minni en tilgreind þykkt frá framleiðanda.


4. Verklag

4.1 Stálbátar skulu smíðaðir á þann veg að öll vinna við rafsuðu sé vel aðgengileg.
4.2 Plötur og styrkingar skulu falla það vel saman að suðufúgur séu af réttri stærð með tilliti til efnisþykktar.
4.3 Plötur skulu skornar af þeirri nákvæmni sem nauðsynleg er til að hægt sé að ná vandaðri rafsuðu. Ef nauðsyn krefur skal slípa kanta.
4.4 Styrkur og stífleiki styrkinga skal vera samfelldur og styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika.
4.5 Ef nauðsyn krefur skal nota hnéplötur við tengingu styrkinga til að ná fullnægjandi tengifleti.
4.6 Styrkingar sem tengjast skulu rafsoðnar saman, einnig þar sem styrking gengur í gegnum aðra.
4.7 Undirstöður og stoðir skulu ekki enda þar sem þær valda stífum punkti á plötufleti. Stoðir skulu almennt enda á styrkingu.

5. Rafsuða


5.1 Öll rafsuða skal unnin á fagmannlegan hátt. Ganga skal úr skugga um gæði suðunnar og lagfæra ef með þarf áður en hún er máluð.
5.2 Bolur stálbáta skal rafsoðinn af suðumanni eða undir stjórn suðumanns sem hefur til þess viðurkenningu.
5.3 Við rafsuðu í kulda eða raka skal velgja stálið áður en soðið er.
5.4 Við rafsuðu á plötum sem eru þykkari en 4,0 mm eiga brúnir suðufúgunnar að hafa 30° halla. Ef svo er ekki skal sjóða beggja megin.
5.5 Við rafsuðu á viðbótarstyrkingum og undirstöðum fyrir vélar og búnað, skal suðan vera samfelld beggja megin.
5.6 Rafsuða skal vera samfelld við suðu á:
- bol
- þilfari og yfirbyggingum
- olíu- og vatnsgeymum
- festingu skilrúma við botn og síður.

5.7 Við rafsuðu á öðrum hlutum en tilgreindir eru í 5.6 má keðjusjóða beggja megin. Millibilin skulu ekki vera lengri en suðusporin og samanlögð lengd suðusporanna skal vera minnst jafnlöng og ef um samfellda suðu öðrum megin væri að ræða.



5.8 Við rafsuðu á hlutum sem ekki verða fyrir álagi má keðjusjóða öðrum megin.
5.9 Kverkhæð rafsuðu skal ekki vera minni en sem hér segir:

Plötuþykkt	a minnst
< 4 mm	2,0 mm
4-6 mm	3,0 mm
6-8 mm	3,5 mm



SMÍÐI ÁLBÁTA V-28

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Geymsla á efni
3. Smíðaverkstæði
4. Efni
5. Mótun efnis
6. Suða
7. Hnoðaðar samsetningar
8. Límdar samsetningar
9. Aðrar samsetningar
10. Smíði bols

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði álbáta, þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

2. Geymsla á efni

2.1 Plötur, stangir og annað ál skal geymt í láréttri stöðu þannig að efnið verði ekki fyrir áverkum eða breyti lögun.
2.2 Suðubúnaður og suðuþráður skal geymdur á þurrum og hreinum stað.

2.3 Ál skal ekki geyma við hlið annarra málma.

3. Smíðaverkstæði

3.1 Suða og önnur vinna með ál skal unnin á þurrum stað undir þaki og í skjóli fyrir veðri og vindum.

3.2 Vinnustaðurinn skal vera hreinn.

3.3 Ef hiti á smíðaverkstæði getur farið niður fyrir 0°C, skal það vera þétt og búið tækjum til upphitunar.

4. Efni

4.1 Staðfesting á efnisgæðum, bæði á plötum og styrkingum skal liggja fyrir í formi flokkunarskírteinis eða samsvarandi, fyrir hvern bát sem smíðaður er.

4.2 Efni skal vera af viðurkenndum tegundum, án áverka og í réttu formi og standast tilgreind efnismál.

4.3 Plötur í bol skulu vera úr sjóþolnu áli og almennt ekki innihalda meira af eftirgreindum efnum en sem hér segir:

- 0,2% C_u
- 0,5% F_e
- 2,0% M_g

Ál skv. eftirgreindum stöðlum uppfyllir framangreind ákvæði:

ASTM	DIN 1725
5052	Al mg 2,5
5083	Al mg 4,5 Mn
5086	Al mg 4 Mn
5154	Al mg 3
5454	Al mg 2,7 Mn

4.4 Stangir og aðrar styrkingar skulu almennt ekki innihalda meira af eftirgreindum efnum en sem hér segir:

- 0,4% C_u
- 0,5% F_e

Ál skv. eftirgreindum stöðlum uppfyllir framangreind ákvæði:

ASTM	DIN 1725
6005	Al mg S_1 0,7
6063	Al mg S_1 0,5
6351	Al mg S_1 1,0

5. Mótun efnis

5.1 Hert ál skal almennt ekki hitað til að breyta formi þess og skal aðeins formað kalt ef spenna í efninu er lítil. Álið skal almennt framleitt í réttu formi eða formað í völsum.

5.2 Plötur skulu almennt beygðar í völsum. Við 90° beygju skal innri radíus bogans ekki vera minni en:

$R = f \cdot t$ þar sem

f = beygjustuðull skv. eftirfarandi töflu og

t = þykkt plötunnar.

Málm-blanda	Ástand	t=1,0	t=1,5	t=3,0	t=4,5	t=6,0	t=9,0
Al99,0	02	0	0	0	0	0	0
Al99,5	14	0	0	0	1	1	1
	18	1,5	2	3	4	4	5
AlMg2,5	02	0	0	0	1	1	1,5
	14	0	1	1,5	2	3	3
	18	2	3	4	5	6	7
AlMg4,5Mn	02	-	0,5	1	1	1,5	2
	32	-	1,5	3	3	3,5	-
AlSiMg	02	0	0	0	1	1	2
	54	1	1,5	2	3	4	4
	56	1,5	2	3	4	4	5,5

5.3 Beygjustuðullinn, R, fyrir pípur og stangir með efnisþykkt 5% af þvermáli röranna eða hæð stanganna skal ekki vera minni en:

Málmblanda	Ástand	Stuðull
Al99,5	02	1,5
	14	2,5
	18	4,0
AlmgSi	02	2,0
	54	2,5
	56	3,0
AlSilmg	02	2,0
	54	2,5
	56	3,0

5.4 Ál skal skorið á þann veg að kantar séu réttir og lausir við sár eða ró.

6. Suða

6.1 Ál skal ekki soðið við lægri hita en +5°C.

6.2 Bolur og þilfar skal aðeins soðið af mönnum sem hafa lokið prófi í suðu á því efni og með þann búnað, sem nota skal við suðuna. Suðuprófið skal vera samsvarandi ákvæðum staðlanna ASME, DIN 8561 eða SFS 2218.


6.3 Suðuþráður skal vera af efnisgæðunum AlMg 4,5 Mn eða AlMg 5, nema sýnt sé fram á að annað efni gefi vandaðri suðu.

6.4 Öll suða skal vera gallalaus gegnumbræðsla, vera jöfn og án sjáanlegra galla. Efnisþykkt á ekki að vera þynnri en:

Suðuaðferð	Efnisþykkt í mm
MIG	2,0
MIG stuttbogi	1,5
MIG púlsbogi	0,7
TIG	0,7

Sjá einnig töflu 28.1

Plötuþykkt	a minnst
< 4 mm	2,0 mm
4-6 mm	3,0 mm
6-8 mm	3,5 mm




6.5 Allar plötur sem og vatnsþétt skilrúm og vélarundirstöður skulu soðnar samfelldri suðu.
6.6 Við keðjusuðu skal lengd suðusporanna aldrei vera styttri en millibilin, auk þess sem endar skulu ávallt soðnir samfelldri suðu.
6.7 Efnismál suðu skal samþykkja sérstaklega hverju sinni.
6.8 Suður á bol skulu kannaðar með röntgenmyndum. Sprungur á yfirborði suðu eru ekki samþykktar.

7. Hnoðaðar samsetningar

7.1 Þilfar og yfirbyggingar má hnoða saman, en ekki súð bols.
7.2 Draghnoð má ekki nota í hluti sem verða fyrir álagi nema að undangenginni prófun sem sýnir fullnægjandi styrk.
7.3 Þvermál hnoða skal vera minnst þrisvar sinnum plötuþykktin og millibil hnoðanna ekki meira en fimmtán sinnum plötuþykktin. Fjarlægð hnoða frá kanti skal vera minnst sex sinnum plötuþykktin. Við tveggja raða samsetningu má minnka framangreind gildi um helming.
7.4 Hnoð skulu hafa sem næst sömu efnisuppbyggingu og viðkomandi smíðaefni og mega ekki verða stökk við hnoðun.
7.5 Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata fyrir hnoðin má ekki vera meiri en tilgreint er í eftirfarandi línuriti. Fjarlægja skal alla ró við hnoðgötin.


Mismunur hnoða og gata



Þvermál hnoða

Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata

7.6 Samsetningar skulu hnoðaðar þannig að samsetningarfletir liggi þétt saman. Dæmi um festingu og röðun hnoða er sýnd á eftirfarandi mynd:



8. Límdar samsetningar

8.1 Vegna límdra samsetninga, skal leggja fram gögn til staðfestingar á brotþoli, fjaðurþoli, ásamt rif- og höggþoli.

8.2 Lím skal hafa þá eiginleika að styrkur samsetningarinnar minnki ekki vegna áhrifa frá hitabreytingum, vatni og öðrum efnum sem samsetningin kemst í snertingu við.

8.3 Leiðbeiningar frá framleiðanda límsins skulu vera til staðar þar sem líming fer fram.

9. Aðrar samsetningar

9.1 Í samsetningum á áli við aðra málma, ef undan er skilið sýruþolið stál, skulu efnin einangruð hvort frá öðru. Undir vatnslínu skal vera vörn gegn tæringu eftir þörfum hverju sinni.

10. Smíði bols



10.1 Bátar skulu smíðaðir á þann veg að vinna við suðu sé vel aðgengileg.


10.2 Styrkur og stífleiki styrkinga skal vera samfelldur og styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika. Hné, skífur o.þ.h. skal nota eins og þurfa þykir.

10.3 Undirstöður vélar og annars búnaðar og stoðir, skulu tengjast styrkingum.

10.4 Frárennsli skal þannig fyrir komið að vatn eigi greiða leið í austurbrunn.

Tafla 28.1
Leiðbeiningar við MIG- og TIG-suðu á áli
s = efnisþykkt í mm
b = fúgubreidd í mm
c = rótarlengd í mm
α = fúguhorn í gráðum

Fúgugerð	Stærð og lögun	Leiðbeiningar
MIG		
	s = 1,5 - 5 b = 0 - 2	Suða frá annarri hliðinni, rótarstuðningur eða fösuð súðufúga.
	s = 5 - 25 b = 0 - 3 c = 1,5 - 3 α = 60 -100°	Við suðu upp undir er æskilegt að fúguhorn sé sem stærst, að soðið sé í rótin.




s = 8 - 25
b = 3 - 7
c = 2 - 4
α = 40 - 60°

Minnsta fúguhorn og mestu breidd rótar má hafa við suðu á plötum að 15 mm.

s = 12 - 25
b = 0 - 2
c = 3 - 5
α = 50 - 70°

Sérstaklega ætlað við vésuðu. Hálfvélvædda suðu má nota öllum kringumstæðum. Rótarstuðning á að nota fyrir suðu frá bakhliðinni.

TIG



s < 2

s < 4
b = 0 - 2

Suða frá annarri hliðinni.

s = 4 - 10
b = 0 - 2
α = 60 - 70°

Rótarstuðning á að hafa við lárétta suðu.

SMÍÐI TRÉBÁTA V-29

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efnisgeymsla
3. Smíðaverkstæði
4. Viður
5. Krossviður
6. Líming
7. Laglíming
8. Seyming
9. Loftræsting innviða og fúavörn
10. Hampþétting

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði trébáta þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

1.2 Víkja má frá eftirfarandi reglum ef ljóst er að viðkomandi smíðaaðferð er samsvarandi ákvæðum reglnanna.


1.3 Lím og önnur efni sem notuð eru við framleiðslu á trébátum skulu notuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda efnanna.

2. Efnisgeymsla

2.1 Allur viður til báta skal geymdur á þurrum vel loftræstum stað, þar sem hann er varinn fyrir sól og raka.

2.2 Viður skal geymdur laupaður, þannig að loft geti leikið um hvert einstakt stykki. Krossviður skal geymdur liggjandi á sléttum fleti.

2.3 Rakainnihald viðar má meta út frá loftrakanum í efnisgeymslunni skv. eftirfarandi línuriti:



3. Smíðaverkstæði

3.1 Trébátar skulu smíðaðir í vel loftræstu húsi, þar sem hægt er að halda nægum hita til að rakainnihald viðar aukist ekki meðan á smíði stendur.

3.2 Trébátar sem hafa límdan bol, þilfar eða yfirbyggingu skulu smíðaðir í húsi þar sem hiti er ekki minni en 10°C meðan á smíði stendur.

4. Viður

4.1 Allur viður sem notaður er til smíði báta skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota.

4.2 Viður skal vera laus við merg, skordýraskemmdir, rifur, lausa kvisti, útvið, fúagróður o.þ.h. sem rýrir gæði viðarins.

4.3 Rakainnihald viðar skal ekki vera meira en 20%, þó ekki meira en 15% í viði sem á að líma.

4.4 Viður sem nota á í útsúð, þilfarsþiljur, laglímingu eða svigabönd, skal vera beinvaxinn og spegilskorinn.

5. Krossviður

5.1 Krossviður sem notaður er í bol báta skal vera af tegund sem viðurkennd er til báta skv. BS 1088-1966, BS 4079-1966 eða samsvarandi staðli.

5.2 Krossviður skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota. Þynnur utan á krossviði skulu hafa góða áferð og vera án sjáanlegra galla.

5.3 Í innréttingar og aðra hluti sem ekki verða fyrir álagi, má nota krossvið af minni gæðum en tilgreint er í 5.1, en krossviðurinn skal þó vera límdur með veður- og suðuheldu lími, sem prófað er skv. BS 1203-1979 eða samsvarandi staðli.

5.4 Ef samskeyti á krossviðarplötum eru skásniðin, skal skörun samskeytanna ekki vera minni en átta sinnum plötuþykktin. Ef krossviðurinn er skeyttur saman með laska, skal breidd laskans ekki vera minni en átján sinnum plötuþykktin.

6. Líming

6.1 Lím skal vera veður- og suðuhelt, skv. BS 1204-1979 WBP eða samsvarandi staðli.

6.2 Alla límfleti skal fella vel saman áður en límt er. Límfletir skulu vera hreinir og lausir við ryk, feiti eða annað það sem hefur áhrif á líminguna.

6.3 Límdar samsetningar skulu einnig negldar, skrúfaðar eða boltaðar. Við festingu á krossviði skal bilið á milli nagla/skrúfa/bolta ekki vera meira en 10 sinnum þykktin á krossviðarplötunni.

7. Laglíming

7.1 Aðeins er heimilt að laglíma á verkstæði sem hefur til þess sérstakt samþykki. Verkstæðið skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum verkfærum, svo sem búnaði til að ná upp nægilegum þrýstingi við límingu, tæki til að mæla rakainnihald viðar, vél til blöndunar á lími, ásamt öðrum búnaði sem nauðsynlegur er við límingu.

7.2 Aðeins skal nota sambærilegar viðartegundir við laglímingu á hverju stykki. Ennfremur skulu allar þynnur sem límdar eru saman í eitt stykki hafa sem næst sama rakainnihald.

7.3 Laglímingarþynnur skulu aldrei vera þykkari en 30 mm. Við laglímingu á bognum stykkjum, skal þykktin á hverri þynnu vera það mikil að þynnurnar leggist eðlilega þannig að góð líming náist.

7.4 Millibil samskeyta á laglímingarþynnum skal ekki vera minna en:
$25 \cdot t$, ef skeytin eru á samliggjandi þynnum
$20 \cdot t$, ef ein þynna er á milli skeytanna
$12 \cdot t$, ef tvær þynnur eru á milli skeytanna
t = þykktin á laglímingarþynnunum.

7.5 Þrýstingur við límingu skal aldrei vera minni en 0,6MPa. Við límingu á harðviði skal þrýstingurinn ekki vera minni en 1,2MPa. Þrýstinginn skal athuga um það bil 15-30 mínútum eftir að honum er komið á og hafi hann þá minnkað skal leiðrétta þrýstinginn.

7.6 Gæði laglímingar skulu prófuð. Prófsýnin skulu tekin af endum á viðkomandi stykki. Prófsýni skulu unnin á sama veg og límhluturinn, þ. e. límd við sama þrýsting, hert í jafnlangan tíma o.s.frv.

8. Seyming

8.1 Saumur, skrúfur og boltar skulu vera úr ryðfríu efni eða vera heitsinkhúðuð. Boltar, rær, skífur, hnoðsaumur og hnoðhringir sem tengjast saman í festingum, skulu vera í sama gæðaflokki.

8.2 Undir boltahausum og róm í samsetningum skal vera skífa með ytra þvermáli sem er ekki minna en tvisvar sinnum þvermál boltans. Ef boltahaus uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu. Í samsetningum eða festingum sem geta orðið fyrir miklu álagi, má gera kröfur um enn stærri skífur.

8.3 Við festingu á súð og þilfari skal nota skrúfur eða nagla sem eru ekki styttri en:
$l = 2{,}0 \cdot t$ mm fyrir skrúfur
$l = 25 + 2{,}0 \cdot t$ mm fyrir nagla
t = þykkt á súð/þilfari í mm

8.4 Skrúfur skulu koma sem næst hornrétt í krossvið. Krossviður skal boraður með hæfilegum bor fyrir boltum, skrúfum og nöglum til að fyrirbyggja tvískinnung.

9. Loftræsting innviða og fúavörn

9.1 Bátar skulu hafa fullnægjandi loftrás til allra innviða. Sérstaklega skal þess gætt að loftrás sé greið á bak við eldsneytisgeyma, innréttingar og undir gólfi.

9.2 Allur viður í lokuðu rými og stykki sem liggja þétt saman, svo sem tvöföld bönd o.þ.h., skal fúaverja með viðurkenndu fúavarnarefni.

10. Hampþétting

10.1 Vegna hampþéttingar á súð og þilfari skal vera rauf á milli sýjanna/þiljanna. Dýpt tróðraufarinnar skal vera sem næst 3/5 af þykkt sýjanna/þiljanna og breiddin að utan 3-5 mm, sem eyðist út í ekki neitt í botni raufarinnar.

10.2 Tróðraufin skal fyllt að hálfu, 3/10 af þykkt viðkomandi sýja/þilja, með tjöruhampi og síðan fyllt með biki eða öðru sambærilegu efni.

FISKIBÁTAR V-30

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Fríborð
3. Stöðugleiki þilfarsbáta
4. Lúgur á yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari
5. Austurbrunnar á yfirbyggðu fríborðsþilfari
6. Austurbúnaður á yfirbyggðu fríborðsþilfari
7. Önnur frárennsli af yfirbyggðu fríborðsþilfari
8. Austurbúnaður á algerlega lokuðu fríborðsþilfari
9. Frárennslisjektorar í yfirbyggðu vinnurými
10. Hindranir á frárennsli af þilfari þilfarsbáta
11. Frárennsli af plittum opinna báta
12. Fiskveiðiljós
13. Öryggisbúnaður við netaspil
14. Efnismál fiskibáta
15. Styrkingar vegna fiskveiðibúnaðar

1. Almennt

1.1 Ákvæði í kafla þessum gilda ásamt öðrum kröfum í reglunum um báta sem á að samþykkja sem fiskibáta.

2. Fríborð

2.1 Hleðsluvatnslína á bátum með austurbrunna með frárennslisspjöldum samkvæmt 7.1 á yfirbyggðu vinnurými, skal aldrei vera ofar en við neðri brún á frárennslisspjöldunum og fríborð miðskips aldrei minna en 350 mm.

2.2 Fríborð á bátum með yfirbyggt vinnurými með austuropum samkvæmt 7.2 skal aldrei vera minna en 500 mm.

3. Stöðugleiki þilfarsbáta

3.1 Réttiarmur, GZ, við halla á bilinu 40° og 65° skal ekki vera minni en 0,10 m og GZ-bogalínan skal vera jákvæð við allt að 70° halla bátsins þegar gengið er út frá að öll lokanleg op séu lokuð.

3.2 Fyrir báta með lúgur á yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari samkvæmt ákvæðum í 30.4, má meta rýmið innan við lúgurnar sem uppdrift við halla að því hallahorni sem er á bátunum þegar neðri brún á lúgunum snertir vatnið, við reikning á fleti undir GZ-bogalínu samkvæmt 3.3.

4. Lúgur á yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari

4.1 Síðulúgur og afturlúgur sem verða að vera opnar við fiskveiðar skulu vera eins litlar og hægt er að komast af með og vera minnst 1000 mm frá þilfari.

4.2 Lúgurnar skulu hafa minnst sama styrk og yfirbyggingin sem þær eru á og vera þannig gerðar að einn maður geti lokað þeim í snatri, án þess að hann þurfi við það verkfæri.

4.3 Þar sem lúgum má loka frá stýrishúsi skal vera viðvörun sem gefur til kynna þegar lokunarbúnaðurinn er settur í gang.

5. Austurbrunnar á yfirbyggðu fríborðsþilfari

5.1 Í hverju vinnurými sem aðskilið er með skilrúmi skal vera minnst einn austurbrunnur á hvorri síðu þar sem þilfarið er lægst. Ef breidd rýmisins er hvergi meiri en 0,5 · B, nægir austurbrunnur á annarri síðunni.

5.2 Rúmmál hvers brunns skal ekki vera minna en:

$V = 0{,}5 \cdot A \cdot l \cdot b \cdot dm^3$, þó minnst

$V = 150\ dm^3$

A = flatarmál á síðulúgum í m^2

l = lengd vinnurýmisins í m

b = breidd vinnurýmisins í m

5.3 Dýpt austurbrunna skal ekki vera minni en 350 mm.

6. Austurbúnaður á yfirbyggðu fríborðsþilfari

6.1 Austur af fríborðsþilfari skal almennt vera með dælingu frá hverjum austurbrunni.

6.2 Dælurnar skulu virka hvort heldur þær eru á kafi eða ganga þurrar og gangsetning þeirra og stöðvun skal vera handvirk.

6.3 Fyrirkomulag austurbrunns og dælu skal vera á þann veg að soglögnin stíflist ekki auðveldlega vegna öngla, fiskúrgangs o.þ.h. Auk þess skal austurbúnaðurinn vera þannig að dæla megi einhverju af fiskúrgangi með vatninu.

6.4 Afköst hverrar dælu skal ekki vera minni en sú niðurstaða sem hærri er úr eftirgreindum líkingum:

$Q = 0{,}3 \cdot l \cdot b\ m^3/klst.$

$Q = 1{,}25 \cdot Q_1\ m^3/klst.$

l = lengd vinnurýmisins í m

b = breidd vinnurýmisins í m

Q_1 = afköst sjódælu í rýminu.


6.5 Op lagna á síðu frá dælum austurbrunna skal vera minnst 600 mm ofan við fríborðsþilfarið. Við opið skal vera einstefnuloki. Sjá mynd í 7.1.

6.6 Þvermál og veggþykkt lagna skal vera með tilliti til afkastagetu dælanna.

6.7 Á fríborðsþilfari skal vera hæðarmæling sem gefur til kynna í stýrishúsi þegar austurbrunnar eru fullir.

7. Önnur frárennsli af yfirbyggðu fríborðsþilfari

7.1 Til viðbótar þeim dælum sem krafist er í 30.6 má hafa frárennslisspjöld á austurbrunnunum eins og myndin sýnir, ef öllum eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:
- frárennslisspjöldin eru felld inn í súðina
- frárennslisspjöldin loka opinu vatnsþétt og spjöldin/opin séu aðgengileg til hreinsunar og eftirlits
- frárennslisspjöldunum megi loka í stýrishúsinu
- frárennslisspjöldin séu tengd við töflu í stýrishúsi, sem sýnir hvort hvert spjald sé opið eða lokað
- frárennslisspjöldunum megi loka handvirkt minnst 1,0 m ofan við þilfarið
- opin sem frárennslisspjöldin loka mega ekki vera stærri en 0,06 m^2
- yfirbygging vinnurýmisins sé ekki talin sem uppdrift við mat á stöðugleika.



7.2 Í stað dælingar frá hverjum austurbrunni má frárennsli af fríborðsþilfari vera beint fyrir borð um austurop, ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:
- fyrirkomulag og stærð austuropa uppfylli ákvæði í V-5
- yfirbygging vinnurýmisins sé ekki talin sem uppdrift við mat á stöðugleika.

7.3 Uppfylli bátar ekki kröfur um stöðugleika með opum skv. ákvæðum í 7.1 og 7.2, skal loka spjaldlokaopunum eða austuropunum.

8. Austurbúnaður á algerlega lokuðu fríborðsþilfari

8.1 Dæling úr rýminu má vera hvort heldur sem er með sérstökum dælum sem dæla úr austurbrunnum sbr. ákvæði í 30.5 og 6 eða með austurlögnum sem tengdar eru aðalausturkerfi bátsins.

9. Frárennslisjektorar í yfirbyggðu vinnurými

9.1 Frárennsli með jektorum úr yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari skal vera með sama fyrirkomulagi og tilgreint er í 6.5 og 6.6.

9.2 Frárennsliskerfi með jektorum skal vera vel aðgengilegt til eftirlits.

10. Hindranir á frárennsli af þilfari þilfarsbáta


10.1 Opin þilfarshús með lokaða hlið að síðu og sérstök skjólþil eða önnur skilrúm sem hindra að vatn á þilfari renni hratt fyrir borð, eru almennt óheimil. Við mat á austuropum þilfarsbrunna sem eru með síðuþil að hluta, skal ganga út frá þeirri hæð skjólborðsklæðningarinnar sem lægri er við ákvörðun á dýpt brunnsins.

10.2 Þar sem skilrúm eru á þilfari skal þeim þannig fyrirkomið að þau hindri ekki rennsli að austuropum.

11. Frárennsli af plittum opinna báta og þilfari lokaðra

11.1 Á opnum bátum með plitta ofan við vatnslínu á bátunum við eiginþyngd, G, sem eru það þéttir að vatn á plittunum gæti valdið ófullnægjandi stöðugleika bátanna, skal fyrirkomulag vera sem hér segir;

- við báðar síður bátanna skulu vera niðurföll fyrir frárennsli af plittunum að austurkerfi (sjá mynd). Frárennslunum skal deilt niður eftir lengd bátsins eins og kostur er með tilliti til niðurskurðar plittanna.
- flatarmál frárennslanna skal vera minnst 75% af kröfum til austuropa samkvæmt ákvæðum í V-5.
- frárennslisvatnið skal eiga greiða leið að austurlögnum frá dælu.



12. Fiskveiðiljós

12.1 Bátar sem eru ≥ 7,0 L_m skulu búnir fiskveiðiljósum samkvæmt ákvæðum í Alþjóðasiglingareglunum frá 1972 með síðari breytingum, tveimur hringljósum beint upp af hvoru öðru. Neðra ljósið skal vera hvítt en efra ljósið rautt, nema á bátum sem veiða með togbúnaði, þar skal efra ljósið vera grænt. Millibil ljósanna skal vera minnst 1,0 metri. Sjá 26. reglu og 1. grein i-liðar í I viðauka Alþjóðasiglingareglnanna.

13. Öryggisbúnaður við netaspil

13.1 Hver bátur skal hafa öryggisbúnað við línuvindu til netaveiða sem stöðvar vinduna samstundis ef maður dregst inn að vindukoppnum með veiðarfærunum.

14. Efnismál fiskibáta

14.1 Efnismál fiskibáta byggjast á niðurstöðum líkinga eða töflum í köflum V-18 - V-20 og V-21 - V-25. Niðurstöður líkinga í köflunum V-21 - V-25 skal þó margfalda með leiðréttingarstuðli samkvæmt eftirgreindri töflu:

Leiðréttingarstuðull v/	Stuðlar
botn og húfur	1,05
síða og afturgafl	1,05
þilfar	1,15
yfirbygging	1,10

Leiðréttingarstuðull fyrir skerþol kjarnaefnis í samlokum skal vera 1,05.

15. Styrkingar vegna fiskveiðibúnaðar

15.1 Þeir hlutar báts sem verða fyrir álagi frá fiskveiðibúnaði, skulu hafa efnismál með tilliti til mesta hugsanlegs álags. Plast- og trébátar skulu auk þess styrktir eða varðir gagnvart sliti.

FARÞEGABÁTAR V-31

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Vatnsþétt hólf
3. Stöðugleiki
4. Eldsneyti
5. Eldvörn
6. Handrið og landgangur
7. Vistarverur farþega og neyðarútgangar
8. Salerni

1. Almennt

1.1 Ákvæði í kafla þessum gilda ásamt öðrum kröfum í reglunum um báta sem á að samþykkja sem farþegabáta.

2. Vatnsþétt hólf

2.1 Fyrirkomulag farþegabáta skal vera á þann veg að leki í eftirtalin rými geti ekki valdið því að aðliggjandi rými fyllist snögglega:
- stefni
- botn í framskipi á hraðgengum bátum
- botn í afturskipi á bátum með stýri eða skrúfubúnað niður úr botninum.

Aðliggjandi rými skulu tengd austurkerfi bátsins.

2.2 Hæð á þröskuldum undir hurðum sem eiga að vera þéttar til að báturinn skoðist sem lokaður bátur, má vera allt niður í 100 mm, að því tilskildu að fríborð bátsins sé undir engum kringumstæðum minna en 500 mm.

3. Stöðugleiki

3.1 Stöðugleikasvið lokaðra báta skal vera minnst 50° (GZ-bogalínur jákvæðar allt að 50°), þó samþykkja megi 40° ef flöturinn undir bogalínunni á milli hallahornanna 30° og 40° er ekki minni en 0,03 meterradíanar.

3.2 Farþegabátar skulu ekki halla meira en 12° og hafa minnst 0,20 m fríborð, þegar þyngd sem nemur þyngd allra farþega er eins nærri síðu bátsins og mögulegt er með 300 kg/m^2. Enginn hluti hallaþyngdarinnar (hallalóðanna) skal vera nær miðlínu bátsins en 0,2 · B við hallaprófunina.

4. Eldsneyti

4.1 Óheimilt er að hafa í farþegabátum tæki eða vélar sem nota eldsneyti með lægri logamörk en 60°C.

5. Eldvörn

5.1 Í vistarverum skulu skilrúm, innsúð og þess háttar sem er úr brennanlegum efnum, vera klætt klæðningu sem uppfyllir ákvæði í NT Fire 004.

5.2 Trefjaplast ofan við plitta í vélarrúmi á að hafa vörn gegn eldi úr 15 mm þykkum steinullarplötum eða eldvarnarmálningu/eldvarnartopphúð sem hefur sama einangrunargildi. Ennfremur má taka tillit til samlokukjarna úr sjálfslökknandi efni.

5.3 Í bátum sem samþykktir eru fyrir fleiri en tólf farþega, skal vélarrúm eldvarið á þann veg að reykur og eldur í því breiðist ekki út fyrir vélarrúmið innan 30 mínútna frá því að eldurinn kemur upp, samanber ákvæði ISO-834. Bátssíður úr stáli og botn þurfa ekki að uppfylla kröfu þessa.

6. Handrið og landgangur

6.1 Handrið sem eru til varnar því að farþegar falli fyrir borð, mega ekki vera auðlosanleg. Hæðin skal ekki vera minni en 1000 mm.

6.2 Farþegabátar skulu vera búnir á þann veg að engin hætta sé fyrir farþega að komast um borð og aftur í land. Sem dæmi mætti nefna landgang í gegnum hlið á handriði.

6.3 Tröppur skulu liggja langskips.

7. Vistarverur farþega og neyðarútgangar

7.1 Til að sæti teljist fullnægjandi skulu þau vera minnst 0,5 m breið, með minnst 0,9 m hæð ofan við sætið og minnst 0,75 m rými fyrir fætur, mælt fram frá sætisbakinu. Lausir stólar eða sæti sem fella má niður, teljast ekki fullnægjandi sæti.

7.2 Farþegabátar skulu búnir fullnægjandi sætum fyrir alla farþega.

7.3 Gangvegur að og frá vistarverum farþega skal vera vel greiðfær. Tröppur og dyr skulu vera minnst 750 mm breiðar. Hvert rými sem ætlað er farþegum skal hafa tvær útgönguleiðir. Útgönguleiðir, að undanskildum tröppum og dyrum, skulu vera minnst 800 mm breiðar. Þessi krafa gildir einnig um millibil sæta þverskips, þar sem fleiri en fjórir gætu þurft að komast út í snatri. Minna útgönguopið úr vistarverunum skal vera minnst 600 · 600 mm. Leiðin að því útgönguopi sem ekki er almennt notað, skal vera greinilega merkt NEYÐARÚTGANGUR.

7.4 Lofthæð í vistarverum farþega og gangvegi til vistarveranna skal vera minnst 1,98 m. Í öðrum vistarverum nægir að lofthæðin sé 1,80 m. Lofthæðin má vera enn minni við dyr, neyðarútganga og yfir sætum.

8. Salerni

8.1 Hver bátur sem samþykktur er til farþegaflutninga skal vera búinn minnst einu salerni. Bátur sem samþykktur er fyrir 15 farþega og allt að 50 skal búinn minnst tveimur salernum. Bátur sem samþykktur er fyrir 50 farþega eða fleiri skal búinn tveimur salernum eins og áður segir og auk þess einu salerni fyrir hverja 25 farþega sem báturinn má flytja umfram 50 farþega.

8.2 Öll salerni skulu vera í sérstökum klefa með læsanlegri hurð. Salernin skulu vera vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.

8.3 Heimilt er að víkja frá kröfum um fjölda salerna í bátum sem aðeins eru notaðir til stuttra ferða, enda sé hreinlætisaðstaða á viðkomustöðum bátanna. Þó skal hver farþegabátur vera búinn minnst einu salerni.

DRÁTTARBÁTAR V-32

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Smíðalýsing
3. Stöðugleiki
4. Dráttarbúnaður
5. Dráttarkrókur
6. Dráttarvinda
7. Prófun
8. Siglingaljós

1. Almennt

1.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda ásamt öðrum kröfum í reglunum um báta sem á að samþykkja sem dráttarbáta.

2. Smíðalýsing

2.1 Þegar sótt er um samþykkt á dráttarbáti, skulu fylgja smíðalýsingu skv. ákvæðum í V-1.5, eftirgreindar teikningar og upplýsingar í þremur eintökum:
- dráttarbúnaður, þar sem fram kemur hámarkstogkraftur á festartæki, togkraftur við stöðugt álag og brotþol á dráttartaug
- dráttarkrókur, ásamt tengingu hans við styrkingar bolsins
- dráttarvinda, ef hún er til staðar, ásamt undirstöðum. Teikningunum skulu fylgja upplýsingar um stjórnbúnað, bremsukraft, efnisgæði ása og hæð á átakspunkti dráttartaugarinnar frá undirstöðunum
- skýrsla um togprófun á festartæki, en verklag við togprófunina skal vera samþykkt af Siglingamálastofnun ríkisins.

2.2 Í stöðugleikagögnum skal koma fram hámarkstogkrafturinn á festartæki, staðsetning á átakspunkti dráttartaugar, hallakraftur, hallavægi og á GZ línuritinu skal færður inn toghallaarmurinn við það togálag sem veldur minnstum stöðugleika.

3. Stöðugleiki.

3.1 Við mat á stöðugleika dráttarbáta skal stefna dráttartaugarinnar vera þvert á bátinn. Toghallavægi skal byggt á ákvæðum í 3.2.

3.2 Þverskipskraftur frá dráttartaug skal áætlaður sem helmingur af togkrafti miðað við togspyrnu við bryggju.
Togvogarstöngin, S, skal mæld lóðrétt frá miðri skrúfu að festingu dráttartaugar.

3.3 Toghallaarmur, Ta, skal reiknaður sem hér segir:

$$Ta = 0{,}5 \cdot T \cdot S/\Delta$$

T = togkraftur miðað við togspyrnu við bryggju
Δ = sæþungi bátsins sbr. V-2.5.3.

Toghallaarmur, Ta, skal þó ekki vera meiri en 0,5 · hámarks GZ með hliðsjón af leyfilegri hámarksþyngdarmiðju.

Ef hámarks GZ er eftir 30° halla, skal ganga út frá GZ við 30° halla í stað hámarks GZ.

4. Dráttarbúnaður.

4.1 Dráttarkróki eða dráttarvindu skal komið fyrir í bátunum sem næst miðri lengd þeirra. Krókinum/vindunni skal þannig fyrirkomið að hallavægi verði eins lítið og mögulegt er, þegar dráttartaugin er í stefnu þvert á bátinn.

4.2 Hönnun og efnismál á dráttarkróki eða dráttarvindu, ásamt festingum, skal þola brotstyrk dráttartaugarinnar án þess að aflagast varanlega.

4.3 Dráttartaugin skal þola minnst tvöfaldan togkraftinn miðað við togspyrnu við bryggju.

5. Dráttarkrókur.

5.1 Á dráttarbátum skal vera sleppibúnaður sem gerir mögulegt að losa dráttartaugina undir fullu álagi í skyndi, án tillits til halla bátsins eða stefnu dráttartaugarinnar. Sleppibúnaðinum skal stjórnað úr stýrishúsi.

6. Dráttarvinda.

6.1 Dráttarvindur skulu þannig búnar að mögulegt sé að aftengja vinduásinn úr stýrishúsinu. Endafesting dráttartaugarinnar við vinduna, skal ekki vera sterkari en svo að dráttartaugin losni auðveldlega frá vindunni, ef nauðsynlegt reynist að slaka henni allri út í neyðartilvikum.

7. Prófun.

7.1 Dráttarbúnaður skal prófaður undir álagi að smíði lokinni.
Sleppibúnaður á dráttarkróki og aftengibúnaður á dráttarvindu skulu prófaðir sérstaklega.

8. Siglingaljós.

8.1 Siglingaljós dráttarbáta skulu vera samkvæmt ákvæðum Alþjóðasiglingareglna frá 1972 ásamt síðari breytingum. Sjá 24. reglu um skip sem draga og ýta í Alþjóðasiglingareglunum.

8.2 Dráttarbátar sem einnig eru notaðir sem hafnsögubátar skulu einnig hafa siglingaljós samkvæmt 29. reglu Alþjóðasiglingareglanna frá 1972.

STYRKINGAR VEGNA SIGLINGA Í ÍS V-33

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Skilgreining styrkinga
3. Styrkingar

1. Gildissvið

1.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda aðeins fyrir báta sem ætlaðir eru til siglinga í ís, sbr. gr. V-1.2.7.

1.2 Eftirfarandi ákvæði gilda um súð stafna á milli á svæði sem nær 300 mm upp fyrir hleðsluvatnslínu og 300 mm niður fyrir vatnslínu á bátunum við eigin þyngd án nokkurrar hleðslu. Auk þess gilda ákvæðin um botn frá framstefni og $0{,}2 \cdot L_m$ aftur fyrir stefnið.

2. Skilgreining styrkinga

2.1 Styrkingar vegna siglinga í ís eru sem hér segir:

1. Stefnisjárn
2. Mótstöðuvægi kjalar
3. Ísvörn á trébáta
4. Þykkt súðar
5. Mótstöðuvægi banda
6. Þvermál á skrúfuási

3. Styrkingar

3.1 Stefnisjárn skal vera framan á framstefni og ná niður undir kjöl, minnst einn metra aftur fyrir samskeyti kjalar og stefnis. Þverskurðarflatarmál stefnisjárnsins skal vera minnst:

$A = 80 \cdot L_m \text{ mm}^2$

3.2 Mótstöðuvægi kjalar skal vera minnst tvöfalt meira en í kröfum um kjöl skemmtibáta.

3.3 Á trébáta skal setja ísvörn á allt það svæði sem tilgreint er í 1.2. Ísvörnin skal vera úr stáli, áli eða kopar. Þykktin skal vera með tilliti til stærðar bátsins og plöturnar festar á fullnægjandi hátt, án þess að ál eða kopar snerti stál.

3.4 Þykkt súðar skal ekki vera minni en:

$t_{ís} = 1{,}3 \cdot t + 1{,}5 \text{ mm}$

t = þykkt á súð skv. ákvæðum í V-21 og V-22, V-23, V-24 eða V-25.

3.5 Mótstöðuvægi banda skal ekki vera minna en:

$W_{ís} = 1{,}5 \cdot W \text{ m}^3$

W = mótstöðuvægi banda skv. ákvæðum í V-21 og V-22, V-23, V-24 eða V-25.

3.6 Þvermál á skrúfuási skal ekki vera minna en:

$d_{ís} = 1{,}15 \cdot d \text{ mm}$

d = þvermál á skrúfuási samkvæmt ákvæðum í V-10.

NORÐURLANDAREGLUR

um smíði og búnað skemmtibáta með mestu lengd allt að 15 m

Efnisyfirlit

Almennt
1. Samþykkt á bátum
2. Skilgreiningar og tákn

Flothæfni
3. Fríborð og stöðugleiki
4. Hurðir og gluggar
5. Austurop og önnur op á bol
6. Austurbúnaður

Stýris- og vélbúnaður
7. Stýrisbúnaður
8. Vélbúnaður
9. Eldsneytisbúnaður
10. Reynslusigling
11. Rafbúnaður

Fyrirkomulag og búnaður
12. Bátar með flotholt
13. Öryggi manna
14. Eldvarnir
15. Segl og reiði
16. Festartæki og legufæri
17. Siglingaljós

Bátar úr ýmsum efnum
18. Bátar úr hitadeigu plasti
19. Bátar úr járnbentri steinsteypu
20. Kanúar

Efnismál
21. Álagsstuðlar
22. Bátar úr trefjaplasti
23. Stálbátar
24. Álbátar
25. Trébátar

Framleiðsla
26. Bátar úr trefjaplasti
27. Stálbátar
28. Álbátar
29. Trébátar

SAMÞYKKT Á BÁTUM S-1

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Gildissvið
3. Afhending báta
4. Umsókn um samþykkt
5. Smíðalýsing
6. Innra framleiðslueftirlit
7. Eftirlit og prófanir
8. Forsendur samþykktar
9. Skilti og skírteini

1. Almennt

1.1 Bátar sem eru raðsmíðaðir samkvæmt reglum þessum fá bátsgerðarviðurkenningu þegar einn bátur hefur verið skoðaður og prófaður og niðurstaðan sýnir að hann uppfyllir ákvæði reglnanna.

1.2 Bátsgerðarviðurkenning er veitt raðsmíðuðum bátum sömu gerðar sem smíðaðir eru undir eftirliti sem felst í skyndiskoðunum.

1.3 Bátsviðurkenning er veitt bátum sem smíðaðir eru undir sérstöku eftirliti og hver bátur prófaður sérstaklega að smíði lokinni.

1.4 Samþykkt báta samkvæmt reglum þessum er veitt af siglingamálastofnunum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð eða af Det norske Veritas. Samþykktin miðast við nýja báta áður en þeir eru teknir í notkun.

1.5 Eigendur gamalla báta geta fengið þá samþykkta samkvæmt reglum þessum, enda uppfylli bátarnir ákvæði reglnanna. Skal samþykktin fara fram sem um nýja báta væri að ræða.

1.6 Viðgerðir og endurbætur á bátum skulu unnar samkvæmt ákvæðum reglnanna eftir því sem við á hverju sinni.

2. Gildissvið

2.1 Reglur þessar gilda um báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

2.2 Reglurnar gilda fyrst og fremst sem kröfur um öryggi, en einnig um gæði, endingu, notagildi o.þ.h. að því marki sem þessir þættir varða öryggi bátanna.

2.3 Reglurnar taka ekki til gæða, endingar eða notagildis, ef þessir þættir hafa ekki þýðingu fyrir öryggi bátanna.

2.4 Bátar sem eru smíðaðir við aðrar aðstæður, úr öðru efni, með öðrum aðferðum, með annarri tegund styrkinga, með annan búnað eða annan frágang á vélum og tækjum en reglur þessar segja fyrir um, geta að undangenginni sérstakri athugun fengist samþykktir ef þeir teljast uppfylla ákvæði reglnanna.

2.5 Gera má kröfur umfram ákvæði reglnanna ef nauðsynlegt er talið til að ná því marki sem reglurnar miða að.

2.6 Kröfur reglnanna er settar fram með orðalaginu „skal" eða „skal ekki". Með orðalaginu „á" og „skal almennt" eða „á ekki" og „skal almennt ekki", er átt við kröfu þar sem sam-svarandi útfærsla getur komið í staðinn.

2.7 Reglurnar byggjast á eftirfarandi skilyrðum fyrir notkun bátanna:
- að ekki sé látinn meiri þungi í bátana en þeir eru viðurkenndir fyrir
- að ekki sé notuð kraftmeiri vél í bátunum en þeir eru viðurkenndir fyrir
- að skipstjórar bera fulla ábyrgð á notkun bátanna með tilliti til veðurs og sjólags, ganghraða í slæmu veðri, ásamt staðsetningar manna, búnaðar og annarrar hleðslu um borð
- að opnir bátar séu aðeins á sjó þar sem þeir geta leitað hafnar með stuttum fyrirvara ef veður versnar
- að ef reiði er til staðar sé hann settur upp á öruggan hátt
- að stjórnendur bátanna geri sér grein fyrir að bátarnir eru ekki styrktir til siglinga í ís.

3. Afhending báta

3.1 Bátsgerð er skilgreining á bátum sem eru af sömu stærð og lögun, hafa sama búnað, fyrirkomulag og eiginleika.

3.2 Bátar af viðurkenndri gerð eiga að vera fullsmíðaðir og með allan fastan búnað þegar þeir fara frá bátasmíðastöðinni, þannig að hægt sé að taka þá í notkun án frekari aðgerða. Takmarkanir á notkun bátanna miðast við útfærslu þeirra samkvæmt samþykktri smíða-lýsingu.

3.3 Bátsgerð getur fengist samþykkt með mismunandi útfærslu, t.d. stjórntækjum, gleri í gluggum, yfirbyggingum o.s.frv., sem auðveldlega má koma fyrir í bátunum.

3.4 Viðurkenndar bátsgerðir skulu kynntar undir nafni sem ekki er hægt að taka fyrir aðra bátsgerð eða aðra útfærslu á sömu bátsgerð.

3.5 Bátar sem viðurkenndir eru til eiginsmíði skulu vera á því smíðastigi er þeir fara frá bátasmíðastöðinni að allir þeir hlutir sem varða styrk bátanna séu fullsmíðaðir, þar með taldar undirstöður véla. Eiginsmíði kaupandans nær því aðeins til frágangs sem skoðunarmenn geta skoðað og metið þegar smíði bátsins er lokið.
Bátar til eiginsmíði skulu prófaðir sérstaklega hver og einn að smíði lokinni.

3.6 Bátum sem afhentir eru kaupanda til eiginsmíði skal fylgja samþykkt smíðalýsing, þar sem fram kemur hvernig bátarnir skuli búnir til að þeir uppfylli ákvæði reglna. Ennfremur skal þess getið hvaða vélar og tæki eru samþykkt í bátana.

3.7 Þegar kaupandi hefur fullsmíðað bát sem hann keypti til eiginsmíði, ber honum að sækja um skoðun og prófun á bátnum og fá hann endanlega samþykktan.

4. Umsókn um samþykkt

4.1 Umsókn um samþykkt á bátum skal gera skriflega af bátasmiðnum eða fulltrúa hans.

4.2 Með umsókn um samþykkt skuldbindur umsækjandi sig til að leggja fram réttar upplýsingar um smíði og búnað bátanna auk þess sem hann ábyrgist:
- að farið verði að kröfum um efni og smíði almennt
- að skoðanir og prófanir fari fram á prufubáti hverrar bátsgerðar þar til fyrir liggur að prufubáturinn uppfyllir að öllu leyti ákvæði reglna
- að allir bátar sömu gerðar séu eins smíðaðir og prufubáturinn
- að skyndiskoðanir og annað eftirlit með smíði bátanna geti farið fram svo fullnægjandi sé

- að bætt sé úr ef athugasemdir eru gerðar við skoðun.

5. Smíðalýsing

5.1 Þegar sótt er um samþykkt á báti/bátsgerð skal fylgja umsókninni smíðalýsing með teikningum í þremur eintökum fyrir hvern bát.

5.2 Í smíðalýsingu skulu koma fram minnst eftirgreindar upplýsingar:
- almennar upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir samþykktina, svo sem auglýsingabæklinga, niðurstöður prófana og þess háttar
- upplýsingar um smíðaverkstæði, smíðaaðferð, efni, efnismál og styrkingar
- fyrirkomulag bátanna, hleðslu, stöðugleikagögn þar sem þeirra er krafist, lýsingu á flotholtum og upplýsingar um op og lokunarbúnað
- vél- og eldsneytisbúnað stýri og stýrisbúnað ásamt rafbúnaði.
- annan búnað svo sem austur- og slökkvibúnað, festartæki, handrið, handföng o.þ.h.

6. Innra framleiðslueftirlit

6.1 Framleiðendur skulu hafa fullnægjandi eftirlit með eigin framleiðslu sem tryggir að bátarnir uppfylli kröfur í reglum.

6.2 Starfsmenn skulu hafa nákvæmar leiðbeiningar um verklag hvers smíðaáfanga sem gera þeim mögulegt að vinna sitt verk í samræmi við samþykktar teikningar og smíðalýsingar.

6.3 Niðurstaða eftirlits með hverjum báti skal skrásett og undirrituð og merkt smíðanúmeri viðkomandi báts.

6.4 Sá sem ábyrgur er fyrir framleiðslunni skal hafa kunnáttu til að geta metið verklag og gæði framleiðslunnar.

6.5 Eftirlit skal haft með eftirgreindum atriðum:
- hráefni
- geymslu- og framleiðsluaðstöðu
- verklagi
- að unnið sé í samræmi við samþykkta smíðalýsingu.

7. Eftirlit og prófanir

7.1 Eftirlit skal haft með framleiðslu á bátum.

7.2 Við eftirlit skal gengið úr skugga um að prufubátur hverrar bátsgerðar sé í einu og öllu smíðaður samkvæmt samþykktri smíðalýsingu og að verklag sé eins og vera ber.

7.3 Við smíði á raðsmíðuðum bátum skal fylgst með innra eftirliti bátasmíðastöðvarinnar en bátarnir eru háðir skyndiskoðunum.

7.4 Skipaskoðunarmenn ákveða tíðni skyndiskoðana með hliðsjón af þeim fjölda báta sem eru smíðaðir á hverjum stað.

7.5 Bátar til eiginsmíði eru háðir sama eftirliti og aðrir viðurkenndir bátar. Aðeins sá hluti bátanna sem smíðaður er hjá bátasmíðastöðinni getur flokkast undir raðsmíði. Hver bátur skal vera merktur með smíðanúmeri og nafni framleiðanda.

7.6 Stórir bátar, bátar sem eru margbrotnir í smíði og bátar sem ekki eru raðsmíðaðir, skulu skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig. Bátarnir skulu skoðaðir eftir því sem ástæða þykir til en þó minnst einu sinni meðan á smíði stendur og síðan að smíði lokinni.

7.7 Við prófun á prufubáti skal athuga stöðugleika hans, flothæfni og hleðslu, en einnig skal bátnum reynslusiglt við aðstæður sem skoðunarmaður telur fullnægjandi. Niðurstöður prófana skulu skráðar.

7.8 Hver bátur með bátsviðurkenningu skal prófaður fyrir afhendingu til kaupanda eftir sérstakri áætlun sem ákveðin er við samþykkt á bátunum. Fyrir raðsmíðaða bátsgerð nægir að prófa einn prufubát.

8. Forsendur samþykktar

8.1 Ef bátar eru ekki í einu og öllu samkvæmt reglum þegar þeir eru afhentir kaupanda, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.2 Ef gerðar eru breytingar varðandi efni, efnisuppbyggingu, festingu á vél og tækjum eða öðru sem snertir smíði bátanna, án þess að það hafi verið samþykkt sérstaklega, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.3 Ef bátasmiður fer ekki eftir þeim ábendingum sem fram koma við eftirlit með smíði báta, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.4 Ef smíði báta er flutt til annars smíðaverkstæðis skal það samþykkt sérstaklega, annars fellur samþykktin á bátsgerðinni úr gildi.

8.5 Ef samþykkt á bátsgerð er afturkölluð vegna misgerða, getur það leitt til þess að tilkynn-ing þar að lútandi verði birt obinberlega. Við endurnýjun samþykktar skal fara að sem við samþykkt báta í fyrsta sinn.

8.6 Þó smíði báta af samþykktri bátsgerð sé hætt um stundarsakir getur samþykktin gilt áfram.

9. Skilti og skírteini

9.1 Bátasmiður skal sjá til þess að hver bátsgerðarviðurkenndur bátur sem hann smíðar sé merktur með viðurkenningarskilti sem skal varanlega fest í bátinn. Bátasmiðurinn stað-festir þar með að hver einstakur bátur samsvari hinum samþykkta prufubáti.

9.2 Allir samþykktir bátar skulu merktir varanlega með smíðanúmeri og nafni bátasmiðsins.

9.3 Á viðurkenningarskilti skal koma fram nafn og merki þess aðila sem viðurkennir bátinn.

9.4 Bátar með bátsviðurkenningu skulu merktir með skilti eins og bátsgerðarviðurkenndir bátar.

9.5 Á viðurkenningarskírteini er tilgreint nafn bátsgerðarinnar, aðalmál bátsins og aðrar upplýsingar, svo sem hvernig hann er knúinn áfram og hvaða takmarkanir báturinn hefur. Ennfremur skal vera á skírteininu eftirgreind yfirlýsing:

Hér með er staðfest að ofangreind bátsgerð er smíðuð skv. gildandi Norðurlanda-reglum.

Allir bátar af þessari gerð skulu merktir með viðurkenningarskilti sem staðfestir að hver bátur samsvari samþykkt á viðkomandi bátsgerð. Bátsgerðarviðurkenning þessi gildir þar til nýjar reglur taka gildi.

Á viðurkenningarskírteini skal ennfremur tilgreina, hvort báturinn er smíðaður sem þilfarsbátur eða opinn bátur.

9.6 Á viðurkenningarskírteini fyrir báta sem eru skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig, bátar með bátsviðurkenningu, skal tilgreint nafn bátsgerðarinnar og smíðanúmerið og einnig eftirgreind yfirlýsing:
Hér með er staðfest að ofangreindur bátur er smíðaður skv. gildandi Norðurlandareglum.
Á viðurkenningarskírteini skal ennfremur tilgreina hvort báturinn er smíðaður sem þilfarsbátur eða opinn bátur.

9.7 Bátsskírteini má einnig veita raðsmíðuðum bátum ef þess er óskað og bátarnir skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig.

9.8 Þær takmarkanir á notkun báta sem fram koma á bátsskírteini, skulu miðaðar við búnað hvers einstaks báts en skulu þó vera innan þeirra marka sem tilgreind eru á viðkomandi bátsgerðarviðurkenningu.

VIÐURKENNINGARSKÍRTEINI

fyrir báta með mestu lengd allt að 15 metrum

Skírteini þetta staðfestir að nýsmíði nr ._____ frá bátasmíðastöðinni

_____

uppfyllir ákvæði reglna um báta [1] og hefur fengið úthlutað skipaskrárnúmerinu _____

Báturinn er af gerðinni_____ og bolur úr _____

Lm _____ m B _____ m D _____ m

Bátinn má ekki hlaða meira en sem nemur _____ kg [2]

Vélarafl má ekki fara yfir _____ kW

Bátsverjar mega ekki vera fleiri en _____ menn

Fríborð bátsins miðskips skal vera minnst _____ m [3]

1) Viðurkenning þessi nær ekki yfir lausan björgunar- og öryggisbúnað, fjarskiptabúnað eða siglingartæki og er háð þeim takmörkunum sem Siglingamálastofnun ríkisins kann að setja um notkun bátsins. Viðurkenningin fellur úr gildi ef báturinn verður fyrir áverkum eða honum er breytt þannig að hann uppfyllir ekki lengur ákvæði reglna.

2) Til hleðslu skal telja m.a. þyngd á mönnum, búnaði, innihaldi geyma, ásamt öðru því sem í bátnum er.

3) Bátinn má ekki hlaða þannig að stafnhalli, hliðarhalli, ganghraði bátsins eða önnur tilvik við notkun hans, valdi því að vatn safnist fyrir á þilfari eða plittum.

Viðurkenningarskírteini nr. _____

Gefið út af Siglingamálastofnun ríkisins

Reykjavík, _____ 19 _____

_____

SKILGREININGAR OG TÁKN S-2

Efnisyfirlit

1. Skilgreining á bátum
2. Aðalmál
3. Fríborð
4. Þyngdir
5. Tákn og einingar

1. Skilgreining á bátum

1.1 Bátar og bátsgerðir eru skilgreind í reglum þessum sem hér segir:


Bátur: Hver sá farkostur sem notaður er til ferða á sjó eða vötnum. Sjá einnig skilgreiningu í lögum um eftirlit með skipum.

Bátsgerð: Bátar sem hafa sömu lögun, stærð, fyrirkomulag og eiginleika.


Skemmtibátur: Bátur sem aðeins er notaður til skemmtisiglinga. Aðrir bátar teljast til vinnubáta.

Bátar til eiginsmíði: Bátar sem smiður afhendir kaupendum áður en smíði eða frágangi búnaðar er að fullu lokið. Sjá nánar í S-1.


1.2 **Þilfarsbátur** er bátur sem hefur þétt þilfar stafna á milli, frá síðu til síðu, nema þar sem þilfarið er rofið af veðurþéttri yfirbyggingu og lúgum.



1.3 **Opinn bátur** er bátur sem ekki er þilfarsbátur.



1.4 **Yfirbyggður bátur** er þilfarsbátur eða opinn bátur sem er yfirbyggður að verulegu leyti yfir fríborðsþilfari eða plittum.




1.5. Eftirgreindar skilgreiningar ráðast af framdrifi eða fyrirkomulagi bátanna.
Kanúi: Tvístefnungur sem er án búnaðar fyrir vél, árar eða segl.
Árabátur: Bátur sem knúinn er með árum.
Vélbátur: Bátur sem knúinn er með vél.
Segljulla: Seglbátur með eiginþyngd, G, minni en 300 kg.
Kjölseglbátur: Seglbátur með fastan hlasskjöl og/eða innbyggða kjölfestu.
Vélbátur með hjálparsegl: Vélbátur með segl sem hafa takmarkað flatarmál.

1.6 Með orðinu „plittur" er átt við krossviðarplötur, hlera og aðra palla í opnu rými opinna báta. Gildir það einnig um palla sem eru smíðaðir sem þilfar, en uppfylla ekki kröfur í 1.2.


2. Aðalmál

2.1 Við mælingu á aðalmálum skal reikna með öllum föstum hlutum bolsins, þar með taldir hlífðarlistar. Hinsvegar skal ekki mæla stýrisfjaðrir, laus fríholt né annan auðlosanlegan búnað svo sem handrið, hlífðargrindur við utanborðsdrif, kili og þess háttar.


2.2 Mesta lengd í metrum, L_m, skal mæld eins og eftirfarandi myndir sýna:



2.3 Mesta breidd í metrum, B_m, og breidd á bol, B, skal mæld eins og eftirfarandi myndir sýna:



2.4 Dýpt í metrum, D, skal mæld á miðri mestu lengd, frá efri brún á borðstokki eða þilfari að útsíðu botnsúðar, miðskips á flatbotna bátum, en við hlið kjalar á kjalbátum. Sjá eftirfarandi myndir:



2.5 Djúprista í metrum, d, skal mæld niður á neðri brún kjalar þar sem hann er lægstur.

3. Fríborð

3.1 Á þilfarsbátum skal mæla fríborð upp að efri brún á þilfari við síðuna en ekki upp á brún skjólborðsklæðningar, jafnvel þó hún sé þétt niður að þilfarinu.

3.2 Á opnum bátum skal mæla fríborð upp að þeim stöðum sem vatn kemur til með að renna fyrst inn í bátana. Þó skal ekki mæla að opum sem eru minni en 20 mm í þvermál ef þau eru ofan við 0,5 × F við hámarkshleðslu eða eru búin einstefnulokum.

3.3 Fríborð að framan, f_f, og fríborð á síðu, f_s, má mæla upp að þeim punkti á reisn eða skjólborði sem er hámark 200 mm innan við ytri brún á hlífðarlista.

3.4 Fríborð að aftan, f_a, má mæla upp á efri brún á brunni fyrir utanborðsvél. Á seglbátum án afturgafls má mæla upp að efri brún á þröskuldi í vistarverur.


3.5 Skilgreining á fríborði er sem hér segir:


F : Meðalfríborð = $^1/3\ (f_f + f_s + f_a)$


f_f : Fríborð að framan


f_s : Fríborð á síðu sem næst miðskips eða þar sem vatn kemur fyrst til með að renna inn í bátinn á svæði frá $^1/4 \times L_m$ til $^3/4 \times L_m$


f_a : Fríborð að aftan eða á þeim stað sem vatn kemur fyrst til með að renna inn í bátinn aftan frá.











4. Þyngdir

4.1 Eiginþyngd, G, er þyngd á báti með innréttingum og föstum búnaði. Fyrir báta með segl skal sigla og reiði reiknast með í eiginþyngd. Fyrir báta með innanborðsvél, skal vélin og búnaður hennar reiknast með. Fyrir báta með utanborðsvél skal þyngd vélar skv. línuriti á mynd 2.1 reiknast með. Rafhlöður skulu reiknaðar með í öllum bátum með innanborðsvél og í bátum með utanborðsvél aflmeiri en 25 kW (34 hö). Búnaður skv. 4.2 skal reiknaður með í eiginþyngd allra báta.

4.2 Þyngd á búnaði, svo sem akkeri, akkerisfesti, dráttartógi, árum, bátshaka, handslökkvitækjum og þess háttar sem reiknast með í eiginþyngd bátanna, skal ekki vera minni en:

$P = 15 (L_m - 3)$ kg

4.3 Hámarkshleðsla, P, er sú þyngd sem heimilt er að setja í bát umfram það sem telst til eiginþyngdar. Til hámarkshleðslu teljast eftirgreindar þyngdir:

- þyngd þeirra manna sem mega vera um borð í bátnum samtímis og skal gera ráð fyrir að hver maður vegi 75 kg
- þyngd á persónulegum munum sem skal áætlað 30 kg fyrir hvern mann, þó þarf ekki að reikna með persónulegum munum í opnum bátum án yfirbyggingar

- þyngd á eldsneyti og vatni í fullum geymum sem reiknast 0,85 fyrir hvern lítra af eldsneyti og 1,0 fyrir vatn
- þyngd á farmi, ef í bátnum er rými fyrir farm

4.4 Þyngd á færanlegum bensíngeymum og rafhlöðum skal reiknuð skv. eftirfarandi töflu:

Vélarafl kW	Vélarafl hö	Bensíngeymir kg	Rafhlaða kg
- 3,0	- 4,1	-	-
3,1 - 6,0	4,2 - 8,2	15	-
6,1 - 26,0	8,3 - 35,4	30	-
26,1 -	35,5 -	30	20

Í bátum þar sem gert er ráð fyrir fleiri en einum bensíngeymi eða rafhlöðu, skal margfalda þyngdina sem tilgreind er í töflunni með viðkomandi fjölda.

4.5 Hámarksþyngd báta, Δ, er summan af eiginþyngd, G, og leyfilegri hleðslu, P:
$\Delta = G + P$ kg.

5. Tákn og einingar

5.1 Tákn sem notuð eru í reglunum

Tákn	Eining	Stærð
A	m^2, cm^2 A	flatarmál/amper
a	mm^2, cm^2	flatarmál
B	m	breidd
B_m	m	mesta breidd
b	mm	breidd
c	c	senti
D	m	dýpt
d	m	djúprista/þvermál
d_v	mm	þvermál
E	MPa/m	sveigjufjaðurstuðull/lengd á segli
F	m	meðalfríborð
f	m/mm	fríborð/leiðréttingarstuðlar/hæð á kúpu
G	kg	eiginþyngd
g	kg	kjalarþungi/þyngd lóða
H	m	hæð
h	mm	hæð
I	mm^4/m	tregðuvægi/hæð á segli
J	Nm/m	júl/lengd á segli
K	Nf	kraftur
k	k	leiðréttingarstuðull/kíló/ fastastærð
L	m	lengd vatnslínu

L_m	m	mesta lengd
l	mm	spennilengd
M	Nm	vægi
m	m	metri, milli
N	N	newton
n	fjöldi	menn/boltar
°	gráður	gráður, celsíus
P	kg, N/m	kraftur/þyngd/álag/hleðsla/lengd á segli
p	MPa, kW	þrýstingur, vélarafl
Q	m^3/mín	afköst
q	m^3/klst/kW	afköst
R	mm	radíus
r	sn/sek.	snúningar
S	cm, mm	vægisarmur
s	mm	millibil styrkinga
t	mm	þykkt/tonn
U	kW	hámarksvélarafl
V	hnútur/m^3	ganghraði/rúmmál
v	kg/m^3	eðlisþyngd/rúmmál
W	mm^3 W	mótstöðuvægi, Watt
∝	gráður	geiri
ß	gráður	geiri
σ	MPa	spenna
Δ	kg	sæþyngd
τ	MPa	skerþol

5.2 Í reglum þessum eru notaðar einingar hins alþjóðlega einingakerfis „Systeme International d'Unites" skammstafað SI.

Helstu SI-einingar í reglunum eru:

Stærðir	SI-einingar	Tákn
afl	watt	W
hiti	celsíus	°C
kraftur	newton	N
lengd	metri	m
massi	kílógramm	kg
rafstraumur	amper	A
tíðni	herz	Hz
tími	sekúnda	sek
tími	mínúta	mín
tími	klukkustund	klst
vinna	júl	J
þrýstingur	pascal	Pa

Helstu yfir- og undireiningar eru myndaðar með:

Stærðir	Nafn	Tákn
milljón	mega	M
þúsund	kíló	k
1 hundraðasti	senti	c
1 þúsundasti	milli	m


Gildi SI-eininga:

SI-einingar	Gildi	Eldri einingar
1 N	1 kg m/sek	0,1020 kp
1 Pa	1 N/m^2	0,0010 kp/cm^2
1 kPa	0,001 MPa	0,0102 kp/cm^2
0,1 MPa	1 bar	1,0200 kp/cm^2
1 MPa	1 N/mm^2	0,1020 kp/mm^2
1 W	1 J/sek	0,8600 kcal/h
1 kW	3,6 MJ/klst	1,3600 hö
0,7355 kW		1 hö

1 hnútur = 1 sjóm/klst = 1,85 km/klst = 0,514 m/sek

Mynd 2.1

Þyngd á utanborðsvélum sem reiknast með í eiginþyngd skal ákveðin út frá eftirfarandi línuriti. Þyngdin skal hækkuð upp í næstu 5 kg tölu.



FRÍBORÐ OG STÖÐUGLEIKI S-3

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Hámarkshleðsla og fríborð
3. Stöðugleiki þilfarsbáta
4. Stöðugleiki almennt

1. Almennt

1.1 Fyrirkomulag báta skal vera á þann veg að með eðlilegri notkun og góðri sjómennsku sé ekki hætta á að þeir fyllist af sjó. Þilfarsbátar teljast uppfylla þessa kröfu.

1.2 Opnir bátar skulu hafa það gott fríborð að ekki séu miklar líkur á að þeir fyllist af sjó.

1.3 Ef ætla má að fyrirkomulagið eitt nægi ekki til að tryggja öryggi bátanna, skulu þeir búnir flotholtum þannig að þeir uppfylli ákvæði um flothæfni skv. S-12.

1.4 Seglbátar sem ekki verða réttir í skyndi með því að menn færi sig til í bátunum skulu almennt vera með þröm sem varnar því að vatn renni inn í bátana við halla.

1.5 Flatarmál opa í þilfari kjölseglbáta skal ekki fara yfir 30% af heildarflatarmáli þilfarsins.

2. Hámarkshleðsla og fríborð

2.1 Hámarkshleðsla er ákveðin út frá eftirgreindu:

a) Sæþyngd opinna báta skal ekki vera meira en:
$\Delta = (12 \times L_m \times B)^{1,5}$ kg, sjá línurit á mynd 3.1

b) Hámarkshleðsla skal aldrei vera meiri en lágmarksfríborð leyfir

c) Hámarkshleðsla getur takmarkast af styrk bátsins.

2.2 Hámarkshleðsla skemmtibáta skal aldrei vera meiri en þyngd á leyfilegum fjölda manna um borð samtímis, búnaði og innihaldi geyma.

2.3 Hámarksfjöldi manna er ákveðinn með hliðsjón af eftirgreindu:

a) Hve marga menn, sem vega 75 kg hver, báturinn getur borið með tilliti til lágmarksfríborðs

b) Hve marga menn má hafa í bátnum með tilliti til stöðugleika hans

c) Hve mörg sæti eru í bátnum eða önnur aðstaða fyrir menn

d) Hve marga menn báturinn ber með tilliti til ákvæða um flothæfni vatnsfylltra báta.

2.4 Bátar sem falla undir eftirfarandi upptalningu skulu búnir flotholtum:

a) Bátar með L_m minni en 5,5 m

b) Bátar með minna meðalfríborð, F, en sem hér segir:

$$F = \frac{4,5 \times \Delta}{1000 \times L_m \times B} \text{ m, þó minnst } F = 0,5 \text{ m}$$

c) Opnir seglbátar, þó ekki vélbátar með hjálparsegl.

2.5. Þilfarsbátar og opnir bátar, sem skulu búnir flotholtum og uppfylla kröfur í S-12, sbr. ákvæði í 2.4 mega ekki hafa minna meðalfríborð, F, en sem hér segir:

$$F = \frac{3,2 \times \Delta}{1000 \times L_m \times B} \text{ m, þó minnst } F = 0,2 \text{ m}$$

Þó má samþykkja minna fríborð á bátum sem uppfylla kröfur til kjölseglbáta.

2.6 Á opnum bátum skal fríborð að aftan ekki vera minna en 80% af meðalfríborði.

2.7 Opnir bátar sem óskast samþykktir fyrir utanborðsvél skulu hafa minnst 100 mm fríborð að aftan með utanborðsvélina og bensíngeyminn á sínum stað og 75 kg á öftustu þóftu.

3. Stöðugleiki þilfarsbáta

3.1 Réttiarmur þilfarsbáta við 30° halla skal ekki við nokkurt hleðslutilvik vera minni en:
$GZ_{30} = 0{,}20$ m
GZ-bogalínan skal sýna lengstan réttiarm við halla yfir 25°
GZ-bogalínan skal vera jákvæð við allt að 40° halla bátsins
GZ-bogalínan skal enda við hallahornið sem er þegar vatn fer að renna inn í bátinn um fyllingarop.

3.2. Op sem eru ekki búin veðurþéttum lokunarbúnaði skoðast sem fyllingarop.

4. Stöðugleiki almennt

4.1 Við eiginþyngd skal ekki renna vatn inn í bátinn þegar $n \times 20$ kg, þó minnst 40 kg eru staðsett á $B_m/2$ frá miðlínu.
n = sá hámarksfjöldi manna sem báturinn er viðurkenndur fyrir.
Hallalóð skulu staðsett í borðstokkshæð við mestu breidd bátsins.


4.2 Til að fyrirbyggja að báturinn leggist á hliðina við að allir skipverjar flytji sig til sömu síðu, skal báturinn við mestu hleðslu uppfylla þá kröfu að vatn renni ekki inn í hann þegar $n \times 75$ kg ásamt annarri hleðslu er á plittum, svo nærri sömu síðu og mögulegt er en þó aldrei nær miðlínu en $B_m/4$.
Við athugun á stöðugleika við mestu hleðslu skulu hallalóð vera á plittum og deilt niður langskips á þá staði sem ætlaðir eru mönnum. Annar þungi skal vera á sínum ákveðna stað um borð. Lóð sem nema þunga búnaðar skulu vera á plittum og ef sá búnaður hefur ekki ákveðinn stað um borð skulu lóðin vera aftast ef mögulegt er.

4.3 Á bátum þar sem almennt þarf að ganga eftir þröm til sæta má báturinn ekki halla meira en 15° við 75 kg þunga á þröminni.

4.4 Segljullur skulu við eiginþyngd og með fallkjöl uppi vera það stöðugar að vatn renni ekki inn í þær þegar 75 kg eru staðsett á móts við siglu minnst $B_m/4$ frá miðlínu, eða þar sem eðlilegast er að stíga um borð. Á þilfarsbátum skulu hallalóðin vera á þilfarinu en í opnum bátum á þóftum eða plittum.

4.5 Kjölseglbátar með þilfari skulu hafa réttandi vægi með halla allt að 130°.

Mynd 3.1


kg
18000
16000
14000
12000
10000
8000
6000
4000
2000
10
20
30
40
50
60
L_m B m^2

HURÐIR OG GLUGGAR S-4

Efnisyfirlit

1. Hurðir og lúgur
2. Gluggar

1. Hurðir og lúgur

1.1 Eftirgreindar kröfur gilda um þilfarsbáta.

1.2 Op til rýmis undir þilfari skulu varin með veðurþéttum hurðum eða lúgum sem ekki opnast inn.

1.3 Op til rýmis undir þilfari frá brunni í þilfari skal hafa þröskuld sem er ekki lægri en 300 mm. Þröskuldurinn má vera laus ef hann er hluti af lokunarbúnaði opsins.

1.4 Op úr stjórnbrunni til rýmis undir þilfari á lokuðum seglbátum skal vera þannig lagað að þó opinu sé lokað þétt frá stjórnbrunninum upp að þilfari hindri það ekki út- og inngöngu í rýmið.

1.5 Úthliðar yfirbygginga eða stjórnklefa skulu vera nægilega sterkar til að þola ágjöf sjávar.

2. Gluggar

2.1 Litað gler eða rúður úr efni sem auðveldlega rispast má ekki hafa við stýri nema hægt sé að horfa framhjá glerinu ef með þarf.

2.2 Glugga skal festa tryggilega, einkum með tilliti til þrýstings utan frá. Gler í gluggum skal ekki vera þynnra en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

2.3 Gluggar á bátssíðu skulu vera með fastan ramma og ekki staðsettir neðar en 500 mm yfir hleðsluvatnslínu á þilfarsbátum og 350 mm á opnum bátum og bátum yfirbyggðum að hluta. Opnanlegir gluggar skulu ekki vera stærri en 200 × 300 mm, nema innan við þá sé lúga á lömum sem loka má vatnsþétt.

Hæð	200	300	400	500	600	700
Breidd	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3	1 2 3
200	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 6
300	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 6	4 5 6	4 6 6
400	4 5 5	4 5 5	4 5 6	4 6 6	4 6 8	5 6 8
500	4 5 5	4 5 6	4 6 6	4 6 8	5 6 10	5 8 10
600	4 5 5	4 5 6	4 6 8	5 6 10	5 8 10	5 8 10
700	4 5 6	4 6 8	5 6 8	5 8 10	5 8 10	5 8 10
800	4 5 -	4 6 -	5 6 -	5 8 -	5 8 -	6 10 -
900	4 5 -	5 6 -	5 8 -	5 8 -	6 10 -	6 10 -
1000	4 5 -	5 6 -	5 8 -	5 8 -	6 10 -	6 10 -
1100	4 5 -	5 6 -	5 8 -	6 10 -	6 10 -	6 12 -
1200	4 5 -	5 6 -	5 8 -	6 10 -	6 10 -	6 12 -
1300	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 10 -	6 12 -	6 12 -
1400	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 10 -	6 12 -	6 12 -

Þykktin er miðuð við hert gler, samanlímt gler og akrýlgler í mm.
Dálkur 1: Gler í gluggum opinna báta
Dálkur 2: Gler í gluggum þilfarsbáta, sem skal vera í föstum ramma
Dálkur 3: Gler í láréttum gluggum og lúgum sem geta orðið fyrir álagi.


AUSTUROP OG ÖNNUR OP Á BOL S-5

Efnisyfirlit

1. Op á súð
2. Frárennsli

1. Op á súð

1.1 Eftirgreind op á súð skulu búin lokanlegum loka;
- öll op neðar en 100 mm yfir hleðsluvatnslínu
- öll op á seglbátum sem fara niður fyrir vatnslínu við 30° halla bátanna
- öll op sem eru neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu.



1.2 Ekki er krafa um lokanlegan loka á sjálfausturbúnaði báta minni en 5,5 metrar, en þá skal búnaðurinn vera þannig að vatn renni ekki inn í bátinn við hámarkshleðslu.

1.3 Súðarlokar skulu vera fast við súðina og vera vel aðgengilegir til lokunar.

1.4 Lagnir að opum á súð skulu þannig lagðar að vatn renni ekki inn í bátinn þótt súðarlokar standi opnir.

1.5 Slöngur sem liggja að opum á súð sem eru neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu, skulu festar við tengistúta með tveimur hosuklemmum í báða enda.

2. Frárennsli

2.1 Brunnar í þilfari þilfarsbáta skulu hafa frárennsli fyrir borð.

2.2 Ef brunnur, V, er stærri en:

$V = 0{,}05 \times L_m\ m^3$

skal frárennsli brunnsins ekki vera minna en sem nemur fjórum opum sem hvert er 19 mm í þvermál. Frárennslin skulu losa vatn úr öllum hlutum brunnsins við öll hallatilvik bátsins.

AUSTURBÚNAÐUR S-6

Efnisyfirlit

1. Fyrirkomulag austurbúnaðar
2. Dæluafköst
3. Viðvörun um vatn

1. Fyrirkomulag austurbúnaðar

1.1 Opnir bátar og bátar yfirbyggðir að hluta sem eru 5,5 metrar og lengri, skulu búnir minnst einni handdælu sem skal vera föst í bátunum.

1.2 Þilfarsbátar skulu búnir minnst tveimur handdælum sem báðar skulu vera fastar í bátunum. Aðra dæluna skal vera hægt að nota inni í bátunum en hina á þilfari. Dælurnar skulu vera aðgengilegar til notkunar þó allir sætisbekkir, lúgur og önnur niðurgönguop séu lokuð.

1.3 Rafdælur eða vélknúnar dælur koma ekki í stað handdæla.

1.4 Soglagnir skulu ná niður í lægsta hluta bátsins þar sem vatn kemur til með að safnast fyrir.

1.5 Hvert rými undir vatnslínu skal hafa frárennsli til austurbrunnsins sem soglögn dælunnar liggur til.

1.6 Dælur og frárennslistappar/lokar skulu vera vel aðgengilegir og auðveldir í notkun.

2. Dæluafköst

2.1 Hver dæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Mesta lengd í metrum	Lítrar í slagi	
	blöðku-dæla	stimpil-dæla
5,5 - 8,0	0,50	0,70
8,0 - 10,0	0,70	1,00
10,0 -	0,90	1,25

2.2 Dælur skulu vera þannig byggðar að þær megi opna og hreinsa.

3. Viðvörun um vatn

3.1 Þilfarsbátar og opnir bátar með plitta ofan við hleðsluvatnslínu skulu búnir viðvörunarkerfi sem gefur merki um vatn í vélarúmi. Viðvörunarkerfið má vera tengt sjálfvirkum austurdælum.

STÝRISBÚNAÐUR S-7

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Stýriskraftur
3. Stýrisásar og hæltappar
4. Legur, stýrisástengi og þétting
5. Stýrisfjöður

1. Almennt

1.1 Stýrisbúnaður skal vera á þann veg að auðvelt sé að stjórna bátnum á þeim hámarkshraða sem báturinn er viðurkenndur fyrir. Barkastýrisbúnaður og stýrishjól skulu uppfylla ákvæði í EB-12 og EB-14. Stýrisbúnaður skal þannig varinn að hann geti ekki snert hluti sem gera stjórn bátsins erfiða eða ómögulega.

1.2 Á bátum sem ekki er stjórnað með stýrissveif sem fest er beint á stýrisásinn, skal vera stoppari við stýrisfjöðrina.

1.3 Bátar sem eru viðurkenndir fyrir aflmeiri utanborðsvélar en 15 kW (20 hö) skulu búnir stýrishjóli. Gera má kröfu um stýrishjól á öðrum bátum ef nauðsynlegt er talið af öryggisástæðum.

1.4 Stjórnborð, sem og annar stýrisbúnaður, skal hafa nægan styrk og vera það vel fest við bolinn að búnaðurinn þoli það álag sem á hann reynir, þar með talinn þann kraft sem stjórnandi bátsins gæti valdið í veltingi eða við aðrar hreyfingar bátsins. Heimilt er að krefjast skrúfaðra tenginga úr ryðfríu stáli. Allar skrúfaðar tengingar á stýrisbúnaði við bátinn skulu vera læstar.

1.5 Vökvaslöngur og rör skulu varin fyrir hita og sliti og vera fest með sem næst 300 mm millibili. Vökvaáfylling og lofttappar skulu vera aðgengilegir.

1.6 Á bátum sem ekki er stjórnað með stýrissveif sem fest er beint á stýrisásinn, skal vera neyðarstýri. Neyðarstýri má vera neðan þilfars að því tilskildu að það sé aðgengilegt frá þilfari undir öllum kringumstæðum. Á bátum með tvær skrúfur þarf ekki neyðarstýri, ef sýnt er með reynslusiglingu að örugglega má stjórna bátnum með skrúfunum. Á bátum með tvö aðskilin stjórnkerfi sem hvort um sig má nota til að stjórna bátnum, þarf ekki neyðarstýri ef stjórnkerfin eru ekki búin vökvaslöngum. Á bátum sem stjórnað er með utanborðsdrifi eða utanborðsvél þarf ekki neyðarstýri.

1.7 Göt fyrir stýrislagnir o.þ.h. á brunnum fyrir utanborðsvélar skulu vera þétt á fullnægjandi hátt.

2. Stýriskraftur

2.1 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:

K = stýriskraftur í N

P = kraftur á stýrisfjöður í N

$$P = 110 \times A \times V^2$$

A = flatarmál á stýrisfjöður í m^2

V = mesti ganghraði bátsins í hnútum

fyrir seglbáta skal $V = 4\sqrt{L}$

S_a = lengd á stýrisarmi í mm

S_b = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að skutlegu

S_v = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að snúningslínu á stýrisási, mælt hornrétt frá snúningslínu. Þrýstimiðja á plötustýri skal vera 40% af breidd stýrisfjaðrarinnar, mælt frá framkanti. Þrýstimiðja á tvöföldu stýri skal vera 30% af breidd stýrisfjaðrarinnar, mælt frá framkanti

T = prófunarálag

U = hámarksvélarafl í kW

M = vægi í Nmm

$R_p0,2$ = flotmörk í MPa

d_v = þvermál á gegnheilum stýrisási í mm

d_a = þvermál á stýrisási við stýrisarm í mm

d_t = þvermál á hæltappa í mm


2.2 Stýriskraftur á báti með utanborðsvél eða hálfutanborðsvél skal vera minnst:
$K = 10 \times U$ N

2.3 Stýriskraftur á báti með stýri skal við vélarfestinguna vera minnst:
$K = P \times S_v / S_a$ N


2.4 Stýrisbúnaður með fast stýrishjól skal þola eftirgreint álag ,T, á viðkomandi vél eða festingu stýrisarmsins:
$T = 3,5 \times K$ á barkastýrisbúnað
$T = 1,5 \times K$ á vökvastýrisbúnað
$T = 2,0 \times K$ á annan stýrisbúnað

3. Stýrisásar og hæltappar

3.1 Stýrisásar sem festir er í hællegu að neðan hafa snúningsvægið:
$M = 0,25 \times P \times S_b + 0,5 \times P \times \sqrt{S_b} + 2 \times S_v^2$



3.2 Stýrisásar á spaðastýri hafa snúnings- og beygjuvægið:
$M = 0{,}5 \times P \times S_b + 0{,}5 \times P \times \sqrt{S_b^2 + 2 \times S_v^2}$



3.3 Þvermál á gegnheilum stýrisási skal ekki vera minna en:
$d_v = 2{,}2\ \sqrt[3]{M / R_p 0{,}2}$ mm
$R_p 0{,}2$ = flötmörk stýrisássins í MPa
Þvermálið má þó minnka línulega frá skutlegu og upp að stýrisarmi niður í:
$d_a = 0{,}8 \times d_v$ mm

3.4 Holur stýrisás skal hafa þvermál skv. eftirfarandi líkingu:
$d_v = \sqrt[3]{(d_1^4 - d_2^4) / d_1}$ mm
d_v = þvermál á gegnheilum stýrisás
d_1 = ytra þvermál á hola stýrisásnum
d_2 = innra þvermál á hola stýrisásnum


3.5. Þvermál á hæltappa skal ekki vera minna en:
$d_t = 5 + 0{,}6 \times d_v$ mm

4. Legur, stýrisástengi og þétting

4.1 Legur við stýrisás og festingar leganna við bolinn skulu þola stýriskraftinn P. Lengd á legum skal ekki vera minni en d_v. Stýrisás við spaðastýri skal hafa stuðning af legu sem er minnst S_b ofan við skutleguna. Ef bilið á milli stýrisarms og skutlegu á stýri sem fest er með hællegu að neðan, er meira en 6 sinnum þvermálið á stýrisásnum, skal sett burðarlega efst á stýrisásinn.

4.2 Þvermál á boltum í stýrisástengi má ekki vera minna en:
$d_b = 0{,}65 \times d_v / \sqrt{n}$ mm
d_v = þvermál á stýrisási í mm
d_b = þvermál á boltum í mm
n = fjöldi bolta, boltar skulu ekki vera færri en fjórir

Fjarlægð bolta í láréttu stýrisástengi frá miðju stýrisáss skal ekki vera minna en sem nemur þvermáli ássins.



4.3 Boltar í stýristengingu skulu festir á þann veg að þeir losni ekki við titring. Þykkt á stýrsástengi skal ekki vera minni en þvermál bolta. Breidd á stýrisástengi utan við boltana skal ekki vera minni en þvermál bolta.

4.4 Stýrisáspípa á að ná minnst 350 mm upp fyrir hleðsluvatnslínu og vera búin þéttihring. Ef þessu verður ekki við komið, skal vera á stýrisáspípunni fullnægjandi þéttidós.

5. Stýrisfjöður

5.1 Stýrisfjaðrir sem eru auðlosanlegar skal þannig festa að þær geti ekki hrokkið af eða losnað.

5.2 Stýrisfjaðrir, sem ná niður fyrir kjöl eiga að vera þannig að hægt sé að fella upp þann hluta stýrisfjaðrarinnar sem nær niður fyrir kjölinn.

VÉLBÚNAÐUR S-8

Efnisyfirlit

1. Utanborðsvélar
2. Innanborðsvélar
3. Vélarúm
4. Útblásturslagnir
5. Loftræsting

1. Utanborðsvélar

1.1 Afturgafl fyrir utanborðsvélar skal búinn hlífðarplötum beggja megin sem er vel fest við gaflinn, vegna festiskrúfa vélanna. Á efri brún innri plötunnar skal vera minnst 5 mm hár kantur sem varnar því að festiskrúfur vélarinnar renni upp af gaflinum.

1.2 Bátar með vélarafl yfir 15 kW (20 hö) skulu hafa vélarbrunn með frárennsli til sjávar sem er minnst 15 mm í þvermál. Auk þess skulu vera möguleikar á að festa vélina með gegnumgangandi boltum.

1.3 Öll göt á vélarbrunni fyrir stjórnbarka, eldsneytislagnir o.þ.h., skulu vera þétt. Botn vélarbrunns skal vera ofan við sjólínu við eigin þyngd bátsins. Við hámarkshleðslu skal efri brún á afturgafli neðan við vélina, vera ofan við sjólínu.

1.4 Innanborðsrými sem ætlað er fyrir utanborðsvélar skal uppfylla ákvæði í 3.

2. Innanborðsvélar

2.1 Aðalvélar í skemmtibátum skulu vera viðurkenndar til nota í bátum (sjóvélar).

2.2 Ef einhver hlutur í vélbúnaði, svo sem blöndungur, síur o.þ.h., telst ófullnægjandi frá öryggissjónarmiði, má krefjast breytinga á honum eða endurnýjunar.

3. Vélarúm

3.1 Vélarúmið skal vera þannig staðsett í bátnum að mögulegt sé að ná vélinni út án frárifs.

3.2 Fyrirkomulag í vélarúmi skal vera á þann veg að rýmið sé ekki notað til annarra hluta en því er ætlað. Geymslurými skal vera aðskilið frá vélarýminu með skilrúmi eða samsvarandi.

3.3 Vélarúm skal vera þannig að vélbúnaður sem þarf þjónustu sé vel aðgengilegur. Ef nauðsynlegt þykir, má krefjast þjónustu- og skoðunarlúgu.

3.4 Efni til einangrunar í vélarúmi skal hafa minnst ildisstuðullinn 21 skv. ASTM D 2863, og hafa olíuhelda húð.

4. Útblásturslagnir

4.1 Á útblásturslögnum frá innanborðsvélum skal almennt vera hljóðkútur, þó nægir vatnskæld útblásturslögn frá litlum vélum.

4.2 Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að þær verði ekki fyrir ákomu. Lagnirnar má þó ekki loka inni í trefjaplasti.

4.3 Útblástursslöngur skulu vera viðurkenndar skv. ákvæðum í EB-9 og tengjast við stúta með tveimur hosuklemmum úr sýruheldu efni.

4.4 Útblástursslöngur skulu vera vatnskældar og búnar mæli sem gefur til kynna ef kælivatnið fer af slöngunni. Á vélum með hitaskipti skal vera viðvörun sem gefur merki ef sjókælingin fer af útblástursslöngunni.

4.5 Útblásturssop skal vera minnst 100 mm yfir hleðsluvatnslínu, nema ef lögnin frá opinu er pípa af minnst sama styrk og súðin sem er tryggilega fest við bolinn og nær minnst 100 mm upp fyrir hleðsluvatnslínuna.

5. Loftræsting

5.1 Loftræsting í vélarúmi skal vera á þann veg að hún uppfylli leiðbeiningar vélarframleiðanda um nauðsynlegt loftstreymi til vélarinnar og fyrirbyggi of mikinn hita í vélarúminu.

5.2 Vélarúm fyrir bensínvélar skal auk kröfu í 5.1 loftræst með gegnumtrekki sem myndast við innstreymi á annari síðu bátsins og útstreymi á hinni. Útstreymisrásin skal vera frá botni vélarúmsins.

5.3 Loftrásir fyrir eðlilegan súg skulu ekki hafa minna þverskurðarflatarmál hvor rás, en sem hér segir:

$A = 4000 \times C\ mm^2$, þó minnst $4500\ mm^2$

C = loftræsta rýmið í m^3

Ef rýmið er óreglulega lagað og ef loftrásirnar eru langar, getur þurft að auka þverskurðarflatarmál þeirra eða hafa sérstaka gerð lofthúfa.

5.4 Vélarúm fyrir bensínvélar skal auk loftræstingar með eðlilegum súg hafa vélknúna viftu. Viftan skal vera af viðurkenndri gerð og afköst tilgreind. Í bátum með vélknúna loftræstingu skal vera skilti við stjórntæki sem gefur til kynna að setja skuli viftuna í gang minnst 2 mínútum á undan vélinni.

5.5 Í vélknúinni loftrás skal afkastageta viftunnar ekki vera minni en sem hér segir:

$Q = 1{,}0 \times C\ m^3/mín$, þó minnst $1{,}5\ m^3/mín$

C = loftræsta rýmið í m^3

ELDSNEYTISBÚNAÐUR S-9

Efnisyfirlit

1. Færanlegir bensíngeymar
2. Fastir dísilolíugeymar
3. Fastir bensíngeymar
4. Eldsneytislagnir
5. Skilrúm vegna bensínvéla

1. Færanlegir bensíngeymar

1.1 Bátar sem eru viðurkenndir fyrir aflmeiri utanborðsvélar en 4 kW (5,5 hö) skulu hafa sérstakt rými fyrir færanlega bensíngeyma. Rýmið skal vera á aðgengilegum stað og þannig lagað að bensíngeymirinn sé í föstum skorðum eða festur með þar til gerðum festingum.

1.2 Frágangur varageyma skal vera á sama veg og tilgreint er í 1.1.

1.3. Færanlegir bensíngeymar skulu ekki rúma meira en 25 lítra. Stærri geymar skulu skoðast sem fastir geymar og frágangur þeirra vera samkvæmt því.

1.4 Rými fyrir færanlega geyma skal loftræsta út í opið rými bátsins og skal þverskurðarflatarmál loftrásarinnar ekki vera minna en 2000 mm^2 og vera annaðhvort langs heila hlið rýmisins eða tvær aðskildar loftrásir.

2. Fastir dísilolíugeymar

2.1. Geymar skulu vera traustbyggðir og styrktir á þann veg að þeir þoli minnst 0,04 MPa (0,4 kg/cm^2) þrýsting án þess að aflagast eða fram komi leki.

2.2 Þykktin á einstökum efnistegundum skal ekki vera minni en sem hér segir:

- Sjóþolið ál	2,00 mm
- Ryðfrítt stál	1,25 mm
- Stál ryðvarið að utan	1,50 mm
- Pólýetýlen	5,00 mm
- Trefjaplast	4,00 mm

Geymar úr trefjaplasti skulu húðaðir að innan með slithúð.

2.3 Dísilolíugeymar skulu standa á traustum undirstöðum og vera tryggilega festir. Ennfremur skulu geymar sem gætu tærst að utan vera þannig staðsettir að loftrás í kringum þá sé óhindruð.

2.4 Við hvert op sem er neðan við topp dísilolíugeymanna skal vera lokanlegur loki og skal lögn til vélar vera þannig staðsett að ekki sé hætta á lofti inn á kerfið við velting bátsins. Sama gildir um lögnina fyrir rennsli til baka frá vél, hún skal ná niður undir botn á geyminum. Óheimilt er að hafa síur inni í geymum.

2.5 Dísilolíugeymar skulu vera þannig uppbyggðir að mögulegt sé að skoða og hreinsa hvert hólf. Geymar sem rúma meira en 50 lítra skulu hafa skoðunarlúgu og ef með þarf skvettiskilrúm.

Skoðunarlúgan má vera lúga fyrir eldsneytismæli en skal vera þannig staðsett að geyminn megi hreinsa að innan gegnum lúguna.

2.6 Stútar fyrir tengingu á slöngum skulu vera riffluðir eða samsvarandi og það langir að hægt sé að koma fyrir á þeim tveimur hosuklemmum.

2.7 Dísilolíugeymar sem standa ofan á vél með fallrennsli til hennar eru almennt ekki viðurkenndir.

3. Fastir bensíngeymar

3.1 Í bátum með innanborðs bensínvél skulu bensíngeymar vera fastir í bátunum.

3.2 Fastir bensíngeymar skulu smíðaðir á sama veg og dísilolíugeymar, að því undanskildu að þá má aðeins smíða úr ryðfríu stáli eða sjóþolnu áli og allar lagnir skulu vera frá toppi geymanna. Ennfremur er óheimilt að hafa aftöppunarloka á bensíngeymum eða sjónglas fyrir hæðarmælingu.

3.3 Áfyllingarpípa geymanna skal ná eins langt upp á móts við áfyllingarop og mögulegt er með hliðsjón af tengingu og titringi. Tengihosur skulu vera eins stuttar og mögulegt er.

3.4 Fastir bensíngeymar skulu hafa sérstaka áfyllingarpípu og aðra loftpípu. Fyrir opi loftpípunnar skal vera loganet og skal opið vera þannig staðsett á bátssíðu að vatn geti almennt ekki gengið inn í geyminn. Þvermál áfyllingarpípunnar að innan skal ekki vera minna en 38 mm og loftpípunnar minnst 12 mm.

3.5 Áfyllingarop og loftpípuop skulu vera þannig staðsett að hugsanlegt yfirfall við áfyllingu fari ekki inn í bátinn.

3.6 Á bensínlögn sem tengd er saman með hosu skal vera jarðtenging á milli vélar og bensíngeymis. Áfyllingarstútur sem er tengdur áfyllingarpípu með hosu skal vera jarðtengdur bensíngeyminum.

3.7 Rými fyrir bensíngeyma skal loftræst á sama hátt og vélarúm fyrir bensínvélar.

4. Eldsneytislagnir

4.1 Í vélarúmi skal vera vatnsskilja með síu á aðgengilegum stað á eldsneytislögn til vélar sem gerir mögulegt að hleypa vatni undan eldsneytinu og fjarlægja óhreinindi án þess að nota þurfi verkfæri.

4.2. Eldsneytislögn á milli eldsneytisgeymis og vatnsskilju skal vera úr glóðuðum kopar eða sambærilegum efnum sem ekki ryðga eða harðna. Á dísilolíulögnum má þó nota slöngur sem uppfylla ákvæði í EB-8.

4.3 Á milli vatnsskilju og vélar má eldsneytislögnin vera stutt slanga með klemmutengingum.

4.4 Á eldsneytislögnum skal vera loki svo nærri eldsneytisgeyminum sem mögulegt er. Víkja má frá kröfu þessari ef lögnin er á þann veg að leki á henni geti ekki valdið rennsli úr eldsneytisgeyminum.

4.5 Eldsneytislagnir skulu lagðar þannig að þær verði ekki fyrir áverkum eða sliti og festar á þann veg að ekki geti myndast titringur í lögnunum.


4.6 Dísilolíuslöngur skulu tengjast riffluðum stútum sem eru nægilega langir til að hægt sé að festa slöngurnar með tveimur sýruheldum hosuklemmum.

4.7 Eldsneytislagnir skulu þéttiprófaðar með lofti og sápuvatni eða með fyllingu eldsneytisgeymisins að lokinni uppsetningu og tengingum.

5. Skilrúm vegna bensínvéla

5.1 Bátar með innanborðsbensínvél skulu hafa skilrúm sem kemur í veg fyrir að eldfimt gas breiðist um bátinn.

5.2 Bensínvél, bensíngeymir og vistarverur skulu aðskilin hvert frá öðru með þéttum skilrúmum, til dæmis eins og sýnt er á eftirfarandi myndum hér til hliðar:




5.3 Loftþétt skilrúm skulu ná frá botni bátsins og upp að bekkjum, föstu gólfi eða öðru slíku þannig að hólfin séu aðeins opin út í opið rými.

5.4 Rafhlöður má ekki staðsetja í sama rými og bensínvélar eða bensíngeyma, né í vistarverum. Þó má rafhlaða vera í vélarúminu ef hún er aðskilin frá því með þéttum botni og skilrúmum til hliðanna.

5.5 Öll gegnumtök í loftþéttum skilrúmum skulu vera þétt.

Mynd 9.1
Dæmi um eldsneytislagnir:
V = vél
E = eldsneytisgeymir
S = vatnsskilja
L = loki, sjá 2.4 og 4.4



REYNSLUSIGLING S-10

Efnisyfirlit

1. Útsýni
2. Stjórnpallur og stjórntæki
3. Reynslusigling
4. Prófun vélbáta
5. Prófun seglbáta

1. Útsýni

1.1 Útsýni frá stjórntækjum fyrir meðalstóran mann, standandi eða sitjandi eftir því sem við á hverju sinni, skal vera þannig að:
- yfirborð vatnsins sé sjáanlegt í fjarlægð sem er innan við fjórar bátslengdir framan við bátinn og upp að sjóndeildarhring á því gráðuhorni sem hliðarljósin ná til. Krafan skal uppfyllt við þau hleðslutilvik og þann ganghraða sem gera má ráð fyrir á viðkomandi báti. Þó má útsýni fram fyrir bátinn vera minna á meðan hann fer upp á plan, ef það tekur aðeins stuttan tíma.
- sjóndeildarhringurinn sé sjáanlegur til beggja hliða við siglingu á meðalhraða
- útsýni aftur fyrir bátinn sé nægilegt til að stjórnandi hans geti fylgst með skipum sem sigla í sömu stefnu og báturinn
- segl sem ekki eru með gagnsæjum reit skyggi ekki á útsýni frá stjórntækjum bátsins svo nokkru nemi
- gluggatjöld sem skyggja á útsýni frá stjórntækjum bátsins séu sett upp á þann veg að hægt sé að víkja þeim til hliðar, ef nauðsyn krefur við stjórn bátsins.

1.2 Ef útsýni minnkar að ráði við ágjöf eða regn skal vera rúðuþurrka sem hefur undan og ennfremur má takmarka fjarlægðina á milli rúðu og stjórnanda bátsins.

1.3 Staðsetning stjórnanda bátsins og fyrirkomulag á stjórnpalli almennt skal vera þannig að möguleikar stjórnandans til að stjórna bátnum minnki ekki við ljós eða speglun, hvorki við sólarljós eða önnur ljós í myrkri.

1.4 Gler í gluggum sem horfa þarf í gegnum við stjórn bátsins, má ekki vera þeim eiginleikum búið að það dragi svo nokkru nemi úr því ljósmagni sem í gegnum glerið fer, né að það hafi áhrif á liti sem varða siglingu bátsins.

2. Stjórnpallur og stjórntæki

2.1 Í bátum sem ganga hraðar en 15 hnúta skal vera stýrishjól á heppilegum stað beint framan við stjórnanda bátsins. Stýrishjól skal vera á öllum bátum sem ætlaðir eru fyrir utanborðsvél aflmeiri en 15 kw (20 hö). Stjórntæki vélar skulu vera innan við armslengd frá stjórntækjum bátsins.

2.2 Bátar með innanborðsvél sem knýr bátana hraðar en 40 hnúta skulu búnir öryggisrofa til að stöðva vélina. Í bátum sem eru með stjórntæki í opnu rými og ætlaðir eru fyrir utanborðsvél sem knýr bátana hraðar en 15 hnúta, skal vera skilti við stjórntæki með áletruninni:
NOTA SKAL ÖRYGGISROFA.

2.3 Í bátum með ganghraða yfir 25 hnútum skulu stjórntæki vélar, stilling á stafnhalla bátsins og stilling á halla utanborðsdrifs vera þannig fyrirkomið að stjórnandi bátsins geti náð til þeirra allra samtímis eða í beinu framhaldi hverju af öðru, án þess að sleppa stýrishjólinu.

2.4 Í bátum með ganghraða yfir 25 hnútum skulu allir mælar og önnur tæki sem nota þarf við siglingu bátsins, svo sem hraðamælir, mælar sem sýna stöðu utanborðsdrifs og stafnhalla bátsins, áttaviti og þess háttar, vera sem næst beint fyrir framan stjórnanda bátsins.

2.5 Í bátum með ganghraða yfir 40 hnútum á aðstaða við stjórntæki að vera á þann veg að stjórnandi bátsins geti staðið upp og hafi þá stuðning við bak og til hliðanna, án þess að vikið sé frá öðrum ákvæðum í kafla þessum.

3. Reynslusigling

3.1 Við reynslusiglingu skal botn bátanna, vél og skrúfa vera ný eða sem ný. Reiði, vél og skrúfa skal vera þannig að hægt sé að ná mesta mögulega ganghraða. Í bátunum skal vera allur búnaður. Reynslusiglt skal á lygnu vatni við vindhraða undir 5 m/sek.

3.2 Mesti ganghraði skal mældur með hámark tveimur mönnum um borð. Báturinn skal halda stefnunni stöðugri og halda sér á réttu plani.

3.3 Ganghraði á ekki að vera meiri en:
V mest = 17 $\sqrt{Lm}$ hnútar.

3.4 Hraðbátar skulu prófaðir með siglingu í 90° beygju í bæði borð. Í bátunum skulu vera hámark tveir menn og innihald geyma ekki meira en til hálfs. Bátunum skal siglt á fullri ferð í beinni stefnu, þegar stýri er snúið snöggt í borð og síðan siglt í stefnu sem er 90° á fyrri stefnu. Stjórnandi bátsins skal reyna að halda stefnu í boga sem myndar 6 × L_m metra radíus. Í beygjunni skal ekki nota önnur stjórntæki en stýri bátsins. Framangreind prófun skal gerð þrisvar sinnum í hvort borð. Báturinn telst uppfylla kröfur, ef stjórnandi bátsins hefur fulla stjórn á honum við prófunina og ekkert af eftirgreindu gerist:
- báturinn breytir snögglega um stefnu eða skrensar til, án þess að stjórnandinn ráði við
- hliðarátak gerir stjórnanda erfitt að sitja í sæti sínu í beygjunum
- báturinn hefur lélegt grip í vatninu sem gerir erfitt að halda stefnunni í réttum boga
- annað sem gefur til kynna að öryggi sé ekki sem skyldi.

3.5 Hraðgenga báta skal prófa á fullri ferð með hámark tvo menn um borð og hámark hálffulla geyma, með því að leggja stýri snögglega frá borði til borðs nokkrum sinnum. Báturinn telst uppfylla kröfur ef stjórnandinn hefur fulla stjórn á bátnum. Framangreind prófun skal einnig gerð á fullhlöðnum báti við það sjólag sem gera má ráð fyrir að báturinn verði notaður í, ef ástæða er talin til að kanna eiginleika bátsins við þær aðstæður.

4. Prófun vélbáta

4.1 Við eftirgreindar prófanir skal ganga úr skugga um að eiginleikar bátsins séu fullnægjandi frá öryggissjónarmiði og að hann láti vel að stjórn:
- stjórn bátsins og stefnustöðugleiki á litlum hraða
- þegar menn færa sig til í bátnum á meðalhraða
- þegar vélin er stöðvuð á fullri ferð bátsins eða á þeirri ferð sem veldur mestum breytingum á aðstæðum manna

- þegar bátnum er bakkað og athuguð er ágjöf eða hvort vatn kemur inn í bátinn af öðrum ástæðum
- stjórn bátsins þegar honum er bakkað
- athugun á vélarútblæstri inn í bátinn vegna tjaldyfirbyggingar, opnanlegra lúga og þess háttar.

5. Prófun seglbáta

5.1 Seglbátum skal reynslusiglt með öll aðalsegl við vindhraða á bilinu 6 til 10 m/sek.

5.2 Við eftirgreindar prófanir skal ganga úr skugga um að eiginleikar bátsins séu fullnægjandi frá öryggissjónarmiði og að hann láti vel að stjórn:
- segl dregin upp og felld
- segl rifuð
- skautvindur og blakkir eru prófaðar
- sigling í mismunandi stefnur með tilliti til vindáttar
- við stagvendingu og kúvendingu
- við breytingu á stöðu segla
- við breytingu á hæð fallkjalar.

5.3 Bátarnir skulu prófaðir með allan búnað og innréttingu fastri þannig að ekkert losni við mikinn halla bátsins.

RAFBÚNAÐUR S-11

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Rafkerfi
3. Greinar og vör
4. Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar
5. Yfirálagsvarnir
6. Rafhlöður
7. Rafstrengir og rafbúnaður
8. Gerð rafbúnaðar

1. Gildissvið

1.1 Reglur þessar gilda um jafnstraumskerfi með málspennu allt að 50 V. Varðandi önnur rafkerfi er bent á þar að lútandi reglur Siglingamálastofnunar ríkisins.

1.2 Reglur þessar gilda ekki um rafbúnað véla, né annan búnað t.d. viðtæki, talstöðvar, rafmagnsmótora, mæla og þvílík tæki. Ef hægt er að staðfesta að slík tæki séu ekki talin uppfylla öryggiskröfur er heimilt að krefjast úrbóta eða endurnýjunar.

1.3 Reglur þessar taka ekki til varúðarráðstafana gegn skaðlegum rafsegulbylgjum, t.d. frá radar og skjámynd.

2. Rafkerfi

2.1 Rafkerfið skal vera einangrað tvítaugakerfi eða tvítauga kerfi með annan pólinn til jarðar, en ekki skipsbolinn sem leiðara.

2.2. Neyslustraumur frá rafhlöðu til notenda annarra en þeirra sem tilheyra vélinni, skal tekinn frá einni eða fleiri greinitöflum, gegnum varinn stofnstreng og höfuðrofa sem eru sem næst rafhlöðum. Viðvörunarkerfi, hitari og sjálfvirkar austurdælur mega þó tengjast framan við höfuðrofa og skulu þá hafa sjálfstæðan varbúnað. Rafbúnað, sem nota skal aðeins stutta stund, t.d. rafstrengur að akkerisspili, má tengjast rafhlöðu án vara en skal þá uppfylla kröfur í 7.3.

3. Greinar og vör

3.1 Almennri lýsingu um borð skal deilt á a.m.k. tvær greinar. Vör ljósagreina skulu ekki vera stærri en 10A.

3.2 Öryggisbúnaður t.d. sjó- og austurdælur, talstöð, flauta, leitarkastari og fl., og rafbúnaður fyrir meira en 5 A straumnotkun, skal hver og einn hafa sitt eigið var. Siglingaljós mega vera á einu vari.

4. Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar

4.1 Rafhlöðum, rafstrengjum og öðrum rafbúnaði skal þannig komið fyrir að hann sé aðgengilegur til viðhalds. Teikningar af rafkerfi bátsins skulu fylgja honum.

4.2 Allar merkingar skulu gerðar með varanlegri áletrun.

4.3 Sérhvert var skal merkt með upplýsingum um straumgildi og notanda. Samræmi skal vera á númerum greina í töflu og á teikningum.

4.4 Leiðarar skulu búnir varanlegum merkingum, t.d. númerum eða litum, þannig að frá teikningum sé auðvelt að rekja hvern leiðara.

5. Yfirálagsvarnir

5.1 Gerð og gildleika rafstrengja skal velja þannig að ekki verði tjón af völdum hita eða annars álags við venjulega notkun eða skammhlaup. Rafstrengi milli rafhlöðu og ræsis má ekki verja með vörum. Hlíta ber leiðbeiningum vélarframleiðanda um val á gildleika rafstrengs milli rafhlöðu - ræsis og rafala - rafhlöðu, þó má spennufallið vera mest 8%.

5.2 Yfirstraumsvörnin á að verja rafstrengi fyrir yfirálagi og rjúfa straum innan 5 sek. við skammhlaup samkvæmt eftirfarandi töflu. Yfirstraumsvarnir skal staðsetja í vel aðgengilegum töfluskáp, svo nærri rafhlöðum og mögulegt er. Hafa skal vör á báðum taugum hverrar greinar. Rafstrengir sem notaðir eru til merkjaflutninga mega þó vera grennri en sá lágmarksgildleiki sem gefinn er í eftirfarandi töflu.

5.3 Yfirstraumsvörnin á að verja rafstrengi fyrir yfirálagi og við skammhlaup rjúfa strauminn innan 5 sek. samkv. eftirfarandi töflu. Yfirstraumsvarnir skal staðsetja í vel aðgengilegum töfluskáp, svo næri rafhlöðum og mögulegt er. Hafa skal vör á báðum taugum hverrar greinar. Rafstrengir sem notaðir eru til merkjaflutninga mega þó vera grennri en sá lágmarksgildleiki sem gefinn er í eftirfarandi töflu.

Gildleiki	Leyfilegt stöðugt álag	Stærsta leyfilega yfirálagsvar	Stærsta leyfilega skammhlaupsvar, raðtengt yfirálagsvörn
mm^2	A	A	A
1,0		6	
1,5	9	10	20
2,5	12	16	35
4,0	16	20	45
6,0	21	25	63
10,0	28	35	100
16,0	37	50	160
25,0	49	63	200
35,0	60	80	315
50,0	76	100	400

5.4 Bræðivör af gerðinni Neozed, Diazed og önnur vör sem uppfylla DIN 72581-3 með málstraum samkvæmt töflu í dálki yfir „stærsta leyfilega yfirálagsvar" skulu teljast uppfylla kröfuna um skammhlaupsvörn. Sjálfvirk endursetning á sjálfvörum skal ekki vera möguleg og skulu þau hafa a.m.k. 100 A skammhlaupsgetu.

6. Rafhlöður

6.1 Í bátum sem eru gerðir fyrir utanborðsvél, 26 kW (35 hö) eða stærri og í bátum með fastfrágengna raflögn skal það fyrirkomulag vera á rafhlöðum sem segir í kafla þessum.

6.2 Rafgeymar skulu vera í stöðugri hleðslu þegar vélar eru í gangi.

6.3 Fyrir hverja rafhlöðu skal hafa tveggja póla rafhlöðurofa á aðgengilegum stað.

6.4 Rafhlöður skal festa tryggilega í sýruheldum kössum byrgðir að ofan með einangrandi loki og svo frá þeim gengið að engin hætta sé á að þær losni.

6.5 Rafhlöður stærri en 5 kWh samsvarandi 208 Ah við 24V eða 416 Ah við 12V, skal hafa í sérstöku rými með eigin loftræstingu þannig að að- og frástreymi lofts sé óhindrað.

7. Rafstrengir og rafbúnaður

7.1 Raflagnir skal festa tryggilega með þar til gerðum spennum eða draga í rör. Rör skal festa vandlega með spennum og skrúfum eða plasta. Ekki má plasta sjálfa rafstrengina, eða festa þá við olíugeyma, olíuleiðslur, vatnsrör eða þvílíkt.

7.2 Lagningu rafstrengja skal þannig háttað að þeir verði varðir gegn utanaðkomandi hita. Rafstrengur sem gæti orðið fyrir áverkum skal hafa hlíf eða hafður í röri. Rafstrengur sem lagður er undir vél eða gólf skal hafður í röri. Leggja skal raflagnarör þannig að hugsanlegt vatn eða raki í rörunum geti runnið burt.

7.3 Eftirtaldir strengir skulu vera einangraðir einleiðarar og þannig lagðir að þeir séu vel varðir gegn hugsanlegum áverkum:
rafall - rafhlaða
rafhlaða - ræsir
rafhlaða - greinitafla.
Ef þessir einleiðarar eru festir á rafleiðandi efni skal einleiðarinn vera með tvöfaldri einangrun eða lagður í rör úr einangrandi efni.

7.4 Ganga skal tryggilega frá endum rafstrengja á þann hátt að leiðarinn skaðist ekki. Kápa rafstrengs skal ná inn í þann búnað sem strengurinn er tengdur við. Fyrir strengi sem uppfylla eiga kröfurnar í 7.3 skal nota ápressaða strengskó sem síðan festast með spenniskífu og ró. Aðra leiðaraenda skal festa tryggilega á safnskinnur eða nota viðurkenndar fastar klemmur.

7.5 Vör eða rafhlöður skal ekki hafa í rýmum með bensínvélum, eða þar sem hætta er á að eldfimar gastegundir finnist sem geta valdið sprengingu. Vör skulu ekki höfð í sérstökum rafhlöðurýmum. Ljósa- og rofabúnaður skal vera af þeirri gerð sem sérstaklega er viðurkennndur til notkunar í slíkum rýmum.

8. Gerð rafbúnaðar

8.1 Í fastfrágenginni raflögn skulu rafstrengir vera margþættir. Leiðarar skulu vera fínþættir þar sem hætta er á að þeir verði fyrir hreyfingu eða titringi.


8.2 Rafbúnaðurinn skal uppfylla þéttleikakröfurnar í IEC-útgáfu 529, samkv. eftirfarandi:

Staður	Þéttleiki
Vel varinn innanborðs	IP 20
Á þilfari undir þaki	IP 22
Þar sem hætta er á skvettum	IP 44
Þar sem hætta er á ágjöf sjávar	IP 56

8.3 Rofar skulu vera af þeirri gerð og stærð að þeir þoli þá spennu og þann mesta straum í þeirri straumrás er þeir tengjast.

8.4 Ljósabúnaður skal búinn hlífðargrind, ef hætta er á að hann geti orðið fyrir hnjaski.

Mynd 11.1
Dæmi um rafkerfi



BÁTAR MEÐ FLOTHOLT S-12

Efnisyfirlit

1. Flotholt
2. Prófun á flothæfni
3. Kröfur um flothæfni
4. Kröfur um stöðugleika

1. Flotholt

1.1 Flotholt mega vera úr frauðplasti, hvort heldur þau eru framleidd sérstaklega til þeirra nota sbr. ákvæði í EB-7, eða framleidd við smíði bátsins úr hráefni og við aðstæður sem telja verður fullnægjandi til að flotholtin uppfylli kröfurnar.

1.2 Flotholt mega vera loftgeymar ef öllum eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:
- hver geymir þéttiprófaður á fullnægjandi hátt
- geymana sé ekki hægt að nota sem geymslu
- hleypa megi hugsanlegu vatni úr hverjum geymi
- frárennslisopinu sé lokað með skrúfuðum tappa eða samsvarandi
- enginn einn geymir sé stærri en helmingur þeirra flotholta sem krafa er um í hverjum báti.

1.3 Flotholt af annarri tegund en framan greinir skulu metin sérstaklega til samþykktar.

1.4 Flotholt skulu vera föst í bátunum og varin fyrir ákomu.

2. Prófun á flothæfni

2.1 Flothæfni báta með flotholt skal prófa á vatnsfylltum báti. Með vatnsfylltum báti er átt við bát sem ekki er hægt að setja meira vatn í án þess að það renni út um lægsta hluta á borðstokki, afturgafli eða um önnur op á bátnum.

2.2 Í stað innréttinga og búnaðar sem tekin eru úr bátunum við prófun á flothæfni skal setja samsvarandi þyngd. Báta sem eiga að vera búnir rafhlöðum skal prófa með 20 kg þunga á hverjum stað sem ætlaður er fyrir rafhlöðu. Báta sem aðeins á að búa færanlegum eldsneytisgeymi skal prófa án geymisins.

2.3 Lokuð rými sem ekki reiknast sem flotholt og önnur rými þar sem loft getur lokast inni skulu vera þannig opin við prófun að vatn eigi greiða leið í rýmin. Fastir geymar skulu vera fullir. Ef ætla má að geymar minnki flothæfni bátanna tómir, skal einnig prófa þá með geymana tóma. Bátarnir skulu uppfylla kröfur í greinum 3 og 4 í því ástandi sem flothæfni er minnst.

2.4 Seglbátar skulu prófaðir með reiða, en án segla og með stungukjöl/fallkjöl uppi.

2.5 Þyngd sem nemur þunga búnaðar (akkeri, tóg, árar, bátshaki o.þ.h.) skal reiknaður $5(L_m - 3)$ kg og skal hækkaður í næstu 5 kg tölu.

2.6 Þyngd sem nemur þunga vélar og búnaðar skal vera á sínum ákveðna stað um borð ef búnaðurinn hefur ákveðinn stað, annars sem aftast. Þyngd skv. kröfum í 3.1 skal vera á plittum og deilt niður á þá staði sem ætlaðir eru mönnum.

2.7 Ákvæði um þyngd stykkja sem notuð eru við prófun á vatnsfylltum bátum eru miðaðar við járn sem léttist um 15% í vatni. Ef notuð eru lóð með aðra eðlisþyngd skal leiðrétta þyngdir með tilliti til þess (sjá mynd 12.1).

3. Kröfur um flothæfni

3.1 Vatnsfylltur bátur hlaðinn skv. ákvæðum í 2.2 og 2.5 ásamt þeirri eftirgreindra þyngda sem þyngst er, skal fljóta sem næst láréttur:

1) $50 + 50(L_m - 2,5)$ kg, sjá þó 3. mgr.
2) 75 kg
3) $n \times 25$ kg

Bátar sem ætlaðir eru fyrir farm skulu auk þess sem framan greinir prófaðir með þyngd sem nemur 33% af þyngd farmsins.

Í bátum sem hafa hlutfallið lengd/breidd 3,2 eða meira, eru viðurkenndir fyrir hámark þrjá menn og hámark 2,2 kW (3 hö) utanborðsvél, nægir þyngdin:

- $50 + 40(L_m - 2,5)$ kg í 1. tölulið að framan

n = sá hámarksfjöldi manna sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir.

4. Kröfur um stöðugleika

4.1 Vatnsfylltur bátur hlaðinn skv. ákvæðum í 2.5, auk þeirra þyngda sem tilgreindar eru í 2.2, skal ekki leggjast á hliðina ef hann er hlaðinn hallaþunganum:


- $10 + 5 \times n$ kg, þó minnst 25 kg

n = sá hámarksfjöldi manna sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir.

4.2 Hallaþunginn skal vera með þyngdarmiðju í borðstokkshæð og skal báturinn uppfylla kröfu um stöðugleika hvar svo sem þunginn er staðsettur eftir endilöngum borðstokknum.

4.3 Vatnsfylltur bátur með allan búnað skal hafa réttandi vægi með halla allt að 60°. Seglbátur með reiða en án segla, skal ekki velta áfram þegar siglutoppur snertir vatnið, heldur fljóta í þeirri stöðu.

Mynd 12.1
Leiðrétting á þyngd lóða í vatni með hliðsjón af eðlisþyngd.
Leiðrétting = f/1,15



ÖRYGGI MANNA S-13

Efnisyfirlit

1. Hálkuvörn
2. Handrið og handföng
3. Hvassar brúnir
4. Neyðarútgangar
5. Sæti
6. Björgunarstigar

1. Hálkuvörn

1.1 Á þilfari og þröm þar sem vænta má umgangs manna skal vera fullnægjandi hálkuvörn, t.d. með rifflum eða annari sérstakri hálkuvörn. Á þröm vélbáta telst það fullnægjandi hálkuvörn ef þar er 25 mm hár fótlisti út við síðuna. Þannig listi skal vera á öllum lokuðum seglbátum.

1.2 Í opnum bátum með mestu lengd innan við 5,5 metra skal botninn inni í bátunum vera með hálkuvörn.

2. Handrið og handföng

2.1 Um opin þilför þar sem vænta má umgangs manna skal setja handrið, handföng eða annan fullnægjandi búnað.

2.2 Bátar sem ganga meira en 15 hnúta skulu hafa karm við sæti þeim megin sem snýr að síðu bátsins eða afturgafli. Karmurinn skal vera minnst 150 mm hár mælt frá efri brún á sæti.

2.3 Bátar sem ganga minna en 15 hnúta skulu hafa karm við sæti þeim megin sem snýr að síðu bátsins eða afturgafli. Karmurinn skal vera minnst 100 mm hár mælt frá efri brún á sæti.

2.4 Í öllum bátum skulu vera handföng til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir meiðslum eða falli fyrir borð.

2.5 Lokaðir seglbátar skulu búnir vírahandriði á þröm og festingum fyrir öryggislínu. Vírahandriðið skal vera minnst 450 mm hátt á bátum upp að 8,5 m mestu lengd og 600 mm, auk vírs í miðri hæð á lengri bátum en framan greinir. Brotþol víranna skal ekki vera minna en 4500 N og skulu þeir bornir uppi af stoðum með hámark 2150 mm millibili.

2.6 Bátar sem reglum skv. eiga að vera búnir flotholtum skulu hafa búnað sem gerir mögulegt að halda sér í bátana á hvolfi. Almennt eiga að vera handföng beggja megin á afturgafli eins nærri vatnslínu og við verður komið, nema báturinn hafi kjöl sem er minnst 60 mm hár og 30 mm breiður og sem hægt er að ná til af manni í sjónum.
Einnig má hafa minnst tvö handföng á hvorri síðu bátsins sem eru sýnileg þegar hann er á hvolfi. Ef notaðar eru línur í stað handfanga skulu þær vera úr efni sem flýtur.

3. Hvassar brúnir

3.1 Þar sem menn ganga um eða hafast við, mega ekki vera hvassar brúnir eða horn sem gætu valdið meiðslum.

4. Neyðarútgangar

4.1 Lokuð yfirbygging með sætum fyrir fjóra eða fleiri og önnur opin rými sem ekki verða rýmd í skyndi, skulu hafa minnst tvær útgönguleiðir. Minni vistarverur mega þó vera með aðeins eina útgönguleið ef víst er að hún geti ekki lokast vegna elds í vélarúmi, eldhúsi eða af öðrum sökum.

4.2. Útgönguopin skulu vera í sitt hvorum enda vistarverunnar og vera þannig löguð að þau séu heppileg í neyðartilfellum. Ef nauðsynlegt þykir, skulu vera stigar og handföng til að auðvelda útgang um opin.

4.3 Umrædd útgönguop skulu ekki vera minni en 450 × 450 mm eða 450 mm í þvermál ef þau eru hringlaga.

4.4 Hurðir eða lúgur skulu vera auðopnanlegar innan frá, án þess að nota þurfi verkfæri. Rennilúgur skulu hafa handfang að innanverðu.

5. Sæti

5.1 Bátar skulu búnir fullnægjandi sætum fyrir alla þá sem báturinn er viðurkenndur fyrir. Með fullnægjandi sætum er átt við föst sæti sem eru minnst 0,5 m að breidd, með minnst 0,9 m hæð ofan við sætið og um það bil 0,75 m rými fyrir fætur, mælt fram frá sætisbakinu. Lausa stóla eða þóftur má ekki hafa í bátum sem ganga hraðar en 20 hnúta.

5.2 Lokaður kjölseglbátur skal ekki viðurkenndur fyrir fleiri menn en sem nemur fjölda fullnægjandi sæta í sætabrunni og að auki sem nemur einum manni á hvern 0,5 m^2 gólfrými í brunninum. Þessi fjöldi þarf þó ekki að vera minni en helmingur þess sem krafist yrði skv. 5.1.

6. Björgunarstigar

6.1 Hver bátur, 5,5 metrar mesta lengd eða lengri, skal búinn föstum björgunarstiga eða öðrum heppilegum búnaði sem gerir mögulegt fyrir mann sem fallið hefur í sjóinn að komast af eigin rammleik aftur um borð.

Ákvæði þessi gilda þó ekki um báta þar sem hæðin frá yfirborði sjávar og að þeim hluta borðstokks eða handriðs sem menn gætu komist um borð í fullhlaðna bátana, er 500 mm eða minni. Kaðalstigi sem leggja má saman skoðast ekki sem fastur stigi.

ELDVARNIR S-14

Efnisyfirlit

1. Eldavélar og ofnar
2. Gastæki
3. Einangrun
4. Handslökkvitæki
5. Fastur slökkvibúnaður
6. Brunaboðar

1. Eldavélar og ofnar

1.1 Eldavélar og ofnar sem eru þannig uppbyggðir að eldsneytið gæti farið til spillis við áfyllingu eða ef eldur slökknar, skulu standa í eða vera yfir vökvaheldum bakka sem er með minnst 20 mm háum kanti allan hringinn.

1.2 Olíukynt tæki skulu þannig búin að sjálfkrafa lokist fyrir olíurennsli til þeirra ef eldur slökknar og einnig ef óhóflegur hiti myndast við tækið.


1.3 Við hvert gastæki skal vera lokanlegur loki. Lokinn skal vera aðgengilegur og sem næst tækinu, þó þannig að loka megi fyrir gasið ef eldur kemur upp við tækið. Ef lokinn á gaskútnum er vel aðgengilegur og í námunda við tækið þarf ekki fyrrgreindan loka.

1.4 Gastæki, önnur en eldavélar, skulu vera með hulinn eld eða þannig fyrirkomið að brennarinn sé í sértilgerðu rými. Gastæki skulu undir öllum kringumstæðum vera í loftræstu rými.

1.5 Eldavélum og ofnum skal þannig fyrirkomið að nærliggjandi hlutir hitni ekki um of. Brennanlegt efni má ekki verða fyrir meiri hita frá eldavélum eða ofnum en 80°C. Eftirfarandi mynd sýnir það lágmarksbil sem skal vera frá opnum eldi að nærliggjandi hlutum án eldvarnar og hvar hitann verður að mæla til að ganga úr skugga um hvort setja þarf eldvörn. Eldvörn skal vera hlíf úr óbrennanlegu efni sem er hitaeinangruð frá brennanlegu efni.

1.6 Framan við eldavélar á ramböldum skal vera föst slá til öryggis. Eldavélar á ramböldum skal vera mögulegt að festa í láréttri stöðu.

1.7 Eldavélar og ofna skal festa þannig að þau losni ekki við velting bátsins.



a) Eldfim klæðning eða gluggatjöld óheimil.
b) Hámark 80°C.
c) Óbrennanlegt efni.

2. Gastæki

2.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um föst gaskerfi, að undanskildum kerfum sem notuð eru við framdrifsvélar og kerfum með 35 mbar þrýsting og þar yfir.

2.2 Fylgihlutir sem tengjast gaskerfum skulu uppfylla ákvæði í EB-15.


2.3 Lagnir skulu ekki hafa fleiri samsetningar en nauðsynlegt er. Lagnir má ekki leggja í vélarúmi.

2.4 Lagnir skal festa með klemmum eða á annan samsvarandi hátt til að fyrirbyggja titring og nudd lagnanna við bol bátsins eða aðra hluti. Klemmur skulu vera úr ryðfríu efni og þannig lagaðar að þær skaddi ekki lagnirnar með hvössum brúnum eða skaði lagnaefnið á annan hátt.

2.5 Slöngur skulu ekki vera lengri en 1 metri nema ef fjarlægðin á milli gaskúts og tækis er innan við 1,5 metrar og ef aðeins eitt tæki er tengt við viðkomandi gaskút. Gúmslöngur skulu vera vel aðgengilegar til skoðunar.


2.6 Festingar skulu vera fyrir alla gaskúta, bæði neyslukúta og varakúta. Þrýstijafnarar sem eru ekki gerðir til að festast beint á gaskútana skulu vera fastir í sama rými og gaskútarnir sem þeir tengjast. Rými fyrir gaskúta má ekki nota til geymslu á öðru en viðkemur gaskerfinu. Rými fyrir varakúta, hvort sem þeir eru fullir eða tómir, skal uppfylla sömu kröfur og rými fyrir neyslukúta. Öryggisbúnaður skal vera þannig festur að hann þoli þær hreyfingar sem gera má ráð fyrir til sjós. Kerfi sem tengt er tveimur gaskútum skal búið skiptiloka fyrir val á kútum. Skiptilokinn kemur ekki í stað lokanlega lokans á gaskútunum.

2.7 Rými ofan þilfars fyrir gaskúta, þrýstijafnara og öryggisbúnað, skal vera kassi á opnu þilfari eða yfirbyggingaþaki sem er loftræstur út í opið rými, þannig að gas geti ekki runnið inn í bátinn.



2.8 Rými undir þilfari eða borðstokki fyrir gaskúta, þrýstijafnara og öryggisbúnað, skal vera gasþétt aðskilið frá öðru rými bátsins. Rýmið skal aðeins vera opnanlegt að ofan og þannig fyrirkomið að gas geti ekki runnið inn í bátinn. Rýmið skal vera ofan við

vatnslínu og vel aðgengilegt þannig að hægt sé að opna það í skyndi án verkfæra til að stilla lokann á gaskútnum, kanna leka eða lesa af þrýstimæli ef hann er til staðar. Rýmið skal vera loftræst með minnst 12,5 mm opi á botni rýmisins sem liggur út úr bátnum í gegnum bolinn, án nokkurra vasa sem geta safnað saman gasi. Opið skal koma út neðan við botn rýmisins, en ofan vatnslínu og minnst 500 mm frá öðrum opum sem liggja inn í bátinn.



2.9 Þegar uppsetningu á gaskerfum er að fullu lokið skulu þau þéttiprófuð með sápuvatni eða þar til gerðu efni á öllum samsetningum og við hugsanlega lekavara og skulu kerfin vera fullkomlega þétt. Lagnir skulu prófaðar áður en þær eru tengdar við þrýstijafnara eða hugsanlegan lekavara með 0,035 MPa (0,35 kp/cm^2) loftþrýstingi og skulu lagnirnar vera þéttar við þennan þrýsting.

3. Einangrun

3.1 Einangrunarefni og klæðning á einangrun skal hafa minnst ildisstuðulinn 21.

3.2 Einangrun í vélarúmi skal klædd með efni sem ekki drekkur í sig olíu eða olíugufu.

4. Handslökkvitæki

4.1 Bátar sem eru með einhvern af eftirgreindum búnaði skulu búnir handslökkvitæki:
- utanborðsvél aflmeiri en 26 kW
- innanborðsvél
- olíu- eða gastæki.

Bátar 10 metrar mesta lengd eða lengri skulu búnir tveimur handslökkvitækjum.

4.2 Handslökkvitæki skulu vera af viðurkenndri gerð fyrir A,B og E elda og innihalda minnst 2 kg af slökkvimiðli eða jafngildi 2 kg (8 slökkvieiningar fyrir A eld og 34 fyrir B).

5. Fastur slökkvibúnaður

5.1 Bátar með innanborðsbensínvél skulu búnir föstum slökkvibúnaði í vélarúmi og geymarými.

5.2 Eftirfarandi ákvæði gilda um slökkvikerfi þar sem slökkvimiðillinn er kolsýra. Heimilt er að nota annan slökkvimiðil og búnað sem tryggir samsvarandi öryggi ef eldur verður laus.

5.3 Stjórnbúnaður slökkvikerfisins skal aðeins vera handvirkur. Hann skal vera miðsvæðis í bátnum og utan við vélarúmið. Stjórnbúnaðurinn skal vera í skjóli fyrir ágjöf sjávar og þannig fyrirkomið að ekki verði opnað fyrir kolsýruna í ógáti. Leiðbeiningar um notkun skulu vera við stjórnbúnaðinn.

5.4 Kolsýrukútar skulu vera á afviknum stað þar sem ekki er hætta á að þeir verði fyrir ágjöf sjávar, áverkum eða hita yfir 50°C. Kútarnir mega ekki vera í vélarúmi.

5.5 Pípulagnir og dreifistútar skulu staðsettir þannig að kolsýran dreifist jafnt í vélarúmið. Magn kolsýrunnar og afköst skulu vera með tilliti til stærðar vélarúmsins svo fullnægjandi sé til að slökkva eld sem þar gæti komið upp.

5.6 Magn koslýru skal vera 1,5 kg/m^3 miðað við heildarrými vélarúmsins, en skal þó aldrei vera minna en 2 kg eða jafngildi 2 kg CO_2 (13 slökkvieiningar fyrir B eld). Afköstin skulu nægja til að vélarúmið mettist að hálfu á mest 10 sekúndum.

5.7 Loftræsting og lokunarbúnaður loftrása skal vera á þann veg að ekki sé hætta á skaðlegum yfirþrýstingi þegar opnað er fyrir slökkvimiðilinn.

5.8 Vélarúm og rými fyrir kolsýrukúta ásamt öðru rými bátsins þar sem leki gæti komið upp í slökkvikerfinu, skulu vera gasþétt aðskilin frá lokuðum íverustöðum manna. Rými fyrir kolsýrukúta skal vera loftræst út í opið rými.

6. Brunaboðar

6.1 Þilfarsbátar og bátar sem eru yfirbyggðir að hluta skulu búnir brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef hiti verður óeðlilega mikill í vélarúmi. Heimilt er að víkja frá þessari reglu ef vélin er í sérstökum kassa í opnu rými eða í rými sem er sambyggt stýrishúsinu og með opið á milli vélar og stýrishúss.

6.2 Hver bátur með eldavél, ofn eða önnur tæki sem gætu valdið eldi í vistarverum, skal búinn brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef reykur kemur upp í vistarverunum. Í frambyggðum bátum með lúkar fremst eða afturbyggðum bátum með káetu aftast, má reykskynjarinn vera sjálfstæð eining með sambyggðum aflgjafa.

SEGL OG REIÐI S-15

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Skilgreiningar
3. Efni
4. Réttandi vægi
5. Flatarmál segla
6. Reiði með siglu án staga
7. Stög í reiða með stagaða siglu
8. Siglur og bómur í reiða, með stagaða siglu
9. Reiðabúnaður
10. Festing á hlasskili

1. Gildissvið

1.1 Reglur þessar gilda um hefðbundinn reiða með stagaðar siglur. Ketch-, Yawl- og aðrar reiðategundir má samþykkja að undangenginni sérstakri athugun.

1.2 Bátar með eiginþyngd 300 kg eða þar yfir, búnir sem segljullur, skulu metnir sérstaklega til samþykktar.

1.3 Reglurnar gilda með þeim skilyrðum að:
$I \times J/(E \times P) < 1,6$
Sjá skilgreiningu í 5.1.

2. Skilgreiningar

2.1 Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

- G = eiginþyngd bátsins í kg, þ.e. þyngdin á bátnum með innréttingum og öllum búnaði sem telst hluti af bátnum
- Δ = heildarþyngd bátsins í kg með hámarkshleðslu
- g = þyngd á kili í kg
- B = mesta breidd á bol bátsins í metrum
- L_m = mesta lengd bátsins í metrum, sjá S-2.2.2
- A_S = flatarmál segla í m^2
- RM = réttandi vægi í Nm
- RM_{30} = mesta réttandi vægi í Nm, við allt að 30° halla bátsins við eiginþyngd
- RM_1 = réttandi vægi í Nm við 1° halla bátsins við eiginþyngd
- n = sá fjöldi manna sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir
- f_S = fríborð miðskips í metrum, sjá S-2.3.5

3. Efni

3.1 Málmur sem notaður er í reiða skal vera úr ryðfríu efni.

3.2 Hluta úr messing eða öðrum koparblöndum má ekki nota í reiða úr áli, nema einangrun á milli efnanna sé fullnægjandi.

3.3 Ál í siglum og bómum á að vera málmblanda skv.
ISO Al Mg 0,5 Si
ISO Al Mg Si

ISO Al Si Mg Mn
eða samsvarandi tæringarþolnu efni.
Flotmörk, $\sigma_{0,2}$, eiga ekki að vera minni en 210 MPa og brotþol, σ_b, ekki minna en 245 MPa.

3.4 Ryðfrítt stál sem notað er í reiða á ekki að hafa minni tæringarvörn en tilgreind er í SIS 2343 eða samsvarandi. Flotmörk, $\sigma_{0,2}$, skulu ekki vera minni en 220 MPa og brotþol, σ_b, ekki minna en 550 MPa.

3.5 Ryðfríir strengir í reiða skulu vera úr efni sem samsvarar ákvæði í SIS 2343. Styrkur þeirra skal vera skv. töflu í 9.23. Togfjaðurstuðull stálstrengja á ekki að vera minni en 124 kN/mm^2.

4. Réttandi vægi

4.1 Réttandi vægi, RM, sem lagt er til grundvallar við útreikninga á efnismálum, er sem hér segir:

- fyrir kjölseglbáta og vélbáta með hjálparsegl miðast mesta vægi við allt að 30° halla bátsins með hámarkshleðslu. RM má ákveða með hallaprufu eða stöðugleika-útreikningum. Viðbótarvægi, δRM, ef gert er ráð fyrir að bátsverjar halli sér út fyrir bátinn á siglingu, skal reiknað skv. eftirgreindri líkingu:

  $\delta RM = n \times 75\ (3{,}4 \times B - 4{,}9 \times f_s)$ Nm
- fyrir segljullur miðast réttandi vægi við 30° halla jullunnar, þegar gert er ráð fyrir 75 × n kg þyngd í gagnstæðri síðu við halla bátsins, þó minnst 150 kg, sem staðsett er í borðstokkshæð, í B mest/2 fjarlægð frá miðlínu jullunnar. Ef í jullunni er búnaður fyrir áhöfnina til að færa þunga sinn á siglingu utar en að framan greinir, skal gengið út frá viðkomandi staðsetningu við ákvörðun á réttandi vægi. Við útreikninga á efnismálum reiða skal nota helming þess réttandi vægis sem fram kemur við mælingu.

4.2 Þegar réttandi vægi er ákveðið á grundvelli RM_{30} við hallaprófun skal:

$RM = RM_{30} \times \Delta/G + \delta RM$ Nm

Ef viðbótarþungi er í bátnum við hallaprófun skal hann nákvæmlega tilgreindur.

4.3 Við útreikning á réttandi vægi kjölseglbáta, RM, skal þyngd hleðslu skv. S-2.4, þ.e.a.s. þyngd sem nemur þyngd búnaðar og farms vera staðsett á sínum ákveðna stað um borð. Þungi sem nemur þyngd manna skal vera á lægstu plittum. Þyngdarmiðja bátsins við eiginþyngd, VCG, skal ákveðin með hallaprófun eða skv. eftirgreindri líkingu:

$VCG = 0{,}90 \times L_m\ (0{,}1 - 0{,}28 \times g/G)$ m

þar sem VCG er fjarlægð þyngdarmiðju frá vatnslínu. VCG er jákvæð ofan við vatnslínuna.

4.4 Þegar réttandi vægi er ákveðið á grundvelli RM_1 við hallaprófun skal:

$RM = 27 \times RM_1 \times \Delta/G + \delta RM$ Nm


$RM_{minnst} = 29 \times RM_1$ Nm

5. Flatarmál segla

5.1 Á einsiglubátum með Bermudareiða skal flatarmál segla, A_s, vera:

$A_s = 0{,}5\ (I \times J + E \times P)$ m^2, þar sem

I = hæð á forþríhyrnu í metrum
J = lengd á lárétta faldi forþríhyrnu í metrum
E = lengd á seglásfaldi stórsegls í metrum
P = lengd á siglufaldi stórsegls í metrum



5.2 Ef fyrirkomulag segla og reiða er á annan veg en tilgreint er í 5.1 skal ákvarða flatarmál segla í hverju einstöku tilfelli.

5.3 Ef flatarmál segla á vélbáti með hjálparsegl fer yfir
$A_S = RM/(128 \times a)$
skoðast báturinn sem kjölseglbátur
a = lengd í metrum frá þyngdarmiðju segla að vatnslínu við eiginþyngd, G. Sjá mynd í 5.1.

6. Reiði með siglu án staga

6.1 Reiða með siglu án nokkurra staga má almennt eingöngu hafa á segljullum.

6.2 Festing siglu við bolinn skal hafa nægan styrk til að þola það álag sem siglan veldur.


6.3 Þverskurður siglu við festingu í þóftu eða þilfar skal ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = k \times RM \times 100 \times d/a \ mm^3$, þar sem
k = 0,55 fyrir tré
$k = 16/\sigma_{0,2}$ fyrir ál
d = lengd í metrum frá þyngdarmiðju segla að festingu siglunnar í þóftu eða þilfari.
a = lengd í metrum frá þyngdarmiðju segla að vatnslínu við eiginþyngd, G.
$\sigma_{0,2}$ = togspenna í MPa við 0,2% lengingu.
Fyrir kjölseglbáta með G meiri en 1000 kg skal margfalda W með 1,15.

6.4 Mótstöðuvægi siglunnar má minnka til toppsins skv. eftirfarandi líkingu:
$W_V = W(1 - v/T)$, þó minnst 0,1 W, sem er mótstöðuvægi siglunnar í hæðinni v, mælt í metrum frá þóftu eða þilfari
W = mótstöðuvægið samkvæmt 6.3
T = lengd siglunnar í metrum frá þóftu eða þilfari


7. Stög í reiða með stagaða siglu

7.1 Reiða með stagaða siglu má hafa bæði á segljullum og kjölseglbátum.


7.2 Reglurnar gilda um reiða með eftirgreindu fyrirkomulagi:



Siglur með einföldu stagi og hugsanlega stuttri reiðaslá



Siglur með einfaldri hliðarstögun




Siglur með tvöfaldri hliðarstögun

7.3 Brotþol vanta byggist á því álagi sem verður á viðkomandi hluta siglunnar og skilgreint er í 7.6. Styrkur stagfestinga hins vegar byggist á álagi á viðkomandi festingu skv. skilgreiningu í 7.7, sem skal lagt til grundvallar við útreikninga á efnismálum


festingarinnar. Við útreikninga á brotþoli vanta skal nota krafta sem skilgreindir eru í 7.8.

7.4 Við útreikninga á álagi skal leggja eftirgreind álagstilvik til grundvallar:



Viðkomandi álag T1 = RM/a1


Álagstilvik 1. Reiði, sem aðeins verður fyrir álagi frá forsegli, þar sem gert er ráð fyrir álaginu í sömu hæð og forstagsfestingunni. Ef siglan hefur innra forstag, sem verður fyrir álagi frá seglum, skal einnig gera ráð fyrir álagi í sömu hæð og festingu innra forstagsins við mat á reiða við álagstilvik 1.



Viðkomandi álag T2 = RM/a2

Álagstilvik 2. Reiði sem aðeins verður fyrir álagi frá rifuðu stórsegli, þar sem gert er ráð fyrir álaginu út frá þyngdarmiðju hins rifaða stórsegls.


7.5 Álaginu T2 skal deila í tvo hluta eins og eftirfarandi mynd sýnir:




T topp = 0,40 × T2

T bómu = 0,33 × T2

7.6 Þegar álagið á efri hluta siglunnar, T topp, er á milli tveggja stagfestinga skal deila kraftinum á báðar festingarnar með tilliti til fjarlægðar álagsins frá stagfestingunum.




Tsö = T topp $d_1/(d_1 + d_2)$
Tsu = T topp $d_2/(d_1 + d_2)$
Álag á neðri festinguna, T bómu, skal deila á milli festingar í þilfari og festingar á neðsta stagi siglunnar, með tilliti til fjarlægðar bómufestingarinnar frá festingu siglu í þilfari og festingar á neðsta stagi í sigluna.



Tbö = T bómu × BD/l_1

7.7 Við útreikninga á vantkröftum samkvæmt 7.8 skal leggja til grundvallar kraftana F1, F2 og F3 samkvæmt töflu á mynd 15.2.




7.8 Vantkraftarnir við álagstilvikin 1 og 2 skulu reiknaðir út frá kröftunum F1, F2 og F3 og líkingum á mynd 15.1. Við útreikning á brotþoli vanta gildir sú niðurstaða sem hæst er úr líkingunum á mynd 15.1. Í þeim tilvikum sem þverskipshorn staga eru innan við 10° skal brotþolið margfaldað með $(\sin 10°/\sin \beta)^2$. Þó þarf ekki að margfalda brotþolið ef um er að ræða stangarvant. Hornið β má þó ekki vera minna en 9°.

7.9 Sigla sem aðeins er toppstöguð á að hafa fast afturstag í sömu hæð og forstagið.


7.10 Stöguð sigla á bátum með G > 1000 kg skal hafa afturstag. Afturstag með strekktaliu skal hafa fastan öryggisstoppara.

7.11 Stöguð sigla skal hafa afturvísandi yfirvant í forstagshæð, vera stífuð eða hafa bæði afturvísandi yfirvant og stífur.

7.12 Sigla sem eingöngu er stöguð með afturvísandi yfirvanti á móti forstagi er aðeins samþykkt ef vanturinn vísar aftur um meira en 5°.




Toppstöguð sigla




Stagaðar siglur

7.13 Sigla skal vera stöguð langskips neðan við forstagsfestingu með einhverju af því fyrirkomulagi staga sem eftirfarandi myndir sýna:




1. Tvöfaldur undirvantur
2. Einfaldur afturvísandi undirvantur og fast innra forstag.



3 4

3. Einfaldur afturvísandi undirvantur ásamt afturvísandi reiðaslá (aðeins á stagaðri siglu).
4. Neðri stífur og fast innra forstag.



5 6, 7

5. Eingöngu neðri stífur (aðeins á stagaðri siglu).
6. Einfalt stöguð sigla með stutta reiðaslá.
7. Einfalt stöguð sigla án reiðaslár.

7.14 Undirvantur skal mynda minnst 5° horn við siglu og innra forstag minnst 7,5° til að geta talist fullnægjandi langskipsstögun.

7.15 Neðri stífa skal mynda minnst 10° horn við siglu langskips. Neðri stífum skal auk þess þannig fyrirkomið að mögulegt sé að breyta seglum þegar vent er með báðar stífur fastar.


7.16 Seglberandi forstag skal ekki hafa minna brotþol en:

$V_f = 15 \times RM/(I + f_s)$ N fyrir efsta seglberandi forstag og

$V_f = 12 \times RM/(I + f_s)$ N fyrir innra forstag.

f_s = fríborð miðskips í metrum, sjá S-2.3.5.

7.17 Afturstag í toppstöguðum reiða og stífur við stagaða siglu skulu ekki hafa minna brotþol en: $V_a = V_f \times \sin \alpha_f / \sin \alpha_a$ N



V_f = brotþol forstags

$\sin \alpha_f$ = horn forstags við siglu

$\sin \alpha_a$ = horn afturstags við siglu

7.18 Afturstag á stagaðri siglu skal ekki hafa minna brotþol en:

$V_a = 2{,}8 \times RM/(l \times \sin \alpha_a)$, þar sem

l = lengd í metrum frá vatnslínu að festingu á afturstagi við siglu.

8. Siglur og bómur í reiða með stagaða siglu

8.1 Þverskurður siglu skal ekki hafa minna tregðuvægi í mm^4 þverskips (um langskipsás), I_x, en sem hér segir:

$I_x = k_1 \times m \times PT \times l(n)^2$ mm^4

k_1 = stuðull fyrir stög samkvæmt töflu á mynd 15.3

m = 1,00 fyrir ál,
7,25 fyrir tré (greni/furu) og
70500/E fyrir önnur efni.
E = fjaðurstuðull fyrir viðkomandi efni í MPa

$PT = 1{,}5 \times RM/b$ N

b = lengd í metrum frá reiðajárni vantsins að miðlínu bátsins, mælt hornrétt, sjá mynd 15.1

l(n) = lengd í metrum á milli stagfestinga siglunnar, sjá mynd 15.1

k_3 = 1,35 fyrir siglu án fullnægjandi festingar í þilfarshæð en 1,00 fyrir siglu sem er fest á fullnægjandi hátt í þilfarshæð.

Við útreikning á I_x fyrir sigluhluta 2, má minnka PT með $D_1 \times \cos \beta_1$ og fyrir sigluhluta 3 með $D_1 \times \cos \beta_1 + D_2 \times \cos \beta_2$ D_1 og D_2 skal fengið við álagstilvik 1. Sjá mynd 15.1 varðandi töluliði sigluhluta og skilgreiningu á D.

8.2 Þverskurður siglu skal ekki hafa minna tregðuvægi í mm^4 langskips (um þverskipsás), I_y, en sem hér segir:

$I_y = k_2 \times k_3 \times m \times PT \times h^2$ mm^4

k_2 = stuðull fyrir stög samkvæmt töflu á mynd 15.4

k_3 = sjá skilgreiningu í 8.1

m = sjá skilgreiningu í 8.1

PT = sjá skilgreiningu í 8.1

h = hæð í metrum frá þilfari eða reisnarþaki að festingu á efsta seglberandi forstagi í siglu.

8.3 Mótstöðuvægi stagaðrar siglu skal ekki vera minna við festingu á efsta forstagi en:

$W_x = 8 \times RM \times O_x/P$ mm^3

og við festingu á efsta vanti ekki minna en:

$W_Y = 2100 \times RM \times O_y / [\sigma_{0,2} \times (O_y + h)]$ mm^3

O_x = óstöguð lengd siglunnar þverskips í metrum, sjá mynd


O_y = óstöguð lengd siglunnar langskips í metrum, sjá mynd

P = sjá skilgreiningu í 5.1

h = sjá skilgreiningu í 8.2

$\sigma_{0,2}$ = flotmörk efnisins í MPa


Ofangreind gildi á mótstöðuvægi W_x og W_y mega minnka línulega til toppsins á siglunni niður í helming viðkomandi mótstöðuvægis. Að undangenginni sérstakri athugun má minnka mótstöðuvægi W_x og W_y á þeim hluta siglunnar sem er innan 25% lengdar næst neðan við efri vantfestinguna.



9. Reiðabúnaður

9.1 Þegar bómu er fest miðskips á festingin að vera lóðrétt eða vísa lítið eitt aftur frá bómunni.

9.2 Festing bómu við siglu skal þola eftirgreinda krafta við álag frá bæði seglum og skauttalíu. Gera skal ráð fyrir að bæði lárétti krafturinn og sá lóðrétti leggist á bómufestinguna samtímis.
Lóðréttur kraftur = $0,5 \times RM \times E/(a_S \times d_1)$ N
Láréttur kraftur = $0,5 \times RM \times E/(a_S \times d_S)$ N
Lágmarkskraftur lóðrétt og lárétt = 1000 N
E = Sjá skilgreiningu í 5.1
a_S = hæð þyngdarmiðju stórsegls frá vatnslínu í metrum



9.3 Bómur úr áli (skv. 3.3) með skutfestingu á endanum skulu hafa mótstöðuvægi sem er ekki minna lóðrétt en:
$W_{bómu} = 600 \times RM\ (E\text{-}d_1) / (\sigma\ 0,2 \times a_S) mm^3$
RM = sjá skilgreiningu í 2.1
E = sjá skilgreiningu í 5.1
d_1 = sjá skilgreiningu í 9.2
$\sigma_{0,2}$ = sjá skilgreiningu í 8.3
a_S = sjá skilgreiningu í 9.2
Mótstöðuvægi bómunnar lárétt má minnka niður í helming mótstöðuvægisins lóðrétt. Ef bóman er ætluð fyrir vindirifun, skal kröfum um mótstöðuvægið lóðrétt fullnægt alla lengd bómunnar í hverri þeirri stöðu sem mögulegt er að festa bómunni.

9.4 Ef bilið á milli skutfestingar bómunnar og festingar fyrir stórsegl er meira en $0,1 \times E$ skal meta styrk bómunnar sérstaklega. Festingin fyrir stórseglið skal ekki hafa minna brotþol í stefnu festingarinnar en RM/a_S, þó minnst 2000 N. Varðandi skilgreiningu á E og a_S, sjá 5.1 og 9.2

9.5 Reiðaslá siglunnar skal þannig fyrir komið að hún minnki um helming hornið sem vanturinn myndar við reiðaslána.

9.6 Reiðasláin skal fest við sigluna og vantinn á þann veg að hún renni ekki til. Festing reiðaslárinnar í siglunni skal vera þannig að siglan dældist ekki við álag frá vanti.

9.7 Festing vantsins, reiðasláin og reiðajárn skulu vera í beinni línu þegar siglan er bein.

9.8 Reiðaslá má ekki vísa fram fyrir þverskipsstefnu.

9.9 Þverskurður reiðaslár skal ekki hafa minna tregðuvægi á miðri spennilengd en:
$I = 0,8 \times C(n) \times S(n)^2 / (E \times \cos \delta)\ mm^4$
C(n) = vantkraftur þverskips í N
S(n) = lengd á reiðaslá í mm
E = fjaðurstuðull reiðaslárinnar í MPa
δ = sjá mynd 15.1
Tregðuvægi reiðaslárinnar má minnka línulega til endanna, allt niður í $0,20 \times I$.

9.10 Mótstöðuvægi reiðaslárinnar langskips, næst siglunni, skal ekki vera minna en:
$W = k \times V(n) \times S \times \cos \delta\ mm^3$, þar sem

$k = 0{,}16 / \delta_{0,2}$

$\delta_{0,2}$ = flotmörk efnisins í reiðaslánni

$V_{(n)}$ = V_1 fyrir neðri reiðaslá en D_3 fyrir efri reiðaslá í N, sjá mynd 15.1

S = lengd á reiðaslá í mm

δ = sjá mynd 15.1

Búnaður reiðaslánna og festinga þeirra skal hafa efnismál fyrir brotvægi sem er minnst:

$M = 0{,}16 \times V(n) \times S \times \cos \delta$ Nmm

9.11 Afurvísandi reiðaslá (þar sem endar reiðaslárinnar eru ekki í þverskipslínu við sigluna) er almennt aðeins samþykkt í báta með stagaða siglu.

9.12 Fiðlublokk skal þannig fyrir komið að hún minnki um helming hornið sem stagið myndar við fiðlublokkina. Fiðlublokk og fiðlustag eru metin sérstaklega til samþykktar.

9.13 Búnaður í reiða, svo sem vatnstrekkjarar o.þ.h. sem verður fyrir álsgi frá vanti eða stögum skal hafa efnismál vegna brots sem miðast við 115% af því álagi sem lagt er til grundvallar við útreikning brotþols á viðkomandi vanti eða stagi. Brotþol á festingum vants og staga í siglunni skal vera minnst jafnmikið og brotþol á viðkomandi vanti eða stagi.

9.14 Styrkur valsaðra endastykkja og splæsa skal liggja fyrir í staðfestingu frá framleiðanda.

9.15 Búnaði og úrtaki úr siglu fyrir búnaðinn skal þannig hagað að þverskurðarflatarmál siglunnar minnki sem minnst. Aðeins er heimilt að skerða sigluna á milli stagfestinga á svæði sem er innan við 25% lengdar frá stagfestingum á viðkomandi hluta siglunnar. Öll horn á úrtakinu skulu vera vel ávöl.

9.16 Heimilt er að tregðuvægi siglu minnki um allt að 50% á milli stagfestinga á svæði sem er innan við 10% lengdar frá stagfestingum á viðkomandi hluta siglunnar og allt að 30% á svæði innan við 25% frá stagfestingum. Minnkun tregðuvægisins skal reiknað sem hér segir:

$I_m = b \times t \times r^2$ mm^4, þar sem

b = breiddin á úrtakinu

t = efnisþykkt siglunnar

r = fjarlægð frá úrtaki að þyngdarmiðju þverskurðar.

9.17 Ef grópað er úr siglu á nokkrum stöðum í röð eftir lengd siglunnar skal bilið á milli grópa vera minnst tvisvar sinnum breiddin á stærstu grópinni.

9.18 Við festingar á siglu sem verða fyrir vægi (t.d. þar sem siglan gengur í gegnum þilfar, við festingu á vanti á einfalt stagaðri siglu, við festingu á yfirvanti sem er fjær toppi en 6% af lengd siglunnar og við festingu á yfirvanti siglu með óstagaðan siglutopp) má tregðuvægi þverskurðar minnka um allt að 20%.

9.19 Ef siglur eru skeyttar saman, skal framleiðandi þeirra sýna með útreikningum eða álagsprófun, að styrkur samskeytanna sé ekki minni en styrkur viðkomandi siglu.

9.20 Reiðajárn og annar fastur búnaður í bol sem verður fyrir álagi frá vanti eða stögum, skal hafa efnismál sem byggjast á 150% af því álagi sem lagt er til grundvallar við útreikning brotþols á viðkomandi vanti eða stagi.

9.21 Efri hluti reiðajárna á að hafa sömu stefnu og viðkomandi vantur eða stag.

9.22 Vantstrekkjurum skal þannig fest við reiðajárn að stefnubreytingar bæði langskips og þverskips geti gengið fyrir sig án hindrunar.

9.23 Boltar, vantstrekkjarar og aðrar festingar á reiða skal vera á þann veg að boltar skrúfist ekki lausir við álag frá reiðanum.

Brotþol á 1 × 19 ryðfríum sýruheldum stálvír skal ekki vera minna en tilgreint er í eftirgreindri töflu

Þvermál á vír í mm	Brotþol í kN
2	3,4
3	7,7
4	13,8
5	21,6
6	30,0
7	40,9
8	53,5
9	69,1
10	83,5
12	120,2

9.24 Siglustoðir skulu ekki hafa minna tregðuvægi en:

$Im = 4 \times PT \times l^2/(\pi^2 \times E)$ mm^4

PT = sjá skilgreiningu í 8.1

l = lengd stoðarinnar í mm

E = fjaðurstuðull efnisins í stoðinni í MPa

9.25 Bol og þilfar skal styrkja sérstaklega vegna þess álags sem siglan veldur á siglufót og stagfestingar.

9.26 Siglufótur má ekki bogna meira niður við þrýstikraftinn 2 × PT, þegar togkraftur á reiðajárn á hvorri síðu er PT, en sem nemur 1% af millibili reiðajárnanna.

10 Festing á hlasskili

10.1 Styrkingar og fyrirkomulag á festingu hlasskjalar skal vera á þann veg að hægt sé að koma fyrir lykli með átaksmæli á rær festiboltanna. Boltar og rær skulu vera læstar á fullnægjandi hátt. Óheimilt er að plasta yfir festibolta.

10.2 Kjalboltar, rær og skrúfur skal vera úr ryðfríu efni eða ryðvörðu. Ekki má tengja saman ólík efni sem getur valdið tæringu. Fúgur og samliggjandi fletir skulu vera á þann veg að ekki sé hætta á tæringu.

10.3 Til að fyrirbyggja leka skal setja heppilegt þéttiefni á milli bols og kjalar sem og í kringum bolta og undir rær og skífur.

10.4 Til að tryggt sé að festing kjalar þoli þyngd hans og álag við hámarkshalla bátsins (90°) skal þvermál kjalboltanna ekki vera minna en:


$d_k = \sqrt{35 \times v \times h_g/(\Sigma l_i \times \sigma_{0,2})}$ mm

v = þyngd kjalarins í kg

hg = fjarlægð þyngdarmiðju kjalarins frá fleti hans sem liggur að bol í mm


Σl_i = summan af fjarlægð frá kjalboltum annars vegar í kilinum að hlið hans á hinni síðunni í mm

$\sigma_{0,2}$ = flotmörk kjalboltanna í N/mm^2



Mynd 15.1

Reiðagerð PO




Vantkraftur

D1 = F1/sin β1
F1 sjá 7.3 - 7.7

Brotþol vants N

V_{D1} = 3,0 × D1

Reiðagerð P1, M1




Vantkraftar

D2 = F2/sin β2
V1 = F2/(cos γ1 × tan β2)
C1 = F2 - V1 × sin γ1
D1 = (F1 + C1)/sin β1
F1, F2 sjá 7.3 - 7.7

Brotþol vants N
V_{D1} = 2,8 × D1 einfaldur undirvantur
V_{D1} = 2,5 × D1 tvöfaldur undirvantur
V_{D2} = 3,0 × D2
V_{V1} = 3,0 × V1

Reiðagerð P2, M2



Vantkraftar

D3 = F3/sin β3
V2 = F3/(cos γ2 × tan β3)
C2 = F3-V2 × sin γ2
D2 = (F2 + C2)/sin β2
V1 = (F2 + C2)/cos γ1 × tan β2)
+ V2 × cos γ1/cosγ2
C1 = F2 + C2 + V2 × sin γ2 - V1 sin γ1
D1 = (F1 + C1)/sin β1
F1, F2, F3 sjá 7.3 - 7.7

Brotþol vatns N

VD1 = 2,8 × D1 einfaldur undirvantur
VD1 = 2,5 × D1 tvöfaldur undirvantur
VD2 = 2,3 × D2
VD3 = 3,0 × D3
VV1 = 3,2 × V1
VV2 = 3,0 × V2

Mynd 15.2

Reiðagerð	Kraftur F og álagstilvik					
	Álagstilvik 1			Álagstilvik 2		
	F1	F2	F3	F1	F2	F3
P-O	T1	0	0	Tsö+Tbö	0	0
M-1 P-1	0	T1	0	Tsu+Tbö	Tsö	0
1) M-2 P-2	0	0	T1	Tbö	Tsu	Tsö
2) M-2 P-2	0	0	T1	Tsu+Tbö	Tsö	0

1) Ef $BD + 0{,}6 \times P > l_1 + l_2$
2) Ef $BD + 0{,}6 \times P < l_1 + l_2$

Mynd 15.3

Reiðagerð sjá 7.2	k_1 stuðullinn fyrir stög	
	Sigluhluti 1	Sigluhlutar 2 og 3
P-O	$2{,}4 \times k_3$	-
P-O stutt reiðaslá	$1{,}6 \times k_3$	-
M-1	$2{,}5 \times k_3$	3,50
P-1	$2{,}4 \times k_3$	3,35
M-2	$2{,}7 \times k_3$	3,80
P-2	$2{,}6 \times k_3$	3,60

Mynd 15.4

Langskipsstögun neðan við forstag sjá 7.13	k_2 stuðullinn fyrir stög				
	P-O	M-1	P-1	M2	P2
Tvöfaldur undirvantur	-	0,85	0,80	0,90	0,85
Einfaldur undirvantur og innra forstag	-	0,80	0,75	0,85	0,80
Einfaldur undirvantur og reiðaslá	-	-	0,85	-	0,80
Neðri stífa og innra forstag	-	1,00	0,95	0,95	0,90
Eingöngu neðri stífa	-	-	1,00	-	0,95
Stutt reiðaslá	1,05	-	-	-	-
Án staga	2,00	-	-	-	-

FESTARTÆKI OG LEGUFÆRI S-16

Efnisyfirlit

1. Festartæki
2. Legufæri

1. Festartæki

1.1 Hver bátur skal búinn viðurkenndum festartækjum skv. ákvæðum í EB-16, ásamt festarleiðurum þannig að festa megi akkerum, draga bátinn, draga aðra báta og festa viðkomandi bát tryggilega við bryggju eða annan viðlegustað.

1.2 Hver bátur skal hafa minnst eitt festartæki að framan og annað að aftan. Ef höfð eru tvö festartæki annað hvort að framan eða aftan, skulu þau vera eins nærri síðum bátsins og mögulegt er, sitt hvorum megin. Fyrir stærri báta má krefjast fleiri festartækja.

1.3 Eitt festartæki að framan og annað að aftan skulu vera þannig að þau megi nota til að draga bátinn eða draga aðra báta. Ef festartæki sem staðsett er á framstefni er vel aðgengilegt, getur það talist fullnægjandi festartæki á opnum bátum án forþilfars.

1.4 Festartæki skulu vera sterkbyggð og þau tryggilega fest. Festartækin og festing þeirra skal þola láréttan kraft, P, skv. eftirfarandi líkingu:

$P = 50 \times \Delta / L_m$ N

Δ= særými bátsins við hámarks hleðslu í kg

Festartækin skulu prófuð með tvöföldum framangreindum krafti.

1.5 Þar sem festartæki eru fest skulu vera fullnægjandi styrkingar. Boltar, rær og annað það sem notað er við festingu festartækja, skal vera úr ryðfríu eða ryðvörðu efni.

1.6 Festartæki skulu annað hvort soðin föst eða fest með gegnumgangandi boltum. Undir rær að innan skal setja stórar skífur og læsa rónum.

2. Legufæri

2.1 Hver bátur skal hafa akkerisbúnað, skv. línuriti á mynd 16.1, þannig fyrirkomið að varpa megi akkeri á öruggan hátt í skyndi.


2.2 Akkerisþyngd skv. línuritinu má deila á tvö akkeri, en þó skal annað akkerið vega minnst $^2/_3$ af tilskilinni heildarþyngd. Bátar sem eru 8 metrar mesta lengd eða lengri, skulu þó búnir einu akkeri skv. línuritinu og öðru sem vegur $^1/_3$ þeirrar þyngdar.

2.3 Hver bátur skal búinn minnst einni akkeriskeðju af lengd og með þvermáli skv. línuritinu.

2.4 Hver bátur skal búinn minnst einni akkerisfesti og þremur dráttartógum af lengd og með brotþoli skv. línuritinu.

2.5 Bátar sem eru í förum á svæðum þar sem ætla má að legufæri skv. línuritinu séu ófullnægjandi, skulu búnir þyngri akkerum og lengri akkerisfesti, með tilliti til aðstæðna í hverju einstöku tilfelli.

Mynd 16.1


70
60
kg
m
kN
50
40
30
20
10
Þyngd á akkeri í kg
Lengd á akkerisfesti í m
Brotþol akkerisfestar í kN
Lengd og brotþol á dráttartógi
Lengd á keðju í m
Þvermál keðju í mm
8
9,5
12,5
4
6
8
10
12
14
Lm í metrum

SIGLINGALJÓS S-17

Efnisyfirlit

1. Siglingaljós

1. Siglingaljós

1.1 Siglingaljós skulu vera af viðurkenndri gerð og merkt með merki einhverrar Siglingamálsstofnunar Norðurlandanna því til staðfestingar.

1.2 Staðsetning ljóskera skal vera samkvæmt ákvæðum í alþjóðasiglingareglunum frá 1972 með síðari breytingum eða samkvæmt hugsanlegum sérákvæðum einstakra Norðurlanda.

1.3 Ef nauðsynlegt er talið skulu vera hlífar við ljósker til að fyrirbyggja óþægilega speglun eða glampa.

BÁTAR ÚR HITADEIGU PLASTI S-18

Efnisyfirlit

1. Almennt
1.1 Húsnæði
1.2 Mótun
1.3 Samsetningar
1.4 Efnisþykkt
1.5 Framleiðslueftirlit
1.6 Merking á fullsmíðuðum bátum

2. Pólýetýlenbátar
2.1 Hráefni
2.2 Efnismál
2.3 Hverfiframleiðsla
2.4 Steyptir bátar
2.5 Innra eftirlit
2.6 Soðnar samsetningar

3. ABS bátar
3.1 Hráefni
3.2 Efnismál
3.3 Mótun á plötum
3.4 Innra eftirlit

1. Almennt

1.10 Húsnæði

1.11 Húsnæði til framleiðslu á bátum úr hitadeigu plasti skal vera heppilegt með tilliti til framleiðsluaðferðar.

1.12 Ekki má vera dragsúgur í námunda við framleiðsuvél eða í kæliklefa.

1.13 Framleiðsluhúsnæði og vélum skal komið þannig fyrir að ekki sé hætta á mengun vegna olíuúrgangs, ryks eða þess háttar.

1.20 Mótun

1.21 Báturinn skal vera heppilega lagaður með tilliti til framleiðsluaðferðar og þess hráefnis sem notað er í bátinn.

1.22 Við mótun báta úr hitadeigu plasti skal haft í huga að efnið hefur breytilegan styrk eftir hita og álagi.

1.23 Forðast skal, eins og mögulegt, er allar snöggar breytingar á heildarstyrk bátanna. Styrkingar eiga að vera með jöfnu millibili yfir allan bolinn.

1.24 Bolurinn skal mótaður á þann veg að hann verði nægilega stífur. Forðast skal stóra slétta fleti.

1.30 Samsetningar

1.31 Hlutir sem byggðir eru inn í bátinn mega ekki vera úr efni sem dregur úr gæðum annarra efna bátsins.

1.32 Skeljar í tvöfaldri uppbyggingu og í samlokum skulu vera vatnsþéttar. Göt á þessum skeljum, vegna bolta eða annarra hluta, skulu vera vatnsþétt.

1.33 Samsetningar á milli innri og ytri skeljar skulu vera þéttar.

1.40 Efnisþykkt

1.41 Með regluþykkt er átt við þá þykkt sem krafist er skv. reglunum.

1.42 Efnisþykkt skal metin fullnægjandi ef meðaltal 20 mælinga sýnir meiri þykkt en krafist er skv. reglunum og ef engin einstök mælingarniðurstaða er minni en sem nemur 85% þeirrar þykktar sem krafist er skv. reglunum.

1.43 Viðbótarstyrkingar sem soðnar eru eða límdar við bolinn, má að undangenginni sérstakri athugun reikna til efnisþykktar.

1.50 Framleiðslueftirlit

1.51 Framleiðsla á bátsgerðarviðurkenndum bátum er háð skyndiskoðunum.

1.52 Fjöldi skyndiskoðana miðast við áreiðanleika framleiðslunnar með hliðsjón af viðkomandi framleiðsluaðferð.

1.60 Merking á fullsmíðuðum bátum

1.61 Ef efni báta hefur mikilvæga eiginleika sem eru frábrugðnir þeim kröfum sem gilda um báta úr glertrefjastyrktum pólýestra, skal það tilgreint á viðurkenningarskírteini.

1.62 Á bol skal vera skilti eða merki sem gefur til kynna úr hvaða efni báturinn er smíðaður.

1.63 Bátaframleiðandi skal sjá til þess að hverjum báti fylgi leiðbeiningar um notkun á bátnum, viðhald og viðgerðir, ásamt upplýsingum um efni sem eru skaðleg efni bátsins.

2. Pólýetýlenbátar

2.10 Hráefni

2.11 Hráefni skal vera viðurkennt skv. ákvæðum í EB-4.

2.12 Ef bátaframleiðandi óskar að mala kornið sjálfur í duft, skal kvörnin og sigtið samþykkjast sérstaklega.

2.13 Litarefni í duftinu skal vera af viðurkenndri tegund og magn innan leyfilegra marka. Duftið skal við eða eftir mölun sigtað í sigti sem hefur ekki stærri möskva en 0,8 mm.

2.20 Efnismál

2.21 Eftirfarandi kröfur um efnismál gilda með þeim skilyrðum að hraði báta úr lágþyngdarpólýetýlen, PEL, fari ekki yfir 10 hnúta og hraði báta úr meðalþyngdarpólýetýlen, PEM, fari ekki yfir 15 hnúta.

2.22 Efnisþykkt á ytri skel skal ekki vera minni en:

$t_y = k \times s\,(14 + 3{,}6 \times L_m)$ mm

k = 1,0 fyrir PEL
0,85 fyrir PEM

s = millibil styrkinga í metrum

L_m = mesta lengd bátsins í metrum.

2.23 Efnisþykkt á innri skel skal ekki vera minni en:

$t_i = 0{,}8 \times t_y$ mm

t_y = þykkt á ytri skel.

2.24 Hverfiframleiddir bátar skulu gerðir úr minnst k × 45 kg efnismagni. Báturinn skal vera styrktur á þann veg að kjölur, botn og síður bátsins aflagist ekki það mikið við eðlilegt álag að notagildi bátsins rýrni.

2.25 Afturgafl sem ætlað er að þola álag vegna vélar, skal almennt styrktur í allri sinni breidd. Efnismál sem byggð eru á raunhæfri prófun með tilbúnu vélarálagi geta fengist samþykkt.

2.30 Hverfiframleiðsla

2.31 Sleppiefni sem notað er á mót má ekki hafa neikvæð áhrif á efnið í bátnum t.d. með því að valda sprungum.

2.32 Ekki má endurnota hráefni í bol hverfiframleiddra báta.

2.33 Allir bátar sömu bátsgerðar skulu framleiddir samkvæmt sömu hverfiaðferð.

2.34 Þyngd á dufti í hvern bát skal aldrei vera minni en sem nemur 1% af því magni sem krafist er í viðkomandi bát.

2.35 Hitastilling skal vera sjálfvirk og skal samþykkt í hverju einstöku tilfelli. Á hitastillingunni skal koma fram sá hitamismunur sem leyfilegur er vegna eiginleika hráefnisins. Hitamismunur á hverjum mælistað skal ekki vera meiri en ± 5°C við hvern bát sem steyptur er.

2.36 Efnahvarfstími hráefnisins úr dufti í fast form skal ákveðinn með tilliti til efnisþykktar viðkomandi bátsgerðar með það fyrir augum að tryggja fullnægjandi dreifingu efnisins í mótinu. Framleiðslutími frá báti til báts skal ekki breytast meira en ± 1 mínútu frá þeim tíma sem samþykktur er. Samansuða á ytra og innra móti skal skilgreind og samþykkt í hverju einstöku tilfelli.

2.37 Hver bátur viðkomandi bátsgerðar skal kældur með sömu aðferð og skal kæling ákveðin með tilliti til framleiðsluhita bátsgerðar og hráefnis með það fyrir augum að efnið aflagist ekki við kælinguna.

2.38 Ef gerð er breyting á verklagi skal það tilkynnt þeirri stofnun sem hefur eftirlit með framleiðslunni og verður þá metið hvort sérstök rannsókn skuli fara fram til athugunar á efnisgæðum.

2.40 Steyptir bátar

2.41 Efni í fullgerðum steyptum báti skal vera án nokkurra sjáanlegra yfirborðsgalla sem máli skipta við notkun á bátnum. Á yfirborði og í þverskurðum skal ekki vera merki um ófullnægjandi umbreytingar á dufti né gallar vegna hita.

2.42 Göt eða loftbólur skulu ekki vera það mörg né það stór að gæði efnisins minnki svo nokkru nemi. Fjöldi og stærð er ákveðin fyrir hverja einstaka efnistegund.

2.43 Efni í steyptum bátum skal uppfylla kröfur um lágmarksstyrk sem gilda fyrir viðkomandi efni.

2.44 Fullgerðir bátar skulu ekki vera aflagaðir á þann veg að máli skipti og allar samsetningar skulu vera þéttar.

2.50 Innra eftirlit

2.51 Bátaframleiðandi skal halda saman öllum upplýsingum um hráefnið og geyma sýnishorn úr hverri sendingu af hráefni sem hann fær.

2.52 Bátaframleiðandi skal skrásetja eftirgreindar upplýsingar um hvern bát sem hann framleiðir:
- þyngd á dufti
- framleiðslutíma
- kælingartíma.

2.53 Hver bátur skal skoðaður með það fyrir augum að kanna yfirborðsgalla og þéttleika á samsetningum.

2.54 Hver bátur skal merktur með framleiðslunúmeri sem einnig gefur til kynna úr hvaða móti báturinn er steyptur. Merkingin skal vera varanleg.

2.55 Þykkt báta skal almennt athuga í viðurvist skoðunarmanns, með því að skera í sundur fullgerðan bát. Að meðaltali skal þykktarmæla einn bát af hverjum 200 bátum sem framleiddir eru í hverju móti.

2.56 Við skyndiskoðanir skal athuga framleiðslutímann, hitastig, eðlisþyngd og bræðsluvísitölu hráefnisins.

2.57 Athuga skal hvort sjáanlegir gallar eru á innsíðu plastsins eða samsetningum og mæla efnisþykkt á sundurskornum bátum, sbr. 2.55.

2.60 Soðnar samsetningar

2.61 Báta, sem soðnir eru saman, skal meta sérstaklega til samþykktar.

2.62 Suðuefni skal samþykkt með hliðsjón af smíðaefni bátsins.

2.63 Suðuaðferð, suðumann og eftirlitsaðferð skal samþykkja sérstaklega fyrir hverja einstaka bátsgerð og/eða efnasamsetningu.

3. ABS bátar

3.10 Hráefni

3.11 Eftirgreindar reglur gilda um báta sem smíðaðir eru úr akrýlnítrilbutadinstyrenplasti, ABS, eða hliðstæðum efnum.

3.12 Hráefni skal vera viðurkennt skv. ákvæðum í EB-4.

3.13 Efnaprófun skal gerð á plötum með litla innri spennu og litla beygjuhneigð. Við athugun á samdrætti plötunnar, skal prófsýnið hitað upp í 150°C.

3.14 Ef notað er frauðplast til styrktar í ABS bátum skal það uppfylla eftirgreinda eiginleika:
- þrýstiþol minnst 0,4 MPa
- skerþol minnst 0,4 MPa

Við prófun skal límingin á milli ABS plastsins og frauðplastsins ekki gefa sig.

3.20 Efnismál

3.21 Eftirfarandi kröfur um efnismál gilda fyrir báta, sem ganga allt að 6 $\sqrt{L_m}$ hnútum.

3.22 Þykkt á ytri skel í botni skal ekki vera minni en:

$t_b = 1{,}5 + 0{,}4 \times L_m + 0{,}06 \times V$ mm

t_b minnst 2,6 mm.

3.23 Þykkt á ytri skel í síðu skal ekki vera minni en:

$t_s = 1{,}5 + 0{,}4 \times L_m$ mm

t_s minnst 2,4 mm.

3.24 Þykkt á innri skel skal ekki vera minni en:

$t_i = 0{,}9 \times t_s$ mm

t_i minnst 2,2 mm.

3.25 Ef ganghraði bátsins er meiri en 6 $\sqrt{L_m}$ skal bolurinn styrktur með langskipsstyrkingum sem ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$W = k \times f \times p\ (l/100)^2$ mm^3 þar sem

k = 1000 fyrir síðu

k = 1500 fyrir botn

f = $30/\sigma B$

σB = togþol efnisins

l = lengd styrkingarinnar í mm

Hugsanlegt kjarnaefni skal uppfylla kröfur um kjarnaefni í hraðgengum bátum úr trefjaplasti.

3.26 Afturgafl sem ætlað er að þola álag vegna vélar, skal almennt styrktur í allri sinni breidd. Efnismál sem byggð eru á raunhæfri prófun með tilbúnu vélarálagi geta fengist samþykkt.

3.27 Styrkingar skulu vera þannig lagaðar að spenna í efninu verði sem allra minnst.

3.30 Mótun á plötum

3.31 Plötur skulu mótaðar á þann veg að gæði efnisins minnki ekki svo um muni við mótunina. Þykktin á plötunum skal ákveðin þegar fyrir liggur hver efnisþykktin verður á bátunum fullgerðum sem framleiddir eru úr viðkomandi plötum.

3.32 Dreifing hitans á plöturnar skal ávallt vera á sama veg við mótun hverrar plötu sömu gerðar. Hitinn á plötunni og mótinu skal vera innan þeirra marka sem ákveðin eru fyrir viðkomandi efni.

3.33 Flotmörk á mótuðum bol mega ekki víkja meira en 20% frá flotmörkum plötunnar við togprófun í sömu stefnu og efni plötunnar er sprautað. Miðað skal við meðaltalsniðurstöður fimm prófana.

3.34 Bátshlutar sem verða fyrir álagi skulu vera án hvassra brúna. Radíus á kúpu skal ekki vera minni en 2 sinnum efnisþykktin, ef kúpan vísar að mótinu, en ef kúpan vísar frá mótinu skal radíusinn ekki vera minni en 5 sinnum efnisþykktin. Hvassar brúnir má þó samþykkja ef þær eru styrktar sérstaklega með viðbótarstyrkingum.

3.35 Kröfur um hitastig við mótun á plötum og plötuþykkt skal ákveðin sérstaklega fyrir hverja bátsgerð á grundvelli skoðunar á fullsmíðuðum báti.

3.40 Innra eftirlit

3.41 Bátaframleiðandi skal halda saman öllum upplýsingum frá plötuframleiðanda.

3.42 Hver bolur skal skoðaður með það fyrir augum að kanna yfirborðsgalla.

3.43 Súðarþykkt skal mæld minnst einu sinni á sólarhring, þó minnst einn bolur af hverjum fimmtíu.

3.44 Niðurstöður þykktarmælinga skulu geymdar hjá bátaframleiðanda og vera aðgengilegar fyrir skoðunarmann.

3.45 Við skyndiskoðanir skal athuga flotmörk efnisins bæði fyrir og eftir mótun.

3.46 Við skyndiskoðanir hjá framleiðanda hráefnisins skal athuga plötuþykkt, samdrátt efnisins og höggþol með fallandi þunga.

BÁTAR ÚR JÁRNBENTRI STEINSTEYPU S-19

Efnisyfirlit

1. Aðstaða við smíði
2. Efni
3. Smíði
4. Hersla
5. Almennt um efnismál
6. Útsúð og þilfar
7. Bönd
8. Aðrar styrkingar
9. Styrkingar á þilfari

1. Aðstaða við smíði

1.1 Öll aðstaða við smíði báta og geymslu á hráefni skal vera á þann veg að smíði og hersla fari fram við fullnægjandi skilyrði.
1.2 Hráefni skal geymt á þurrum og hreinum stað.
1.3 Hiti á smíðastað skal vera á bilinu +10°C til +30°C. Raki má ekki vera minni en 50%.
1.4 Smíðastaður skal vera í skjóli fyrir vindi og sólskini.

2. Efni

2.1 Sandur skal vera af gæðum og samansetningu sem heppilegt er til notkunar í steypu. Línurit yfir kornastærð skal leggja inn til samþykktar.
2.2 Sement skal vera eins ferskt og mögulegt er og uppfylla staðal fyrir portlandssement.
2.3 Vatn skal vera drykkjarhæft.
2.4 Hægt er að krefjast sérstakra viðbótarefna ef það er talið nauðsynlegt vegna smíðaaðferðar eða járnabindingar.
2.5 Steypustyrktarjárn og net má vera eftir eigin vali, að því tilskildu að styrkur steypunnar reynist fullnægjandi og steypustyrkingin sé nægilega stíf til að þola það álag sem hún verður fyrir þegar steypt er.
2.6 Þrýstiþol steypunnar, σt, skal ekki vera minna en 35 MPa. Umreikning á þrýstiþoli frá mælingu við teningsprufu, σt_t, og sívalningsprufu, σt_s , má gera með líkingunni:
$\sigma t = 0{,}85 \times \sigma ts = 0{,}68 \times \sigma tt$
2.7 Beygjubrotþol járnbentu steypunnar við 0,01-0,02 mm sprunguvídd skal ekki vera minna en 20 MPa. Brotspenna skal ekki vera minni en 25 MPa. Steypuþykkt og mótstöðuvægi má leiðrétta með:

$f_1 = \sqrt{\frac{20}{\sigma \text{ bspr}}}$ vegna steypuþykktar og

$f_2 = \frac{20}{\sigma \text{ bspr}}$ vegna mótstöðuvægis,

þar sem σbspr er beygjubrotspenna við beygju fyrir viðkomandi steypuplötugerð.

3. Smíði

3.1 Steypuaðferð og uppbygging styrkinga skal samþykkt í hverju einstöku tilfelli með tilliti til viðkomandi smíðaaðferðar. Sýna skal fram á að steypan sé gegnheil og án holrúma.

3.2 Styrkingin skal unnin á þann veg að einstakir hlutar hennar færist ekki úr stað þegar steypan er borin á. Ekki mega vera snöggar breytingar á styrkingunni sem hafa áhrif á styrk bátsins. Styrkingin skal liggja langs í steypunni og má ekki hafa stefnufrávik sem geta valdið sprungum hornrétt á steypuflötinni.

3.3 Þyngdarhlutfall á milli sements og sands, c/s, skal vera á milli 0,4 og 0,6. Þyngdarhlutfall á milli vatns og sements, v/c, skal vera eins lítið og mögulegt er og aldrei meira en 0,4. Steypuna skal hræra þannig að efni hennar blandist vel saman og skal hiti steypunnar vera á bilinu +10 til +30°C.

3.4 Lokið skal við að steypa innan 1½ klst. frá því að vatnið er sett saman við lögunina og skal þess gætt að steypan sé vel þjöppuð saman. Almennt skal ekki nota víbrator.

3.5 Bátinn á að steypa upp að fullu í samfelldri vinnu. Ef bátar eru steyptir í hlutum skal sýna fram á að viðkomandi aðferð gefi fullnægjandi eiginleika.

3.6 Þegar bátur hefur verið steyptur skal vera 2ja mm jafnþykk steypuhúð utan á styrkingunni. Ef húðin utan á styrkingunni er þynnri en 2 mm skal bera á steypuna fullnægjandi ryðvörn.

4. Hersla

4.1 Meðan steypan er að stirðna skal raki í loftinu umhverfis steypuna vera eins mikill og mögulegt er, en ekki má bleyta steypuna beint með vatni. Smíðahluturinn skal vera í skjóli fyrir vindi og sólskini og ekki má færa hlutinn til meðan á herslu stendur. Steypunni skal ekki ætlaður skemmri tími til að stirðna en:

Tegund af sementi	Vatnshersla klst	Gufuhersla klst
hraðharðnandi	8	3
venjulegt	12	5
brennisteinsþolið	12	5

Hersla skal byrja um leið og stirðnun er lokið.

4.2 Vatnshersla má ekki taka skemmri tíma en:
- 28 sólarhringa fyrir venjulegt sement og brennisteinsþolið portlandssement
- 14 sólarhringa fyrir hraðharðnandi portlandssement.


Meðan á herslu stendur skal halda smíðahlutum vel rökum, annaðhvort með því að sprauta á þá vatni reglulega eða með stöðugri úðun. Vatnið skal ekki vera kaldara en 10°C.

4.3 Við gufuherslu skal smíðahluturinn vera allur undir plasttjaldi eða samsvarandi sem fyllt er rakri, lágþrýstri gufu. Gæta skal þess að aðstæður við hersluna séu hinar sömu við allan smíðahlutinn. Gufan skal vera sem næst jafnmikil allan herslutímann. Hitastig má ekki hækka eða lækka á skemmri tíma en:

$A = C = (t - t_0)/10$ klst

t = hiti gufunnar við smíðahlutinn

t_0 = hiti gufunnar við byrjun og lok herslu
Hiti skal vera innan þeirra marka, sem tilgreind eru á myndinni.



Hersla við stöðugan hita á bilinu 65 - 75°C skal ekki taka skemmri tíma en 6 klst. Ekki er heimilt að snögghita eða yfirhita einstaka hluta smíðahlutarins.

4.4 Smíðahlutinn má ekki flytja til né heldur má hann verða fyrir álagi fyrr en 12 klst. eftir að steypan er orðin hörð.

4.5 Ekki má byrja að slípa ójöfnur á steypunni fyrr en sjö sólarhringum eftir að vatnshersla hefst eða gufuherslu lýkur. Við slípingu skal þess gætt að steypuhúðin utan á styrkingunni verði ekki þynnri en kröfur reglnanna segja fyrir um. Ef steypuhúðin verður of þunn skal hreinsa flötinn vel og bera á hann epoxí.


5. Almennt um efnismál

5.1 Eftirgreindar kröfur um efnismál gilda fyrir báta sem smíðaðir eru með hefðbundinni steypustyrkingu og steypuaðferð. Efnismál á hlutum sem smíðaðir eru úr trefjastyrktri steypu eða strengjasteypu skulu metin í hverju einstöku tilfelli. Nauðsynlegar upplýsingar, útreikninga og niðurstöður prófana skal leggja inn til samþykktar.

5.2 Þykkt útsúðar á kúptum fleti má leiðrétta með því að margfalda þykktina með stuðlinum:

$$f = \left(1 - \frac{f1 + f2}{2 \times S_1}\right)\left(1 - \frac{f3 + f4}{2 \times S_2}\right)$$

f minnst 0,7
S og f er mælt eins og sýnt er á myndinni;



5.3 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
t = þykkt steypunnar í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

6. Útsúð og þilfar

6.1 Þykkt á útsúð í botni skal haldast í fullri þykkt upp í þá hæð sem hærri er skv. eftirgreindu:
- upp að hleðsluvatnslínu
- upp að húfi.

6.2 Þykkt súðar í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_b = 0{,}14 \times f_1 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t_b = 15 + 1{,}0 \times f_1 \times L_m$ mm

f_1 = leiðréttingarstuðull skv. 2.7

f = leiðréttingarstuðull skv. 5.2

6.3 Efnisþykkt síðu skal, þegar tekið er tillit til leiðréttinga vegna kúpu, ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_s = 0{,}12 \times f_1 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t_s = 12 + 0{,}8 \times f_1 \times L_m$ mm

6.4 Þykkt á þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_d = 0{,}13 \times f_1 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t_d = 14 + 0{,}8 \times f_1 \times L_m$ mm

7. Bönd

7.1 Steinsteyptir bátar skulu styrktir með þverböndum, ef járnabinding steypunnar í bolnum liggur að verulegu leyti langskips.

7.2 Í bátum með þverbönd skal mótstöðuvægi bandanna upp fyrir húf ekki vera minna en:

$W = 18 \times f_2 \times s \times p\,(l/100)^2$ mm^3

f_2 = leiðréttingarstuðull skv. 2.7

Ofan við húfinn má minnka mótstöðuvægi bandanna niður í 60% af kröfum um botnbönd.

8. Aðrar styrkingar

8.1 Efnismál banda eru ákveðin með tilliti til þess að kjölur bátsins sé stífur. Af þeim sökum skal báturinn annað hvort hafa stangarkjöl eða kjalbak sem gerir kjölinn nægilega stífan. Þverbönd skulu tengd saman með botnstokkum.

8.2 Vélarundirstaða skal hafa nægan styrk með tilliti til vélarstærðar. Vélarundirstaðan skal skorðuð af bæði langskips og þverskips. Járnabinding og vélarfestiboltar sem steyptir eru fastir í vélarundirstöðuna skulu tengdir á fullnægjandi hátt við járnabindingu í nærliggjandi botnstokkum og langskipsstyrkingum.


9. Styrkingar á þilfari

9.1 Bátar með þverbönd skulu hafa þverbita undir þilfari á hverju bandi.

9.2 Mótstöðuvægi þilfarsbita skal ekki vera minna en:

$W = 14 \times f_2 \times s \times p\ (l/100)^2\ mm^3$

l = spennilengd bitans í mm, mælt frá útsúð að miðjum langbita eða á milli langbita, miðju á miðju.



9.3 Tenging þilfarsbita við band skal vera vel aflíðandi bogin. Radíus tengingarinnar skal ekki vera minni en:

$R = 1{,}5 \times h$ mm

h = sú hæð sem hærri er af h_1 og h_2 (sjá mynd í 9.2 mælt í mm).

KANÚAR S-20

Efnisyfirlit

1. Fyrirkomulag
2. Fríborð
3. Stöðugleiki
4. Flothæfni
5. Handföng
6. Smíði
7. Efnismál

1. Fyrirkomulag


1.1 Eftirfarandi reglur gilda um opna kanúa með lengd allt að 6,0 metrum sem eru tvístefnungar og án nokkurs búnaðar fyrir vél, árar eða segl.

1.2 Hámarksfjöldi manna skal ákveðinn með tilliti til stærðar kanúsins og skal ekki vera meiri en skv. eftirgreindu:
2 menn ef $L_m \times B < 5$
3 menn ef $L_m \times B \geq 5$

2. Fríborð

2.1 Fríborð á kanúa með hámarkshleðslu sem dreift er jafnt niður í kanúinn, skal ekki vera minna en 150 mm.

2.2 Flothæfni í stefnum skal vera það mikil að fríborð á kanúa sem er hlaðinn 90 kg einum metra frá stefni, án annarrar hleðslu, sé ekki minna en tilgreint er á eftirfarandi línuriti. Flothæfni beggja stefna skal prófuð.



3. Stöðugleiki

3.1 Kanúi skal vera það stöðugur að vatn renni ekki inn í kanúinn né heldur að hann halli meira en 12° þegar 75 kg eru staðsett á miðri þóftu og 10 kg á borðstokki við enda þóftunnar.

4. Flothæfni

4.1 Með vatnsfylltum kanúa er átt við kanúa sem ekki er hægt að fylla frekar með vatni án þess að það renni út úr honum aftur um lægsta hluta borðstokksins.

4.2 Vatnsfylltur kanúi skal fjóta sem næst láréttur með hleðslu sem dreift er jafnt niður á botninn og nemur 20% af hámarkshleðslu, þó ekki minna en 25 kg fyrir hvern mann sem kanúinn er viðurkenndur fyrir.

4.3 Óhlaðinn vatnsfylltur kanúi skal hafa minnst 50 mm fríborð, auk þess sem hann skal vera stöðugur með halla allt að 120°.

4.4 Lokuð rými sem ekki reiknast sem flotholt, en eru tóm eða innihalda frauðplast að einhverju leyti, skulu vera opin við athugun á flothæfni.

4.5 Flotholt skulu uppfylla ákvæði í EB-7.

5. Handföng

5.1 Kanúar skulu vera þannig búnir eða lagaðir á þann veg að mögulegt sé fyrir mann sem er í sjónum að halda sér í kanúinn vatnsfylltan.

6. Smíði

6.1 Kanúar skulu smíðaðir úr efni, í húsnæði og með verklagi skv. kröfum í gildandi reglum fyrir viðkomandi efni.

6.2 Kanúa skal beygjuprufa með þunga sem nemur 50% af leyfilegri hámarkshleðslu, þó minnst 150 kg, sem staðsett skal innan við 0,5 m frá $L_m/2$. Við beygjuprufu skulu settir búkkar undir báða enda kanúsins og skal millibil búkkanna vera $0,8 \times L_m$. Með þessum þunga má kanúinn ekki bogna meira niður en sem nemur 1% af lengdinni á milli hvílipunktanna.

7. Efnismál

7.1 Trefjaplast í kanúum sem smíðaðir eru úr glertrefjastyrktum pólýestra, skal ekki innihalda minni glertrefjastyrkingu en 1950 g/m^2 í kili, 1200 g/m^2 í botni og 900 g/m^2 í síðum.

7.2 Þykkt á plötum í kanúum sem smíðaðir eru úr áli skal ekki vera minni en 0,9 mm. Ef engin styrking er í kili og stefnum skal þykktin þar ekki vera minni en 2,5 mm.

7.3 Ekki þarf að uppfylla kröfur í reglum fyrir báta úr áli um tvöfalda röð hnoða í vatnsheldum samsetningum.

7.4 Kanúi sem smíðaður er úr öðru efni, með öðru verklagi eða öðru smíðalagi en reglur þessar segja fyrir um, getur að undangenginni sérstakri athugun fengist samþykktur, ef hann telst uppfylla kröfur reglnanna.

ÁLAGSSTUÐLAR S-21

Efnisyfirlit


1. Álag á bol


1. Álag á bol


1.1 Efnismál á bol, þilfari, plittum og yfirbyggingum miðast við álag sjávar og skulu ákveðin með tilliti til stærðar bátsins, ganghraða, særými og hæð yfir vatnslínu.


1.2 Mynd 21.1 sýnir álag sjávar við hámarkshraða bátsins með lágmarkshleðslu. Fyrir seglbáta skal $V = 4\sqrt{L_m}$.
Mesta lengd, L_m, mælist í metrum.
Álagsstuðull skal ekki miðast við minni hraða en 10 hnúta. Álagsstuðullinn fyrir botn, p, skal ekki vera minni en:
$p = k_1 \times p$ sjó MPa,
þó aldrei minna en p mín
k_1 = langskipsleiðréttingarstuðull,sjá 1.3
p mín= lágmarksálagsstuðull, sjá 1.6.


1.3 Álag sjávar reiknast mismikið langskips eins og sýnt er á eftirfarandi myndum. Þegar botnris miðskips er minna en 12° skal p-stuðullinn haldast óbreyttur alla bátslengdina, ef $V/\sqrt{L_m} > 6$.




1,0 Psjó
k1 = V/ √Lm ≥10



0,65 Psjó
1,0 Psjó
k1 = 10 ≥V/ √Lm ≥6


0,65 Psjó
1,0 Psjó
k1 = 6 ≥V/ √Lm ≥3


0,65 Psjó
1,0 Psjó
k1 = V/3· √Lm

ÁLAGSSTUÐLAR S-21


1.4 Álag sjávar reiknast mismikið ofan vatnslínu þverskips, eins og sýnt er á eftirfarandi myndum. Álagið er ákveðið með hliðsjón af vatnslínu skv. S-3.2.4 og 2.5.



1.5 Álagsstuðla fyrir síður, þilfar, plitta og yfirbyggingar skal ákveða sem hér segir:
Fyrir síður;
p = (F-h)/F × p sjó × k_1 MPa,þó minnst
p = 0,3 × p sjó MPa
F = meðalfríborð, sjá S-2.3.5
h = hæð á álagspunkti
Fyrir hliðar á yfirbyggingum þilfarsbáta;
p = 0,2 × p sjó MPa
Fyrir þilfar og plitta vegna manna;
p = 0,01 + 0,002 × L_m + 0,06 × p sjó MPa
Fyrir þilfar og plitta vegna farms;
p = 0,08 × G_f MPa
G_f = farmur í tonnum/m^2

1.6 Álagsstuðlar skulu aldrei vera minni en:
pmín = 0,003 × L_m MPa.
Styrktarskilrúm skulu metin á grundvelli lágmarksálagsstuðulsins.

Mynd 21.1



EFNISMÁL BÁTA ÚR TREFJAPLASTI S-22

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Efni
3. Skilgreiningar
4. Leiðréttingar á efnismálum
5. Samloka
6. Kjölur
7. Stefni og borðstokkur
8. Botn
9. Síða og skilrúm
10. Húfur, kantar
11. Þilfar og plittar
12. Yfirbyggingar og reisnir
13. Langskipsstyrkingar
14. Þverskipsstyrkingar
15. Aðrar styrkingar
16. Afturgafl
17. Verklag
18. Vélarundirstaða
19. Hlasskjölur
20. Festing búnaðar
21. Samsetningar

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi kröfur um efnismál gilda um báta úr trefjaplasti sem smíðaðir eru með hefðbundnu bátslagi.

2. Efni

2.1 Efni bátanna skal uppfylla ákvæði í EB-2, EB-3, EB-5 og EB-6.

2.2 Fullhart trefjaplast skal uppfylla eftirgreindar kröfur:
Togþol minnst σ_s = 80 MPa
Beygjubrotþol minnst σ_b = 130 MPa
Togfjaðurstuðull E_s = 7000 MPa
Beygjufjaðurstuðull E_b = 6000 MPa

2.3 Togþol og togfjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 3268-1978. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur. Beygjubrotþol og beygjufjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 178. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur.

2.4 Meðaltal ofangreindra mælinga skal uppfylla kröfur í 2.2. Engin einstök mæling má vera lakari en 80% af þeirri tölu sem notuð er við útreikninga.

2.5 Glerinnihald trefjaplasts skal ekki vera minna en 27% af heildarþunga og ekki meira en 45%, mælt skv. ISO/R 1172-1975. Mismunur á glerinnihaldi prófsýna má ekki vera meiri en ± 4% af meðaltalsniðurstöðum rannsókna. Niðurstaða hverrar rannsóknar skal uppfylla þessar kröfur.

3. Skilgreiningar

3.1 Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_1 = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

4. Leiðréttingar á efnismálum

4.1 Ef framleiðandi getur sannað að eiginleikar trefjaplastsins séu betri en krafist er skv. 2.2 má samþykkja minni efnismál en tilgreind eru í reglunum fyrir viðkomandi bát.

$f = f_1 \times f_2 \times f_3 \times f_4$

f minnst 0,7


4.2 Ef notað er trefjaplast sem hefur meira beygjubrotþol en 130 MPa, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f_1, með eftirgreindum stuðli:

$f_1 = \sqrt{130 / \sigma_b}$

σ_b = beygjubrotþol á viðkomandi trefjaplasti.

4.3 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti, þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:


$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2 \times a/b$




4.4 Ef flötur á trefjaplasti er að ráði kúptur, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:

$f_3 = 1 - h/s$

f_3 minnst 0,8



4.5 Ef kjarni bands, k, er breiðari en 0,1 s, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_4 = 1{,}1 - k/s$
f_4 minnst 0,7



4.6 Ef særými báta er minna en f mest, má minnka þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum sem ekki byggja niðurstöðu á millibili styrkinga, s, sem nemur eftirgreindum stuðlum:
Δ_{tb}: = $3\,(\sqrt[3]{\Delta\ mest/\Delta} - 1)$
Δ_{ts}: = $2{,}5\,(\sqrt[3]{\Delta\ mest/\Delta} - 1)$
Δ mest = reiknað skv. líkingu í S-3.2.1
Δ = særými viðkomandi báts.

4.7 Ef togþol trefjaplastsins er meira en 80 MPa má margfalda mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:
$f_w = 80 / \sigma_s$
σ_s = togþol viðkomandi trefjaplasts.

5. Samloka

5.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um samloku sem verður fyrir álagi og er gerð úr kjarna með trefjaplasti beggja megin.

5.2 Við ákvörðun á styrk samloku er miðað við að álag vegna beygjuspennu reyni á trefjaplast samlokunnar, en skerspenna á kjarnann.

5.3 Samloka skal ekki hafa minni styrk en krafist er til samsvarandi hlutar úr gegnheilu trefjaplasti skv. líkingu, þar sem reiknað er með bandabilinu s. Samloka telst hafa fullnægjandi styrk, ef W/s samlokunnar uppfylla ákvæði í 11.2, 13.3. og 13.4, þegar s er 1 mm og l er lengd styttri hliðar flatarins í mm. Sjá mynd 22.5 varðandi mótstöðuvægi. Kröfu um mótstöðuvægi má margfalda með stuðlinum f_6, skv. línuriti í 5.5.


5.4 Efni kjarna í samloku má ekki hafa minna skerþol en:

$$\tau = \frac{0{,}22 \times f5 \times p \times l}{d}\ \text{MPa}$$

og kjarni má aldrei vera þynnri en 0,01 l
d = bilið á milli trefjaplastlaganna utan á kjarnanum í mm, mælt miðju í miðju.
l = lengd styttri hliðar flatarins í mm

p = þrýstingur á bol í MPa
f_5 = leiðréttingarstuðull skv. línuriti í 5.5
Í botni skal skerþol ekki vera minna en:
τ = 0,04 × V, þó minnst 0,7 MPa

5.5 Ef hlutfall á milli lengri hliðar ,a, og styttri hliðar ,b, samloku er minna en 3,0 má margfalda mótstöðuvægi hennar, W/s, með stuðlinum f_6 og skerþol með stuðlinum f_5, skv. eftirfarandi línuriti.



Hlutfall a/b

5.6 Þykkt á ytri húð trefjaplasts í kili, stefnum, botni, húfi og síðum á ekki að vera minni en 40% og í þilfari 60% af kröfum til þykktar á gegnheilu trefjaplasti skv. líkingum þar sem ekki er reiknað með millibili styrkinga, s. Í botni og síðum má samþykkja minni efnismál, ef fram kemur við prófun að höggþol er ekki lakara en á gegnheilu trefjaplasti með lágmarksefnismál fyrir viðkomandi bát.


5.7 Hlutfall á milli þykktar þynnsta og þykkasta hluta á trefjaplasti samloku á ekki að vera minna en 0,75.


6. Kjölur

6.1 Efnismál kjalar skulu ákveðin með tilliti til notagildis hans, svo sem uppsetningu bátsins, festingum, hlasskili og þess háttar. Sjá S-15.10 um festingu á hlasskili.


6.2 Efnisþykkt kjalar skal ekki vera minni en:
$t_k = 2{,}9 + 0{,}9 \times f_1 \times L_m + 0{,}1 \times V$ mm
Mótstöðuvægi skúffukjala, sjá mynd, skal ekki vera minna en:
$W = 3 \times G \times L_m$ mm^3
G = eiginþyngd bátsins í kg, sjá S-2.4.1

Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botninum, sem nemur 5 × t út frá kilinum.
Efnisþykkt kjalar, t_k, skal mæld eins og sýnt er á eftirfarandi myndum:
b = 80 × B mm
B = breidd bátsins í metrum





6.3 Efnisþykkt kjalar, t_k, á bátum með kjölfestu steypta í kilinum, skal ná minnst niður að kjölfestunni. Á bátum án skúffukjalar eða innbyggðrar langskipsstyrkingar skal efnisþykktin miðskips ekki vera minni en sýnt er á eftirfarandi mynd:



6.4 Ef bolur er framleiddur í hlutum skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í kili. Breidd tengingarinnar, hvorumegin við samskeytin skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

7. Stefni og borðstokkur

7.1 Efnisþykkt í framstefni skal ekki vera minni en:

$t = 2{,}9 + 0{,}9 \times f_1 \times L_m$ mm

7.2 Breidd á stefni skal ekki vera minni en:

$b = 80 \times B$ mm

b þarf þó ekki að vera meiri en 200 mm

Ef bolur er framleiddur í hlutum skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í stefni. Breidd tengingarinnar, hvorumegin við samskeytin, skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

7.3 Á bátum sem mögulega verða geymdir á hvolfi skal borðstokkurinn, eða sá hluti bátsins sem verður fyrir álagi við að snúa honum eða við geymsluna á hvolfi, hafa mótstöðuvægi sem er ekki minna en:

$W = 3 \times G \times L_m$ mm^3

Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af trefjaplasti, sem nemur 5 × t út frá hvílipunktinum.

8. Botn

8.1 Þykkt á trefjaplasti í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er af eftirgreindu:

- upp að hleðsluvatnslínu
- upp að kanti.

8.2 Efnisþykkt í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_b = 0{,}07 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t_b = 1{,}4 + 0{,}5 \times f_1 \times L_m + 0{,}08 \times V - \Delta_{tb}$ mm

8.3 Á bátum með kjöl skal mismunur á þykkt í botni og kjalar jafnast út á svæði sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

9. Síða og skilrúm

9.1 Efnisþykkt síðu og styrktarskilrúma skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_s = 0{,}045 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t_s = 1{,}7 + 0{,}5 \times f_1 \times L_m - \Delta_{ts}$ mm

Efnisþykkt styrktarskilrúma skal ekki vera minni en:

$t = 0{,}75 \times t_s$ mm

10. Húfur, kantar

10.1 Ef kantur er á milli botns og síðu eða húfur er með radíus sem er minni en 20 sinnum botnþykktin, skal efnisþykkt kantsins/húfsins, t_k, á minnst 100 mm breiðri rönd beggja megin við kant eða húf ekki vera minni en:

$t_k = 2{,}4 + 0{,}7 \times f_1 \times L_m + 0{,}06 \times V$ mm

þó ekki minni en þykkt í botni.

11. Þilfar og plittar

11.1 Þykkt á þilfari og plittum sem verða fyrir álagi vegna umgangs skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_d = 0{,}06 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t_d = 1{,}6 + 0{,}4 \times f_1 \times L_m$ mm

11.2 Bitar skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi á miðri spennilengd en:

$W = 5{,}6 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

11.3 Víkja má frá kröfum um styrkingar á litlum þilförum sem ekki geta orðið fyrir álagi.

12. Yfirbyggingar og reisnir

12.1 Yfirbygging og reisn sem verða fyrir álagi frá sjó skal hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

12.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verður fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en tilgreint er í 11.

13. Langskipsstyrkingar

13.1 Við ákvörðun á mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af fletinum sem styrkingin tengist sem flansi, að breidd sem nemur 20 sinnum þykkt flatarins, auk breiddar styrkingarinnar.

13.2 Bátar sem ganga hraðar en $6\sqrt{L_m}$ hnúta eiga að hafa langbönd í botni.

13.3 Langbönd í botni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$W = 10 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

Þrep og hlífðarlista sem liggja langskips má meta sem styrkingar.

13.4 Langbönd í síðu skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$W = 6{,}3 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

Þrep og hlífðarlista sem liggja langskips má meta sem styrkingar.

14. Þverskipsstyrkingar

14.1 Langbönd eiga að hafa stuðning af þverskilrúmum eða þverböndum.

14.2 Bátar með hámarksganghraða minni en $6\sqrt{L_m}$ hnúta má styrkja með þverskipsstyrkingum eingöngu og kili sem einu langskipsstyrkingunni.


14.3 Þverbönd skulu annað hvort ganga óskert yfir kjölinn eða tengjast botnstokkum. Þverbönd skulu hafa stuðning að ofan af þilfarsbitum, þilfari eða annari langskipsstyrkingu.

14.4 Þverstyrkingar og þverskilrúm skulu hafa sömu efnismál og þverbönd. Á bátum með kjöl skal lengdin, l, mæld frá miðlínu bátsins en á flatbotna bátum mælist lengdin á milli síða.

14.5 Þverbönd skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi upp fyrir húf en:

$W = 6 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

$l = l_o - 3f + 0{,}3R$, sjá mynd:



14.6 Mótstöðuvægi þverbanda efst í síðu skal ekki vera minna en 40% af því mótstöðuvægi, sem krafist er í botni. Mótstöðuvægið skal minnka línulega upp frá húfnum.


14.7 Á planandi bátum án kjalar skulu botnstokkar festast við síður og skal þverskurðarflatarmál festinganna ekki vera minna en:

A $= 0,005 \times s_1 \times p \times b$ mm^2

$s_1 = 0,5\ (l_1 + l_2)$ mm, þar sem

l_1 og l_2 er lengd langbandsins fyrir framan og aftan þverstyrkinguna.

b = breidd á bol í mm, sjá mynd.




15. Aðrar styrkingar

15.1 Bekkir, plittar eða innréttingar mega koma í stað styrkinga, ef þau eru fest í allri sinni lengd á fullnægjandi hátt við súðina.

15.2 Gera má minni kröfur til styrkinga ef lag bolsins er á þann veg að það styrki bátinn.

15.3 Í opnum bátum má gera styrkingar í botni að öllu leyti eða hluta til með föstum plittum. Breiddin, b, skal ekki vera minni en 0,25B. Millibilið, a, frá plittunum að kanti, skal ekki vera minna en 0,15B.



15.4 Ef styrkingar eru gerðar úr frauðplasti skal frauðplastið hafa fullnægjandi þrýsti- og skerþol til að tryggja heildarstyrk botnsins. Tegund og gæði frauðplastsins ásamt frauðgerðinni eru metin til viðurkenningar í hverju einstöku tilfelli.

16. Afturgafl

16.1 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi vegna vélar eða stýris skal hafa sömu efnismál og síða.

16.2 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá utanborðsvél á að byggjast sem samloka með kjarna úr vatnsheldum krossviði eða samsvarandi efni. Lágmarksþykkt á þeim hluta gaflsins, sem verður fyrir álagi frá vélinni er gefin upp í töflu á næstu síðu:

Vélarafl kW	Hestöfl	Heildarþykkt mm
3	4	12
3 - 7	4 - 10	15
7 - 18	10 - 25	25
18 - 30	25 - 40	30
30 - 60	40 - 80	35
60 - 150	80 - 200	40
yfir 150	yfir 200	*

* Efnismál á afturgafli eru metin hverju sinni

16.3 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá hálfutanborðsvél skal byggður upp skv. ákvæðum í 16.2, en þó skal auka heildarþykktina um 5 mm frá því sem þar er tilgreint í töflu.

16.4 Þykkt á trefjaplasti innan við kjarnann á ekki að vera minni en 0,7 sinnum þykkt síðu og þykkt á trefjaplasti utan við kjarnann ekki minni en 0,7 sinnum þykkt í botni. Hér er átt við þær líkingar sem ekki byggja niðurstöðu á millibili styrkinga, s. Trefjaplast innan við kjarnann skal tengjast við síður og botn og þynnast út línulega.

17. Verklag

17.1 Hlutir úr trefjaplasti skulu ekki hafa skörp horn. Ef ekki er hægt að koma öðru við skal styrkja hornin sérstaklega. Mót mega ekki vera of margbrotin og komast skal hjá byggingarlagi sem torveldar eftirlit og viðgerðir.

17.2 Varast ber að byggja burðarhluti sem valda togálagi hornrétt á trefjaplastflöt þar sem slíkt getur valdið tvískinnungi í trefjaplastinu.

17.3 Styrkingar skulu ekki hafa snöggar breytingar á styrkleika. Styrkingar skulu þynnast út til endanna eða tengjast öðrum styrkingum.

17.4 Þykktarmismun á trefjaplasti skal jafna út á svæði sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn. Á fleti sem verður fyrir miklu álagi, skal jafna mismuninn út á svæði sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

17.5 Samlokufletir skulu byggðir upp með tilliti til eftirgreindra atriða:

- trefjaplastið utan á kjarnanum skal vera óskert við bönd og aðrar styrkingar og forðast skal snöggar breytingar á þykkt kjarnans
- mismun þykktar á milli samloku og gegnheils trefjaplasts, skal jafna út á svæði, sem er ekki minna en tvisvar sinnum þykkt kjarnans
- þar sem þrýstingur leggst hornrétt á samloku, skal auka þykkt trefjaplastsins utan á kjarnanum eða setja viðbótarstyrkingu, sem dreifir álaginu á stærra svæði
- þar sem bönd, skilrúm og þess háttar er fest við samloku, skal þykkt trefjalagsins á samlokunni ekki vera minni en þykktin á styrkingunni sem fest er. Þykktarmismun trefjalagsins skal jafna út á svæði sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn.

18. Vélarundirstaða

18.1 Ef vél er fest beint á langband í botni skal auka efnismál langbandsins og tengja það þverskipsstyrkingu. Vélarundirstaða skal vera byggð upp á þann veg að hún gefi nægilegan stífleika á milli vélar og legu í stefnispípu.

18.2 Vélarundirstaðan skal vera byggð upp á þann veg að hún dreifi krafti frá vél, gír og skrúfubúnaði á fullnægjandi hátt á bolinn.

19. Hlasskjölur

19.1 Þar sem hlasskjölur er festur við bolinn skal auka þykkt trefjaplastsins og styrkja það á fullnægjandi hátt.

19.2 Í staðinn fyrir hlasskjöl má byggja kjölfestuna inn í kjölinn í einu lagi með bolnum. Efnisþykkt kjalarins og tenging hans við bolinn skal metin með tilliti til þyngdar kjölfestunnar og þess álags sem kjölurinn verður fyrir. Kjölfestuna verður að skorða þannig að hún geti ekki hreyfst. Kjölfestu úr steinsteypu má aðeins leggja á trefjaplast sem hefur verið húðað með topphúð eða samsvarandi.

20. Festing búnaðar

20.1 Þar sem búnaður er festur í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

20.2 Viðbótarstyrkingar má gera með því að auka þykkt trefjaplastsins eða hafa styrkinguna úr samloku með krossviði, málmplötu eða þess háttar. Við smíði styrkinga skal taka tillit til stefnu átaksins og þess álags sem styrkingarnar verða fyrir. Trefjaplastið sem lagt er yfir kjarnann að innan skal ná hæfilega langt út fyrir kjarnann og hver styrkingarmotta skal ná vel út fyrir næstu mottu á undan.

21. Samsetningar

21.1 Samsetningar skulu vera einfaldar og aðgengilegar til eftirlits og unnar á þann veg að ekki sé hætta á tvískinnungi í samsetningunum.

21.2 Hnoðnaglar, boltar og undirlagsskífur skulu vera úr ryðfríu efni eða vera ryðvarðar.

21.3 Göt fyrir bolta og hnoðnagla skulu boruð og skal þvermálið vera það sama og þvermál bolta/hnoða. Fjarlægð miðju gatsins að brún á trefjaplastinu skal ekki vera minni en 2,5 sinnum þvermál gatsins fyrir hnoð og 3 sinnum þvermál gatsins fyrir bolta.


21.4 Undir boltahausum og róm í samsetningum sem verða fyrir álagi, skal vera skífa með ytra þvermál sem er ekki minna en 2 sinnum þvermál gatsins og ekki þynnri en 0,1 sinni þvermál gatsins, þó aldrei þynnri en 0,5 mm. Ef haus eða ró uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu. Í samsetningum sem verða fyrir miklu álagi, má gera kröfu um stærri skífur.


21.5 Við vatnsþéttar samsetningar skal setja þéttiefni á bolta/hnoðnagla áður en þeir eru settir í og festa þá síðan tryggilega.

21.6 Nota má, með sérstöku samþykki í hverju einstöku tilfelli, skrúfur í samsetningar sem ekki verða fyrir álagi. Skrúfur skulu vera sem allra næst hornrétt á flötinn. Trefjaplast sem skrúfað er í skal hafa nægilega þykkt (minnst 5 mm), en ef því verður ekki við komið má koma fyrir stykki á bak við trefjaplastið til að skrúfa í.

Mynd 22.1


Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.






Mynd 22.2


Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.






Mynd 22.3


Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.






Mynd 22.4


Mótstöðuvægi þrepa, W, er byggt á hæð þrepsins, H, og efnisþykkt, t.






Mynd 22.5


Mótstöðuvægi samloku, W/s, ef gert er ráð fyrir jafnþykku trefjaplasti beggja megin.





Mynd 22.6

Þykkt á trefjaplasti er tilgreind í mm og er þá átt við þykktina á trefjaplastinu án slithúðar að utan og innan. Eftirfarandi línurit sýnir hve þungar glertrefjar í g/m^2 þarf til að ná 1 mm þykku trefjaplasti, með hliðsjón af hlutfalli glertrefja í trefjaplastinu.



EFNISMÁL STÁLBÁTA S-23

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Efni og skilgreiningar
3. Leiðréttingar
4. Kjölur og stefni
5. Plötur í botni
6. Plötur í síðu og skilrúmum
7. Plötur í þilfari
8. Styrkingar
9. Afturgafl og vélarundirstöður
10. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um báta sem eru ≥ 5,5 m. Efnismál minni báta eru metin sérstaklega.

2. Efni og skilgreiningar


2.1 Efni til smíði stálbáta skal vera af efnisgæðum sem eru ekki minni en:
Flotmörk = σ_f 240 MPa (24 kp/mm^2)
Togþol = σ_s 410 MPa (41 kp/mm^2)
Brotlenging = 22%

2.2 Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_1 = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.


3. Leiðréttingar

3.1 Ef notað er stál með hærri flotmörkum en 240 MPa, má leiðrétta plötuþykktir með eftirgreindum stuðli:
$f_1 = \sqrt{240/\sigma_{o,2}}$, þar sem
$\sigma_{o,2}$ = flotmörk stálsins sem notað er.

3.2 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykktina með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2\ a/b$



3.3 Ef plata er kúpt má margfalda þykkt hennar með eftirgreindum stuðli:
$f_3 = 1 - 0{,}8\ h/s$
f_3 minnst 0,85



3.4 Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum er:
$f = f_1 \times f_2 \times f_3$

3.5 Fyrir báta með minna særými en Δ mest, má minnka lágmarksþykkt á plötum í botni og síðum skv. eftirgreindu:
$\Delta t = 1{,}5\ (\sqrt[3]{\Delta\ mest/\Delta} - 1)$ mm
Δ mest = sjá S-3.2.1
Δ = særými viðkomandi báts.

3.6 Ef notað er stál með hærri flotmörk en 240 MPa, má leiðrétta mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:
$f_w = 240/\sigma_{0,2}$, þar sem
$\sigma_{0,2}$ = flotmörk þess stáls sem notað er.

4. Kjölur og stefni

4.1 Kjölur skal almennt vera stangarkjölur.

4.2 Mótstöðuvægi stangarkjalar skal ekki vera minna en:
$W = 130 \times L_m^2\ mm^3$
Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botnplötunni, að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

4.3 Ef stangarkjölur virkar ekki sem slitkjölur skal þykkt kjalplötunnar ekki vera minni en:
$t = 1{,}5 \times t_b$ mm, þar sem
t_b = þykkt á plötum í botni skv. 5.2
Breidd kjalplötunnar skal ekki vera minni en:
$b = 10 \times L_m$ mm

5. Plötur í botni

5.1 Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er skv. eftirgreindu:
- upp að húfi
- upp að hleðsluvatnslínu.

5.2 Þykkt á plötum í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_b = 0{,}4 + 0{,}2 \times f_1 \times L_m + 0{,}04 \times V - \Delta t$ mm
$t_b = 0{,}04 \times f \times s \times \sqrt{p}$ mm
t_b minnst 3,0 mm

6. Plötur í síðu og skilrúmum

6.1 Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_S = 0{,}2 \times f_1 \times L_m + 0{,}04 \times V - \Delta t$ mm

$t_S = 0{,}02 \times f \times s \times \Delta p$ mm

t_S minnst 2,5 mm

Þykkt á plötum í skilrúmum sem eiga að vera vatnsþétt eða hafa þýðingu fyrir styrk bátsins, skal ekki vera minni en 0,75 sinnum þykkt síðu skv. ofangreindum líkingum.

7. Plötur í þilfari

7.1 Þykkt á plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_d = 0{,}8 + 0{,}2 \times f_1 \times L_m$ mm

$t_d = 0{,}03 \times f \times s \times \sqrt{p}$ mm

t_d minnst 2,5 mm

8. Styrkingar

8.1 Í mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af viðkomandi plötu að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni, þó ekki meira en millibili styrkinga.

8.2 Mótstöðuvægi styrkinga í botni skal ekki vera minna en:


$W = 1{,}5 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

8.3 Mótstöðuvægi styrkinga í síðu og á styrktarskilrúmum eða vatnsþéttum skilrúmum skal ekki vera minna en:

$W = 1{,}1 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

8.4 Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda skal nota l, sem fengið er skv. eftirgreindu:

$l = l_0 - 3f + 0{,}3R$ mm, sjá mynd



8.5 Mótstöðuvægi styrkinga undir þilfari skal ekki vera minna en:

$W = 0{,}81 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

8.6 Styrkingar skulu almennt vera með flansi. Ef svo er ekki verður að ganga úr skugga um stífleika styrkinganna gagnvart beygju.

9. Afturgafl og vélarundirstöður

9.1 Afturgafl sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, skal vera þannig smíðaður að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

9.2 Plötuþykkt í afturgafli sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, er metin í hverju einstöku tilfelli en skal þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni. Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla skal styrkja gaflinn með bitum sem taka við álaginu frá vélinni.

9.3 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi frá vél skal hafa sömu efnismál og síða.

9.4 Innanborðsvélar skulu festar á langbönd sem tengjast þverskipsstyrkingum.

10. Yfirbyggingar, þilfarshús og viðbótarstyrkingar


10.1 Yfirbyggingar og reisnir sem verða fyrir álagi frá sjó, skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

10.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verða fyrir álagi vegna umgangs, skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

10.3 Við úrtök og op á bol sem eru stærri en 250 mm, skal setja styrkingar.

10.4 Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

Mynd 23.1
Mótstöðuvægi styrkinga sem soðnar eru á 4 - 6 mm plötur.



EFNISMÁL ÁLBÁTA S-24

Efnisyfirlit

1. Efni og skilgreiningar
2. Leiðréttingar
3. Kjölur og stefni
4. Plötur í botni
5. Plötur í síðu og skilrúmum
6. Plötur í þilfari
7. Styrkingar
8. Afturgafl og vélarundirstöður
9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

1. Efni og skilgreiningar

1.1 Almennt skal nota ál af eftirgreindum tegundum:

Flokkur 1	Óherðanlegar málmblöndur	Dæmi
Skal innihalda	**ASTM**	**DIN 1725**
	5052	Almg 2,5
C_u max. 0,2%	5083	Almg 4,5 Mn
F_e max. 0,5%	5086	Almg 4 Mn
M_g max. 2,0%	5154	Almg 3
	5454	Almg 2,7 Mn

Flokkur 2	Herðanlegar málmblöndur	Dæmi
Skal innihalda	**ASTM**	**DIN 1725**
	6005	Almg S_1 0,7
C_u max. 0,4%	6063	Almg S_1 0,5
F_e max. 0,5%	6351	Almg S_1 1,0

Í töflu 24.1 eru tilgreindir eiginleikar nokkurra áltegunda

1.2 Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_1 = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

2. Leiðréttingar

2.1 Efnismál eru byggð á 170 MPa flotmörkum efnisins. Ef notað er ál með önnur flotmörk skal leiðrétta plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:

$f_1 = \sqrt{170/\sigma 0{,}2}$ þar sem

$\sigma 0{,}2$ = flotmörk þess áls sem notað er.


Við soðnar samsetningar skulu flotmörk suðunnar ákveðin út frá eftirgreindum flotmörkum og togþoli álsins og suðunnar.

$\sigma 0{,}2$ soðið = $\sigma 0{,}2 \times \sigma B$ soðið/σB

Sjá skýringu á táknum í töflu 24.1.

2.2 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar er minna en 2, má margfalda plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:


$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2 \times a/b$



2.3 Ef plata er kúpt má margfalda þykkt hennar með eftirgreindum stuðli:

$f_3 = 1 - 0{,}8 \times h/s$


f_3 minnst 0,85



2.4 Ef breidd styrkinga, k, er breiðari en 0,1 s, má margfalda plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:

$f_4 = 1{,}1 - k/s$

f_4 minnst 0,7



2.5 Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum um plötuþykktir er:
$f = f_1 \times f_2 \times f_3 \times f_4$

2.6 Á bátum með lítið særými má minnka lágmarksþykkt á plötum í botni og síðum, sem nemur eftirgreindum stuðli:
$\Delta t = 1{,}5\ (\sqrt[3]{\Delta\ mest/\ \Delta} - 1)$
Δ mest = sjá S-3.2.1
Δ = særými viðkomandi báts.

2.7 Samloka skal metin út frá sömu forsendum og tilgreindar eru í S-22.5.

2.8 Ef notað er ál með önnur flotmörk en 170 MPa, skal leiðrétta mótstöðuvægi með stuðlinum f_w:
f_w = $170/\sigma 0{,}2$ þar sem
$\sigma 0{,}2$ = flotmörk þess áls sem notað er. Sjá 2.1 um suðu.

3. Kjölur og stefni

3.1 Kjölur skal almennt vera stangarkjölur.

3.2 Mótstöðuvægi stangarkjalar skal ekki vera minna en:
$W = 175 \times L_m^2\ mm^3$
Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botnplötunni, að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

3.3 Ef stangarkjölur virkar ekki sem slitkjölur skal þykkt kjalplötunnar ekki vera minni en:
t = $1{,}5 \times t_b$ mm, þar sem
t_b = þykkt á plötum í botni skv. 4.2
Breidd kjalplötunnar skal ekki vera minni en:
b = $10 \times L_m$ mm

3.4 Kjölur, stefni, húfur og aðrir hlutar sem hætt er við sliti, skulu vera þannig lagaðir að styrkur samsetninga minnki ekki að ráði vegna slits.

4. Plötur í botni

4.1 Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er skv. eftirgreindu:
- upp að húfi
- upp að hleðsluvatnslínu.

4.2 Þykkt á plötum í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_b = 0{,}4 + 0{,}2 \times f_1 \times L_m + 0{,}04 \times V - \Delta t$ mm
$t_b = 0{,}043 \times f \times s \times \sqrt{p}$ mm
t_b minnst 1,25 mm

5. Plötur í síðu og skilrúmum

5.1 Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_s = 0{,}2 \times f_1 \times L_m + 0{,}04 \times V - \Delta t$ mm
$t_s = 0{,}024 \times f \times s \times \sqrt{p}$ mm
t_s minnst 1,25 mm

Þykkt á plötum í skilrúmum sem eiga að vera vatnsþétt eða hafa þýðingu fyrir styrk bátsins, skal ekki vera minni en 0,75 sinnum þykkt síðu skv. ofangreindum líkingum.

6. Plötur í þilfari

6.1 Þykkt á plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_d = 0{,}8 + 0{,}2 \times f_1 \times L_m$ mm

$t_d = 0{,}036 \times f \times s \times \sqrt{p}$ mm

t_d minnst 1,50 mm

7. Styrkingar

7.1 Í mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af viðkomandi plötu að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni, þó ekki meira en millibili styrkinga.

7.2 Mótstöðuvægi styrkinga í botni skal ekki vera minna en:


$W = 2{,}1 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

7.3 Mótstöðuvægi styrkinga í síðu og á styrktarskilrúmum skal ekki vera minna en:

$W = 1{,}3 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

7.4 Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda, skal nota l sem fengið er skv. eftirgreindu:

$l = l_o - 3f + 0{,}3R$



7.5 Mótstöðuvægi styrkinga undir þilfari skal ekki vera minna en:

$W = 1{,}14 \times f_w \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

7.6 Styrkingar skulu almennt vera með flansi. Ef svo er ekki verður að ganga úr skugga um stífleika styrkinganna gagnvart beygju.

8. Afturgafl og vélarundirstöður

8.1 Afturgafl sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, skal vera þannig smíðaður að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

8.2 Plötuþykkt í afturgafli sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, er metin í hverju einstöku tilfelli en skal þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni.

Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla skal styrkja gaflinn með bitum sem taka við álaginu frá vélinni. Fyrir utanborðsvélar sem eru kraftminni en 7,4 kW (10 hö) má styrkja afturgaflinn með krossviði.

8.3 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi frá vél skal hafa sömu efnismál og síða.

8.4 Innanborðsvélar skulu festar á langbönd sem ná lengd vélarinnar, þó minnst 0,5 m fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langböndin skulu vera af umræddri lengd án tillits til skilrúma eða annarra þverstyrkinga.

9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

9.1 Yfirbyggingar og reisnir sem verða fyrir álagi frá sjó skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

9.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verða fyrir álagi vegna umgangs, skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

9.3 Við úrtök og op á bol sem eru stærri en 250 mm, skal setja styrkingar.

9.4 Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

Tafla 24.1

Dæmi um sjóþolið ál í flokki 1 skv. DIN 1745 og ASTM B 209. Fyrir hverja málmblöndu eru tilgreindar þrjár misharðar tegundir, mjúk, hálfhörð og hörð.

Málmblanda	Ástand	Flotmörk σ 0,2 MPa	Togþol σB MPa	Brot-lenging A5 %	Togþol suðu σB MPa
ISO AlMg 2,5					
DIN AlMg 2,5	W17(.10)	60	170	20	170
AA 5052	0	65	170	17	170
DIN AlMg 2,5	F23(.26)	180	230	5	170
AA 5052	H34	180	235	4	170
DIN AlMg 2,5	F27(.30)	240	270	3	170
AA 5052	H38	220	270	4	170
ISO AlMg 3 Mn					
DIN AlMg 2,7 Mn	F22(.07)	100	215	17	215
AA 5454	0	85	215	12	215
DIN AlMg 2,7 Mn	G25(.25)	180	245	10	215
AA 5454	H32	180	250	5	215
DIN AlMg 2,7 Mn	G27(.27)	200	270	9	215
AA 5454	H34	200	270	4	215
ISO AlMg 3					
DIN AlMg 3	W19(.10)	80	190	20	190
AA 5154	0	75	205	13	205
DIN AlMg 3	F24(.26)	190	240	5	190

AA 5154	H32	180	250	6	205
DIN AlMg 3	F29(.30)	250	290	3	190
AA 5154	H36	220	290	5	205
ISO AlMg 4					
DIN AlMg 4 Mn	W24(.10)	100	240	18	240
AA 5086	0	95	240	16	240
DIN AlMg 4 Mn	F30(.26)	240	300	5	240
AA 5086	H34	235	300	5	240
DIN AlMg 4 Mn	F33(.28)	270	325	4	240
AA 5086	H36	260	325	4	240
ISO AlMg 4,5 Mn					
DIN AlMg 4,5 Mn	W28(.10)	125	275	17	275
AA 5083	0	125	275	16	275
DIN AlMg 4,5 Mn	G31(.25)	205	310	10	275
AA 5083	H32	235	310	8	275
DIN AlMg 4,5 Mn	G35(.27)	270	345	6	275
AA 5083	H340	270	345	6	275

Tölur í dálki um ástand, sem eru innan sviga, vísa til númers í DIN-staðli 17007

Dæmi um sjóþolið ál í flokki 2. Vinklar og stangir skv. DIN 1748 og ASTM B 221. Fyrir hverja málmblöndu eru tilgreindar tvær misharðar tegundir.

Málmblanda	Ástand	Flot-mörk σ 0,2 MPa	Togþol σB MPa	Brot-lenging A5 %	Togþol suðu σB MPa
ISO Al-Si Mg					
AA 6005	T1	105	170	14	130
DIN AlMgSi0,7	F27(.61)	225	270	8	160
AA 6005	T5	240	260	8	155
ISO Al-Mg Si					
DIN AlMgSi 0,5	F13(.51)	65	130	15	100
AA 6063	T4	70	130	12	100
DIN AlMgSi 0,5	F22(.71)	160	215	12	110
AA 6063	T6	170	205	7	115
ISO Al-Si 1 Mg Mn					
DIN AlMgSi 1	F21(.51)	110	205	14	160
AA 6351	T4	130	220	14	175
DIN AlMgSi 1	F28(.71)	200	275	12	170
AA 6351	T6	255	290	8	180

EFNISMÁL TRÉBÁTA S-25

Efnisyfirlit

1. Skilgreiningar
2. Almennt
3. Efnisgæði
4. Leiðréttingar
5. Kjölur og stefni
6. Tvöföld bönd
7. Laglímd bönd
8. Langbönd
9. Þverbönd vegna langbanda
10. Svigabönd
11. Vélarundirstaða
12. Botnstokkar
13. Skarsúð
14. Hampþéttuð súð
15. Listasúð
16. Krossviðarsúð
17. Laglímd súð
18. Afturgafl
19. Bjálkasúð og húfsýja
20. Þilfarsbitar
21. Stafnband og skutband
22. Þilfarsþiljur
23. Krossviðarþilfar
24. Yfirbygging og reisn
25. Vatnsþétt skilrúm
26. Festing festartækja
27. Þóftur

1. Skilgreiningar

1.1 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:

L_m = mesta lengd bátsins í metrum. Sjá nánar í S-2.2.2
B = mesta breidd á bol bátsins. Sjá nánar í S-2.2.3
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = efnisþykkt í mm
W = mótstöðuvægi í m^3
l = spennilengd á böndum, styrkingum og bitum í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju

2. Almennt

2.1 Efnismál báta með þverbönd eru miðuð við að ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta.

2.2 Efnismál planandi báta sem ganga hraðar en 15 hnúta, eru miðuð við að bátarnir hafi langbönd í botni.

2.3 Bátar með langsliggjandi súð skulu hafa þverbönd.

3. Efnisgæði

3.1 Kröfur um efnismál og mótstöðuvægi eru miðaðar við að eftirgreindir hlutir séu smíðaðir úr viðartegundum, sem ekki vega minna við 15% rakainnihald en sem hér segir:

tvöföld bönd svigabönd vélarundirstöður	720 kg/m^3
kjölur kjalbak innri kjölur framstefni afturstefni öll hné	640 kg/m^3
súð, önnur en skarsúð langbönd laglímd bönd bjálkasúð húfsýja þilfarsbitar þröm meginþilja	560 kg/m^3
Skarsúð Þilfarsþiljur Þilfarshús	430 kg/m^3

3.2 Báta sem eru minni en 6 m L_m, má smíða úr viðartegundum sem vega minna en tilgreint er í 3.1 að því tilskildu að efnismál gefi fullnægjandi styrk.

4. Leiðréttingar


4.1 Ef rakainnihald viðar er ekki skv. því sem tilgreint er í 3.1, skal leiðrétta efnismál í réttu hlutfalli:

f_1 = vr / va

f_1 minnst 0,9

vr = þyngd viðar skv. töflu í 3.1
va = þyngd viðkomandi viðar.

4.2 Ef breidd banda er meiri en 0,1 s má margfalda súðarþykktina skv. líkingum með leiðréttingastuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 1,1 - b / s$
f_2 minnst 0,8
s = millibil banda
b = breidd á böndum




4.3 Ef báðir framangreindir leiðréttingarstuðlar eru notaðir skal:
$f = f_1 \times f_2$

5. Kjölur og stefni

5.1 Kjölur og stefni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 7000 \times f \times L_m^2$ mm^3 fyrir gegnheilt tré
$W = 5600 \times f \times L_m^2$ mm^3 fyrir laglímt tré.
Hlutfallið hæð/breidd skal ekki vera minna en 2 og ekki meira en 3. Ef botnris er mikið má leiðrétta mótstöðuvægi kjalar með því að margfalda það með stuðlinum:
K = 1,5-0,025ß
K minnst 0,5

5.2 Kjölur á helst að vera í einu stykki, en ef því verður ekki við komið, má skeyta kjölinn saman. Samskeytin skulu vera skásniðin og lengd skörunar ekki minni en 5 sinnum hæð kjalarins. Samskeyti kjalar skal bolta saman með 6 boltum, þremur boltum hvorum megin við miðju kjalar. Samskeyti kjalar má ekki staðsetja á sama stað og vélarundirstaða endar. Bátar sem almennt eru teknir upp í fjöru skulu búnir slitkili.



5.3 Bátar sem ryðja sjó og eru lengri en 8 m L_m, skulu hafa kjalbak á 0,7 L_m miðskipa með efnismálum, sem hér segir:
$b = 12 \times L_m$ mm að breidd
$h = 10 \times L_m - 40$ mm að hæð.

5.4 Á bátum sem eru 6 m L_m og lengri skulu kjalboltar ekki vera grennri en:
$d = 1{,}0 \times L_m$ mm
Kjalboltar skulu ganga í gegnum kjalbak, botnstokka, innri kjöl og kjöl og skulu settir á víxl hver sínum megin við miðju kjalar.

5.5 Á bátum sem eru < 6 m L_m má skrúfa kjölinn við böndin eða skrúfa böndin við kjölinn. Skrúfurnar skulu vera tvær í hverju bandi og þvermál þeirra ekki minna en 6 mm.

5.6 Hlasskjölur skal festur við bolinn á fullnægjandi hátt með boltum úr ryðfríu stáli eða öðru samsvarandi efni með hliðsjón af efni hlasskjalar. Fjöldi og gildleiki boltanna skal ákveðinn í hverju einstöku tilfelli með tilliti til þunga og stærðar á kilinum ásamt efnisgæðum festiboltanna.

5.7 Á skarsúðuðum bátum og krossviðarbátum skal þykkt á innri kili og breidd hans út frá kilinum ekki vera minni en 1,5 sinnum þykktin á súðinni. Aftan á framstefni skal vera innra stefni sem nær frá stefnishné að neðan og upp að öldustokki. Breidd á innra stefni skal vera það mikil að góð festing fáist fyrir súðina aftan við festingu súðarendanna og þykktin ,t, skal ekki vera minni en:
$t = 20 + 4{,}0 \times L_m$ mm
Innra stefni skal fest við framstefni með skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltar. Millibil boltanna sé sem næst 6 sinnum þykktin á innra stefninu.


5.8 Ekki má vera minna af óskertu efni utan við öxulgat í skrúfustefni, eftir að spónfarið hefur verið gert, en sem nemur $3 \times L_m$ mm.

5.9 Þykkt á hnjám við fram- og afturstefni skal ekki vera minni en þykktin á viðkomandi stefni og kili og lengd á örmum skal ekki vera minni en:
$l = 150 + 40 \times L_m$ mm
Stefnishné skal festa við kjöl og stefni með minnst tveimur skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltarnir í hvorn arm hnésins.

6. Tvöföld bönd

6.1 Með tvöföldum böndum er átt við að tvö bönd séu boltuð saman með samskeytin á víxl. Ef böndin fremst í bátnum eru það bein að þau geti verið án samskeyta, mega böndin vera einföld.

6.2 Mótstöðuvægi hvors bandahluta í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:
$W = 42 \times f \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3
$l = l_0 - 3f + 0{,}3R$ mm, sjá mynd.



Hlutfall á milli hæðar og breiddar hvors bandahluta, h/b, skal ekki vera meira en 1,5.

6.3 Mótstöðuvægi banda í síðu má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokki niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægið í botninum.

6.4 Bandahlutarnir skulu liggja þétt hver við annan og vera festir saman með minnst þremur 10 mm stúfboltum hvorumegin við samskeytin, þó fleiri boltum, ef langt er á milli skeytanna.

6.5 Samskeyti banda skulu vel felld saman og mega ekki skarast minna en:

$l = 100 + 100 \times B$ mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

6.6 Þegar þverskurður banda fremst og aftast fer að verða mjög tígulmyndaður, þannig að hvassa hornið verður minna en 60°, skulu böndin skeytt á kilinum með botnstokki og snúið á þann veg að þau komi sem næst hornrétt á súðina.

7. Laglímd bönd

7.1 Mótstöðuvægi laglímdra banda í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:

$W = 32 \times f \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

l = sjá 6.2

7.2 Mótstöðuvægi bandanna í síðu má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokki niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægi í botninum.

7.3 Hæð bandanna má ekki vera meiri en breiddin.

7.4 Á bátum þar sem böndin koma heil yfir kjölinn skal hæð bandanna á kilinum ekki vera minni en sem nemur hæð á botnstokkum skv. ákvæðum í 12.2.

8. Langbönd

8.1 Mótstöðuvægi langbanda skal ekki vera minna en:

$W = 40 \times f \times s \times p\ (l/100)^2$ mm^3

8.2 Mótstöðuvægi langbanda við þröm skal ekki vera minna en 1,3 sinnum mótstöðuvægi skv. 8.1. Langbönd við þröm skulu ná stafna á milli. Á bátum með lyftiþilfar skal langbandið við lægri þrömina ná stafna á milli.

8.3 Langbönd skulu hafa stuðning af skilrúmum eða þverböndum.

9. Þverbönd vegna langbanda

9.1 Mótstöðuvægi þverbanda skal ekki vera minna en:

$W = 32 \times f \times s \times p\ (l/100)^2\ mm^3$, þar sem

$s = 0{,}5\ (l_1 + l_2)$ mm, þar sem

l_1 og l_2 er lengd langbandanna fyrir framan og aftan þverbandið.

10. Svigabönd

10.1 Mótstöðuvægi svigabanda skal ekki vera minna en:

$W = 32 \times f \times s \times p\ (l/100)^2\ mm^3$

l = sjá 6.2

Mótstöðuvægi lagskiptra svigabanda, W, skal reiknað á sama veg og laglímd bönd.

10.2 Svigabönd mega vera lagskipt á hæðina, en hver svigi skal þó ekki vera þynnri en 15 mm.

10.3 Þegar svigabönd eru heil yfir kjölinn má vera undirfella miðskips í stað botnstokks. Breidd undirfellunnar skal ekki vera minni en breidd bandsins og hæðin á bandinu og undirfellunni á kilinum minnst jafnmikil og hæðin á botnstokkum skv. ákvæðum í 12.2.

10.4 Bátar með hamppéttaða súð mega ekki vera með svigabönd eingöngu. Ef bátar eru með bæði mótuð bönd og svigabönd, skulu ekki vera fleiri en þrjú svigabönd á milli hverra mótaðra banda.

10.5 Ef svigabönd á milli mótaðra banda uppfylla ekki ákvæði í 10.1 skal aðeins taka þau til greina, við ákvörðun á efnismálum mótuðu bandanna og þykkt súðarinnar, að því marki sem niðurstaðan minnkar við að margfalda hana með stuðlinum:

$f = 1 - 0{,}5 \frac{W\ svigar}{W\ mótuð}$ þar sem

W svigar = summa af mótstöðuvægi svigbanda

W mótuð = mótstöðuvægi mótuðu bandanna.

11. Vélarundirstaða

11.1 Vélar skulu festar á langstykki sem hvíla á botnstokkum. Efnismál langstykkjanna skulu metin með tilliti til millibils botnstokka og af vélarafli viðkomandi vélar.

11.2 Vélarundirstaða skal tryggilega skorðuð þverskips.

11.3 Langstykki skulu fest við botnstokka eða gegnum botnstokka og útsúð með skrúfboltum. Boltarnir skulu ekki vera færri né grennri en festiboltar vélarinnar. Gæta skal þess að hægt sé að herða á festiboltum vélarundirstöðunnar án þess að vél sé fjarlægð.

11.4 Langstykki skulu ná minnst 500 mm fram fyrir og aftur fyrir vélina.


12. Botnstokkar

12.1 Botnstokkar skulu vera við hvert þverband.

12.2 Botnstokkar skulu vera af sömu breidd og böndin og hæð botnstokka á kilinum, h_1, ekki minni en:

h_1 = 1,5 × h mm
h = hæð á böndum í botni í mm.

12.3 Lengd á botnstokk út frá miðlínu bátsins skal ekki vera minni en:
l = 100 + 100 × B mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum




13. Skarsúð

13.1 Þykkt skarsúðar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
t = 0,34 × f × s × √p mm
t = 2,0 + 1,9 × L_m mm
t minnst 12 mm

13.2 Þykkt rimarborðs á 0,5 × L_m svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,5 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykktin ná aftur að gaflinum.

13.3 Súðarsýjur skulu ekki vera breiðari en 200 mm.

13.4 Súðarsýjur skulu ekki skarast minna en sem nemur 1,5 sinnum þykkt á viðkomandi súð. Þó skal ekki miða við þykkt á rimarborði miðskips.



13.5 Súðarsýjur skulu hnoðnegldar saman á skörum og skal millibil hnoðnagla ekki vera meira en 110 mm. Skarir skulu hnoðnegldar við hvert band nema þar sem skrúfboltar ganga í gegn til festingar á bjálkasúð og húfsýju.

13.6 Samskeyti súðar skulu vera stúfsett og fest saman með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin og lengdin ekki minni en:
l = 30 + 5 × t mm
t = þykkt á viðkomandi súð

Sýjuendar skulu hnoðnegldir við klampann. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta í 14.4.

14. Hampþéttuð súð

14.1 Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}45 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}1 \times L_m$ mm

t minnst 15 mm.

14.2 Þykkt bjargsýju á $0{,}5 \times L_m$ svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

14.3 Súðarsýjur skal festa við bönd sem hér segir:

við tvöföld bönd og laglímd bönd;

- 2 naglar eða skrúfur í sýjur 150 mm breiðar eða mjórri
- 3 naglar eða skrúfur í sýjur breiðari en 150 mm
- 2 naglar eða skrúfur í sýjuenda


Við svigabönd á milli mótaðra banda;

- 2 hnoðnaglar

Þar sem skrúfbolti kemur í bjálkasúð og húfsýju má vera einum nagla/skrúfu/ hnoðnagla minna en tilgreint er hér að ofan.

14.4 Samskeyti súðar skulu skarast sem mest og aldrei minna en:

- $600 + 30 \times L_m$ mm, ef skeytin eru á samliggjandi sýjum
- $400 + 20 \times L_m$ mm, ef ein sýja er milli skeyta
- $200 + 10 \times L_m$ mm, ef tvær sýjur eru á milli skeyta
- Í sama bandabili, ef þrjár sýjur eru á milli skeyta



14.5 Samskeyti súðar skulu stúfsett saman, annað hvort á tvöföldu bandi eða með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin og lengdin ekki minni en:

$l = 30 + 5 \times t$ mm

t = þykkt á viðkomandi súð

Klampinn skal ná minnst 50 mm upp á næstu sýju ofan við skeytin og jafn langt niður á næstu sýju fyrir neðan. Klampinn skal hnoðnegldur við sýjuendana og ennfremur við næstu sýjur ofan og neðan við skeytin.

15. Listasúð

15.1 Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:


$t = 0{,}34 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}9 \times L_m$ mm.

15.2 Þykkt bjargsýju á $0{,}5 \times L_m$ svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

15.3 Breidd súðarlistanna á að vera sem næst 1,3 sinnum þykkt súðar. Kjalsýja og bjargsýja mega vera breiðari en súðarlistar en skulu þó ekki vera breiðari en 200 mm.

15.4 Kantar á súðarlistum mega vera hvort heldur sem er sléttir eða kúptir, en þess skal vandlega gætt að kantar falli vel saman við límingu. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta og klampa á skeytunum.



16. Krossviðarsúð

16.1 Þykkt krossviðarsúðar í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}18 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}0 \times L_m$ mm

t minnst 6,0 mm.

16.2 Þykkt krossviðarsúðar í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}18 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 0{,}8 \times L_m$ mm

t minnst 4,0 mm.

16.3 Krossviðarplötur í súð skulu vera eins stórar og mögulegt er.

17. Laglímd súð

17.1 Heildarþykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}18 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}2 \times L_m$ mm

t minnst 4,0 mm.

17.2 Hver súðarþynna skal ekki vera þykkari en 3,5 mm og ekki breiðari en 130 mm.

17.3 Súðarþynnurnar eiga að mynda um það bil 45° horn við kjölinn.

18. Afturgafl

18.1 Þykkt á afturgafli skal ekki vera minni en þykkt súðar.

18.2 Afturgafl skal tryggilega festur við botn og síður með bandi og hnjám.

18.3 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá vél, skal styrktur á þann veg að álagið dreifist á styrkingar bolsins.

19. Bjálkasúð og húfsýja

19.1 Bátar, sem eru 8 m L_m og lengri og eru ekki styrktir með langböndum, skulu hafa bjálkasúð, sem nær stafna á milli og húfsýju á 0,5 × L_m miðskips. Á bátum með lyftiþilfar skal neðri bjálkasúðin ná stafna á milli.

19.2 Efnismál bjálkasúðar og húfsýju skulu ekki vera minni en:

b = $10 + 11 \times L_m$ mm fyrir breidd og

t = 0,3 × b mm fyrir þykkt, þar sem

b = breidd viðkomandi bjálkasúðar eða húfsýju.

19.3 Húfsýja skal staðsett um miðjan húfinn, eða þar sem bein lína frá neðri brún á kili snertir súðina utan á miðbandinu.

19.4 Bjálkasúð og húfsýju skal festa með minnst einum skrúfbolta af sama gildleika og kjalboltarnir í hvert band.

20. Þilfarsbitar

20.1 Mótstöðuvægi þilfarsbita skal ekki vera minna en:

$W = 11{,}0 \times f \times s \times p\ (l/100)^2\ mm^3$
fyrir gegnheilt tré

$W = 8{,}6 \times f \times s \times p\ (l/100)^2\ mm^3$
fyrir laglímt tré.

20.2 Bitabugða skal ekki vera minni en sem nemur 22 mm fyrir hvern metra af breidd bátsins.

20.3 Hver þilfarsbiti skal almennt festur við þverband. Þó er heimilt að festa þilfarsbita við þilfarshillu eða aðra langskipsstyrkingu á milli þverbanda.

20.4 Þilfarsbitar sem verða fyrir álagi frá yfirbyggingu, siglu, vindu og þess háttar, skulu hafa stuðning af stoð eða skilrúmi.

20.5 Þykkt á bitahnjám skal ekki vera minni en 0,75 sinnum hæð þilfarsbitans og lengd armanna ekki minni en:

l = 200 + 40 × B mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

20.6 Bitahné skal festa við þilfarsbita og bönd með minnst tveimur skrúfboltum í hvorn arm hnésins.

21. Stafnband og skutband

21.1 Allir bátar skulu hafa stafnband og skutband sem felld eru á bjálkasúðir eða böndin.

21.2 Lengd arma á stafnbandi og skutbandi skal ekki vera minni en:

l = 300 + 20 × B mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

21.3 Stafnband og skutband skal festa með minnst fimm 10 mm skrúfboltum og skal miðboltinn ganga í gegnum stefnið, en hinir boltarnir út í gegnum bönd og súð. Á bátum með langbönd, má líma og skrúfa stafn- og skutbandið við þramarlangbandið.

22. Þilfarsþiljur

22.1 Þykkt á þilfarsþiljum skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}25 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}0 \times L_m$ mm

t minnst 12 mm, ef þiljurnar eru samanlímdar, en:

$t = 0{,}0004 \times f \times s^2 \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}3 \times L_m$ mm

t minnst 15 mm, ef þiljurnar eru ekki samanlímdar.

22.2 Þilfarsþiljur skulu ekki vera breiðari en 130 mm. Ef þiljur eru límdar saman skulu þær ekki vera breiðari en 80 mm.

22.3 Þilfarsþiljur skal festa í hvern þilfarsbita sem hér segir:

- 1 nagla eða skrúfu í þiljur 80 mm breiðar eða mjórri
- 2 nagla eða skrúfur í þiljur breiðari en 80 mm

Þiljuendar skulu festir á sama veg. Nagla- og skrúfuhausum skal hleypt niður um 0,3 sinnum þykkt þiljanna og tappað yfir.

22.4 Samskeyti á þilfari skulu skarast sem mest og aldrei minna en sem hér segir:

- Tvö bitabil, ef skeytin eru á samliggjandi þiljum.
- Eitt bitabil, ef ein þilja er á milli skeytanna.
- Á sama þilfarsbita, ef þrjár þiljur eru á milli skeyta.

Samskeyti skulu staðsett á þilfarsbita og vera stúfsett, ef því verður við komið.

22.5 Utan við þilfarsþiljur skal vera þröm sem er ekki þynnri en þilfarsþiljurnar og minnst 160 mm á breidd. Þrömin skal fest á sama veg og þilfarsþiljurnar.

23. Krossviðarþilfar

23.1 Þykkt á krossviðarþilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \times f \times s \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}5 \times L_m$ mm

t minnst 12 mm.

Lausir plittar í opnum bátum skulu ekki vera þynnri en:

$t = 0{,}07 \times f \times s \times \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 0{,}8 \times L_m$ mm

t minnst 12 mm

23.2 Krossviðarþilfar skal lagt í eins stórum plötum og mögulegt er.

23.3 Samskeyti á þilfarsplötum skulu ekki vera í beinu framhaldi af samskeytum á plötum í síðu, ekki á þilfarsbita sem er við enda á opi í þilfarinu né undir vindu, siglu eða öðru sem veldur álagi.

23.4 Ef krossviðarþilfar er húðað með trefjaplasti skal aðeins líta á trefjaplastið sem hlíf, en ekki taka tillit til þess við ákvörðun á þykkt krossviðarins. Öll vinna með trefjaplast skal fara fram skv. ákvæðum í köflum 22 og 26.


24. Yfirbygging og reisn

24.1 Yfirbygging og reisn sem verður fyrir álagi frá sjó, skal hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

24.2 Efnismál yfirbyggingar og reisnar skulu að öðru leyti metin með hliðsjón af lágmarksálagi.

24.3 Yfirbyggingar og reisnir skulu festar tryggilega við þilfarsbita eða bol bátsins með skrúfboltum eða límí og skrúfum. Ennfremur skal þakbitum fest við styrkingar í hliðum með hnjám eða á annan fullnægjandi hátt.

24.4 Við op í þilfari skal setja strengbolta sem næst 800 mm frá endum opsins með hámark 800 mm millibili.



25. Vatnsþétt skilrúm

25.1 Vatnsþétt skilrúm skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu, fyrir viðkomandi viðartegund.

25.2 Styrkingar og festing vatnsþéttra skilrúma við bol bátsins skulu vera á þann veg að gert sé ráð fyrir álagi sjávar á hvora hlið skilrúmanna sem er.

26. Festing festartækja

26.1 Festartæki, vindur o.þ.h. skal festa í þilfarsbita með skrúfboltum.


27. Þóftur

27.1 Opnir bátar skulu hafa þóftur með hæfilegu millibili.

27.2 Þóftur skulu hvíla á langbandi og vera tengdar við bol bátsins með hnjám sem fest eru með minnst einum skrúfbolta í þóftuna og öðrum út í gegnum bönd og súð.


Mynd 25.1
Mótstöðuvægi W

$W = {}^{1}/_{6}\, bh^2$, þar sem b = breidd í mm og h = hæð í mm



Mynd 25.2
Mótstöðuvægi W

$W = {}^{1}/_{6}\, bh^2$, þar sem b = breidd í mm og h = hæð í mm



FRAMLEIÐSLA Á BÁTUM ÚR TREFJAPLASTI S-26

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Verkstæði til plastvinnu
3. Geymsla fyrir hráefni
4. Efni
5. Verklag
6. Handlagning
7. Sprautun
8. Samloka í móti
9. Samloka án móts
10. Plastað á hart trefjaplast
11. Styrkingar
12. Hersla á pólýestraefnum
13. Fullunnið trefjaplast
14. Efniseiginleikar

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um raðsmíðaða báta úr trefjaplasti þar sem eftirlitið með framleiðslunni fer fram með skyndiskoðunum.

1.2 Reglurnar byggjast á því að bátasmiðurinn fylgi leiðbeiningum framleiðenda um meðferð hinna mismunandi efna sem notuð eru við smíði úr glertrefjastyrktum pólýestra.

1.3 Smíði eða viðgerðir á hlutum úr trefjaplasti sem varða styrk og öryggi báta, skal unnin af vönum starfsmönnum, undir stjórn verkstjóra sem hefur samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins til að annast smíði og viðgerðir á bátum úr trefjaplasti. Hann skal jafnframt ábyrgjast að plastvinnan sé unnin samkvæmt reglum.

2. Verkstæði til plastvinnu

2.1 Á verkstæði til smíði báta úr trefjaplasti skal ekki vera gegnumtrekkur sem hefur þau áhrif að ekki verður haldið jöfnu hitastigi meðan á smíðinni stendur. Hugsanleg loftræstikerfi skulu vera á þann veg að loftræstingin hafi ekki áhrif á herslu pólýestrans.

2.2 Hiti á verkstæðinu skal aldrei vera lægri en +18°C og hitamismunur aldrei meiri en ± 3°C meðan á smíði stendur. Réttur hiti skal vera kominn á minnst sólarhring áður en vinna hefst og skal haldast réttur þar til pólýestrinn hefur stirðnað. Hitann má auka meðan á herslu pólýestrans stendur, sbr. leiðbeiningar framleiðandans.

2.3 Verkstæði til plastvinnu skal vera einangrað eða byggt á þann veg að hitinn þar haldist réttur án tillits til hitastigsins utan verkstæðisins eða vegna sólskins. Rúður í hugsanlegum gluggum skulu annaðhvort málaðar eða gluggatjöld vera til staðar sem draga má fyrir gluggana ef hætta er á að sólskin hafi áhrif á herslu pólýestrans.

2.4 Verkstæði skal vera það þétt að regn eða raki utan þess auki ekki rakann á verkstæðinu umfram 80%. Ennfremur er óheimilt að nota vatn á verkstæðinu sem veldur þar meiri raka en 80%. Rakinn skal, ef mögulegt er, haldast stöðugur. Ef trefjaplastinu er sprautað skal rakinn í námunda við sprautuna ekki vera lægri en 40%.

2.5 Hiti og raki á smíðaverkstæðinu skal skráður reglulega. Í stórum sal skal hiti og raki skráður með sjálfrita og skal vera minnst einn sjálfriti í hverjum 1500 m^2 sal. Mælinum skal komið fyrir á stað þar sem utanaðkomandi áhrifa gætir sem minnst.

2.6 Verkstæði skal vera hreint og laust við ryk. Óheimilt er að saga eða slípa þar sem smíðað er úr trefjaplasti.

2.7 Lýsing á verkstæði skal vera góð og ljós staðsett með tilliti til þess að þau lýsi inn í mót eða þar sem menn plasta.

3. Geymsla fyrir hráefni

3.1 Geymsla fyrir hráefni skal vera þurr og hrein. Einkum á þetta við um geymslu fyrir glertrefjar og kjarnaefni.

3.2 Pólýestra, slithúðarkvoðu og þess háttar skal almennt geyma á köldum stað og skal hitinn aldrei vera það mikill að hann hafi áhrif á eiginleika efnanna. Pólýestraefni sem eru geymd við lægri hita en 18°C skal velgja upp í sama hitastig og er á smíðaverkstæðinu áður en þau eru notuð.

3.3 Pólýestrageymar skulu vera þannig búnir að fullnægjandi hreyfing sé á pólýestranum eða hræra megi í honum með góðu móti daglega.

3.4 Glertrefjar skal almennt geyma í minnst tvo sólarhringa í 2°C meiri hita en á smíðaverkstæði, þó minnst í sama hita og á smíðaverkstæðinu, áður en þær eru notaðar. Umbúðir úr plasti skulu vera opnar þessa tvo sólarhringa fyrir notkun.

3.5 Herðir, aceton, stýren og þess háttar skal geyma í sérstakri geymslu eða á öðrum aðskildum stað ef mögulegt er.

4. Efni

4.1 Við smíði báta skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið uppfylli kröfur í EB-2, EB-3, EB-5, EB-6 eða samsvarandi reglum.

4.2 Geymslutími pólýestraefna skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi þeirra mælir fyrir um.

4.3 Í pólýestra má ekki blanda viðbótarefnum sem rýra gæði hans frá ákvæðum reglna.

4.4 Blöndun á herði og hvata skal vera með tilliti til eiginleika pólýestrans, vinnslutímans og hita á vinnustað.

4.5 Krossviður sem notaður er í styrkingar eða er festur með trefjaplasti, skal vera í flokki WBP samkvæmt British Standard 6566 part 8, 1985.

4.6 Kjarni í styrkingum skal vera úr heppilegu efni og ekki úr gegnheilu tré sem getur þrútnað þannig að trefjaplastið utan á kjarnanum rifni. Spónaplötur má ekki nota í kjarna samloku eða styrkinga.

5. Verklag

5.1 Bátshlutar sem verða fyrir álagi skulu handlagðir eða sprautaðir. Aðrar aðferðir verður að samþykkja sérstaklega.

5.2 Trefjaplast skal húðað að utan með pólýestragrunnhúð, af sem næst jafnri þykkt yfir allan flötinn, eða annari húð, sem ver trefjaplastið jafnvel. Þykkt grunnhúðarinnar skal almennt vera á bilinu 0,4 - 0,6 mm og vera án rennslistauma, bóla eða annarra ójafna sem gætu valdið holrúmi á milli húðarinnar og trefjaplastsins.

5.3 Skemmtibáta má smíða úr ortótalspólýestra.
5.4 Trefjamottan sem lögð er á grunnhúðina, ysta mottan í bolnum, skal almennt vera duftbundin upp fyrir hleðsluvatnslínu bátsins. Þó má víkja frá þessari kröfu á opnum bátum án nokkurrar yfirbyggingar.
5.5 Vökvabundnar trefjamottur má ekki nota með ísótalspólýestra.
5.6 Næst grunnhúð skal almennt vera létt motta sem ekki vegur meira en 450 g/m^2. Þó má nota allt að 600 g/m^2 mottu á slétta fleti.
5.7 Glertrefjastyrking skal lögð í þeirri röð sem viðurkennd er.
5.8 Trefjaplast í kili og austurbrunnum skal húðað að innan með pólýestratopphúð, sem og á öðrum stöðum þar sem vænta má að vatn liggi á trefjaplastinu.
5.9 Trefjaplast sem er ekki húðað með topphúð skal innihalda vax sem heldur stýreni inni þannig að yfirborð trefjaplastsins nái fullri herslu.

6. Handlagning

6.1 Við samskeyti á styrkingarmottum skulu þær skarast um minnst 50 mm.
6.2 Pólýestra skal dreift jafnt á milli hvers lags af styrkingarmottum.
6.3 Innilokað loft skal valsað út við annað hvert lag af styrkingarmottum, þannig að trefjaplastið sé sem næst laust við loftbólur og pólýestrinn dreifist jafnt um trefjaplastið.
6.4 Trefjamottur skulu vera gegnvættar en þess skal þó gætt að ekki verði umframmagn af pólýestra á glertrefjunum þegar hann harðnar.
6.5 Tímabilið á milli lagningar styrkingarlaga skal vera með tilliti til stirðnunartíma pólýestrans. Þess skal gætt að ekki sé lagt það þykkt trefjaplast í einu að of mikill hiti myndist. Ef trefjaplastið nær að harðna áður en plastað er yfir það, skal unnið samkvæmt ákvæðum í gr. 10, plastað á hart trefjaplast.
6.6 Við völsun á hvössum brúnum og hornum skal þess gætt að hlutfall á milli pólýestra og glertrefja sé innan réttra marka og að trefjaplastið haldi tilskilinni þykkt.

7. Sprautun

7.1 Við sprautun á glertrefjum og pólýestra skal sprautubúnaðurinn vera þannig stilltur að hlutfall á milli glertrefjanna og pólýestrans sé innan réttra marka.
7.2 Glertrefjahnífurinn skal vera þannig stilltur að trefjarnar verði minnst 20 mm langar.
7.3 Sprautubúnaðurinn skal vera þannig stilltur að glertrefjarnar og pólýestrinn dreifist jafnt yfir flötinn sem verið er að sprauta.
7.4 Trefjaplastinu skal sprautað sem jafnast yfir flötinn. Ef nauðsynlegt er talið má gera kröfu um glertrefjar með lituðum þræði til að geta betur fylgst með þykktinni.
7.5 Þess skal gætt að lögun móta og aðstæður við sprautun séu á þann veg að hægt sé að beina sprautunni með góðu móti í réttri stefnu á þá staði sem sprautaðir eru.
7.6 Trefjaplastið næst grunnhúðinni, fyrsta lagið sem sprautað er, skal valsað er það hefur náð 1,5 mm þykkt.
7.7 Trefjaplast sem sprautað er eftir fyrsta lag skal valsað er það hefur náð 2,5 mm þykkt hverju sinni. Í bol skal vera ein létt ofin motta sem næst miðju trefjaplastsins.
7.8 Sprautun á trefjaplasti skal samþykkja sérstaklega fyrir hverja bátsgerð, með tilliti til þess hvort lögun bátanna er á þann veg að þá megi sprauta svo fullnægjandi sé. Ennfremur skal sá er sprautar hafa til þess sérstakt samþykki.

7.9 Bolur, þilfar og aðrir hlutir sem verða fyrir álagi, skulu aðeins sprautaðir af mönnum sem hafa gengist undir próf í sprautun. Við prófið skal próftakinn ná því marki, að misþykktarstuðullinn skv. gr. 13.4. fari ekki yfir 0,14 og minnsta þykkt ekki undir 85% af tilgreindri þykkt prófstykkisins. Prófstykkið skal sprautað í bátsmóti og vera minnst 3-10 m^2 að stærð og þykktin og glerinnihaldið, sem skal ákveðið áður en prófið hefst, skal vera sem hér segir; þykktin á bilinu 4-8 mm.

8. Samloka í móti

8.1 Kjarnaefni í samloku skal vera af tegund og eðlisþyngd samkvæmt samþykktri smíðalýsingu.

8.2 Kjarnaefni með holum eða smá opum á yfirborðinu skal húðað með pólýestra þar til holurnar eru fullar eða opunum lokað, áður en kjarninn er lagður á trefjaplastið/límið.

8.3 Ferningaskornum kjarna skal þrýsta niður í það þykkt lag af pólýestra eða límu, að umframmagnið fylli bilið á milli ferninganna.

8.4 Ef kjarna er þrýst niður í vott trefjaplast skal það glertrefjastyrkt með minnst 450 g/m^2 á sléttum flötum og 900 g/m^2 á beygju.

8.5 Þegar kjarna úr stífum frauðplötum eða krossviði er þrýst niður í pólýestra eða lím, skal helst leggja á kjarnann farg sem heldur honum niðri meðan á límingu stendur.

8.6 Allar fúgur og önnur op á yfirborði kjarna skulu fyllt áður en trefjaplast er lagt á kjarnann.

8.7 Pólýestri eða lím sem kjarni er lagður í, skal fá að harðna áður en byrjað er að leggja yfir kjarnann.

8.8 Víkja má frá framangreindum ákvæðum þegar kjarni og innri trefjaskel er fest með vakúmþrýstingi eða öðrum aðferðum sem gefa fullnægjandi niðurstöðu.

9. Samloka án móts

9.1 Öll samskeyti á kjarna skulu límd saman áður en lögn á trefjaplasti hefst.

9.2 Kjarnaefni má ekki beygja meira en eiginleikar efnisins leyfa.

9.3 Fjarlægja skal allar ójöfnur af yfirborði kjarna áður en lögn á trefjaplasti hefst. Einkum skal gæta að misfellum við samskeyti.

9.4 Kjarna skal grunna eða spartla áður en lögn á trefjaplasti hefst.

9.5 Ávallt skal vera glertrefjastyrking í fyrsta lagi sem lagt er á kjarna.

10. Plastað á hart trefjaplast

10.1 Þegar plastað er á trefjaplast sem hefur harðnað lengur en í 24 klst. skal flöturinn fyrst slípaður niður í glertrefjar.

10.2 Ef vaxhúð er á fleti þar sem leggja á trefjaplast, skal vaxhúðin fjarlægð nema víst sé að hún leysist upp í pólýestranum sem borinn er á flötinn undir glertrefjastyrkinguna.

10.3 Grunnhúð og topphúð skal alltaf fjarlægð áður en trefjaplast er lagt á flötinn.

11. Styrkingar

11.1 Styrkingar skulu festar með minnst sömu þykkt og er í styrkingunni sjálfri og breidd tengiflatarins skal vera minnst 20 sinnum þykktin. Ef styrkingar eru hins vegar festar við fullhart trefjaplast, skal breidd tengiflatarins vera allt að 40 sinnum þykkt tengingarinnar.

11.2 Festing styrkinga til endanna, skal ekki vera minni en tilgreint er í 11.1.
11.3 Þar sem styrking endar á miðjum fleti, skal endi hennar eyðast út línulega og glertrefjamotturnar í festingu styrkingarinnar ná vel út fyrir endann til að ekki verði snöggur munur á styrkleika.
11.4 Stórir hlutir sem teknir eru úr móti áður en styrkingar eru festar, skulu skorðaðir vel til að koma í veg fyrir óheppilega sveigju og að þeir aflagist.

12. Hersla á pólýestraefnum

12.1 Grunnhúð má ekki harðna lengur en í sólarhring áður en trefjaplastið er lagt yfir.
12.2 Trefjaplast má ekki verða fyrir álagi né má vinna það á nokkurn hátt meðan á herslu stendur, ef undan er skilinn skurður kanta.
12.3 Ekki má herða pólýestra við það mikinn hita að hann skipti litum.
12.4 Hitastig meðan á herslu pólýestra stendur skal vera með tilliti til leiðbeininga framleiðanda hans.

13. Fullunnið trefjaplast

13.1 Fullunnið trefjaplast skal þykktarmælt þegar ástæða þykir til og þykktin borin saman við samþykkta smíðalýsingu.
13.2 Þykkt trefjaplastsins má mæla með grunnhúð og topphúð en ef svo er skal draga sem næst 0,6 mm frá niðurstöðu þykktarmælingarinnar fyrir grunnhúð og 1,0 mm, ef trefjaplastið er bæði húðað með grunnhúð og topphúð.
13.3 Þykkt trefjaplastsins telst fullnægjandi ef meðaltal 20 mælinga á sama bátshluta, það er botn (bb), síða (sb), afturgafl o.s.frv., er yfir kröfum og engin ein mæling er undir 85% af lágmarks kröfu.
13.4 Misþykktarstuðullinn, V_L, skal almennt vera minni en 0,14.
V_L mest = S/t, þar sem
S = $\sqrt{\Sigma(t_i-t_o)^2/n-1}$
t = krafa um þykkt
t_i = einstök mælingarniðurstaða
t_o = meðalþykkt
n = fjöldi mælinga
13.5 Í þeim tilvikum sem misþykktarstuðullinn V_L á sprautuðu trefjaplasti er hærri en 0,07, skal margfalda kröfu reglnanna um lágmarksþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_t = 2{,}3 \times V_L + 0{,}85$

14. Efniseiginleikar

14.1 Staðfesting skal liggja fyrir um að þær glertrefjar og pólýestri sem notaður er til smíði báta, hafi þá eiginleika sem lagðir eru til grundvallar við samþykkt smíðinnar.
14.2 Sýni skulu tekin til rannsóknar hjá viðurkenndri rannsóknarstofnun þegar ástæða þykir til, svo hægt sé að ganga úr skugga um að eiginleikar trefjaplastsins uppfylli þær kröfur sem samþykkt bátanna byggir á.
14.3 Ef tekin er upp önnur efnisuppbygging eða önnur aðferð við plastlögn en áður hefur verið samþykkt, skal taka sýni til rannsóknar á eiginleikum trefjaplastsins ef ástæða þykir til.
14.4 Eiginleikar trefjaplasts skulu ætíð kannaðir ef samþykkt smíðalýsingar á að byggjast á meiri efnisgæðum en lágmarkskröfur segja fyrir um.

FRAMLEIÐSLA Á STÁLBÁTUM S-27

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Smíðaverkstæði og geymslur
3. Efni
4. Verklag
5. Rafsuða

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um raðsmíðaða stálbáta þar sem eftirlitið með framleiðslunni fer fram með skyndiskoðunum.

2. Smíðaverkstæði og geymslur

2.1 Plötur og styrkingarefni sem nota skal við smíði bátanna, skal geymt undir þaki og vera frítt frá jörðu þannig að efnið liggi ekki í bleytu.
2.2 Efni sem er geymt liggjandi skal vera innanhúss.
2.3 Stálbátar skulu smíðaðir undir þaki þannig að hiti fari aldrei niður fyrir -5°C.
2.4 Við suðu með hlífðargasi skal vinnustaðurinn vera í skjóli fyrir vindi og vera laus við gegnumtrekk.
2.5 Málningarvinna skal unnin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda viðkomandi málningar, bæði hvað varðar hita og raka á vinnustaðnum.

3. Efni

3.1 Staðfesting á efnisgæðum, bæði á plötum og styrkingum, skal liggja fyrir í formi flokkunarskírteinis eða samsvarandi fyrir hvern bát sem smíðaður er.
3.2 Allt efni skal vera þurrt og laust við tæringu.
3.3 Meðalþykkt á hverri plötu skal ekki vera minni en tilgreind þykkt frá framleiðanda.

4. Verklag

4.1 Stálbátar skulu smíðaðir á þann veg að öll vinna við rafsuðu sé vel aðgengileg.
4.2 Plötur og styrkingar skulu falla það vel saman að suðufúgur séu af réttri stærð með tilliti til efnisþykktar.
4.3 Plötur skulu skornar af þeirri nákvæmni sem nauðsynleg er til að hægt sé að ná vandaðri rafsuðu. Ef nauðsyn krefur skal slípa kanta.
4.4 Styrkur og stífleiki styrkinga skal vera samfelldur og styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika.
4.5 Við tengingu styrkinga skal nota hnéplötur ef nauðsynlegt er til að ná fullnægjandi tengifleti.
4.6 Styrkingar sem tengjast skulu rafsoðnar saman, einnig þar sem styrking gengur í gegnum aðra.
4.7 Undirstöður og stoðir skulu ekki enda þar sem þær valda stífum punkti á plötufleti. Stoðir skulu almennt enda á styrkingu.

5. Rafsuða

5.1 Öll rafsuða skal unnin á fagmannlegan hátt. Ganga skal úr skugga um gæði suðunar og lagfæra ef með þarf, áður en hún er máluð.

5.2 Bolur stálbáta skal rafsoðinn af eða undir stjórn suðumanns sem hefur til þess viðurkenningu.


5.3 Við rafsuðu í kulda eða raka skal velgja stálið áður en soðið er.

5.4 Við rafsuðu á plötum sem eru þykkari en 4,0 mm, eiga brúnir suðufúgunnar að hafa 30° halla. Ef svo er ekki skal sjóða beggja megin.

5.5 Við rafsuðu á viðbótarstyrkingum og undirstöðum fyrir vélar og búnað, skal suðan vera samfelld beggja megin.

5.6 Rafsuða skal vera samfelld við suðu á:
- bol
- þilfari og yfirbyggingum
- olíu- og vatnsgeymum
- festingu skilrúma við botn og síður.


5.7 Við rafsuðu á öðrum hlutum en tilgreindir eru í 5.6, má keðjusjóða beggja megin. Millibilin skulu ekki vera lengri en suðusporin og samanlögð lengd suðusporanna skal vera minnst jafn löng og ef um samfellda suðu öðrum megin væri að ræða.



5.8 Við rafsuðu á hlutum sem ekki verða fyrir álagi, má keðjusjóða öðrum megin.

5.9 Kverkhæð rafsuðu skal ekki vera minni en sem hér segir:

Plötuþykkt	a minnst
< 4mm	2,0 mm
4-6mm	3,0 mm
6-8mm	3,5 mm



FRAMLEIÐSLA Á ÁLBÁTUM S-28

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Geymsla á efni
3. Smíðaverkstæði
4. Efni
5. Mótun efnis
6. Suða
7. Hnoðaðar samsetningar
8. Límdar samsetningar
9. Aðrar samsetningar
10. Smíði bols

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um raðsmíðaða álbáta þar sem eftirlitið með framleiðslunni fer fram með skyndiskoðunum.

2. Geymsla á efni

2.1 Plötur, stangir og annað ál skal geymt í láréttri stöðu þannig að efnið verði ekki fyrir áverkum eða breyti lögun.
2.2 Suðubúnaður og suðuþráður skal geymdur á þurrum og hreinum stað.
2.3 Ál skal ekki geyma við hlið annarra málma.

3. Smíðaverkstæði

3.1 Suða og önnur vinna með ál skal unnin á þurrum stað undir þaki og í skjóli fyrir veðri og vindum.
3.2 Vinnustaðurinn skal vera hreinn.
3.3 Ef hiti á smíðaverkstæði getur farið niður fyrir 0°C, skal það vera þétt og búið tækjum til upphitunar.

4. Efni

4.1 Staðfesting á efnisgæðum, bæði á plötum og styrkingum skal liggja fyrir í formi flokkunarskírteinis eða samsvarandi, fyrir hvern bát sem smíðaður er.
4.2 Efni skal vera af viðurkenndum tegundum, án áverka og í réttu formi og standast tilgreind efnismál.
4.3 Plötur í bol skulu vera úr sjóþolnu áli og almennt ekki innihalda meira af eftirgreindum efnum en sem hér segir:
- 0,2% C_u
- 0,5% F_e
- 2,0% M_g

Ál skv. eftirgreindum stöðlum uppfyllir framangreind ákvæði:

ASTM	DIN 1725
5052	Al mg 2,5
5083	Al mg 4,5Mn
5086	Al mg 4 Mn
5154	Al mg 3
5454	Al mg 2,7 Mn

4.4 Stangir og aðrar styrkingar skulu almennt ekki innihalda meira af eftirgreindum efnum en sem hér segir:
- 0,4% C_u
- 0,5% F_e

Ál skv. eftirgreindum stöðlum uppfyllir framangreind ákvæði:

ASTM	DIN 1725
6005	Al mg S_1 0,7
6063	Al mg S_1 0,5
6351	Al mg S_1 1,0

5. Mótun efnis

5.1 Hert ál skal almennt ekki hitað til að breyta formi þess og skal aðeins formað kalt ef spenna í efninu er lítil. Álið skal almennt framleitt í réttu formi eða formað í völsum.

5.2 Plötur skulu almennt beygðar í völsum. Við 90° beygju skal innri radíus bogans ekki vera minni en:
R = f × t þar sem
f = beygjustuðull skv. eftirfarandi töflu og
t = þykkt plötunnar

Málm-blanda	Ástand	t=1,0	t=1,5	t=3,0	t=4,5	t=6,0	t=9,0
Al99,0	02	0	0	0	0	0	0
Al99,5	14	0	0	0	1	1	1
	18	1,5	2	3	4	4	5
AlMg2,5	02	0	0	0	1	1	1,5
	14	0	1	1,5	2	3	3
	18	2	3	4	5	6	7
AlMg4,5Mn	02	-	0,5	1	1	1,5	2
	32	-	1,5	3	3	3,5	-
AlSilMg	02	0	0	0	1	1	2
	54	1	1,5	2	3	4	4
	56	1,5	2	3	4	4	5,5

5.3 Beygjustuðullinn, R, fyrir pípur og stangir með efnisþykkt 5% af þvermáli röranna eða hæð stanganna skal ekki vera minni en :

Málmblanda	Ástand	Stuðull
Al99,5	02	1,5
	14	2,5
	18	4,0
AlmgSi	02	2,0
	54	2,5
	56	3,0
AlSilmg	02	2,0
	54	2,5
	56	3,0

5.4 Ál skal skorið á þann veg að kantar séu réttir og lausir við sár og ró.

6. Suða

6.1 Ál skal ekki soðið við lægri hita en +5°C

6.2 Bolur og þilfar skal aðeins soðið af mönnum sem hafa lokið prófi í suðu á því efni og með þann búnað, sem nota skal við suðuna. Suðuprófið skal vera samsvarandi ákvæðum staðlanna ASME, DIN 8561 eða SFS 2218.


6.3 Suðuþráður skal vera af efnisgæðunum AlMg 4,5 Mn eða AlMg 5, nema sýnt sé fram á að annað efni gefi vandaðri suðu.

6.4 Öll suða skal vera gallalaus gegnumbræðsla, vera jöfn og án sjáanlegra galla. Efnisþykkt á ekki að vera þynnri en:

Suðuaðferð	Efnisþykkt í mm
MIG	2,0
MIG stuttbogi	1,5
MIG púlsbogi	0,7
TIG	0,7

Sjá einnig töflu 28.1


Plötuþykkt	a minnst
< 4mm	2,0 mm
4-6mm	3,0 mm
6-8mm	3,5 mm



6.5 Allar plötur sem og vatnsþétt skilrúm og vélarundirstöður skulu soðnar samfelldri suðu.
6.6 Við keðjusuðu skal lengd suðusporanna aldrei vera styttri en millibilin, auk þess sem endar skulu ávallt soðnir samfelldri suðu.
6.7 Efnismál suðu skal samþykkja sérstaklega hverju sinni.
6.8 Suður á bol skulu kannaðar með lituðum vökva. Sprungur á yfirborði suðu eru ekki samþykktar.


7. Hnoðaðar samsetningar

7.1 Þilfar og yfirbyggingar má hnoða saman, en ekki bol nema sýnt sé fram á að samsetningin sé þétt. Vatnsþéttar samsetningar skulu hnoðaðar með tvöfaldri röð hnoða.
7.2 Draghnoð má ekki nota í hluti sem verða fyrir álagi nema að undangenginni prófun sem sýnir fullnægjandi styrk.
7.3 Þvermál hnoða skal vera minnst þrisvar sinnum plötuþykktin og millibil hnoðanna ekki meira en fimmtán sinnum plötuþykktin. Fjarlægð hnoða frá kanti skal vera minnst sex sinnum plötuþykktin. Við tveggja raða samsetningu má minnka framangreind gildi um helming.
7.4 Hnoð skulu hafa sem næst sömu efnisuppbyggingu og viðkomandi smíðaefni og mega ekki verða stökk við hnoðun.
7.5 Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata fyrir hnoðin má ekki vera meiri en tilgreint er í eftirfarandi línuriti. Fjarlægja skal alla ró við hnoðgötin.



Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata

7.6 Samsetningar skulu hnoðaðar þannig að samsetningarfletir liggi þétt saman. Dæmi um festingu og röðun hnoða er sýnd á eftirfarandi mynd:



8. Límdar samsetningar

8.1 Vegna límdra samsetninga, skal leggja fram gögn til staðfestingar á brotþoli, fjaðurþoli, ásamt rif- og höggþoli.
8.2 Lím skal hafa þá eiginleika að styrkur samsetningarinnar minnki ekki vegna áhrifa frá hitabreytingum, vatni og öðrum efnum sem samsetningin kemst í snertingu við.
8.3 Leiðbeiningar frá framleiðanda límsins skulu vera til staðar þar sem líming fer fram.

9. Aðrar samsetningar

9.1 Samsetningar með gegnumgangandi skrúfboltum skulu hafa sömu mál og hnoðaðar samsetningar. Aðeins er heimilt að hafa skrúfur í samsetningum ofan vatnslínu sem ekki verða fyrir álagi.

9.2 Í samsetningum á áli við aðra málma, ef undan er skilið sýruþolið ál, skulu efnin einangruð hvert frá öðru. Undir vatnslínu skal vera vörn gegn tæringu eftir þörfum hverju sinni.

10. Smíði bols

10.1 Bátar skulu smíðaðir á þann veg að vinna við suðu sé vel aðgengileg.

10.2 Styrkur og stífleiki styrkinga skal vera samfelldur og styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika. Hné, skífur o.þ.h. skal nota eins og þurfa þykir.








10.3 Undirstöður vélar og annars búnaðar og stoðir skulu tengjast styrkingum.

10.4 Frárennsli skal þannig fyrir komið að vatn eigi greiða leið í austurbrunn.

Tafla 28.1

Leiðbeiningar við MIG- og TIG-suðu á áli

s = efnisþykkt í mm
b = fúgubreidd í mm
c = rótarlengd í mm
∝ = fúguhorn í gráðum

Fúgugerð	Stærð og lögun	Leiðbeiningar
MIG 	s = 1,5 - 5 b = 0 - 2	Suða frá annarri hliðinni, rótarstuðningur eða fösuð súðufúga
	s = 5 - 25 b = 0 - 3 c = 1,5 - 3 ∝ = 60 - 100°	Við suðu upp undir er æskilegt að að fúguhorn sé sem stærst, einnig að soðið sé í rótina
	s = 8 - 25 b = 3 - 7 c = 2 - 4 ∝ = 40 - 60°	Minnsta fúguhorn og mestu breidd rótar má hafa við suðu á plötum að 15 mm
	s = 12 - 25 b = 0 - 2 c = 3 - 5 ∝ = 50 - 70°	Sérstaklega ætlað við vélsuðu. Hálfvélvædda suðu má nota undir öllum kringumstæðum. Rótarstuðning á að nota fyrir suðu frá bakhliðinni
TIG 	s < 2	
	s < 4 b = 0 - 2	Suða frá annarri hliðinni
	s = 4 - 10 b = 0 - 2 ∝ = 60 - 70°	Rótarstuðning á að hafa við lárétta suðu

FRAMLEIÐSLA Á TRÉBÁTUM S-29

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efnisgeymsla
3. Smíðaverkstæði
4. Viður
5. Krossviður
6. Líming
7. Laglíming
8. Seyming
9. Loftræsting innviða og fúavörn

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um raðsmíðaða trébáta þar sem eftirlitið með framleiðslunni fer fram með skyndiskoðunum.

1.2 Víkja má frá eftirfarandi reglum ef ljóst er að viðkomandi smíðaaðferð er samsvarandi ákvæðum reglnanna.


1.3 Lím og önnur efni sem notuð eru við framleiðslu á trébátum skulu notuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda efnanna.

2. Efnisgeymsla

2.1 Allur viður til báta skal geymdur á þurrum vel loftræstum stað, þar sem hann er varinn fyrir sól og raka.

2.2 Viður skal geymdur laupaður, þannig að loft geti leikið um hvert einstakt stykki. Krossviður skal geymdur liggjandi á sléttum fleti.

2.3 Rakainnihald viðar má meta út frá loftrakanum í efnisgeymslunni skv. eftirfarandi línuriti:



3. Smíðaverkstæði

3.1 Trébátar skulu smíðaðir í vel loftræstu húsi, þar sem hægt er að halda nægum hita til að rakainnihald viðar aukist ekki meðan á smíði stendur.

3.2 Trébátar sem hafa límdan bol, þilfar eða yfirbyggingu skulu smíðaðir í húsi þar sem hiti er ekki minni en 10°C meðan á smíði stendur.

4. Viður

4.1 Allur viður sem notaður er til smíði báta skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota.

4.2 Viður skal vera laus við merg, skordýraskemmdir, rifur, lausa kvisti, útvið, fúagróður o.þ.h. sem rýrir gæði viðarins.

4.3 Rakainnihald viðar skal ekki vera meira en 20%, þó ekki meira en 15% í viði sem á að líma.

4.4 Viður sem nota á í útsúð, þilfarsþiljur, laglímingu eða svigabönd, skal vera beinvaxinn og spegilskorinn.

5. Krossviður

5.1 Krossviður sem notaður er í bol báta skal vera af tegund sem viðurkennd er til báta skv. BS 1088-1966, BS 4079-1966 eða samsvarandi staðli.

5.2 Krossviður skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota. Þynnur utan á krossviði skulu hafa góða áferð og vera án sjáanlegra galla.

5.3 Í innréttingar og aðra hluti sem ekki verða fyrir álagi, má nota krossvið af minni gæðum en tilgreint er í 5.1, en krossviðurinn skal þó vera límdur með veður- og suðuheldu límí, sem prófað er skv. BS 1203-1979 eða samsvarandi staðli.

5.4 Ef samskeyti á krossviðarplötum eru skásniðin, skal skörun samskeytanna ekki vera minni en átta sinnum plötuþykktin. Ef krossviðurinn er skeyttur saman með laska, skal breidd laskans ekki vera minni en átján sinnum plötuþykktin.

6. Líming

6.1 Lím skal vera veður- og suðuhelt, skv. BS 1204-1979 WBP eða samsvarandi staðli.

6.2 Alla límfleti skal fella vel saman áður en límt er. Límfletir skulu vera hreinir og lausir við ryk, feiti eða annað það sem hefur áhrif á líminguna.

6.3 Límdar samsetningar skulu einnig negldar, skrúfaðar eða boltaðar. Við festingu á krossviði skal bilið á milli nagla/skrúfa/bolta ekki vera meira en 10 sinnum þykktin á krossviðarplötunni.

7. Laglíming

7.1 Aðeins er heimilt að laglíma á verkstæði sem hefur til þess sérstakt samþykki. Verkstæðið skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum verkfærum, svo sem búnaði til að ná upp nægilegum þrýstingi við límingu, tæki til að mæla rakainnihald viðar, vél til blöndunar á límí, ásamt öðrum búnaði sem nauðsynlegur er við límingu.

7.2 Aðeins skal nota sambærilegar viðartegundir við laglímingu á hverju stykki. Ennfremur skulu allar þynnur sem límdar eru saman í eitt stykki hafa sem næst sama rakainnihald.

7.3 Laglímingarþynnur skulu aldrei vera þykkari en 30 mm. Við laglímingu á bognum stykkjum, skal þykktin á hverri þynnu vera það mikil að þynnurnar leggist eðlilega þannig að góð líming náist.

7.4 Millibil samskeyta á laglímingarþynnum skal ekki vera minna en:

25 t, ef skeytin eru á samliggjandi þynnum
20 t, ef ein þynna er á milli skeytanna
12 t, ef tvær þynnur eru á milli skeytanna
t = þykktin á laglímingarþynnunum.

7.5 Þrýstingur við límingu skal aldrei vera minni en 0,6MPa. Við límingu á harðviði skal þrýstingurinn ekki vera minni en 1,2MPa. Þrýstinginn skal athuga um það bil 15-30 mínútum eftir að honum er komið á og hafi hann þá minnkað skal leiðrétta þrýstinginn.

7.6 Gæði laglímingar skulu prófuð. Prófsýnin skulu tekin af endum á viðkomandi stykki. Prófsýni skulu unnin á sama veg og límhluturinn, þ. e. límd við sama þrýsting, hert í jafn langan tíma o.s.frv.

8. Seyming

8.1 Saumur, skrúfur og boltar skulu vera úr ryðfríu efni eða vera heitsinkhúðuð. Boltar, rær, skífur, hnoðsaumur og hnoðhringir sem tengjast saman í festingum, skulu vera í sama gæðaflokki.

8.2 Undir boltahausum og róm í samsetningum skal vera skífa með ytra þvermáli sem er ekki minna en tvisvar sinnum þvermál boltans. Ef boltahaus uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu. Í samsetningum eða festingum sem geta orðið fyrir miklu álagi, má gera kröfur um enn stærri skífur.

8.3 Við festingu á súð og þilfari skal nota skrúfur eða nagla sem eru ekki styttri en:
l = 2,0 t mm fyrir skrúfur
l = 25 + 2,0 t mm fyrir nagla
t = þykkt á súð/þilfari í mm

8.4 Skrúfur skulu koma sem næst hornrétt í krossvið. Krossviður skal boraður með hæfilegum bor fyrir boltum, skrúfum og nöglum til að fyrirbyggja tvískinnung.

9. Loftræsting innviða og fúavörn

9.1 Bátar skulu hafa fullnægjandi loftrás til allra innviða. Sérstaklega skal þess gætt að loftrás sé greið á bak við eldsneytisgeyma, innréttingar og undir gólfi.

9.2 Allur viður í lokuðu rými og stykki sem liggja þétt saman, svo sem tvöföld bönd o.þ.h., skal fúaverja með viðurkenndu fúavarnarefni.

NORÐURLANDAREGLUR

um efni og búnað báta með mestu lengd allt að 15 m

Efnisyfirlit

Almennt
1. Samþykkt á efni og búnaði

Hráefni
2. Glertrefjar
3. Pólýestri
4. Hitadeigt plast
5. Kjarni í samloku
6. Líming samloku
7. Flotholt úr frauðplasti

Slöngur
8. Eldsneytisslöngur
9. Útblástursslöngur
10. Vökvaslöngur
11. Vatnsslöngur

Stýrisbúnaður
12. Barkastýrisbúnaður
13.
14. Stýrishjól

Annar búnaður
15. Gastæki
16. Festartæki
17. Ræði

SAMÞYKKT Á EFNI OG BÚNAÐI EB-1

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Upplýsingar
3. Rannsóknir
4. Prófanir og merking
5. Skyndiskoðanir

1. Almennt

1.1 Viðurkenning á efni í báta er veitt þegar rannsóknir hafa sýnt að það uppfyllir kröfur í reglum þessum. Sama gildir um búnað.

1.2 Viðurkenning gildir í fjögur ár. Að þeim tíma liðnum getur framleiðandi sótt um endurnýjun á viðurkenningu. Almennt er slík umsókn afgreidd á sama veg og við viðurkenningu í fyrsta sinn.

1.3 Viðurkenning fellur úr gildi ef reglurnar sem hún byggist á eru felldar úr gildi.

1.4 Ef framleiðandi gerir breytingar á framleiðslunni meðan á viðurkenningartímabilinu stendur, skal tilkynna slíkar breytingar þeim aðila sem hefur eftirlit með framleiðslunni. Er þá hægt að krefjast nýrrar rannsóknar.

2. Upplýsingar

2.1 Vegna umsóknar um viðurkenningu skal framleiðandi leggja inn upplýsingar um framleiðsluna.

2.2 Í upplýsingum skal vera skilgreining á þeim eiginleikum sem reglur gera kröfur til. Auk þess skulu fylgja almennar upplýsingar þar sem tilgreindir eru þeir eiginleikar sem óskast samþykktir.

3. Rannsóknir

3.1 Ef innsendar upplýsingar eru metnar fullnægjandi fer fram rannsókn á framleiðslunni.

3.2 Rannsaka skal þá eiginleika vörunnar sem reglur gera kröfur til.

3.3 Með sérstöku samþykki má nota aðrar staðlaðar rannsóknaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í reglum þessum.

4. Prófanir og merking

4.1 Framleiðandi skal almennt sjá til þess að rannsókn fari fram á vöru hverrar sendingar sem frá honum fer. Falla má frá sérstakri rannsókn vegna afhendingar vöru ef framleiðslueftirlitið telst tryggja gæði vörunnar.

4.2 Niðurstöður rannsókna vegna afhendingar vöru skulu vera aðgengilegar við skyndiskoðanir.

4.3 Hver eining hverrar sendingar frá framleiðanda viðurkenndrar vöru skal merkt með viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteini.

5. Skyndiskoðanir

5.1 Tíðni skyndiskoðana á framleiðslu viðurkenndrar vöru er ákveðin þegar viðurkenningin er veitt.

GLERTREFJAR EB-2

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Upplýsingar
3. Eiginleikar
4. Afhending og merking

1. Almennt

1.1 Í eftirfarandi reglum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til glertrefja sem nota skal við smíði báta allt að 15 metrum mestu lengd.

1.2 Glertrefjaefni skal vera af E-gerð, þar sem samanlagt innihald af Na_2O og K_2O er minna en 1%. Lagt skal fram vottorð sem staðfestir efnasamsetningu, eða framkvæmd efnarannsókn sem sýnir fram á að kröfum til E-glers sé fullnægt (SiO_2 52-56%, CaO 16-25%, Al_2O_3 12-16%, $Na_2O + K_2O$ 0-1%, B_2O_3 6-12% og MgO 0-6%)

1.3 Glertrefjar með annarri efnasamsetningu en tilgreint er í 1.2 má samþykkja að því tilskildu að styrkur trefjanna og vatnsþol séu jafngóð eða betri.

1.4 Bindiefni glertrefjanna má vera úr sílanblöndu eða samsettri krómblöndu.

1.5 Glertrefjar skulu framleiddar í samfelldum trefjum og vera prófaðar í því formi sem efnið fer frá framleiðanda.

1.6 Þráð sem nota á til sprautunar skal prófa í viðurvist skoðunarmanns til staðfestingar á því að þráðurinn sé heppilegur til sprautunar.

2. Upplýsingar

2.1 Umsækjandi um viðurkenningu skal leggja fram upplýsingar í formi rannsóknarskýrslu um þá eiginleika glertrefjanna sem tilgreindir eru í 3.

2.2 Viðurkenningin og prófanir í því sambandi byggjast á innsendum upplýsingum.

3. Eiginleikar

3.1 Glertrefjar skulu uppfylla eftirgreindar kröfur (sjá töflu á næstu síðu):

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar x = kröfur við afhendingu	
Rakainnihald	ISO 3344-1977	Hámark 0,2%	
Glóðartap	ISO 1887-1980 Hámarksþol er ákveðið í hverju einstöku tilfelli	Nafntap framleiðanda	x
Þungi flatar- eða lengdareiningar	Þráður: ISO/R 1889-1975 Ofin motta: ISO 4605-1978 Óofin motta: ISO 3374-1980	Nafnþungi framleiðanda +/- 10%	x

3.2 Fullhart trefjaplast skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Togþol minnst	σ_s = 80 MPa
Beygjubrotþol minnst	σ_b = 130 MPa
Togfjarðurstuðull	E_s = 7000 MPa
Beygjufjarðurstuðull	E_b = 6000 MPa

3.3 Togþol og togfjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 3268-1978. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur.

3.4 Meðaltal ofangreindra mælinga skal uppfylla kröfur í 3.2. Engin einstök mæling má vera lakari en 80% af þeirri tölu sem notuð er við útreikninga.

3.5 Glerinnihald trefaplasts skal ekki vera minna en 27% af heildarþunga og ekki meira en 45%, mælt skv. ISO/R 1172-1975. Mismunur á glerinnihaldi prófsýna má ekki vera meiri en ± 4% af meðaltalsniðurstöðum rannsókna. Niðurstaða hverrar rannsóknar skal uppfylla þessar kröfur.

4. Afhending og merking

4.1 Framleiðandi skal sjá til þess að rannsókn fari fram á glertrefjum hverrar sendingar sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skulu glertrefjarnar uppfylla þær kröfur sem merktar eru með x í töflu 3.1. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

4.2 Hver sending skal vera merkt með nafni framleiðanda og viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteininu.

PÓLÝESTRI EB-3

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Upplýsingar
3. Óhertur pólýestri
4. Hertur pólýestri
5. Grunnhúð/topphúð
6. Afhending og merking

1. Almennt

1.1 Í eftirfarandi reglum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til pólýestra sem nota skal við smíði báta allt að 15 metra mestu lengd.

1.2 Viðurkenningu á pólýestra er skipt í tvo gæðaflokka;
flokkur 1: mjög vatnsþolinn pólýestra
flokkur 2: minna vatnsþolinn pólýestra.

1.3 Grunnhúð og topphúð skal aðeins vera í gæðaflokki 1.

2. Upplýsingar

2.1 Umsækjandi um viðurkenningu skal leggja fram upplýsingar í formi rannsóknarskýrslu um þá eiginleika efnanna sem tilgreindir eru í 3., 4. og 5.

2.2 Viðurkenningin og prófanir í því sambandi byggjast á innsendum upplýsingum.

3. Óhertur pólýestri

3.1 Pólýestri skal vera heppilegur bæði til handlagningar og sprautunar. Hann skal væta glertrefjarnar vel og harðna nægilega við eðlilegan stofuhita. Glertrefjastyrktur pólýestri skal uppfylla lágmarkskröfur um efnisgæði á fullhörðu trefjaplasti sbr. EB-2.3.2. Pólýestri til nota við aðrar framleiðsluaðferðir en handlögn og sprautun skal metin sérstaklega til samþykktar.

3.2 Pólýestri í fljótandi formi skal uppfylla eftirgreindar kröfur í töflu 3.1.

4. Hertur pólýestri

4.1 Harður pólýestri skal uppfylla eftirgreindar kröfur í töflu 3.2.

4.2 Pólýestri sem inniheldur vax eða önnur efni sem valda því að pólýesterinn bindur sig verr við hart trefjaplast en ella, skal prófa á eftirgreindan hátt:

Undirbúningur:
Leggja skal þrjár 450 g/m^2 vökvabundnar mottur, húða þær vel með pólýestra og láta harðna í 48 klst. við 20°C.
Leggja á prufuplötuna þrjár 450 g/m^2 mottur án þess að vinna flötinn nokkuð undir. Láta þetta harðna í minnst 7 sólarhringa við 20°C.

Prófun:
Togprófun skal framkvæma hornrétt á flöt trefjaplastsins skv. ASTMD C 297, með 50×50 mm prufustykkjum. Brotspennan skal ekki vera minni en 9 MPa. Í brotinu mega ekki vera sléttir fletir eða önnur merki um að viðloðun á milli laga hafi verið slæm.
Ef prufustykkin eru hringlaga skal brotspennan vera minnst 18 MPa.

5. Grunnhúð/topphúð

5.1 Grunnhúð og topphúð skal framleidd úr pólýestra sem uppfyllir ákvæði í 4.1, flokki 1.

5.2 Slithúð skal þekja nægilega með 0,5 mm þykkt.

6. Afhending og merking

6.1 Framleiðandi skal sjá til þess að rannsókn fari fram á efni hverrar sendingar sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skal efnið uppfylla þær kröfur, sem merktar eru með x í töflu fyrir viðkomandi efni. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

6.2 Hver sending skal vera merkt með nafni framleiðanda og viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteini.

Tafla 3.1.

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar x = kröfur við afhendingu
Eðlisþyngd	ISO 1675-1975	Nafnþungi framleiðanda
Seigja	1. Brookfield: ISO 2555-1989 2. Kon og Plate: ISO 2884-1974	Nafnseigja framleiðanda x +/- 20%
Sýrumagn	ISO 2114-1974	Nafnmagn framleiðanda x +/- 10%
Einliðuinnihald	ISO 3251-1974	Nafninnihald framleiðanda x +/- 5%
Innihald ólífrænna efna	DIN 16945-1976 Blatt 1, 4.10	Hámark 5%. Meira innihald má samþykkja að undangenginni sérstakri athugun
Stirðnunartími	ISO 2535-1974 eða samsvarandi	Nafntími framleiðanda x +/- 20%
Línulegur samdráttur við hörðnun	ASTM D 2566-79	Nafnsamdráttur framleiðanda

Tafla 3.2.

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar	
		Flokkur 1	Flokkur 2
Eðlisþyngd		Nafnþyngd framleiðanda	
Harka	ASTM D 2583-81	Minnst 35	Minnst 35
Mýkingarpunktur	ISO 75-1987 Aðferð A	Minnst 75°C	Minnst 62°C
Vatnsdrægni	ISO 62-1980 prófsýni 50 × 50 × 4 mm (+1 × 1 × 0,2) Tilbúið saltvatn skv. DIN 50905 Á kafi í 28 sólarhringa	Hámark 80 mg	Hámark 100 mg
Togþol		Min. 50 MPa	Min. 45 MPa
Fjaðurstuðull	ISO/R 527-1966	Min. 3000 MPa	Min. 3000 MPa
Brotlenging		Minnst 2,0%	Minnst 1,5%

Hersluferill pólýestrans skal tilgreindur.

Ef ekki er annað tekið fram skal pólýestrinn hertur á eftirgreindan hátt:
- 1% MEKP í 50% upplausn
- hert í 24 klst. við 20°C
- eftirhersla minnst 24 klst. við 50°C.

HITADEIGT PLAST EB-4

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Upplýsingar
3. Eiginleikar pólýetýlens
4. Eiginleikar ABS og samsvarandi
5. Afhending og merking

1. Almennt

1.1 Í eftirfarandi reglum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til pólýetýlens og ABS plastefna sem nota skal við smíði báta allt að 15 metra mestu lengd.

1.2 Viðurkenning á hráefni er veitt þeim framleiðanda sem vinnur efnið á síðasta stigi þess áður en efnið fer til bátaframleiðanda. Fyrir efni sem nota á til hverfisteypu er viðurkenning veitt korns-/duftsframleiðanda og varðandi plötur vegna varmamótunar er viðurkenningin veitt plötuframleiðanda.

1.3 Athugun á öldrunareiginleikum skal gera á plötum úr viðkomandi efni með litarefnum o.þ.h. sem nota á í framleiðslunni.

1.4 Litarefni eiga ekki að vega meira en 4% af heildarþunga efnisins og skal litnum vera vel blandað saman við efnið. Gera skal grein fyrir neikvæðum áhrifum litarefna á plastefnið.

1.5 Höggþol efnisins við lágan hita skal samþykkja með tilliti til eðlis brota við höggprufu á prófsýni sem í hefur verið rispuð skora. Efni sem brotnar auðveldlega við hita yfir 0°C er óheimilt að nota. Ef umskipti á milli seigra og stökkra brota eru við hita á milli 0 og -20°C skal eftirgreind yfirlýsing rituð á viðurkenningarskírteini:
Efni bátsins verður brothætt við lágan hita. Bátinn á því ekki að nota í kulda.

1.6 Áhrif sólarhita á efnið eru metin út frá því hve mikið efnið mýkist við hita á bilinu 20 til 65°C. Skerstuðull sem minnkar meira en 80% samþykkist ekki. Ef minnkunin er á milli 30 - 80% skal eftirgreind yfirlýsing rituð á viðurkenningarskírteini:
Efni bátsins mýkist við háan hita og breytir lögun við langvarandi álag.

1.7 Viðurkenningin skal miðuð við framleiðsluaðferðina sem efnið er ætlað til notkunar við.

2. Upplýsingar

2.1 Eftirgreindar upplýsingar varðandi eiginleika plastefnanna skulu lagðar inn til samþykktar (sjá töflu á næstu síðu):

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar og nauðsynlegar upplýsingar x = kröfur við afhendingu	
Togprófun	ISO/DIS 527-1985 prófsýni af gerð 2,5-50 mm/mín	Kúrfa við 20°C og 65°C	
Skerstuðull	ISO 537-1980 (snúningspendúll)	Kúrfa fyrir hita á bilinu - 20°C til 65°C	
Samdráttur	ISO 899-1981	Kúrfa við 20°C til 65°C	
Efnisþreyta	Prófun við stöðuga spennu eða álag	Kúrfur fyrir efnisþreytu að minnst 100 000 álagsriðum við 20°C	
Harka	ISO/R 868-1985 (shore D)	Harka eftir 15 sek við 20°C	
Höggþol (fallandi þungi)	ASTM D 3029-1972 (aðferð A) Slagflötur fallhamarsins skal hafa 12,5 mm radíus	Tilgreina skal fallþunga sem veldur sjáanlegri sprungu sem talist getur brotsviðmiðun fyrir viðkomandi þykkt við 0°C og 20°C.	ABS x
Höggþol (pendúll)	Með 45°V-laga skoru skv. ISO/R 180-1982. Fyrir sértaklega sveigjanlegt efni má prófa með annarri aðferð. Prófun gerð við 0°C	Höggþol og eðli brotsins skal tilgreina. Höggprufa á stykki með skoru skal aðeins gera á nýju og óöldruðu efni	
Öldrun	ISO/R 179-1982 án skoru Eðlileg öldrun: DIN 53386 gr. 6.1 Tilbúin öldrun: DIN 53387	Kúrfa yfir brotþol fyrir aldrað efni á móti „lógaritmaískum“ tíma. Tíminn skal almennt vera 48 mán. fyrir eðlilega öldrun eða samsvarandi fyrir tilbúna öldrun. Þó má samþykkja styttri tíma ef öldrun er lokið fyrr	
Eldsneytisþol	Efnið undir álagi niðursökkt í viðkomandi eldsneyti	Tilgreina skal ef sprungur myndast á yfirborði	
Efnaþol	ISO/R 175-81	Listi yfir efni sem plastið þolir ekki	
Bræðsluvísitala	ISO 1133-1981	Skal tilgreina fyrir pólýetýlenefni.	PE x
Eðlisþyngd	ISO/R 1183-1983 (aðferð D)	Skal tilgreina fyrir pólýetýlenefni	PE x
Ildisvísitala	ASTM D 2863-77	Skal tilgreina	

2.2 Framleiðsluaðferð og aðstæður á framleiðslustað til að ná niðurstöðum úr framangreindum rannsóknum skulu tilgreindar í umsókninni um viðurkenningu.

3. Eiginleikar pólýetýlens

3.1 Prófsýni skulu tekin úr viðkomandi framleiðslu og skal þess gætt að gæði prófsýnanna hafi ekki minnkað vegna framleiðsluaðferðarinnar.

3.2 Hráefnið skal uppfylla kröfur sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Eiginleikar	P E L	P E M	Athugasemdir
Eðlisþyngd, g/cm^3	hámark 0,930	0,930-0,945	
Bræðsluvísitala, g/10 mín	vísit.stig framleiðanda ± 1,0 þó hámark 3,5	vísit.stig framleiðanda ± 1,0 þó hámark 3,5	
Flotspenna, MPa	minnst 7,5	minnst 13,0	við 20°C
við togálag	minnst 4,5	minnst 8,0	við 65°C
Togfjaðurstuðull, MPa	minnst 180	minnst 350	við 20°C
Samdráttur, % MPa	hámark 2,5	hámark 2,0	breyting e. 100 klst
	við álag 2,0	við álag 3,0	álag við 20°C
Harka, Shore D	nafnharka framleiðanda ± 3	nafnharka framl. ± 3	prófað við 20°C lesið af eftir 15 sekúndur
Höggþol, KJ/m^2	minnst 15		
(fallprufa án skoru)		minnst 15	prófsýni fríliggjandi 0°C og -20°C
Höggþol, KJ/m^2	ekki brotgjarnt		
(pendúlprufa m/skoru)		ekki brotgjarnt	aðeins krafist varðandi báta með einfaldan bol 0 °C
Loftrýmd, % af þykkt	hámark 15	hámark 15	í álagshlutum
% af þykkt	hámark 20	hámark 20	í öðrum hlutum
Togþol á öldruðu efni, J/cm^3	ekki brotgjarnt brotalag minnst 1,0	ekki brotgjarnt brotalag minnst 1,0	öldrun samsvarandi 4ra ára 0°C ; prufu-hraði 2-10^5 %/mín


4. Eiginleikar ABS og samsvarandi

4.1 Prófsýni skulu tekin úr viðkomandi framleiðslu.

4.2 Efnið skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Kröfur
Flotspennu við togálag	minnst 30 MPa við 20°C
	minnst 18 MPa við 65°C
Fjaðurstuðull	minnst 1600 MPa við 20°C
Samdráttur	hámark 1% eftir 100 klst
	við 20°C og 7 MPa álag
Beygjuþreyta	við beygjusveifluna 1% tíðnina
	0,5 Hz skal efnið þola 50,000
	beygjusveiflur áður en prófsýnið
	brotnar
	ekki brotgjarnt við 0°C
Höggþol	minnst 2 kJ/m^2 við 20°C skv.
(pendúlprufa m/skoru)	ISO 179-1982 (charpy)
Höggþol	minnst 2,5 kJ/m^2 eftir öldrun,
(pendúlprufa án skoru á öldruðu efni)	sem svarar til 4ra ára eðlilegum
	aldri.

4.3 Misþykkt á plötum skal ekki vera meiri en krafist er skv. eftirfarandi línuriti:



Þykktin skal mæld með jöfnu millibili á 20 stöðum þvert yfir plötuna. Meðalþykkt plötunnar má ekki vera minni en sú þykkt sem framleiðandi gefur upp á viðkomandi plötu.

5. Afhending og merking

5.1 Framleiðandi skal sjá til þess að rannsókn fari fram á efni hverrar sendingar sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skal efnið uppfylla þær kröfur sem merktar eru með x í töflu fyrir viðkomandi efni. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

5.2 Hver sending skal vera merkt með nafni framleiðanda og viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteini.

KJARNI Í SAMLOKU EB-5

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Afhending
3. Eiginleikar
4. Merking

1. Almennt

1.1 Í eftirfarandi reglum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til kjarnaefnis sem nota skal í samloku við smíði báta allt að 15 metra mestu lengd.

2. Afhending

2.1 Framleiðandi skal sjá til þess að rannsókn fari fram á efni hverrar sendingar sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skal efnið uppfylla þær kröfur sem merktar eru með x í töflu 5.1. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

3. Eiginleikar

3.1 Viðurkenning á efni í kjarna er skipt í tvo flokka;
flokkur 1: Gæðakröfur til kjarna í bol
flokkur 2: Gæðakröfur til kjarna í hluti sem gera má minni kröfur til en gerðar eru til bols.

3.2. Viðurkenningin miðast við lágmarkseiginleika sem framleiðandi ábyrgist. Þau gildi skulu skráð á viðurkenningarskírteinið og skulu minnst ná til þeirra eiginleika sem fram koma í töflu 5.1.

4. Merking

4.1 Hver sending skal vera merkt með nafni framleiðanda og viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteini.

Tafla 5.1.
Efni í kjarna skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar x = kröfur við afhendingu **z = tilgreind lágmarksgildi** Flokkur 1	Flokkur 2	
Togþol	ASTM C 297-61 1) 2)	Minnst 0,8 MPa	Minnst 0,6 MPa	z
Togfjaðurstuðull		Minnst 30 MPa	Minnst 20 MPa	
Þrýstiþol	ISO 844-1978 1) 2) 4) 23°C	Minnst 0,7 MPa	Minnst 0,4 MPa	z
Þrýstifjaðurstuðull		Minnst 30 MPa	Minnst 20 MPa	

Þrýstiþol Þrýstifjaðurstuðull	ISO 844-1978 1) 2) 4) 45°C	Minnst 50% af niðurstöðu við 23°C	Minnst 50% af niðurstöðu við 23°C	
Skerþol	ISO 1922-1981 3) 4)	Minnst 0,6 MPa	Minnst 0,4 MPa	z
Skerstuðull		Minnst 12 MPa	Minnst 9 MPa	z
Vatnsdrægni	ISO 2896 v/40°C í 7 sólarhringa í saltvatni skv. DIN 50905-1976	Hámark 1,5 kg/m^2	Hámark 1,5 kg/m^2	
Vatnsmótstaða	Tog- og þrýstiþol eftir 28 sólarhringa í saltvatni skv. DIN 50905 við 40°C 2)	Minnst 75%	Minnst 70%	
Eðlisþyngd kg/m^3	ISO 845-1977	Nafnþyngd	Nafnþyngd	xz
Sýruvísitala	ASTM D 2863	Skal tilgreina	Skal tilgreina	
Stýrenþol	Framleiðandi skal staðfesta að efnið þoli pólýestra til báta og að líming pólýestrans við kjarnaefnið sé fullnægjandi			

1) Hámarkshraði breytinga í millimetrum á mínútu er 10% af upprunalega mældri þykkt.
2) Efnismál á prófsýni 50 Ë 50 Ë þykktin mm.
3) Kjarnaefnið prófast bæði með og án langs liggjandi samskeyta. Samskeyti skulu vera í miðju prófsýninu og liggja samsíða undirstöðum, jafnlangt frá hvorri undirstöðu. Prófun á stykki án samskeyta er ekki nauðsynleg.
4) Prófun skal gerð með trefjaplasts- eða pólýestrahúð sem styrkingu.

Gera má kröfu til upplýsinga um efnisþreytu efnisins og brotlengingu.

LÍMING SAMLOKU EB-6

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Afhending
3. Eiginleikar
4. Merking

1. Almennt

1.1 Í eftirfarandi reglum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til límingar á kjarna í samloku við smíði báta allt að 15 metra mestu lengd.

2. Afhending

2.1 Framleiðandi skal sjá til þess að rannsókn fari fram á efni hverrar sendingar sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skal efnið uppfylla þær kröfur sem merktar eru með x í töflu 3.1 og 3.2. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

3. Eiginleikar

3.1 Óhert efni skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar x = kröfur við afhendingu	
Seigja	ASTM D 1084-81 aðferð B (fyrir fríttfljótandi bindiefni)	Nafnseigja framleiðanda	x
Línulegur samdráttur við hörðnun	ASTM D 2566-79	Nafnsamdráttur framleiðanda	

Kröfur varðandi samdrátt við hörðnun gilda aðeins fyrir fúgufyllandi efni.

3.2. Hert efni í samskeyti skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar Flokkur 1	Flokkur 2
Togþol	ASTM C 297-61 (prófun 50 × 50 mm hraði 1 mm/mín)		
	Við 20°C	Minnst 1 MPa	Minnst 0,8 MPa
	Við 50°C	Minnst 80% af niðurstöðu við 20°C	Minnst 80% af niðurstöðu við 20°C

Skerþol	ISO 1922-1981 (20°C)	Minnst 0,4 MPa	Minnst 0,3 MPa
Vatnsdrægni	28 sólarhringa niðursökkt í tilbúnu saltvatni skv. DIN 50905-1976 við 40°C. Togþol skv. ASTM C 297-61 Prófun 50 × 50 mm hraði 1 mm/mín við 20°C	Minnst 80% af upprunalegri niðurstöðu	Minnst 80% af upprunalegri niðurstöðu

Prófsýni skulu hert skv. fyrirmælum framleiðanda. Gefa skal nákvæma lýsingu á því hvernig yfirborð prófsýna er unnið og hvernig bindiefnið er borið á flötinn. Gera má kröfu til upplýsinga um efnisþreytu og brotlengingu efnisins.

4. Merking

4.1 Hver sending skal vera merkt með nafni framleiðanda og viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteini.

FLOTHOLT ÚR FRAUÐPLASTI EB-7

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Afhending
3. Eiginleikar
4. Merking

1. Almennt

1.1 Í eftirfarandi reglum eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til frauðplasts sem notað er í flotholt báta allt að 15 metra mestu lengd.

2. Afhending

2.1 Framleiðandi skal sjá til þess að rannsókn fari fram á efni hverrar sendingar sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skal efnið uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í 3.1. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

3. Eiginleikar

3.1 Frauðplastið skal rannsakað samkvæmt sænskum staðli; SIS 88 22 21 pkt. 7, og má breyting á burðarþoli ekki vera meiri en 5%. Frauðplastið má ekki drekka í sig meira en 8 rúmmálsprósent af vatni við að vera niðursökkt í 8 sólarhringa skv. ISO 2896-1974.

3.2 Frauðplastið skal almennt þola bensín.

4. Merking

4.1 Hver sending skal vera merkt með nafni framleiðanda og viðurkenningarmerki sem tilgreint er á viðurkenningarskírteini.

ELDSNEYTISSLÖNGUR EB-8

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Viðurkenning
3. Efnisgæði og prófanir
4. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um viðurkenningu á eldsneytisslöngum til nota í gasolíu- og bensínlagnir í bátum allt að 15 metra mestu lengd.

2. Viðurkenning

2.1 Eldsneytisslöngur skulu viðurkenndar á grundvelli eftirfarandi ákvæða.

3. Efnisgæði og prófanir

3.1 Slöngur skulu vera eldsneytisheldar. Við prófun á gúmslöngum, skv. ISO/R staðli 1817-1975 þar sem sýni er látið liggja í vökva C í 72 klst. við stofuhita, skal rúmmál á innra gúmi ekki breytast meira en 30% og rúmmál á ytra gúmi ekki meira en 100%.

3.2 Plastslöngur skulu prófaðar á sama veg og gúmslöngur. Að lokinni ofangreindri prófun skulu plastslöngur ekki léttast meira en um 8% né rúmmál þeirra breytast meira en 20% við að þorna til stöðugs þunga við 40°C og síðan kólna við stofuhita.

3.3 Að lokinni varmaöldrun á slöngum í 70 klst. við 100°C heitt loft, skal togþol ekki minnka meira en 35%, brotlenging 50% og harka minnka um hámark 10° IRH.

3.4 Prufuslanga af hverri stærð þeirra slönguteguna sem óskast viðurkenndar skal sprengiprófuð með 60°C heitu vatni. Þrýstiþol eldsneytisslangna skal ekki vera minna en 0,5 MPa (5 kp/cm^2) við 60°. Fyrir þrýstiprófun skulu slöngur hafðar fullar af vökva C skv. ISO/R 1817-1975 í minnst 7 sólarhringa.

4. Merking

4.1 Viðurkenndar slöngur skulu vera merktar með tegundarmerki.

ÚTBLÁSTURSSLÖNGUR EB-9

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Viðurkenning
3. Efnisgæði og prófanir
4. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um viðurkenningu á útblástursslöngum til nota í bátum allt að 15 metra mestu lengd.

2. Viðurkenning

2.1 Útblástursslöngur skulu viðurkenndar á grundvelli eftirfarandi ákvæða.

3. Efnisgæði og prófanir

3.1 Útblástursslöngur skulu gerðar úr innragúmi, styrkingu og ytragúmi. Innragúm skal vera olíuhelt.

3.2 Að lokinni varmaöldrun á útblástursslöngum í 70 klst. við 100°C heitt loft, skal togþol ekki minnka meira en 20%, brotlenging 50% og harka minnka um hámark 10° IRH. Prófað skal skv. ISO/R 188-1976, ISO/R 48-1979 og ISO/R 37-1977 eða samsvarandi stöðlum.

3.3 Útblástursslöngur skulu ekki vera eldfimari en 2 skv. SIS 16 22 22. Prufustykki skal vera 300 mm × 50 mm og skal tekið úr heilli slöngu.

4. Merking

4.1 Viðurkenndar slöngur skulu vera merktar með tegundarmerki.

VÖKVASLÖNGUR EB-10

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Viðurkenning
3. Efnisgæði og prófanir
4. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um viðurkenningu á vökvaslöngum, til nota í bátum allt að 15 metra mestu lengd.

2. Viðurkenning

2.1 Vökvaslöngur skulu viðurkenndar á grundvelli eftirfarandi ákvæða.

3. Efnisgæði og prófanir

3.1 Efni í slöngum fyrir vökvakerfi skal þola allar tegundir olíuvökva.

3.2 Ef slöngur óskast viðurkenndar fyrir vökva sem byggist á kolvetnissamböndum, skulu þær prófaðar skv. ákvæðum í EB-8 um eldsneytisslöngur, gr. 3.1 og 3.2.

3.3. Prufuslanga af hverri stærð þeirra slönguteguna sem óskast viðurkenndar, skal sprengiprófuð með 60°C heitu vatni. Áður en þrýstingi er komið á, skal 60°C heitt vatn standa í slöngunni þar til hún er orðin gegnheit. Sprengiþrýstingurinn skal ekki vera minni en þrisvar sinnum vinnuþrýstingurinn sem slangan verður fyrir við notkun.

4. Merking

4.1 Viðurkenndar slöngur skulu vera merktar með tegundarmerki.

VATNSSLÖNGUR EB-11

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Viðurkenning
3. Efnisgæði og prófanir
4. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um viðurkenningu á vatnsslöngum, til nota í sjó- og austurlagnir í bátum allt að 15 metra mestu lengd.

2. Viðurkenning

2.1 Vatnsslöngur til nota í sjó- og austurlagnir skulu viðurkenndar á grundvelli eftirfarandi ákvæða.

3. Efnisgæði og prófanir

3.1 Í sjó- og austurlagnir má nota hvort heldur sem er gúm- eða plastslöngur en þó má ekki nota slöngur sem eru án styrkingar.

3.2 Aðeins má nota slöngur sem þola stöðuga notkun við eftirgreint lágmarkshitastig:
- Slöngur í austurlagnir 65°C
- Slöngur í sjólagnir 93°C.

3.3 Prufuslanga af hverri stærð þeirra slöngutegunda sem óskast viðurkenndar, skal sprengiprófuð með 60° C heitu vatni. Áður en þrýstingi er komið á, skal 60° C heitt vatn standa í slöngunni þar til hún er orðin gegnheit. Sprengiþrýstingurinn skal ekki vera minni en þrisvar sinnum vinnuþrýstingurinn sem slangan verður fyrir við notkun.

3.4 Allar slöngur í sjó- og austurlögnum skulu vera olíuheldar.

4. Merking

4.1 Viðurkenndar slöngur skulu vera merktar með tegundarmerki.

BARKASTÝRISBÚÐAUR EB-12

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Gögn til samþykktar
3. Prófun
4. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um viðurkenningu á barkastýrisbúnaði til nota í bátum allt að 15 metra mestu lengd.

1.2 Ákvæðin gilda um verksmiðjuframleiddan búnað með stýrisvír sem rennur í þartilgerðum barka. Búnaður sem ætlaður er til nota við stýrisvélar fellur ekki undir eftirfarandi ákvæði.


1.3 Ef viðurkenningin á einnig að gilda um stýrishjól skal það uppfylla ákvæði í EB-14.

2. Gögn til samþykktar

2.1 Mynd af hverjum hlut í stýrisbúnaðinum ásamt framleiðslunúmeri hvers hluts skal fylgja umsókn um viðurkenningu. Einnig skal tilgreina lengd stýrisvíra.

3. Prófun

3.1 Við prófun skal búnaðurinn vera á þann veg sem eftirfarandi mynd sýnir. Búnaðurinn skal prófaður við stofuhita.



3.2. Búnaðurinn með fast stýrishjól skal þola 3,5 sinnum stýriskraftinn, bæði við tog- og þrýstiálag á þann enda sem tengist vél eða stýrisarmi.

3.3 Með stýrisvír af lengstu gerð fastan í stýrisarmi og hinn endann í stærstu gerð af stýrishjóli fyrir viðkomandi búnað, skal prófa fjöðrunina í báðar áttir. Á stýrishjólið skal leggja það snúningsvægi sem þarf til að ná nauðsynlegum stýriskrafti (þó mest 450 N á hjólhringinn eða þann boga sem myndast við miðju handpinnanna á pinnahjóli). Fjöðrunin skal ekki vera meiri en 300 mm.

3.4 Með minnsta stýrishjól fyrir viðkomandi búnað, skal prófa hvort fullnægjandi stýriskraftur næst við festinguna í vél eða stýrisarm þegar lagður er 450 N kraftur á stýrishjólið.

4. Merking

4.1 Stjórntæki og barki skulu vera merkt með tegundarnúmeri.

STÝRISHJÓL EB-14

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Gögn til samþykktar
3. Öldrun fyrir prófun
4. Prófun
5. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um viðurkenningu á stýrishjólum til nota í bátum allt að 15 metra mestu lengd.

2. Gögn til samþykktar

2.1 Leggja skal inn til samþykktar teikningu af stýrishjólinu sem sýnir hvernig það er smíðað og skal efnistegund einnig tilgreind. Ennfremur skal geta öldrunar á stýrishjólum úr plasti sem eru án berandi málmkjarna.

3. Öldrun fyrir prófun

3.1 Stýrishjól sem framleitt er úr plastefni án berandi málmkjarna, skal prófað með xenon-ljósöldrun sem svarar til fjögurra ára eðlilegrar öldrunar. Vegna stýrishjóla úr svörtum plastefnum þarf ekki að prófa öldrun ef framleiðandi getur sýnt fram á gott öldrunarþol efnisins svo óyggjandi sé.

4. Prófun

4.1 Stýrishjól skulu prófuð með 450 N snúningskrafti (á hjólhringinn eða þann boga sem myndast við handpinnanna á pinnahjóli). Einnig skal leggja 670 N tog- eða þrýstiálag þvert á 100 mm kafla af veikasta hluta stýrishjólsins. Við framangreinda prófun skal stýrishringurinn ekki breyta varanlega lögun og vera óskemmdur á eftir.

5. Merking

5.1 Stýrishjól skulu vera merkt með tegundarnúmeri.

GASTÆKI EB-15

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Eiginleikar
3. Merking

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um hluti í gaskerfi.

2. Eiginleikar

2.1 Hlutir og tæki skulu virka rétt við hitastig á bilinu -10°C til +60°C og þola hitastig á bilinu -30°C til +60°C.

2.2 Kútar skulu vera byggðir á þann veg að gasið fari úr þeim í loftkenndu formi. Kútar skulu búnir lokanlegum loka sem skal skrúfaður beint á kútana. Á lokanum skal vera handfang sem gerir mögulegt að stjórna rennsli úr kútnum án þess að nota þurfi verkfæri.

2.3 Þrýstijafnari skal vera af þeirri tegund sem hægt er að festa í kútarými eða beint á gaskúta.

2.4 Rör skulu vera heppileg fyrir gas og til notkunar í sjávarlofti. Rör úr mjúkum kopar með kopar tengingum og rör úr ryðfríu stáli má nota í gaskerfum báta.

2.5 Gúmslöngur skulu uppfylla ákvæði í SS 24 82 61 eða ISO 3821.

2.6 Brennarar skulu búnir öryggisloka.

3. Merking

3.1 Kútur með loka, þrýstijafnarar og gastæki skulu vera merkt skv. reglum einstakra aðildarlanda Norðurlandareglnanna.

FESTARTÆKI EB-16

Efnisyfirlit

1. Styrkur og stærð

1. Styrkur og stærð

1.1 Festartæki skulu vera sterkbyggð. Festartæki og festing þeirra skulu þola lárétt álag í langskipsstefnu skv. eftirgreindu:

$P = 50 \times \Delta / L_m$ N

Δ = Særými við hámarkshleðslu í kg


L_m = Mesta lengd bátsins í m

1.2. Festartæki skulu vera þannig löguð að festa megi tryggilega á þeim dráttartóg og aðrar festar. Pollar skulu almennt hafa efnismál sem hér greinir:

$h = 0{,}2 \times \sqrt{P}$ mm

$l \geq 2 \times h$ mm

P = sjá 1.1



1.3 Festartæki úr plasti skulu fyrir prófun á styrk öldruð með xenon-ljósi skv. DIN 53387 sem svarar til fjögurra ára eðlilegs aldurs. Prófun þessa þarf ekki að gera á festartækjum úr svörtu plasti.

RÆÐI EB-17


Efnisyfirlit

1. Styrkur og lögun

1. Styrkur og lögun

1.1 Ræði skulu þola 1000 N láréttan kraft án þess að lögun þeirra breytist að því marki að ræðin verði ónothæf.

1.2 Ræði skulu þola 1700 N láréttan kraft án þess að brotna og 700 N kraft í stefnu sem er 15° upp frá láréttri stefnu án þess að átaksarmurinn renni upp úr ræðinu. Við álagsprófunina skal toghraðinn vera minnst 100 mm/mín.



1.3 Ræði úr plasti skulu fyrir prófun á styrk öldruð með xenon-ljósi skv. DIN 53387 sem svarar til fjögurra ára eðlilegs aldurs. Prófun þessa þarf ekki að gera á ræðum úr svörtu plasti.

1.4 Ræði úr plasti sem hafa styrkingu úr efni sem getur ryðgað, skulu vera þannig að styrkingin sé annaðhvort húðuð að öllu leyti með plastinu eða ryðvarin á annan hátt.

1.5 Ef festing ræðanna við bátinn er stykki sem er aðskilið ræðunum sjálfum, má gera kröfu til að prófun skv. 1.2 sé gerð á ræðunum í bátnum.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hagasjóður. Heimili hans og starfssvið skal vera innan Hraunhrepps, milli Hítarár og Álftár.

2. gr.

Guðmundur Bjarnason klæðskeri, Aðalstræti 6, Reykjavík, er stofnandi sjóðsins. Árið 1932 var byrjunarfé sjóðsins afhent hreppstjóranum í Hraunhreppi og síðan aukið mikið 1937 og enn meir 1938.

Sjóðurinn var í ársbyrjun 1994 kr. 958.257.

3. gr.

Sjóðnum er ætlað það hlutverk, sem áður var ákveðið af gefanda:

1) Að efla og styðja skógrækt, sandgræðslu og fóðurbirgðir, til minningar um föður stofnandans, Bjarna Jónsson fyrrum bónda í Haga.
2) Að styrkja fátækar mæður, börn og gamalmenni og námsfólk ef sérstaklega stendur á, til minningar um móður stofnandans, Bjarndísi Bjarnadóttur, fyrrum húsmóður í Haga, sem var önnur kona Bjarna í Haga.
3) Að styrkja kristilegt félags- eða safnaðarlíf og fræðslu barna og ungmenna á kristilegum grundvelli, til minningar um stjúpmóður stofnandans, Guðlaugu Sigurðardóttur, þriðju konu Bjarna í Haga.

4. gr.

Sjóðinn skal framvegis ávaxta á þann hátt, sem vextir fást hæstir á hverjum tíma, þó má lána úr sjóðnum aðilum búsettum í Hraunhreppi ef nauðsyn ber til, á lægri vöxtum.

Til vaxta telst helmingur (50%) verðbóta af verðtryggðum skuldabréfum og bankavöxtum, en helmingur bætist við höfuðstólinn.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Vaxtatekjur sjóðsins skal nota til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 3. gr. Heimilt er að verja allt að $^4/_5$ hlutum árlegra vaxtatekna. Að öðru leyti leggjast vextir og allar aðrar tekjur við höfuðstólinn.

Fari úthlutun úr sjóðnum ekki fram í eitt ár eða fleiri, er heimilt að eyða öllu því úthlutunarfé, sem sparast hefur, síðar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn úr Hraunhreppi, kjörnir af sveitarstjórn strax að afstöðnum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Stjórn sjóðsins kýs formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum.

Hún hefur á hendi allar nánari ákvarðanir um starfshætti og fjárframlög til fullnustu hlutverkum sjóðsins og yfirumsjón allra framkvæmda er þar af leiða, allt innan þeirra takmarka er sett eru með þessari skipulagsskrá.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarfélagsins.

8. gr.

Sjóðsstjórnin heldur gerðabók. Inn í hana skal færa þessa skipulagsskrá, aðalreikninga sjóðsins árlega, fundargerðir og helstu atriði framkvæmda, sem njóta styrks frá sjóðnum.

9. gr.

Allar ákvarðanir viðvíkjandi sjóðnum skulu gerðar á fundum sjóðsstjórnar. Ákvörðun er þó ekki gild nema hún nái samþykki meirihluta sjóðsstjórnarmanna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta er tímar líða ef allir sjóðsstjórnarmenn samþykkja breytinguna. Þó má aldrei breyta aðalmarkmiðum sjóðsins að auka og bæta gróður jarðar og lífsskilyrði búpenings, að styrkja fátækt fólk og að viðhalda kristindómsfræðslu og kristilegu safnaðarlífi.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Hagasjóð sem staðfest var 27. febrúar 1980, nr. 196/1980, sem jafnframt er felld úr gildi.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. nóvember 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

16. nóvember 1994 Nr. 594

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. ágúst 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010, frá 20. febrúar 1992.

Breytingin felst í því að lóð fyrir bensínstöð norðan Vesturlandsvegar verður helgunarsvæði Vesturlandsvegar og athafnasvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976.

1. gr.

24. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við útdrátt vinninga í 3. og 12. flokki 1995 skal í hvort skipti draga sérstaklega út einn vinning í hverri röð, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr., sem dreginn skal eingöngu úr seldum miðum.

Drátturinn fer þannig fram:

a. Valið er númer með notkun stokks. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef sex fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1 – 60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.
b. Athugað er hvaða happdrættismiðar með vinningsnúmerinu eru seldir. Seldur miði sem ber númerið og bókstaf miðaraðar hlýtur vinning.
c. Ef allar miðaraðir hljóta ekki vinning í þessum drætti skal dráttur endurtekinn vegna þeirra raða.
d. Dráttur skal endurtekinn þar til miði í hverri miðaröð hefur hlotið vinning.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 596 11. nóvember 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu Vestfjarðarvegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 11. nóvember 1994 staðfest legu Vestfjarðarvegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum í Saurbæjar- og Reykhólahreppum.

Aðalskipulag að nýrri legu vegarins og aðkomuvegum ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Saurbæjar- og Reykhólahreppa hafa samþykkt skipulagsáætlunina og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 11. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.

1. gr.

6. tl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. Kjötskoðunarlæknar mega að jafnaði dag hvern ekki skoða yfir 1500 dilka eða 1000 sauðkindur fullorðnar eða 100 stórgripi, 200 svín eða 200 kálfa. Laun kjötskoðunarlækna, aðstoðarfólks við heilbrigðiseftirlit og kostnað vegna mælinga á aðskotaefnum í sláturafurðum skal greiða af gjaldi sem innheimt er af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð og rennur í sérstakan sjóð í vörslum yfirdýralæknis. Sláturleyfishafar skulu greiða vinnu við merkingu sláturafurða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1994.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

16. nóvember 1994 Nr. 598

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982 - 2002.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. september 1994 staðfest breytingu, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Keflavíkur 1982 - 2002, sem staðfest var 23. september 1983.

Breytingarnar eru:

– Hliðrun Heiðarbergs til norðurs er breytir stærð og lögun íbúðasvæða beggja vegna Heiðarbergs.

– Lóð við Vesturgötu, norðan Bjarnavalla breytist úr íbúðasvæði í stofnanasvæði. Aðkoma verður frá Vesturgötu.

– Gæsluvöllur kemur á hluta leiksvæðis við Heiðarból.

Bæjarstjórn Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykja 1994-2014, Staðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. nóvember 1994 staðfest aðalskipulag Reykja, Staðarhreppi 1994-2014

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Staðarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 600 16. nóvember 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsleysustrandarhrepp.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. nóvember 1994 staðfest aðalskipulag fyrir Vatnsleysustrandarhrepp.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Vatnsleysustrandarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 601 16. nóvember 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi sumarbústaðasvæðis í landi Syðri-Reykja, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. nóvember 1994 staðfest skipulag fyrir sumarbústaðasvæði í landi Syðri-Reykja í Biskupstungnahreppi.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. nóvember 1994 staðfest skipulag fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Skorradalshrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. ágúst 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Breytingin er í því fólgin, að framan við Fjarðargötu 13-15 er gert ráð fyrir að reisa fasta aðstöðu fyrir pylsusölu og klukkuturn, hámark 20 m^2 að stærð. Auk þess er hinu megin við biðskýlin ætlaður reitur að sömu stærð, fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð fasteigna á landinu hækki um 2%, sbr. þó stafliði b, c og d hér á eftir, og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,02.
b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða á eftirtöldum stöðum hækki um 6%: Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Dalvík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og Selfossi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,06.

c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða á eftirtöldum stöðum hækki um 10%: Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Sandgerði, Vatnsleysustrandarhreppi og Gerðahreppi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,10.
d. Matsverð hlunninda verði óbreytt og framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.
e. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.
f. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1993 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1994.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 465 12. nóvember 1993.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1994.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 605 16. nóvember 1994

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestri legu háspennulínu, Hella-Flúðir innan marka Hrunamannahrepps.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Hrunamannahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. október 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestri legu 66 kV háspennulínu, Hella-Flúðir frá 22. mars 1994.

Breytingin fellst í færslu línunnar til austurs á 2400 m kafla innan landareignar Sóleyjarbakka. Mesta fjarlægð frá áður staðfestri línu er 500 m.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps mun í samræmi við 4. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1964 ábyrgjast það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987.

1. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er að starfrækja heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

14. nóvember 1994 Nr. 607

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 34. gr. samþykktarinnar hljóði svo:
Borgarritari hefur með höndum daglega stjórn á fjármálum borgarinnar og umsjón með skrifstofum hennar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

16. nóvember 1994 Nr. 608

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010 (stgr. 2.575).

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 21. september 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010, frá 20. febrúar 1992.

Breytingin felst í því að svæði við Gylfaflöt breytist að hluta úr athafnasvæði í verslun og þjónustu (söluturn/bensínstöð).

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 16. nóvember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 609 11. nóvember 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu jarðgangna undir Hvalfjörð og nýrra aðkomuvega.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 11. nóvember 1994 staðfest legu jarðgangna undir Hvalfjörð og tengivega þeirra í Kjalarnes-, Skilmanna- og Innri-Akraneshreppum.

Aðalskipulag fyrir jarðgöngin og tengivegi ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Kjalarnes-, Skilmanna- og Innra-Akraneshreppa hafa samþykkt skipulagsáætlunina og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 11. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 610 8. nóvember 1994

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Neskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar s.st. hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á bifreiðastæði ofan og austan við Melabúðina, Hólsgötu 9A, hér í bæ og mælist 12 metrar á lengd til austurs, að merktu einkabifreiðastæði fyrir Hólsgötu 9, er óheimilt að leggja vélknúnum ökutækjum lengur en 30 mínútur í senn á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til laugardags að báðum dögum meðtöldum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarstjórninni er heimilt að setja upp viðeigandi umferðarmerki til áréttingar ákvörðun þessari.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 8. nóvember 1994.

Bjarni Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 88, nr. 592–610. Útgáfudagur 30. nóvember 1994.
Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1994

28. nóvember 1994 2389 Nr. 611

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 1. desember 1994 til og með 31. desember 1994, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°30'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 1. desember 1994 til og með 31. janúar 1995, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

Frá og með 1. febrúar 1995 til og með 30. apríl 1995, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1994.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

B 165
Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar.

1. gr.

Skipum, sem heimild hafa til veiða á úthafsrækju, er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
3. Fyrir Vesturlandi austan 25°30'V milli 64°N og 65°30'N eru úthafsrækjuveiðar bannaðar öllum skipum, sem eru 39 metrar að mestu lengd eða lengri og ennfremur skipum með 1100 hestafla aðalvél eða stærri. Dragi tvö veiðiskip saman rækjuvörpu, skal miða við samanlagða mestu lengd þeirra.
4. Fyrir Norðurlandi, á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi norður frá Horni og Rauðanúp, eru úthafsrækjuveiðar bannaðar öllum skipum, sem eru 200 brúttórúmlestir og stærri, sunnan 66°40'N, á tímabilinu frá og með 15. maí til og með 31. október.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar heimilar á svæði í Héraðsflóa inn að línu, sem dregin er frá Bjarnareyjarvita í Ósfles. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi austnorðaustur frá Ósfles.

Þá er og bátum, 100 rúmlestir og minni, heimilar rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa frá og með 15. ágúst til og með 31. október, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rifsness og Ásbúðarrifs.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 1. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 351, 24. september 1992, um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

5. tl. 3. gr. breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarrækja	8.210
þ.a. Eldey	1.500
þ.a. Arnarfjörður	600
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.100
þ.a. Húnaflói	1.700
þ.a. Skagafjörður	540
þ.a. Skjálfandaflói	320
þ.a. Axarfjörður	1.450

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1994.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

25. nóvember 1994 Nr. 614

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 592.488.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 42.644.
Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1994 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Björn Arnar Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 574/1994 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Í stað dags. 1. desember 1994 í 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar komi 1. janúar 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 616 29. nóvember 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með síðari breytingu.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 511/1993, orðast svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 24,85 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 26,41 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., gildir frá 2. desember 1994 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru skv. 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 2. desember 1994, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 511/1993. Gjald þetta skal nema 1,33 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 1,42 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi skv. reglugerð nr. 511/1993.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 2. desember 1994, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. desember 1994. Eigandi eða

umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 2. desember 1994.

Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Rúnar Hannesson.

30. nóvember 1994 Nr. 617

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1994-1995.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds til neðantalinna búgreinafélaga verðlagsárið 1994-1995:

a)	Félag hrossabænda	1,000 %
b)	Landsamband kartöflubænda	0,500 %
c)	Samband garðyrkjubænda	0,500 %
d)	Svínaræktarfélag Íslands	0,275 %
e)	Félag kjúklingabænda	0,275 %

Gjald til forfallaþjónustu í sveitum skal fellt niður hjá framleiðendum í eftirtöldum búgreinum sem hafna skriflega aðild að forfallaþjónustunni:

Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, nautgriparækt, sauðfjárrækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóðs af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartaflna og gulrófna, falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1994

Nr. 618 2394 25. nóvember 1994

REGLUGERÐ

um vigtun sjávarafla

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Heimavigtunarleyfi: Leyfi til að endanleg vigtun afla fari fram í fiskvinnslustöð eða á fiskmarkaði, án þess að aflinn hafi áður verið vigtaður á hafnarvog.

Endurvigtunarleyfi: Leyfi til að endanleg vigtun afla fari fram í fiskvinnslustöð eða á fiskmarkaði, enda hafi aflinn áður verið vigtaður á hafnarvog.

Flutningsnóta: Nóta, gefin út af löggiltum vigtarmanni sem jafnframt er starfsmaður hafnar. Flutningsnóta skal afhent ökumanni flutningstækis sem flytur aflann til endurvigtunar.

Vigtarnóta: Nóta, gefin út af löggiltum vigtarmanni sem jafnframt er starfsmaður hafnar. Á vigtarnótu komi fram lokaniðurstaða vigtunar.

Úrtaksvigtarnóta: Nóta, gefin út af löggiltum vigtarmanni samkvæmt leyfi til endurvigtunar eða heimavigtunar.

I. KAFLI
Vigtun á hafnarvog.

Endanleg vigtun.

2. gr.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Skipstjóri vinnslu-, loðnu- og síldarskips svo og skipstjóri veiðiskips sem landar afla erlendis skal strax þegar veiðum er hætt, tilkynna Fiskistofu með símskeyti (telexi, telefaxi) um áætlað aflamagn hverrar fisktegundar eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunarstað og löndunardegi.

3. gr.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog í eigu viðkomandi hafnar. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Sé hafnarvog ekki í viðkomandi verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa leyft vigtun með öðrum hætti, sbr. III. kafla og 31. gr.

Steindórsprent Gutenberg hf.

4. gr.

Allur afli skal veginn ásamt ílátum og ís. Löggiltur vigtarmaður á hafnarvog skal skrá á vigtarnótu tegund, fjölda og áætlaða þyngd íláta og draga frá vegnum afla. Vigtarmanni er einnig heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að ís sé til staðar. Frádráttur vegna íss skal tilgreindur á vigtarnótu.

5. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar og vigtar aflann, gefur út og undirritar vigtarnótu með eftirfarandi upplýsingum:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Vegið aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.
5. Undirmálsafli.
6. Tegundir íláta (t.d. kör, kassar, tunnur).
7. Veiðarfæri.
8. Skrásetningarnúmer flutningstækis.

Ökumaður flutningstækis skal kynna sér aflasamsetningu farmsins, og gefa vigtarmanni réttar upplýsingar þar um og gæta þess að upplýsingar á vigtarnótu gefi rétta mynd af farminum.

Ökumaður flutningstækis skal fá afrit af vigtarnótu og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt að flytja afla frá löndunarhöfn fyrr en hann hefur fengið vigtarnótu afhenta.

6. gr.

Fari endanleg vigtun afla fram á hafnarvog skal hafnarstjóri eða starfsmaður hans skrá, án ástæðulauss dráttar, upplýsingar af vigtarnótum í aflaskráningarkerfið Lóðs. Sé afli hins vegar vigtaður samkvæmt endurvigtunar- eða heimavigtunarleyfi, skal skrá upplýsingar af úrtaksvigtarnótum í Lóðsinn.

II. KAFLI
Endurvigtun afla í fiskvinnsluhúsum eða á fiskmörkuðum. Endurvigtunarleyfi.

7. gr.

Fiskvinnsluhúsi eða fiskmarkaði er heimilt að sjá um endanlega vigtun afla, hafi viðkomandi aðili fengið til þess endurvigtunarleyfi sem Fiskistofa gefur út. Einungis er heimilt að endurvigta afla, hafi hann áður verið vigtaður á hafnarvog.

Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar getur ennfremur annast endurvigtun afla, enda sé löggilt vog notuð.

Fiskistofa skal tilkynna hafnaryfirvöldum þegar fyrirtæki fá eða missa leyfi til endurvigtunar.

8. gr.

Aðili er óskar eftir leyfi til að endurvigta afla skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu, sem tekur ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda.

Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Rök fyrir beiðni um endurvigtunarleyfi.
2. Starfsemi umsækjanda.
3. Nákvæm greinargerð um hvernig verði staðið að vigtun afla, hvers konar vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar.
4. Nöfn þeirra löggiltu vigtarmanna sem munu vigta aflann og hvenær þeir hlutu löggildingu. Þá komi fram hjá hverjum hinn löggilti vigtarmaður starfi.
5. Rekstrarform fyrirtækisins og nöfn aðaleiganda.
6. Vinnsluleyfisnúmer.

Vanhæfur telst vigtarmaður ef tengsl hans við hlutaðeigandi fyrirtæki eða forsvarsmenn þess eru til þess fallin að draga megi óhlutdrægni hans í efa með réttu. Þó telst löggiltur vigtarmaður ekki vanhæfur þótt hann sé starfsmaður fiskvinnslu eða fiskmarkaðar þar sem vigtun fer fram, enda eigi hann ekki eignaraðild að rekstrinum. Minniháttar hlutafjáreign í almenningshlutafélagi telst ekki eignaraðild í þessu sambandi.

9. gr.

Fari afli til vinnslu í fiskvinnsluhúsi eða á fiskmarkað sem hefur leyfi til endurvigtunar, skal löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar gefa út flutningsnótu þar sem fram kemur eftirfarandi:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Fjöldi íláta og gerð, sundurliðað eftir tegundum afla.
5. Heildarþungi afla og íláta.
6. Sé um að ræða bretti eða palla sem ílátin eru flutt á skal gera grein fyrir fjölda þeirra.
7. Skrásetningarnúmer flutningstækis.

Ökumaður flutningstækis skal kynna sér aflasamsetningu farmsins, og gefa vigtarmanni réttar upplýsingar þar um og gæta þess að upplýsingar á flutningsnótu gefi rétta mynd af farminum.

Ökumaður flutningstækis skal fá afrit af flutningsnótu og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt flytja afla frá löndunarhöfn fyrr en hann hefur fengið flutningsnótu afhenta.

10. gr.

Þegar afli er endurvigtaður í fiskvinnsluhúsi eða á fiskmarkaði skal það gert svo fljótt sem verða má. Eftirfarandi reglur gilda um lágmarksúrtak:

1. Kassar

Fjöldi	*Lágmarksúrtak*
1-10	allt
11-100	a.m.k. 15%, minnst 10 kassar.
101-350	a.m.k. 6%, minnst 15 kassar.
351 +	a.m.k. 2%, minnst 21 kassi.

2. Kör

Fjöldi	*Lágmarksúrtak*
1-10	a.m.k. 50%, minnst 4 kör.
11-50	a.m.k. 20%, minnst 6 kör.
51 +	a.m.k. 5%, minnst 10 kör.

3. Rækjukassar

Fjöldi	*Lágmarksúrtak*
1-10	allt
11-100	a.m.k. 15%, minnst 10 kassar.
101 +	a.m.k. 2%, minnst 15 kassar.

Úrtak skal valið af handahófi þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum.

11. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita úrtaksvigtarnótu þar sem, auk þess sem segir í 5. gr., skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund:

1. Fjöldi og gerð íláta sem valin eru í úrtak.
2. Fyrir hvert ílát sem valið er í úrtak skal tilgreina:
   a) þunga fisks í hverju íláti
   b) þunga íss í hverju íláti
   c) þunga íláts.

III. KAFLI
Undanþágur frá vigtun á hafnarvog. Heimavigtunarleyfi.

12. gr.

Fiskistofa getur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, þ.e. heimavigtunarleyfi, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað. Heimavigtunarleyfi skal þó því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit fyrirtækisins traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

Um umsókn um heimavigtunarleyfi vísast til ákvæða 8. gr.

Heimavigtunarleyfi má einnig veita í þeim tilvikum þegar loðnu, síld eða öðrum fisktegundum er landað beint úr veiðiskipi í hráefnisgeymslu fiskimjölsverksmiðja.

Loðnu, síld og annan fisk sem landað er á flutningstæki skal vigta á hafnarvog.

13. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem annast heimavigtun skal velja úrtak, vigta afla og ganga frá úrtaksvigtarnótum skv. ákvæðum 10.-11. gr.

IV. KAFLI
Vigtun á humri.

14. gr.

Um vigtun á humri gilda ákvæði 3. gr.

Heimilt er að veita leyfi til endurvigtunar á humri. Um umsókn um endurvigtunarleyfi á humri vísast til ákvæða 8. gr.

Um vigtun á humri sem er vigtaður samkvæmt endurvigtunarleyfi gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Humri, sem kemur slitinn í land, skal hellt í sérbúna ísskilju, ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af humarhölum áður en afli er veginn.
2. Humar sem slitinn er í landi, skal veginn að lokinni afísun áður en honum er pakkað.
3. Heimilt er að vigta heilan humar í umbúðum þegar að lokinni pökkun. Einungis skal draga þyngd umbúða frá heildarþyngd.

Á vigtarnótu skulu koma fram þau atriði sem tilgreind eru í 5. gr.

15. gr.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal margfalda vegið magn óslitins humars með stuðlinum 0,308.

V. KAFLI
Vigtun á rækju.

16. gr.

Um vigtun á rækju gilda ákvæði 3. gr.

Heimilt er að veita leyfi til endurvigtunar á ísaðri rækju. Um umsókn um endurvigtunarleyfi á ísaðri rækju vísast til ákvæða 8. gr.

Um ísaða rækju sem vigtuð er samkvæmt endurvigtunarleyfi gildir eftirfarandi:

Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtunina skal velja úrtak skv. ákvæðum 10. gr. og láta það í sérbúna ísskilju. Hitastig vatns í ísskilju skal ekki vera yfir 15°C. Ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af rækjunni í allt að tvær klukkustundir áður en rækjan er vegin.

Rækjufrystiskip.

17. gr.

Skylt er að landa frystri rækju á Íslandi. Þá skal skipstjóri strax og veiðum er hætt, tilkynna Fiskistofu í símskeyti (telefaxi eða telexi) um áætlað aflamagn eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunarstað.

Rækju sem veidd er vestan 26°00'V og norðan 65°30'N (á Dohrnbanka) skal haldið aðgreindri frá annarri rækju og skal hún vegin sérstaklega.

18. gr.

Lausfryst rækja í pokum og blokkfryst rækja skal vegin skv. ákvæðum 3. gr.

Heimilt er að veita leyfi til endurvigtunar á frystri rækju. Um umsókn um endurvigtunarleyfi á frystri rækju vísast til ákvæða 8. gr.

Um frysta rækju sem vigtuð er samkvæmt endurvigtunarleyfi gildir eftirfarandi:

Endurvigtun fari fram þannig að löggiltur vigtarmaður eða starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins vigtar aflann. Staðið skal að endurvigtun í samræmi við reglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 1. janúar 1990, um aðferð til ákvörðunar á nettóþyngd sjófrystrar rækju.

19. gr.

Hrárækja og forsoðin rækja sem fryst er í öskjur skal vegin skv. ákvæðum 3. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni. Frá þannig vegnu aflamagni frystrar hrárækju skal síðan draga 10% vegna vatns í afla. Á vigtarnótu sem vigtarmaður gengur frá og undirritar skal koma fram upphafleg vigtun, þyngd umbúða og frádráttur vegna vatns í hrárækju.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að vigta einungis hluta framleiðslunnar enda skal staðið að vigtun, vali á úrtaki og upplýsingaskilum til hafnaryfirvalda skv. ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. Um útreikning á afla vísast að öðru leyti til 1. mgr. þessarar greinar.

VI. KAFLI
Vigtun á hörpudiski.

20. gr.

Um vigtun á hörpudiski gilda ákvæði 3. gr.

Vigtarmanni á hafnarvog er þó heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í afla. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í afla við löndun.

VII. KAFLI
Vinnsluskip.

21. gr.

Skipstjórar frystiskipa og skipa er vinna afla í salt, skulu strax þegar veiðum er hætt tilkynna Fiskistofu í símskeyti (telefaxi eða telexi) um áætlað aflamagn hverrar fisktegundar eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunardegi og löndunarstað. Er þeim skylt að landa afurðum sínum á Íslandi.

Frystiskip.

22. gr.

Við löndun úr frystiskipum skal vega hverja framleiðslutegund sérstaklega skv. ákvæðum 3. gr. Heildarþungi á hafnarvog, að frádregnum umbúðum og pöllum, skal lagður til grundvallar útreiknings á afla skipsins skv. reglum sem ráðuneytið gefur út, um nýtingarstuðla og ís í umbúðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að vigta einungis hluta framleiðslunnar, enda hafi Fiskistofa samþykkt hvernig staðið skuli að vali á úrtaki hjá viðkomandi aðila. Aðili er óskar eftir slíku leyfi skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu, sem tekur ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda, sbr. ákvæði 8. gr.

Löggiltur vigtarmaður skal af handahófi velja það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af framleiðslunni. Vigta skal a.m.k. 20/100 hluta hverrar afurðar sem framleidd er, en þó getur vigtarmaður ákveðið, þegar um er að ræða framleiðslu af sömu tegund úr einni veiðiferð sem er meiri en 20 tonn, að einungis 10/100 hlutar framleiðslunnar verði vegnir og 5/100 hlutar ef framleiðslan er meiri en 100 tonn. Vigtarmaður skal síðan telja fjölda þeirra eininga (t.d. kassa og pakkningar) sem framleiddar voru af hverri afurð og landað úr viðkomandi skipi. Jafnframt skal hann undirrita og ganga frá yfirliti yfir fjölda eininga af hverri afurð sem landað var og skila því til hafnarstjórnar eigi síðar en næsta vinnudag eftir að framleiðslu hefur verið landað. Vega skal úrtakið skv. ákvæðum 3. gr. og draga frá umbúðir og palla. Þungi hverrar tegundar í farmi skal fundinn með því að margfalda fjölda eininga með meðalþunga sýna þeirrar afurðar. Um útreikning á afla vísast að öðru leyti til 1. mgr. þessarar greinar.

Saltfiskskip.

23. gr.

Afli saltfiskskipa skal veginn skv. ákvæðum 3. gr.

Heimilt er að veita leyfi til endurvigtunar á saltfiski. Um umsókn um endurvigtunarleyfi á saltfiski vísast til ákvæða 8. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar getur ennfremur annast endurvigtun á afla vinnsluskipa sem verka afla í salt, enda sé löggilt vog notuð.

24. gr.

Endurvigtun á saltfiski skv. ákvæðum 23. gr. skal framkvæmd þannig að afli sem hefur legið minnst fjóra daga í pækli og telst full pækilsaltaður (vatnsinnihald minna en 60%) skal tekinn úr pæklinum, allt laust salt skal slegið af fiskinum og hann veginn af löggiltum vigtarmanni á löggilta vog. Heildarþungi sem er niðurstaða þeirrar vigtunar, skal lagður til grundvallar útreikningi á afla skips þannig:

1. Flattur saltfiskur: Heildarþunginn skal margfaldaður með 1,931 til að reikna út afla skips miðað við slægðan fisk með haus.
2. Söltuð flök: Heildarþunginn skal margfaldaður með 1,428. Síðan skal við útreikning á afla skipsins, miðað við slægðan fisk með haus, leggja til grundvallar afurðastuðla skv. 3. gr. reglugerðar nr. 481/1990, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum eða afurðastuðla sem fengist hafa með nýtingarmælingum um borð í veiðiskipinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 481/1990.

Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun skv. þessari grein skal ganga frá og undirrita vigtarnótu í samræmi við ákvæði 5. gr. Nótunni skal skilað til hafnarstjóra í síðasta lagi næsta virka vinnudag eftir að afli hefur verið veginn.

VIII. KAFLI
Vigtun afla sem fluttur er óunninn á markað erlendis.

25. gr.

Sé fyrirhugað að flytja út til sölu erlendis, óunninn afla í gámum eða með öðru flutningsfari en veiðiskipi, skal skipstjóri veiðiskips tryggja að tilkynnt sé um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum til Fiskistofu áður en afli er settur um borð í flutningsfarið. Tilkynning skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Sé afli skips fluttur út í fleiri en einum gámi skal skila eyðublaði fyrir hvern gám.

Allur óunninn afli sem ætlaður er til útflutnings skal veginn á hafnarvog í heild sinni enda hafi hann ekki áður verið veginn skv. öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar. Ef ekki er unnt að vega gám á hafnarvog þar sem afla er landað skal vega ílátin á hafnarvog áður en þau eru sett í gáminn. Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar skal gefa út flutningsnótu sbr. 9. gr., sem fylgja skal farmi uns hann er kominn um borð í flutningsfar sem flytur hann á markað erlendis.

26. gr.

Sigli veiðiskip með eigin afla til sölu á markað erlendis, skal skipstjóri, strax þegar skipið hættir veiðum, senda Fiskistofu upplýsingar í símskeyti (telexi eða telefaxi) þar sem tilgreint er magn hverrar fisktegundar, eins nákvæmlega og unnt er. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann, sölustað og áætlaðan söludag. Dreifist afli til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega. Sama á við ef veiðiskip siglir með loðnu eða síld til löndunar í erlendri fiskimjölsverkmiðju. Landi veiðiskip afla í erlendri fiskimjölsverksmiðju skal við það miðað að veiðiskipið hafi siglt með fullfermi til löndunar þar. Skal í því sambandi leggja burðargetu

veiðiskipsins til grundvallar þegar landaður afli (loðna, síld) verður dreginn frá aflamarki skips, enda verði aflamagn ekki sannreynt með öðrum hætti svo fullnægjandi sé að mati Fiskistofu.

27. gr.

Skipstjóri veiðiskips, sem landar afla erlendis og skipstjóri veiðiskips sem flytur óunninn afla úr landi skulu tryggja að umboðsmaður, kaupandi eða uppboðsmarkaður erlendis sendi samdægurs skýrslur með skeyti (telexi eða telefaxi) eða á því formi sem Fiskistofa ákveður, til Fiskistofu eða þess aðila sem hún felur að taka á móti skýrslunum um sölu viðkomandi skips erlendis, þar sem tilgreint er endanlegt magn hverrar fisktegundar, söluverð og skipaskrárnúmer veiðiskips.

Flutningafyrirtækjum sem annast flutning á afla á erlendan markað er skylt að senda Fiskistofu farmskýrslur á því formi sem Fiskistofa óskar og eigi síðar en 24 klst. eftir að flutningsfar lætur úr höfn.

28. gr.

Fiskistofa viðurkennir, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis, erlenda uppboðsmarkaði á grundvelli athugana á vigtunaraðferðum, frágangi á vigtarnótum, uppboðsaðferðum og verðmyndun svo og á stærð markaðarins. Ef afli er seldur á viðurkenndum erlendum uppboðsmarkaði, er heimilt að endurvigta hann þar, enda hafi aflinn verið ísaður og frágenginn til útflutnings um borð í veiðiskipi.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Teljist undirmálsafli að hluta utan aflamarks skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu hversu mikill undirmálsafli er í hverri veiðiferð.

Allur undirmálsafli seldur óunninn erlendis reiknast að fullu til aflamarks.

30. gr.

Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu án ástæðulauss dráttar upplýsingar um landaðan afla á hverjum löndunarstað og nota til þess aflaskráningarkerfið Lóðsinn. Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt. Verði þau vör við að brotið sé gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu þau tilkynna það til Fiskistofu.

31. gr.

Leyfi til vigtunar afla, sem ráðuneytið hefur gefið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu breytast til samræmis við ákvæði reglugerðar þessarar. Fiskistofa skal fyrir 1. maí 1995 hafa lokið endurskoðun leyfa til vigtunar sjávarafla.

Fiskistofa getur að fenginni umsögn viðkomandi hafnarstjórnar, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar um kröfur til vigtunarbúnaðar eða vigtarmanns, enda séu aðstæður þess eðlis að ekki sé unnt að vigta afla nema slík undanþága sé veitt, s.s. bilun í hafnarvog eða forföll löggilts vigtarmanns.

32. gr.

Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi vigtarnótur, flutningsnótur og úrtaksvigtarnótur skuli vera. Óheimilt er að nota nótur sem eru í öðru formi en Fiskistofa ákveður.

Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um flutningsnótur, úrtaksvigtarnótur og vigtarnótur.

33. gr.

Úrtaksvigtarnótur skal senda til löndunarhafnar undirritaðar af þeim löggilta vigtarmanni sem sá um vigtunina, eigi síðar en næsta virkan dag eftir að afli var veginn. Berist upplýsingar um endurvigtun ekki til löndunarhafnar innan fjögurra daga frá því afli var fyrst vigtaður, er heimilt að láta upphaflega vigtun aflans gilda.

34. gr.

Telji hafnaryfirvöld upplýsingar sem koma fram á úrtaksvigtarnótu ótrúverðugar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

35. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta afla eða hafa eftirlit með vigtun hans.

36. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hafnarsambandi sveitarfélaga, einum tilnefndum af Fiskistofu og einum tilnefndum af samgönguráðherra, auk formanns sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi vigtun afla. Skal nefndin gera tillögur um fyrirkomulag vigtunar þar sem almennum reglum verður ekki við komið.

37. gr.

Reglugerð þessi gildir um vigtun á afla íslenskra fiskiskipa án tillits til hvar hann er veiddur. Fiskistofu er þó heimilt að víkja frá ákvæðum hennar vegna afla sem veiddur er utan efnahagslögsögu Íslands.

Allur afli er erlend veiðiskip landa til vinnslu hér á landi skal, eftir því sem við verður komið, veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

38. gr.

Skipstjóri fiskiskips ber ábyrgð á að afli skipsins sé veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

39. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Ráðuneytinu er ennfremur heimilt vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, að svipta skip leyfi til veiða í tiltekinn tíma, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990.

Þá er Fiskistofu heimilt að svipta vinnslustöðvar, sem fengið hafa leyfi til heimavigtunar eða endurvigtunar á afla, viðkomandi leyfi sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

40. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem

hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 427, um vigtun sjávarafla frá 26. október 1993, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

22. nóvember 1994 Nr. 619

REGLUR

um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Félagsmálaráðuneytið getur með eftirgreindum hætti veitt fjárhagslega aðstoð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga:

1. Með greiðslu upphæðar, sem að mati ráðuneytisins samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við undirbúning og framkvæmd sameiningar. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.
2. Með greiðslu aðkeyptrar vinnu við undirbúning og framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vinna við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.
3. Með greiðslu sérstaks framlags til að jafna skulda- og rekstrarstöðu sveitarfélaga við sameiningu.

Fjárhagsleg aðstoð við viðkomandi sveitarfélag skal ákveðin á grundvelli peningalegrar stöðu sveitarsjóðs í hlutfalli af skatttekjum en án undirfyrirtækja. Í því sambandi skal miða við ársreikning sem byggður er á samræmdum reikningsskilaaðferðum sveitarfélaga, sem settar eru fram í handbók um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga sem kom út í nóvember 1991, sbr. 5. gr. rg. nr. 280/1989 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.

Við mat á peningalegri stöðu sveitarfélags skal m.a. höfð hliðsjón af eftirtöldum atriðum, ef ljóst er að þau muni hafa veruleg áhrif við mat á stöðunni:

a. Eignir:
   * Hlutabréf.
   * Eignarhlutar í öðrum félögum.
   * Eignarhlutar í fyrirtækjum sveitarfélagsins, s.s. veitufyrirtækjum.
   * Félagslegar íbúðir sem ekki eru færðar sem sérstakt fyrirtæki sveitarfélags.
   * Aðrar eignir sem ekki eru bundnar vegna lögboðinnar þjónustu sveitarfélags.
b. Skuldbindingar:
   * Ábyrgðaskuldbindingar sem fallið hafa á sveitarsjóð eftir lok reikningsskilatímabils eða er ljóst að muni falla á sveitarsjóði.
   * Skuldbindingar eigin fyrirtækja sveitarfélags eða vegna verkefna með öðrum, sem ætla má að lendi á sveitarsjóði í formi framlaga.
c. Þjónustustig og staða framkvæmda:
   * Staða sveitarsjóðs gagnvart lögboðnum verkefnum, s.s. skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum.
   * Verksamningar.

d. Annað:
   * Atriði í ársreikningi sveitarfélags sem ekki eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir sveitarfélaga ef ljóst er að þau hafi áhrif á mat peningalegrar stöðu sveitarfélagsins.

4. Með þátttöku í launakostnaði í allt að fjögur ár vegna ráðningar framkvæmdastjóra, sem leiðir af sameiningu.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 114. gr. sveitarstjórarlaga nr. 8/1986 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1994

23. nóvember 1994 2405 Nr. 620

AUGLÝSING
um Íslenska atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95

1. gr.
Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95

01 Landbúnaður og dýraveiðar

01.1 Jarðyrkja og garðyrkja

01.11 Kornrækt, grasrækt og önnur jarðrækt

01.11.1 Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt
Til þessarar greinar telst:
- Ræktun hveitis, rúgs, byggs, hafra og blöndu korntegunda
- Ræktun á fræi til útsæðis, t.d. af fóðurjurtum, þ. á m. grasi, blómum og grænmeti
- Önnur ræktun fóðurs til sölu, t.d. til sölu þurrheys og votheys
- Ræktun bauna til niðursuðu og frystingar
- Ræktun jurta til framleiðslu á læknislyfjum eða skordýra- og sveppaeyðingarlyfjum
- Ræktun belgjurtafræs til dýrafóðurs
- Önnur ótalin jarðrækt

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ræktun grænmetis, sbr. 01.12.1*
- *Ræktun í garðyrkjustöðvum, sbr. 01.12*
- *Blómarækt, sbr. 01.12.2*

01.11.2 Kartöflurækt
Til þessarar greinar telst:
- Ræktun matarkartaflna
- Stofnrækt

01.12 Ræktun grænmetis, ylrækt og garðplöntuframleiðsla

01.12.1 Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla
Til þessarar greinar telst:
- Ræktun grænmetis utanhúss, s.s. káljurta, rófna, gulróta, jarðarberja og kryddjurta
- Ræktun grænmetis í gróðurhúsum, s.s. tómata, gúrkna, sveppa og kryddjurta
- Uppeldi kryddjurta til gróðursetningar
- Ræktun garðplantna í gróðurhúsum eða utanhúss, þ.e. uppeldi á trjám, runnum og fjölærum plöntum til gróðursetningar

Steindórsprent Gutenberg hf.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Kartöflurækt, sbr. 01.11.2*
- *Ræktun bauna til niðursuðu og frystingar, sbr. 01.11.1*
- *Ræktun jólatrjáa, þar með taldar grænar plöntur til blómaskreytinga, sbr. 02.01*

01.12.2 Blómarækt

Til þessarar greinar telst:
- Ræktun pottablóma og uppeldi blómplantna í gróðurhúsum
- Ræktun blóma í gróðurhúsum sem síðan eru afskorin
- Ræktun blómlauka

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ræktun jólatrjáa, þar með taldar grænar plöntur til blómaskreytinga, sbr. 02.01*

01.13 01.13.0 **Ræktun ávaxta og berja**

Til þessarar greinar telst:
- Eplarækt, perurækt, berjarækt o.fl.
- Ræktun á hnetum
- Ræktun ávaxta í gróðurhúsum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ræktun grænmetis, t.d. tómata og gúrkna, sbr. 01.12.1*
- *Ræktun kryddjurta, sbr. 01.12.1*

01.2 Búfjárrækt

01.21 01.21.0 **Nautgriparækt**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla mjólkur
- Framleiðsla nautgripakjöts og annarra sláturafurða af nautgripum
- Ræktun fóðurs til eigin nota
- Ræktun lífdýra

Til þessarar greinar skal telja bú þar sem nautgriparækt gefur af sér yfir 70% tekna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Vinnsla mjólkur utan eigin býlis, sbr. 15.51*
- *Ræktun fóðurs til sölu, sbr. 01.11.1*
- *Verslun með búfénað, sbr. 51.11*
- *Blönduð búfjárrrækt sbr. 01.25.1*

01.22 Sauðfjárrækt og hrossarækt

01.22.1 Sauðfjárrækt

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla lamba- og kindakjöts
- Framleiðsla á gærum og ull
- Framleiðsla sauðamjólkur
- Framleiðsla fóðurs til eigin nota
- Ræktun lífdýra

Þar á meðal telst:
- Geitfjárrækt

Til þessarar greinar skal telja bú þar sem sauðfjárrækt gefur af sér yfir 70% tekna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Rúning sauðfjár skv. samningi, sbr. 01.42*
- *Framleiðsla fóðurs til sölu, sbr. 01.11.1*
- *Verslun með búfénað, sbr. 51.11*

01.22.2 Hrossarækt

Til þessarar greinar telst:
- Hrossarækt, þar með talin framleiðsla hrossakjöts og húða
- Ræktun, tamning og sala reiðhesta
- Framleiðsla fóðurs til eigin nota

Til þessarar greinar skal telja bú þar sem hrossarækt gefur af sér yfir 70% tekna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla fóðurs til sölu, sbr. 01.11.1*
- *Verslun með búfénað, sbr. 51.11*
- *Kynbótastöðvar, sbr. 01.42*
- *Hrossatamning í tamningarstöðvum, sbr. 92.62*
- *Rekstur hesthúsa og reiðskóla, sbr. 92.62*

01.23 01.23.0 **Svínarækt**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla svínakjöts og innmats
- Ræktun lífdýra

Til þessarar greinar skal telja bú þar sem svínarækt gefur af sér yfir 70% tekna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Verslun með búfénað, sbr. 51.11*

01.24 01.24.0 **Alifuglarækt**

Til þessarar greinar telst:
- Hænsnarækt, þar með talin unga- og kjúklingaframleiðsla
- Framleiðsla gæsa-, anda- og kalkúnakjöts
- Eggjaframleiðsla

Til þessarar greinar skal telja bú þar sem alifuglarækt gefur af sér yfir 70% tekna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Dúntekja, sbr. 01.25.9*
- *Slátrun, vinnsla og geymsla alifuglakjöts, sbr. 15.12*
- *Ræktun annarra fugla, sbr. 01.25.9*

01.25 Önnur búfjárrækt

01.25.1 Blönduð búfjárrækt

Til þessarar greinar telst:
- Búfjárrækt með fleiri en eina tegund búfjár þar sem engin búgrein gefur af sér meira en 70% tekna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Búfjárrækt þar sem meira en 70% tekna eru af einni grein búfjárræktar, sbr. 01.21, 01.22.1, 01.22.2, 01.23, og 01.24*

01.25.2 Loðdýrabú

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla loðskinna
- Ræktun lífdýra
- Framleiðsla loðdýrafóðurs til eigin nota

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Verslun með búfénað, sbr. 51.11*
- *Heildverslun með lífdýr, sbr. 51.23*
- *Framleiðsla húsdýrafóðurs, sbr. 15.71.1*

01.25.9 Önnur ótalin búfjárrækt

Til þessarar greinar telst:
- Æðarrækt og æðardúnstekja
- Önnur dúntekja
- Býflugnarækt og hunangsframleiðsla
- Ræktun hunda og annarra gæludýra
- Kanínurækt

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Rekstur hunda- eða kattahótela, sbr. 01.42*
- *Framleiðsla húða og skinna veiðidýra, sbr. 01.50*
- *Þjálfun hunda og annarra gæludýra, sbr. 92.72*
- *Gæludýraverslun, sbr. 52.49.1*

01.3 01.30 01.30.0 **Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar**

Til þessarar greinar telst:
- Búrekstur þar sem hvorug búgrein gefur af sér meira en 70% heildartekna.

01.4 Þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt önnur en dýralækningar

01.41 Þjónusta við jarðyrkju og garðyrkju

01.41.1 Þjónusta við jarðyrkju

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi verktaka (skv. þóknun eða samningi), t.d. jarðvinnsla, meðferð uppskeru og úðun skordýraeiturs, einnig úr lofti
- Starfsemi verktaka við uppskeruvinnu og meðferð afurða til að koma þeim á markað, s.s. rúllun og pökkun heys
- Önnur þjónusta við jarðyrkju, s.s. pökkun og hreinsun grænmetis og ávaxta
- Starfsemi ræktunarsambanda

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Verktakastarfsemi við húsbyggingar og byggingu mannvirkja, sbr. 45.20*
- *Landbúnaðarsýningar, sbr. 74.84*
- *Starfsemi búvísindamanna, landbúnaðarráðunauta og landbúnaðarhagfræðinga, sbr. 74.14.1*

01.41.2 Skrúðgarðyrkja

Til þessarar greinar telst:
- Skrúðgarðyrkja, þ.e. gróðursetning og viðhald skrúðgarða, almenningsgarða og grænna svæða fyrir íþróttir og útivist
- Hirðing runna og trjáa

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi landslags- og skrúðgarðaarkitekta, sbr. 74.20.3*

01.42 01.42.0 **Þjónusta við búfjárrækt önnur en dýralækningar**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi tengd sæðingum
- Rúning og klaufasnyrting
- Sauðfjárböðun
- Dún- og fiðurhreinsun
- Atvinnumiðlun fyrir landbúnaðinn, þ. á m. bændaafleysingar
- Hundahreinsun
- Húsdýravistun
- Hunda- og kattahótel
- Gæludýrasnyrting, t.d. hundasnyrting

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Leiga á beitarlandi, sbr. 70.20.3*
- *Starfsemi búvísindamanna, landbúnaðarráðunauta og landbúnaðarhagfræðinga, sbr. 74.14.1*
- *Starfsemi dýralækna, sbr. 85.20*
- *Verslun með búfénað, sbr. 51.11*
- *Heildverslun með lífdýr, sbr. 51.23*

01.5 01.50 01.50.0 **Dýraveiðar og tengd þjónusta**

Til þessarar greinar teljast:
- Selveiðar
- Hreindýraveiðar
- Aðrar dýra- og fuglaveiðar til fæðu- og/eða skinnaframleiðslu, t.d. rjúpnaveiði í atvinnuskyni.
- Þjónusta til að efla dýra- og fuglaveiðar í atvinnuskyni
- Veiði lifandi dýra í gildrur fyrir rannsóknir, dýragarða eða til nota sem gæludýr

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla loðskinna af búfénaði, sbr. 01.25.2*
- *Hvalveiðar, sbr. 05.01.5*
- *Framleiðsla skinna og húða frá sláturhúsum, sbr. 15.11*
- *Sala veiðileyfa til dýra- , fugla- og stangaveiði, sbr. 92.72*

02 02.0 Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta

02.01 02.01.0 **Skógrækt og skógarhögg**

Til þessarar greinar telst:
- Ræktun trjáa á rót, t.d. gróðursetning, endurplöntun, umplöntun og grisjun, verndun skóga og skógi vaxinna svæða.
- Ræktun jólatrjáa, þ. á m. grænna plantna til skreytinga.
- Skógarhögg, s.s. sögun trjáa og grófsögun í boli, stólpa, staura og girðingarstaura auk eldiviðar.
- Uppeldi og fjölgun á trjám til skógræktar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Svepparækt, sbr. 01.12.1*
- *Ræktun berja og hneturækt, sbr. 01.13*
- *Sögun og heflun timburs, sbr. 20.10*
- *Sala jólatrjáa á sölustæðum og mörkuðum, sbr. 52.62*

02.02 02.02.0 **Þjónusta tengd skógrækt og skógarhöggi**

Til þessarar greinar telst:
- Þjónusta við skógrækt, s.s. flutningur trjábola innan skógar og eldvarnir

05 Fiskveiðar

05.0 Fiskveiðar og fiskeldi; þjónusta við fiskveiðar

05.01 Fiskveiðar

Til þessarar greinar teljast:
- Veiðar með hvers konar fiskiskipum
- Vinnsla afla um borð í fiskiskipum

05.01.1 Togaraútgerð
Til þessara greinar telst:
- Útgerð togara annarra en frystitogara

05.01.2 Útgerð vinnsluskipa
Til þessarar greinar telst:
- Útgerð frystitogara
- Útgerða annarra frystiskipa, s.s. rækjufrystiskipa
- Útgerð skipa er vinna saltfisk um borð

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Útgerð verksmiðjuskipa sem eingöngu taka við afla annarra fiskiskipa en stunda ekki veiðar sjálf, sbr.15.20.8*

05.01.3 Útgerð fiskiskipa yfir 10 brl., þó ekki togara og vinnsluskipa
Til þessarar greinar telst:
- Útgerð togbáta
- Útgerð loðnuskipa og síldarbáta
- Útgerð rækju-, humar- og skelfiskbáta
- Útgerð báta án sérveiðiheimilda

05.01.4 Smábátaútgerð
Til þessarar greinar telst:
- Útgerð báta undir 10 brúttólestum að stærð

05.01.5 Útgerð hvalveiðiskipa

05.02 Fiskeldi; veiði í ám og vötnum

05.02.1 Seiðaeldi
Til þessarar greinar telst:
- Seiðaeldi fyrir silunga- og laxaeldi
- Seiðaeldi fyrir eldi sjávardýra

05.02.2 Land- og kvíaeldi
Til þessarar greinar telst:
- Landeldi matfisks
- Kvíaeldi matfisks
- Slátrun matfisks

05.02.3 Hafbeitarstöðvar
Til þessarar greinar telst:
- Eldi matfisks í hafbeit
- Slátrun matfisks

05.02.4 Eldi sjávardýra
Þar á meðal er:
- Lúðueldi
- Eldi annarra sjávarfisktegunda

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Seiðaeldi sjávardýra, sbr. 05.02.1*

05.02.5 Ræktun og veiði í ám og vötnum
Til þessarar greinar telst:
- Ræktun veiðivatna
- Silungs- og laxarækt í ám
- Veiði í ám og vötnum

05.03 05.03.0 **Þjónusta við fiskveiðar**
Til þessarar greinar telst:
- Ísstöðvar
- Löndunarþjónusta

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Uppskipun og útskipun, sbr. 63.11*
- *Birgðageymsla, sbr. 63.12*
- *Fiskmarkaðir, sbr. 51.17.2*
- *Rekstrarráðgjafar, sbr. 74.14.9*

10 Kolanám og móvinnsla

Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu felur í sér vinnslu steinefna í föstu formi (kola og málma), fljótandi formi (olíu) og gasformi (jarðgass). Vinnslan getur verið neðanjarðar, í yfirborðsnámum eða gegnum borholur. Til þessarar greinar telst einnig skyld starfsemi í þeim tilgangi að vinna úr hráefnunum til þess að koma þeim á markað: mölun, undirbúningur undir sölu, afsöltun og hreinsun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Úrvinnsla sem á sér stað annars staðar en við námugröft eða boranir, sbr. 26.81, 26.82*
- *Söfnun, hreinsun og dreifing á vatni, sbr. 41*
- *Átöppun ölkelduvatns við brunna og uppsprettur, sbr. 15.98*
- *Málma- og olíuleit, sbr. 74.20.4*
- *Könnunarboranir og sýnataka úr jarðvegi, sbr. 45.12*

10.1 **10.10** 10.10.0 **Steinkolanám**
Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla steinkola úr námum ofanjarðar og neðan
- Hreinsun, þurrkun, mulning o.s.frv. á steinkolum
- Stykkjun á steinkolum

10.2 **10.20** 10.20.0 **Brúnkolanám**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla brúnkola úr námum ofanjarðar og neðan
- Hreinsun, þurrkun, mulning o.s.frv. á brúnkolum
- Stykkjun á brúnkolum

Til þessarar greinar telst ekki
- *Framleiðsla á viðarkolum, sbr. 24.14.*

10.3 **10.30** 10.30.0 **Mótekja**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla á mó úr gröf
- Stykkjun á mó

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á vörum úr mó, sbr. 26.82.9*

11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.

11.1 **11.10** 11.10.0 **Vinnsla á hráolíu og jarðgasi**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla á hráolíu og jarðgasi úr sama vinnslusvæði
- Skiljun á rokgjörnum kolvetnishlutum og leiðsla þeirra í burtu
- Þétting jarðgass til flutnings og endurgösun á því
- Hreinsun brennisteins úr jarðgasi

Þar á meðal er:
- Vinnsla olíu úr bikkenndum leirsteini og sandi

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Þjónustustarfsemi í tengslum við olíu- og jarðgasvinnslu, sbr. 11.20*
- *Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum, sbr. 23.20*
- *Rekstur á olíuleiðslum, sbr. 60.30*
- *Olíu- og jarðgassleit, sbr. 74.20.4*

11.2 **11.20** 11.20.0 **Tækniþjónusta tengd hráolíu- og jarðgassvinnslu**

Til þessarar greinar teljast:
- Tilrauna- og vinnsluboranir eftir verksamningum
- Þjónustustarfsemi í tengslum við vinnslu á hráolíu og jarðgasi, s.s. stefnuborun og götun, forborun, uppsetning borturna á borstaðnum, viðgerðir á þeim og niðurrif; steyping á fóðurrörum í borholur; dæling í borholur, úrtöppun og lokun þeirra
- Starfsemi borskipa á verksamningum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir og skjálftamælingar, sbr. 74.20.4*
- *Olíu- og jarðgassleit, sbr. 74.20.4*

12 Nám á úran- og þórínmálmgrýti

12.0 12.00 12.00.0 **Nám á úran- og þórínmálmgrýti**

Til þessarar greinar telst:
- Nám á úran- og þórínmálmgrýti, þar með talin bæting á því
- Framleiðsla á gulköku (yellow cake)

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á auðguðu úrani og þóríni, sbr. 23.30*
- *Framleiðsla á eldsneytisstöngum í kjarnkljúfa, sbr. 23.30*
- *Framleiðsla á úranmálmi, sbr. 23.30*

13 Málmnám og málmvinnsla

Til þessarar greinar telst:
- Nám málmgrýtis og hreinna málma neðanjarðar og ofan
- Mulning, mölun og hreinsun málmgrýtis
- Bæting málmgrýtis með segulgreiningu eða þyngdargreiningu
- Fleyting, síun, flokkun, þurrkun, glóhitun og brennsla málmgrýtis

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Nám á úran- og þórínmálmgrýti, sbr. 12.00*
- *Framleiðsla súráls, sbr. 27.42*

13.1 13.10 13.10.0 **Járnnám**

Til þessarar greinar telst:
- Nám og stykkjun málmgrýtis sem nýtt er fyrst og fremst vegna járninnihalds

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Nám og vinnsla brennisteinskíss og segulkíss, sbr. 14.30*

13.2 13.20 13.20.0 **Nám annarra málma en járns, þó ekki úran- og þórínmálmgrýtis**

Til þessarar greinar telst:
- Nám og vinnsla málmgrýtis sem nýtt er fyrst og fremst vegna innihalds annarra málma en járns, t.d. áls, kopars, blýs, tins, sinks, mangans, króms, nikkels, kóbalts, mólýbdens, tantals eða vanadíns, gull-, silfur- og platínumálmgrýtis

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Nám á úran- og þórínmálmgrýti, sbr. 12.00*
- *Framleiðsla súráls, sbr. 27.42*

14 Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu

14.1 Grjótnám

14.11 14.11.0 **Grjótnám til bygginga og mannvirkjagerðar**

Til þessarar greinar telst:
- Nám, grófsníðing og sögun steina til bygginga og minnismerkja, t.d. blágrýtis, graníts, sandsteins og marmara

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Námuvinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar, sbr. 14.30*
- *Steinsmíði utan grjótnáms, sbr. 26.70*

14.12 14.12.0 **Kalksteins-, gifs- og krítarnám**

14.13 14.13.0 **Flögubergsnám**

14.2 **Malar-, sand- og leirnám**

14.21 14.21.0 **Malar- og sandnám; vikurnám**

Til þessarar greinar teljast:
- Gröftur og mokstur eftir sandi til byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar og til malargerðar
- Malar- og grjótmulning

Þar á meðal er:
- Sanddæling í þeim tilgangi að endurnýta jarðefnin sem dælt er upp
- Gröftur eftir fjörusteinum
- Perlusteinsnám

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Námuvinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðarframleiðslu, sbr. 14.30*
- *Sanddæling í dýpkunarskyni eingöngu, sbr. 45.20*

14.22 14.22.0 **Leirnám, þ.m.t. vinnsla postulínsleirs**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla á leir, eldföstum leir og kaólíni

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Námuvinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar, sbr. 14.30*

14.3 **14.30** 14.30.0 **Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar**

Til þessarar greinar telst:
- Nám og vinnsla á náttúrulegum fosfötum og kalíumsöltum
- Nám og vinnsla á hreinum brennisteini
- Nám og vinnsla á brennisteinskísi og segulkísi
- Nám og vinnsla á náttúrulegu baríumsúlfati (þungspati), karbónati og bórsýrusalti og náttúrulegum magnesíumsúlfötum (kieseríti)
- Nám og vinnsla á jarðlitarefnum og flússpati

Þar á meðal er:
- Nám og vinnsla á gúanói
- Uppgröftur eftir kalki til áburðar og mergel
- Tínsla skelja til dýrafóðurs

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Saltframleiðsla, sbr. 14.40*
- *Brennsla brennisteinskíss og annarra náttúrlegra járnsúlfíða, sbr. 24.11*
- *Framleiðsla tilbúins áburðar og niturefnasambanda, sbr. 24.15*

14.4 **14.40** 14.40.0 **Saltvinnsla**

Til þessarar greinar telst:
- Saltnám úr neðanjarðarnámum, þ. á m. einnig með upplausn og dælingu
- Saltframleiðsla með uppgufun á sjó eða annars konar saltvatni
- Framleiðsla pækils og annarra saltupplausna
- Mölun og hreinsun salts

14.5 **14.50** 14.50.0 **Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu**

Til þessarar greinar telst:
- Nám og vinnsla á náttúrulegum slípiefnum, asbesti, steinrunnu kísilmjöli, kísilgúr, náttúrulegu grafíti, tálgustein (talki), feldspati, hálfeðalsteinum, kvartsi, gljásteini (glimmer), náttúrulegu asfalti og jarðbiki.

15 Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður

15.1 Slátrun og kjötiðnaður

15.11 15.11.0 **Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts, þó ekki alifuglakjöts**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla á nýju, kældu og frystu kjöti í heilum skrokkum eða stykkjum

Þar á meðal er:
- Framleiðsla húða og skinna í sláturhúsum
- Tólgarbræðsla, mörframleiðsla og bræðsla annarrar dýrafitu til manneldis
- Pökkun á slátri og innmat til neytenda
- Framleiðsla kjöt- og beinamjöls og önnur mjölframleiðsla úr afgangs- afurðum sláturhúsa

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Pökkun kjöts fyrir þóknun eða skv. samningi, sbr. 74.82*
- *Pökkun kjöts á eigin kostnað hjá heildverslunum, sbr. 51.32*
- *Framleiðsla fullunninnar dýrafitu sem viðbits, sbr. 15.43 og 15.13*

15.12 15.12.0 **Slátrun, vinnsla og geymsla alifuglakjöts**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla á nýju og frosnu alifuglakjöti sem pakkað er hverjum fugli fyrir sig eða í stykkjum

Þar á meðal er:
- Slátrun, vinnsla og pökkun kanínukjöts

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Pökkun alifuglakjöts fyrir þóknun eða skv. samningi, sbr. 74.82*
- *Pökkun alifuglakjöts á eigin kostnað hjá heildverslunum, sbr. 51.32*

15.13 15.13.0 **Kjötiðnaður**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla unninnar kjötvöru af ýmsu tagi, s.s. framleiðsla á pylsum, bjúgum, áleggi, blóðmör og lifrarpylsu, kæfu, skinku o.þ.h.
- Framleiðsla hangikjöts og annars reykts kjöts, svo og saltaðs og þurrkaðs kjöts
- Framleiðsla tilbúinna kjötrétta
- Niðursuða á kjöti
- Sögun og skurður kjöts og pökkun í neytendaumbúðir
- Framleiðsla kjötkrafts og kjötsafa
- Bræðsla og hreinsun dýrafitu til manneldis, t.d. beikonfeiti

15.2 Vinnsla sjávarafurða

15.20 Fiskvinnsla

15.20.1 Frysting fiskafurða
Til þessarar greinar telst:
- Verkun, flökun og frysting botnfisks og annarra fisktegunda í frystihúsum í flökum eða smærri stykkjum, fryst í blokkum eða neytendaumbúðum
- Frysting á rækju, humri og öðrum krabbadýrum
- Frysting á hörpudisk og öðrum sælindýrum
- Frysting á loðnu og loðnuhrognum
- Önnur frysting sjávarafla

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Vinnsla á ferskum fiski, sbr. 15.20.6*

15.20.2 Saltfiskverkun
Til þessarar greinar telst:
- Saltfiskverkun
- Önnur söltun, þó ekki síldarsöltun, sbr. 15.20.3

15.20.3 Síldarsöltun

15.20.4 Hersla
Til þessarar greinar telst:
- Skreiðarverkun
- Hersla fiskhausa
- Önnur hersla sjávarfangs

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Harðfiskverkun, sbr. 15.20.5*

15.20.5 Harðfiskverkun
Þar á meðal er:
Verkun hákarls

15.20.6 Vinnsla á fersku sjávarfangi
Til þessarar greinar telst:
- Verkun og flökun á ferskum fiski
- Verkun ígulkera

15.20.7 Mjöl- og lýsisvinnsla
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi fiskmjölsfyrirtækja, t.d. loðnu- og síldarbræðslur

Þar á meðal er:
- Framleiðsla fiskmjöls (fiskbeinamjöls) sem notað er beint til dýrafóðurs
- Framleiðsla soðkjarna
- Bræðsla búklýsis

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla blandaðs dýrafóðurs, sbr. 15.7*
- *Bræðsla lifrarlýsis úr fiski og sjávarspendýrum, sbr. 15.41*

15.20.8 Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta
Til þessarar greinar telst:
- Niðursuða á fiski, krabbadýrum og sælindýrum
- Niðurlagning í saltpækil og á dósir
- Framleiðsla ýmissa afurða úr fiski, krabbadýrum og sælindýrum, t.d. niðurlagðra hrogna, kavíars og kavíarlíkis,
- Framleiðsla kavíars úr grásleppuhrognum
- Framleiðsla fiskrétta tilbúinna til matreiðslu eða neyslu

Þar á meðal er:
- Úrvinnsla og niðurlagning fiskafurða um borð í verksmiðjuskipum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Niðursuða kjötmetis, sbr. 15.13*
- *Niðursuða grænmetis og ávaxta, sbr. 15.33*

15.20.9 Önnur ótalin fiskvinnsla
Til þessarar greinar telst:
- Reyking á fiski og öðru sjávarfangi

15.22 15.22.0 **Hvalvinnsla**
Til þessarar greinar telst:
- Frysting hvalkjöts
- Framleiðsla hvalmjöls
- Bræðsla hvallýsis

15.3 Vinnsla ávaxta og grænmetis

15.31 15.31.0 **Vinnsla á kartöflum**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla forsoðinna eða forsteiktra og frosinna kartaflna
- Framleiðsla á kartöflustöppu í duftformi
- Framleiðsla á kartöfluflögum o.þ.h.
- Framleiðsla á kartöflumjöli

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á kartöflumjölva, sbr. 15.62*

15.32 15.32.0 **Framleiðsla ávaxta- og grænmetissafa**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla, átöppun og pökkun á ávaxta- og grænmetissafa og -þykkni

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla ávaxtavína, sbr. 15.94*
- *Framleiðsla sykurríkrar ávaxtasaftar, sbr. 15.98*

15.33 15.33.0 **Önnur ótalin vinnsla ávaxta og grænmetis**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á ávöxtum, hnetum og grænmeti til geymslu, t.d. með frystingu, þurrkun, niðurlagningu í olíu- eða ediklög eða niðursuðu á dósir
- Vinnsla ávaxta og grænmetisafurða, þ. á m. skurður á nýju grænmeti í salöt
- Framleiðsla á sultum, marmelaði og hlaupi
- Framleiðsla á ávaxtagrautum
- Framleiðsla á steiktum lauk

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla mjöls úr þurrkuðum belgjurtum, sbr. 15.61*
- *Framleiðsla sykraðra ávaxta og hnetna, sbr. 15.84*
- *Framleiðsla ávaxtavína, sbr. 15.94*
- *Framleiðsla á salötum í sósu, sbr. 15.89*
- *Pökkun og hreinsun á ávöxtum og grænmeti, sbr. 01.41.1*

15.4 Framleiðsla jurta- og dýraolíu og feiti

15.41 15.41.0 **Framleiðsla óhreinsaðrar olíu og feiti**

Til þessarar greinar telst:
- Bræðsla lifrarlýsis úr fiski og sjávarspendýrum
- Framleiðsla soðkjarna úr lifur
- Framleiðsla óhreinsaðrar jurtaolíu, t.d. olífuolíu, sojabaunaolíu, pálmolíu, sólblómaolíu, repju- og sinnepsolíu, línolíu og maísolíu.
- Framleiðsla olíuríks jurtamjöls úr olíuríkum fræjum, hnetum og kjörnum
- Framleiðsla dýraolíu og dýrafitu sem ekki er ætluð til manneldis
- Bómullartrefjur, olíukökur og aðrar afgangsafurðir við olíuframleiðslu eru aukaafurðir í þessari grein

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á hreinsuðu og hertu lýsi, sbr. 15.42*
- *Framleiðsla á búklýsi, sbr. 15.20.7*
- *Tólgarbræðsla, sbr. 15.11*
- *Bræðsla og hreinsun dýrafitu til manneldis, sbr. 15.13*
- *Framleiðsla á rokgjörnum olíum, sbr. 24.63*

15.42 15.42.0 **Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti**

Til þessarar greinar telst:
- Lýsishreinsun og lýsishersla
- Framleiðsla meðalalýsis
- Framleiðsla hreinsaðrar jurtaolíu, t.d. olífuolíu, sojabaunaolíu, sólblómaolíu, línolíu og maísolíu.
- Meðferð á olíum, t.d. blástur, suða, oxun, fjölliðun og þurrkun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Bræðsla lifrarlýsis úr fiski og sjávarspendýrum, sbr. 15.41*
- *Framleiðsla dýraolíu og dýrafitu sem ekki er ætluð til manneldis, sbr. 15.41*

15.43 15.43.0 **Framleiðsla smjörlíkis og svipaðrar feiti til manneldis**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla smjörlíkis
- Framleiðsla blandaðs viðbits
- Framleiðsla blandaðrar matarfeiti, t.d. palmíns
- Framleiðsla fullunninnar dýrafitu til manneldis, t.d. kryddaðrar svínafeiti

15.5 Mjólkuriðnaður

15.51 15.51.0 **Mjólkurbú og ostagerð**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á nýrri, gerilsneyddri og fitusprengdri mjólk í fljótandi formi
- Framleiðsla á rjóma úr nýrri, gerilsneyddri og fitusprengdri mjólk
- Smjörframleiðsla
- Framleiðsla á ostum, ostamassa, rjómaosti og bræddum osti
- Framleiðsla á skyri, súrmjólk, jógurt og öðrum sýrðum mjólkurafurðum
- Framleiðsla á mysu
- Framleiðsla á ostefni (kaseíni) og mjólkursykri (laktósa)
- Framleiðsla á þurrmjólk og niðursoðinni mjólk, ýmist með eða án sætuefna
- Framleiðsla á dauðhreinsaðri mjólk og rjóma
- Framleiðsla á súkkulaðimjólk
- Framleiðsla svaladrykkja úr mysu

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á ógerilsneyddri kúamjólk, sbr. 01.21*
- *Framleiðsla á smjörlíki og blönduðu viðbiti, sbr. 15.43*

15.52 15.52.0 **Ísgerð**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á rjómaís og öðrum ís til matar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ísbúðir, sbr. 52.27*
- *Ísstöðvar, sbr. 05.03*

15.6 Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru

15.61 15.61.0 **Framleiðsla á kornvöru**

Til þessarar greinar telst:
- Kornmölun, t.d. í mjöl, gróft eða fíngert, flögur og grjón úr hveiti, rúg, höfrum, maískorni eða öðrum korntegundum
- Mölun hrísgrjóna, t.d. í afhýdd, slípuð, pússuð eða forsoðin hrísgrjón eða í hrísmjöl
- Mölun grænmetis, t.d. í mjöl úr þurrkuðum belgjurtum, rótum, rótarhnýðum eða ætum hnetum
- Framleiðsla á fullunnu, blönduðu mjöli til brauð-, köku- og kexgerðar
- Framleiðsla á morgunkorni úr ýmsum korntegundum og blöndum þeirra

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á kartöflumjöli, sbr. 15.31*

15.62 15.62.0 **Framleiðsla á mjölva og mjölvavöru**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla mjölva úr hrísgrjónum, kartöflum, maís o.s.frv.
- Blautmölun á korni
- Framleiðsla glúkósa, glúkósasíróps, maltsykurs o.s.frv.
- Framleiðsla glútens
- Framleiðsla tapíókamjöls

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á reyrsykri og rófusykri, sbr. 15.83*
- *Framleiðsla á mjólkursykri (laktósa), sbr. 15.51*
- *Framleiðsla á kartöflumjöli, sbr. 15.31*

15.7 Fóðurframleiðsla

15.71 Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs

15.71.1 Framleiðsla húsdýrafóðurs

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á tilbúnum fóðurblöndum fyrir nautgripi, sauðfé, hross, svín, alifugla og loðdýr, þ. á m. fóðurbæti
- Framleiðsla óblandaðs búfjárfóðurs

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla fiskmjöls til búfjárfóðurs, sbr. 15.20.7*
- *Framleiðsla á olíukökum, sbr. 15. 41*

15.71.2 Framleiðsla fiskeldisfóðurs

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla fóðurs fyrir fiskeldisstöðvar

15.71.3 Framleiðsla þörungamjöls
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla mjöls úr þörungum og öðrum sjávargróðri til húsdýra- og fiskeldisfóðurs
- Hreinsun og þurrkun þörunga og annars sjávargróðurs

Þar á meðal er:
- Vinnsla sjávargróðurs sem hráefnis í afurðir til manneldis og í lyf

15.72 15.72.0 **Framleiðsla gæludýrafóðurs**

15.8 **Annar matvælaiðnaður**

15.81 15.81.0 **Brauðgerðir og bakarí**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á brauði og brauðbollum o.þ.h.
- Framleiðsla á kökum, bökum, tertum og öðru sætabrauði sem ekki þolir geymslu
- Framleiðsla á flatkökum, skonsum o.þ.h.
- Framleiðsla á deigi til brauð- og kökugerðar
- Kaffihús með sölu á brauði og kökum úr eigin bakaríi (konditori)

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á soðnum vörum úr bökunardeigi (makkarónum, spaghetti og þess háttar vörum), sbr. 15.85*
- *Smásala á brauði utan eigin bakarís, sbr. 52.24*

15.82 15.82.0 **Kex- og kökuframleiðsla**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á tvíbökum og kexi
- Framleiðsla á geymsluþolnum kökum og sætabrauði
- Framleiðsla á nasli úr sætu eða söltuðu deigi, t.d. saltstöngum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á kartöfluflögum o.þ.h., sbr. 15.31*

15.83 15.83.0 **Sykurframleiðsla**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á sykri og sírópi úr sykurreyr og sykurrófum
- Hreinsun á sykri
- Framleiðsla á hvítasykri (sakkarósa)
- Framleiðsla á sykurlíki

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á glúkósa, glúkósasírópi og maltsykri, sbr. 15.62*

15.84 15.84.0 **Súkkulaði- og sælgætisgerð; kakóframleiðsla**
Til þessarar greinar telst
- Framleiðsla á súkkulaði, konfekti og öðrum súkkulaðivörum
- Framleiðsla á brjóstsykri
- Lakkrísframleiðsla
- Framleiðsla á tyggigúmmíi
- Framleiðsla á sykruðum ávöxtum, hnetum, ávaxtaskrælingi og öðrum jurtahlutum
- Framleiðsla á kakói, kakósmjöri, kakófeiti og kakóolíu

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla hvítasykurs (sakkarósa), sbr. 15.83*
- *Framleiðsla á ristuðum hnetum, sbr. 15.89*

15.85 15.85.0 **Framleiðsla á pastavörum og svipuðum vörum**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á spaghetti, makkarónum, núðlum o.s.frv., soðnum og ósoðnum, með eða án fyllingar

15.86 15.86.0 **Te- og kaffiframleiðsla**
Til þessarar greinar telst:
- Kaffibrennslur sem hafa launað starfsfólk í þjónustu sinni
- Kaffínsneyðing og brennsla kaffibauna
- Framleiðsla á kaffiafurðum, t.d. möluðu kaffi, kaffidufti og kaffikjarna
- Framleiðsla á kaffilíki
- Blöndun á te og maté
- Pökkun á te, þ. á m. pökkun í tegrisjur
- Framleiðsla á jurtate og jurtaseyði, t.d. myntute, kamillute o.s.frv.
- Framleiðsla á jurtate og jurtaseyði sem telst til lyfja

15.87 15.87.0 **Krydd- og bragðefnaframleiðsla**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á kryddi, vínediki, sósum og bragðefnum, t.d. majónsósu, remúlaðisósu, sinnepsdufti, tilbúnu sinnepi, tómatsósu o.þ.h.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ræktun kryddjurta, sbr. 01.12.1*
- *Framleiðsla á borðsalti, sbr. 14.40*
- *Framleiðsla á salötum í sósu, sbr. 15.89*

15.88 15.88.0 **Framleiðsla á jafnblönduðum matvælum, sjúkra- og sérfæði**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla matvæla með sérstaka næringareiginleika

Þar á meðal er:
- Mjólkurduft fyrir brjóstmylkinga
- Barnamatur
- Hitaeiningaskertur matur og annað megrunarfæði
- Ýmiss konar sjúkrafæði
- Matvæli með litlu natríuminnihaldi, þ. á m. natríumlaust salt
- Matvæli sem ekki innhalda glúten
- Næringarrík fæða, einkum ætluð íþróttafólki
- Matvæli sérstaklega ætluð sykursjúkum, o.s.frv.

15.89 15.89.0 **Annar ótalinn matvælaiðnaður**

Til þessarar greinar telst m.a.:
- Framleiðsla á salötum í sósu
- Framleiðsla á samlokum
- Framleiðsla á pitsum og bökum
- Framleiðsla á vorrúlum (kínarúllum)
- Framleiðsla á poppkorni
- Framleiðsla á súpum og kjötkrafti
- Framleiðsla á geri og eggjadufti
- Framleiðsla á ristuðum hnetum, hnetuafurðum, hnetusmjöri og súkkulaðismjöri
- Framleiðsla gervihunangs og gervisætu

Til þessarar greinar telst ekki.
- *Framleiðsla tilbúinna kjötrétta, sbr. 15.13*
- *Framleiðsla tilbúinna fiskrétta, sbr. 15.20.8*
- *Framleiðsla á pastavörum með eða án fyllingar, sbr. 15.85*

15.9 Drykkjarvöruiðnaður

15.91 15.91.0 **Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja, t.d. brennivíns, ákavítis, vodka, viskýs, koníaks, gins og líkjöra

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla óeimaðra áfengra drykkja, sbr. 15.92, 15.93, 15.94 og 15.95*

15.92 15.92.0 **Framleiðsla á hráum spíritus**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla etanóls úr gerjuðum efnum
- Framleiðsla hreins vínanda (alkóhólinnihald 95%)

15.93 15.93.0 **Framleiðsla á léttu víni**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla borðvína, heitvína og freyðivína úr vínberjum eða vínberjaþykkni

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Átöppun á flöskur eða aðrar umbúðir án þess að víninu sé breytt, sbr. 51.34 og 74.82*

15.94 15.94.0 **Framleiðsla annarra ávaxtavína**
Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla borðvína, heitvína og freyðivína úr vínberjum eða vínberjaþykkni, sbr. 15.93*
- *Framleiðsla á vermút og svipuðum vínum, sbr. 15.95*

15.95 15.95.0 **Framleiðsla á vermút og svipuðum víntegundum**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla óeimaðra vína úr vínberjum sem kryddum og öðrum bragðefnum er bætt í, t.d. vermút, campari o.þ.h.

15.96 15.96.0 **Bjórgerð**

15.97 15.97.0 **Maltgerð**

15.98 15.98.0 **Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla gosdrykkja með tilbúnum og náttúrulegum bragðefnum, s.s. appelsíns, kóladrykkja, tóniks o.s.frv.
- Framleiðsla sótavatns
- Framleiðsla drykkja með hreinum ávaxtasafa, þ. á m. eplasafa
- Átöppun vatns og ölkelduvatns, sem er eigin framleiðsla, á flöskur og aðrar umbúðir
- Framleiðsla á ávaxtasaft með viðbættum sykri
- Framleiðsla svaladrykkja í duftformi

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á hreinum ávaxta- og grænmetissafa, sbr. 15.32*
- *Áfylling vökva, sem ekki er eigin framleiðsla, á flöskur o.þ.h., sbr. 74.82*

16 Tóbaksiðnaður

16.0 **16.00** 16.00.0 **Tóbaksiðnaður**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á tóbaksvörum, t.d. sígarettum, sígarettutóbaki, vindlum, píputóbaki, munntóbaki og neftóbaki

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ræktun tóbaks og frumvinnsla, sbr. 01.11.1*

17 Textíliðnaður

17.1 17.10 17.10.0 Forvinnsla og spuni á textíltrefjum

Til þessarar greinar telst:
- Ullarþvottur
- Forvinnsla og kembing á textíltrefjum
- Spuni og þráðargerð úr textíltrefjum, (bómullar-, ullar-, lín- og silkitrefjum og tilbúnum trefjum) fyrir vefnað og prjón o.s.frv., t.d. kambgarns og loðbands
- Hreinsun fitu og mors úr ull, ásamt kembingu ullar
- Forvinnsla á líni
- Rakning, þvottur og tvinning á silki
- Kembing á úrgangssilki
- Formun, tvinning, margþætting og litaskolun einþráðungsgarns úr tilbúnum trefjum
- Saumþráðargerð úr hvers konar hráefni, m.a. trefjablöndum
- Forvinnsla og þráðargerð úr öðrum textíltrefjum, t.d. jútu- og basttrefjum
- Framleiðsla pappírsþráðar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla glertrefja, sbr. 26.14*
- *Framleiðsla tilbúinna trefja og kaðla og framleiðsla einþráðungsgarns (þ. á m. háþolins þráðar og gólfteppaþráðar) úr tilbúnum trefjum, sbr. 24.70*
- *Framleiðsla á asbestþræði, sbr. 26.82.9*

17.2 17.20 17.20.0 **Vefnaður**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla ofinna bómullarkenndra efna, annaðhvort úr þræði úr bómullartrefjum eða tilbúnum trefjum
- Framleiðsla ofinna ullarkenndra efna, annaðhvort úr þræði úr ullartrefjum eða tilbúnum trefjum
- Framleiðsla ofinna kambgarnskenndra efna, annaðhvort úr þræði úr kambgarnstrefjum eða tilbúnum trefjum
- Framleiðsla ofinna silkikenndra efna, annaðhvort úr þræði úr silkitrefjum eða tilbúnum trefjum
- Framleiðsla annarra ofinna efna úr þræði úr lín-, hamp-, júta- og basttrefjum eða sérunnum þræði
- Framleiðsla ofinna gerviloðskinna

Þar á meðal er:
- Framleiðsla flauels, flosefna og handklæðafrottes auk grisju o.fl.
- Framleiðsla ofinna efna úr glertrefjum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla ofinna gólfteppa, sbr. 17.51*
- *Framleiðsla ofinna borða, sbr. 17.54*
- *Framleiðsla hekl- og prjónvoðar og prjónaðrar og heklaðrar vöru, sbr. 17.60 og 17.7*
- *Framleiðsla trefjadúks, ekki ofnum, sbr. 17.53*
- *Vefnaður úr asbestþræði, sbr. 26.82.9*

17.3 17.30 17.30.0 **Frágangur á textílum**

Til þessarar greinar telst:
- Bleiking, litun og þrykking textíla sem ekki eru eigin framleiðsla
- Frágangur, þurrkun, gufumeðferð, hleyping og styrking textíla sem ekki eru eigin framleiðsla
- Frágangur á fatnaði

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Frágangur textílvöru úr efnum sem eru eigin framleiðsla, sbr. 17.10, 17.20 og 17.5*
- *Meðferð textíla er felst í að gegndreypa þá, húða, hjúpa eða lagstyrkja með plastefnum, sbr. 17.54*

17.4 17.40 Framleiðsla á tilbúinni textílvöru annarri en fatnaði

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á tilbúnum vörum úr hvers kyns textílefni, þ. á m. úr hekl– og prjónvoð

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla gólfteppa, sbr. 17.51*
- *Framleiðsla textílvöru til tæknilegra nota, sbr. 17.54*

17.40.1 Seglagerðir
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á segldúksábreiðum, tjöldum, seglum, sóltjöldum og sólhlífum, ábreiðum á bíla og vélar o.s.frv.
- Framleiðsla á fánum, oddveifum o.þ.h.

17.40.2 Framleiðsla textílvöru til heimilis- og innanhússnota
Þar á meðal er:
- Framleiðsla værðarvoða, ullarteppa og svipaðra teppa
- Framleiðsla rúmfatnaðar, borðdúka, handklæða, borðtuskna, diskaþurrkna o.þ.h. vöru
- Framleiðsla á vatteruðum teppum, sængum, púðum, koddum, svefnpokum o.þ.h.
- Framleiðsla á gluggatjöldum, gluggatjaldaköppum, rúllugardínum, rúmteppum, sessum, ábreiðum á húsgögn o.þ.h

17.40.9 Önnur framleiðsla á tilbúinni textílvöru
Þar á meðal er:
- Framleiðsla á björgunarvestum og fallhlífum
- Framleiðsla á textílhlífum utan um rafmagnsteppi og -púða

17.5 Framleiðsla annarrar textílvöru

17.51 17.51.0 Framleiðsla á teppum og mottum
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla gólfklæðingar úr textílum eða filti, t.d. gólfteppa, gólfmottna, teppaflísa og tuskumottna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á gólfrenningum og mottum úr fléttiefnum, sbr. 20.52*
- *Framleiðsla á gólfefni úr korki, gúmmíi eða plastefnum, einnig með bakhlið úr textílum, sbr. 20.52, 25.13, 25.23*
- *Framleiðsla á línóleumdúk og öðru hörðu gólfefni sem ekki er úr plasti, sbr. 36.63*

17.52 Framleiðsla á köðlum, garni og netum; veiðarfæragerð

17.52.1 Framleiðsla á köðlum, garni og netum
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi kaðla- og netaverksmiðja sem framleiða net úr eigin garni, köðlum o.þ.h.

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á fléttuðu og snúnu garni, köðlum og einþáttungum í kaðla úr textíltrefjum o.þ.h., einnig þótt varan sé gegndreypt, húðuð eða klædd með gúmmíi eða plasti
- Framleiðsla á hnýttum netum úr garni eða köðlum
- Framleiðsla á vöru úr garni, t.d. trollgarni, seglgarni, línu, þvottasnúrum, sippuböndum o.fl.

17.52.2 Veiðarfæragerð
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi netagerða og netaverkstæða

Þar á meðal er:
- Framleiðsla hvers kyns veiðarfæra úr köðlum eða netum framleiddum annars staðar, s.s. fiskinetum og nótum, fríholtum, lestunarstroffum, reipum og köðlum með málmhringjum, o.s.frv.
- Viðgerðir veiðarfæra

17.53 17.53.0 **Framleiðsla á trefjadúk, ekki ofnum, og vörum úr honum, þó ekki fatnaði**

17.54 17.54.0 **Framleiðsla annarrar ótalinnar textílvöru**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla ofinna borða
- Framleiðsla á filti
- Framleiðsla á ýmiss konar merkjum og einkennismerkjum úr textílefnum
- Framleiðsla á kögri, leggingum, skrautböndum og snúrum, skúfum og dúskum o.þ.h.
- Framleiðsla á tjulli og öðrum netefnum, blúndum, knipplingum og útsaum
- Framleiðsla á garni og vefnaði sem er gegndreyptur, húðaður, hjúpaður eða lagstyrktur með plastefni
- Framleiðsla á vatti og tróði og vörum úr þannig efnum, t.d. dömubindum og tíðatöppum
- Framleiðsla á garni með málmþræði og vírstyrktum bryddingum
- Framleiðsla á garni og snúrum úr gúmmíi, klæddum textílefnum

17.6 **17.60** 17.60.0 **Framleiðsla á hekl- og prjónvoð**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á heklaðri og prjónaðri álnavöru
- Framleiðsla á prjónuðu flosefni, frotteefnum o.s.frv.
- Framleiðsla á annarri prjónvoð, t.d. með gerviloðskinni

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla fullunninnar vöru úr hekl- og prjónvoð, sbr. 17.7*

17.7 **Framleiðsla á prjónaðri og heklaðri vöru**
Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla vöru úr aðkeyptri hekl- og prjónvoð, sbr. 18.2*

17.71 17.71.0 **Sokkaframleiðsla**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á sokkum, leistum, hnésokkum, sokkabuxum, gammosíubuxum, legghlífum o.þ.h.

17.72 17.72.0 **Peysuframleiðsla**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á heilum og hnepptum peysum, jerseypeysum, vestum og svipuðum vörum úr hekl- eða prjónvoð sem er eigin framleiðsla

18 Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna

18.1 **18.10** 18.10.0 **Framleiðsla á leðurfatnaði**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á fatnaði úr leðri eða leðurlíki

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á leðurhönskum, beltum, hálsbindum o.s.frv., sbr. 18.24*
- *Skóframleiðsla, sbr. 19.30*

18.2 **Framleiðsla á fatnaði, þó ekki leðurfatnaði, og fylgihlutum**

18.21 18.21.0 **Framleiðsla á vinnufatnaði**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á sloppum, samfestingum og þess háttar vinnufatnaði
- Framleiðsla á einkennisklæðnaði

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á skófatnaði, sbr. 19.30*

18.22 18.22.0 **Framleiðsla á yfirfatnaði, þó ekki vinnufatnaði**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á ytri fatnaði fyrir karla, konur og börn úr efnum sem ekki eru eigin framleiðsla

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á yfirhöfnum og regnfatnaði
- Framleiðsla á jakkafötum, stökum jökkum, buxum og öðrum ytri fatnaði fyrir karla og drengi
- Framleiðsla á kjólum, drögtum, stökum jökkum, síðbuxum, pilsum og öðrum ytri fatnaði fyrir konur og stúlkur
- Framleiðsla dömu- og herraklæðskera og kjólameistara

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla fatnaðar ur loðskinnum, sbr. 18.30*
- *Framleiðsla fatnaðar úr gúmmíi eða plasti, sbr. 25.13 og 25.24.9*
- *Fataviðgerðir, sbr. 52.74*
- *Framleiðsla leðurfatnaðar, sbr. 18.10*

18.23 18.23.0 **Framleiðsla á undirfatnaði**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á innri fatnaði fyrir karla, konur og börn úr efnum sem ekki eru eigin framleiðsla

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á skyrtum og blússum
- Framleiðsla á nærfötum, s.s. nærbuxum og nærbolum, brjóstahöldurum, lífstykkjum, náttfötum, náttsloppum o.þ.h.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á ungbarnafatnaði, sbr. 18.24*
- *Fataviðgerðir, sbr. 52.74*

18.24 18.24.0 **Framleiðsla á öðrum ótöldum fatnaði og fylgihlutum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á ungbarnafatnaði
- Framleiðsla á íþróttafatnaði, s.s. æfingagöllum, sundfatnaði o.s.frv.
- Framleiðsla á höttum og húfum
- Framleiðsla á öðrum fylgihlutum fatnaðar, t.d. hönskum, beltum, sjölum, slæðum, hálsbindum, hárnetum o.þ.h.

Þar með telst einnig:
- Framleiðsla höfuðfatnaðar úr loðskinnum
- Framleiðsla skófatnaðar úr textílum án ásettra sóla

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla öryggishjálma úr plasti eða málmi, sbr. 25.24.9 og 28.75*
- *Framleiðsla á íþróttahönskum og höfuðbúnaði fyrir íþróttaiðkun, sbr. 36.40*
- *Fataviðgerðir, sbr. 52.74*

18.3 **18.30** 18.30.0 **Sútun og litun loðskinna; framleiðsla úr loðskinnum**

Til þessarar greinar telst:
- Verkun, sútun og litun loðskinna og húða með hári
- Sköfun, forsútun, bleiking, klipping og reiting loðskinna
- Framleiðsla fatnaðar úr loðskinnum og fylgihluta með honum
- Framleiðsla saumaðra loðskinna, t.d. í lengd skinn, plötur, ræmur o.s.frv.
- Framleiðsla á margs konar vöru úr loðskinnum, t.d. teppum, púðum án fyllingar o.fl.

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á gerviloðskinnum og vörum úr þeim

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla óunninna loðskinna, sbr. 01.25.2 og 01.50*
- *Framleiðsla óunninna húða og skinna, sbr. 15.11*
- *Framleiðsla ofinna eða prjónaðra gerviloðskinna, sbr. 17.20, 17.60*
- *Framleiðsla á loðhúfum, sbr. 18.24*
- *Framleiðsla fatnaðar sem er skreyttur með loðskinnum, sbr. 18.24*
- *Framleiðsla á stígvélum eða skóm sem að hluta eru úr loðskinni, sbr. 19.30*

19 Leðuriðnaður

19.1 19.10 19.10.0 **Sútun á leðri**

Til þessarar greinar telst
- Framleiðsla á sútuðu leðri
- Framleiðsla á rúskinni, bókfelli, lakkleðri o.fl.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á óunnum húðum og skinnum, sbr. 15.11*
- *Framleiðsla á leðurfatnaði sbr. 18.10*
- *Framleiðsla á fylgihlutum með fatnaði, sbr. 18.24*
- *Sútun loðskinna og húða með hári, sbr. 18.30*
- *Framleiðsla á leðurlíki, sbr. 25.24.9*

19.2 19.20 19.20.0 **Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og skyldum vörum og reiðtygjum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum o.þ.h. úr leðri og hvers kyns öðrum efnum, t.d. plötum og þynnum úr plasti, textílefnum, vúlkaniseruðum trefjum eða pappa, þar sem notuð er sama tækni og við leðurtöskur
- Framleiðsla úróla úr öðrum efnum en málmi
- Framleiðsla á ýmiss konar vöru úr leðri, t.d. peningaveskjum, buddum, pennaveskjum o.s.frv.
- Framleiðsla hnakka, söðla og annarra reiðtygja
- Framleiðsla á drifreimum og pakkningum úr leðri

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á leðurfatnaði, sbr. 18.10*
- *Framleiðsla á fylgihlutum með fatnaði, s.s. hönskum, höttum, beltum og svipuðum vörum, sbr. 18.24*
- *Framleiðsla á skófatnaði, sbr. 19.30*
- *Framleiðsla á öskjum, skrínum og hylkjum fyrir skartgripi eða borðbúnað o.þ.h. vörur, sbr. 20.51*

19.3 19.30 19.30.0 **Framleiðsla á skófatnaði**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á skófatnaði úr hvers konar efnum öðrum en asbesti með hvers konar aðferðum
- Framleiðsla ökklahlífa og legghlífa og svipaðrar vöru
- Framleiðsla á hlutum til skófatnaðar, t.d. yfirleðri og hlutum þess, ytri og innri sólum, hælum o.fl.
- Framleiðsla handsaumaðs skófatnaðar

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á gúmmístígvélum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á sjúkraskóm, sbr. 33.10*
- *Framleiðsla skófatnaðar úr textílefnum án ásettra sóla, sbr. 18.24*
- *Framleiðsla skófatnaðar úr asbesti, sbr. 26.82.9*

20 Trjáiðnaður

20.1 20.10 20.10.0 **Sögun, heflun og fúavörn á viði**

Til þessarar greinar telst:
- Sögun og heflun timburs
- Framleiðsla útskorinna, heflaðra og ósamsettra parketfjala
- Framleiðsla tréullar, trjámjöls og spænis
- Þurrkun timburs
- Fúavörn eða önnur kemísk meðferð til að verja viðinn
- Flokkun timburs

Þar á meðal er:
- Framleiðsla úr rekaviði

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Skógarhögg og sögun í boli, staura o.s.frv., sbr. 02.01*
- *Framleiðsla á þakspæni, rammalistum, húsgagna- og innréttingalistum, sbr. 20.30.9*

20.2 20.20 20.20.0 **Framleiðsla á krossviði, spónarplötum o.þ.h.**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á viðarspæni, krossviði, spónarplötum, límtré, trefjaplötum og öðrum viðarplötum

20.3 20.30 Framleiðsla úr byggingartimbri og smíðaviði ásamt öðrum efniviði

20.30.1 Framleiðsla einingahúsa og byggingareininga úr viði og öðrum efniviði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á tilbúnum einingahúsum eða byggingareiningum úr viði sem setja má saman
- Framleiðsla á sumarbústöðum úr tilbúnum einingum, skúrum o.fl.
- Uppsetning staðlaðra einingahúsa sem eru eigin framleiðsla

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Uppsetning sérsmíðaðra timburhúsa og einingahúsa sem ekki eru eigin framleiðsla, sbr. 45*

20.30.9 Framleiðsla annars efnis til húsasmíða úr viði og öðrum efniviði

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á íhlutum til húsbygginga, s.s. bitum, þaksperrum og burðarbitum úr byggingatimbri
- Framleiðsla á hurðum, dyrakörmum, gluggapóstum, gluggahlerum og umgjörðum þeirra
- Framleiðsla á stigum og handriðum
- Framleiðsla á rammalistum, húsgagna- og innréttingalistum úr viði
- Framleiðsla á samsettum fjölum og stöfum í parketgólf og panilborðum
- Framleiðsla ofantalinna hluta úr timbri ásamt öðrum efnum, s.s. plasti eða áli
- Viðgerðir ofantalinna hluta

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Framleiðsla á ósamsettum parketfjölum og stöfum, sbr. 20.10*
- *Framleiðsla byggingarhluta úr plasti eingöngu, sbr. 25.23*
- *Framleiðsla byggingarhluta úr málmi eingöngu, sbr. 28.11*
- *Húsagnaiðnaður, sbr. 36.1*

20.4 20.40 20.40.0 **Framleiðsla á umbúðum úr viði**

Til þessarar greinar telst:

- Framleiðsla á umbúðakössum, rimlakössum, sívalningum og öðrum umbúðum úr viði
- Framleiðsla á vörubrettum og lestarpöllum úr viði
- Framleiðsla á tunnum og ámum, kerum, bölum og fötum úr viði
- Framleiðsla á viðarkeflum fyrir kaðla og kapla

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Framleiðsla á kössum úr fléttiefnum, sbr. 20.52*
- *Framleiðsla á líkkistum, sbr. 20.51*

20.5 Framleiðsla annarrar viðarvöru; framleiðsla vöru úr korki, hálmi og fléttiefnum

20.51 20.51.0 **Framleiðsla annarrar viðarvöru**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á líkkistum
- Framleiðsla á margs konar hlutum úr viði.

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á handföngum og sköftum á verkfæri, kústa og bursta
- Framleiðsla á spólum, snældum, tvinnakeflum og svipuðum vörum úr renndum viði
- Framleiðsla á ýmsum hlutum til heimilis og í eldhús
- Framleiðsla á skóleistum og skóklemmum úr tré, herðatrjám og fatahengjum
- Framleiðsla á útskornum styttum og skrautmunum, innlögðu tré og viðarmósaik
- Framleiðsla á öskjum, skrínum og hylkjum fyrir skartgripi eða borðbúnað og svipuðum vörum
- Smíði líkana úr viði
- Innrömmun og rammagerð

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á húsgögnum, sbr. 36.1*
- *Framleiðsla á lömpum og ljósabúnaði, sbr. 31.50*
- *Framleiðsla á umbúðum úr viði, sbr. 20.40*
- *Framleiðsla á leikföngum úr tré, sbr. 36.50*
- *Framleiðsla á skartgripum úr tré, sbr. 36.61*
- *Framleiðsla á burstum og kústum, sbr. 36.62*
- *Framleiðsla á göngustöfum, sbr. 36.63*
- *Framleiðsla á reykpípum, sbr. 36.63*
- *Framleiðsla á eldspýtum, sbr. 36.63*
- *Framleiðsla á klukkuhúsum, sbr. 33.50*

20.52 20.52.0 **Framleiðsla vöru úr korki, hálmi og fléttiefnum**

Til þessarar greinar telst:
- Úrvinnsla á náttúrlegum korki
- Framleiðsla á gólfefnum úr korki
- Framleiðsla á mottum, teppum og skermum úr fléttiefnum
- Framleiðsla á ýmiss konar körfum og hlutum fléttuðum úr tágum

Til þessarar greinar telst ekki:
- Framleiðsla á rafeindastýrðum stýrikerfum fyrir fiskiðnað og annan matvælaiðnað
- Framleiðsla á tölvustýrðum vélum og tækjum fyrir annan matvælaiðnað en fiskiðnað
- Viðgerðir og viðhald þessara tækja

Til þessarar greinar telst ekki
- *Framleiðsla á rafeindastýrðum mælitækjum og stýrikerfum til annarra nota en í matvælaiðnaði, sbr. 33.20*

29.53.9 Framleiðsla og viðhald véla fyrir drykkjarvöru og tóbaksiðnað
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á vélum fyrir mjólkurbú, s.s. mjólkurskilvindum, gerilsneyðingarvélum o.þ.h.
- Framleiðsla á vélum fyrir annan drykkjarvöruiðnað og tóbaksiðnað
- Viðgerðir og viðhald þessara véla

29.54 29.54.0 **Framleiðsla og viðhald véla fyrir textíl, fata og leðuriðnað**
Til þessarar greinar telst m.a.:
- Framleiðsla á vélum til forvinnslu og spuna á textíltrefjum, þráðarframleiðslu og frágangs textíla
- Framleiðsla á vélum fyrir þvottahús, t.d. strau og pressunarvélum, þvottavélum og þurrkurum
- Framleiðsla á prjónavélum, saumavélum og íhlutum þeirra
- Framleiðsla á vélum fyrir leðuriðnað, s.s. sútunarvélum
- Framleiðsla á vélum fyrir skógerð og gerð annarra hluta úr leðri eða loðskinni
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum vélum og íhlutum þeirra

29.55 29.55.0 **Framleiðsla og viðhald véla fyrir pappírsiðnað**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla véla til að framleiða pappírskvoðu, pappír og pappa, pappírs og pappavörur, þ. á m. þurrkvélar fyrir timbur og pappírsiðnaðinn
- Viðgerðir og viðhald þessara véla

29.56 29.56.0 **Framleiðsla og viðhald annarra ótalinna sérhæfðra véla**

Til þessarar greinar telst m.a:
- Framleiðsla steypumóta, þó ekki fyrir málmhleifa
- Framleiðsla þurrkunarbúnaðar að undanskildum slíkum vélum fyrir landbúnað og timbur og pappírsiðnað
- Framleiðsla véla fyrir framleiðslu mjúkrar gúmmí og plastvöru
- Framleiðsla véla fyrir prentiðnað
- Framleiðsla vélmenna fyrir fjöldaframleiðslu
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum vélum og hlutum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla smíðavéla, sbr. 29.40*
- *Framleiðsla heimilistækja, sbr. 29.71*
- *Framleiðsla véla fyrir þvottahús sbr. 29.54*

29.6 **29.60** 29.60.0 **Vopna og skotfæraframleiðsla**

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla sprengiefna, hvellhettna, púðurs og flugelda, sbr. 24.61*

29.7 **Framleiðsla annarra ótalinna heimilistækja**

29.71 29.71.0 **Framleiðsla rafmagnstækja til heimilisnota**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á ísskápum og frystikistum til heimilsnota
- Framleiðsla rafmagnseldavéla og eldunartækja, þ. á m. ofna, örbylgjuofna og rafmagnskatla
- Framleiðsla uppþvottavéla, þvottavéla og þurrkara til heimilisnota
- Framleiðsla á ryksugum, rafmagnshitaofnum, kaffivélum og margs konar rafmagnsáhöldum til heimilisnota

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla saumavéla, sbr. 29.54*
- *Viðgerðir á rafmagnsheimilistækjum, sbr. 52.72*

29.72 29.72.0 **Framleiðsla heimilistækja, þó ekki rafmagnstækja**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á eldunartækjum og matarhitunartækjum sem ekki ganga fyrir rafmagni
- Framleiðsla á hitunartækjum fyrir híbýli, eldavélum, eldstæðum, kolaofnum, olíuofnum, eldunaráhöldum o.fl. tækjum sem ekki ganga fyrir rafmagni

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á eldavélum o.þ.h. fyrir eldhús í mötuneytum og veitingahúsum, sbr. 29.53.1*

30 30.0 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum

30.01 30.01.0 **Framleiðsla á skrifstofuvélum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á ritvélum
- Framleiðsla á fjölritunar og ljósritunarvélum
- Framleiðsla á reiknivélum, peningakössum, frímerkingarvélum o.þ.h.
- Framleiðsla á alls konar skrifstofuvélum og áhöldum, s.s. flokkunarvélum, göturum og hefturum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á bréfasímum, sbr. 32.20*
- *Viðgerðir og viðhald á skrifstofuvélum, sbr. 72.50*
- *Leiga á skrifstofuvélum, sbr. 71.33*

30.02 30.02.0 **Framleiðsla á tölvum og öðrum gagnavinnsluvélum**

Til þessarar greinar telst m.a.:
- Framleiðsla á tölvum
- Framleiðsla á ýmsum einingum fyrir tölvur, t.d. prenturum, útstöðvum og einkatölvum, ljósstafalesurum o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á rafeindaíhlutum fyrir tölvur, sbr. 32.10*
- *Framleiðsla á tölvuleikjum, sbr. 36.50*
- *Viðgerðir og viðhald á tölvum og tölvukerfum, sbr. 72.50*
- *Leiga á tölvum og tölvubúnaði, sbr. 71.33*

31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja

31.1 **31.10** 31.10.0 **Framleiðsla og viðgerðir rafhreyfla, rafala og spennubreyta**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla riðstraums og jafnstraumsrafala
- Framleiðsla riðstraums og jafnstraumsrafhreyfla
- Framleiðsla rafalkerfa fyrir brunahreyfla o.fl.
- Framleiðsla á spennubreytum og umriðlum
- Framleiðsla á vindrafstöðvum
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum tækjum

31.2 31.20 31.20.0 **Framleiðsla og viðhald á búnaði fyrir dreifingu og stjórnkerfi raforku**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla og viðhald á dreifi og stjórnbúnaði fyrir rafkerfi, t.d. í töflum, stjórnborðum o.s.frv
- Framleiðsla á rofum, tenglum og vartöppum (öryggjum), yfirspennuvörum, spennujöfnurum, rafmagnsklóm, dósum, rafliðum, peruhöldum o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á stjórntöflum og stjórnborðum fyrir talsíma og ritsíma, sbr. 32.20*
- *Framleiðsla á vartappavír, sbr. 27.4*
- *Framleiðsla á kola og grafítrafskautum, sbr. 31.62*

31.3 31.30 31.30.0 **Framleiðsla á einangruðum vírum og strengjum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á einangruðum raftaugum og strengjum og öðrum einangruðum rafleiðurum með eða án tengihluta
- Framleiðsla á ljósleiðurum úr trefjum sem eru einangraðar þráð fyrir þráð til flutnings á kóðuðum gögnum fyrir fjarskipti, myndbönd, gagnaflutning, stjórnbúnað o.þ.h.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á óeinangruðum málmvír úr málmum sem ekki innihalda járn, sbr. 27.4*
- *Framleiðsla á óeinangruðum málmstrengjum eða einangruðum strengjum sem ekki er unnt að nota sem rafleiðara, sbr. 28.73*
- *Framleiðsla á ljósleiðurum og ljósleiðarastrengjum, sbr. 33.40*

31.4 31.40 31.40.0 **Framleiðsla og viðgerðir á rafgeymum og rafhlöðum**

31.5 31.50 31.50.0 **Framleiðsla og viðgerðir á ljósabúnaði og lömpum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á lömpum, raflýsingu hvers konar og búnaði fyrir hana
- Framleiðsla ljósaskilta, götu og útilampa
- Framleiðsla á glóperum, úrhleðslulömpum o.fl., þ. á m. innrauðum og útfjólubláum perum, boglömpum og blossaperum
- Framleiðsla á jólatrésseríum
- Framleiðsla lampa sem ekki nota rafmagn
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum hlutum

31.6 Framleiðsla og viðgerðir raftækja í hreyfla og ökutæki auk annarra ótalinna raftækja

31.61 31.61.0 Framleiðsla og viðgerðir raftækja á hreyfla of ökutæki

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á rafmagnskveikjum og ræsingarbúnaði fyrir brunahreyfla, þ. á m. segulkveikjum, kveikjurafölum, kveikjukertum, ræsivélum, jafnstraums og riðstraumsrafölum, spennujöfnurum o.s.frv.
- Framleiðsla á rafmagnsljósabúnaði og viðvörunarbúnaði fyrir reiðhjól og bíla, t.d. lugtum, bílflautum og sírenum
- Framleiðsla á þurrkublöðum fyrir bíla og rafbúnaði fyrir þau
- Viðgerðir og viðhald þessara hluta

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á rafölum sem ekki eru ætlaðir bílum, sbr. 31.10*

31.62 31.62.0 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna raftækja

Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna raftækja
Til þessarar greinar telst m.a.:
- Framleiðsla á stjórnbúnaði fyrir rafstýrð merkja, viðvörunar og öryggiskerfi og umferðarstjórn fyrir vegakerfi, strandsiglingar, hafnir og flugvelli
- Framleiðsla á ýmiss konar rafboðtækjum með hljóð eða ljósmerkjum, s.s. bjöllum, sírenum, ljósa eða mælaborðum o.fl.
- Framleiðsla á rafmagnseinangrurum og hlutum þeirra sem ekki eru úr gleri eða postulíni
- Framleiðsla á kola og grafítrafskautum
- Framleiðsla á raflagnapípum og tengjum fyrir þær úr málmum
- Viðgerðir og viðhald

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á rafmagnssláttuvélum, sbr. 29.32*
- *Framleiðsla á rafmagnsrakvélum, sbr. 29.71*
- *Framleiðsla á rafeindalömpum, sbr. 32.10*
- *Framleiðsla á rafstýrðum lækninga og tannlækningáhöldum, sbr. 33.10*
- *Framleiðsla á glerjum fyrir ljósaperur, sbr. 26.13*
- *Framleiðsla á raflagnapípum og tengjum úr plasti, sbr. 25.21*
- *Framleiðsla á rafstýrðum viðvörunarbúnaði fyrir bíla, sbr. 31.61*

32 Framleiðsla og viðgerðir fjarskiptabúnaðar og tækja

32.1 32.10 32.10.0 **Framleiðsla og viðgerðir á rafeindalömpum og öðrum íhlutum rafeindatækja**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á rafeindalömpum með heitu, köldu eða ljósnæmu bakskauti, þ. á m. myndlömpum og myndatökulömpum
- Framleiðsla á tvistum (díóðum), smárum (transistorum) og þess háttar hálfleiðurum
- Framleiðsla á ljósnæmum hálfleiðurum, t.d. ljósnemum
- Framleiðsla á þéttum og viðnámum (resistorum)
- Viðgerðir og viðhald

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á spennubreytum, sbr. 31.10*
- *Framleiðsla á tenglum, sbr. 31.20*

32.2 32.20 32.20.0 **Framleiðsla og viðgerðir útvarps og sjónvarpssenda og tækja fyrir símtækni og símritun**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á tækjum til sjónvarps og útvarpssendinga, þ. á m. til endurvarps sjónvarpssendinga
- Framleiðsla á sjónvarpsmyndavélum
- Framleiðsla á sendum fyrir símtækni og símritun, þ. á m. föstum sendum og sendiviðtækjum og tækjum fyrir talfjarskipti
- Framleiðsla á viðtækjum fyrir símtækni og símritun
- Framleiðsla á tækjum fyrir símtækni og símritun, þ. á m. símtækjum, bréfasímum, símsvörum, sjálfvirkum og handvirkum skiptiborðum, telextækjum og fjarritum
- Viðgerðir og viðhald

32.3 32.30 32.30.0 **Framleiðsla sjónvarps og útvarpstækja, hátalara, loftneta og skyldrar vöru**
- Framleiðsla á útvarpstækjum, sjónvarpstækjum, skjátækjum og sýningarvélum
- Framleiðsla á myndbandsupptökuvélum
- Framleiðsla á hljóðupptökuvélum, þ. á m. símsvörum og segulbandstækjum
- Framleiðsla á segulbandsspilurum, geislaspilurum, plötuspilurum og íhlutum þeirra
- Framleiðsla á skápum undir sjónvarps og hljómflutningstæki
- Framleiðsla á hátölurum, hljóðnemum, mögnurum og heyrnartólum
- Framleiðsla á loftnetum, t.d. diskloftnetum
- Framleiðsla á innanhússsímakerfum og snartúlkunartækjum o.fl.
- Viðhald og viðgerðir annarra tækja en útvarps og sjónvarpstækja, hljómflutningstækja o.þ.h.

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Viðgerðir á sjónvarpstækjum, útvarpstækjum, hljómflutningstækjum o.þ.h., sbr. 52.72*

33 Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum, mæli og rannsóknartækjum, úrum o.fl.

33.1 33.10 33.10.0 **Framleiðsla og viðhald á lækninga og skurðlækningatækjum og hjálpartækjum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á lækningasprautum og sprautunálum
- Framleiðsla á hjartalínuritum, ómtækjum og skönnum og öðrum tækjum til læknisrannsókna
- Framleiðsla á búnaði fyrir sjúkrahús, læknastofur, tannlæknastofur og dýralæknastofur
- Framleiðsla á röntgentækjum, nuddtækjum, öndunartækjum, súrefnisgrímum o.fl.
- Framleiðsla á hvers kyns hjálpartækjum fyrir sjúka og fatlaða, s.s. hækjum, spelkum, gerviliðum, gervitönnum án mátunar og öðrum gervilíkamshlutum
- *Til þessarar greinar telst ekki:*
- *Framleiðsla á hitamælum, sbr. 33.20*
- *Framleiðsla á gleraugnaglerjum og öðrum sjónglerjum, sbr. 33.40*
- *Framleiðsla á tannlæknasementi, sbr. 24.42*
- *Tannsmíðar eftir mátun hjá tannlæknum eða tannsmiðum, sbr. 85.13*

33.2 33.20 33.20.0 **Framleiðsla og viðhald á leiðsögutækjum og búnaði til mælinga, eftirlits og prófana**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á sextöntum, ratsjárbúnaði og miðunartækjum, dýptarmælum, áttavitum og flugleiðsögutækjum o.s.frv.
- Framleiðsla á tækjum til mælinga, eftirlits og prófana, t.d. neyslumælum fyrir rafmagn, vatnsnotkun, bensín, gas o.s.frv.
- Framleiðsla á ratsjám, fjarstýringum fyrir útvarp og fjarleiðsögutækjum
- Framleiðsla á tækjum til mælinga og eftirlits með rafmagni, t.d. straummælum, spennumælum, viðnámsmælum o.s.frv.
- Framleiðsla á hvers kyns mælitækjum til eðlis og efnafræðitilrauna
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum tækjum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarframleiðslu, sbr. 33.30*
- *Framleiðsla á sjónaukum og þess háttar sjóntækjum og smásjám, sbr. 33.40*

33.3 33.30 33.30.0 **Framleiðsla og viðhald á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarframleiðslu**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á hitastillum og öðrum tækjum til sjálfvirkrar stillingar
- Framleiðsla á sívirkum stjórnbúnaði fyrir iðnaðarframleiðslu
- Smíði og samsetning sjálfvirkra framleiðslukerfa með margs konar vélum og miðstýrðum eftirlitstækjum
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum búnaði

33.4 33.40 33.40.0 **Framleiðsla á sjóntækjum, ljósmyndavélum o.þ.h.**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á sjónglerjum og sjóntækjum

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á prismum, linsum, sjóntækjaspeglum, litsíum o.fl.
- Framleiðsla á ljósleiðurum og ljósleiðarastrengjum til sýnilegra mynd og ljóssendinga
- Framleiðsla á sjónglerjum og augnlinsum, gleraugnaumgjörðum o.þ.h., þ. á m. sólgleraugum og öðrum augnhlífum
- Framleiðsla á smásjárglerjum, stækkunarglerjum, smásjám, sjónaukum og stjörnukíkjum
- Framleiðsla á ljósmyndavélum, kvikmyndatökuvélum, stækkunar og smækkunartækjum, litskyggnutækjum o.s.frv.
- Framleiðsla á sýningartjöldum
- Viðgerðir og viðhald á ofantöldum hltum, þó ekki hlutum til einka og heimilisnota

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á optískum mæli og eftirlitstækjum, sbr. 33.20*
- *Framleiðsla á sjónvarpsmyndavélum, sbr. 32.20*
- *Starfsemi gleraugnasala, sbr. 52.48.1*
- *Viðgerðir á ljósmyndavélum, sbr. 52.74*

33.5 33.50 33.50.0 **Úr og klukkusmíði**
Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á hvers kyns úrum og klukkum, úrverkum og klukkuhúsum
- Framleiðsla á tækjum til tímamælinga og tímastillinga
- Framleiðsla á úrhlutum, t.d. fjöðrum, vísum, úrarmböndum og úrkeðjum úr málmi

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á úrarmböndum úr öðru en málmi, sbr. 19.20 og 36.22*
- *Framleiðsla á úra og klukkuglerjum, sbr. 26.15*
- *Viðgerðir á úrum og klukkum, sbr. 52.73*

34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla

34.1 34.10 34.10.0 **Bílaverksmiðjur**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á fólksbílum, einnig rafknúnum
- Framleiðsla á vöruflutningabílum, þ. á m. dráttarbílum fyrir tengivagna
- Framleiðsla á strætisvögnum og áætlunarbílum
- Framleiðsla hreyfla í vélknúin ökutæki
- Framleiðsla undirvagna með hreyflum
- Framleiðsla annarra yfirbyggðra vélknúinna ökutækja, t.d. golfkerra, snjósleða, vatnabíla (sjóbíla) o.fl.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á dráttarvélum fyrir landbúnað, sbr. 29.31*
- *Framleiðsla á íhlutum og aukahlutum fyrir hreyfla og vélknúin ökutæki, sbr. 34.30*
- *Framleiðsla á yfirbyggingum fyrir vélknúin ökutæki, sbr. 34.20*
- *Framleiðsla á vélhjólum og hreyflum í þau, sbr. 35.41*
- *Bílaviðgerðir og viðhald, sbr. 50.20*

34.2 34.20 34.20.0 **Smíði yfirbygginga og framleiðsla tengi og aftanívagna**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á yfirbyggingum fyrir bíla og önnur vélknúin ökutæki, þ. á m. bílstjórahús
- Framleiðsla og ísetning búnaðar fyrir vélknúin ökutæki
- Framleiðsla á tengivögnum, hjólhýsum og tjaldvögnum
- Framleiðsla á flutningagámum og vörubílapöllum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á tengi og aftanívögnum gerðum til nota í landbúnaði, sbr. 29.32*
- *Réttingaverkstæði, sbr. 50.20*

34.3 34.30 34.30.0 **Framleiðsla á íhlutum og aukahlutum í bíla**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á hemlum, gírkössum, öxlum, hjólum, útblástursrörum, hljóðkútum, stýrum, stýrishúsum o.s.frv.
- Framleiðsla á íhlutum og aukahlutum fyrir yfirbyggingar, t.d. öryggisbeltum, hurðum, stuðurum o.s.frv.
- Framleiðsla á íhlutum í hreyfla fyrir bíla og vélhjól

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla rafbúnaðar í vélknúin ökutæki, sbr. 31.61*
- *Framleiðsla á rafhlöðum í bíla, sbr. 31.40*
- *Hjólbarðaframleiðsla, sbr. 25.11*
- *Sólun hjólbarða, sbr. 25.12*
- *Framleiðsla á bílsætum, sbr. 36.11*
- *Framleiðsla á bílrúðum og ljósaglerjum fyrir bílljós, sbr. 26.12*
- *Bílaviðgerðir og viðhald, sbr. 50.20*

35 Framleiðsla annarra farartækja

35.1 Skipa og bátasmíði

35.11 35.11.0 Skipasmíði og skipaviðgerðir

Til þessarar greinar telst:
- Smíðar og viðgerðir á fiskiskipum, þ.m.t. togurum, veiðibátum og trillum
- Smíðar og viðgerðir á farþegaskipum, ferjum, flutningaskipum og herskipum
- Framleiðsla skipshluta
- Smíði svifnökkva
- Smíði borpalla
- Framleiðsla ýmiss konar fljótandi búnaðar, t.d. flotkvía, flothylkja, landgöngubrúa, bauja, flotgeyma og pramma
- Framleiðsla á uppblásanlegum bátum og flekum
- Skipabreytingar
- Niðurrif skipa
- Skipamálun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á skipaskrúfum, sbr. 28.75*
- *Framleiðsla á skipshreyflum, sbr. 29.11*
- *Framleiðsla á siglingatækjum, sbr. 33.20*
- *Smíði báta til sport og skemmtisiglinga, sbr. 35.12*

35.12 35.12.0 Smíði og viðgerðir skemmti og sportbáta

Til þessarar greinar telst:
- Smíði og viðgerðir á seglbátum og vélbátum til sport og skemmtisiglinga
- Smíði og viðgerðir á öðrum sport og lystibátum, t.d. kanóum, kajökum og jullum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla skipahreyfla, sbr. 29.11*
- *Framleiðsla seglbretta, sbr. 36.40*
- *Framleiðsla segla, sbr. 17.40.1*

35.2 35.20 35.20.0 Smíði og viðgerðir járnbrautar og sporvagna

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á rafmagns, dísil eða gufuknúnum eimreiðum
- Framleiðsla hvers kyns vagna er ganga á brautarteinum eða sporum
- Framleiðsla á búnaði fyrir vélvirk og rafvélvirk merkja og öryggiskerfi og umferðarstjórnkerfi fyrir járnbrautir, svo og vegakerfi, bílastæði, hafnir og flugvelli

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á hreyflum og hverflum, sbr. 29.11*
- *Framleiðsla á rafhreyflum, sbr. 31.10*
- *Framleiðsla á stjórnbúnaði fyrir rafstýrð (ekki vélvirk) merkja, aðvörunar og öryggiskerfi og umferðarstjórnkerfi fyrir vegakerfi, strandsiglingar, hafnir og flugvelli, sbr. 31.62*

35.3 35.30 35.30.0 **Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara**

Til þessarar greinar telst:
- Smíði, viðgerðir og breytingar á hvers konar flugvélum, þyrlum, svifflugum, loftbelgjum o.þ.h.
- Smíði geimfara og skotpalla til að senda þau á loft, gervihnatta, geimstöðva og geimferja
- Framleiðsla á íhlutum og aukahlutum, t.d. flugskrokkum, vængjum, hurðum, stýrisflötum, lendingarbúnaði, og eldsneytisgeymum
- Framleiðsla á loftskrúfum, flugvélahreyflum og þyrluhreyflum, skrúfu og hverfilblöðum
- Framleiðsla á fangbúnaði
- Framleiðsla á flugþjálfum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á eldflaugum fyrir hernað, sbr. 29.60*
- *Framleiðsla á kveikjuhlutum og öðrum rafstýrðum hlutum fyrir brunahreyfla, sbr. 31.61*
- *Framleiðsla flugmælitækja, sbr. 33.20*
- *Framleiðsla á flugleiðsögutækjum, sbr. 33.20*
- *Framleiðsla á fallhlífum, sbr. 17.40.9*

35.4 Framleiðsla bif og reiðhjóla

35.41 35.41.0 **Framleiðsla bifhjóla**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á vélhjólum og skellinöðrum og hlutum í þau, þ. á m. hreyflum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Viðgerðir á vélhjólum og skellinörðum, sbr. 50.40*

35.42 35.42.0 **Framleiðsla reiðhjóla**

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Reiðhjólaviðgerðir, sbr. 52.74*

35.43 35.43.0 **Framleiðsla og viðgerðir farartækja fyrir fatlaða**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á hjólastólum með eða án vélar

35.5 35.50 35.50.0 **Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna farartækja**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á hjólbörum, farangursvögnum, innkaupakerrum, og handvögnum, dráttarvögnum, veitingavögnum o.s.frv.

36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður

36.1 Húsgagnaiðnaður

36.11 36.11.0 **Sófa og stólaframleiðsla; bólstrun**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á hvers kyns stólum og sófum, þ. á m. svefnsófum, úr hvaða efni sem er fyrir skrifstofur, vinnustaði og heimili til nota innanhúss og utan
- Framleiðsla á sætum úr hvaða efni sem er fyrir leikhús, kvikmyndahús o.þ.h.
- Framleiðsla á hvers kyns sætum fyrir bíla og flugvélar og önnur farartæki

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á búnaði fyrir sjúkrahús, lækna, tannlækna og dýralæknastofur, sbr. 33.10*
- *Húsgagnaviðgerðir, sbr. 36.14*

36.12 36.12.0 **Framleiðsla á skrifstofu og verslunarhúsgögnum, þó ekki stólum**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á húsgögnum og búnaði fyrir verslanir, t.d. búðarborðum, sýningarskápum og hillum
- Framleiðsla á húsgögnum fyrir skrifstofur og aðra vinnustaði
- Framleiðsla á skólahúsgögnum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á skrifstofustólum, sbr. 36.11*
- *Framleiðsla á húsgögnum fyrir sjúkrahús, lækna, tannlækna og dýralæknastofur, sbr. 33.10*
- *Framleiðsla á ljósum og ljósastæðum, sbr. 31.50*
- *Framleiðsla á skápaumgjörðum fyrir útvarps og sjónvarpstæki, hátalara og ísskápa, sbr. 32.30 og 29.71*
- *Húsgagnaviðgerðir sbr. 36.14*

36.13 36.13.0 **Innréttingasmíði**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á sérsmíðuðum eldhús og baðinnréttingum
- Framleiðsla á eldhús og baðskápum, innbyggðum skápum o.fl. í stöðluðum einingum
- Framleiðsla á fataskápum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á eldhússtólum, sbr. 36.11*
- *Uppsetning innréttinga, sbr. 45.42*

36.14 36.14.0 **Annar húsgagnaiðnaður og húsgagnaviðgerðir**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á öðrum húsgögnum fyrir heimili, s.s. hillum, borðum, kommóðum, skattholum, rúmum o.s.frv.

Þar á meðal er:
- Önnur ótilgreind starfsemi húsgagnasmiða, s.s. sérsmíði húsgagna og viðgerðir
- Húsgagnalökkun, sýruhreinsun nýrra og gamalla húsgagna o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á stólum, sbr. 36.11*
- *Framleiðslaá eldhúsinnréttingum, sbr. 36.13*
- *Framleiðsla á lömpum og ljósastæðum, sbr. 31.50*
- *Framleiðsla á skápaumgjörðum fyrir útvarps og sjónvarpstæki, hátalara og ísskápa, sbr. 32.30 og 29.71*

36.15 36.15.0 **Dýnuframleiðsla**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á rúmdýnum úr gúmmísvampi eða plastsvampi
- Framleiðsla á bólstruðum gormadýnum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á vindsængum, sbr. 25.13*
- *Framleiðsla á koddum, púðum, vattteppum og sængum, sbr. 17.40.2*

36.2 Skartgripasmíði og skyld framleiðsla

36.21 36.21.0 **Myntslátta**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla skiptimyntar og heiðurspeninga

36.22 36.22.0 **Skartgripasmíði og önnur ótalin gull og silfursmíði**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla handsmíðaðra gripa úr gulli og silfri, t.d. borðbúnaðar, skrifborðsgripa, skriffæra, gripa fyrir trúarathafnir o.s.frv.
- Vinnsla á perlum
- Framleiðsla og slípun eðalsteina og hálfeðalsteina, þ. á m. slípun eðalsteina til nota í iðnaði, svo og tilbúinna eðalsteina og hálfeðalsteina
- Demantaslípun
- Smíði skartgripa úr góðmálmum eða með góðmálmahúð með eðalsteinum eða hálfeðalsteinum eða samsetningum þeirra
- Framleiðsla gull og silfurmuna í verksmiðjum, þ. á m. starfsemi gull- og silfurhúðunarverkstæða
- Viðgerðir á skartgripum og öðrum gull og silfurmunum
- Leturgröftur á silfur og gullmuni

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla úrkassa og klukkuhúsa, sbr. 33.50*
- *Framleiðsla á óekta skartgripum, sbr. 36.61*
- *Skartgripaverslun, sbr. 52.48.3*
- *Úra og klukkuviðgerðir, sbr. 52.73*

36.3 36.30 36.30.0 **Hljóðfærasmíði**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla strengja, blásturs og ásláttarhljóðfæra
- Framleiðsla íhluta og aukahluta fyrir hljóðfæri, t.d. taktmæla, tónkvísla, strengja o.s.frv.
- Framleiðsla á rafeindahljóðfærum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á leikfangahljóðfærum, sbr. 36.50*
- *Píanóstillingar, sbr 52.74*

36.4 36.40 36.40.0 **Sportvörugerð**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á áhöldum fyrir íþróttaiðkun innanhúss og utan, t.d. boltum, skíðum, sleðum, seglbrettum, o.þ.h.
- Framleiðsla á veiðistöngum og öðrum búnaði fyrir stangaveiði og dýraveiðar
- Framleiðsla á íþróttahönskum og höfuðbúnaði fyrir íþróttaiðkun
- Framleiðsla á skautum og hjólaskautum
- Framleiðsla á búnaði fyrir fimleika og frjálsar íþróttir

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla vopna og skotfæra fyrir veiðar og sportveiði, sbr. 29.60*
- *Framleiðsla skemmti og sportbáta, sbr. 35.12*
- *Framleiðsla bátasegla, sbr. 17.40.1*
- *Framleiðsla íþróttafatnaðar, sbr. 18.24*
- *Framleiðsla á skófatnaði fyrir íþróttafólk, sbr. 19.3*
- *Framleiðsla á billjarðsborðum og keiluspilsáhöldum, sbr. 36.50*
- *Framleiðsla á svipum, sbr. 36.63*

36.5 36.50 36.50.0 **Leikfangagerð**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á þríhjólum
- Framleiðsla á leikfangahljóðfærum
- Framleiðsla á spilakortum
- Framleiðsla á spilakössum, billjarðsborðum, fjárhættuspilaborðum og búnaði fyrir keiluspilabrautir
- Framleiðsla á tölvuleikjum, t.d. á myndböndum og skáktölvum
- Framleiðsla á raðleikföngum til módelsmíða og annarra smíða, stykkjaþrautum, o.fl.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á tvíhjólum fyrir börn, sbr. 35.42*
- *Framleiðsla á glys og skrautvarningi, sbr. 36.63*
- *Framleiðsla á flugeldum, sbr. 24.61*

36.6 Margs konar ótalinn iðnaður

36.61 36.61.0 **Framleiðsla óekta skartgripa**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á skartgripum úr hvers kyns efnum öðrum en góðmálmum og eðalsteinum

Til þessarar greinar telst ekki:
Smíði og viðgerðir gull og silfurskartgripa, sbr. 36.22

36.62 36.62.0 **Burstagerð**

Til þessarar greinar telst:
- Framleiðsla á kústum, málningarpenslum, burstum og rúllum og handstýrðum gólfpússningaráhöldum
- Framleiðsla á skó og fataburstum
- Framleiðsla á tannburstum

36.63 36.63.0 **Annar ótalinn iðnaður**

Til þessarar greinar telst:
- Kertaverksmiðjur
- Skiltagerð
- Framleiðsla barnavagna og barnakerra
- Framleiðsla á regnhlífum, sólhlífum, göngustöfum, svipum, hnöppum, smellum og rennilásum
- Framleiðsla á lampaskermum
- Framleiðsla á pennum, blýöntum, dagsetningar og númerastimplum, litaböndum og stimpilpúðum
- Framleiðsla á eldspýtum og sígarettukveikjurum
- Framleiðsla á varningi til einkanota, t.d. pípum, hárgreiðum, hárkollum o.fl.
- Framleiðsla á línóleumdúk
- Framleiðsla á ýmsum öðrum varningi, t.d. gerviblómum, hátíða og skrautvarningi, útstillingargínum og sníðagínum, hitabrúsum o.fl.
- Uppstoppun dýra
- Framleiðsla á rennilásum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla gúmmí og plaststimpla, sbr. 22.25*

37 Endurvinnsla

37.1 37.10 37.10.0 **Endurvinnsla málma og brotajárns**

Til þessarar greinar telst:

- Vinnsla brotamálms og nýrra eða notaðra málmafurða í því skyni að framleiða ný hráefni. Er þá miðað við að úrvinnsluefnið og lokaafurðin séu bæði endurunnin, úrvinnsluefnið úr flokkuðum eða óflokkuðum málmafurðum sem ekki er hægt að nýta beint til framleiðslu, en lokaafurðin sé framleidd með frekari úrvinnslu í huga, og getur hún því talist milliafurð. Efnameðferð eða vélvirk vinnsla er nauðsynleg við endurvinnsluna.
- Endurvinnsluefnin eru allar tegundir brotamálms.

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Framleiðsla nýrra efna úr brotamálmi, sbr. 27*
- *Heildverslun með brotamálm, þ. á m. söfnun, flokkun, pökkun, verslun, o.s.frv. án frekari úrvinnslu, sbr. 51.57*
- *Heildverslun eða smásöluverslun með notaðan varning, sbr. 51 og 52.50*
- *Niðurrif skipa, sbr. 35.11*

37.2 37.20 37.20.0 **Endurvinnsla á öðru en málmum**

Til þessarar greinar telst:

- Vinnsla úrgangsefna, nýrra eða notaðra efna, sem ekki innhalda málma, í því skyni að framleiða ný hráefni. Er þá miðað við að úrvinnsluefnið og lokaafurðin séu bæði endurunnin, úrvinnsluefnið úr flokkuðum eða óflokkuðum afurðum sem ekki er hægt að nýta beint til framleiðslu, en lokaafurðin sé framleidd með frekari úrvinnslu í huga, og getur hún því talist milliafurð. Efnameðferð eða vélvirk vinnsla er nauðsynleg við endurvinnsluna.
- Endurvinnsluefnin eru margvísleg og afurðirnar geta einnig talist til margra annarra iðnaðargreina.

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Framleiðsla nýrra efna eða afgangsafurða frá spuna, framleiðsla pappírskvoðu úr úrgangspappír né sólun gúmmíhjólbarða. Framleiðsla þessara afurða er flokkuð í viðkomandi atvinnugrein, sbr. t.d. 17.10, 21.11 og 25.12*
- *Meðferð úrgangsefna frá matvæla og tóbaksiðnaði, sbr. 15 og 16*
- *Heildverslun með úrgangsefni, þ. á m. söfnun, flokkun, pökkun, verslun o.s.frv. án frekari úrvinnslu, sbr. 51.57*
- *Heildverslun eða smásöluverslun með notaðar vörur, sbr. 51 og 52.50*

40 Rafmagns, gas- og hitaveitur

40.1 **40.10** 40.10.0 **Rafmagnsveitur**

Til þessarar greinar telst:
- Vinnsla raforku án tillits til vinnsluaðferðar, þ. á m. úr vindorku og öðrum óhefðbundnum orkulindum
- Flutningur raforku um háspennukerfi og dreifing hennar til notenda

Þar á meðal eru:
- Orkuver til samvinnslu á raforku og varma

40.2 **40.20** 40.20.0 **Gasveitur**

Til þessarar greinar telst:
- Jarðgasveitur, þar með talinn flutningur á jarðgasi um pípur innan samtengds pípuveitukerfis ásamt geymsluvirkjum í tengslum við það

Þar á meðal er:
- Framleiðsla á gasi úr lífrænum efnum
- Hreinsun á jarðgasi
- Framleiðsla á flöskugasi

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Koxframleiðsla, sbr. 23.10*
- *Gasframleiðsla úr kolum, sbr. 23.10*
- *Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum, sbr. 23.20*
- *Framleiðsla á gastegundum til iðnaðar, sbr. 24.11*
- *Vinnsla á jarðgasi, sbr. 11.10*
- *Framleiðsla á brennslugasi í olíuhreinsistöðvum, sbr. 23.20*

40.3 **40.30** 40.30.0 **Hitaveitur**

Til þessarar greinar telst:
- Hagnýting og dreifing á heitu vatni og gufu

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Eigin kyndistöðvar í stórum byggingum, sbr. 70.2*

41 Vatnsveitur

41.0 **41.00** 41.00.0 **Vatnsveitur**

Til þessarar greinar telst:
- Vatnsöflun, hreinsun og dreifing vatns

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Vinnsla frárennslisvatns, sbr. 90.00*

45 Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Til þessarar deildar atvinnugreina telst:
- Hvers kyns starfsemi er tengist því að reisa, breyta, endurbyggja, halda við og rífa niður byggingar auk framkvæmda við mannvirki, t.d. vegagerð og vegaviðhald, flugvallagerð, vatnsveitur og skolpræsi.
- Til byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar teljast einnig yfirverktakar, þ.e. fyrirtæki sem ekki útvega vinnuafl sjálf heldur gera samning um framkvæmdir við undirverktaka.
- Leiga vinnuvéla og efnis til framkvæmda fellur undir þessa deild þegar leigunni fylgir viðeigandi starfsfólk.

Til þessarar deildar telst ekki:
- *Uppsetning verksmiðjuframleiddra húsa eða annarra bygginga telst til iðnaðar þegar fyrirtækin framleiða byggingareiningar sjálf og þær eru ekki sérsniðnar í hverju tilviki. Flokkun í atvinnugrein fer eftir grunnefninu sem notað er við starfsemina.*
- *Sé steinsteypa grunnefni byggingareininganna flokkast starfsemin þó alltaf undir byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.*
- *Sem dæmi telst uppsetning bygginga og mannvirkja úr málmeiningum framleiddum á eigin málmsmíðaverkstæði eða verksmiðju til atvinnugreinar 28.11 og uppsetning bygginga úr viðareiningum sem framleiddar eru á eigin trésmíðaverkstæði eða verksmiðju telst til 20.30. Framleiðsla á steypueiningum án uppsetningar telst til 26.61*

45.1 Undirbúningsvinna á byggingarstað

45.11 45.11.0 Niðurrif bygginga og jarðvegsvinna

Til þessarar greinar telst:
- Niðurrif húsa og annarra bygginga
- Hreinsun og ruðning byggingarlóða
- Jarðvegsvinna, t.d. uppgröftur, uppfylling, jöfnun lands og sléttun byggingarlóða, skurðgröftur, fjarlæging klettasteina og grjóts svo og sprengingar
- Undirbúningur fyrir grjótnám, t.d. að fjarlægja yfirborðsjarðveg
- Framræsla byggingarlóða
- Framræsla lands til annarra nota, t.d. vegna ræktunar eða skógræktar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Verktakavinna vegna jarðyrkju við skrúðgarða og almenningsgarða, sbr. 01.41*
- *Útgröftur fyrir húsgrunnum og kjöllurum, sbr. 45.20*

45.12 45.12.0 Boranir vegna bygginga og mannvirkja

Til þessarar greinar telst:
- Jarðvegskönnun og sýnataka í tengslum við byggingar og önnur mannvirki fyrir jarðeðlisfræðilegar og jarðfræðilegar athuganir eða í öðrum tilgangi

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Olíu og jarðgasleit, rannsóknir á sviði jarðeðlisfræði og jarðfræði og jarðskjálftarannsóknir, sbr. 74.20.4*
- *Boranir vegna olíu og jarðgassbrunna, sbr. 11.20*
- *Boranir fyrir vatnsbrunnum, sbr. 45.20*
- *Tilraunaboranir í tengslum við olíu og jarðgasvinnslu, sbr. 11.20*

45.2 45.20 45.20.0 **Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð**

Til þessarar greinar telst:
- Smíði, breytingar og viðgerðir á hvers kyns byggingum (að undanskilinni niðurrifs og jarðvegsvinnu), þ. á m. samsetning og uppsetning verksmiðjuframleiddra einingahúsa
- Mannvirkjagerð, t.d. brúarsmíði, gerð jarðganga og lagning leiðslu og veitukerfa fyrir vatnsleiðslur, fjarskipta og rafmagnsleiðslur
- Vegagerð og lagning göngustíga, þ. á m. lagning malbiks
- Flugvallagerð
- Smíði íþróttamannvirkja, sundstaða, golfvalla o.s.frv.
- Hafnargerð og bryggjusmíði, stíflugerð og bygging varnargarða
- Dýpkunarframkvæmdir
- Mannvirkjagerð neðansjávar
- Ýmis byggingarstarfsemi sem krefst sérhæfingar eða sérbúnaðar

Þar á meðal er:
- Smíði þakburðarvirkja
- Klæðing með þakefnum
- Uppsetning á þakrennum og þakpappaklæðing
- Lagning veitukerfa í jörð
- Starfsemi fyrirtækja er leigja út, setja upp og taka niður vinnupalla
- Smíði undirstöðu fyrir byggingar og mannvirki
- Borun eftir neysluvatni og gerð vatnsbóla
- Járnbending

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Verktakastarfsemi vegna jarðyrkju og við lagningu skrúðgarða og almenningsgarða, sbr. 01.41*
- *Tæknileg þjónusta í tengslum við olíu og jarðgasvinnslu, sbr. 11.20*
- *Sanddæling og dýpkunarframkvæmdir í því skyni að nýta jarðefnin, sbr. 14.21*
- *Uppsetning fullbúinna einingahúsa – ekki steinsteyptra – sem framleidd eru í eigin verksmiðjum, sbr. deildir 20, 26, 27 og 28*
- *Lagnavinna sbr. 45.3*
- *Frágangur bygginga, sbr. 45.4*
- *Starfsemi arkitekta, sbr. 74.20.3*
- *Starfsemi ráðgefandi byggingarverkfræðinga, sbr. 74.20.1*
- *Undirbúningsvinna á byggingarstað, sbr. 45.11*
- *Framleiðsla steinsteyptra byggingareininga í verksmiðjum, sbr. 26.61*
- *Leiga á vinnupöllum án uppsetningar, sbr. 71.32*

45.3 Lagnavinna

45.31 45.31.0 **Raf og boðlagnir; starfsemi rafverktaka**

Til þessarar greinar telst:
- Lagning og viðgerðir á rafleiðslum og raftengjum, rafhitunarkerfum, lyftum, rúllustigum, brunaboðum, þjófavarnarkerfum, símaleiðslum og öðrum fjarskiptaleiðslum
- Lagning raflýsingar og merkjakerfa fyrir vegakerfi, flugvelli og hafnir

Þar á meðal er:
- Starfsemi rafvirkja sem reka smásölu

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Viðgerðarverkstæði fyrir rafmagnsheimilistæki, sbr. 52.72*

45.32 45.32.0 **Einangrun**

Til þessarar greinar telst:
- Uppsetning hita, hljóð og titringseinangrunar í hús og önnur mannvirki

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Lagning vatnseinangrunar á þök, t.d. þakpappa, sbr. 45.20*

45.33 45.33.0 **Pípulagnir**

Til þessarar greinar telst:
- Lagning vatnsröra og hreinlætistækja í byggingar
- Lagning og viðgerðir á ofnum og lögnum fyrir húshitun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Lagning og viðgerðir á rafhitunarkerfum, sbr. 45.31*
- *Uppsetning á þakrennum og þakpappaklæðning, sbr. 45.20*

45.4 Frágangur bygginga

45.41 45.41.0 **Múrverk**

Til þessarar greinar telst:
- Öll starfsemi múrarameistara, þ. á m. pússning innanhúss og utan

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Alhliða byggingarstarfsemi þótt hún sé í höndum múrarameistara, sbr. 45.20*

45.42 45.42.0 **Húsasmíði og uppsetning innréttinga**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi húsasmíðameistara við alhliða trésmíðar innanhúss

Þar á meðal er:
- Ísetning hurða og glugga, dyra og gluggakarma úr viði eða öðrum efnum sem ekki eru framleiddir á eigin verkstæði eða verksmiðju
- Uppsetning eldhúsinnréttinga, stiga, verslanabúnaðar o.þ.h. úr viði eða öðrum efnum sem ekki er framleiddur á eigin verkstæði eða verksmiðju
- Frágangur innanhúss, t.d. með loft eða veggklæðingu úr viði, færanlegum skilrúmum o.fl.
- Lagning parketgólfa og annarra viðargólfefna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Uppsetning einingahúsa og bygginga úr einingum sem framleiddar eru í eigin verksmiðju, en hún telst til iðnaðarframleiðslu, sbr. 20.30, 26.61 og 28.11*
- *Innréttingasmíði, sbr. 36.13 og húsgagnasmíði, sbr. 36.14*
- *Alhliða byggingarstarfsemi, þótt hún sé í höndum húsasmíðameistara, sbr. 45.20.*

45.43 45.43.0 **Lagning gólf og veggefna, þó ekki úr viði**

Til þessarar greinar telst:
- Flísalagning á gólf og veggi með keramikflísum, steyptum flísum eða steini
- Dúklagning með gólf og veggdúkum
- Teppalagning
- Lagning marmara, terrassó, graníts eða steinflaga á gólf og veggi
- Veggfóðrun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Lagning parketgólfa og annarra gólfefna úr viði, sbr. 45.42*

45.44 Málningarvinna og glerjun

45.44.1 Málningarvinna

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi málarameistara

Þar á meðal er:
- Málun bygginga innanhúss og utan
- Brúarmálun og málun vegamerkinga o.fl.
- Skiltamálun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Veggfóðrun, sbr. 45.43*
- *Bílamálun, sbr. 50.20*
- *Húsgagnamálun og lökkun, sbr. 36.14*
- *Skipamálun, sbr. 35.11*

45.44.2 Glerjun
Til þessarar greinar telst:
- Ísetning glers, spegla o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Skurður og vinnsla á glerplötum, sbr. 26.12*
- *Ísetning glugga og gluggakarma, sbr. 45.42*
- *Viðgerðir og ísetning á bílrúðum, sbr. 50.20*

45.45 45.45.0 **Annar frágangur bygginga**
Til þessarar greinar telst:
- Lagning lítilla sundlauga og heitra potta í einkahíbýlum
- Gufuhreinsun, sandblástur á veggflötum o.þ.h.
- Hreingerning á nýreistum byggingum eftir verklok

45.5 **45.50** 45.50.0 **Leiga á vinnuvélum með stjórnanda**
Til þessarar greinar telst:
- Leiga á krönum, jarðýtum, körfubílum, dráttarvélum o.þ.h. ásamt stjórnanda við byggingar og mannvirkjagerð, þ. á m. til niðurrifs

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Leiga á vinnuvélum fyrir byggingar og mannvirkjagerð án stjórnanda, sbr. 71.32*
- *Vinnupallafyrirtæki, sbr. 45.20*

50 Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensínstöðvar

Til þessarar greinar telst:
- Öll starfsemi (fyrir utan framleiðslu og leigu) er tengist vélknúnum ökutækjum, þar á meðal vörubílum og hjólhýsum
- Heildsala og smásala á nýjum og notuðum bílum
- Bílaviðgerðir og viðhald
- Heildsala og smásala á varahlutum og fylgihlutum
- Umboðsstarfsemi í tengslum við heildsölu og smásölu á bílum, þ. á m. bílauppboð
- Bílaþvottur og bílabónun o.s.frv.
- Smásala bílaeldsneytis (bensínstöðvar)

50.1 **50.10** **Bílasala**

50.10.1 Bílasala með nýja bíla
Til þessarar greinar telst:
- Smásala á nýjum bílum, s.s. einkabílum, vörubílum o.s.frv.
- Smásala á nýjum tengivögnum, hjólhýsum, húsvögnum og svipuðum farartækjum
- Smásala á nýjum bílum í tengslum við verslun með varahluti og fylgihluti í bíla

Þar á meðal er:
- Smásala á rafknúnum bílum
- Smásala á torfærubílum, s.s. jeppum
- Smásala á einkabílum til sérstakra nota, t.d. sjúkrabílum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildsala og smásala á varahlutum og fylgihlutum í bíla o.þ.h., sbr. 50.3*
- *Heildsala á dráttarvélum, sbr. 51.66*
- *Heildsala og smásala á vélhjólum, sbr. 50.40*

50.10.2 Bílasala með notaða bíla

Til þessarar greinar telst:
- Umboðsverslun og smásala á notuðum bílum, s.s. einkabílum, vörubílum o.s.frv.
- Umboðsverslun og smásala á tengivögnum, hjólhýsum, húsvögnum og svipuðum farartækjum

Þar á meðal er:
- Umboðsverslun og smásala á rafknúnum bílum
- Umboðsverslun og smásala á torfærubílum, s.s. jeppum
- Umboðsverslun og smásala á einkabílum til sérstakra nota, t.d. sjúkrabílum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildsala og smásala á varahlutum og fylgihlutum í bíla o.þ.h., sbr. 50.3*
- *Heildsala á dráttarvélum, sbr. 51.66*
- *Heildsala og smásala á vélhjólum, sbr. 50.40*

50.2 50.20 50.20.0 **Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi bílaverkstæða

Þar á meðal er:
- Viðgerðir á bílvélum og íhlutum vélar
- Almennt eftirlit, stillingar og skoðanir
- Viðgerðir á öðrum bílhlutum en vélum, s.s. réttingar og viðgerðir rafkerfis
- Bílasprautun
- Bílaþvottur og bónun
- Hjólbarðasala
- Hjólbarðaverkstæði
- Ryðvörn
- Dráttarbílaþjónusta
- Ísetning bílhluta og fylgihluta

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Sólun notaðra hjólbarða, sbr. 25.12*
- *Viðgerð og viðhald vélhjóla, sbr. 50.40*

50.3 **50.30** 50.30.0 **Sala vara og fylgihluta í bíla**

Til þessarar greinar telst:
- Heildsala og smásala á varahlutum og fylgihlutum í notaða bíla (án viðgerðarþjónustu), t.d. smásala á bílaútvörpum o.þ.h.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Hjólbarðaverkstæði, sbr. 50.20*
- *Niðurrif á bílum, sbr. 51.57*
- *Sala á varahlutum og fylgihlutum í nýja bíla, sbr. 50.10.1*

50.4 **50.40** 50.40.0 **Sala, viðhald og viðgerðir vélhjóla og torfærutækja, auka og varahluta í þau**

Til þessarar greinar telst:
- Heildsala og smásala á skellinöðrum og þyngri vélhjólum
- Heildsala og smásala á varahlutum og fylgihlutum fyrir skellinöðrur og þyngri vélhjól
- Heildsala og smásala á torfærutækjum og vélsleðum
- Umboðsstarfsemi í tengslum við verslun með vélhjól
- Viðgerðir og viðhald vélhjóla

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildsala og smásala á reiðhjólum, viðgerðir þeirra og viðhald, sbr. 51.47.9, 52.49.5, 52.74*

50.5 **50.50** 50.50.0 **Bensínstöðvar**

Til þessarar greinar telst:
- Smásala á bílaeldsneyti, með eða án smásölu annarrar vöru, s.s. ýmiss konar daglegs neysluvarnings

Til þessarar greinar telst ekki
- *Heildverslun með bílaeldsneyti, sbr. 51.51*

51 **Umboðs- og heildverslun með annað en bíla og vélhjól**

Til þessarar greinar telst:
- Sala nýrrar og notaðrar vöru (án breytinga á henni) til fyrirtækja, stofnana og annars atvinnurekstrar eða vörumiðlun sem umboðsmenn sjá um
- Starfsemi heildsala, innflytjenda og samvinnufélaga um innkaup, vörumiðlara, umboðsmanna, kaupenda og samvinnufyrirtækja er selja landbúnaðarafurðir

Þar á meðal er:
- Venjuleg meðferð vöru hjá heildsölum, t.d. söfnun og flokkun vöru í stórar sendingar, umhleðsla, umpökkun og átöppun á flöskur, skipting í minni sendingar, t.d. á lyfjum, geymsla, kæling og afgreiðsla vöru á eigin reikning

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með bíla og vélhjól, sbr. 50.1, 50.40*
- *Heildverslun með fylgihluti í bíla, sbr. 50.30*
- *Leiga á farartækjum, vélum og margs konar tækjum, sbr. 71*

51.1 **Umboðsverslun gegn þóknun eða skv. samningi**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi umboðsmanna og umboðssala, vörumiðlara og annarra heildsölufyrirtækja sem gera viðskipti sín á reikning annarra
- Miðlun sambanda milli seljenda og kaupenda eða umsjón með verslunarviðskiptum fyrir aðra

Þar á meðal er:
- Uppboðshald sem fram fer á reikning annarra

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Miðlun umboðsmanna við sölu bíla og vélhjóla, sbr. 50.1, 50.40*
- *Heildverslun í eigin nafni, sbr. 51.251.7*
- *Smásala milli umboðsmanna, sbr. 52*
- *Tryggingaumboð, sbr. 67.20*
- *Fasteignamiðlun, sbr. 70.31*

51.11 51.11.0 **Umboðsverslun með hráefni úr landbúnaði, lifdýr, hráefni til vefjariðnaðar og hálfunna vöru**

Þar á meðal eru:
- Húsdýrasalar

51.12 51.12.0 **Umboðsverslun með eldsneyti, málmgrýti, málma og efnavöru**

Þar á meðal er:
- Umboðsverslun með tilbúinn áburð

51.13 51.13.0 **Umboðsverslun með timbur og byggingarefni**

51.14 51.14.0 **Umboðsverslun með vélar og vélbúnað, iðnaðarvélar, skip og loftför**

51.15 51.15.0 **Umboðsverslun með húsgögn, heimilisbúnað, járnvöru og verkfæri**

51.16 51.16.0 **Umboðsverslun með vefnaðarvöru, fatnað, skófatnað og leðurvöru**

Þar á meðal er:
- Umboðsverslun með loðskinnsvöru

51.17 **Umboðsverslun með matvöru, drykkjarvöru og tóbak**

51.17.1 Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir

51.17.2 Fiskmarkaðir

51.17.9 Umboðsverslun með aðra matvöru en fisk, drykkjarvöru og tóbak

51.18 51.18.0 **Umboðsverslun með aðra tiltekna vöru og vöruflokka**

51.19 51.19.0 **Umboðsverslun með margs konar vöru**

51.2 Heildverslun með hráefni úr landbúnaði og lífdýr

51.21 51.21.0 **Heildverslun með korn, fræ og dýrafóður**
Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með dýrafóður fyrir landbúnaðinn

Þar á meðal er:
Heildverslun með blómlauka og fræ
Heildverslun með olíu og feiti sem ekki er til manneldis

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með áburðarefni, sbr. 51.55*
- *Heildverslun með loðdýra og gæludýrafóður, sbr. 51.39*

51.22 51.22.0 **Heildverslun með blóm og plöntur**
Þar á meðal er:
- Heildverslun með jólatré og grænar greinar fyrir blómaskreytingar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með blómlauka og fræ, sbr. 51.21*
- *Heildverslun með textíltrefjar, sbr. 51.56*

51.23 51.23.0 **Heildverslun með lífdýr**
Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með gæludýr, sbr. 51.70*
- *Húsdýrasalar, sbr. 51.11*
- *Sala reiðhesta hjá hrossaræktendum, sbr. 01.22.2*

51.24 51.24.0 **Heildverslun með húðir, skinn og leður**
Þar á meðal er:
- Heildverslun með óunna ull

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með leðurvörur, sbr. 51.47.9*

51.25 51.25.0 **Heildverslun með óunnið tóbak**

51.3 Heildverslun með matvæli, drykkjarvöru og tóbak

51.31 51.31.0 **Heildverslun með ávexti og grænmeti**
Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með óunna ávexti og grænmeti, þ. á m. kartöflur
- Heildverslun með lífrænt ræktað grænmeti

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með blóm og plöntur, sbr. 51.22*

51.32 51.32.0 **Heildverslun með kjöt og kjötvöru**
Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með kjöt, fuglakjöt, villibráð og unnar kjötvörur

51.33 51.33.0 **Heildverslun með mjólkurafurðir, egg, olíu til manneldis og feiti**
Þar á meðal er:
- Heildverslun með eggjaafurðir
- Heildverslun með matarolíu og feiti sem unnin er úr dýrafitu og jurtum

51.34 51.34.0 **Heildverslun með áfengi og aðra drykkjarvöru**
Til þessarar greinar telst:
- Átöppun í tengslum við heildverslun
- Heildverslun með öl og gosdrykki
- Heildverslun með léttvín og eimaða áfenga drykki

Þar á meðal:
- Heildverslun með ávaxtavín
- Heildverslun með ávaxta og grænmetissafa o.þ.h.

51.35 51.35.0 **Heildverslun með tóbaksvöru**
Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með óunnið tóbak, sbr. 51.25*

51.36 51.36.0 **Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti**

51.37 51.37.0 **Heildverslun með kaffi, te, kakó og krydd**
Þar á meðal eru:
- Kaffibrennslur í tengslum við heildverslun

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Kaffibrennslur sem hafa launað starfsfólk í þjónustu sinni, sbr. 15.86*

51.38 51.38.0 **Heildverslun með fisk og fiskafurðir**
Þar á meðal er:
- Útflutningur á fiski og fiskafurðum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir, sbr. 51.17.1*
- *Fiskmarkaðir, sbr. 51.17.2*

51.39 51.39.0 **Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak**
Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með margvíslega vöruflokka nýlenduvöru og tóbaks
- Heildverslun með brauð, kökur og kex
- Heildverslun með hollustufæði, s.s. megrunarfæði, náttúrulyf og náttúruafurðir
- Önnur sérhæfð heildverslun með matvörur og tóbak, t.d. kartöfluafurðir, s.s. franskar kartöflur o.þ.h., gæludýra og loðdýrafóður o.fl.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með lífrænt ræktað grænmeti, sbr. 51.31*

51.4 Heildverslun með fatnað og varning til heimilisnota

51.41 51.41.0 **Heildverslun með vefnaðarvöru**

Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með garn
- Heildverslun með ofin efni, þ. á m. húsgagnaáklæði, og gluggatjaldaefni
- Heildverslun með vefnaðarvöru til heimilisnota
- Heildverslun með saumavarning og leggingar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með teppi, sbr. 51.47.2*
- *Heildverslun með fatnað, sbr. 51.42*
- *Heildverslun með óunna ull, sbr. 51.24*
- *Heildverslun með textíltrefjar, sbr. 51.56*

51.42 Heildverslun með fatnað og skófatnað

51.42.1 Heildverslun með fatnað

Þar á meðal er:
- Heildverslun með íþróttafatnað
- Heildverslun með fylgihluti með fatnaði, t.d. hanska, hálsbindi, axlabönd o.s.frv.
- Heildverslun með loðskinns og leðurfatnað
- Heildverslun með regnhlífar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með leðurvarning, sbr. 51.47.9*

51.42.2 Heildverslun með skófatnað

Þar á meðal er:
- Heildverslun með hvers kyns íþróttaskó

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með leðurvarning, sbr. 51.47.9*

51.43 51.43.0 **Heildverslun með heimilistæki, útvarps og sjónvarpstæki, lampa, rafmagnstæki o.þ.h.**

Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með ísskápa, frystiskápa, eldavélar, uppþvottavélar, þurrkara, þerriskápa, þvottavélar, örbylgjuofna o.þ.h.
- Heildverslun með útvörp og sjónvörp
- Heildverslun með myndbandstæki, hljómflutningstæki o.þ.h.
- Heildverslun með hljómplötur, hljóðsegulbönd, geisladiska, átekin og óátekin myndbönd o.þ.h.
- Heildverslun með lampa og rafmagnstæki til heimilisnota, s.s. ryksugur, kaffivélar o.þ.h.
- Heildverslun með rafleiðslur o.þ.h. fyrir heimili

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með rafleiðslur fyrir atvinnurekstur, sbr. 51.65.9*

51.44 Heildverslun með postulín, glervöru og hreingerningarefni

51.44.1 Heildverslun með postulín og glervöru

51.44.2 Heildverslun með hreingerningarefni
Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með hreingerningarefni til heimilisnota

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með hreingerningarefni til iðnaðarnota, sbr. 51.55.0*

51.45 51.45.0 **Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru**

51.46 51.46.0 **Heildverslun með lyf og lækningavörur**
Þar á meðal er:
- Heildverslun með áhöld og tæki fyrir lækna og sjúkrahús
- Heildverslun með hjúkrunar og lækningavörur
- Heildverslun með hjálpartæki fyrir sjúka og fatlaða
- Heildverslun með tannlæknavörur

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heildverslun með megrunarvörur og náttúrulyf, sbr. 51.39*

51.47 Heildverslun með annan varning til heimilisnota

51.47.1 Heildverslun með húsgögn

51.47.2 Heildverslun með teppi og önnur gólfefni

51.47.3 Heildverslun með úr, sjóntæki og ljósmyndavörur

51.47.4 Heildverslun með leikföng

51.47.5 Heildverslun með bækur, blöð og ritföng
Þar á meðal er:
- Heildverslun með pappírsvörur til heimilisnota

51.47.9 Heildverslun með annan ótalinn varning til heimilisnota
Til þessarar greinar telst:
- Heildverslun með búsáhöld, þó ekki postulín og glervöru
- Orkustofnun
- Norræna eldfjallastöðin
- Veðurstofa Íslands
- Rannsóknastofnanir í tengslum við starfsemi háskóla sem hafa sjálfstætt bókhald, s.s. Raunvísindastofnun Háskólans, Líffræðistofnun Háskólans o.fl.

73.2 73.20 73.20.0 **Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum**

Til þessarar greinar telst:

- Skipulegar rannsóknir og skapandi starf skv. ofangreindri þrískiptingu við vísindarannsóknir og þróunarstarf á sviði félagsvísinda- og hugvísindagreina (hagfræði, sálfræði, þjóðfélagsfræði, lögfræði, málvísinda, tungumála, sagnfræði, lista o.s.frv.).

Þar á meðal er:

- Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála
- Rannsóknastofnanir í tengslum við starfsemi háskóla sem hafa sjálfstætt bókhald, s.s. Málvísindastofnun, Orðabók Háskólans o.fl.

74 Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta

74.1 Lögfræðiþjónusta, bókhaldsþjónusta og endurskoðun; skattaráðgjöf; markaðsrannsóknir og skoðanakannanir; rekstrarráðgjöf; eignarhaldsfélög

74.11 74.11.0 **Lögfræðiþjónusta**

Til þessarar greinar telst:

- Lögfræðileg ráðgjöf og hagsmunagæsla á öllum réttarsviðum, þ.á m. í ágreiningsmálum fyrir skjólstæðing(a) gagnvart einstaklingum, félögum, stofnunum og stjórnvöldum
- Málflutningur í einkamálum fyrir almennum dómstólum og sérdómstólum
- Málflutningur í opinberum málum
- Rekstur mála sem sæta úrskurði stjórnvalda
- Réttargæsla
- Innheimta krafna
- Samning ýmissa lögformlegra skjala, s.s. afsala, erfðaskráa, kaupmála, kaupsamninga og stofnsamninga fyrirtækja
- Skiptastjórn við skipti dánar- og gjaldþrotabúa, þ. á m. nauðungaruppboð
- Eignaumsýsla og fasteignasala

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Starfsemi dómstóla, sbr. 75.23*
- *Gerðardómar og sáttagerð milli aðila vinnumarkaðarins, sbr. 75.13*
- *Sérhæfð innheimtustarfsemi, sbr. 74.84*
- *Starfsemi fasteignasala, sbr. 70.31*

74.12 74.12.0 **Bókhaldsþjónusta, endurskoðun og skattaráðgjöf**

Til þessarar greinar telst:

- Bókhald vegna atvinnurekstrar fyrir fyrirtæki og aðra
- Gerð ársreikninga, endurskoðun þeirra og uppáskrift
- Gerð skattskýrslna fyrir einkaaðila og fyrirtæki
- Ráðgjöf og hagsmunavarsla fyrir skjólstæðinga gagnvart skattayfirvöldum
- Ráðgjöf í skattamálum

Til þessarar greinar teljast ekki:

- *Sérhæfð gagnavinnsla, sbr. 72.30*
- *Fyrirtækjaráðgjöf, t.d. gerð bókhalds- og kostnaðarkerfa og mótun aðferða við kostnaðareftirlit, sbr. 74.14.9*
- *Ríkisendurskoðun, sbr. 75.14*
- *Sérhæfð innheimtustarfsemi, sbr. 74.84*

74.13 74.13.0 **Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir**

Til þessarar greinar teljast:
- Markaðsrannsóknir með tilliti til sölu, viðurkenningar og þekkingar neytenda á framleiðsluvörum og innkaupavenjum neytenda í því skyni að auka sölu og þróa nýjar afurðir, þ. á m. tölfræðileg úrvinnsla úr niðurstöðum
- Skoðanakannanir um stjórnmál, efnahagsmál og samfélagsmál

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Uppbygging og rekstur gagnabanka með heimilisföngum, sbr. 72.40*
- *Markaðssetningarfyrirtæki, sbr. 74.40.9*

74.14 Rekstrarráðgjöf

74.14.1 Landbúnaðarráðunautar

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi landbúnaðarráðunauta, þ.e. ráðgjöf búvísindamanna og landbúnaðarhagfræðinga varðandi daglegan rekstur
- Þar á meðal eru:
- Ráðunautastarfsemi búnaðarsambanda
- Starfsemi Búnaðarfélags Íslands

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi Stéttarsambands bænda, sbr. 91.11*
- *Ræktunarfélög, sbr. 01.41.1*
- *Búnaðarfélög, sbr. 91.12*

74.14.9 Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði

Til þessarar greinar telst:
- Ráðgjöf og aðstoð við fyrirtæki og opinberar stofnanir varðandi áætlanagerð, atvinnuþróun, skipulag, hagræðingu og eftirlit, stjórnunarupplýsingar og samskipti
- Almannatengsl og kynningarstarfsemi
- Gerð bókhalds- og kostnaðarkerfa og mótun aðferða við kostnaðareftirlit

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Fyrirtæki er sérhæfa sig í ráðgjöf og vali á starfsfólki, sbr. 74.50*
- *Starfsemi ráðgjafarverkfræðinga, sbr. 74.20.1 og 74.20.2*
- *Önnur tæknileg ráðgjöf, sbr. 74.20.9*

74.15 74.15.0 **Rekstur eignarhaldsfélaga**

Til þessarar greinar telst:
- Fyrirtæki þar sem aðalstarfsemin felst í að eiga hlutafé í öðrum fyrirtækjum án þess að þau sjálf framleiði eða bjóði þjónustu að nokkru marki

74.2 74.20 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga og skyld tækniráðgjöf

74.20.1 Verkfræðiráðgjöf og önnur tækniráðgjöf við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð

Til þessarar greinar telst:

- Tæknileg ráðgjöf varðandi áætlanagerð, hönnun, verkefnisstjórnun, eftirlit og rekstur. Ráðgjöfin getur verið í höndum verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta og annarra slíkra. Ráðgjafastörfin geta m.a. varðað:
- Mannvirkjagerð, s.s. vegagerð, brúarsmíði og hafnargerð
- Veitur, t.d. orkuveitur, vatnsveitur og fráveitur
- Umhverfismál, t.d. umhverfisvernd og forvarnir í umhverfismálum
- Orkumál, t.d. orkuáætlanir og orkusparnað
- Lagnatækni í tengslum við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þ. á m. raftækni, loftræstitækni, kælitækni og hávaðavarnir
- Jarðtækni og grundun

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Jarðfræðirannsóknir og könnun jarðefna, sbr. 74.20.5*
- *Rannsóknir á undirstöðum bygginga og mannvirkja, sbr 45.12*
- *Rannsóknir og þróunarstarf, sbr. 73.1*
- *Boranir vegna bygginga og mannvirkja, sbr. 45.12*

74.20.2 Verkfræðiráðgjöf varðandi framleiðslu- og véltækni

Til þessarar greinar telst:

- Tæknileg ráðgjöf og aðstoð varðandi áætlanagerð, hönnun, verkefnisstjórnun, eftirlit og rekstur. Ráðgjafastörfin geta m.a. varðað:
- Framleiðslutækni í öllum greinum iðnaðar, þ. á m. hönnun hvers kyns véla
- Hönnun og rekstur tækjabúnaðar í sjávarútvegi
- Hönnun og rekstur flugvéla og skipa
- Vörustjórnun
- Vöruþróun
- Uppsetning og afhending tilbúinna verksmiðja

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Rannsóknir og þróunarstarf, sbr. 73.1*
- *Iðnhönnun, sbr. 74.84*

74.20.3 Starfsemi arkitekta og tækniráðgjöf tengd byggingum
Til þessarar greinar telst:
- Hönnun bygginga og byggingarhluta
- Eftirlit með byggingarframkvæmdum
- Ráðgjöf við húsbyggjendur
- Áætlanagerð og verkefnisstjórnun
- Skipulag borga og bæja
- Landslagshönnun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Iðnhönnun, sbr. 74.84*
- *Starfsemi innanhússarkitekta, sbr. 74.84*
- *Skrúðgarðyrkja, sbr. 01.41.2*

74.20.4 Jarðfræðilegar rannsóknir og könnun jarðefna
Til þessarar greinar telst:
- Yfirborðsmælingar og athuganir í því skyni að kanna samsetningu efstu jarðlaga og hvort þar finnst olía, jarðgas, steinefni eða grunnvatn

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Tilraunaboranir og boranir vegna olíu- og jarðgasframleiðslu, sbr. 11.20*
- *Tæknilegar prófanir og greining, sbr. 74.30*
- *Rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og tæknivísindum, sbr. 73.10*
- *Boranir vegna bygginga og mannvirkja, sbr. 45.12*

74.20.5 Könnun lands
Til þessarar greinar telst:
- Landmælingar
- Vatnafræðilegar mælingar
- Mælingar undir yfirborði jarðar
- Mælingar vegna eignamarka
- Starfsemi í tengslum við kortagerð og gagnaöflun vegna hennar, þ. á m. ljósmyndun úr lofti
- Mæling vegna bygginga og mannvirkjagerðar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Tæknilegar prófanir og greining, sbr. 74.30*

74.20.6 Einkaleyfisskrifstofur

74.20.9 Önnur tækniráðgjöf verkfræðinga og tæknifræðinga
Þar á meðal er:
- Tæknileg ráðgjöf á sviði efnaverkfræði
- Tæknileg ráðgjöf á sviði rafmagnsverkfræði
- Tækniteiknun

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Tæknilegar prófanir og greining, sbr. 74.30*

74.3 74.30 74.30.0 **Tæknilegar prófanir og greining**

Til þessarar greinar telst:
- Matvælaeftirlit og rannsóknir sem því fylgja
- Tæknilegar prófanir og eftirlit, þar á meðal vegna útgáfu tegundarskírteina eða vottorða fyrir skip, loftför, bíla, þrýstigeyma, kjarnorkuver, raftæki o.fl.
- Öryggisprófanir ökutækja
- Styrk- og brotprófanir
- Umhverfismælingar, t.d. mælingar á vatnsgæðum, geislavirkni o.þ.h., greining á hugsanlegum mengunarvöldum, eins og t.d. reyk eða skolpi

74.4 74.40 Auglýsingastarfsemi

74.40.1 Starfsemi auglýsingastofa

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi auglýsingastofa

Þar á meðal er:
- Hönnun og gerð hvers konar auglýsingaefnis og skipulagning auglýsingaherferða
- Miðlun auglýsinga til ljósvakamiðla, blaða og tímarita

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Prentun auglýsingaefnis, sbr. 22.22*
- *Markaðsrannsóknir, sbr. 74.13*
- *Almannatengsl, sbr. 74.14.9*
- *Auglýsingaljósmyndun, sbr. 74.81*
- *Framleiðsla auglýsinga fyrir útvarp, sjónvap og kvikmyndir, sbr. 92.11*
- *Útgáfa auglýsingablaða og héraðsblaða, sbr. 22.13*

74.40.9 Önnur auglýsingastarfsemi

Til þessarar greinar telst:
- Markaðssetningarfyrirtæki
- Útstillingar
- Uppsetning á auglýsingaskiltum og veggspjöldum
- Innrétting á sýningarbásum og öðru sýningarhúsnæði
- Uppsetning auglýsinga á strætisvagna
- Auglýsingar úr lofti
- Dreifing og afgreiðsla auglýsingaefnis eða sýnishorna
- Dreifing auglýsinga- og héraðsblaða
- Leiga á rými fyrir auglýsingar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Prentun auglýsingaefnis, sbr. 22.22*

74.5 74.50 74.50.0 **Vinnumiðlun og ráðningarþjónusta**

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi vinnumiðlunarskrifstofa, þ.e. ráðgjöf og aðstoð við starfsmannaval, leit að vinnuafli eða störfum og ráðningar, ýmist unnin í þágu atvinnurekanda eða væntanlegs starfsfólks

Þar á meðal er:

- Gerð starfslýsinga
- Val og prófun umsækjanda
- Rannsóknir á meðmælum
- Leit og val á stjórnendum og aðstoð við ráðningu þeirra
- Ráðgjöf varðandi fækkun starfsmanna og útvegun nýrrar atvinnu fyrir starfsfólk sem sagt er upp
- Opinber atvinnumiðlun, t.d. Ráðningarskrifstofa Reykjavíkurborgar
- Afleysingaþjónusta, þ.e. útvegun starfsfólks til að leysa af fasta starfsmenn og ráðið er hjá afleysingaskrifstofu sem sjálf greiðir því laun

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Atvinnumiðlun fyrir landbúnaðarstörf, þar á meðal bændaafleysing, sbr. 01.42*
- *Miðlun og umboðsstarfsemi fyrir einstaklinga, t.d. leikara og tónlistarfólk, fyrirsætur og sýningarfólk, sbr. 74.84*
- *Starfsemi verktaka er taka að sér einstök verkefni skv. samningi, t.d. túlkun, þýðingar, vélritun, o.fl., sbr. 74.83*

74.6 74.60 74.60.0 **Eftirgrennslan og öryggisþjónusta**

Til þessarar greinar telst:

- Eftirgrennslan og starfsemi einkalögreglumanna
- Starfsemi einkaleynilögreglumanna
- Vöktun og þess háttar starfsemi, þar á meðal flutningur verðmæta, starfsemi lífvarða, starfsemi varðmanna í verslunum ásamt vöktun með hjálp viðvörunarbúnaðar af ýmsu tagi
- Ráðgjöf varðandi öryggisbúnað fyrirtækja, heimila og opinberra stofnana

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Uppsetning viðvörunarkerfa, sbr. 45.31*
- *Rannsóknir í tengslum við tryggingarstarfsemi, sbr. 67.20*

74.7 74.70 74.70.0 **Ræstingar, sótthreinsun og meindýraeyðing**

Til þessarar greinar telst:
- Almenn ræsting innan dyra í öllum byggingum, þ. á m. á skrifstofum, verksmiðjum, verslunum, stofnunum og öðrum byggingum undir atvinnurekstur, auk íbúðarhúsnæðis
- Almenn ræsting á flutningatækjum, þó ekki bílum
- Hreingerning á húsnæði sem getur verið hættulegt umhverfinu, t.d. efnaverksmiðjum
- Hreingerning gáma
- Hreingerning á loftræstistokkum og útblásturskerfum
- Gluggaþvottur
- Hreinsun reykháfa og arna, eldstæða, brennsluofna og miðstöðvarkatla
- Sótthreinsun og meindýraeyðing í byggingum, skipum o.fl.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Ræsting á nýreistum byggingum, sbr. 45.45*
- *Gatna- og vegahreinsun, sbr. 90.00*
- *Gufuhreinsun, þrýstihreinsun, sandblástur og þess háttar starfsemi í tenglsum við hreinsun bygginga að utanverðu, sbr. 45.45*
- *Hreinsun á teppum og gluggatjöldum, sbr. 93.01*
- *Bílaþvottur og bílabónun, sbr. 50.20*

74.8 Margs konar ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta

74.81 74.81.0 **Ljósmyndaþjónusta**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi ljósmyndara

Þar á meðal eru:
- Myndatökur af fólki, t.d. fyrir vegabréf, skólamyndir, brúðkaupsmyndir o.s.frv.
- Auglýsingaljósmyndun, myndatökur fyrir útgáfufyrirtæki, tískuljósmyndir, ljósmyndun húsa og mannvirkja, landslagsmyndatökur og aðrar myndatökur fyrir ferðamannakynningu
- Ljósmyndaframköllun, stækkanir og vinnsla á ljósmyndum eða filmum frá viðskiptavinum
- Eftirtökur og lagfæringar á filmum
- Framleiðsla á örfilmum
- Uppsetning á skyggnum
- Ljósmyndun úr lofti
- Rekstur ljósmyndasjálfsala

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Röntgenljósmyndun, sbr. 85.1*

74.82 74.82.0 **Pökkunarstarfsemi**

Til þessarar greinar telst:
- Pökkunarstarfsemi, hvort sem hún er framkvæmd sjálfvirkt eða ekki
- Áfylling úða- og sprautubrúsa
- Áfylling vökva á flöskur, þar með taldar drykkjarvörur sem ekki eru eigin framleiðsla
- Innpökkun fastra efna, t.d. í bóluplast, álpappír og álþynnur o.s.frv.
- Merking, frímerking og stimplun
- Innpökkun böggla og gjafa

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Pökkun í umbúðir í tengslum við heildverslun, sbr. 51*
- *Pökkunarstarfsemi í tengslum við flutninga, sbr. 63.4*
- *Átöppun eigin framleiðslu á flöskur og aðrar umbúðir, sbr. 15.98*

74.83 **Þýðingarstarfsemi og skrifstofuþjónusta**

74.83.1 Þýðingar og túlkun

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi þýðenda og túlka

74.83.2 Skrifstofuþjónusta

Til þessarar greinar telst:
- Skrifstofuþjónusta, s.s.vélritun eftir hljóðupptökum, ljósritun, fjölritun, prófarkalestur o.þ.h.
- Símavarsla
- Bréfasendingar og félagaþjónusta, þ. á m. söfnun upplýsinga fyrir heimilisfangaskrár og sala á þeim, frágangur bréfa í umslög og sending eftir heimilisfangaskrám

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Rekstur gagnabanka, sbr. 72.40*
- *Bókhaldsþjónusta, sbr. 74.12*
- *Afleysingaþjónusta, sbr. 74.50*

74.84 74.84.0 **Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi innanhússarkitekta, iðnhönnuða, húsgagnahönnuða, fatahönnuða og annarra hönnuða textíla og muna til einka- og heimilisnota
- Matsstörf önnur en fasteignamat og tryggingamat, t.d. mat á veðhæfi fyrirtækja og einstaklinga
- Starfsemi sérhæfðra innheimtufyrirtækja
- Starfsemi tengd vörusýningum og sýningarhöllum

Þar á meðal er:
- Skipulagning vörusýninga, ráðstefna og sýninga, þ. á m. útleiga á húsnæði og nauðsynlegum búnaði
- Rekstur sýningarhalla
- Önnur ótalin sérhæfð þjónusta, t.d.:
- Fyrirtækjamiðlun, þ.e. milliganga um kaup og sölu á fyrirtækjum
- Þjónusta er tengist beinni markaðssetningu, t.d. umboðssölu bóka, listaverka, leikrita, ljósmynda o.fl. til útgáfufyrirtækja, framleiðenda o.s.frv.
- Umboðsskrifstofur fyrir einstaklinga, t.d. leikara og aðra skemmtikrafta
- Uppboðsstarfsemi, t.d. listaverkauppboð
- Hvers kyns sérhæfð umsýsla

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Hönnun og gerð auglýsinga, sbr. 74.40.1*
- *Starfsemi greiðslukortafyrirtækja, sbr. 65.22.2*
- *Nauðungaruppboð, sbr. 74.11*

75 Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar

75.1 Æðsta stjórnsýsla ríkis, löggjafarstörf og framkvæmd efnahags- og félagsmála

75.11 75.11.0 **Almenn stjórnsýsla og löggjöf**

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi löggjafar- og framkvæmdavalds í tengslum við stjórnsýslu samfélagsins í heild. Þetta á jafnt við starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga. Til þessarar greinar telst að jafnaði ekki aðeins stjórnsýsla ráðuneytanna heldur einnig þær ríkisstofnanir sem heyra undir þau, svo og stjórnir og ráð o.þ.h., að því marki sem þessar stofnanir hafa stjórnsýslu á hendi

Þar á meðal er:

- Embætti forseta Íslands
- Alþingi og sveitarstjórnir
- Forsætisráðuneytið
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
- Fjármálaráðuneytið
- Ríkisskattstjóri, Ríkistollstjóri, Tollgæsla ríkisins
- Skattrannsóknarstjóri
- Embætti sýslumanna
- Fjármál hins opinbera, þ. á m. embætti Ríkisféhirðis, skattstjóra og skattheimtumanna ríkis og sveitarfélaga
- Hagstofa Íslands
- Þjóðhagsstofnun
- Umboðsmaður alþingis

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Utanríkisráðuneytið, sbr. 75.21*
- *Ríkisendurskoðun, sbr. 75.14*
- *Innkaupastofnun ríkisins, sbr. 75.14*
- *Félagsmálaráðuneytið, sb. 75.12*
- *Ríkisbókhald, sbr. 75.14*
- *Þjóðskrá, sbr. 75.14*

75.12 75.12.0 **Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og félagsmála, þó ekki almannatryggingar**

Til þessarar greinar telst:

- Stjórn ríkis og sveitarfélaga á heilbrigðismálum, fræðslu- og menningarmálum, íþróttamálum, tómstundastarfi, umhverfismálum, húsnæðismálum og félagsmálum. Til þessarar greinar telst ekki aðeins stjórnsýsla ráðuneytanna heldur einnig þær ríkisstofnanir sem heyra undir þau, svo og stjórnir og ráð o.þ.h., að því marki sem þessar stofnanir hafa stjórnsýslu á hendi. Hins vegar er sjálf þjónustan, sem einstakar stofnanir (sjúkrahús, skólar o.s.frv.) inna af hendi, ekki talin hér heldur með þeim greinum sem viðkomandi starfsemi fellur undir

Þar á meðal er:
- Félagsmálaráðuneytið og félagsmálastofnanir sveitarfélaga
- Menntamálaráðuneytið
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðisnefnir sveitarfélaga
- Landlæknisembættið
- Héraðslæknar
- Umhverfisráðuneytið
- Stofnanir, ráð og stjórnir sveitarfélaga sem annast stjórnsýslu á sviði menningarmála, íþrótta og tómstundastarfs, umhverfiseftirlits o.þ.h.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Almannatryggingar, sbr. 75.30*
- *Fræðslustarfemi, sbr. 80*
- *Heilbrigðisþjónusta, sbr. 85.1*
- *Rekstur skólpveitna og sorphreinsun, sbr. 90*
- *Bókasöfn, opinber skjalasöfn, söfn og menningarstofnanir, sbr. 92.5*
- *Íþróttastarfsemi og önnur tómstundastarfsemi, sbr. 92.6*
- *Rekstur og stjórn hins opinbera á eigin byggingum eða leigðum, sbr. 75.14*

75.13 75.13.0 **Stjórnsýsla í þágu atvinnuveganna**

Til þessarar greinar telst:
- Stjórn ríkis og sveitarfélaga á málefnum atvinnuvega, hvers konar eftirliti, skipulagsmálum, orkumálum, veitum og samgöngum, fjarskiptum og ferðamálum. Ennfremur fellur stjórn atvinnumála og vinnumarkaðar og byggðaáætlanir og byggðaþróun undir þessa grein. Til þessarar greinar telst ekki aðeins stjórnsýsla ráðuneytanna heldur einnig þær ríkisstofnanir sem heyra undir þau, svo og stjórnir og ráð o.þ.h., að því marki sem þessar stofnanir hafa stjórnsýslu á hendi. Hins vegar er sjálf þjónustan, sem einstakar opinberar stofnanir, t.d. rafveitur og hitaveitur, inna af hendi, ekki talin hér heldur með þeim greinum sem viðkomandi starfsemi fellur undir

Þar á meðal er:
- Sjávarútvegsráðuneytið, landbúnaðaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, viðskiptaráðuneytið og samgönguráðuneytið
- Ríkissáttasemjari og Félagsdómur
- Skipulagsstjóri ríkisins
- Vinnueftirlit ríkisins
- Brunamálastofnun
- Almannavarnir

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Atvinnumiðlun á vegum opinberra aðila, sbr. 74.50*

75.14 75.14.0 **Þjónustustarfsemi fyrir hið opinbera**

Til þessarar greinar telst:

- Almenn starfsemi í tengslum við starfsmannahald og starfsmannastefnu ríkis eða sveitarfélaga, þ. á m. val starfsfólks, stöðuhækkanir, mat og flokkun. Ennfremur starfsemi þessara aðila varðandi innkaup, bókhald, endurskoðun, opinbera skrásetningu og rekstur bygginga

Þar á meðal eru:

- Ríkiskaup og Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar
- Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins
- Ríkisbókhald
- Ríkisendurskoðun
- Rekstur og stjórn bygginga í leigu eða eigu hins opinbera
- Fasteignir ríkisins
- Fasteignamat ríkisins
- Þjóðskrá

75.2 **Utanríkisþjónusta, dómstólar, löggæsla o.fl.**

75.21 75.21.0 **Utanríkisþjónusta**

Til þessarar greinar telst:

- Utanríkisráðuneytið
- Íslensk sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendis og sendinefndir eða fulltrúar hjá alþjóðastofnunum
- Starfsemi er tengist kynningu á íslenskri menningu og önnur kynningarstarfsemi erlendis

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Starfsemi erlendra sendiráða og sendifulltrúa á Íslandi, sbr. 99.00.9*

75.22 75.22.0 **Varnarmál**

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Varnarliðið, sbr. 99.00.1*

75.23 75.23.0 **Dómstólar og fangelsi**

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi héraðsdómstóla og Hæstaréttar
- Embætti ríkissaksóknara
- Fangelsismálastofnun

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Ráðgjöf og málflutningur í einkamálum, opinberum málum og öðrum málum, sbr. 74.11*
- *Félagsdómur, sbr. 75.13*

75.24 75.24.0 **Löggæsla**

Til þessarar greinar telst:
- Sú starfsemi sem innt er af hendi hjá almennum lögregluembættum
- Útlendingaeftirlit
- Starfsemi rannsóknarlögreglu
- Landhelgisgæsla

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Dómstólar og fangelsi, sbr. 75.23*
- *Sýslumenn, sbr. 75.11*

75.25 75.25.0 **Slökkviliðs- og björgunarstarfsemi**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi slökkviliða sveitarfélaga
- Starfsemi björgunarsveita og slysavarnafélaga og annarra er sinna björgun úr t.d. sjóslysum, stórslysum á landi, náttúruhamförum o.s.frv.

Þar á meðal er:
- Starfsemi Landsbjargar (Hjálparsveita skáta, Flugbjörgunarsveitanna og björgunarsveita slysavarnafélaganna)
- Starfsemi Slysavarnafélags Íslands

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Slökkvilið og brunavarnir á flugvöllum, sbr. 63.23*
- *Sjúkraflutningar, sbr. 85.14.4*

75.3 **75.30** 75.30.0 **Almannatryggingar**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi sem tengist lögbundnum sjúkra-, slysa-, lífeyris- og atvinnu-leysistryggingum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Félagsþjónusta, sbr. 85.3*
- *Önnur tryggingastarfsemi, sbr. 66*

80 Fræðslustarfsemi

Til eftirfarandi greina telst:
- Kennsla á öllum stigum og í öllum námsgreinum, hvort sem er í dagskólum eða kvöldskólum. Kennslan getur verið í bréfaskóla og í formi fjarkennslu eða hvors tveggja
- Talin er með jafnt kennsla ýmissa skólastofnana í hinu almenna skólakerfi og fullorðinsfræðsla. Á sérhverju stigi almenna skólakerfisins telst einnig með sérkennsla fyrir líkamlega eða andlega fatlaða nemendur
- Þau námstig sem vísað er til í skýringum eru skv. ISCED-flokkuninni, staðalflokkun um nám og kennslu frá UNESCO

80.1 **80.10** 80.10.0 **Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi**

Til þessarar greinar telst:
- Sá hluti skólakerfisins sem annast fræðsluskyldu barna, þ.e. barna 6 til 16 ára, frá 1. til 10. bekkjar
- Þessi grein fellur undir 1. námsstig og 1. þrep 2. námsstigs í ISCED-flokkuninni (1. og 2. flokk)

Þar á meðal eru:
- Grunnskólar reknir af hinu opinbera, ýmist fyrir alla bekki hans eða tiltekna bekki, þ. á m. heimavistarskólar
- Einkareknir grunnskólar
- Sérskólar fyrir andlega og líkamlega fötluð börn á skólaskyldualdri

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Lestrar- og skriftarkennsla fyrir fullorðna, sbr. 80.42.1 og 80.42.9*
- *Skólabókasöfn, sbr. 92.51*

80.2 **Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi**
- Þessi grein fellur undir 2. þrep 2. námstigs í ISCED-flokkuninni (3. flokk)

80.21 80.21.0 **Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám**

Til þessarar greinar telst:
- Skólar sem veita almenna kennslu til stúdentsprófs og gefa aðgang að æðra námi í almennum eða sérhæfðum háskóla, t.d. tækniháskóla, kennaraháskóla o.s.frv.
- Viss sérhæfing eftir deildum eða brautum á sér stað sem fyrst og fremst er ætlað að skapa forsendur fyrir frekara námi án þess að í því felist nokkurt starfsval

Þar á meðal eru:
- Almennir skólar á framhaldsskólastigi, t.d. menntaskólar og fjölbrauta-skólar, ef almennu brautirnar eru meira sóttar en starfsmenntabrautir
- Fornám

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Fullorðinsfræðsla, þ. á m. öldungadeildir framhaldsskólanna, sbr. 80.42.1*
- *Önnur fullorðinsfræðsla, sbr. 80.42.9*

80.22 80.22.0 **Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám**

Til þessarar greinar teljast:
- Skólar sem veita iðn- og verkmenntafræðslu í löggiltum iðngreinum svo og aðra starfsmenntun á lægra stigi en þeir skólar sem veita æðri menntun skv. 80.3
- Á sama skólastigi er einnig margvísleg starfmenntunarfræðsla utan iðn- og verkmenntaskóla til undirbúnings fyrir ákveðið starf, t.d. fyrir sjúkraliða, tækniteiknara, lyfjatækna, aðstoðarfólk tannlækna, einkaritara, atvinnuflugmenn o.fl.

Þar á meðal eru:
- Starfsmenntunarskólar, sem einnig hafa almennar námsbrautir, ef starfsmenntunarbrautirnar hafa meira vægi í starfsemi skólans
- Sjómannaskólar
- Búnaðarskólar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Skólar sem veita tæknimenntun og starfsmenntun á æðra skólastigi, t.d. í háskóla eða tækniháskóla, sbr. 80.30*

80.3 80.30 80.30.0 **Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi**

Til þessarar greinar teljast:
- Allir skólar sem veita menntun á háskólastigi, að jafnaði eftir 14 ára nám í grunnskóla og framhaldsskóla. Til náms á þessu stigi er venjulega krafist stúdentsprófs, en þó eru undantekningar frá því, t.d. við Tækniskóla Íslands
- Skólar sem veita menntun að loknu stúdentsprófi eða öðru framhaldsskólanámi sem ekki lýkur með háskólaprófi
- Menntastofnanir með nemendur á framhaldsskólastigi og æðra skólastigi, ef æðri menntun telst meginstarfsemi skólans
- Greinin fellur undir 3. námsstig ISCED flokkunarinnar (5., 6. og 7. flokk)

Þar á meðal eru:
- Háskóli Íslands
- Kennaraháskóli Íslands
- Háskólinn á Akureyri
- Tækniskóli Íslands

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Rannsóknarstofnanir í tengslum við starfsemi háskóla sem hafa sjálfstætt bókhald, sbr. 73.10 og 73.20*

80.4 Fullorðinsfræðsla og önnur fræðsla

80.41 80.41.0 **Ökuskólar, flugskólar o.fl.**

Þar á meðal er:
- Fræðsla fyrir þá sem ætla að þreyta einkaflugmannspróf og minnapróf til skipstjóraréttinda, en ekki þá sem eru að nema til atvinnumannsréttinda

80.42 Fullorðinsfræðsla og önnur ótalin fræðsla

Til þessarar greinar telst:
- Fræðsla utan hefðbundins skólakerfis. Kennslan getur verið að degi til eða kveldi, ýmist í skólum eða í sérstökum fræðslustofnunum fyrir fullorðna
- Öll fræðsla sem fer fram í bréfaskóla eða fjarkennslu
- Fullorðinsfræðsla og eftirmenntun sem venjulega er hvorki miðuð við próf né veitir sérstök starfsréttindi

80.42.1 Öldungadeildir framhaldsskóla
Til þessarar greinar telst:
- Fræðslustarfsemi utan hefðbundins dagskóla framhaldsskólanna til undirbúnings undir stúdentspróf

80.42.2 Tónlistarskólar

80.42.9 Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla
Þar á meðal eru:
- Námsflokkar, tómstundaskólar og svipaðar fræðslustofnanir
- Endurmenntunarstofnanir ýmissa skóla
- Starfsemi Menningar- og fræðslusambands alþýðu
- Lýðháskólar
- Ýmsir skólar sem veita fullorðnum menntun í tengslum við starf þeirra, t.d. tölvuskólar, námskeiðahald fyrir fiskvinnslufólk, dagmæður o.s.frv.
- Málaskólar

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi, sbr. 80.3*
- *Dansskólar, sbr. 92.34*
- *Hvers kyns kennsla í íþróttum, líkamsrækt og leikjum, sbr. 92.62 og 93.04*

85 Heilbrigðis- og félagsþjónusta

85.1 Heilbrigðisþjónusta

85.11 Sjúkrahúsrekstur
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi deildskiptra og annarra sjúkrahúsa, heilsuhæla, endurhæfingarstöðva og annarra stofnana innan heilbrigðiskerfisins þar sem tekið er við sjúklingum til innlagnar og þeim veitt dagleg hjúkrun og sérfræðiþjónusta lækna

Þar á meðal eru:
- Vísindarannsóknir sem eru hluti af starfsemi sjúkrahúsa og verða ekki aðgreindar frá henni

85.11.1 Deildskipt sjúkrahús
Til þessarar greinar telst:
- Almenn þjónusta deildskiptra sjúkrahúsa fyrir vefræna og geðræna sjúkdóma

Þar á meðal eru:
- Almennar legudeildir fyrir skurðlækningar og lyflækningar
- Geðdeildir
- Fæðingardeildir
- Virkar öldrunarlækningadeildir
- Þjónusta dagdeilda fyrir endurteknar komur á ofangreindum deildum

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Áfengismeðferðardeildir, sbr. 85.11.5*
- *Hjúkrunarvistun, sbr. 85.11.4*
- *Dvalarrými, sbr. 85.31.3*
- *Göngudeildir, sbr. 85.12*
- *Meðferðardeildir fyrir minni háttar aðgerðir og rannsóknir, sbr. 85.12*
- *Rannsóknarstofur fyrir sjúklinga utan viðkomandi sjúkrahúss, sbr. 85.14.3*

85.11.2 Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu

Til þessarar greinar telst:
- Almenn þjónusta sjúkrahúsa sem ekki eru deildskipt en hafa þó sérfræðiþjónustu

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Hjúkrunarvistun, sbr. 85.11.4*
- *Dvalarrými, sbr. 85.31.3*
- *Göngudeildir, sbr. 85.12*
- *Meðferðardeildir fyrir minni háttar aðgerðir og rannsóknir, sbr. 85.12*

85.11.3 Endurhæfing

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi stofnana og sjúkrahúsdeilda er annast virka endurhæfingu undir stjórn sérmenntaðra lækna, sjúkraþjálfa, iðjuþjálfa o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Endurhæfing fyrir almenna sjúklinga viðkomandi sjúkrahúss*

85.11.4 Hjúkrunarvistun

Til þessarar greinar telst:
- Hjúkrunarrými á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum
- Starfsemi hjúkrunarheimila
- Starfsemi sjúkrahúsa sem heilsugæslulæknar þjóna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Virkar öldrunarlækningadeildir, sbr. 85.11.1*
- *Dvalarrými, sbr. 85.31.3*

85.11.5 Áfengismeðferð

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi stofnana og deilda þar sem fram fer sérhæfð afeitrunar- og áfengismeðferð undir stjórn lækna

Til þessarar greinar teljast ekki.
- *Stofnanir fyrir eftirmeðferð eiturlyfja- og áfengissjúklinga og áfangastaðir fyrir þá, sbr. 85.31.5*

85.12 Heilsugæsla og starfsemi lækna

Til þessarar greinar telst:
- Forvarnir, ráðgjöf og meðferð hjá heilsugæslulæknum, heimilislæknum og sérmenntuðum læknum
- Starfsemin getur verið á einkastofum lækna, heilsugæslustöðvum og á göngudeildum sjúkrahúsa

Þar á meðal er:
- Sjálfstæð starfsemi lækna sem fram fer á sjúkrahúsum og á stofum í tengslum við skóla og dvalarheimili fyrir aldraða, trúnaðarlæknisstörf hjá fyrirtækjum og stéttarfélögum og störf lækna á heimilum sjúklinga

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi sjálfstætt starfandi ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfa, kírópraktora og fleiri löggiltra heilbrigðisstétta, sbr. 85.14*
- *Rannsóknarstofur í læknisfræði, sbr. 85.14.3*
- *Starfsemi héraðslækna, sbr. 75.12*

85.12.1 Heilsugæsla

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi heimilislækna og annarra sérmenntaðra lækna á heilsugæslustöðvum
- Öll önnur heilbrigðisþjónusta og heilsuvernd sem veitt er almenningi á heilsugæslustöðvum, s.s.:
- Ónæmisvarnir
- Heilbrigðiseftirlit
- Heimahjúkrun
- Mæðra- og ungbarnavernd

Þar á meðal er:
- Starfsemi sjálfstætt starfandi heimilislækna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi héraðslækna, sbr. 75.12*

85.12.2 Sérfræðiþjónusta lækna

Til þessarar greinar telst:
- Sjálfstæð starfsemi sérfræðinga á einkastofum og í læknamiðstöðvum
- Starfsemi göngudeilda sjúkrahúsa, þ. á m. göngudeilda fyrir áfengissjúklinga
- Starfsemi meðferðardeilda fyrir minni háttar aðgerðir og rannsóknir á sjúkrahúsum eða hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi heilsugæslulækna og heimilislækna, sbr. 85.12.1*

85.13 Tannlækningar og tannsmíðar

85.13.1 Tannlækningar

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi tannlækna, hvort heldur hjá almennum tannlæknum eða hjá sérfræðingum, s.s. tannréttingalæknum
- Meðferðin getur verið á einkastofum eða göngudeildum, þ. á m. stofum sem eru í tengslum við fyrirtæki, skóla o.s.frv., og á skurðstofum

85.13.2 Tannsmíðar

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Framleiðsla gervitanna og góma hjá tannsmiðum sem ekki máta tennur sjálfir og aðlaga að sjúklingi, sbr. 33.10*

85.14 Önnur heilbrigðisþjónusta

Til þessarar greinar telst:

- Öll starfsemi innan heilbrigðiskerfisins sem ekki er innt af hendi á sjúkrahúsum eða af læknum heldur starfsfólki sem hefur starfsleyfi heilbrigðisráðuneytis til að veita sjúklingum meðferð eða stunda heilsuvernd. Þessa starfsemi mega hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, meinatæknar og sjúkraþjálfarar rækja, svo og t.d. sjóntækjafræðingar, sjúkranuddarar, iðjuþjálfar, talþjálfar, fótaðgerðafræðingar, kírópraktorar o.fl.
- Starfsemi þessi getur verið innt af hendi hjá heilbrigðisþjónustustofnunum sem tengjast fyrirtækjum, rannsóknarstofum, skólum, dvalarheimilum fyrir aldraða, stéttarfélögum, meðferðarstofnunum ýmiss konar utan sjúkrahúsanna og á einkastofum, heimilum sjúklinga eða annars staðar

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Matvælaeftirlit, sbr. 74.30*

85.14.1 Starfsemi sjúkraþjálfara

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi sjúkraþjálfara á eigin stofum
- Starfsemi sjúkraþjálfara sem eru verktakar á sjúkrahúsum og stofnunum

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Starfsemi sjúkraþjálfara sem er hluti af þjónustu sjúkrahúsa, endurhæfingarstöðva eða heilsugæslustöðva sbr. 85.11.3 og 85.12.1*
- *Nuddstofur, sólbaðstofur og heilsuræktarstöðvar, sbr. 93.04*

85.14.2 Starfsemi sálfræðinga

Þar á meðal er:

- Starfsemi sálfræðinga sem hafa leyfi heilbrigðisráðuneytis til að stunda sjúklinga (klíniskir sálfræðingar)

85.14.3 Rannsóknarstofur í læknisfræði
Þar á meðal eru:
- Rannsóknarstofur lækna utan sjúkrahúsa
- Sá hluti af starfsemi á rannsóknarstofum sjúkrahúsa sem inntur er af hendi fyrir sjúklinga utan viðkomandi sjúkrahúss
- Röntgenrannsóknarstofur, óháðar sjúkrahússrekstri
- Blóðbankar, sæðisbankar, líffærabankar

85.14.4 Sjúkraflutningar
85.14.9 Önnur heilbrigðisþjónusta

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi ljósmæðra utan sjúkrahúsa eða fæðingardeilda
- Starfsemi iðjuþjálfa utan stofnana eða sjúkrahúsa
- Starfsemi hjúkrunarfræðinga utan sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila
- Starfsemi kírópraktora
- Starfsemi sjúkranuddara
- Starfsemi hressingarhæla
- Starfsemi næringarráðgjafa

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Sólbaðstofur, nuddstofur (aðrar en sjúkranuddstofur), líkamsræktarstöðvar o. þ.h., sbr. 93.04*

85.2 **85.20** 85.20.0 **Dýralækningar**
Til þessarar greinar telst:
- Læknismeðferð húsdýra og gæludýra. Starfsemin er innt af hendi af menntuðum dýralæknum á dýraspítölum, í vitjunum á bóndabýli eða einkaheimili, á hundaræktarstöðvum, eigin dýralæknastofum og skurðstofum eða annars staðar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Húsdýravistun, sbr. 01.42*

85.3 **Félagsþjónusta**

85.31 **Félagsþjónusta með dvöl á stofnun eða heimili**
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi sem stunduð er allan sólarhringinn með það að markmiði að veita félagslega aðstoð börnum, öldruðum, fötluðum og öðrum tilgreindum hópum fólks með skerta getu til að annast sig sjálft, þó án þess að læknismeðferð eða nám og kennsla séu umtalsverðir þættir starfseminnar

85.31.1 Heimili fyrir börn og unglinga
Til þessarar greinar teljast:
- Vistheimili barna
- Heimili fyrir fötluð börn
- Fjölskyldu- og meðferðarheimili fyrir börn
- Unglingasambýli
- Heimili fyrir vegalaus börn
- Mæðraheimili

85.31.2 Vistun á einkaheimilum
Til þessarar greinar telst:
- Vistun barna, unglinga og fatlaðra einstaklinga á einkaheimilum, ýmist til langvarandi fósturs eða um skamman tíma

Þar á meðal eru:
- Stuðningsfjölskyldur
- Dvöl barna á sveitaheimilum

85.31.3 Dvalarheimili fyrir aldraða
Til þessarar greinar telst:
- Dvalarheimili fyrir aldraða, þ. á m. dagvistun sem starfrækt er í tengslum við dvalarheimili
- Verndaðar íbúðir með þjónustu

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Dagvistun fyrir aldraða utan dvalarheimila og opnar félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara, sbr. 85.32.6*
- *Rekstur leiguíbúða fyrir aldraða, sbr. 70.20.1*

85.31.4 Heimili fyrir fatlaða
Til þessarar greinar telst:
- Vistheimili fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga
- Sambýli fyrir fatlaða
- Áfangastaðir fyrir fatlaða
- Vernduð heimili

85.31.5 Stofnanir fyrir fíkniefnaneytendur og áfengissjúklinga
Til þessarar greinar telst:
- Stofnanir fyrir eftirmeðferð og endurhæfingu að lokinni afeitrunar- og áfengismeðferð
- Áfangastaðir fyrir áfengissjúka og fíkniefnaneytendur að lokinni afeitrunar- og áfengismeðferð

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Afeitrunar- og áfengismeðferðarstofnanir, sbr. 85.11.5*
- *Göngudeildir fyrir áfengissjúka, sbr. 85.12.2*

85.31.9 Aðrar stofnanir

Til þessarar greinar telst:
- Gistiskýli fyrir heimilislausa
- Kvennaathvarf
- Neyðarathvarf fyrri heimilislausa unglinga og önnur neyðarathvarfsstarfsemi

Þar á meðal er:
- Móttökudeild fyrir unglinga
- Skammtímavistun fyrir unglinga

85.32 Félagsþjónusta án dvalar á stofnun

Til þessarar greinar telst:
- Ráðgjöf, félagsleg aðstoð og ráðstafanir í þágu fjölskyldna, barna, fatlaðra og aldraðra, tilvísanir á stofnanir og þjónusta sem veitt er á heimilum eða annars staðar af opinberum eða einkareknum stofnunum, hjálparstofnunum eða líknarfélögum

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Stjórnsýsla á sviði félagslegrar aðstoðar, sbr. 75.12*

85.32.1 Daggæsla í heimahúsum

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi dagmæðra með og án miðlunar sveitarfélaga

85.32.2 Leikskólar og önnur dagvistun barna

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi leikskóla þar sem fram fer uppeldisstarf ætlað börnum undir skólaskyldualdri sem eru þar ýmist allan daginn eða hluta úr degi.
- Dagvistun fyrir fötluð börn
- Gæsluvellir

Þar á meðal er:
- Dagvistun barna undir 2 ára aldri á leikskólum

85.32.3 Skóladagheimili

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi dagvistarheimila fyrir skólabörn á aldrinum 6 til 10 ára utan reglulegs skólatíma
- Gæsla skólabarna í grunnskólum

85.32.4 Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi félagsmiðstöðva ætlaðar eldri börnum og unglingum
- Sumarstarf fyrir börn og unglinga á vegum sveitarfélaga, þar með taldir skólagarðar
- Unglingavinna á vegum hins opinbera

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Íþróttafélög, sbr. 92.62*

85.32.5 Heimaþjónusta
Til þessarar greinar telst:
- Heimilishjálp við fjölskyldur, aldraða, fatlaða og sjúka
- Liðveisla við fatlaða

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Heimahjúkrun, sbr. 85.12.1*

85.32.6 Dagvistun fyrir fullorðna
Til þessarar greinar telst:
- Dagvistun fyrir aldraða og fatlaða, sem ekki eru á dvalarheimilum, þar sem vistmenn fá einhverja meðferð
- Opnar félags- og þjónustumiðstöðvar fyrir ellilífeyrisþega

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Dagvistun fyrir aldraða sem er hluti af starfsemi dvalarheimila, sbr. 85.31.3*

85.32.7 Þjálfunarstöðvar, verndaðir vinnustaðir o.þ.h.
Til þessarar greinar telst:
- Endurhæfingarstöðvar sem veita fólki með skerta vinnugetu þjálfun eða endurmenntun, þar með taldir verndaðir vinnustaðir
- Hæfingarstöðvar fyrir fullorðna, mikið fatlaða einstaklinga

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Meðferðar- og eftirmeðferðarstofnanir fyrir fíkniefnaneytendur og áfengissjúklinga, sbr. 85.11.5 og 85.31.5*

85.32.8 Líknarfélög og annað hjálparstarf félagssamtaka
Til þessarar greinar teljast:
- Félög og hjálparstofnanir sem beita sér fyrir samfélagshjálp, líknarstarfi og baráttu við sjúkdóma, t.d. Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, SÍBS, Hjartavernd, Geðvernd, Samtök aldraðra, Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalagið o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Happdrættisstarfsemi í góðgerðar- og líknarskyni, t.d. Happdrætti SÍBS, DAS o.s.frv., sbr. 92.71*

85.32.9 Félagsráðgjöf og félagsleg aðstoð
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi sem lýtur að félagslegri aðstoð við fjölskyldur, einstaklinga, börn og unglinga
- Starfsemi tilsjónarmanna
- Þjónusta barnaverndarnefnda
- Starfsemi sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa
- Unglingaráðgjöf
- Unglingadeildir og útideildir fyrir unglinga

85.33 **Félagsþjónusta án dvalar á stofnun, frh.**

85.33.1 Minningar- og styrktarsjóðir

85.33.9 Önnur ótalin félagsleg aðstoð án dvalar á stofnun
Þar á meðal er:
- Hjálpartækjabankar
- Athvarf fyrir atvinnulausa
- Starfsemi Stígamóta
- Kvennaráðgjöf

90 Skólpveitur, sorphreinsun, hreinsunardeildir og skyld starfsemi

90.0 **90.00** 90.00.0 **Skólpveitur, sorphreinsun, hreinsunardeildir og skyld starfsemi**
Þar á meðal er:
- Sorpgámaleiga og gámalosun
- Snjómokstur og hálkueyðing á vegum, flugbrautum o.s.frv.
- Starfsemi sorpeyðingarstöðva, s.s. Sorpu

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Lagning fráveituröra, sbr. 45.20*
- *Meindýraeyðing innandyra, sbr. 74.70*
- *Endurvinnsla á sorpi og brotamálmum, sbr. 37*

91 Starfsemi annarra ótalinna félaga og samtaka

91.1 **Félagastarfsemi atvinnuveganna, vinnuveitenda og fagfélaga**

91.11 91.11.0 **Félagastarfsemi atvinnuveganna og vinnuveitenda**
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi félaga og samtaka sem hafa að markmiði að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja almennt, efla hag ákveðinna atvinnugreina, þ. á m. landbúnaðar, eða atvinnuþróun á ákveðnu landssvæði án tillits til atvinnugreinar. Starfsemin felst fyrst og fremst í að miðla upplýsingum og fræðslu, vera málsvari greinarinnar gagnvart stjórnvöldum, annast kynningarstarf og sjá um kjarasamninga.

Þar með teljast m.a:
- Vinnuveitendasamband Íslands
- Stéttarsamband bænda
- Vinnumálasamband samvinnufélaganna
- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Verslunarráð Íslands
- Búgreinafélög

91.12 91.12.0 **Starfsemi fagfélaga**

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi félaga og samtaka þeirra sem hafa að baki sömu eða svipaða sérmenntun eða starfa í sömu starfsgrein eða starfssviði. Þar á meðal eru félög þeirra sem hafa sérhæft sig á tilteknu sviði vísinda, fræðistarfa eða menningarstarfa, t.d. félög rithöfunda, listmálara og annarra listamanna, búnaðarfélög o.fl.
- Starfsemin felst fyrst og fremst í að miðla þekkingu um viðkomandi sérsvið, ákvarða reglur um hvað teljast eðlilegir starfshættir, vera málsvari félagsskaparins gagnvart stjórnvöldum og almenningi og annast kynningarstarf

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Starfsemi stéttarfélaga, sbr. 91.20*
- *Ráðunautastarfsemi búnaðarsambanda, sbr. 74.14.1*

91.2 **91.20** 91.20.0 **Starfsemi stéttarfélaga**

Til þessarar greinar telst:

- Samtök launþega sem hafa fyrst og fremst að markmiði að bæta eða vinna að bættum kjörum á vinnustað auk þess að skipuleggja sameiginlegar aðgerðir. Starfsemin getur verið á vegum samtaka launþega er starfa hjá sama fyrirtæki, deildskiptra stéttarfélaga eða heildarsamtaka stéttarfélaga sem grundvallast á sömu starfsgrein, t.d. iðngrein, sama landsvæði eða öðrum forsendum

91.3 **Önnur félagastarfsemi**

91.31 **Starfsemi trúfélaga**

91.31.1 Þjóðkirkjan

Þar á meðal er:

- Sóknarnefndir
- Rekstur kirkna og kirkjugarða

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Hjálparstofnun kirkjunnar, sbr. 85.32.8*
- *Útfararþjónusta, sbr. 93.03*

91.31.9 Önnur trúfélög

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi sértrúarsafnaða og trúfélaga annarra en Þjóðkirkjunnar

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Fræðslustofnanir á vegum trúfélaga, sbr. 80*
- *Heilbrigðisstofnanir á vegum trúfélaga, sbr. 85.1*
- *Félagsleg aðstoð og góðgerðarstarfsemi á vegum trúfélaga, sbr. 85.3*

91.32 91.32.0 **Starfsemi stjórnmálasamtaka**

91.33 91.33.0 **Önnur ótalin félagastarfsemi**

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi félaga sem vinna að málefnum sem horfa til almannaheilla með því að beita fræðslu og kynningarstarfi, stjórnmálaáhrifum, stunda fjáröflun o.s.frv.
- Starfsemi félaga sem vinna að hverskonar vernd eða umbótum í samfélaginu og bættum aðstæðum tiltekinna hópa, t.d. minnihlutahópa

Þar á meðal eru:

- Hagsmunafélög, s.s. neytendasamtök, húseigendafélög, leigjendasamtök, o.þ.h.
- Mótmælahreyfingar og baráttusamtök
- Ýmis borgarasamtök, s.s. foreldrafélög, umhverfisverndarsamtök o.fl.
- Tómstundafélög og klúbbar með þann megintilgang að efla félagslegt samneyti og kynni, s.s. Lions- og Rotaryklúbbar, Soroptimistar, starfsmannafélög, átthagafélög o.s.frv, æskulýðs- og ungmennafélög, skátafélög, nemendafélög, stúdentafélög, kristileg félög o.fl.
- Útivistar- og tómstundafélög, s.s. ferðafélög og fjallgönguklúbbar
- Félög áhugamanna um ýmsar aðrar tómstundir og menningarlega iðju, t.d. bókmenntafélög og garðyrkjufélög, tónlistarfélög, safnarafélög, handíðafélög o.þ.h.

Til þessarar greinar teljast ekki:

- *Fagfélög, sbr. 91.12*
- *Stjórnmálaflokkar, sbr. 91.32*
- *Íþróttafélög, 92.62*
- *Húsfélög íbúðareigenda, sbr. 70.32.1*
- *Kvikmyndaklúbbar sem gangast fyrir kvikmyndasýningum, sbr. 92.13*

92 Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi

92.1 Gerð, dreifing og sýningar á kvikmyndum og myndböndum

92.11 92.11.0 **Framleiðsla kvikmynda og myndbanda**

Til þessarar greinar telst:
- Gerð leikinna kvikmynda og annarra kvikmynda, ýmist til sýninga í kvikmyndahúsum eða til framleiðslu myndbanda, sem ætlaðar eru til sölu eða til leigu, þ. á m. gerð teiknimynda, heimildarmynda, stuttmynda, fræðslumynda og kynningarmynda o.s.frv.
- Tengd starfsemi, t.d. talsetning
- Framleiðsla auglýsingaefnis fyrir útvarp, sjónvarp og kvikmyndir

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Fjölföldun kvikmyndaefnis og upptaka á hljóðbönd eða myndbönd eftir frumeintaki, sbr. 22.3*
- *Framköllun á filmum önnur en fyrir kvikmyndaiðnaðinn, sbr. 74.81*
- *Umboðsstarfsemi, sbr. 74.84*
- *Starfsemi sjálfstætt starfandi leikara, teiknara, leikstjóra, ráðgjafa og annars tæknistarfsfólks, sbr. 92.31*
- *Framleiðsla kvikmynda og myndbanda hjá sjónvarpsstöðvum, sbr. 92.20*
- *Hljóðver, sbr. 92.32*

92.12 92.12.0 **Dreifing kvikmynda og myndbanda**

Til þessarar greinar telst:
- Dreifing kvikmynda og myndbanda til t.d. kvikmyndahúsa, félaga o.fl. en ekki til almennings. Þar með telst sala og leiga kvikmynda og myndbanda til annarra fyrirtækja ásamt starfsemi í tengslum við dreifingu kvikmynda og myndbanda, s.s. pöntun, afgreiðsla og geymsla

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Fjölföldun kvikmyndaefnis og upptaka á hljóðbönd eða myndbönd eftir frumeintaki, sbr. 22.3*
- *Heildsala með myndbönd, sbr. 51.43*
- *Smásala með myndbönd, sbr. 52.45.3*
- *Myndbandaleigur, sbr. 71.40.1*
- *Leiga á leiktjöldum og búningum, sbr. 71.40.9*
- *Hljóðver, sbr. 92.32*

92.13 92.13.0 **Rekstur kvikmyndahúsa**

Til þessarar greinar telst:

- Sýningar af kvikmyndaspólum eða myndböndum í kvikmyndahúsum eða annars staðar þar sem sýningaraðstaða er fyrir hendi

Þar á meðal er:

- Starfsemi kvikmyndaklúbba sem gangast fyrir kvikmyndasýningum

92.2 **92.20** 92.20.0 **Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva**

Til þessarar greinar telst:

- Útsendingar á útvarps- og sjónvarpsefni
- Framleiðsla á útvarps- og sjónvarpsefni hvort sem það er sent út samtímis eða síðar
- Dagskrárefni sem sent er út eða framleitt og ýmist ætlað til skemmtunar, fræðslu eða fréttamiðlunar
- Form rekstrarfjáröflunar (afnotagjöld, auglýsingar eða annað) útvarps- og sjónvarpsstöðva hefur ekki áhrif á flokkun atvinnugreinarinnar

Til þessarar greinar teljast ekki:

- *Sjálfstæðar fréttastofur, sbr. 92.40*
- *Rekstur kapalsjónvarpsneta, sbr. 64.20*
- *Rekstur útvarps- og sjónvarpsloftneta og útsendinga um endurvarps-stöðvar eða gervihnetti, sbr. 64.20*
- *Framleiðsla auglýsinga fyrir útvarp, sjónvarp og kvikmyndir, sbr. 92.11*

92.3 **Önnur menningar- og afþreyingarstarfsemi**

92.31 92.31.0 **Starfsemi listamanna**

Til þessarar greinar telst:

- Listræn sköpun og túlkun

Þar á meðal eru:

- Uppfærslur á leiksýningum, óperusýningum, listdanssýningum o.s.frv., tónleikahald og annað sýningahald þar sem listamenn koma fram
- Starfsemi leikhópa, lítilla og stórra hljómsveita
- Starfsemi sjálfstætt starfandi listamanna, s.s. leikara, leikstjóra, tónlistarmanna, skálda og rithöfunda, fyrirlesara, myndhöggvara, listmálara og annarra myndlistarmanna, leiktjalda- og búningahönnuða o.s.frv.
- Forvarsla og viðgerðir listaverka

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Starfsemi hönnuða, sbr. 74.84*

92.32 92.32.0 **Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi**

Til þessarar greinar telst:
- Rekstur listamiðstöðva og menningarmiðstöðva
- Rekstur samkomusala fyrir listviðburði
- Rekstur hljóðvera

Þar á meðal eru:
- Starfsemi Gerðubergs, Hafnarborgar, Norræna hússins o.þ.h.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi kvikmyndahúsa, sbr. 92.13*
- *Uppfærslur á leiksýningum, óperusýningum, listdanssýningum o.s.frv., tónleikahald og annað sýningahald þar sem listamenn koma fram, sbr. 92.31*
- *Rekstur félagsheimila, sbr. 92.34*

92.33 92.33.0 **Rekstur skemmtigarða**

Til þessarar greinar telst:
- Rekstur tívolígarða eða ferðatívolís

92.34 92.34.0 **Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi**

Til þessarar greinar telst:
- Skemmtanahald og skemmtanastarfsemi sem er ótalin annars staðar

Þar á meðal er:
- Starfsemi dansskóla og balletskóla
- Brúðuleikhús
- Rekstur félagsheimila

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Önnur ótalin tómstundastarfsemi, sbr. 92.72*
- *Rekstur veitingasala og samkomuhúsa með veitingasölu, sbr. 55.30.2*

92.4 **92.40** 92.40.0 **Starfsemi sjálfstæðra fréttastofa**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi fréttastofa, í því fólgin að koma fréttum, ljósmyndum og blaðagreinum, pistlum og öðrum ritsmíðum til fjölmiðla

Þar á meðal eru:
- Blaðamenn í lausamennsku
- Fréttaljósmyndarar í lausamennsku

92.5 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi

92.51 Starfsemi bóka- og skjalasafna

92.51.1 Almenningsbókasöfn

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi almenningsbókasafna, þar með talin varsla og útlán á hljómplötum og hljóðböndum, listaverkum, tímaritum, kvikmyndum o.s.frv., rekstur lestrarsala og sala til að hlusta og skoða efni í fórum safnanna
- Flokkun og skráning
- Heimildaleit fyrir notendur

Þar á meðal er:
- Starfsemi skólabókasafna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Rekstur gagnabanka, sbr. 72.40*
- *Myndbandaleigur, sbr. 71.40.1*

92.51.2 Þjóðbókasafn, rannsóknar- og háskólabókasöfn

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi þjóðbókasafns
- Starfsemi háskólabókasafna
- Starfsemi sérhæfðra bókasafna við ýmsar stofnanir og fyrirtæki
- Flokkun og skráning
- Heimildaleit fyrir notendur

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Rekstur gagnabanka, sbr. 72.40*
- *Myndbandaleigur, sbr. 71.40.1*

92.51.3 Skjalasöfn

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi skjalasafna og söfnun gagna á vegum opinberra aðila og einstaklinga, hvert sem geymsluformið er
- Flokkun og skráning
- Heimildaleit fyrir notendur

Þar á meðal er:
- Starfsemi Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Rekstur gagnabanka, sbr. 72.40*
- *Myndbandaleigur, sbr. 71.40.1*

92.52 92.52.0 **Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga**

Til þessarar greinar telst:
- Starfræksla hvers kyns safna annarra en bóka- og skjalasafna, s.s. listasafna, minjasafna, náttúrugripasafna, tæknisafna o.s.frv., sögulegra bygginga og minnisvarða

Þar á meðal eru:
- Byggðasöfn
- Listsýningarsalir sem aðgangur er seldur að

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Listmuna- og listaverkaverslanir (gallerí), sbr. 52.49.2*
- *Skjalasöfn, sbr. 92.51*

92.53 92.53.0 **Rekstur grasagarða, dýragarða og þjóðgarða**

Þar á meðal er:
- Húsdýragarðurinn í Reykjavík
- Þjóðgarðar og friðlýst svæði
- Náttúruundur, rekin í þágu ferðamanna

92.6 Íþróttastarfsemi

92.61 92.61.0 **Rekstur íþróttamannvirkja**

Til þessarar greinar telst:
- Rekstur sundstaða
- Rekstur íþróttahúsa
- Rekstur hvers kyns aðstöðu til íþróttaiðkana, innanhúss eða utan, t.d. knattspyrnuvalla, golfvalla, skíðasvæða, frjálsíþróttavalla, keilusala, veðreiðabrauta o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Leiga á íþróttabúnaði, sbr. 71.40.9*
- *Rekstur íþróttamannvirkja sem starfrækt eru af íþróttafélögum, sbr. 92.62*
- *Rekstur smábátahafna, sbr. 63.22*

92.62 92.62.0 **Íþróttafélög; önnur íþróttastarfsemi**

Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi íþróttasambanda, sérsambanda, ungmennafélaga og íþróttafélaga

Þar á meðal er:
- Skipulagning hvers kyns íþróttaviðburða innanhúss eða utan fyrir áhuga- og atvinnumenn, hvort heldur þeir eru haldnir í eigin íþróttamannvirkjum eða ekki
- Starfsemi íþróttafélaga, s.s. knattspyrnufélaga, handboltafélaga, sund-félaga, frjálsíþróttafélaga, golfklúbba, líkamsræktarfélaga, glímufélaga, skíðafélaga, skautafélaga, hestamannafélaga, stangveiðifélaga o.s.frv.
- Starfsemi skák- og bridsfélaga, keiluspilsklúbba, þjóðdansafélaga o.fl.
- Rekstur íþróttamannvirkja sem starfrækt eru af íþróttafélögum
- Önnur starfsemi er tengist íþróttaiðkunum, t.d. starfsemi atvinnuíþróttafólks, dómara og tímavarða, þjálfara, leiðbeinenda, starfsmanna íþróttasamtaka, svo og reiðskólar, skákskólar, rekstur hesthúsa, hrossatamningar í tamningartöðvum o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Leiga á íþróttabúnaði, sbr. 71.40.9*
- *Rekstur smábátahafna, sbr. 63.22*
- *Starfsemi og rekstur er tengist stangveiði og sjóstangaveiði, sbr. 92.72*

92.7 **Önnur tómstundastarfsemi**

92.71 92.71.0 **Happdrætti og veðmálastarfsemi**

Þar á meðal eru:
- Happdrætti Háskóla Íslands
- SÍBS
- Happdrætti DAS
- Lottó
- Skafmiðahappdrættin
- Knattspyrnugetraunir
- Spilakassar

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Happdrættisstarfsemi góðgerðarfélaga, sbr. 85.32.8*

92.72 92.72.0 **Önnur ótalin tómstundastarfsemi**

Til þessarar greinar telst:
- Öll starfsemi er tengist tómstundum sem ekki eru taldar annars staðar

Þar á meðal er:
- Starfsemi og rekstur er tengist stangveiði og sjóstangaveiði, þó ekki starfsemi stangveiðifélaga
- Hestaleiga, bátaleiga og leiga annarra flutningstækja sem notuð eru sem tómstundagaman
- Sala veiðileyfa
- Hundaþjálfun
- Billjarðsstofur

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Umboðsskrifstofur fyrir einstaklinga, t.d. leikara og aðra skemmtikrafta, sbr. 74.84*
- *Önnur skemmtanastarfsemi, t.d. hringleikahús eða dansskólar, sbr. 92.34*
- *Starfsemi veiðifélaga, sbr. 70.20.3*
- *Starfsemi stangveiðifélaga, sbr. 92.62*
- *Tamningar hjá hrossaræktendum, sbr. 01.22.2*

93 93.0 Önnur persónuleg þjónustustarfsemi

93.01 93.01.0 **Þvottahús og efnalaugar**

Til þessarar greinar telst:
- Þvottur, straujun, þurrhreinsun og pressun á hvers kyns fatnaði (þ. á m. loðskinnsfatnaði) og textílvörum, t.d. teppum og gluggatjöldum, jafnt fyrir einstaklinga og fyrirtæki
- Leiga þvottahúsa á líni, vinnufatnaði o.fl.
- Sjálfsafgreiðsluþvottahús

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Leiga á fatnaði, öðrum en líni og vinnufatnaði, þótt þvottur og hreinsun séu hluti starfseminnar, sbr. 71.40.9*
- *Viðgerðir og breytingar á fatnaði reknar sem sjálfstæð atvinnustarfsemi, sbr. 52.74*

93.02 93.02.0 **Hárgreiðslu- og snyrtistofur**

Til þessarar greinar telst:
- Þvottur, klipping, lagning, litun, skolun og hárliðun fyrir konur og karla á hárgreiðslu- eða rakarastofum, rakstur og skeggsnyrting
- Starfsemi snyrtistofa, s.s. andlitshreinsun, nudd, handsnyrting, andlitsförðun, o.s.frv.
- Starfsemi snyrtifræðinga

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Framleiðsla á hárkollum, sbr. 36.63*
- *Sólbaðstofur, sbr. 93.04*

93.03 93.03.0 **Útfararþjónusta**
Til þessarar greinar telst:
- Öll almenn útfararþjónusta, s.s skipulagning og umsjón greftrana og líkbrennslu
- Líksnyrting

93.04 93.04.0 **Heilsuræktarstarfsemi, sólbaðstofur o.þ.h.**
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi líkamsræktarstöðva, leikfimistöðva, gufubaðstofa, nuddstofa, sólbaðstofa o.s.frv.

Til þessarar greinar telst ekki:
- *Starfsemi hressingarhæla, sbr. 85.14.9*
- *Starfsemi sjúkranuddara, sbr. 85.14.9*

93.05 93.05.0 **Önnur ótalin persónuleg þjónustustarfsemi**
Til þessarar greinar telst:
- Starfsemi stjörnuspekinga, spákvenna, miðla o.þ.h.
- Þjónusta af félagslegum toga, t.d. hjónabandsmiðlun,
- Ættfræðirannsóknir
- Rithandarsérfræðingar

95 Heimilishald með launuðu starfsfólki

95.0 **95.00** 95.00.0 **Heimilishald með launuðu starfsfólki**

97 Engin starfsemi

97.0 **97.00** 97.00.0 **Engin starfsemi**
Til þessarar greinar teljast:
- Fyrirtæki sem eru hætt starfsemi
- Gjaldþrota fyrirtæki

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Fyrirtæki sem ekki hafa hafið starfsemi, sbr. 98*

98 Ótilgreind starfsemi

98.0 **98.00** 98.00.0 **Ótilgreind starfsemi**
Til þessaar greinar telst:
- Starfsemi sem ekki er unnt að flokka vegna skorts á upplýsingum
- Fyrirtæki sem ekki hafa hafið starfsemi

Til þessarar greinar teljast ekki:
- *Fyrirtæki sem eru hætt starfsemi eða eru gjaldþrota, sbr. 97*

99 Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt

99.0 99.00 Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt

99.00.1 Starfsemi Varnarliðsins

99.00.9 Erlend sendiráð og önnur alþjóðastarfsemi

Til þessarar greinar teljast m.a:

- Starfsemi sendiráða, sendinefnda og fulltrúa erlendra ríkja þegar starfsemin er talin í dvalarlandinu, en ekki í því landi sem skipar þá fulltrúa

Til þessarar greinar telst einnig:

- Starfsemi Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra og svæðisstofnana
- Evrópubandalagið (EB)
- Evrópuráðið
- Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)
- Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD)
- Alþjóðahafrannsóknaráðið
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
- Alþjóðabankinn
- Tollasamvinnuráðið
- Samtök olíuútflutningsríkja (OPEC)
- Alþjóða Rauði krossinn

Til þessarar greinar telst ekki:

- *Starfsemi utanríkisþjónustu og sendifulltrúa á hennar vegum í öðru ríki eða hjá alþjóðastofnunum, sbr. 75.21*

2. gr.

Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 95 öðlast gildi 1. janúar 1995. Jafnframt fellur þá úr gildi núgildandi Atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands, 23. nóvember 1994.

Davíð Oddsson.

Hallgrímur Snorrason.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups **varðandi beiðni um að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli.**

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. desember 1993, þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Brimilsvallasókn í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð Ólafsvíkursókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreindar breytingar, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfunda, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar."

Nr. 622 25. nóvember 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 430/1984, um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 8. gr. orðast svo: Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. 3. gr. endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson

Áslaug Guðjónsdóttir

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 - 1994

29. nóvember 1994 2565 Nr. 623

SAMÞYKKT
um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalabyggðar er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Dalabyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Dalabyggðar eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráð sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

B 176

Steindórsprent Gutenberg hf.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgeiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu í sveitarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 19.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar stjórnar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi. Fundir hreppsnefndar skulu að jafnaði haldnir í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal hafi hreppsnefnd ekki ákveðið annað.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti og sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal að jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Meðan þessu ákvæði er ekki fullnægt skal þeim sem þess óska veitt aðstoð til að komast á fundarstað.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd. Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir sér færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundar-sakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

28. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar.

Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef þess er óskað.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarsjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í hreppsráði eða öðrum nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

42. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Hreppsnefnd kys fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæð-

um laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Hreppsnefnd getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost a setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði, annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 19.30. Aukafundi skal halda, ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

50. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi. Hann sér um, að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll hreppsráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann og varaformann hreppsráðs. Kjósa má sveitarstjóra formann hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs.

Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnsýslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana hreppsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. þá sér hreppsráð um, að

ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana hreppsins lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag hreppssjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsnefndarmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. þá tekur hreppsráð fullnaðarákvarðanir í málum, sem hreppsnefnd hefur falið því að afgreiða. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa varaformann og ritara nefndar.

Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög eða hreppsnefnd ákveði annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar styrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. þá skal skrá í fundæargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila,

meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsráðs eða hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsráð/hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Þrjár undirkjörstjórnir við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
2. *Stjórn byggingarfulltrúaembættis.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi við aðildarsveitarfélögin.
3. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félgasmálanefnd skal annast störf áfengisvarnarnefndar og barnaverndarnefndar. Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmál.
4. *Rekstrarnefndir félagsheimila.*
   a. Árblik, þrír aðalmenn og þrír varamenn.
   b. Dalabúð, þrír aðalmenn og þrír varamenn.
   c. Staðarfell, þrír aðalmenn og þrír varamenn, einn tilnefndur af Umf. Dögun, einn tilnefndur af kvenfélaginu Hvöt og einn án tilnefningar.
5. *Hafnarstjórn Skarðsstöðvar og Hnúksnes.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Hafnarstjórn Búðardalshafnar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Búðardalshöfn nr. 463/1991.
7. *Heilbrigðisnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. *Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
9. *Skólanefnd Búðardalsskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
10. *Skólanefnd Laugaskóla.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
11. *Rekstrar- og framkvæmdanefnd Laugaskóla.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
12. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
13. *Stjórn Silfurtúns.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi um rekstur Silfurtúns.

14. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Einn aðalmaður og tveir varamenn skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
15. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt eru tveir nefndarmenn tilnefndir af stærstu lánþegasamtökum í sveitarfélaginu.
16. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
17. *Búfjáreftirlitsmenn.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
18. Einn úttektarmann og annan til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
19. *Fulltrúa F.V.A.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt nánara samkomulagi við Saurbæjarhrepp.
20. Fulltrúa í *Héraðsnefnd Dalasýslu* samkvæmt samþykktum héraðsnefndar frá 1989.

62. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður um leið og sveitarstjórnar eða fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

63. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

64. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

65. gr.

Hreppsráð ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

66. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annrra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Dalabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Haukadalshrepps nr. 306/1987 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvammshrepps nr. 258/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

29. nóvember 1994 Nr. 624

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnan nr. 554/1994.

1. gr.

2. mgr. 64. gr. fellur brott.

2. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðbirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 90. gr. skal ársreikningur fyrir árið 1994 saminn í samræmi við ákvæði reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 með síðari breytingum og í samræmi við almennar reglur fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með vísan til 57. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og 11. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993, öðlast þegar gildi.,

Seðlabanki Íslands, 29. nóvember 1994.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Steingrímur Hermannsson.**

SAMÞYKKT

um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er skipuð 11 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum og reglugerðum svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga og VI. kafla þessarar samþykktar og samkvæmt reglum er bæjarstjórn kann að setja.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða í helstu stöður þess, sbr. 66. gr.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgeiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nytingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig útgjöldum skal mætt, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hefi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breytst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi á hálfsmánaðar fresti.

Bæjarstjónarfundur skal að jafnaði hefjast kl. 17.00 og að jafnaði ljúka eigi síðar en kl. 24.00.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og/eða forseta bæjarstjórnar, og ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nykjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nykjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglysingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en 3 virkum dögum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjórn eru nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi sólarhring fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nykjörinnar bæjarstjórnar og styrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nyju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráð kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldurforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

19. gr.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skyra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar styrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir sér færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka mynd og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Forseti getur heimilað bæjarfulltrúa að taka til máls utan dagskrár óski hann þess.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brynni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skulu forföllin tilkynnt bæjarstjóra, sem þá boðar varamann hans á fund.

Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir, er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið.

Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðageiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skyra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. þegar bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða. Heimilt er forseta að gera hvern einstakan lið fundargerðar að sérstöku dagskrármáli.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarsköp.

Óski bæjarfulltrúi eftir að bera fram fyrirspurn um málefni kaupstaðarins skal hann leggja hana skriflega fyrir forseta bæjarstjórnar, formann bæjarráðs eða bæjarstjóra. Fyrirspurnin skal vera um skyrt afmörkuð atriði og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Bæjarfulltrúi segir til um hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

29. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lytur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlyðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu, og skal í því styðjast við viðurkennd fundarsköp.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, eða bæjarstjóra. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema lög mæli á annan veg. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli, ef bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Hjáseta jafngildir þátttöku í atkvæðagreiðslu.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarritari sér um færslu gerðabókar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn, sbr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði frestun.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4., 5. og 15. gr. 3. tl. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en á síðasta bæjarráðsfundi fyrir bæjarstjórnarfund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða

ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans, sbr. 26. gr.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

Mánuðina september til maí skulu bæjarfulltrúar hafa fasta viðtalstíma fyrir bæjarbúa á bæjarskrifstofunni. Bæjarritari sér um nánari framkvæmd.

46. gr.

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. þeir bæjarfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði, að tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Heimild þessi nái einnig til 1. varamanns viðkomandi áheyrnarfulltrúa.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma einu sinni í viku. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá degi fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarritari færir gerðabók bæjarráðs. Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. þar skal greint frá málum er til umræðu koma, framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hvaða afgreiðslu þau fá.

Með dagskrá bæjarstjórnarfunda skulu bæjarfulltrúum send gögn sem dreift hefur verið til fulltrúa í bæjarráði.

Á sumarleyfistíma bæjarstjórnar skulu öllum bæjarfulltrúum send eftirrit fundargerða bæjarráðs og gögn sem dreift hefur verið til fulltrúa í bæjarráði.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til

meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur um afgreiðslu mála í bæjarráði eða við bæjarstjóra. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í bæjarráði fer málið til afgeiðslu í bæjarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, þ. á m. í sumarleyfi bæjarstjórnar, nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með dagskrá með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

Forstöðumenn einstakra málaflokka undirbúa fundi viðkomandi nefndar í samráði við formann hennar. Formaður nefndar skal gæta þess að verkaskipting milli nefndar og embættismanna sé haldin og virt á báða bóga.

59. gr.

Um valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Nefndir eru ráðgefandi bæjarstjórn um þann málaflokk er undir þær heyrir. þær skulu gera tillögu að stefnumörkun innan síns málaflokks og fylgjast með að samþykkt stefna sé haldin.

Nefndir afgreiða erindi sem þeim berast og fjalla um stjórn, rekstur og skipulag þeirra deilda og stofnana sem undir þær heyra.

Nefndir skulu að eigin frumkvæði kynna sér þjónustu bæjarstofnana innan síns málaflokks og fjalla um aðfinnslur og athugasemdir bæjarbúa sem þeim berast.

Nefndir fjalla um ráðningar starfsmanna sinna deilda og stofnana eftir því sem nánar segir í 66. gr. samþykktar þessarar eða reglum er bæjarstjórn setur.

Nefndir gera tillögu að fjárhagsáætlun til bæjarráðs. Að lokinni samþykkt fjárhagsáætlunar ber þeim að fylgjast með að hún sé haldin. Einnig gera nefndir tilllögur til bæjarstjórnar um breytingar á reglugerðum, samþykktum og gjaldskrám.

Forstöðumenn einstakra málaflokka eru faglegir ráðgjafar viðkomandi nefnda, veita þeim upplýsingar og framkvæma ályktanir þeirra.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð undirrituð af öllum viðstöddum nefndarmönnum.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði lagðar fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir, sem starfi samkvæmt gildandi lögum og reglum og samþykktum sem bæjarstjórn kann að setja:

A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. Fimm bæjarfulltrúa í *bæjarráð* skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. Tvo *skoðunarmenn* bæjarreikninga og tvo til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. Þrjá menn í *kjörstjórn* við alþingiskosningar, sem jafnframt er *kjörstjórn* við sveitarstjórnarkosningar og jafnmarga til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis og 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. Til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

Sex manna nefnd:

1. Sex menn í *áfengisvarnarnefnd* skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.

Fimm manna nefndir:

2. Fimm menn í *atvinnumálanefnd* og fimm til vara skv. almennu ákvæði 57. gr. sveitarstjórnarlaga. Atvinnumálanefnd hefur jafnframt með höndum verkefni skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
3. Fimm menn í *barnaverndarnefnd* og fimm til vara skv. 6. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.
4. Fimm menn í *bókasafnsstjórn* og fimm til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
5. Fimm menn í *brunamálanefnd* og fimm til vara, sbr. 3. gr. Samþykktar um Slökkvilið Hafnarfjarðar frá 18. maí 1990.
6. Fimm menn í *byggingarnefnd* og fimm til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
7. Fimm menn í *ferðamálanefnd* og fimm til vara skv. samþykktum bæjarstjórnar frá 5. júlí 1990.

8. Fimm menn í *félagsmálaráð* og fimm til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þá annast félagsmálaráð verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
9. Fimm menn í *framtalsnefnd* og fimm til vara. Framtalsnefnd annast þau störf sem kveðið er á um í 4. mgr. 5. gr. og 27. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga og skv. samþykkt bæjarráðs frá 30. júní 1994.
10. Fimm menn í *hafnarstjórn* og fimm til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
11. Fimm menn í *heilbrigðisnefnd* og fimm til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbirgðiseftirlit.
12. Fimm menn í *íþróttaráð* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. desember 1982.
13. Fimm menn í *leikskólanefnd* og fimm til vara skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
14. Fimm menn í *menningarmálanefnd* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 14. júní 1994.
15. Fimm menn í *rafveitunefnd* og fimm til vara skv. orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð um Rafveitu Hafnarfjarðar.
16. Fimm menn í *skipulagsnefnd* og fimm til vara. Fer með skipulagsmál skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964.
17. Fimm menn í *skólanefnd* grunnskóla og fimm til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Nefndin fer jafnframt með málefni tónlistarskóla skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
18. Fimm menn í *umhverfisnefnd* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 14. júní 1994. Umhverfisnefnd annast verkefni þau sem gróðurverndarnefnd og náttúru-verndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 17/1965 um landgræðslu og 47/1971 um náttúruvernd.
19. Fimm menn í *vímuvarnarnefnd* sbr. samþykkt bæjarstjórnar frá 19. júní 1990.
20. Fimm menn í *æskulýðs- og tómstundaráð* og fimm til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. desember 1982.

Fjögurra manna nefnd:

21. Fjóra aðalmenn í *húsnæðisnefnd* og jafnmarga til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þriggja manna nefndir:

22. Þrjá menn í *byggðarsafnsnefnd* skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 14. apríl 1953.
23. Þrjá menn í *fegrunarnefnd* skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 12. júlí 1966.
24. Þrjá menn í *gatnanafnanefnd* skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 3. júlí 1962.
25. Þrjá menn í *jafnréttisnefnd* og þrjá til vara skv. 13. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
26. Þrjá menn í *skólanefnd Flensborgarskóla* og þrjá til vara skv. 7. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla, sbr. 4. gr. laga nr. 72/1989.
27. Þrjá menn í *skólanefnd Iðnskóla Hafnarfjarðar* og þrjá til vara skv. 7. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla, sbr. 4. gr. laga nr. 72/1989.
28. Þrjá menn í stjórn *heilsugæslustöðvar* og þrjá til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
29. Þrjá menn í stjórn *St. Jósefsspítala* skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðis-þjónustu.
30. Þrjá menn í stjórn *Sólvangs* skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
31. Þrjá menn í *umferðarnefnd* og þrjá til vara sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Rétt til setu á fundum nefndarinnar hefur sýslumaður og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétt.
32. Þrjá menn í *öldrunarnefnd* skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða.

Tveggja menna nefndir:

33. Tvo menn í *stjórn Almenningsvagna* bs. skv. samþykkt bæjarráðs frá 1. febrúar 1990. Tvo menn í fulltrúaráð.
34. Tvo menn í *stjórn Hafnarborgar,* menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, skv. gjafabréfi frá 1. júlí 1983. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar er sjálfkjörinn í stjórnina.
35. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar skv. 36. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði. Auk þess eiga sæti í stjórninni þrír fulltrúar kjörnir af ábyrgðarmönnum sparisjóðsins.
36. Tvo menn í stjórn *starfsmenntunarsjóðs* skv. samþykkt bæjarstjórnar og ákvæði kjarasamnings við *Starfsmannafélag Hafnarfjarðar* frá 9. september 1980.

Eins manns nefndir:

37. Einn mann og annan til vara í *almannavarnanefnd* skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
38. Einn mann í stjórn *Bláfjallanefndar* skv. auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 97/1973.
39. Einn mann sem *búfjáreftirlitsmann* skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
40. Einn mann í *stjórn Eftirlaunasjóðs* starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar skv. 41. gr. reglugerðar um sjóðinn frá janúar 1989.
41. Einn mann í *stjórn Reykjanesfólkvangs* skv. auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975.
42. Einn mann og einn til vara í *stjórn Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins* bs. skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 16. febrúar 1988. Tvo menn í fulltrúaráð.

C. Í aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir, s.k. starfsnefndir, til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar kjörtímabil bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið, afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst þegar verkefnið er til lykta leitt.

Bæjarstjórn getur þó hvenær sem er afturkallað umboð slíkra nefnda og annarra starfsnefnda.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri skal hafa ákveðinn viðtalstíma sem auglýstur skal á skrifstofu bæjarins.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður og veitir þeim lausn frá störfum.

Um ráðningar fer að öðru leyti samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 23. febrúar 1993.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á og samkvæmt samningsbundnum réttindum og skyldum starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 3. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn/bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmálefna Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 64/1974 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

1. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Síld..... 130.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. desember 1994.

F.h.r.
Jón B. Jónasson

Arndís Steinþórsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld.	**Kr.**
1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina	4.000
1.2 Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótaréttinda í skírteini	1.800
1.3 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga.	14.000
1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ.m.t. breytingar á skrásetningarmerkjum	8.000

2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.

2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.

2.3 Gjald fyrir úrgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.

2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.5 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir vélknúin loftför eru:	Kr.
a) fyrir loftför allt að 2700 kg	11.400
+	7,80/kg
b) fyrir loftför 2701-5700 kg	17.000
+	6,50/kg
c) fyrir loftför 5701-50000 kg	80.000
+	7,00/kg
d) fyrir loftför yfir 50000 kg	400.000
+	4,00/kg

2.8 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara sem ekki eru vélknúin eru 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

Gjöld skv. lið 2.2 skal endurgreiða hlutfallslega eftir skráningartíma loftfars hér á landi, ef skráning varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal 1/12 hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði. Þó þannig að lágmarksgjald sé 3/12 fulls gjalds.

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu úrgáfu flugrekstarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og massa loftfaranna.

3.3 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

3.4 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:	Kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	25.000
b) fyrir hvert loftfar 2701-5700 kg	45.000
c) fyrir hvert loftfar 5701-50000 kg	120.000
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	180.000

4. Prófgjöld	**Kr.**
4.1 Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:	
a) einkaflugmannspróf	8.500
b) atvinnuflugmannspróf	12.500
c) blindflugspróf	11.000
d) flugkennarapróf	11.000
e) flugumsjónarmannspróf	11.000
f) flugvéltæknispróf	11.000
g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf	11.000
h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	2.750

4.2 Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.
Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 47, 28. janúar 1992 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 28. nóvember 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 628 18. nóvember 1994

VIÐMIÐUNARREGLUR

skv. 9. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, nr. 304/1994.

1. gr.
Lok reksturs.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, er það skilyrði fyrir bótarétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að þeir séu hættir eigin atvinnurekstri. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. ofangreindrar reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, telst sjálfstætt starfandi hættur rekstri ef hann sannar að rekstri hafi verið hætt, hann framseldur öðrum eða tekinn til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar þarf tilkynning um lok sjálfstæðrar starfsemi að bera með sér að lok starfseminnar hafi verið tilkynnt launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra og að virðisaukaskattskyldri starfsemi hafi verið hætt. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skal stjórn Atvinnu- leysistryggingasjóðs meta hvað er að öðru leyti fullnægjandi trygging fyrir því að sjálfstætt starfandi hafi hætt starfsemi. Með vísun til þess hefur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Staðfesting á sölu atvinnutækja er að öllu fullnægjandi trygging fyrir því að rekstri hafi verði hætt. Hafi atvinnutæki ekki verið selt verður maður að sýna fram á að honum sé ekki lengur mögulegt að nýta atvinnutæki í rekstri. Í því sambandi eru settar fram eftirfarandi leið beiningar:

a. Þeir sem hafa notað vélknúin ökutæki í rekstri sínum skulu hafa lagt inn númer þeirra eða afskráð þau hjá Bifreiðaskoðun Íslands og lagt fram vottorð þess efnis til Atvinnuleysistryggingasjóðs.
b. Þeir sem hafa notað skip og báta í rekstri sínum skulu hafa lagt haffæraskírteini eða skoðunarvottorð þeirra inn hjá Siglingamálastofnun ríkisins og lagt fram vottorð þess efnis til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

c. Þeir sem hafa notað flugvélar í rekstri sínum skulu hafa lagt inn flugrekstrarleyfi sitt til samgönguráðuneytisins og lagt fram vottorð þess efnis til Atvinnuleysistryggingasjóðs.
d. Þeir sem hafa í rekstri sínum notað önnur tæki eða vélar, en tilgreind eru í a-c liðum, sem Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með, skulu hafa afskráð tækin og vélarnar hjá Vinnueftirlitinu og lagt fram vottorð þess efnis til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysistryggingasjóður og þeir opinberu aðilar sem tilgreindir eru í a-d liðum hafa reglubundið eftirlit með því hvort vélar eða tæki hafi verið tekin í notkun að nýju.

2. gr.

Bótaréttur manns sem hefur haldið áfram persónubundnu starfi við rekstur eftir að hafa byrjað í launavinnu og sækir um atvinnuleysisbætur eftir að hafa misst launavinnuna.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur telst sá, sem hefur haldið áfram persónubundnu starfi sínu við rekstur eftir að hafa byrjað í launavinnu, ekki atvinnulaus og í atvinnuleit þó að hann missi launavinnuna, nema skilyrðum 3. gr. reglugerðarinnar um lok sjálfstæðrar starfsemi hafi verið fullnægt eða sýnt þyki að reksturinn framfleyti aðeins öðrum aðila sem hefur starfað að fullu við reksturinn. Skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs meta hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Í því sambandi hefur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt að miða skuli við að hreinar tekjur af atvinnurekstri og reiknuð laun fyrir hvern þann aðila, sem hefur tekjur af rekstrinum og starfar enn að fullu við hann, séu að jafnaði minni en atvinnuleysisbætur. Því til sönnunar skal leggja fram vottorð skattstofu.

3. gr.

Bótaréttur manns sem hefur afhent nákomnum rekstur.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingur fái atvinnuleysisbætur telst sá, sem hefur afhent maka, hvort sem um hjúskap eða óvígða sambúð er að ræða, rekstur, ekki hættur rekstri í skilningi 1. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Maður sem hefur afhent öðrum nákomnum en maka rekstur getur átt bótarétt ef sýnt þykir að reksturinn, þegar afhendingin átti sér stað, framfleytti aðeins þeim sem tóku við rekstrinum og skal miðað við að dregið hafi úr veltu á hvoru undangenginna tveggja reikningsára er nemi samtals að lágmarki 40% yfir tímabilið. Skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs meta hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Í því sambandi hefur hún ákveðið að leggja skuli fram vottorð skattstofu um heildarveltu næstliðinna þriggja reikningsára.

4. gr.

Heimild til að hefja rekstur að nýju innan tólf mánaða án þess að sæta viðurlögum skv. 8. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur getur maður sótt um það til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að hefja sjálfstæða starfsemi að nýju áður en 12 mánuðir eru liðnir án þess að sæta viðurlögum skv. 8. gr., enda hafi skapast forsendur fyrir því að hefja rekstur á nýjan leik í a.m.k. 60 virka daga. Skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs meta hvenær þessar forsendur eru fyrir hendi. Í því sambandi hefur hún ákveðið að viðkomandi skuli undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann telji að rekstrargrundvöllur sé fyrir atvinnustarfsemi sinni og að hann skuli leggja fram verkefnaáætlun sem nái yfir a.m.k. þrjá mánuði.

5. gr.
Viðurlög.

Sá sem gefur vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína, eða leynir atriðum er máli skipta varðandi réttarstöðu hans gagnvart sjóðnum, skal sæta viðurlögum skv. 8. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, sbr. og 41. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 93/1993.

6. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs með heimild í 9. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnu-leysisbætur, öðlast þegar gildi.

Viðmiðunarreglur þessar, sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkti á fundi sínum 3. október 1994, staðfestist hér með, sbr. 9. gr. reglugerðar um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur nr. 304/1994, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1994

9. desember 1994 2597 Nr. 629

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 508, 16. september 1994, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

6. tl. 1. gr. orðist:

Í utanverðu Lónsdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°43'00 N – 14°24'00 V
2. 63°47'00 N – 14°07'00 V
3. 63°51'00 N – 13°45'00 V
4. 63°48'00 N – 13°50'00 V
5. 63°46'00 N – 14°05'00 V
6. 63°41'00 N – 14°24'00 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

2. gr.

Jafnframt bætast við 1. gr. tveir nýir töluliðir svohljóðandi:

7. Í Lónsdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°55'00 N – 14°01'00 V
2. 63°53'00 N – 13°56'00 V
3. 63°50'30 N – 14°05'00 V
4. 63°53'40 N – 14°06'40 V

8. Á Papagrunni á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'00 N – 14°05'00 V
2. 64°00'00 N – 13°53'00 V
3. 63°54'80 N – 13°46'20 V
4. 63°54'00 N – 13°51'00 V
5. 63°55'00 N – 13°56'00 V

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 14. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 93, nr. 629. Útgáfudagur 12. desember 1994. B 178

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1994

Nr. 630 2598 13. desember 1994

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Frá og með 14. desember 1994 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Hrollaugseyjar, milli 16°15'V og 15°55'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er á milli 63°51'N – 16°15'V og 64°00'V – 15°55'V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 14. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 264, 20. maí 1994, um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 94, nr. 630. Útgáfudagur 13. desember 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 1994

29. nóvember 1994 2599 Nr. 631

REGLUGERÐ

um starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu.

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verkstæða sem hafa fengið B-faggildingu frá Löggildingarstofunni til endurskoðunar ökutækja. Reglur þessar byggja á ákvæðum í reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja og með hliðsjón af ákvæðum í ÍST EN 45000 staðlaröðinni.

Faggilding á endurskoðunarverkstæðum er takmörkuð að því leyti að verkstæðin þurfa ekki að fullnægja öllum skilyrðum sem gilda við hefðbundna faggildingu og nefnist því B-faggilding.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Endurskoðunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur B-faggildingu til þess að endurskoða að bætt hafi verið úr frávikum sem fram hafa komið við aðalskoðun ökutækis hjá faggiltri skoðunarstofu.

B-faggilding: Aðferð sem Löggildingarstofan beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að endurskoðunarverkstæði búi yfir nægjanlegri hæfni til að starfa skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Endurskoðun ökutækis: Athugun til þess að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis uppfylli kröfur sem gerðar eru í ákvæðum reglna sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu eftir að gert hefur verið við þau frávik sem athugasemdir voru gerðar við í aðalskoðun.

Skoðunarvottorð (ökutækis): Skjal, undirritað af skoðunarmanni, sem staðfestir að skoðað ökutæki standist kröfur sem gerðar eru í ákvæðum reglna sem gefnar eru út af dómsmálaráðuneytinu.

Skoðunarmaður: Fastráðinn starfsmaður endurskoðunarverkstæðis sem uppfyllir kröfur í ákvæðum reglugerðar þessarar og starfar að endurskoðun ökutækja.

Umfang

3. gr.

Faggildingarsvið til endurskoðunar ökutækja eru eftirfarandi:

1. Skynbúnaður
2. Hreyfill og fylgibúnaður
3. Yfirbygging
4. Stýrisbúnaður
5. Burðarvirki
6. Hjólabúnaður
7. Aflrás
8. Hemlabúnaður

Steindórsprent Gutenberg hf.

9. Tengibúnaður og merkingar
10. Hjólbarðar

Framangreind faggildingarsvið skiptast eftir stærð og flokkun ökutækja á eftirfarandi hátt:

a) Bifreið ≤3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
b) Bifreið >3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
c) Eftirvagn ≤3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
d) Eftirvagn >3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd
e) Bifhjól

Reglur um stjórnun.

4. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa skráð virðisaukaskattsnúmer og hafi verið starfrækt a.m.k. eitt bókhaldsár og hafa gott orð á sér fyrir heiðarlega viðskiptahætti og góðan rekstur. Á endurskoðunarverkstæði skal starfa maður sem er tæknilega ábyrgur fyrir því að skoðun sé gerð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum þeim reglum sem um starfsemi þessa fjalla. Starfsmaðurinn skal vera fastráðinn, heyra beint undir yfirstjórn verkstæðisins og hafa viðhlítandi starfsréttindi og reynslu.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa skjalfesta lýsingu á þeirri starfsemi sinni sem faggilt er.

Sjálfstæði og ráðvendni.

5. gr.

Við endurskoðun ökutækja má skoðunarmaður ekki þiggja afkastahvetjandi laun eða hliðstæðar greiðslur eða hafa fjárhagslegan ávinning af niðurstöðum skoðana eða á annan hátt vera háður niðurstöðum skoðana.

Endurskoðunarverkstæði skal tryggja að utanaðkomandi aðilar hafi engin áhrif á niðurstöður skoðana.

Gæðakerfi.

6. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal vegna skoðunarstarfsemi sinnar hafa skýra stefnu í gæðamálum og beita virku gæðakerfi sem skjalfest er í gæðahandbók.

Tæknileg hæfni.

Skoðunarmenn

7. gr.

Skoðunarmaður skal hafa nægilega tæknikunnáttu í þeim viðgerðum og skoðunum sem endurskoðunarverkstæðið annast. Hann skal auk þess kunna skil á reglum dómsmálaráðuneytisins er varða skoðun ökutækja og uppfylla hæfniskröfur í reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja. Fagréttinda er þó ekki krafist þegar um er að ræða endurskoðun hjólbarða á faggiltu hjólbarðaverkstæði.

Endurskoðunarverkstæði skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem annast endurskoðun ökutækja. Í skránni skulu vera upplýsingar um grunnmenntun, þjálfun, tæknilega þekkingu og reynslu sérhvers starfsmanns.

Aðstaða og tækjabúnaður.

8. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal vera í húsnæði og hafa aðstöðu sem hentar til þess að endurskoða ökutæki á þeim sviðum sem það hefur hlotið faggildingu á. Húsnæði skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

9. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa yfir að ráða tækjakosti í samræmi við ákvæði í reglum sem dómsmálaráðuneytið gefur út um tækjabúnað til þess að skoða ökutæki.

Endurskoðunarverkstæði skal ábyrgjast að búnaður sem notaður er við skoðun, fái viðhald og umhirðu samkvæmt skriflegri áætlun endurskoðunarverkstæðisins.

Endurskoðunarverkstæði skal skrá tæki sem notuð eru við endurskoðun með upplýsingum um kvörðun og viðhald. Tæki sem það tekur í notkun skulu kvörðuð og síðan endurkvörðuð eftir föstu skipulagi.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa reglur um kvörðun tækja til skoðunar og skal þeim reglum beitt þannig að mælingar sem gerðar eru megi rekja til mæligrunna ef unnt er og þegar þurfa þykir.

Mælitæki skulu athuguð milli reglubundinna kvarðana skv. skriflegri áætlun endurskoðunarverkstæðisins.

Endurskoðunarverkstæði skal taka biluð tæki úr notkun. Áhrif bilunar á fyrri endurskoðanir skulu athuguð og bætt úr þeim.

Tækjakostur sem notaður er við endurskoðun skal vera greinilega merktur.

Tækjakostur skal að öðru leyti uppfylla allar reglur opinberra aðila um heilbrigðis- og öryggismál.

Vinnuskipan.

Skoðunarreglur.

10. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal fylgja ákvæðum í skoðunarreglum sem dómsmálaráðuneytið gefur út.

Ávallt skal sannreyna að rétt ökutæki sé verið að endurskoða með því að bera saman vottorð um aðalskoðun, skráningarnúmer og verksmiðjunúmer ökutækisins.

Skoðunarvottorð.

11. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal skrá niðurstöður skoðana í endurskoðunarvottorð. Vottorð um skoðun má fella inn í skjalavistunarkerfi verkstæðisins.

Endurskoðunarvottorð skal geyma upplýsingar um hver skoðaði, niðurstöður skoðunar svo og niðurstöður um mat á samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið gefur út ásamt öðrum upplýsingum sem þarf, þannig að unnt sé að skilja og túlka niðurstöður. Upplýsingar skulu gefnar villulausar, nákvæmar og skýrar. Ef vottorð hefur að geyma niðurstöður frá undirverktaka skulu þær greinilega merktar.

Endurskoðunarvottorð skal einungis undirritað af þeim skoðunarmanni sem skoðaði ökutækið.

Endurskoðunarverkstæði skal senda niðurstöður skoðana samdægurs til ökutækjaskrár.

Endurskoðunarverkstæði skal tilgreina faggildingarnúmer sitt á endurskoðunarvottorði.

Skjalavistun.

12. gr.

Skoðunarvottorð, afrit af vottorði um endurskoðun ökutækis og önnur gögn skulu vistuð á öruggum stað í a.m.k. tvö ár eftir að endurskoðun fór fram. Með þessum gögnum skal einnig vista niðurstöður frá undirverktökum. Endurskoðunarverkstæði sem tekur að sér endurskoðun, en felur undirverktaka hluta skoðunarinnar, ber ábyrgð á skoðunarvottorðinu og skal einungis gefa út eitt vottorð fyrir alla þætti endurskoðunar sérhvers ökutækis.

Skýrslur og vottorð skulu tiltæk og auðfinnanleg þegar Löggildingarstofan eða viðeigandi stjórnvald óskar þess.

Undirverktakar.

13. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal sjálft annast þær endurskoðanir sem gera skal á ökutækjum. Aðeins faggilt endurskoðunarverkstæði skal fengið sem undirverktaki við endurskoðun.

Ef endurskoðunarverkstæði felur undirverktaka að annast tiltekna skoðun skal verkstæðið ganga úr skugga um að undirverktaki hafi faggildingu til skoðunarinnar.

Halda skal skrá yfir undirverktaka.

Kvartanir.

14. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal setja sér skrifleg fyrirmæli um hvernig það fer með kvartanir vegna skoðunar. Verkstæðið skal halda skrá um allar kvartanir sem beinast að skoðunarstarfseminni og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar þeirra vegna.

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal:

a) á skýran hátt tilgreina á hvaða sviði það er faggilt,
b) því aðeins vísa til faggildingar sinnar í skoðunarvottorðum að fram komi fyrir hvaða svið það er faggilt,
c) ekki gefa yfirlýsingu um faggildinguna sem telja má villandi eða fer út fyrir heimild þess,
d) reyna að tryggja að enginn noti endurskoðunarvottorð eða hluta úr þeim á villandi hátt,
e) veita það samstarf sem nauðsynlegt telst til þess að gera Löggildingarstofunni kleift að annast eftirlit,
f) þegar í stað hætta að vísa til faggildingar sinnar ef hún er felld úr gildi eða rennur út,
g) taka þátt í samráðsstarfsemi og samanburðarskoðunum sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar skipuleggur. Verkstæðið skal greiða allan kostnað sem af slíku hlýst.

16. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal tilkynna faggildingardeild Löggildingarstofunnar skriflega og án tafar hverja þá breytingu sem getur haft áhrif á heimild endurskoðunarverkstæðisins til þess að starfa samkvæmt fyrirmælum um faggildingu.

17. gr.

Faggilding gildir til allt að fimm ára og skal í síðasta lagi að þeim tíma liðnum fara fram mat á endurskoðunarverkstæði, eins og um fyrsta mat sé að ræða. Löggildingarstofan gerir reglubundið eftirlit á árs fresti.

18. gr.

Ef endurskoðunarverkstæði uppfyllir ekki almenn skilyrði um faggildingu, endurskoðun er ófullnægjandi eða að skoðunarmaður vottar að bætt hafi verið úr frávikum þótt svo

reynist ekki getur Löggildingarstofan þegar í stað krafist tafarlausra úrbóta af hálfu endurskoðunarverkstæðis, ákveðið að breyta umfangi faggildingar eða ákveðið að afturkalla faggildingu.

Kostnaður sem af slíkri aðgerð hlýst, skal greiddur af endurskoðunarverkstæðinu.

19. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar skal endurskoðunarverkstæðið greiða á gjalddaga.

20. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 345, 20. ágúst 1993.

Viðskiptaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

F.h.r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

7. desember 1994 Nr. 632

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts.

Fasteignamat ríkisins hefur samið skrá um álagningarstofn fasteignaskatts í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og er álagningarstofninn tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefnur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 604/1994 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 90/1990 tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1995 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 494 2. desember 1993.

Fjármálaráðuneytið, 7. desember 1994.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um gildistöku EES-gerða um lyf.

1. gr.

Eftirtaldar gerðir ráðsins (EBE) um lyf, sbr. II. viðauki við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi, með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum:

1. Tilskipun ráðsins 92/73/EBE frá 22. september 1992 um að færa út gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 73/319/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf og bæta við ákvæðum um hómópatalyf.
2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1991 um breytingu á viðauka við tilskipun 75/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klíniskar prófanir á lyfjum (91/507/EBE).
3. Tilskipun ráðsins 92/74/EBE frá 22. september 1992 um að færa út gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf og bæta við ákvæðum um hómópatadýralyf.
4. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/18/EBE frá 20. mars 1992 um breytingu á viðauka við tilskipun 81/852/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klíniskar prófanir á dýralyfjum.
5. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júní 1991 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti í dýralyfjagerð (91/412/EBE).
6. Tilskipun ráðsins frá 31. mars 1992 um heildsöludreifingu lyfja sem ætluð eru mönnum (92/25/EBE).
7. Tilskipun ráðsins frá 31. mars 1992 um afgreiðsluflokkun lyfja sem ætluð eru mönnum (92/26/EBE).
8. Tilskipun ráðsins frá 31. mars 1992 um merkingu og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum (92/27/EBE).
9. Tilskipun ráðsins frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum (92/28/EBE).
10. Tilskipun ráðsins 93/46/EBE 22. júní 1993 um endurnýjun og breytingu á tilskipun ráðsins 92/109/EBE um framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem notuð eru við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.
11. Tilskipun ráðsins 92/109/EBE 14. desember 1992 um framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem notuð eru við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

2. gr.

EES-gerðir um lyf sem vísað er til í 1. gr. er að finna í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, bls. 197 - 280.

3. gr.

Reglugerð þessi er birt skv. heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Oddaflóða.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Oddaflóð á Rangárvöllum, Rangárvallasýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi: Ytri-Rangá að vestan, þverskurður í landi Selalækjar að norðan, austurmörkin eru brekkurætur neðan Sólvalla eins og þau eru dregin á meðfylgjandi uppdrátt allt suður að skurði úr Eyrartjörn sem sker ásinn rétt norðan Kamphóla. Mörkin fylgja síðan nefndum skurði 460 m úr vestri í austur, þaðan er sjónlína vestan Hólmaflóðs í suðvesturhorn túna austan Sólvalla og sunnan heimreiðar að Sólvöllum, úr þeim punkti er sjónlína í norðvesturhorn túna milli Sólvalla og Langekru og sunnan heimreiðar að Sólvöllum. Úr þeim punkti er lína sem hugsast dregin samsíða skurði vestan nefndra túna allt í Vöðla í Þverá. Þverá markar friðlandið að sunnan. Til friðlandsins heyra einnig Oddeyrar og Bakkar.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Gildir það einnig um tjarnarbakka, vatnsfarvegi og vatnsborð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu.
4. Friðlandið má nytja á sama hátt og tíðkast hefur, það er til slægna, beitar og fiskveiði.
5. Umferð ökutækja sem ekki tengist hefðbundnum nytjum sbr. lið 4 er óheimil. Heimil er hefðbundin umferð með hesta. Gangandi mönnum er heimil för um friðlandið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt og varast að trufla búsmala og fuglalíf. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um umferð á svæðinu ef þörf gerist.

Náttúruverndarráð getur falið einum eða fleiri mönnum umboð sitt til eftirlits með framkvæmd friðlýsingar að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 6. desember 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurður Á. Þráinsson.


ODDAFLÓÐ
Þverlækur
Smalaskálaholt
Sólvellir
266
Oddaflóð
Hólmaflóð
Eyrartjörn
Kamphólar
Vöðlar
Bakkar
Vindáseyri
Ytri-Rangá
Oddaeyrar
Þverá
tún
mörk friðlands
Náttúruverndarráð
0
1 km
Landkostir hf.
N
0 1 km
Hella
266
Sólvellir
Oddi
Langekra

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Keflavík-Njarðvík-Höfnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Keflavík-Njarðvík-Höfnum, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegundum svo sem hér segir:

Einbýlishús	7,0 %
Rað- og sambýlishús (mest 4 íbúðir)	4,5 %
Fjölbýlishús (5 íbúðir eða fleiri)	2,5 %
Verslunar- og skrifstofuhús	2,5 %
Iðnaðar-, atvinnu- og geymsluhús	2,5 %
Annað húsnæði	2,5 %

Rúmmál húss reiknast frá neðstu grunnplötu. Bílgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af viðbyggingum íbúðarhúsa í eldri hverfum skal greiða 50% af venjulegu rúmmetragjaldi.

Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu, skal greiða 15% af venjulegu gjaldi.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá. Af sameiginlegum bílageymslum sem byggðar eru samkvæmt skipulags-skilmálum og koma í stað bifreiðastæða skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa er þær þjóna.

Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5,5 m lofthæð skal hámarks-lofthæð að jafnaði reiknast 5,5 m við útreikning rúmmetragjalds.

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m^3
Rað- og sambýlishús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 - 0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

3. gr.

Bæjarráði er heimilt að hækka eða lækka gatnagerðargjald, útreiknað skv. 2. gr., um allt að 35% vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna eftir hverfum, m.a. vegna kostnaðar við land, jarðvegsdýpt, stærð lóðar við götu, þversnið lóðafrágangs o.fl.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlægt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Bæjarráði er heimilt að víkja frá ákvæði þessarar greinar.

5. gr.

Greiða skal 50% áætlaðs gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingarleyfis, samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

7. gr.

Ef lóðarhafi ætlar að byggja á lóð í áföngum getur bæjarráð heimilað að greitt verði gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum samkvæmt áfangaskiptingu, en þá skal endanlegt gatnagerðargjald vera rúmmetragjald, sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar, að hann hyggist reisa fyrirhugaða byggingu í áföngum.

8. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi miðað við gildandi reglugerð hverju sinni að frádregnum 5%, sem bæjarsjóður heldur eftir. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 6 mánuði frá því lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum.

9. gr.

Bæjarráði er heimilt að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum Sambands sveitar- félaga á Suðurnesjum, fyrirtækja þeirra, svo og líknarfélaga og annarra sambærilegra félaga.

Bæjarráð getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum er byggingar falla ekki undir ákvæði reglugerðar þessarar.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem lagt er á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna (sveitarfélags þess sem til varð við sameiningu Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar og Hafnahrepps), staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr

gildi reglugerðir nr. 187/1988 um gatnagerðargjöld í Njarðvíkurkaupstað og nr. 97/1987 um gatnagerðargjöld í Keflavíkur-kaupstað, sbr. reglugerð nr. 150/1994.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

8. desember 1994 Nr. 636

REGLUGERÐ

um kröfur varðandi nýja heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti með þeim undantekningum sem reglugerðin felur í sér. Reglugerðin er sett með vísun til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til þess að tilskipun ráðsins nr. 92/42/EBE, frá 21. maí 1992, um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti öðlist gildi hér á landi, sem og tilskipun ráðsins nr. 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993, um breytingu á framangreindri tilskipun. Tilskipanir þessar hafa, í samræmi við lög nr. 91/1994 um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, verið birtar í EES viðbæti, bók 3, bls. 5-18 og 587-588. Tákn undir liðnum "Aðrar sérmerkingar" á bls. 588 sé eftirfarandi stjarna:



2. gr.

Tilskipanir þær sem um getur í 1. gr. skulu öðlast gildi hér á landi. Þó skal heimilt allt fram til 31. desember 1997 að markaðssetja hér á landi katla sem eru á markaði hér á landi við gilistöku þessarar reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 102/1994, um breytingu á lögum nr. 100/ 1992, um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til V. kafla, II. viðauka, tilskipun ráðsins 92/42/EBE, frá 21. maí 1992, um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti og tilskipun ráðsins 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993, um breytingu á tilskipuninni.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 8. desember 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Jón Ingimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmur en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingum.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	kr. 112,00
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	kr. 619,00
Iðnaðarhús fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	kr. 289,00

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar - febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars - apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí - júní	25. júní, eindagi 5. júlí.

Fyrir júlí - ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september - október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember - desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar,	
allt að 400 rúmmetrum	kr. 96.330,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	kr. 71,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	kr. 96.330,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	kr. 22,00

allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.

Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:

Fyrir hvern mínútulítra	kr. 2.366,00

Greiddu stofngjaldi af allt að 400 rúmmetra húsi fylgir réttur á allt að 4 mínútulítrum og einum mínútulítra fyrir hverja byrjaða 100 rúmmetra. Óski notandi eftir meira vatni til íveruhúss (t.d. til gróðurskála eða setlaugar) skal greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá um stofngjöld og notkunargjöld gróðurhúsa.

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðarmörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr. Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa. Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúsahverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2.300,00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóri eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 70, 10. febrúar 1994.

Iðnaðarráðuneytið, 7. desember 1994.

F.h.r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 638 28. nóvember 1994

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Selfoss um útivistartíma barna á Selfossi.

1. gr.

Börn, 10 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum.

Börn, sem eru á aldrinum 11 til 12 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 21.00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

Börn og ungmenni, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 23:00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og ungmenna samkvæmt 1. gr. þessara reglna um eina klukkustund.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Selfoss samkvæmt ákvæðum 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. 4. málsl., staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bjarnason.

AUGLÝSING

um vátryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 38.300.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 17.500 krónur að lágmarki og 175.000 að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátrygginarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3.830.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. desember 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

29. nóvember 1994 Nr. 640

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

1.gr.

Í stað 5. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Gjalddagar fasteignaveðbréfa skulu vera 15. dag hvers mánaðar. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi skal vera á þriðja gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Húsbréfadeild er heimilt að bjóða þeim sem þegar hafa gefið út fasteignaveðbréf með ársfjórðungslegum afborgunum að breyta veðbréfinu þannig, að það beri mánaðarlega gjalddaga, frá 15. apríl 1995 að telja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Elín S. Jónsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar.

1. gr.

Vatnsveitan lætur af hendi neysluvatn á veitusvæði sínu eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og samþykktum veitunnar.

2. gr.

Hvert lögbýli á veitusvæðinu sem tengist veitunni greiðir stofngjald kr. 142.264. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús. Ef ný íbúðarhús á lögbýlum félagsmanna tengjast veitunni í viðbót við þau sem fyrir eru, er aðeins hálft stofngjald greitt, kr. 71.132. Nýr notandi skal kosta allar framkvæmdir sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

3. gr.

Félagsstjórn er heimilt að veita sumarbústöðum aðgang að vatni veitunnar gegn eftirtöldum skilyrðum:

a. Greitt sé stofngjald kr 56.906 og skal það innt af hendi áður en framkvæmdir við lagnir hefjast.
b. Vatnsveitufélag Hjallasóknar sér um lagningu 25 mm heimæðar í tengibrunn innan við lóðarmörk og sér um viðhald hennar.
c. Sumarbústaðareigandi kostar útbúnað í tengibrunn og viðhald, 20 mm lögn í sumarbústað og viðhald hennar.
d. Allur búnaður og frágangur skal vera eftir fyrirsögn veitustjórnar og skal fulltrúi hennar taka út frágang áður en mokað er yfir. Veitustjórn er heimilt að leggja frá tengibrunni við sumarbústað að öðrum sumarbústöðum í nágrenni. Í slíkum tilfellum skal það tryggt að afkastageta heimæðar frá stofni að brunni sé nægjanleg.

4. gr.

Vatnsgjald er heimilt að leggja á alla notendur á veitusvæðinu. Skal það nægja til greiðslu rekstrarkostnaðar og viðhalds á mannvirkjum veitunnar. Heimilt er að beita fjárnámi til innheimtu vatnsgjalds ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum. Einnig er félagsstjórn heimilt að beita lokunaraðgerðum við innheimtu stofngjalda og vatnsgjalds.

5. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá skal endurskoða á hverju ári á aðalfundum félagsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Hjallasóknar í Ölfushreppi, staðfestist hér með samkvæmt 104. gr. vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hjallasóknar. Heimili þess og varnarþing er í Ölfushreppi Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Félagsmenn eru ábúendur býlanna Þóroddsstaða, Riftúns, Bakka, Gerðakots, Hjallakróks, Hjalla, Bjarnastaða, Bjarnastaða 2, Læks, Efri-Grímslækjar, Ytri-Grímslækjar, Hrauns 1, Hrauns 1b, Hrauns 2, Hrauns 2b, Breiðabólsstaðar, Hlíðardalsskóla og Litla-Lands.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Ef ný íbúðarhús á lögbýlum félagsmanna tengjast veitunni í viðbót við þau sem fyrir eru, er aðeins hálft stofngjald greitt. Nýir aðilar að veitunni teljast ekki fullgildir félagsmenn fyrr en að stofngjald er að fullu innt af hendi.

Gjaldskrá skal félaginu sett og skal hún endurskoðuð á hverjum aðalfundi.

Heimilt er selja vatn til sumarbústaða á veitusvæðinu, gegn skilmálum sem gjaldskrá kveður á um.

Félagsskyldur skv. 2. mgr. þessarar greinar eru því skilyrði háðar að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því sem félagið hefur til umráða.

5. gr.

Vatnsgjald skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu sem vatns nýtur úr vatns-veitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð þess þannig fyrir hvert reikningsár að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 1. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum um greiðslu þeirra til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

Heimilt er að beita lokunaraðgerðum við innheimtu vatnsgjalds og stofngjalds ef félags-stjórn telur þá leið einfaldari.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað.

Fundur er löglega boðaður ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur ef 3/4 félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Einnig skal gjaldskrá lögð fyrir til endurskoðunar. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtur á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli, aðalleiðslu og öðrum mannvirkjum veitunnar.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykkir þeim.

12. gr.

Ef til félagsslita kemur skal 2/3 félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi samþykkja þau. Við félagsslit skulu eignir félagsins renna í sveitarsjóð Ölfushrepps.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Hjallasóknar í Ölfushreppi, staðfestist hér með samkvæmt XI. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 - 1994

19. desember 1994 2617 Nr. 643

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390 14. ágúst 1991 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með síðari breytingum.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjujöfnunarframlög.

Félagsmálaráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts, sérstaks fasteignaskatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs.

Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

a. meðaltal á hvern íbúa í Reykjavík.
b. meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 10.000 íbúa og yfir, öðrum en Reykjavík.
c. meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 300-9.999 íbúa.
d. meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við ákvörðun meðaltals í sveitarfélögum skv. c- og d-lið skal meiriháttar fasteignaskattsálagningu vegna virkjana og stórfyrirtækja sleppt í viðmiðuninni, enda hafi slík álagning veruleg áhrif á viðmiðunartekjur viðkomandi flokks.

Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 96% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr., skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag, sem nemi allt að mismuninum.

Fjárhæð tekjujöfnunarframlaga ræðst af þeim fjármunum sem Jöfnunarsjóðurinn hefur til greiðslu jöfnunarframlaga hverju sinni.

Tekjujöfnunarframlög skulu greidd sveitarfélögum án umsókna fyrir 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar skal við ákvörðun tekjujöfnunarframlaga árið 1995 byggt á 13. gr. eldri reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 390/1991 sbr. breytingu nr. 590/1993 og viðmiðun félagsmálaráðuneytisins, sem fram kemur í auglýsingu þess nr. 589 29. desember 1993 um reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga

B 180
Steindórsprent Gutenberg hf.

1994. Við ákvörðun tekjujöfnunarframlaga árið 1995 skal beitt sömu reglum hvað varðar eðlilega nýtingu fasteignaskatts og byggt var á við ákvörðun tekjujöfnunarframlaga árið 1994.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1991 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Ákvörðun um tekjujöfnunarframlög skv. 1. gr. reglugerðar þessarar koma fyrst til framkvæmda árið 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 1994

21. desember 1994 2619 Nr. 644

REGLUGERÐ

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Hlutverk.

1. gr.

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi veitir sjóðurinn styrki til úreldingar fiskiskipa, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Jafnframt tekur sjóðurinn þátt í skipulagsbreytingum í samvinnu við lánastofnanir leiði endurskipulagningin til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Stjórn.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu Samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

Stjórnarfundir.

3. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi. Fundir stjórnar eru lögmætir ef tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

Hlutverk stjórnar.

4. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans, eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Þagnarskylda.

5. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Rekstrar- og greiðsluáætlanir.

6. gr.

Fyrir 1. október ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra, til staðfestingar, sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

Eignir Þróunarsjóðs.

7. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. l. nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum Hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. l. nr. 42/1991. Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku laga þessara að frádregnum endurlánum ríkissjóðs til Atvinnutryggingardeildar að fjárhæð 950 m.kr. eða jafnviði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt m.v. gengi 31. desember 1992, sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnviði A-hlutdeildarskírteina Hlutafjárdeildar. Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini Hlutafjárdeildar.

Þróunarsjóðsgjald – fiskiskip.

8. gr.

Eigendur fiskiskipa, sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins 1. janúar 1995 og leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Undanþegnir gjaldinu eru eigendur báta minni en 6 brúttórúmlestir sem stunda veiðar með línu og handfærum við dagatakmarkanir. Skal gjaldið á árinu 1995 nema 775 kr. á hverju brúttótonni en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 294.000 kr. fyrir hvert skip. Liggi brúttómæling ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttórúmlest. Gjalddagi þróunarsjóðsgjaldsins er 1. janúar 1995 og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Sé gjaldið ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða Þróunarsjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipunum fyrir Þróunarsjóðsgjaldi.

Gjald samkvæmt 1. mgr. vegna fiskiskipa er falla undir 5. og 7. gr. l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Þróunarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð. Stjórn Þróunarsjóðs skal ákvarða með hvaða hætti Þróunarsjóðsgjald vegna fiskiskipa sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, verði innheimt.

Þróunarsjóðsgjald - fasteignir.

9. gr.

Eigendur fasteigna sem nýttar hafa verið til fiskvinnslu á árinu 1994, skulu greiða sérstakt gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Gjaldskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, svo og opinberum aðilum sem eiga fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Stofn til þróunarsjóðsgjalds skal vera fasteignamatsverð í árslok á fasteign sem nýtt

er til fiskvinnslu, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignarmatsverð.

Við ákvörðun á því hvaða eignir mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds skal miða við þær fasteignir sem raunverulega voru notaðar til fiskvinnslu á árinu 1994. Í reglugerð þessari er hús þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar talið mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds. Í tilreiðslu felst hvers konar meðhöndlun fisks sem felur í sér skurð á honum eða niðurhlutun hans, s.s. slæging, hausun, flökun, hökkun o.s.frv. Í verkun felst efnameðferð á ferskum, kældum eða frystum sjávarafurðum, s.s. hitun, reyking, söltun, þurrkun eða niðurlagning í kryddlög o.s.frv., hvort sem þær hafa verið beittar einni eða fleiri fyrrgreindra verkunaraðferða. Til fasteigna fiskvinnslu teljast í þessu samhengi hús en ekki önnur mannvirki tengd fiskvinnslu s.s. skreiðarhjallar, hafnarmannvirki, vinnsluplön o.s.frv. Fiskvinnsla telst í þessu sambandi ekki fara fram í húsi þar sem fram fer niðursuða og niðurlagning sjávarafurða, fiskeldi, umstöflun afla í gáma, rekstur fiskmarkaðar, skrifstofuhald tengt fiskvinnslu eða viðhald bifreiða eða vélaverkstæði. Sé sama eignin notuð til fiskvinnslu en einnig til annarra þarfa, skal skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Með skattframtali skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þessarar greinar ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð eins og það var í lok næstliðins árs. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í lok 4. mgr. þessarar greinar.

Aðilar, sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. þessarar greinar en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir hvert ár skila skrám skv. 5. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

Þróunarsjóðsgjald skal nema 0,75% af gjaldstofni skv. 3. mgr. þessarar greinar. Gjald, sem ekki nær 10.000 kr., skal fella niður við álagningu.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Ríkisbókhald skal skila mánaðarlega til Þróunarsjóðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölulið 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fækkun fiskiskipa.

10. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í því skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Úreldingarstyrkur.

11. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru samkvæmt 4. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Á árinu 1995 skal úreldingarstyrkur vera 40% af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess árs vegna umsókna er bárust á því ári. Um umsóknir er bárust fyrir árslok 1994 gilda ákvæði 9. gr. rgl. nr. 416/1994. Falli skip ekki undir samræmdar reglur um húftryggingarmat (s.s. Fjárhæðanefnd fiskiskipa eða Samábyrgð Íslands á fiskiskipum) eða liggi slíkt mat ekki fyrir skal stjórn sjóðsins áætla húftryggingarverðmæti skipsins og er í

þeim efnum ekki bundin af umsaminni húftryggingarfjárhæð skipsins. Um mat af þessu tagi skal stjórnin setja sérstakar starfsreglur og getur hún m.a. leitað um slíkt mat til sérfróðra eða reyndra aðila. Á árinu 1995 skal úreldingarstyrkur þó aldrei nema hærri fjárhæð en 93.087.000 kr. fyrir hvert skip.

Skilyrði fyrir að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita loforð um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Það eru ennfremur skilyrði að réttur eigandi eða eigendur skips og handhafi viðkomandi réttinda lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af vátryggingarfélagi, skal samtala tjónabóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá svo og að skipi hafi verið eytt eða það selt úr landi. Einnig liggi fyrir yfirlýsing eiganda skips og handhafa viðkomandi réttinda um það að skipið verði ekki að þeirra tilstuðlan aftur skráð á íslenska skipaskrá. Ennfremur liggi fyrir yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess.

Komi í ljós að fjárhagur Þróunarsjóðs leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal sjóðsstjórn gera tillögu til ráðherra um lækkun á því hlutfalli af húftryggingarverðmæti sem styrkur miðast við. Jafnframt er sjóðsstjórn heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

Kaup á fiskvinnslustöðvum.

12. gr.

Í því skyni að stuðla að aukinni arðsemi fiskvinnslu í landi og minnkun afkastagetu hennar er stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins heimilt til ársloka 1996 að kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki sem kunna að vera í þeim fasteignum.

Þegar metið verður hvort festa skuli kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva skal sérstaklega haft í huga að kaupin leiði til betri rekstrarskilyrða þeirra fiskvinnslustöðva sem halda áfram rekstri. Meti sjóðsstjórn að ekki sé nægjanlegt að festa kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva til að minnka afkastagetu fiskvinnslunnar er henni einnig heimilt að kaupa framleiðslutæki viðkomandi vinnslustöðvar enda sé ella hætt við að þau verði nýtt til að auka afkastagetu í öðrum fiskvinnslustöðvum.

13. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs er heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð ef viðkomandi vinnslustöð hefur fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi Fiskistofu sbr. l. nr. 93/1992, eða fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992 og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir, sem sjóðurinn festir kaup á séu afhentar veðbandalausar. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að inna kaupverð að hluta eða öllu leyti af hendi með því að taka við áhvílandi veðlánum.

Í reglugerð þessari er fiskvinnslustöð skilgreind sem hús sem metið er fasteignamati og þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar.

Tilreidd sjávarafurð telst afurð þar sem fiskurinn er ekki lengur í heilu lagi en hefur t.d. verið slægður eða hausaður, skorinn í sneiðar, flakaður, hakkaður o.s.frv. Verkuð afurð telst sjávarafurð sem hefur fengið efnameðferð s.s. hitun, reykingu, söltun, þurrkun eða verið lögð í kryddlög o.s.frv. og er unnin úr ferskum, kældum eða frystum sjávarafurðum hvort sem þær hafa verið beittar einni eða fleiri fyrrgreindra verkunaraðferða.

Hús telst í þessu sambandi ekki fiskvinnslustöð ef þar fer fram:

- niðursuða og niðurlagning sjávarafurða,
- fiskeldi,
- umstöflun afla í gáma,
- rekstur fiskmarkaðar,
- skrifstofuhald tengt fiskvinnslu,
- viðhald bifreiða eða vélaverkstæði.

Til fiskvinnslustöðva teljast hús en ekki önnur mannvirki tengd fiskvinnslu s.s. skreiðarhjallar, hafnarmannvirki, vinnsluplön o.s.frv.

Sé eignin notuð til fiskvinnslu en einnig til annarra þarfa, skal skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Kaupverð þeirra fiskvinnslustöðva og framleiðslutækja sem í þeim kunna að vera og sjóðsstjórn ákveður að festa kaup á, skal taka mið af markaðsverði sambærilegra eigna. Þó skal kaupverð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 75% af fasteignamati þess hluta eða þeirra hluta viðkomandi fasteigna sem reglugerð þessi tekur til samkvæmt mati sjóðsins og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins.

Stjórn Þróunarsjóðs skal leitast við að selja fasteignir sem sjóðurinn eignast til óskyldrar starfsemi. Jafnframt þarf sjóðurinn að tryggja að endurráðstöfun framleiðslutækja leiði ekki til aukinnar afkastagetu fiskvinnslunnar. Það má gera t.d. með því að ráðstafa tækjum úr landi eða með því að skipta á þeim við fiskvinnslustöðvar innanlands og fá í staðinn jafn afkastamikil tæki. Þannig fengnum framleiðslutækjum yrði síðan eytt eða ráðstafað úr landi.

Halda skal fjárreiðum vegna eignakaupa, skv. þessari grein aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þátttaka í þróunarverkefnum.

14. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal stuðla að vöruþróun og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða innanlands sem utan, sem og annarri nýsköpun í sjávarútvegi. Með því er átt við sókn og nýtingu á fleiri tegundum sjávarfangs en hingað til hafa verið nýttar. Í þessu skyni er sjóðsstjórn heimilt að veita lán og ábyrgðir.

15. gr.

Til að greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila og fyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis er stjórn Þróunarsjóðs heimilt að leggja fram framleiðslutæki sem sjóðurinn hefur keypt, sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í erlendum verkefnum á þessu sviði. Þá er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé í reiðufé til slíkra fyrirtækja, veita þeim ábyrgðir eða víkjandi lán enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli fyrirliggjandi arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

16. gr.

Umsækjandi um lán eða ábyrgð sbr. 14. gr. og/eða þátttöku sjóðsins í þróunarverkefni sbr. 15. gr. skal jafnan gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun þróunarverkefnis umfram það sem felst í þátttöku Þróunarsjóðs. Stjórn Þróunarsjóðs ákveður kjör útlána og metur í hverju tilviki tryggingar fyrir veittum lánum og ábyrgðum.

17. gr

Stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins ákveður árlega framlag sjóðsins til þróunarverkefna sbr. 6. gr.

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum fiskvinnsluhúsa, þátttöku í þróunarverkefnum og sölu á hlutabréfum Hlutafjárdeildar. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á möguleikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og -tekjur sjóðsins. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun.

19. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn tekur skulu undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

21. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á hagkvæman og tryggan hátt.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Atvinnutryggingardeild og hlutafjárdeild.

22. gr.

Hlutverk Atvinnutryggingardeildar vegna sjávarútvegsfyrirtækja er að innheimta skuldabréf sem eru í eigu deildarinnar.

Stjórn Þróunarsjóðs er óheimilt að veita ný lán úr Atvinnutryggingardeild. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að skuldbreyta lánum Atvinnutryggingardeildar ef það er liður í sameiginlegum aðgerðum lánastofnana sem leiði til: Sameiningar sjávarútvegsfyrirtækja eða verulegrar minnkunar á afkastagetu einstakra fyrirtækja, sem sýnt þykir að muni leiða til betri rekstrarskilyrða.

Stjórn Þróunarsjóðs er því aðeins heimilt að gefa eftir hluta lána eða trygginga fyrir lánum að það sé talið nauðsynlegt vegna innheimtuhagsmuna Atvinnutryggingardeildar og að það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í. Deildinni er ekki heimilt að gefa eftir stærri hluta krafna en aðrir kröfuhafar með sambærilega tryggingarstöðu samþykkja að gefa eftir. Lán með haldbærum tryggingum er ekki heimilt að gefa eftir.

Byggðastofnun skal annast reikningshald og innheimtu lána Atvinnutryggingardeildar Þróunarsjóðs vegna sjávarútvegsfyrirtækja eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

23. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs fer með hlutabréf í eigu Hlutafjárdeildar. Stjórninni er heimilt að selja hlutafé í eigu deildarinnar og skal það boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári. Skal starfsfólk og aðrir eigendur þess fyrirtækis sem í hlut á hverju sinni njóta forkaupsréttar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

Gildistaka.

24. gr.

Hafi umsókn um greiðslu úreldingarstyrks fiskiskips borist stjórn Hagræðingarsjóðs fyrir gildistöku laga nr. 92/1994 án þess að hljóta afgreiðslu skal stjórn Þróunarsjóðs afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við ákvæði l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, og öðlast gildi 1. janúar 1995. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 416/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sbr. þó 1. mgr. 11. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 1994

Nr. 645 2626 8. desember 1994

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tilllögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. að stöðvunarskylda verði á Stýrimannastíg gagnvart umferð á Öldugötu,
2. að einstefna verði á Þingholtsstræti til suðurs frá Bókhlöðustíg að Skálholtsstíg,
3. að banna umferð stórra bifreiða um Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar,
4. að banna bifreiðastöður austanvert við Veltusund milli Austurstrætis og Vallarstrætis,
5. að banna bifreiðastöður við syðri götukant Hafnarstrætis milli Aðalstrætis og Veltusunds,
6. að stöðubann verði í Vallarstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. desember 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. desember 1994.

e. u.
Sturla Þórðarson.

Nr. 646 8. desember 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 476/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki.

1. gr.

Í lok 2. gr. komi ný málsgrein sem verði svohljóðandi: Tilskipun ráðsins 93/68/EBE frá 22. júlí 1993 og tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 eins og þær breyta tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990, öðlast gildi hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Steindórsprent Gutenberg hf.

SAMÞYKKT

um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Vopnafjarðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar

við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi þriðju hverja viku á fimmtudegi.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16:00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri/oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfunda.

Á dagskrá hreppsnefndarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti og sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund og boðsent þeim fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum. Úrskurði oddvita má skjóta til ákvörðunar hreppsnefndar án umræðna.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra. Hreppsnefndarmanni sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, framsögumaður eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu, nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 2. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölublöð.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Hreppsnefnd getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund þrisvar sinnum í mánuði samkvæmt nánari ákvörðun hreppsráðs. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

51. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi. Hann sér um að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll hreppsráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann og varaformann hreppsráðs. Kjósa má sveitarstjóra formann hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett og efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnsýslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana hreppsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar hreppssjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana hreppsins lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag hreppssjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsnefndarmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá tekur hreppsráð fullnaðarákvarðanir í málum sem hreppsnefnd hefur falið því að afgreiða. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefndir saman til fyrsta fundar, eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs og stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir hreppsráð og/eða hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Atvinnumálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum.
3. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
4. *Barnaverndarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
5. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Nefndin fer einnig með málefni áfengisvarnarnefndar skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969, jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991 og leikskólanefndar skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
6. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
7. *Heilbrigðisnefnd.* Tvo fulltrúa í heilbrigðisnefnd Vopnafjarðarsvæðis skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
9. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

10. *Landbúnaðarnefnd.* Sjö aðalmenn og þrír til vara. Nefndin fjallar um landbúnaðarmál, ákveður fjallskil og sér um varnir gegn riðu o.þ.h.
11. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
12. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
13. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
14. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
15. *Stjórn Sundabúðar.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með stjórn legudeildar við Sundabúð.
16. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
17. *Umferðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 50/1987.
18. *Vatnsveitunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992.
19. *Umhverfismálanefnd.* Fimm aðalmenn og þrír til vara. Nefndin er náttúruverndarnefnd Vopnafjarðarhrepps og starfar samkvæmt lögum nr. 47/1971 og 3. gr. reglugerðar nr. 205/1973.
20. *Öldrunarnefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða.
21. *Úttektarmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
22. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

63. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið Vopnafjarðarhrepps.

64. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

65. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. og 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd.

Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.
Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Sveitarstjóri ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum með fyrirvara um samþykkt hreppsnefndar. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3ja mánaða uppsagnarfresti.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.
Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum. Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi, nema hreppsnefnd heimili annað.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3ja mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

VII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

69. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, samþykki einfalds meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

7. desember 1994 Nr. 648

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7 000 á árinu 1995.
Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 1. júlí.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfisráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 649 7. desember 1994

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1995.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**
Sorphirðugjald kr. 5.000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**
Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a) kr.	15.000
"	b) kr.	30.000
"	c) kr.	60.000
"	d) kr.	120.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1995, 6 kr./kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfisráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlit með fóðri.

EFNISYFIRLIT

I. KAFLI Almenn ákvæði
A. Gildissvið
B. Skilgreiningar
C. Almennar takmarkanir
D. Skráning og viðurkenning
E. Hrein fóðurefni
F. Fóðurblöndur
G. Gerjunarvörur, amínósýrur, gerviprótín (NPN) o.fl. vörur sem innihalda prótín
H. Aukefni
1.0 Almennt
2.0 Lyf o.fl.
I. Pökkun og merking fóðurvara
2.0 Pökkun og merking fóðurvara — að undanskildum aukefnum
3.0 Pökkun og merking aukefna og forblandna þeirra
4.0 Merking fóðurvara sem innihalda aukefni
J. Eftirlit
1.0 Úrtakseftirlit
K. Fóðurnefnd
L. Kostnaður
M. Viðurlög
N. Undanþágur
O. Gildistaka

II. KAFLI Skilgreiningar

III. KAFLI Hrein fóðurefni

A. Almenn ákvæði
1.0 Kröfur um grasafræðilegan hreinleika
2.0 Hámarksöskuinnihald
B. Skrá yfir hrein fóðurefni með lýsingu og kröfu um innihald
1.0 Aukaafurðir við olíuframleiðslu með útdrætti eða pressun fræja
2.0 Afurðir og aukaafurðir við vinnslu jurtaefna
3.0 Afurðir úr dýraríkinu
4.0 Steinefni

IV. KAFLI Fóðurblöndur

A. Almenn ákvæði
1.0 Kröfur um grasafræðilegan hreinleika hráefna úr jurtaríkinu í fóðurblöndum
2.0 Bönnuð hráefni
3.0 Fóður meðhöndlað með lífrænum útdráttarefnum
B. Sérákvæði
1.0 Öskuinnihald
2.0 Gervimjólk
C. Skrá yfir hráefni með lýsingu og kröfu um innihald
1.0 Korn ásamt afurðum og aukaafurðum korns
2.0 Olíufræ, olíuávextir og afurðir eða aukaafurðir þeirra
3.0 Belgjurtafræ, afurðir þeirra og aukaafurðir
4.0 Rótarhnýði og -ávextir, afurðir þeirra og aukaafurðir
5.0 Önnur fræ og ávextir, afurðir þeirra og aukaafurðir
6.0 Þurrkaðar plöntuafurðir og gróffóður
7.0 Aðrar jurtir auk afurða þeirra og aukaafurða þeirra
8.0 Mjólkurafurðir
9.0 Afurðir og aukaafurðir landdýra
10.0 Fiskur, önnur sjávardýr og afurðir eða aukaafurðir þeirra
11.0 Steinefni
12.0 Ýmsar afurðir

V. KAFLI Prótínríkar gerjunarafurðir, amínósýrur, gerviprótín

A. Skrá yfir afurðaflokka og efni
1.0 Prótín
2.0 Prótínsnauð köfnunarefnissambönd og álíka afurðir
3.0 Amínósýrur og sölt þeirra
4.0 Hýdroxý-hliðstæður amínósýra

VI. KAFLI Aukefni

A. Almenn ákvæði
1.0 Notkun
2.0 Lágmarks- og hámarksmagn aukefna
3.0 Eðlis- og efnafræðilegur samruni
B. Viðbótarákvæði um sýklalyf, hníslalyf og önnur lyf ásamt seleni
1.0 Almennt
2.0 Íblöndun forblöndu
3.0 Lyfjablöndun
C. Viðbótarákvæði um aukefni í fóðurbæti
1.0 Hámarksmagn aukefna í fóðurbæti sem ber að þynna
2.0 Hámarksmagn einstakra aukefna í fóðurbæti

D. Viðurkennd aukefni
1.0 Sýklalyf
2.0 Þráavarnarefni
3.0 Bragðefni og lystaukandi efni
4.0 Hnislalyf
5.0 Ýruefni, bindiefni, þykkingarefni og hleypiefni
6.0 Litarefni, þar með taldir dreifulitir
7.0 Rotvarnarefni
8.0 Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með svipuð áhrif
9.0 Snefilefni
10.0 Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni
11.0 Súrleikastýrar
12.0 Önnur viðurkennd aukefni

VII. KAFLI Óæskileg efni í fóðurvörum

A. Almenn ákvæði
1.0 Hámarksinnihald efna og afurða
2.0 Hámarksmagn við þynningu fóðurbætis
B. Aðrar viðmiðanir varðandi innihald óæskilegra efna og afurða í fóðri
1.0 Efni (jónir eða frumefni)
2.0 Afurðir (sveppaeitur og aðrar örveruafurðir, eitraðar plöntuafurðir, plöntuvarnarlyf o.fl.)
3.0 Grasafræðileg óhreinindi
C. Hámarksinnihald óæskilegra efna og afurða í hráefnum

VIII. KAFLI Pökkun fóðurs

A. Fóðurvörur aðrar en aukefni og forblöndur með þeim
1.0 Almennar kröfur um pökkun og lokunarbúnað
2.0 Skilyrði um sölu í lausri vikt eða opnum ílátum
3.0 Skilyrði um sölu opinna pakkninga/sekkja
B. Aukefni og forblöndur með þeim
1.0 Almennar kröfur um pökkun og lokunarbúnað

IX. KAFLI MERKING FÓÐURVARA

A. Almennt
1.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar um vöru á umbúðum, merkimiða á umbúðum eða á fylgiskjali
2.0 Skilyrði fyrir heimild til að hafa lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar á fylgiskjali
3.0 Skilyrði fyrir heimild til að setja lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar á auglýsingaspjöld/skilti
4.0 Kröfur um aðrar upplýsingar en lögboðnar upplýsingar eða viðbótarupplýsingar

5.0 Grasafræðilegur hreinleiki og merking

6.0 Skráning fóðurs sem er framleitt og/eða selt

B. Merking hreinna fóðurefna

C. Merking fóðurblandna

1.0 Almenn krafa

2.0 Sérstök krafa um einstakar fóðurtegundir

3.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar – annað

4.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar um greiningarefni

5.0 Heiti flokka hráefna í fóðurblöndum

D. Merking aukefna og forblandna þeirra

1.0 Almenn ákvæði

2.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna

3.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar forblandna

E. Merking aukefna í fóðurvörum

1.0 Almenn ákvæði

2.0 Viðbótarákvæði um merkingu aukefna í fóðurbæti

3.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna í fóðri o.fl.

X. KAFLI Skilyrði fyrir viðurkenningu, kröfur um skráningu og greinargerð fyrir fyrirtæki sem framleiða og selja fóðurvörur sem innihalda tiltekin aukefni (sýkla- og hnislalyf og selen)

A. Skilyrði fyrir viðurkenningu

1.0 Tæknibúnaður

2.0 Geymsla

3.0 Kröfur um faglegt hæfi

4.0 Kröfur um eftirlit og eftirlitsbúnað

B. Krafa um skráningu

C. Greinargerð um upplýsingar úr skýrslunum

XI. KAFLI Sýnataka vegna úrtakseftirlits

A. Gildissvið og markmið

B. Skilgreiningar

C. Sýnatökubúnaður og -aðferðir

1.0 Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í föstu fóðri

2.0 Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í fljótandi fóðri

3.0 Vélrænn (sjálfvirkur) sýnatökubúnaður

4.0 Búnaður og aðferðir til að skipta sýnum

D. Sýnataka – almennt .....

E. Taka hlutasýna .....

1.0 Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem deilast jafnt .....

2.0 Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt .....

F. Gerð safnsýna .....

1.0 Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast jafnt í fóðrið .....

2.0 Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt í fóðrið .....

G. Gerð lokasýna .....

H. Skráning, pökkun og sending .....

XII. KAFLI Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit

XIII. KAFLI Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit

A. Fóðurblöndur .....

1.0 Allar dýrategundir .....

2.0 Búfé .....

3.0 Gæludýr .....

B. Hreinar fóðurvörur .....

C. Aukefni .....

D. Óæskileg efni og afurðir .....

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI.

A. Gildissvið

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fóðri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra.

2. gr.

Einungis má hafa viðskipti með fóðurvörur hér á landi, sem eru framleiddar í EES-ríki, ef fyrirtækið er skráð í viðkomandi landi samkvæmt 7. gr. þessarar reglugerðar. Fyrir aukefni eða fóðurvörur sem aukefnum er blandað í, sem fjallað er um í 8. gr., er þess þar að auki krafist að fyrirtækið sé viðurkennt.

Einungis má hafa viðskipti með fóðurvörur frá landi utan EES-svæðisins ef fyrirtækið hefur skráðan fulltrúa með staðfestu hér á landi eða í EES-ríki, sbr. 7. gr. Fyrir aukefni eða fóðurvörur sem aukefnum er blandað í, sem fjallað er um í 8. gr., er þess þar að auki krafist að fulltrúinn sé viðurkenndur.

3. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

1. Fóðurvörur sem eru fluttar inn eða út vegna umflutnings eða fóðurvörur sem eru framleiddar til útflutnings til lands utan EES-svæðisins, að undanskildum ákvæðum um óæskileg efni, sbr. 6. gr.
2. Korn og annað fræ sem framleiðandi selur sem sáðvöru.
3. Fóðurvörur sem framleiddar eru eingöngu til eigin nota.
4. Viðskipti með gróffóður sem hefur ekki eða hefur í litlum mæli fengið tæknilega meðhöndlun (hey, unninn og óunninn hálmur, rótarávextir, kartöflur, grænfóður, súrfóður o.s.frv.).

4. gr.

Reglugerðin gildir ekki um fóðurvörur sem eru framleiddar og seldar til vísindalegra nota hjá einkareknum eða opinberum rannsóknarstofnunum. Þessi undantekning gildir ekki um 6., 8., 9., 12., 13. og 14. gr. í I. kafla og viðeigandi ákvæði þeirra í IV., V., VI., VII. og X. kafla.

Landbúnaðarráðherra getur, ef sótt er um það, veitt undanþágu og sett viðeigandi skilyrði þar að lútandi.

B. Skilgreiningar

5. gr.

1. Framleiðsla: vinnsla (t.d. undirbúningur, ræktun, kynbætur, mölun, blöndun o.s.frv.) fóðurvara, einna sér eða í blöndu, þar með talin pökkun og merking.
2. Viðskipti: framboð, kaup, sala, skipti eða önnur tegund viðskipta.
3. Búfé: Hross, nautgripir, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja.
4. Gæludýr: öll dýr sem haldin eru, eða fóðruð í náttúrunni, til afþreyingar.
5. Fóðurvörur: náttúrulegar afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, ferskar eða varðar skemmdum og afurðir sem fást við iðnaðarvinnslu þeirra og lífræn eða ólífræn efni, óblönduð eða blönduð, með eða án aukefna og ætlaðar eru búfé og gæludýrum.
6. Hráefni: vörur sem selja má sem hrein fóðurefni og/eða nota við framleiðslu fóðurblandna eða sem burðarefni í fóðurblöndur.
7. Hrein fóðurefni: fóðurvörur, óunnar, ætlaðar til dýraeldis.
8. Aukefni: efni eða blöndur, að undanskildum forblöndum, sem með íblöndun í fóður kunna að hafa áhrif á eiginleika fóðurs eða á búfjárframleiðslu.
9. Dagskammtur: heildarfóðurskammtur, miðað við 12% vatnsinnihald, sem að meðaltali er nauðsynlegt fyrir dýr af tiltekinni tegund, úr tilteknum aldurshópi og sem gefur tiltekinn afrakstur, til að fullnægja daglegum næringarþörfum þess.
10. Fóðurblöndur: blanda fóðurefna sem selja má sem heilfóður eða fóðurbæti.
3.2.4.	Kjöt- og beinamjöl Afurðum með hærra fituinnihald en 11 % skal lýst sem "fituríkum"	Afurð fengin með því að þurrka og steyta skrokka eða hluta skrokka af landdýrum með jafnheitt blóð, ef þörf krefur með fitu fjarlægða með útdrætti. Hún skal vera nánast laus við hár, fjaðrir, horn, hófa, húð og gor. Hún skal vera tæknilega laus við úrgang líffræðna leysiefna	Prótín Fita	Vatn Heildarfosfór Klóríð, sem NaCl Aska, óleysanleg í HCl Meþíónín Lýsín Rokgjarnir köfnunarefnisbasar	Prótín Leysanleiki prótína ([1]) Vatn Heildarfosfór (P) Klóríð, sem NaCl Aska, óleysanleg í HCl	lágm. lágm. hám. hám. hám.	55 % 87 % 10 % 5,5 % 2,2 %	x
3.2.5.	Hamsar	Aukaafurð við framleiðslu á tólg og annarri feiti úr dýraríkinu. Hún skal vera tæknilega laus við úrgang líffræðna leysiefna	Prótín	Vatn Klóríð, sem NaCl Fita Aska	Prótín Vatn Klóríð, sett fram sem NaCl Aska, óleysanleg í HCl	lágm. hám. hám. hám.	53,5 % 10 % 2,2 % 0,5 %	x
3.2.6.	Þurrkaður úrgangur úr alifuglaslátrun. Afurðum með meira en 12 % fituinnihald skal lýst sem "fituríkum"	Afurð fengin með því að þurrka og steyta úrgang frá slátruðum alifuglum. Hún skal vera í megindráttum laus við fjaðrir. Hún skal vera tæknilega laus við úrgang líffræðna leysiefna	Prótín	Vatn Klóríð, sem NaCl Fita Aska	Prótín Leysanleiki prótína ([1]) Vatn Klóríð, sem NaCl Aska, óleysanleg í HCl	lágm. lágm. hám. hám. hám.	55 % 80 % 10 % 2,2 % 3,3 %	x

([1]) Prótín, leysanleg í pepsíni og saltsýru, sem hundraðshlutar prótína

Nr.	Heiti	Lýsing	Skyldubundnar upplýsingar	Valfrjálsar upplýsingar	Kröfur um samsetningu			Pökkunar-kröfur
1	2	3	4	5	6			7
3.2.7.	Fjaðramjöl, vatnsrofið	Afurð fengin við vatnsrof, þurrkun og steytingu alifuglafjaðra	Prótín	Vatn Aska, óleysanleg í HCl	Prótín Leysanleiki prótína (1) Vatn Aska, óleysanleg í HCl	lágm. lágm. hám. hám.	87 % 75 % 11 % 3,4 %	x
3.2.8.	Dýrafita	Afurð sem er samsett úr fitu úr landdýrum með jafnheitt blóð eða hlutum þeirra		Vatn Sýrutala Efni, óleysanlegt í léttum alkönum	Vatn Efni, óleysanlegt í léttum alkönum Sýrutala miðað við afurðina í heild	hám. hám. hám.	1 % 1,5 % 30 %	x
3.3.	**Afurðir fengnar úr fiski eða öðrum sjávardýrum**							
3.3.1.	Fiskimjöl (Ef klóríðinnihald þessara afurða sem NaCl er minna en 2 % má kalla þau "saltsnauð")	Afurð fengin með því að þurrka og steyta heilan fisk eða hluta af ýmsum fisktegundum. Bæta má við pressuvökva	Prótín Fita	Vatn Klóríð, sem NaCl Kalsíumkarbónat Heildarfosfór	Prótín Leysanleiki prótína (1) Vatn Klóríð, sem NaCl Kalsíumkarbónat Aska, óleysanleg í HCl	lágm. lágm. hám. hám. hám. hám.	61 % 87 % 10 % 4,4 % 2,8 % 2,2 %	x
3.3.2.	Þorskalýsi	Lýsi fengið úr ferskri lifur fiska af þorskaætt (Gadidae)	A-vítamín	Vatn Sýrutala Efni, óleysanlegt í léttum alkönum	A-vítamín (2) Vatn Efni, óleysanlegt í léttum alkönum (2) Sápunarstuðull Joðstuðull Sýrutala (2)	lágm. hám. hám. 180/196 150/180 hám.	750 0,15 % 0,05 % 6	x

(1) Prótín, leysanleg í pepsíni og saltsýru, sem hundraðshlutar prótína

(2) Innihaldið sett fram með tilliti til vörunnar eins og hún er

Nr.	Heiti	Lýsing	Skyldubundnar upplýsingar	Valfrjálsar upplýsingar	Kröfur um samsetningu	Pökkunar-kröfur
1	2	3	4	5	6	7
4.0	**Steinefni**					
4.1.	Kalsíumkarbónat (taka skal fram tegund vörunnar (3. dálkur) í heitinu)	Útfellt kalsíumkarbónat, steyttur kalksteinn, uppleyst krít, kvörnuð krít, steyttar ostru- eða kræklingaskeljar	Kalsíum Aska, óleysanleg í HCl		Kalsíum lágm. 36 % Aska, óleysanleg í HCl hám. 5 %	x
4.2.	Kalsíum- og magníumkarbónat	Náttúruleg blanda af kalsíumkarbónati og magníumkarbónati $CaCO_3 + MgCO_3$	Kalsíum Magníum		Kalsíum lágm. 19 % Magníum lágm. 11 % Magn, sem kemst fullkomlega í gegnum síu með gropstærð 0,25 mm lágm. 99,5 % Aska, óleysanleg í HCl hám. 2 %	x
4.3.	Kalkkenndir sjávarþörungar (Maerl)	Afurð af náttúrulegum uppruna fengin úr kalkkenndum þörungum, steyttum eða kvörnuðum	Kalsíum Aska, óleysanleg í HCl		Kalsíum lágm. 33 % Aska, óleysanleg í HCl hám. 5 %	x
4.4.	Magníumoxíð	Tæknilega hreint magníumoxíð	Magníum		Magníum lágm. 50 %	x
4.5.	Kieserít	Náttúrulegt magníumsúfat $MgSO_4H_2O$	Magníum		Magníum lágm. 15 %	x
4.6.	Díkalsíumfosfat (taka má fram framleiðsluaðferðina í heitinu)	Tæknilega hreint díkalsíumfosfat	Heildarfosfór Klóríð, sett fram sem NaCl	Kalsíum	Heildarfosfór lágm. 16 % Klóríð, sem NaCl hám. 1 % Hlutfallið Ca/P >1,15	x
4.7.	Afflúruð náttúruleg fosföt	Afurð fengin með því að steyta náttúruleg fosföt, hreinsuð og afflúruð meira eða minna	Heildarfosfór	Kalsíum	Heildarfosfór lágm. 14 %	x
4.8.	Beinamjöl, gelatínsneytt	Gelatínsneydd, dauðhreinsuð, steytt bein, þar sem fitan hefur verið fjarlægð	Heildarfosfór	Vatn Kalsíum	Heildarfosfór lágm. 14,5 % Vatn hám. 10 % Magn sem kemst í gegnum síu með gropstærð 1 mm lágm. 90 %	x

Nr. 1	Heiti 2	Lýsing 3	Skyldubundnar upplýsingar 4	Valfrjálsar upplýsingar 5	Kröfur um samsetningu 6	Pökkunar-kröfur 7
4.9.	Mónókalsíumfosfat	Tæknilega hreint mónókalsíumfosfat	Heildarfosfór	Kalsíum	Heildarfosfór lágm. 22 % Kalsíum lágm. 16 % Klóríð, sem NaCl hám. 1 % Hlutfallið Ca/P <0,8	x
4.10	Ammóníumdíhýdró-genfosfat (mónó-ammóníumfosfat)	Tæknilega hreint ammóníumdíhýdrógenfosfat (mónóammóníumfosfat)	Heildarfosfór Köfnunarefni		Heildarfosfór lágm. 25 %	x

IV. KAFLI
FÓÐURBLÖNDUR

(sbr. 11. gr. I. kafla)

A. Almenn ákvæði

1.0 Kröfur um grasafræðilegan hreinleika hráefna úr jurtaríkinu í fóðurblöndum

Við framleiðslu á fóðri má eingöngu nota hráefni með grasafræðilegan hreinleika sem er ekki undir 95% af þyngd og sem:

a) sett er fram í C-hluta og svarar til fastrar lýsingar og krafna um innihald.

b) önnur hráefni að því tilskildu að þau séu heilnæm, fersk og af fullnægjandi gæðum og holl dýrum og mönnum.

Ákvæðin um fóðurblöndur ná yfir fóður sem er með minni grasafræðilegan hreinleika en 95% af þyngd ef aðrar upplýsingar eru ekki tilgreindar í C-hluta.

2.0 Bönnuð hráefni

Bannað er að selja og nota eftirtalin hráefni:

a. Mykja, hland og annað sem er fjarlægt úr flór við tæmingu eða skolun hans án tillits til meðhöndlunar eða blöndunar.

b. Verkaðar húðir, þar með talið leður og leðurúrgangur.

c. Fræ, korn og plöntur, önnur plöntufjölgunarefni og hugsanlegar aukaafurðir þeirra sem meðhöndlaðar hafa verið með plöntuvarnarefnum eftir uppskeru.

d. Timbur, sag og annað sem hefur verið meðhöndlað með fúavarnarefnum.

e. Eðja frá hreinsistöðvum þar sem skólp og annað frárennslisvatn frá húsum og fjölbýlissvæðum er meðhöndlað (klóak, skólp o.fl.).

f. Fastur úrgangur frá bæjarfélögum, t.d. húsaskólp.

g. Ómeðhöndlaður úrgangur frá veitingahúsum, að undanskildum matvælum úr jurtaríkinu sem ekki teljast hæf til neyslu vegna þess að þau eru ekki nógu fersk.

h. Umbúðir og hlutar af umbúðum sem falla til vegna notkunar á afurðum í tengslum við matvælaframleiðslu í landbúnaði.

3.0 Fóður meðhöndlað með lífrænum útdráttarefnum

Ef fóður er meðhöndlað með lífrænu útdráttarefni skulu lokaafurðirnar vera lausar við leifar af útdráttarefninu.

B. Sérákvæði

1.0 Öskuinnihald

Innihald ösku sem er óuppleysanleg í saltsýru má ekki vera stærri hluti af þurrefni fóðurblandna en:

a) blöndur sem innihalda aðallega aukaafurðir úr hrísgrjónum: 3,3%,

b) aðrar blöndur að undanskildum blöndum sem innihalda viðurkennd steinefnabindiefni, steinefnafóðurblöndur og fóðurblöndur sem innihalda yfir 50% af sneiddum sykurrófum eða massa þeirra (sjá nr. 10, lið 3.0, C-hluta IX. kafla): 2,2%.

2.0. Gervimjólk

Gervimjólk fyrir kálfa með lífþyngd allt að 70 kg skal innihalda minnst 30 mg af járni (Fe) í hverju kg af heilfóðri með 12% innihald vatns.

C. Skrá yfir hráefni með lýsingu og kröfu um innihald

Númer	Heiti	Lýsing
1.0	**Korn ásamt afurðum og aukaafurðum korns**	
1.01	Hafrar	Korn af tegundinni *Avena sativa* L. og öðrum hafrategundum.
1.02	Hafragrjón/hafraflögur	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla og valsa afhýdda hafra. Hún getur innihaldið lítið magn af hafrahýði.
1.03	Haframjöl, gróft	Aukaafurð fengin við framleiðslu hafragrjóna og mjöls úr hreinsuðum, afhýddum höfrum. Aðaluppistaða afurðarinnar er hafraklíð og nokkuð af fræhvítu.
1.04	Hafraklíð	Aukaafurð fengin við framleiðslu afhýddra hafragrjóna úr hreinsuðum höfrum. Aðaluppistaða afurðarinnar er hafraklíð.
1.05	Bygg	Korn af *Hordeum vulgare* L.
1.06	Byggfóðurmjöl	Aukaafurð fengin við framleiðslu bygggrjóna, símyljumjöls eða mjöls úr hreinsuðu og afhýddu byggi.
1.07	Brotinn hrís	Aukaafurð fengin við framleiðslu á pússuðum eða gljáðum hrís, *Oryza sativa* L. Aðaluppistaða afurðarinnar er undirmáls- eða brotið korn.
1.08	Hrísklíð (brúnt)	Aukaafurð úr fyrstu pússun á afhýddum hrís. Varan er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítulaginu, fræhvítu og kími.
1.09	Hrísklíð (hvítt)	Aukaafurð úr annarri pússun á afhýddum hrís. Varan er aðallega úr ögnum af silfurhýði, fræhvítulaginu, fræhvítu og kími.
1.10	Hrísklíð með kalsíumkarbónati	Aukaafurð úr pússun afhýdds hríss. Varan er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítulaginu, fræhvítu, kími og litlu magni af kalsíumkarbónati sem er bætt við í framleiðsluferlinu.

Númer	Heiti	Lýsing
1.11	Forsoðið hrísfóðurmjöl	Aukaafurð fengin við pússun á afhýddum og forsoðnum hrís. Varan er aðallega úr silfurhýði, ögnum af fræhvítulaginu, fræhvítu, kími og litlu magni af kalsíumkarbónati sem er bætt við í framleiðsluferlinu.
1.12	Hrískím, skrúfupressað	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með pressun hrískíms þar sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir enn við.
1.13	Hrískím, útdregið	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti hrískímsins þar sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir enn við.
1.14	Hríssterkja	Tæknilega hrein hríssterkja.
1.15	Hirsi	Korn af tegundinni *Panicum miliaceum* L.
1.16	Rúgur	Korn af tegundinni *Secale cereale* L.
1.17	Rúgmjöl, gróft	Aukaafurð við mjölframleiðslu, fengin úr sigtuðu rúgmjöli. Varan er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum brotum af hismi og dálítið af kornúrgangi.
1.18	Rúgfóður	Aukaafurð við mjölframleiðslu, fengin úr sigtuðum rúg. Varan er aðallega brot af hismi og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í rúgklíði.
1.19	Rúgklíð	Aukaafurð við mjölframleiðslu, fengin úr sigtuðum rúg. Varan er aðallega brot af hismi og kornagnir þar sem megnið af fræhvítu hefur verið fjarlægt.
1.20	Dúrra	Korn af tegundinni *Sorghum bicolor* L. Moench s.i.
1.21	Hveiti	Korn af tegundinni *Triticum aestivum* L., *Triticum durum* Desf. og öðrum hveititegundum.
1.22	Hveitimjöl, gróft	Aukaafurð við mjölframleiðslu, fengin úr afhýddu, sigtuðu hveitikorni eða speldi. Varan er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum brotum af hismi og dálítið af kornúrgangi.
1.23	Hveitifóður	Aukaafurð við mjölframleiðslu, fengin úr afhýddu, sigtuðu hveitikorni eða speldi. Varan er aðallega brot af hismi og öðrum hlutum korns þar sem minna af fræhvítu og hismi hefur verið fjarlægt en í hveitiklíði.

Númer	Heiti	Lýsing
1.24	Hveitiklíð([1])	Aukaafurð við mjölframleiðslu, fengin úr afhýddu, sigtuðu hveitikorni eða speldi. Varan er aðallega brot af klíði og öðrum hlutum korns sem eru lausir við megnið af fræhvítunni.
1.25	Hveitikím	Aukaafurð við mölun sem er aðallega hveitikím, valsað eða á öðru formi, þar sem hlutar af fræhvítu og klíði loða enn við.
1.26	Hveitiglúten	Þurrkuð aukaafurð við framleiðslu á hveitisterkju. Varan er aðallega glúten fengin við aðskilnað sterkjunnar.
1.27	Hveitiglútenfóður	Þurrkuð aukaafurð við framleiðslu á hveitisterkju. Varan er úr klíði og glúteni og bæta má við hana vætunarvökvanum og hugsanlega kími, þar sem öll olía hefur verið fjarlægð.
1.28	Hveitisterkja	Tæknilega hrein hveitisterkja.
1.29	Speldi	Korn af speldistegundinni *Triticum spelta* L., *Triticum dioccum* Schrank, *Triticum monococcum*.
1.30	Rúghveiti (Triticale)	Korn af *Triticum* X *Secale*-blendingi.
1.31	Maís	Korn af tegundinni *Zea Mays* L.
1.32	Maísmjöl, gróft	Aukaafurð fengin við framleiðslu á mjöli eða símyljumjöli.Varan er aðallega brot af hismi og öðrum hlutum korns þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í maísklíði.
1.33	Maísklíð	Aukaafurð fengin við framleiðslu á mjöli eða símyljumjöli. Varan er aðallega úr hismi og öðrum hlutum maískímis ásamt ögnum af fræhvítu.
1.34	Maískímkaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með því að pressa þurr- eða blautunnið maísklíð, þar sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir enn við.
1.35	Maískímkaka, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti þurr- eða blautunnins maísklíðs, þar sem hluti fræhvítu og fræskurnar loðir enn við.

([1]) Hafi þetta hráefni verið fínmalað má bæta orðinu „fínt" við heitið eða skipta því út fyrir tilsvarandi heiti.

Númer	Heiti	Lýsing
1.36	Maísglútenfóður([1])	Þurrkuð aukaafurð við framleiðslu maíssterkju. Varan er samsett úr klíði og glúteni. Bæta má við afurðina þurrkuðum leifum af vætunarvökvanum og hugsanlega kíminu, þar sem öll olía hefur verið fjarlægð.
1.37	Maísglúten	Þurrkuð aukaafurð við framleiðslu maíssterkju. Varan er aðallega glúten fengin við aðskilnað sterkjunnar.
1.38	Maíssterkja	Tæknilega hrein maíssterkja.
1.39	Forhleypt maíssterkja([2])	Forhleypt maíssterkja sem hlotið hefur hitameðferð og bólgnar út við að komast í snertingu við kalt vatn.
1.40	Maltspírur	Aukaafurð við maltgerð sem samsett er úr þurrkuðum spírum af spíruðu korni.
1.41	Þurrkaðar dreggjar úr ölgerð	Aukaafurð úr ölgerð fengin með því að þurrka leifar af gerjuðu eða ógerjuðu korni og öðrum sterkjuafurðum.
1.42	Þurrkaðar dreggjar úr eimingu	Aukaafurð úr eimingu alkóhóls fengin með því að þurrka leifar af gerjuðu korni.
1.43	Dökkar dreggjar úr eimingu([3])	Aukaafurð úr eimingu alkóhóls fengin með því að þurrka leifar af gerjuðu korni að viðbættum sýrópsvirkum afgangsafurðum eða uppgufuðum maltúrgangi.

([1]) Í stað þessa heitis má nota „korn glútenfóður".

([2]) Í stað þessa heitis má nota „þanin maíssterkja".

([3]) Í stað þessa heitis má nota „þurrkaðar dreggjar og leysanleg efni úr eimingu".

Númer	Heiti	Lýsing
2.0	**Olíufræ, olíuávextir og afurðir eða aukaafurðir þeirra**	
2.01	Jarðhnetukaka, afhýdd að hluta, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu með pressun jarðhneta, sem afhýddar eru að hluta. *Arachis hypogaaea* L. og aðrar tegundir af *Arachis.* (Hámarksmagn trénis 16% í þurrefni).
2.02	Jarðhnetukaka, afhýdd, að hluta, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu með útdrætti jarðhneta, sem afhýddar eru að hluta. (Hámarksmagn trénis 16% í þurrefni).
2.03	Jarðhnetukaka, afhýdd, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu með pressun afhýddra jarðhneta.
2.04	Jarðhnetukaka, afhýdd, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu með útdrætti afhýddra jarðhneta.
2.05	Repjufrækaka([1])	Repjufræ *Brassica napus* ssp. *oleifera* (Metzg.) Sinsk., af indverskri repju *Brassica napus* L. var. *Glauca* (Roxb.) O. E. Schulz. og úr repju *Brassica campestris* L. ssp. *Oleifera* (Metzg.) Sinsk. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 94%).
2.06	Repjufrækaka, skrúfupressuð([1])	Aukaafurð við olíuframleiðslu með pressun repjufræja. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 94%).
2.07	Repjufrækaka, útdregin([1])	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti repjufræja. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 94%).
2.08	Hýði repjufræja	Aukaafurð fengin við afhýðingu repjufræja.
2.09	Safranfífilsfræ, afhýdd að hluta, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti safranfífilsfræja *(Carthamus tinctorius* L.)sem eru afhýdd að hluta.
2.10	Kókoskaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu með pressun þurrkaðs kjarna (fræhvítu) og ytra hýðis hnetu kókospálmans *Cocos nucifera L.*

([1]) Þar sem við á má einnig tilgreina „glúkósínólatsnautt" við heitið. Merking hugtaksins „glúkósínólatsnautt" er skilgreind í löggjöf bandalagsins.

Númer	Heiti	Lýsing
2.11	Kókoskaka, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu með útdrætti þurrkaðs kjarna (fræhvítu) og ytra hýðis hnetu kókospálmans.
2.12	Kjarnakaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu með pressun pálmakjarnans *Elaeis guineensis* Jacq., *Corozo oleifera* (HBK) L. H. Bailey (*Elaeis melanococca auct.*), þar sem fjarlægt hefur verið eins mikið og hægt er af hörðu skelinni.
2.13	Kjarnakaka, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu með útdrætti pálmakjarnans, þar sem fjarlægt hefur verið eins mikið og hægt er af hörðu skelinni.
2.14	Sojabaunir	Sojabaunir *(Glycine max* L. Merr.) sem fengið hafa viðeigandi hitameðferð.
2.15	Sojabaunir, ristaðar, útdregnar	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin úr sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðferð. (Hámarksinnihald trénis 8% í þurrefni.)
2.16	Sojabaunir, afhýddar, útdregnar	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin úr afhýddum sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðferð.
2.17	Sojabaunaprótínþykkni	Afurð fengin úr afhýddum, fituútdregnum sojabaunum.
2.18	Sojabaunaolía	Olía fengin úr sojabaunum.
2.19	Sojabaunahýði	Aukaafurð fengin við afhýðingu sojabauna.
2.20	Baðmullarfræskaka	Baðmullarfræ *(Gossypium* ssp.), þar sem fræhár hefur verið fjarlægt.
2.21	Baðmullarfræ, afhýtt að hluta, útdregið	Aukaafurð við olíuframleiðslu með útdrætti baðmullarfræja, þar sem hluti hýðisins og fræhár hefur verið fjarlægt. (Hámarksinnihald trénis 22,5% í þurrefni.)
2.22	Baðmullarfræskaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu fengin með pressun baðmullarfræja, þar sem fræhár hefur verið fjarlægt.
2.23	Nigerkaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu fengin með pressun fræja nigerplöntunnar *Guizotia abyssinica* (L.f.) Cass.

Númer	Heiti	Lýsing
2.24	Sólblómafræ	Sólblómafræ *Helianthus annuus* L.
2.25	Sólblómafræ, útdregið	Aukaafurð við olíuframleiðslu fengin með útdrætti sólblómafræja.
2.26	Sólblómafræ, afhýtt að hluta, útdregið	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti sólblómafræja, þar sem hluti hýðis hefur verið fjarlægt. (Hámarksinnihald trénis 27,5% í þurrefni).
2.27	Hörfræ	Hörfræ *Linum usitatissimum* L. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 93%).
2.28	Hörfræskaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu fengin með pressun hörfræja. (Lágmarks grasafræðilegur hreinleiki 93%).
2.29	Hörfræ, útdregið	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti hörfræja. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 93%).
2.30	Ólífualdinkjöt	Aukaafurð við olíuframleiðslu fengin með pressun ólífa *(Olea europaea)* L. aðgreint eins og hægt er frá kjarnahlutunum.
2.31	Sesamfræskaka, skrúfupressuð	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með því að pressa fræ sesamjurtarinnar *Sesamum indicum* L.
2.32	Kakókaka, afhýdd að hluta, útdregin	Aukaafurð við olíuframleiðslu, fengin með útdrætti úr þurrkuðum og ristuðum kakóbaunum *Theabroma cacao* L., þar sem hluti af hýðinu hefur verið fjarlægt.

Númer	Heiti	Lýsing
3.0	**Belgjurtafræ, afurðir þeirra og aukaafurðir**	
3.01	Hrútsertur	Fræ *Cicer arietinum* L.
3.02	Gúarmjöl	Aukaafurð, fengin með vinnslu úr jurtalími úr fræjum *Cyamopsis tetragonoloba* (L.) Taub.
3.03	Perubaun	Fræ *Ervum ervilia* L.
3.04	Varpabaunir (1)	Fræ *Lathyrus sativus* L. sem fengið hafa viðeigandi hitameðferð.
3.05	Linsubaunir	Fræ *Lens culinaris a.o.* Medik.
3.06	Úlfabaunir	Fræ *Lupinus* ssp., lítið magn beiskra fræja.
3.07	Ristaðar baunir	Fræ *Phaseolus* eða *Vigna* ssp. sem fengið hafa viðeigandi hitameðferð til að eyða eitruðum lektínum.
3.08	Baunir	Fræ *Pisum* ssp.
3.09	Baunafóðurmjöl	Aukaafurð fengin við framleiðslu á baunamjöli. Varan er aðallega hlutar af kímblöðum og í minna mæli hlutar af hýði.
3.10	Baunafóðurklíð	Aukaafurð fengin við framleiðslu á baunamjöli. Varan er aðallega hlutar af hýði sem fjarlægt er við hreinsun bauna.
3.11	Hestabaunir	Fræ *Vicia faba* L. ssp. *faba* var. *equina Pers* og var. *minuta (Alef.)* Mansf.
3.12	Mónanþabaunir	Fræ *Vicia monanthos* Desf.
3.13	Flækjur	Fræ *Vicia sativa* L. var *sativa* og önnur afbrigði.

(1) Tilgreina skal um hvaða hitameðferð er að ræða.

Númer	Heiti	Lýsing
4.0	**Rótarhnýði og -ávextir, afurðir þeirra og aukaafurðir**	
4.01	Sykurrófusneiðar	Aukaafurð við sykurframleiðslu samsett úr útdregnum og þurrkuðum sykurrófusneiðum. *Beta Vulgaris* L. ssp. var. *altissima* Doell.
4.02	Sykurrófumelassi	Aukaafurð samsett úr sírópskenndum leifum sem safnað er við framleiðslu eða hreinsun á sykri úr sykurrófum
4.03	Sykurrófudeig, með melassa	Aukaafurð við sykurframleiðslu sem samanstendur af þurrkuðu sykurrófudeigi sem melassa hefur verið bætt í.
4.04	Sykurrófuvínassi	Aukaafurð fengin eftir gerjun sykurrófumelassa við framleiðslu alkóhóls, gers, sítrónusýru og annarra efna.
4.05	Rófusykur([1])	Sykur unnin úr sykurrófum.
4.06	Sætuhnúðar	Rótarhnýði *Ipomoea batatas* (L.) Poir. án tillits til þess hvernig það er unnið.
4.07	Maníók	Rætur *Manihot esculenta* Crantz, án tillits til þess hvernig þær eru unnar.
4.08	Maníóksterkja	Sterkja fengin úr maníókrótum, verulega þanin með viðeigandi hitameðferð.
4.09	Kartöfludeig	Aukaafurð við framleiðslu á kartöflusterkju *Solanum tuberosum* L.
4.10	Kartöflusterkja	Tæknilega hrein kartöflusterkja.
4.11	Kartöfluprótín	Þurrkuð aukaafurð við sterkjuframleiðslu sem er aðallega samsett úr prótínefnum sem fást við aðskilnað sterkjunnar.

([1]) Í stað þessa heitis má nota „súkrósi".

Númer	Heiti	Lýsing
5.0	**Önnur fræ og ávextir, afurðir þeirra og aukaafurðir**	
5.01	Jóhannesarbrauð	Afurð fengin með því að mylja þurrkaða, steinlausa ávexti Jóhannesarbrauðtrésins *Ceratonia siliqua* L. sem kjarnarnir hafa verið fjarlægðir úr.
5.02	Sítrusdeig	Aukaafurð fengin með því að pressa sítrusarávexti *Citrus* ssp. við framleiðslu á sítrussafa.
5.03	Eplahrat	Aukaafurð fengin með því að pressa epli *Malus* ssp. við framleiðslu á eplasafa.
5.04	Tómatadeig	Aukaafurð fengin með því að pressa tómata *Solanum lycopersicum* Karst. við framleiðslu á tómatasafa.
5.05	Þrúgudeig	Aukaafurð við pressun þrúgna *Vitis vinifera* L. eftir að safinn hefur verið pressaður úr þeim.
5.06	Þrúgukjarnar	Aukaafurð við vinnslu þrúgna. Varan er aðallega kjarnar, að mestu án annarra innihaldsþátta.
6.0	**Þurrkaðar plöntuafurðir og gróffóður**	
6.01	Refasmáramjöl ([1])	Afurð fengin við þurrkun og mölun á ungum refasmára *Medicago sativa* L. og *Medicago* var. *Martyn* (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 80%.)
6.02	Refasmárahrat	Þurrkuð aukaafurð fengin með því að pressa saft frá refasmára.
6.03	Refasmáraprótínþykkni	Afurð fengin með hraðþurrkun á safa refasmára sem hefur verið skilinn í skilvindu og fengið hitameðferð til að fella út prótín.
6.04	Smáramjöl([1])	Afurð fengin með hraðþurrkun og mölun á ungum smára *Trifolium* ssp. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 80%.)
6.05	Grasmjöl([1])	Afurð fengin með þurrkun og mölun ungra fóðurjurta.
6.06	Hveitihálmur	Hálmur hveitijurtarinnar.
6.07	Hveitihálmur, meðhöndlaður([2])	Afurð fengin með viðeigandi meðhöndlun hveitihálms.

([1]) Í stað hugtaksins „mjöl" má nota „kögglar". Þurrkunaraðferðin má koma fram í heitinu.

([2]) Meðhöndlaður = lútaður.

Númer	Heiti	Lýsing
7.0	**Aðrar jurtir auk afurða þeirra og aukaafurða**	
7.01	Sykurreyrmelassi	Aukaafurð samsett úr sírópskenndum leifum sem safnað er við framleiðslu eða hreinsun á sykri úr sykurreyr *Saccharum officinarum* L.
7.02	Sykurreyrvínassi	Aukaafurð fengin eftir gerjun sykurrófumelassa við framleiðslu alkóhóls, gers, sítrónusýru og annarra líffrænna efna.
7.03	Reyrsykur([1])	Sykur unnin úr sykurreyr.
7.04	Þangmjöl	Afurð fengin með því að þurrka og mala þang, einkum brúnt þang. Varan má hafa verið þvegin til að draga úr joðinnihaldi hennar.
8.0	**Mjólkurafurðir**	
8.01	Undanrennuduft	Afurð fengin með því að þurrka mjólkina sem fitan hefur verið skilin úr.
8.02	Áfaduft	Afurð fengin með því að þurrka vökvann sem verður afgangs eftir smjörstrokkun.
8.03	Mysuduft	Afurð fengin með því að þurrka vökvann sem verður eftir við framleiðslu á osti, drafla, kasíni eða álíka framleiðsluvöru.
8.04	Sykurskert mysuduft	Afurð fengin við þurrkun mysu, þar sem laktósinn hefur verið að hluta dreginn út.
8.05	Mysuprótínduft([2])	Afurð fengin við þurrkun á prótínsamböndum sem dregin eru út úr mysu eða mjólk með efna- eða eðlisfræðilegri meðferð.
8.06	Kasínduft	Afurð fengin úr undanrennu eða áfum með því að þurrka kasín sem fellt er út með sýru eða hleypi.
8.07	Laktósaduft	Sykurinn sem skilinn er frá mjólk eða undanrennu við hreinsun og þurrkun.

([1]) Í stað þessa heitis má koma „strásykur".

([2]) Í stað þessa heitis má koma „mjólkuralbúmínduft".

Númer	Heiti	Lýsing
9.0	**Afurðir og aukaafurðir landdýra**	
9.01	Kjötmjöl([1])	Afurð fengin með því að hita, þurrka og steyta skrokka eða hluta þeirra af landdýrum með jafnheitt blóð sem fita kann að hafa verið fjarlægð úr að hluta með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum. Varan skal vera í megindráttum laus við hófa, horn, hár, fjaðrir og gor. (Lágmarksinnihald prótíns 50% í þurrefni.)
9.02	Kjöt- og beinamjöl([1])	Afurð fengin með því að hita, þurrka og steyta skrokka eða hluta þeirra af landdýrum með jafnheitt blóð sem fita kann að hafa verið fjarlægð úr að hluta með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum. Varan skal vera í megindráttum laus við hófa, horn, hár, fjaðrir og gor.
9.03	Beinamjöl	Afurð fengin með því að þurrka, hita og fínsteyta bein af landdýrum með jafnheitt blóð sem fita kann að hafa verið fjarlægð úr að hluta með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum. Varan skal vera í megindráttum laus við hófa, horn, hár, fjaðrir og gor.
9.04	Hamsar	Afurð fengin við framleiðslu á tólg og annarri dýrafitu sem dregin er út með eðlis- eða efnafræðilegum aðferðum.
9.05	Mjöl úr sláturúrgangi alifugla([1])	Afurð fengin með því að þurrka og steyta sláturúrgang alifugla. Varan skal vera í meginatriðum laus við fjaðrir.
9.06	Fjaðramjöl, vatnsrofið	Afurð fengin við vatnsrof, þurrkun og steytingu alifuglafjaðra.
9.07	Blóðmjöl	Afurð fengin við þurrkun á blóði sláturdýra með heitt blóð. Varan skal vera í megindráttum laus við aðskotaefni.
9.08	Dýrafita	Afurð úr fitu landdýra með heitt blóð.

([1]) Afurðir sem innihalda meira en 13% fitu í þurrefni má tilgreina sem „fiturikar".

Númer	Heiti	Lýsing
10.0	**Fiskur, önnur sjávardýr og afurðir eða aukaafurðir þeirra**	
10.01	Fiskimjöl(1)	Afurðir fengnar með því að vinna heilan fisk eða hluta hans þar sem búið er að fjarlægja lýsi að nokkru leyti og uppleysanlegum fiskefnum kann að hafa verið bætt í.
10.02	Leysanlegur fiskur, þéttur	Stöðug afurð samsett úr pressuðum safa fengin við framleiðslu fiskimjöls þar sem mest af lýsinu og nokkuð af vatninu hefur verið fjarlægt.
10.03	Fisklýsi	Lýsi úr fiski.
10.04	Fisklýsi, hreinsað, hert	Lýsi úr fiski sem hefur verið hreinsað og hert.
11.0	**Steinefni**	
11.01	Kalsíumkarbónat(2)	Afurð fengin við steytingu kalsíumkarbónatefna, t.d. kalksteins, uppleystrar krítar, ostru- eða kræklingaskelja eða með útfellingu úr sýrulausn.
11.02	Kalsíum- og magníumkarbónat	Náttúruleg blanda af kalsíumkarbónati og magníumkarbónati.
11.03	Kalkkenndir sjávarþörungar, steyttir, kvarnaðir)	Afurð úr náttúrunni fengin úr kalkkenndum þörungum, steyttum eða kvörnuðum.
11.04	Magníumoxíð	Tæknilega hreint magníumoxíð (MgO).
11.05	Kieserít	Náttúrulegt magníumsúlfat ($MgSO_4 \cdot H_2O$).
11.06	Díkalsíumfosfat(3)	Útfellt kalsíummónóhýdrógenfosfat úr beinum eða af ólífrænum uppruna ($CaHPO_4 \cdot H_2O$).

(1) Vörur sem innihalda yfir 75% af prótíni í þurrefni má tilgreina sem „prótínríkar."

(2) Í stað heitisins eða til viðbótar því má tilgreina uppruna afurðarinnar.

(3) Tilgreina má framleiðsluferlið í heitinu.

Númer	Heiti	Lýsing
11.07	Mónódíkalsíumfosfat	Afurð fengin með efnameðferð úr jöfnum hlutum díkalsíumfosfats og mónókalsíumfosfats.
11.08	Afflúrað steinfosfat	Afurð fengin með því að steyta hreinsuð fosföt sem eru náttúrulega afflúruð á viðeigandi hátt.
11.09	Afhleypt beinamjöl	Afhleypt, sæfð og steytt bein sem fita hefur verið fjarlægð úr.
11.10	Mónókalsíum-fosfat	Tæknilega hreint kalsíumdíhýdrógenfosfat ($Ca(H_2PO_4)_2 \cdot H_2O$).
11.11	Kalsíummagníumfosfat	Tæknilega hreint kalsíummagníumfosfat.
11.12	Mónóammóníumfosfat	Tæknilega hreint mónóammóníumfosfat ($NH_4H_2PO_4$).
11.13	Salt ([1])	Tæknilega hreint natríumklóríð eða afurð fengin með því að steyta natríumklóríð af náttúrulegum uppruna, til dæmis stein- eða sjávarsalt.
12.0	**Ýmsar afurðir**	
12.01	Úrgangur úr bakaríum	Aukaafurð fengin við framleiðslu á kexi, kökum eða brauði.
12.02	Sælgætisúrgangur	Aukaafurð fengin við framleiðslu á súkkulaði, sætindum og öðru sælgæti.
12.03	Fitusýrur	Aukaafurð fengin við afsýringu með lúti eða með eimingu olíu og fitu úr jurta- eða dýraríkinu án þess að hún sé nánar skilgreind.
12.04	Sölt úr fitusýrum([1])	Afurð fengin við sápun fitusýra með kalsíum-, natríum- eða kalíumhýdroxíði.

([1]) Í stað heitisins má tilgreina tegund salts.

V. KAFLI

PRÓTÍNRÍKAR GERJUNARAFURÐIR, AMÍNÓSÝRUR, GERVIPRÓTÍN

(sbr. 12. gr. I. kafla)

A. Skrá yfir afurðaflokka og efni

Afurðir sem tilgreindar eru í 2. dálki má nota til beinnar eða óbeinnar yfirfærslu prótína eða köfnunarefnissambanda í fóður eða til dýrategunda sem taldar eru upp í 6. dálki ef afurðirnar uppfylla kröfurnar sem fram koma í 3. til 5. dálki.

Framhald á næstu síðu.

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
1.0 Prótín úr eftirtöldum örveruflokkum:						
1.1. *Gerlar:*						
1.1.1. Gerlar, ræktaðir í metanóli	1.1.1.1. Prótínafurð úr gerjun fengin með ræktun *Metýlófílus metýlótrófus* í metanóli	*Metýlófílus metýlótrófus* NCIB-stofn 10.515	Metanól	— Prótín: lágm. 68% — Endurvarpsstuðull, > 50	— Svín — Kálfar — Alifuglar	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu afurðarinnar: — heiti afurðarinnar (sbr. 2. dálk) — prótín, — aska, — fita, — vatn, — notkunarleiðbeiningar, — tilmælin "Forðist innöndun". Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fóðurblandna: — magn afurðarinnar í fóðrinu
1.2. *Ger* 1.2.1. Ger ræktað í næringarefnablöndum úr dýra- og jurtaríkinu	Allt ger — úr örverum og næringarefnablöndum sem eru tilgreindar í 3. og 4. dálki — og þar sem frumum hefur verið eytt	Saccharomyces cerevisiae, Saccharomyces carlsbergiensis, Kluyveromyces lactis, Kluyveromyces fragilis	Melassi, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, ávaxtasafi, mysa, mjólkursýra, vatnsrofið matjurtatréni		Allar dýrategundir	
1.2.2. Ger ræktað í öðrum næringarefnablöndum en í 1.2.1						

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
1.3. *Þörungar*						
1.4. *Óæðri sveppir*						
1.4.1. Aukaafurðir frá sýklalyfjaframleiðslu með gerjun	1.4.1.1. Mygla, rök aukaafurð úr penisillínframleiðslu geymd í röku sílói með *Lactobacillus brevis, plantarum, sake, collenoides* og *Streptococcus lactis* til að gera penisillínið óvirkt, sem hlotið hefur hitameðferð	Köfnunarefnissamband, Penicillium chrysogenum ATCC 48271	Ólíkir kolvetnisgjafar, einnig vatnsrofnir	Köfnunarefni, gefið upp sem prótín: lágm. 7%	Jórturdýr, svín	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu afurðarinnar: — afurðin er tilgreind sem: "Vot mygluafurð úr penisillínframleiðslu" — köfnunarefni, gefið upp sem prótín — aska — vatn — dýrategund eða flokkur Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir fóðurblöndur: — heitið: "Vot mygluafurð úr penisillínframleiðslu".

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
2.0 Prótínsnauð köfnunarefnissambönd og álíka afurðir úr eftirtöldum flokkum:						
2.1. *Þvagefni og afleiður þess*	2.1.1. Þvagefni	$CO(NH_2)_2$	—	Þvagefni: lágm. 97%	Jórturdýr frá því jórtur hefst	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Þvagefni", „Bíúret", „Köfnunarefni", „Þvagefnisfosfór" eða „Ísóbútýraldehýð": — köfnunarefnisinnihald og einnig fosfórinnihald afurðar 2.1.3. — dýrategund eða dýraflokkur
	2.1.2. Bíúret	$(CONH_2)_2 - NH$	—	Bíúret: lágm. 97%		
	2.1.3. Þvagefnisfosfat	$CO(NH_2)_2 - H_3PO_4$	—	Köfnunarefni: lágm. 16,5% Fosfór: lágm. 18%		
	2.1.4. Díúreidó-ísóbútan	$(CH_3)_2 - (CH)_2$ $(NHCONH_2)_2$	—	Köfnunarefni: lágm. 30% Díúreidóísóbútan: lágm. 35%		Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Þvagefni", „Bíúret", „Köfnunarefni", „Þvagefnisfosfór" eða „Díúreidóísóbútan": — magn afurðarinnar sem fer í fóðurblönduna — yfirfærsla á prótínsnauðu köfnunarefni gefið upp sem prótín (hundraðshluti af heildarmagni prótíns) — í notkunarleiðbeiningum skal gefa upp heildarmagn af prótínsnauðu köfnunarefni sem ekki má fara yfir í daglegum skammti, eftir dýrategund eða dýraflokki

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
2.2. *Ammóníumsalt*	2.2.1. Ammóníumlaktat, framleitt með því að gerja *Lactobacillus bugaricus*	$CH_3CHOHCOONH_4$	Mysa	Köfnunarefni gefið upp sem prótín: lágm. 44%	Jórturdýr frá því að jórtur hefst	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Ammóníumlaktat sem myndast við gerjun“ — köfnunarefni gefið upp sem prótín — innihald ösku og vatns — dýrategund eða dýraflokkur Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Ammóníumlaktat sem myndast við gerjun“ — magn afurðarinnar sem fer í fóðurblönduna — yfirfærsla á próteinsnauðu köfnunarefni gefið upp sem prótín (hundraðshluti af heildarmagni prótíns) — í notkunarleiðbeiningum skal gefa upp heildarmagn af próteinsnauðu köfnunarefni sem ekki má fara yfir í daglegum skammti, eftir dýrategund eða dýraflokki

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
	2.2.2. Ammóníumasetat í vatnslausn	CH_3COONH_4		Ammóníumasetat: lágm. 55%	Jórturdýr frá því jórtur hefst	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Ammóníumasetat“ — köfnunarefnis- og vatnsinnihald — dýrategund eða dýraflokkur Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Ammóníumasetat“ — magn afurðarinnar sem fer í fóðurblönduna — yfirfærsla á próteinsnauðu köfnunarefni gefið upp sem prótín (hundraðshluti af heildarmagni prótíns) — í notkunarleiðbeiningum skal gefa upp heildarmagn af próteinsnauðu köfnunarefni sem ekki má fara yfir í daglegum skammti, eftir dýrategund eða dýraflokki

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
	2.2.3. Ammóníumsúlfat í vatnslausn	$(NH_4)_2SO_4$		Ammóníumsúlfat: lágm. 35%	Jórturdýr frá því jórtur hefst	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Ammóníumsúlfat“ — köfnunarefnis- og vatnsinnihald — dýrategund eða dýraflokkur — „ef um er að ræða ung jórturdýr má magn afurðar sem fer í dagskammt ekki vera meira en 0,5%“ Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Ammóníumsúlfat“ — magn afurðarinnar sem fer í fóðurblönduna — yfirfærsla á próteinsnauðu köfnunarefni gefið upp sem prótín (hundraðshluti af heildarmagni prótíns) — í notkunarleiðbeiningum skal gefa upp heildarmagn af próteinsnauðu köfnunarefni sem ekki má fara yfir í daglegum skammti, eftir dýrategund eða dýraflokki — „ef um er að ræða ung jórturdýr má magn afurðar sem fer í dagskammt ekki vera meira en 0,5%“

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
2.3. Aukaafurðir frá framleiðslu amínósýra við gerjun	2.3.1. Fljótandi, samþjappaðar aukaafurðir sem myndast við framleiðslu L-glútamínsýru við gerjun með *Corynebacterium melassecola*	Ammóníumsalt og önnur köfnunarefnissambönd	Súkrósi, melassi, sterkjuafurðir og skyld vatnsrofin efni	Köfnunarefni, gefið upp sem prótín: lágm. 48%	Jórturdýr frá því jórtur hefst	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Aukaafurðir sem myndast við framleiðslu L-glútamínsýru“ fyrir afurð 2.3.1. „Aukaafurðir sem myndast við framleiðslu L-lýsín“ fyrir afurð 2.3.2. — köfnunarefnisinnihald, gefið upp sem prótín — innihald ösku og vatns — dýrategundir eða dýraflokkar Upplýsingar á merkimiða eða pakkningum afurðar: — afurðirnar eru tilgreindar sem: „Aukaafurðir sem myndast við framleiðslu L-glútamínsýru“ fyrir afurð 2.3.1. „Aukaafurðir sem myndast við framleiðslu L-lýsín“ fyrir afurð 2.3.2. — yfirfærsla á prótínsnauðu köfnunarefni gefið upp sem prótín (hundraðshluti af heildarmagni prótíns) — í notkunarleiðbeiningum skal gefa upp heildarmagn af prótínsnauðu köfnunarefni sem ekki má fara yfir í daglegum skammti, eftir dýrategund eða dýraflokki
	2.3.2. Fljótandi, samþjappaðar aukaafurðir sem myndast við framleiðslu L-lýsínhýdróklóríð við gerjun með *Brevibacterium lactofermentum*	Ammóníumsalt og önnur köfnunarefnissambönd	Súkrósi, melassi, sterkjuafurðir og skyld vatnsrofin efni	Köfnunarefni, gefið upp sem prótín: lágm. 45%	Jórturdýr frá því jórtur hefst	

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
3.0 Amínósýrur og sölt þeirra:						
3.1. Metíónín	3.1.1. DL-metíónín, tæknilega hreint	$CH_3S(CH_2)_2$-$CH(NH_2)$-COOH		DL-metíónín: lágm. 98%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina:
	3.1.2. Tvívatnað kalsíumsalt N-hýdroxý-metýl-DL-metíónín, tæknilega hreint	$[CH_3S(CH_2)_2$-$CH(NH$-$CH_2OH)$-$COO]_2Ca2H_2O$		DL-metíónín: lágm. 67% Formaldehýð: hám. 14% Kalsíum: lágm. 9%		— afurðirnar eru tilgreindar sem: "DL-metíónín" fyrir afurðir í 3.1.1, "Tvívatnað kalsíumsalt N-hýdroxýmetýl-DL-metíónín" fyrir afurð í 3.1.2, "Sink-metíónín" fyrir afurð í 3.1.3,
	3.1.3. Metíónín-sink, tæknilega hreint	$[CH_3S(CH_2)_2$-$CH(NH_2)$-$COO]_2Zn$		DL-metíónín: lágm. 80% Zn: hám. 18,5%	Jórturdýr frá því jórtur hefst	— DL-metíónín- og vatnsinnihald, — dýrategund eða flokkur þegar um ræðir afurðir í 3.1.2 og 3.1.3,
	3.1.4. Fljótandi samþjappað form af DL-metíónín-natríum,tæknilega hreint	$[CH_3S(CH_2)_2$-$CH(NH_2)$-$COO]Na$		DL-metíónín: lágm. 40% Natríum: lágm. 6,2%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: — afurðirnar eru tilgreindar sem: "Fljótandi samþjappað form af DL-metíónín-natríum
					Mjólkurkýr	— DL-metíónín- og vatnsinnihald
	3.1.5. DL-metíónín, tæknilega hreint, varið með samsettu fjölliðu-vinýlpýrídín/stýren	$CH_3S(CH_2)_2$-$CH(NH_2)$-COOH		DL-metíónín: lágm. 65% Samsett fjölliðu-vinýlpýrídín/stýren: hám. 3%		Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: — „Metíónín varið með samsettu fjölliðu-vinýlpýrídín/stýren" — DL-metíónín- og vatnsinnihald — dýrategund

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
3.2. Lýsín	3.2.1. L-lýsín, tæknilega hreint	NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH	—	L-lýsín: lágm. 98%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: — afurðirnar eru gefnar upp sem: "L-lýsín" fyrir afurð í 3.2.1, "Hreinn vökvi af L-lýsín-grunni" fyrir afurð í 3.2.2, "L-lýsín-einvatnað-klóríð" fyrir afurð í 3.2.3, "Hreinn vökvi, L-lýsín-einvatnað-klóríð" fyrir afurð í 3.2.4, "L-lýsínsúlfat og aukaafurðir þess úr gerjun" fyrir afurð 3.2.5, — L-lýsín og rakainnihald
	3.2.2. Hreinn vökvi, L-lýsín (grunnur)	NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH	Súkrósi, melassi, sterkjuafurðir og skyld vatnsrofin efni	L-lýsín: lágm. 60%		
	3.2.3. L-lýsín-einvatnað-klóríð, tæknilega hreint	NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH-HCl	—	L-lýsín: lágm. 78%		
	3.2.4. Hreinn vökvi L-lýsín-einvatnað-klóríð	NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOHHCl	Súkrósi, melassi, sterkjuafurðir og skyld vatnsrofin efni	L-lýsín: lágm. 22,4%		
	3.2.5. L-lýsín-súlfat myndað við gerjun með *Corynebacterium glutamicum*	$[NH_2$-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-$COOH]_2$ H_2SO_4	Sykur, sýróp, melassi, kornvörur, sterkjuafurðir og skyld vatnsrofin efni	L-lýsín: lágm. 40%		
	3.2.6. L-lýsínfosfat með aukaafurðum sem myndast við gerjun með *Brevibacterium lactofermentum*. Stofn NRRL B-11470	$[NH_2$-$(CH_2)_4$-CH-(NH_2)-$COOH]H_3$ PO_4	Súkrósi, ammóníak, fiskilímvökvi	L-lýsín: lágm. 35% Fosfór: lágm. 4,3%	Alifuglar Svín	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu: — afurðirnar eru gefnar upp sem: „L-lýsínfosfat og afurðir þess sem myndast við gerjun“, — L-lýsininnihald og vatnsinnihald

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
3.2. Lýsín (framh.)	3.2.7 Blöndur af: a) L-lýsín-mónóhýdróklóríð, tæknilega hreint og b) DL-metíónín, tæknilega hreint sem er varið með samsettu fjölliðu-vinýlpýrídín/stýren	NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH-HCl $CH_3S(CH_2)_2$-$CH(NH_2)$-COOH		L-lýsín + DL-metíónín: lágm. 50% (þar með talið DL-metíónín lágm. 15%) Samsett fjölliðu-vinýlpýrídín/stýren hám. 3%	Mjólkurkýr	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: —afurðirnar eru tilgreindar sem: „blanda af L-lýsíni-mónóhýdróklóríði og DL-metíóníni sem er varið með fjölliðu-vinýlpýrídín/stýreni“ —innihald L-lýsíns, DL-metíónín og vatn —dýrategund
3.3. Þreónín	3.3.1. L-þreónín, tæknilega hreint	CH_3-$CH(OH)$-$CH(NH_2)$-COOH		L-þreónín: lágm. 98%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: —afurðirnar eru tilgreindar sem: — "L-þreónín", — L-þreónín og vatns-innihald
3.4. Trýptófan	3.4.1. L-trýptófan, tæknilega hreint	(C_8H_5NH)-CH_2-$CH(NH_2)$-COOH		L-trýptófan: lágm. 98%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: —afurðirnar eru tilgreindar sem: — "L-trýptófan", — L-trýptófan- og vatnsinnihald
	3.4.2. DL-trýptófan, tæknilega hreint	(C_8H_5NH)-CH_2-$CH(NH_2)$-COOH		DL-trýptófan: lágm. 98%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: —afurðirnar eru tilgreindar sem: — "DL-trýptófan", — DL-trýptófan- og vatnsinnihald“

Heiti afurðarflokks 1	Heiti afurða 2	Efnafræðileg táknun afurðar eða örverutegund 3	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á) 4	Einkenni á samsetningu afurða 5	Dýrategund 6	Sérákvæði 7
4.0 Hýdroxý-hliðstæður amínósýra:						
4.1. Hýdroxý-hliðstæða metíóníns og salta þess	4.1.1. Hýdroxý-hliðstæða metíóníns	CH_3-S-$(CH_2)_2$-CH(OH)-COOH		Heildarmagn sýru: lágm. 85% Einliðasýra: lágm. 65%	Allar dýrategundir	Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir afurðina: — heiti (2. dálkur) — innihald einliðasýru og heildarmagn sýru fyrir 4.1.1, innihald einliðasýru fyrir 4.1.2 — vatnsinnihald — dýrategundir
	4.1.2. Hýdroxý-hliðstæða metíóníns	[(CH_3-S-$(CH_2)_2$-CH(OH)-COO)]$_2$Ca		Einliðasýra: lágm. 83% Kalsíum: lágm. 12%		Upplýsingar á merkimiða eða pakkningu fyrir fóðurblöndur: — heiti (2. dálkur) — innihald einliðasýru og heildarmagn sýru fyrir 4.1.1, innihald einliðasýru fyrir 4.1.2 — magn afurðarinnar í fóðrinu

VI. KAFLI

AUKEFNI

(sbr. 9., 13. og 14. gr. í I. kafla)

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1.0. Notkun

1.1. Einungis er heimilt að nota aukefni við fóðurframleiðslu með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í D-hluta (viðurkennd aukefni) að því er varðar dýrategund, aldur, lágmarks- og hámarksmagn í fóðri og þá vörutegund sem nota á viðkomandi aukefni í.

1.2. Heimilt er að nota aukefni í allt fóður, t.d. hreint fóður, ef letrunin "Allt fóður" kemur fram í dálknum "Önnur ákvæði".

1.3. Geta skal um takmarkanir sem kveðið er á um í D-hluta og gilda um notkun fóðurs sem inniheldur aukefni (t.d. aldur, skammtur, biðtími) í notkunarleiðbeiningunum.

2.0. Lágmarks- og hámarksmagn aukefna

2.1. Lágmarks- og hámarksmagn er ákvarðað fyrir heilfóður miðað við 12% vatnsinnihald, ef annað er ekki tekið fram.

2.2. Sé aukefni af náttúrlegum toga einnig að finna í fóðrinu skal samanlagt magn íblandaðra og náttúrlegra aukefna ekki vera yfir hámarksmagninu sem kveðið er á um í D-hluta.

3.0. Eðlis- og efnafræðilegur samruni

3.1. Aðeins er heimilt að bæta aukefnum í fóður og fóðurblöndur að blöndun við önnur næringarefni sé fullnægjandi með eðlis- og efnafræðilegum aðferðum og þau hafi ekki áhrif á virkni þeirra.

B. Viðbótarákvæði um sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf ásamt seleni

1.0. *Almennt*

Viðurkennd sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf eru talin upp í D-hluta ásamt upplýsingum um notkunarsvið, skammta o.s.frv. Fóður sem inniheldur fyrrnefnd lyf er undanþegið ákvæðum lyfjalaga, sbr. 14. gr. I. kafla. Sérhver fóðurframleiðandi skal ávallt vera í stakk búinn til að afgreiða sambærilegar fóðurblöndur án sýkla- og hnislalyfja.

2.0. *Íblöndun forblöndu*

2.1. Einungis er heimilt að bæta sýklalyfjum, hnislalyfjum og öðrum lyfjum ásamt seleni í fóðurblöndu í formi forblöndu sem inniheldur eitt eða fleiri burðarefni og jafnvel önnur aukefni. Forblandan skal vera að minnsta kosti 2% af heildarþyngd endanlegrar gerðar heilfóðursins.

3.0. *Lyfjablöndun*

Óheimilt er að bæta fleiri en einni gerð sýkla- eða hnislalyfja í sömu fóðurblöndu.

C. Viðbótarákvæði um aukefni í fóðurbæti

Óheimilt er að nota sýklalyf, hníslalyf og önnur lyf í fóðurbæti. Eftirfarandi ákvæði gilda um fóðurbæti auk ákvæðanna í A-, B- og D-hluta:

1.0. Hámarksmagn aukefna í fóðurbæti sem ber að þynna

Fóðurbætir sem ber að þynna skal að lokinni þynningu í samræmi við notkunarleiðbeiningar ekki innihalda aukefni í meira mæli en kveðið er á um fyrir heilfóður í D-hluta.

2.0. Hámarksmagn einstakra aukefna í fóðurbæti

2.1. Í fóðurbæti sem inniheldur selen skal innihald þess í:

— steinefnafóðurblöndum ekki fara yfir 10 mg/kg,

— öðrum fóðurbæti ekki fara yfir 2,5 mg/kg.

2.2. Óheimilt er að D-vítamínmagn í fóðurbæti sé meira en fimmfalt hámarksmagn fyrir heilfóður þrátt fyrir ákvæði liðar 1.0 (þynning).

2.3. Leyfilegt hámarksmagn D-vítamíns í hverju kílógrammi af steinefnafóðurblöndum fyrir stórgripi og svín er 200 000 a.e.(*)

2.4. Leyfilegt hámarksmagn D-vítamíns í hverju kílógrammi af fljótandi fóðurbæti fyrir stórgripi, svín og alifugla er 200 000 a.e.

2.5. Leyfilegt hámarksmagn A-vítamíns í hverju kílógrammi af fóðurbæti fyrir allar dýrategundir er 4 000 000 a.e.

2.6. Leyfilegt hámarksmagn E-vítamíns í hverju kílógrammi af fóðurbæti fyrir allar dýrategundir er 5 000 a.e.

2.7. Næringargildi fóðurbætis sem um getur í liðum 2.2 til 2.4 skal vera í þeim mæli að ekki er unnt að nota hann sem heilfóður. Óheimilt er að nota blöndurnar fyrir önnur dýr en þau sem um getur í notkunarleiðbeiningunum.

(*) Alþjóðaeiningar.

D. Viðurkennd aukefni

Framhald á næstu síðu.

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-magn mg/kg heilfóðurs	Hámarks-magn mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði
	1.0 Sýklalyf						
	2.0 Þráavarnarefni						
E 300	L-Askorbínsýra	$C_6H_8O_6$					
E 301	Natríum-L-askorbat	$C_6H_7O_6Na$					
E 302	Kalsíum-L-askorbat	$C_{12}H_{14}O_{12}Ca \cdot 2H_2O$					
E 303	5,6-Díasetýl-L-askorbín-sýra	$C_{10}H_{12}O_8$					
E 304	6-Palmítýl-L-askorbínsýra	$C_{22}H_{38}O_7$					
E 306	Tókóferólríkt þykkni af náttúrulegum toga						
E 307	Nýmyndað alfa-tókóferól	$C_{29}H_{50}O_2$	Allar dýrategundir eða -flokkar				Allt fóður
E 308	Nýmyndað gamma-tókóferól	$C_{28}H_{48}O_2$					
E 309	Nýmyndað delta-tókóferól	$C_{27}H_{46}O_2$					
E 310	Própýlgallat	$C_{10}H_{12}O_5$				100: eitt eða ásamt	
E 311	Oktýlgallat	$C_{15}H_{22}O_5$					
E 312	Dódekýlgallat	$C_{19}H_{30}O_5$					
E 320	Bútýlað hýdroxýanísól (BHA)	$C_{11}H_{16}O_2$				150: eitt eða saman	
E 321	Bútýlað hýdroxýtólúen (BHT)	$C_{15}H_{24}O$					
E 324	Etoxýkín	$C_{14}H_{19}ON$					

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-magn mg/kg heilfóðurs	Hámarks-magn mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði
	3.0 Bragðefni og lystaukandi efni						
	3.1 Allar náttúruafurðir og samsvarandi nýmyndaðar afurðir		Allar dýrategundir eða -flokkar				
	3.2 Gerviefni:						
E 954(i)	Sakkarín	$C_7H_5NO_3S$	Mjólkurgrísir	4 mánuðir		150	
E 954(ii)	Kalsíumsakkarín	$C_7H_3NCaO_3S$	Mjólkurgrísir	4 mánuðir		150	
E 954(iii)	Natríumsakkarín	$C_7H_4NNaO_3S$	Mjólkurgrísir	4 mánuðir		150	
E 959	Neóhesperdín dihýdrókalkón	$C_{28}H_{36}O_{15}$	Mjólkurgrísir	4 mánuðir		35	
			Hundar			35	
			Kálfar, gyltur			30	

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-magn mg/kg heilfóðurs	Hámarks-magn mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði
	4.0 Hníslalyf						
E 751	Amprólíum/etópabat (blanda 25 hluta amprólíums og 1,6 hluta etópabats)	Amprólíum: 1-[(4-amínó-2-própýl5-pýrímimidínýl) metýl]-2píkólíníumklóríð hýdróklóríð Etópabat: Metýl-4-aseta-mídó-2-etoxýbensóat	Holdakjúklingar, kalkúnar og gæsir		66,5	133	Notkun bönnuð síðustu 3 dagana fyrir slátrun
E 757	Mónensínnatríum	$C_{36}H_{61}O_{11}Na$ (natríumsalt af pólýetermónókarboxýlsýru framleidd af *Streptomyces cinnamonensis*)	Verðandi holdakjúklingar	16 vikur	100	120	Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Hættulegt hrossum“ og „Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það með tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“
			Kjúklingar		100	125	Notkun bönnuð síðustu 3 dagana fyrir slátrun. Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Hættulegt hrossum“ og „Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það með tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“
			Kalkúnar	16 vikur	90	100	

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-magn mg/kg heilfóðurs	Hámarks-magn mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði
	Hníslalyf (framh.)						
E 763	Lasalósíðnatríum	$C_{34}H_{53}O_8Na$ (natríumsalt af pólýetermónókarboxýlsýru framleidd af Streptomyces lasaliensis)	Holdakjúklingar	16 vikur	75	125	Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það með tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“
			Kjúklingar		75	125	Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun. Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það með tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“
			Kalkúnar	12 vikur	90	125	
13.	Fiskafurðir	Heilir fiskar eða hlutar fiska eða annarra sjávardýra sem hafa kalt blóð ásamt afurðum úr þeim, að undanskilinni fiskolíu og úrefnum hennar sem fjallað er um í 15. flokki og að undanskildum afurðum sem innihalda meira en 50% af ösku miðað við þurrefni og fjallað er um í 14. flokki.

14.	Steinefni	Ólífræn eða lífræn efni sem innihalda meira en 50% af ösku miðað við þurrefni, að undanskildu efni sem miðað við þurrefni inniheldur meira en 5% af ösku sem er óuppleysanleg í saltsýru.
15.	Olía og fita	Olía og fita úr dýra- eða jurtaríkinu og úrefni þeirra.
16.	Afurðir frá brauð- og pastagerðum	Úrgangsefni og afgangar frá brauð- og pastagerðum.

5.2. Heiti flokka hráefna sem notuð eru í fóðurblöndur fyrir gæludýr

	Heiti flokka	Lýsing
1.	Kjöt og aukaafurðir úr dýraríkinu	Allt kjöt af landdýrum sem hafa heitt blóð og hefur verið slátrað, ferskt eða varðveitt með viðeigandi aðferðum og allar afurðir og aukaafurðir úr vinnslu sláturs eða sláturhluta af landdýrum sem hafa heitt blóð.
2.	Mjólk og mjólkurafurðir	Mjólkurafurðir, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum og aukaafurðir úr slíkri vinnslu.
3.	Egg og afurðir úr eggjum	Afurðir úr eggjum, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum og aukaafurðir úr slíkri vinnslu.
4.	Olía og fita	Olía og fita úr dýra- og jurtaríkinu.
5.	Ger	Ger þar sem gerfrumur hafa drepist og þornað.
6.	Fiskur og aukaafurðir úr fiski	Fiskur eða fiskhlutar, ferskur eða varðveittur með viðeigandi aðferðum og aukaafurðir úr slíkri vinnslu.

7.	Korn	Allar korntegundir, án tillits til þess í hvaða formi þær eru, eða afurðir sem eru framleiddar með vinnslu sterkjuríkrar fræhvítu kornsins.
8.	Matjurtir	Matjurtir og belgjurtir, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum.
9.	Aukaafurðir úr jurtaríkinu	Aukaafurðir úr vinnslu afurða úr jurtaríkinu, einkum korns, matjurta, belgaldinna og olíuríkra fræja.
10.	Prótínútdráttur úr jurtum	Afurðir úr jurtaríkinu þar sem prótíni hefur verið þjappað saman með viðeigandi aðferðum og það endurmyndað í sumum tilvikum; prótín skal nema að minnsta kosti 50% af þurrefninu.
11.	Steinefni	Ólífræn efni sem henta sem fóður.
12.	Sykur	Sykur af öllum gerðum.
13.	Ávextir	Allar tegundir ávaxta, ferskir eða varðveittir með viðeigandi aðferðum.
14.	Hnetur	Allur hnetukjarni.
15.	Fræ	Allar frætegundir, heilfræ eða grófkurlað fræ.
16.	Þörungar	Allar gerðir þörunga, ferskar eða varðveittar með viðeigandi aðferðum.
17.	Lindýr og skeldýr	Lindýr, krabbadýr og kræklingar, fersk eða varðveitt með viðeigandi aðferðum ásamt aukaafurðum úr slíkri vinnslu.
18.	Skordýr	Allar skordýrategundir á öllum þroskastigum.
19.	Bökunarvörur	Allar bökunarvörur: brauð, kökur, kex og deig eða vörur sem eru notaðar í deig.

D. Merkingar á aukefnum og forblöndum með þeim

1.0. Almenn ákvæði

1.1. Við sölu skulu aukefni vera merkt samkvæmt lögboðnum vöruupplýsingum og ef til vill með viðbótarupplýsingum sem um getur í lið 2.0.

Við sölu skulu forblöndur með aukefnum vera merktar samkvæmt lögboðnum vöruupplýsingum og ef til vill með viðbótarupplýsingum sem um getur í lið 3.0.

1.2. Framleiðandi, umbúðaframleiðandi/pökkunaraðili, innflytjandi, seljandi eða birgir með staðfestu innan EES-svæðisins er ábyrgur fyrir upplýsingum um aukefni eða forblöndur með þeim.

1.3. Þegar um er að ræða forblöndur sem innihalda mörg aukefni og ef tilgreina skal síðasta söludag eða geymsluþol samkvæmt ákvæðunum í lið 3.0 skal miða við það aukefni sem hefur stystan gildistíma eða geymsluþol.

2.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna (óblandaðra)
Feitletraðar upplýsingar eða merkið „+" fyrir ólíka efnisflokka eru lögboðnar og **skal** tilgreina.
Upplýsingar með óbreyttu letri eða merkinu „o" fyrir ólíka efnisflokka eru til viðbótar og má tilgreina.

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:			
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	Selen	Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni	Allir aðrir flokkar aukefna
Sérheiti aukefnisins í samræmi við D-hluta VI. kafla	+	+	+	+
Tilgreina skal EB-númer í tengslum við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o
Tilgreina skal viðskiptaheiti í tengslum við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o
Innihald virks efnis	+	+	+ **Raunverulegt innihald E-vítamíns skal tilgreina sem innihald alfa-tókóferóls**	+
Nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á upplýsingum um vöruna sem tilgreindar eru á merkimiðanum	+	+	+	+
Nafn eða fyrirtæki framleiðanda og heimilisfang eða viðskiptaskrifstofa ef hlutaðeigandi ber ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma á merkimiðanum	+	o(1)	o(1)	o(1)

(1) Tilgreint í tengslum við sérheiti aukefnis

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:			
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	Selen	Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni	Allir aðrir flokkar aukefna
Nettóþyngd fastra efna skal tilgreina í þyngdareiningum. Fljótandi efna í rúmmáls- eða þyngdareiningum.	+	+	+	+
Síðasti söludagur eða geymsluþol reiknað frá framleiðsludegi	+		+	
Rita skal: „Notist aðeins af framleiðanda forblöndu“	+	+		
Rita skal: „Notist aðeins við framleiðslu fóðurs“			+	+
Notkunarleiðbeiningar með ákvæðum um öryggi við notkun í samræmi við dálkinn „Önnur ákvæði“ í D-hluta VI. kafla	+	o([1])	o([1])	o([1])
Lotunúmer	+			
Framleiðsludagur lotunnar	+			

([1]) Tilgreint í tengslum við sérheiti aukefnis

3.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar forblandna

Feitletraðar upplýsingar eða merkið „+" fyrir ólíka efnisflokka eru lögboðnar og **skal** tilgreina.

Upplýsingar með óbreyttu letri eða merkinu „o" fyrir ólíka efnisflokka eru til viðbótar og má tilgreina.

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:							
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni	Selen	Snefilefni, þó ekki selen	And-oxunar-efni	Litarefni, þar á meðal dreifulitir	Rotvarn-arefni	Aðrir flokkar: Bragðefni og lystaukandi efni, ýruefni, varðveisluefni og þykkingarefni. Bindiefni, kekkjavarnarefni og hleypiefni. Ph-stýriefni.
Sérheiti aukefnisins í samræmi við D-hluta VI. kafla	+	+	+	+	+	+	+	+
Tilgreina skal EB-númer í tengslum við sérheiti aukefnisins. Þó ekki fyrir efni sem tilgreind eru sem „viðurkennt til bráðabirgða" samkvæmt dálkinum „Önnur ákvæði" í D-hluta VI. kafla	o	o	o	o	o	o	o	o
Tilgreina skal viðskiptaheiti í tengslum við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o	o	o	o	o
Innihald virkra efna	+	+	+	+				
		Innihald E-vítamíns er tilgreint sem innihald alfa-tókóferóls	**Tilgreina skal heild-arinnihald Selens**	**Tilgreina skal innihald frumefna**				

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:							
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni	Selen	Snefilefni, þó ekki selen	And-oxunar-efni	Litarefni, þar á meðal dreifulitir	Rotvarn-arefni	Aðrir flokkar: Bragðefni og lystaukandi efni, ýruefni, varðveisluefni og þykkingarefni. Bindiefni, kekkjavarnarefni og hleypiefni. Ph-stýriefni.
Innihald virks efnis ef hámarksgildi efnanna í heilfóðri eru ákvörðuð					+	+	+	
Innihald virks efnis ef hámarksgildi efnanna í heilfóðri eru ekki ákvörðuð og aukefnið hefur virkni í sjálfu fóðrinu og hægt er að stýra því með opinberlega eða vísindalega viðurkenndri aðferð					+	+	+	
Innihald virks efnis ef aukefnið hefur virkni í sjálfu fóðrinu og hægt er að stýra því með opinberlega eða vísindalega viðurkenndri aðferð								+
Rita skal: „Forblanda“	+	+	+	+	+	+	+	+
Dýrategund eða dýraflokkur sem fóðurblandan er ætluð	+	+	+	+	+	+	+	+
Nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum	+	+	+	+	+	+	+	+
Nafn eða fyrirtæki framleiðanda og heimilisfang eða viðskiptaskrifstofa ef hlutaðeigandi ber ekki ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma á merkimiðanum	+							

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:							
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni	Selen	Snefilefni, þó ekki selen	And-oxunar-efni	Litarefni, þar á meðal dreifulitir	Rotvarn-arefni	Aðrir flokkar: Bragðefni og lystaukandi efni, ýruefni, varðveisluefni og þykkingarefni. Bindiefni, kekkjavarnarefni og hleypiefni. Ph-stýriefni.
Nettómagn afurða í föstu formi skal tilgreina í þyngdareiningum. Í rúmmáls- eða þyngdareiningum fyrir fljótandi efni	+	+	+	+	+	+	+	+
Síðasti söludagur eða geymsluþol reiknað frá framleiðsludegi	+	+						
Rita skal: „Notist aðeins af framleiðanda forblöndunnar“	+		+					
Rita skal: „Notist aðeins við framleiðslu fóðurs“		+		+	+	+	+	+
Rita skal greinilega aðskilið frá öðrum merkingum: „Röng notkun forblandna með seleni getur leitt til eitrunar“			+					
Notkunarleiðbeiningar með ákvæðum um öryggi við notkun í samræmi við dálkinn „Önnur ákvæði“ í D-hluta VI. kafla	+	+	+	+	+	+	+	+

E. Merking aukefna í fóðurvörum

1.0 Almenn ákvæði

1.1. Við sölu skulu fóðurvörur sem innihalda aukefni vera merktar samkvæmt lögboðnum vöruupplýsingum og ef til vill viðbótarupplýsingum sem um getur í lið 3.0.

1.2. Framleiðandi, umbúðaframleiðandi/pökkunaraðili, innflytjandi, seljandi eða birgir með staðfestu innan EES-svæðisins er ábyrgur fyrir upplýsingum um fóðurvörur sem innihalda aukefni.

1.3. Tilgreina ber aukefni sem viðbótarmagn.

1.4. Tilgreina ber innihald aukefna í fóðurvörum, fyrir utan gæludýrafóður, í millígrömmum fyrir hvert kílógramm. Tilgreina ber innihald A- og D-vítamíns miðað við a.e. í hverju grammi.

1.5. Þegar um er að ræða fóðurvörur sem innihalda mörg aukefni og ef tilgreina skal síðasta söludag eða geymsluþol samkvæmt ákvæðunum í lið 3.0 skal miða við það aukefni sem hefur stystan gildistíma eða geymsluþol.

1.6. Þegar fóðurvörur eru seldar og:

— eru ætlaðar gæludýrum,

— innihalda litarefni, rotvarnarefni eða þráavarnarefni, og

— er pakkað í umbúðir með nettóinnihaldi allt að 10 kg

nægir að á umbúðum komi fram: „íblandað litarefni", „litað með", „rotvarið með" eða „íblandað þráavarnarefni" auk „EB nr. aukefnis".

Fyrrnefndar merkingar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— að á umbúðum, íláti eða merkimiða komi fram tilvísunarnúmer sem gerir kleift að bera kennsl á fóðurvöruna, og

— að framleiðandi upplýsi um sérstakt heiti hennar eða þeirra aukefna sem eru notuð, komi fram fyrirspurn um slíkt.

1.7. Þegar fóðurvörur eru seldar í lausri vigt er heimilt að þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessa kafla komi fram í fylgiskjali.

1.8. Þegar fóðurvörur eru seldar í litlum mæli til neytenda nægir að kaupandi fái upplýsingar um vöruna á tilkynningaspjaldi eða skilti.

2.0. Viðbótarákvæði um merkingu aukefna í fóðurbæti

Við sölu á fóðurbæti sem inniheldur meira af aukefnum en ákvarðað er fyrir heilfóður skal bæta eftirfarandi við upplýsingarnar sem um getur í lið 1.0:

a) Heiti vörunnar skal vera „Fóðurbætir" eða „Steinefnafóðurblanda".

b) Eftirfarandi skal koma fram í notkunarleiðbeiningum: „Þetta fóður er aðeins ætlað ... (dýrategund og aldurshópur) með allt að ... grömmum fyrir hvert kílógramm af daglegu fóðri". Heimilt er að þessar upplýsingar séu í samræmi við ákvæðin í VI. kafla.

c) Þegar um er að ræða steinefnafóðurblöndur sem innihalda selen skal eftirfarandi einnig koma fram:

— seleninnihald, og

— „röng notkun steinefnafóðurblandna með seleni getur valdið eitrun".

3.0 Lögboðnar upplýsingar og viðbótarupplýsingar vegna merkingar aukefna í fóðri o.fl.

Feitletraðar upplýsingar eða merkið „+" fyrir ólíka efnisflokka eru lögboðnar og **skal** tilgreina.
Upplýsingar með óbreyttu letri eða merkinu „o" fyrir ólíka efnisflokka eru til viðbótar og má tilgreina.

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:								
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	A- og D-vítam.	E-vítam.	Kopar og selen	Andoxunarefni	Litarefni	Rotvarnarefni	Vítamín, þó ekki A-, D- og E-vítam. svo og forvítamín og efni með sömu virkni(1)	Snefilefni, þó ekki kopar og selen(1)
Sérheiti aukefnanna í samræmi við D-hluta VI. kafla	+	+	+	+	+	+	+	o	o
Vegna gæludýrafóðurs skal rita: Á eftir textanum „..." skal tilgreina sérheiti aukefnisins í samræmi við D-hluta VI. kafla					**„Íblandað andoxunarefni"**	**„Íblandað litarefni"/„Litað með"**	**„Íblandað rotvarnarefni"/„Rotvarið með"**		
Tilgreina skal viðskiptaheiti í sambandi við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o	o	o	o	o	o
Tilgreina skal EB-númer í sambandi við sérheiti aukefnisins	o	o	o	o	o	o	o	o	o

(1) Aðeins er heimilt að tilgreina innihald ef aukefnið hefur virkni í fóðrinu og hægt er að stýra því með opinberum greiningaraðferðum eða vísindalega viðurkenndum aðferðum

Upplýsingar um vöru:	Efnisflokkar:								
	Sýklalyf, hnislalyf og önnur lyf	A- og D-vítam.	E-vítam.	Kopar og selen	Andoxun-arefni	Litarefni	Rotvarnarefni	Vítamín, þó ekki A-, D- og E-vítam. svo og forvítamín og efni með sömu virkni(1)	Snefilefni, þó ekki kopar og selen(1)
Innihald virks efnis	+	+	**Innihald alfa-tókó-feróls**	**Innihald Cu með tilliti til Se**				o(2)	Innihald hlut-aðeigandi frumefna
Síðasti söludagur eða geymsluþol reiknað frá framleiðsludegi	+	+	+					o(2)	
Ákvæði um öryggi við notkun í samræmi við dálkinn „Önnur ákvæði" í D-hluta VI. kafla	+	+	+	+	+	+	+	+	+

(1) Aðeins er heimilt að tilgreina innihald ef aukefnið hefur virkni í fóðrinu og hægt er að stýra því með opinberum greiningaraðferðum eða vísindalega viðurkenndum aðferðum

(2) Ef sérheiti aukefnis er tilgreint skal einnig tilgreina þessar upplýsingar um vöruna.

X. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU, KRÖFUR UM SKRÁNINGU OG GREINARGERÐ FYRIR FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA OG SELJA FÓÐURVÖRUR SEM INNIHALDA TILTEKIN AUKEFNI (SÝKLA- OG HNÍSLALYF OG SELEN)

(sbr. 8. gr. I. kafla)

A. Skilyrði fyrir viðurkenningu

1.0 Tæknibúnaður

Fyrirtækið skal ráða yfir tækjum og tæknibúnaði til að tryggt sé að skammtar séu nákvæmir og íblöndun hæfilega jöfn. Fyrirtæki sem framleiða forblöndur skulu og tryggja að íblöndun tiltekinna aukefna verði án þess að forblöndur af ólíkri gerð mengi hver aðra.

2.0 Geymsla

Geyma skal tiltekin aukefni og forblöndur með þeim í geymslum sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir slík efni og unnt er að læsa. Geymslu efnanna skal þannig háttað að auðvelt sé að bera kennsl á þau og ekki sé hætta á að þeim sé ruglað saman.

3.0 Kröfur um faglegt hæfi

Fyrirtæki sem framleiða forblöndur og fóðurblöndur með þeim skulu hafa í þjónustu sinni einstakling með nauðsynlegt faglegt hæfi og þekkingu á viðkomandi aukefnum.

4.0 Kröfur um eftirlit og eftirlitsbúnað

4.1. Framleiðendur forblandna með tilteknum aukefnum

Fyrirtækið skal hafa möguleika á að tryggja:

a) að notkun og gæði viðkomandi aukefna sé í samræmi við ákvæðin í VI. kafla.

b) að viðkomandi aukefni séu þekkt og í réttu magni og að íblöndun þeirra og stöðugleiki í forblöndum sé hæfilegur.

Fyrirtækið skal hafa möguleika á að tryggja og hafa eftirlit með að aukefni sem eru notuð og forblöndur með þeim uppfylli fyrrnefnd ákvæði í a- og b-lið og önnur ákvæði í þessum fyrirmælum. Hafi fyrirtæki ekki yfir eigin rannsóknarstofu að ráða skal það hafa gert bindandi samning við rannsóknarstofu sem Aðfangaeftirlitið samþykkir og sem skuldbindur sig til að annast viðeigandi rannsóknir fyrir fyrirtækið. Í báðum tilvikum skulu rannsóknarniðurstöður vera aðgengilegar Aðfangaeftirlitinu.

4.2. Fóðurblönduframleiðendur

Fyrirtæki sem framleiða fóðurblöndur sem innihalda tiltekin aukefni sem nota skal til íblöndunar í formi forblöndu skal fylgjast reglulega með innihaldi aukefnanna og um hvaða aukefni er að ræða og að íblöndunin sé hæfilega jöfn.

B. Krafa um skráningu

Framleiðendur fóðurblandna með forblöndum sem innihalda tiltekin aukefni skulu halda skrá yfir hverja einstaka forblöndu og aukefni. Þetta gildir einnig um umboðsmann ef framleiðandi hefur staðfestu í þriðja landi. Skrá skal að minnsta kosti eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang forblöndubirgis og framleiðanda ef hann er ekki birgir,

b) gerð og magn aðkeyptra forblandna,

c) innihald sýkla- og hnislalyfja í aðkeyptum forblöndum, gefið upp sem virkt efni,

d) í hvers konar fóðurblöndur forblöndurnar eru notaðar,

e) innihald virks efnis í ólíkum blöndum.

Skráningin gildir á sama hátt fyrir þá sem halda húsdýr og hafa heimild til að nota forblöndur með tilteknum aukefnum í samræmi við ákvæði 8. gr. I. kafla.

C. Greinargerð um upplýsingar úr skýrslunum

Viðurkennd fyrirtæki skulu m.a., á grundvelli skráningarinnar, greina frá magni sýkla- og hnislalyfja og annarra lyfja og selens sem eru framleidd, aðkeypt, seld áfram og/eða notuð í ólíkum blöndum. Leggja skal fram greinargerð einu sinni í mánuði á eyðublöðum frá Aðfangaeftirlitinu.

XI. KAFLI

SÝNATAKA VEGNA ÚRTAKSEFTIRLITS

(sbr. 20. gr. I. kafla)

A. Gildissvið og markmið

Sýnataka vegna opinbers eftirlits með fóðri með tilliti til næringarefna, aukefna og óæskilegra efna og afurða, fyrir utan plöntuvarnarefna- og örveruleifar, skal fara fram í samræmi við ákvæði þessa kafla. Stefnt er að því að ná eins dæmigerðu sýni og frekast er unnt úr fóðrinu þannig að greining samfara eftirlitinu gefi eins rétta mynd af viðkomandi lotu og kostur er.

B. Skilgreiningar

Lota:	Tiltekið magn afurðar sem myndar einingu og hefur eiginleika sem eru taldir sama eðlis.
Hlutasýni:	Magn tekið á tilteknum stað í lotunni.
Safnsýni:	Samanlagður fjöldi hlutasýna sem eru tekin úr sömu lotu.
Minnkað sýni:	Dæmigerður hluti safnsýnisins tekinn úr því með smækkunaraðferð.
Lokasýni:	Hluti minnkaða sýnisins eða safnsýnis sem er gert einsleitt.

C. Sýnatökubúnaður og -aðferðir

Sýnatökubúnaður skal gerður úr efnum sem menga ekki afurðirnar sem sýni eru tekin úr og skal vera viðurkenndur af Aðfangaeftirlitinu.

1.0 Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í föstu formi

1.1 Skófla með flötum botni og lóðréttum hliðum

Nota ber skófluna við töku hlutasýna af fóðri á hreyfingu, í sekkjum eða sílóum þar sem unnt er að taka hlutasýni alls staðar úr lotunni.

1.2 Sýnatökufleinn

Sýnatökufleinn er gerður úr innra röri og ytra röri sem eru lokað í annan endann og opið í hinn, sem jafnframt er tengdur handfangi. Á öðrum enda fleinsins eru rétthyrnd op sem opnast þegar innra rörinu er snúið miðað við ytra rörið. Nota ber flein til að taka sýni bæði úr fóðri í lausavigt og umbúðum.

2.0 Handvirkur sýnatökubúnaður fyrir fóður í fljótandi formi

Að minnsta kosti 0,5 l plastflaska eða annar hentugur búnaður.

3.0 Vélrænn (sjálfvirkur) sýnatökubúnaður

Aðfangaeftirlitið skal í hverju tilviki viðurkenna vélrænan sýnatökubúnað.

4.0 Búnaður og aðferðir til að skipta sýnum

Til að ná minnkuðum sýnum og lokasýnum úr safnsýni er heimilt að nota viðurkenndan vélrænan sýnadeili eða handvirka fjórdeiliaðferð.

D. Sýnataka — almennt

Fóðurlotan sem taka á sýni úr skal vera aðskilin frá öðrum lotum til að koma í veg fyrir mistök og rugling. Fulltrúar fyrirtækisins eiga rétt á að vera viðstaddir sýnatökuna.

Taka ber sýni og ganga frá þeim eins hratt og unnt er og við þau skilyrði sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir að afurðin breytist eða mengist. Búnaður fyrir og ílát undir sýnin skulu vera hrein og þurr.

E. Taka hlutasýna

1.0 Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem deilast jafnt

Ákvæðin fjalla meðal annars um sýnatöku úr heilfóðri, fóðurbæti, gervimjólk, forblöndum, hreinum fóðurefnum og öðrum hráefnum þar sem einstök efni og afurðir sem greina á eru einsleit eða deilast jafnt.

Lotan skal vera nægilega stór til að unnt sé að taka sýni á mismunandi stöðum í henni. Að svo miklu leyti sem kostur er ber að taka hlutasýni þannig að þau deilist jafnt úr öllum hlutum lotunnar og séu nokkurn vegin jafn stór, óháð því hvort sýnatakan fer fram með flein eða skóflu. Magnkröfurnar sem settar eru fram hér að aftan eru lágmarkskröfur.

1.1 Fóður í lausavigt

Lotur allt að 2,5 tonnum	7 hlutasýni
Lotur yfir 2,5 tonnum	Kvaðratrótin af tuttuguföldum tonnafjölda lotunnar að næstu heilu tölu fyrir ofan, en mest 40 hlutasýni.

Lotunni er skipt í óeiginlegri merkingu í jafn stóra hluta sem eru jafn margir og þau hlutasýni sem er krafist. Taka ber að minnsta kosti eitt sýni úr hverjum þessara hluta. Einnig er heimilt að taka hlutasýnin úr lotu sem er á hreyfingu, t.d. við affermingu eða fermingu.

1.2 Fóður í umbúðum

Taka ber sýni með fleini eða skóflu og ef nauðsyn krefur er einnig unnt að taka þau úr einingum sem hver um sig er tæmd.

Einingar yfir 1 kg:

1 – 4 eininga lotur:	Allar einingar
5 – 16 eininga lotur:	4 einingar
Lotur með yfir 16 einingum:	Kvaðratrótin af einingafjölda lotunnar að næstu heilu tölu fyrir ofan, en mest 20 einingar.

Einingar 1 kg eða minni:

Hlutasýni úr fjórum einingum. Hvert hlutasýni samsvarar innihaldi einnar einingar.

1.3 Fóður í fljótandi eða hálffljótandi formi

Einingar yfir 1 l:

1 – 4 eininga lotur:	Allar einingar
5 – 16 eininga lotur:	4 einingar
Lotur með yfir 16 einingum:	Kvaðratrótin af einingafjölda lotunnar að næstu heilu tölu fyrir ofan, en mest 20 einingar.

Einingar 1 l eða minni:

Hlutasýni úr fjórum einingum. Hvert hlutasýni samsvarar innihaldi einnar einingar.

Hlutasýni úr fóðri í fljótandi eða hálffljótandi formi sem eru eða unnt er að gera einsleit með hristingi skal taka í einingunni eða um leið og innihaldið er tæmt. Ef ekki er unnt að gera það einsleitt skal taka sýnin úr mismunandi lögum eða með töppun ef nauðsyn krefur, en með þeim hætti að fyrstu hlutunum er fleygt. Í báðum tilvikum skal heildarmagn þess efnis sem tekið er ekki vera undir 10 lítrum.

1.4 Saltsteinar og steinefnafóðurtöflur

Taka skal hlutasýni úr saltsteinum eða töflum úr lotu með 25 einingum, en mest úr 4 saltsteinum eða töflum. Brotinn er hluti/hlutar úr steininum eða töflunni.

Í hlutasýni saltsteina eða taflna sem hver um sig vegur ekki meira en 1 kg skal vera einn saltsteinn eða ein tafla.

1.5 Forblöndur sem eru minna en 1% af heilfóðri

Í föstum eða fljótandi forblöndum sem eru minna en 1% af heilfóðri skal taka minnst 4 hlutasýni. Það gildir óháð stærð pakkningar/íláts. Sýnið er tekið með skóflu eða fleini.

2.0 Hlutasýni úr fóðri vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt

Ákvæðin fjalla um sýnatöku úr hreinum fóðurefnum og hráefnum ef efnin og afurðirnar sem á að greina blandast venjulega ójafnt (t.d. aflatoxín, grasdrjóli, rísínusolía, crotalaria).

Fjöldi hlutasýna, í samræmi við E-hluta, ræðst af stærð lotunnar. Lotan skiptist (í óeiginlegri merkingu) í minni álíka stórar einingar (hluta) sem samsvara fjölda sýna í samræmi við lið 2.0 F-hluta. Ef þessi tala er hærri en einn skiptist heildarfjöldi hlutasýnanna sem krafist er nokkurn veginn jafnt milli hlutanna. Því næst eru tekin hlutasýni af nokkurn veginn sömu stærð og þannig að kröfum um stærð safnsýna sé fullnægt (minnst 4 kg).

F. Gerð safnsýna

Í safnsýni er ákveðinn fjöldi hlutasýna úr sömu lotu/hluta sem blandað er vel saman og blandan gerð einsleit. Kekki skal skilja frá og fínmala/steyta og blanda síðan í safnsýnið.

1.0 Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast jafnt í fóðrið

Krafist er safnsýnis úr hverri lota sem á að prófa. Heildarmagn (kg/l) hlutasýna sem safnsýnið er samsett úr má ekki vera minna en eftirfarandi:

1.1 Fóður í lausavigt

Safnsýnið skal vera minnst 4 kg.

1.2 Fast, fljótandi eða hálffljótandi fóður í umbúðum

Einingar yfir 1 kg/1 l: safnsýnið skal vera minnst 4 kg/4 l. Einingar 1 kg/1 l eða minna: safnsýnið skal samsvara að minnsta kosti innihaldi 4 upprunalegra eininga.

1.3 Saltsteinar og steinefnafóðurtöflur

Yfir 1 kg: safnsýnið skal vera minnst 4 kg.

1 kg eða minna: safnsýnið skal samsvara að minnsta kosti þyngd 4 upprunalegra taflna eða saltsteina.

1.4 Forblöndur sem eru minna en 1% af heilfóðri

Safnsýnið skal vera minnst 1 kg eða 1 lítri.

2.0 Safnsýni vegna eftirlits með efnum og afurðum sem blandast venjulega ójafnt í fóðrið

Í safnsýninu skulu vera minnst 4 kg úr hverjum hluta lotunnar í samræmi við lið 2.0 E-hluta. Heildarfjöldi safnsýna sem krafist er ræðst af stærð lotunnar og er sýndur í lið 2.1 og 2.2.

2.1 Fóður í lausavigt

allt að 1 tonni	1
1–10 tonn	2
10–40 tonn	3
yfir 40 tonn	4

2.2 Fóður í umbúðum

allt að 16 pakkningar/ílát	1
17–200 pakkningar/ílát	2
201-800 pakkningar/ílát	3
yfir 800 pakkningar/ílát	4

G. Gerð lokasýna

Í hverju safnsýni sem hægt er að draga saman skulu vera þrjú lokasýni úr hlutasýnum með eftirfarandi lágmarkskröfum um magn:

Fóður í föstu formi:	500 grömm
Fljótandi eða hálffljótandi fóður:	500 ml
Forblöndur sem eru minna en 1% af heilfóðri	250 grömm eða 250 ml

Fullnægi stærð safnsýnis ekki kröfum skal skipta því í þrjú álíka stór lokasýni.

H. Skráning, pökkun og sending

Gera skal skýrslu fyrir hverja lotu/hluta sem sýni er tekið úr á þar til gert eyðublað. Einnig skal fylgja merkimiði sem er ætlaður viðtakanda fóðursins og skal, ef nauðsyn krefur, leggja fram skjal varðandi hráefnasamsetningu tilgreinda í hundraðshlutum ásamt frumriti skýrslueyðublaðsins.

Hvert lokasýni skal setja í hreina, þurra og vatnsþétta öskju. Nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á sýnið skal setja á merkimiða sem er límdur á öskjuna og á sýnatökuskýrsluna (afrit) sem fylgja lokasýnunum. Hvert skýrsluafrit og öskju skal setja í gagnsæjar umbúðir sem skal innsigla þannig að ekki sé unnt að opna þær nema rjúfa innsiglið.

Að lokinni skráningu og pökkun skal senda eitt lokasýni til verksmiðjueiganda/innflytjanda viðkomandi fóðurlotu. Senda skal tvö lokasýni eins fljótt og mögulegt er til rannsóknastofunnar til greiningar. Frumrit skýrslueyðublaðsins ásamt fylgigögnum skal senda sér.

Í sýnatökuskýrslunni og viðauka hennar skal tilgreina aðstæður við sýnatöku og getur hún ásamt niðurstöðum greiningarinnar gefið Aðfangaeftirlitinu tilefni til áminningar eða annarra aðgerða.

XII. KAFLI
GREININGARAÐFERÐIR VIÐ EFNAFRÆÐILEGT EFTIRLIT

(sbr. 22. gr. í I. kafla)

Efnafræðilegt eftirlit með næringarefnunum sem talin eru upp hér á eftir og öðrum greiningarhlutum skal framkvæmt í samræmi við viðeigandi aðferðalýsingu sem kveðið er á um í tilskipunum Evrópubandalagsins. Fyrir eftirlitsaðferðir þar sem ekki er kveðið á um sameiginlegar aðferðarlýsingar skal greiningin gerð eftir lýsingu sem Aðfangaeftirlitið kveður á um.

Greining/ákvörðun	*Tilskipun*
Hráprótín	72/199/EBE
Hráprótín óuppleysanleg í pepsín og saltsýru	72/199/EBE
Pepsínvirkni	72/199/EBE
Rokgjarnir köfnunarefnisbasar	71/393/EBE
Fita	84/ 4/EBE
Vatn	71/393/EBE
Vatn í fitu úr dýra- og jurtaríkinu	73/ 46/EBE
Hrátrefjar	92/ 89/EBE
Sterkja	72/199/EBE
Sterkja, pankreatískar aðferðir	74/203/EBE
Sykur	71/250/EBE
Mjólkursykur	71/250/EBE
Hráaska	71/250/EBE
Aska óuppleysanleg í sýru	71/250/EBE
Kalsíum	71/250/EBE
Karbónöt	71/250/EBE
Fosfór	71/393/EBE
Magníum	73/ 46/EBE
Natríum	71/250/EBE
Kalíum	71/250/EBE
Kopar	78/633/EBE
Járn	78/633/EBE
Mangan	78/633/EBE
Sink	78/633/EBE
Þvagefni	71/250/EBE
Úreasavirkni sojaafurða	71/250/EBE
Sinkbasitrasín	84/ 4/EBE
Virginíamýsín	84/ 4/EBE
Avóparsín	81/715/EBE
Natríummónesín	81/715/EBE
Amprólíum	74/203/EBE
Etóbat	74/203/EBE
Retínól	73/ 46/EBE
Þíamín (B_1-vítamín)	73/ 46/EBE
Menadíón (K_3-vítamín)	74/203/EBE
Askorbínsýra	73/ 46/EBE
Tvívetnisaskorbínsýra	73/ 46/EBE
Klór úr klóríðum	71/250/EBE
Vetnissýaníð	71/250/EBE
Aflatoxín B_1	92/ 95/EBE
Óbundið gossýpól	72/199/EBE
Þeóbróm	71/250/EBE
Rokgjarnar mustarðsolíur	71/250/EBE

XIII. KAFLI
MÖRK FYRIR MÆLD FRÁVIK VIÐ EFTIRLIT

(sbr. 24. gr. í I. kafla)

A. Fóðurblöndur

1.0 Allar dýrategundir

Greiningarefni	Tilgreint innihald í %	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Kalsíum og fosfór	≥ 16	1,2 prósentustig	3,6 prósentustig
	12 - < 16	7,5 %	22,5 %
	6 - < 12	0,9 prósentustig	2,7 prósentustig
	1 - < 6	15 %	45 %
	< 1	0,15 prósentustig	0,45 prósentustig

2.0 Búfé

Almennt vatnsinnihald	≥ 10		1 prósentustig
	5 -< 10		10 %
	< 5		0,5 prósentustig
Vatnsinnihald í blöndu fyrir spendýr og í blöndu með > 40% mjólkurvörur		10 % af því sem lýst er yfir	
Prótín	≥ 20	2 prósentustig	4 prósentustig
	10 - < 20	10 %	20 %
	< 10	1 prósentustig	2 prósentustig
Meltanleg prótín		15 %	15 %
Fita	≥ 15	1,5 prósentustig	3,0 prósentustig
	8 - < 15	10 %	20 %
	< 8	0,8 prósentustig	1,6 prósentustig
Tréni	≥ 12	5,4 prósentustig	1,8 prósentustig
	6 - < 12	45 %	15 %
	< 6	2,7 prósentustig	0,9 prósentustig
Sterkja	≥ 25	2,5 prósentustig	5 prósentustig
	10 - < 25	10 %	20 %
	< 10	1 prósentustig	2 prósentustig
Sykur (heild)	≥ 20	2 prósentustig	4 prósentustig
	10 - < 20	10 %	20 %
	< 10	1 prósentustig	2 prósentustig
Aska	≥ 10	3 prósentustig	1 prósentustig
	5 - < 10	30 %	10 %
	< 5	1,5 prósentustig	0,5 prósentustig
Aska sem er óuppleysanleg í saltsýru	≥ 10		1 prósentustig
	4 - < 10		10 %
	< 4		0,4 prósentustig
Natríum, kalíum og magníum	≥ 15	1,5 prósentustig	4,5 prósentustig
	7,5 - < 15	10 %	30 %
	5 < 7,5	0,75 prósentustig	2,25 prósentustig
	0,7 - < 5	15 %	45 %
	< 0,7	0,1 prósentustig	0,3 prósentustig
Járn í gervimjólk fyrir kálfa < 70 kg			30 % af tilgreindu magni

Framh. Búfé

Greiningarefni orka og prótín	Tilgreint innihald	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Þvagefni		0,2 prósentustig af tilgreindu magni	
Metíónín, lýsín og treónín		15%	
Systín, tryptófan		20%	
Breytiorka (BO), alifuglar	Tilgr. í MJ/100 kg fóður	40 stig (1)	40 stig (1)
FE_s, svín	Tilgr. í MJ/100 kg fóður	2 stig (2)	2 stig (2)
FE_m, jórturdýr	Tilgr. í FE_m/100 kg fóður	2 stig (3)	2 stig (3)
AAT	Tilgr. í g/FE_m	4 g (4)	4 g (4)
PBV	Tilgr. í g/FE_m	8 g (4)	8 g (4)

1) Eftirlit er haft með breytiorku (BO) til alifugla sem er byggt á efnafræðilegri greiningu og eftirfarandi jöfnu: BO, MJ/kg fóður=0,01551 x g prótín/kg + 0,03431 x g fita/kg + 0,01669 x g sterkja/kg + 0,01301 x g heildarmagn sykurs (táknað sem súkrósi)/kg

2) Við eftirlit með FE_s er notuð fóðurgildistafla fyrir svín sem Aðfangaeftirlitið gefur út

3) Við eftirlit með FE_m er notuð fóðurgildistafla fyrir jórturdýr sem Aðfangaeftirlitið gefur út.

Ef í ljós kemur við efnafræðilegt eftirlit að fóðurblandan víki frá útreikningnum er hægt að leiðrétta FE_s og FE_m-innihald samkvæmt leiðbeiningum í ofangreindum fóðurgildistöflum.

4) Við eftirlit með AAT og PBV er notuð fóðurgildistafla fyrir jórturdýr sem Aðfangaeftirlitið gefur út. Ef fóðurvörur eru notaðar með öðrum gildum en eru í töflunni skal skrá þau.

3.0 Gæludýr

Greiningarefni og fóðurgildi	Tilgreint innihald í % og MJ/kg	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Vatn	≥ 40 20 - < 40 < 20		3 prósentustig 7,5 % 1,5 prósentustig
Prótín	≥ 20 12,5 - < 20 < 12,5	3,2 prósentustig 16 % 2 prósentustig	6,4 prósentustig 32 % 4 prósentustig
Fita		2,5 prósentustig	2,5 prósentustig
Tréni		3 prósentustig	1 prósentustig
Aska		4,5 prósentustig	1,5 prósentustig

B. Hreinar fóðurvörur

Greiningarefni	Tilgreint innihald í %	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Prótín	≥ 20 10 - < 20 < 10	2 prósentustig 10 % 10 prósentustig	

Greiningarefni	Tilgreint innihald í %	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Sykur (heildar-) skertur sykur, súkrósi, laktósi og glúkósi	≥ 20 5 - < 20 < 5	2 prósentustig 10 % 0,5 prósentustig	
Sterkja og inúlín	≥ 30 10 - < 30 < 10	3 prósentustig 10 % 1 prósentustig	
Fita	≥ 15 5 - < 15 < 5	1,8 prósentustig 12 % 0,6 prósentustig	
Fosfór, natríum, kalsíumkarbónat, kalsíum og magníum	≥ 15 2 - < 15 < 2	1,5 prósentustig 10 % 0,2 prósentustig	
Karótín og xantófyll		30 %	
Systín		20 %	
Lýsín og metíónín		15 %	
Vatn og aska	≥ 10 2 - < 15 < 5		1 prósentustig 10 % 0,5 prósentustig
Efni sem eru óuppleysanleg í léttum alkönum (pH-tala)	≥ 15 2 - < 15 < 2		1,5 prósentustig 10 % 0,2 prósentustig
Aska sem er óuppleysanleg í saltsýru og klóríði, táknað sem NaCl	≥ 3 < 3		10 % 0,3 prósentustig
Tréni	≥ 14 6 - < 14 < 6		2,1 prósentustig 15 % 0,9 prósentustig

C. Aukefni

Efnisflokkar	Aukefni	Tilgreint innihald eða hámarksinnihald í mg/kg	Leyfileg frávik í %
Sýklalyf		< 10 10 - < 100 10 - < 1000	45 35 25
Andoxunarefni	E 310 E 311 og E 312	< 100	35
	E 320 E 321 og E 324	< 150	25
Bragð- og lystaukandi efni	E 954 i), ii) og iii)	< 150	30
Hnislalyf		10 - < 100 10 - < 1000	30 20
Ýruefni, varðveisluefni	E 496	< 300	50
þykkingar- og hleypiefni	E 497	< 50	50
Litarefni að meðt. dreifulitum	E 160 og E 161	< 80	50
Rotvarnarefni	E 250	< 100	30
Vítamín, forvítamín og efni með sömu virkni og góðri efna-fræðilegri lýsingu	E 672 (A-vítamín)	> 100 (IE/g) < 100 (IE/g)	5 20
	B1-vítamín og kólín		20 % af tilgr. magni
	B2-, B6-, B12-vítamín, níasín, pantótensýra fólínsýra, bíótín, p-amínóbensósýra		20% af tilgr. magni

Efnisflokkar	Aukefni	Tilgreint innihald eða hámarksinnihald í mg/kg	Mörk fyrir mæld frávik í %
Vítamín o.fl., framh.	E 670, E 671, (D2-, D3-vítamín)		20% af tilgreindu magni
	E-vítamín		20% af tilgreindu magni
	K3-vítamín		20% af tilgreindu magni
Snefilefni	E 1 járn	< 1250	30
	E 2 joð	< 40	50
	E 3 kóbolt	< 10	50
	E 4 kopar	< 35	30
	E 5 mangan	< 250	30
	E 6 sink	< 250	30
	E 7 mólýbden	< 2,5	50
	E 8 selen	< 0,5	20

D. Óæskileg efni og afurðir

Efni/afurðir		Hámarksinnihald í mg/kg	Leyfileg frávik í %
	Arsen	< 12	20
	Blý	< 40	30
	Flúor	< 2000	20
	Kvikasilfur	< 0,5	20
	Nítrat	< 200	30
	Kadmíum	< 15	20
	Aflatoxín B 1	< 0,005 0,005 - < 0,02 0,02 - < 0,2	40 30 20
	Blásýra	< 250	20
	Óbundið gossýpol	< 1200	30
	Þeóbróm	< 700	30
	Rokgjörn mustarðsolía	< 4000	20
	Vinýlþíóoxasólídón	< 1000	20
	Korndrjóli	< 1000	20
	Illgresisfræ	< 3000	10
	Rísínusolía-*Ricinus comm.*	< 10	10
	Crotalaria ssp	< 100	10
	Aldrín og Deldrín	< 0,2	50
	Klórkamfer (Toxafen)	< 0,1	50
	Klórdan, DDT, Endósúlfan, Endrín, Heptaklór Hexaklórbensen Hexaklórsýklóhexan Metoxýklór	< 2,0	50
	Klórríkt hýdrókarbónat	< 0,5	100

REGLUGERÐ

um ráðstöfun eigna ríkisins.

1. gr.

Innkaupastofnun ríkisins (Ríkiskaup) annast sölu á eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.

2. gr.

Sala fasteigna, flugvéla og skipa í eigu ríkisins fari þannig fram: Ríkiskaup óski tilboða í það sem selja á með opinberri auglýsingu. Í auglýsingunni skal taka fram hvar nánari upplýsingar eru veittar, skilafrest tilboðs ásamt öðrum þeim atriðum er söluna varðar. Lágmarksverð skal ákveðið að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti. Ríkiskaup meti tilboð sem berast og geri tillögu til fjármálaráðuneytisins sem ákvarðar hvaða tilboði sé tekið. Tilboðsgjafar eiga rétt á að fá upplýsingar um hvaða tilboði er tekið.

3. gr.

Sala bifreiða, tækja og véla (annarra en flugvéla) í eigu ríkisins skal fara fram með þeim hætti, að þær séu boðnar til sýnis og sölu með opinberri auglýsingu, þar sem tilgreint sé árgerð tækis og aðrar upplýsingar sem að gagni koma. Kauptilboð, sem berast, skulu vera bindandi í 7 daga. Bifreiðar, tæki og vélar skulu seldar gegn staðgreiðslu. Taka skal hæsta boði. Nái tilboð ekki lágmarksverði skal setja tækið aftur á uppboð. Náist þá ekki heldur lágmarksverð er Ríkiskaupum heimilt að selja tækið með öðrum hætti en að framan greinir.

4. gr.

Húsgögnum, tölvum, skrifstofuvélum og öðrum búnaði í eigu ríkisins, sem ekki er getið um í 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar, skal ráðstafað á hagkvæmasta hátt. Óski ríkisstofnun að selja slíkan búnað skal hún fela Ríkiskaupum að annast söluna. Ríkiskaup skulu athuga hvort sá búnaður, tæki og vélar, sem þeim er falið að selja, sé nothæfur hjá öðrum ríkisstofnunum. Sé svo, skal stofnunin meta verðgildi þeirra og annast sölu milli stofnana, en selja ella á hæsta fáanlega verði gegn staðgreiðslu.

5. gr.

Við sölu á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum ákveða fjármálaráðherra og viðkomandi fagráðherra hver skuli annast sölu.

Þegar eignarhluti ríkisins í fyrirtæki er boðinn til sölu skal eftirfarandi atriðum fullnægt:

1. Áætlað söluverð eignarhlutans skal metið af hlutlausum aðila, t.d. löggiltum verðbréfasala eða löggiltum endurskoðanda.
2 Eignarhluti skal auglýstur opinberlega almenningi til kaups þannig að öllum sem áhuga hafa sé tryggður réttur til að gera tilboð.
3. Meta skal tilboð til staðgreiðsluverðs. Hagstæðasta tilboði skal tekið eða öllum hafnað.
4. Heimilt er að setja hámark á hlutafjárkaup hvers aðila eða fjárhagslega tengdra aðila, ef slíkt mun leiða til takmörkunar á samkeppni.

6 gr.

Fjármálaráðherra getur veitt heimild til að víkja frá þessum reglum við sölu eigna ríkisins liggi gildar ástæður til.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimilt í 5. gr. laga nr. 52 30. mars 1987, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. desember 1994.

Friðrik Sophusson.

Skarphéðinn Steinarsson.

13. desember 1994 Nr. 652

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 510/1993, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	100.106	2800-2999	164.568
1000-1999	127.958	3000-3199	171.890
2000-2199	135.280	3200-3399	179.212
2200-2399	142.602	3400-3599	186.534
2400-2599	149.924	3600-3799	193.856
2600-2799	157.246	3800-3999	201.178

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	130.138	2800-2999	213.938
1000-1999	166.345	3000-3199	223.457
2000-2199	175.864	3200-3399	232.976
2200-2399	185.383	3400-3599	242.494
2400-2599	194.901	3600-3799	252.013
2600-2799	204.420	3800-3999	261.531

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 510/1993, orðist svo: Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0-4,9	6,87	15,0-15,9	14,60
5,0-5,9	7,31	16,0-16,9	15,77
6,0-6,9	7,90	17,0-17,9	16,91
7,0-7,9	8,29	18,0-18,9	17,94
8,0-8,9	8,65	19,0-19,9	19,30
9,0-9,9	9,04	20,0-20,9	20,33
10,0-10,9	9,59	21,0-21,9	21,50
11,0-11,9	9,95	22,0-22,9	22,86
12,0-12,9	11,21	23,0-23,9	23,94
13,0-13,9	12,26	24,0-24,9	25,03
14,0-14,9	13,57	25,0 og þyngri	26,25

3. gr.

Reglugerð þessi, sett skv. heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr., tekur þó gildi strax að loknu 1. álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1995, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 13. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Rúnar Hannesson.

Nr. 653 19. desember 1994

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald í Vík í Mýrdal.

I. Um holræsi.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til að láta leggja holræsi um Víkurþorp. Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfi þorpsins, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón annast hreppsnefnd eða þeir menn sem hreppsnefnd felur það undir hennar umsjón.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja holræsi svo, að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til. Skylt er lóðareigendum og húsráðendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi er flytji frá húsum og lóðum skolp allt út í aðalræsi. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir á hverjum tíma.

3. gr.

Nú hefur hreppsnefnd ekki látið leggja holræsi skv. 2. gr. og skal þá lóðarhafi leiða skolp gegnum rotþró af nægjanlegri stærð. Hönnun á rotþró og staðsetning hennar er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa og byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd kostar gerð rotþróa og lætur sjá um að hreinsa þær og tæma eftir þörfum.

4. gr.

Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Þar sem engin lögn er fyrir hendi eða að lögð hefur verið sameiginleg lögn fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi gera svelg og tengja yfirborðsvatn af húsi sínu og lóð þangað. Nú lætur hreppsnefnd leggja sérstaka lögn fyrir yfirborðsvatn og er þá lóðarhafa skylt að tengja yfirborðsvatn sitt þangað.

5. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þetta getur átt við um eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi ofangreind efni ber húseiganda skylda til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en því er veitt út í holræsakerfið. Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á ræsum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar, uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð ræsa. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi, og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt, stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa. Hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrr en samþykktur uppdráttur liggur fyrir. Samþykkt byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

7. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Ekki má hylja frárennslislagnir fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Álíti byggingarfulltrúi að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og gildandi staðla, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

II. Um holræsagjald.

8. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Vík eða leigir lóð í þorpinu við opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í eða rotþró sett niður, ber að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs Mýrdalshrepps.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, og 0,15% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóðar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Hafi hreppsnefnd ekki lokið framkvæmdum skv. 2. og 3. gr. er heimilt að fella niður holræsagjald.

9. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

10. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalda fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 654 19. desember 1994

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps er taki gildi frá 1. janúar 1995.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 289, 25. júní 1991:

Gjaldskráin hækkar sem hér segir:
3. gr. a. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 40,00.
3. gr. b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 5,00.
4. gr. a. Mælagjald fyrir mæla til og með 3/4" verði kr. 500,00 á mánuði.
4. gr. b. Mælagjald fyrir mæla 1" og stærri verði kr. 1.200,00 á mánuði.
Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd almannatryggingalaga.

1. Fæðing á Íslandi.

1. gr.

Einungis skal greiða fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga skv. 15. og 16. gr. almannatryggingalaga (ATL) vegna barns sem fæðist hér á landi. Þó er heimilt að greiða fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga vegna barns sem fæðist erlendis enda heyrir móðir þess undir íslensk almannatryggingalög við fæðinguna.

2. Söfnun trygginga-, starfs- eða búsetutímabila skv. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja.

a. Fæðingarorlof.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 15. gr. og a.-liðar 16. gr. ATL skulu búsetu- eða starfstímabil í öðrum ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu (EES-ríkjum) tekin til greina hafi foreldri jafnframt verið tryggt í þeim löndum á sama tíma enda hafi foreldri tekið upp lögheimili hér á landi fyrir fæðinguna.

Við ákvörðun á fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum, sbr. 1. mgr. 15. gr. og a.-lið 16. gr. ATL skal eingöngu taka til greina tryggingatímabil frá öðrum EES-ríkjum ef búsetutímabil hér á landi og tryggingatímabil frá öðrum EES-ríkjum eru samfelld.

3. gr.

Við ákvörðun á fæðingardagpeningum skv. a.-lið 16. gr. ATL skal foreldrið fullnægja eftirfarandi skilyrðum til þess að unnt sé að taka til greina tryggingatímabil frá öðrum EES-ríkjum:

a. eiga lögheimili hér á landi,
b. hafa unnið hér á landi í a.m.k. 516 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, sbr. þó 5. gr., og
c. hafa átt lögheimili hér á landi á starfstímabilinu sem getið er um í b.-lið.

4. gr.

Við útreikning á fæðingardagpeningum skv. d.-lið 16. gr. ATL skal ekki taka til greina dagvinnustundir frá öðrum EES-ríkjum ef liðnir eru meira en þrír mánuðir frá því að starfstímabili lauk og þar til starfstímabil hefjast hér á landi. Sama gildir um útreikning skv. 5. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Við ákvörðun á fæðingardagpeningum, sbr. b.-lið 3. gr., og við útreikning þeirra, sbr. d.-lið 16. gr. ATL, skal

a. bóklegt og verklegt nám í öðrum EES-ríkjum tekið til greina ef námið hefur verið aðalstarf foreldris, sbr. 4. tl. 23. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 546/1987 með síðari breytingu.

b. greiðsla atvinnuleysisbóta sem foreldri hefur sannanlega notið í öðrum EES-ríkjum tekin til greina ef foreldri á lögheimili hér á landi og uppfyllir að öðru leyti skilyrði íslenskra laga um atvinnuleysisbætur, sbr. 24. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 546/1987 með síðari breytingu.
c. veikindatími í öðrum EES-ríkjum teljast jafngildur vinnuframlagi enda hafi foreldrið átt rétt á greiðslu launa eða sjúkra- (slysa-) dagpeninga á veikindatímabilinu, sbr. 25. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 546/1987 með síðari breytingu.
d. atvinnuþátttaka maka bænda við landbúnaðarstörf í öðrum EES-ríkjum tekin til greina í samræmi við 1. tl. 23. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 546/1987 með síðari breytingu.
e. launað starf í öðrum EES-ríkjum við gæslu barna í heimahúsi tekið til greina í samræmi við 3. tl. 23. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 546/1987 með síðari breytingu.

b. Sjúkradagpeningar.

6. gr.

Við ákvörðun á því hvort aðili sé sjúkratryggður skv. 32. gr. ATL eru einungis tekin til greina búsetu- eða starfstímabil frá öðrum EES-ríkjum hafi viðkomandi verið tryggður þar á sama tíma.

Tryggingatímabil frá öðrum EES-ríkjum í þessu sambandi eru þó eingöngu tekin til greina ef lögheimili á Íslandi er tekið upp í beinu framhaldi þeirra.

7. gr.

Umsækjandi um sjúkradagpeninga, sem leggur niður launaða vinnu skv. 38. gr. ATL skal hafa unnið hér á landi.

Við ákvörðun sjúkradagpeninga skv. 38. gr. ATL skal við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað hér á landi síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær.

3. Frádráttur erlendra bóta.

8. gr.

Greiðslur erlendis frá vegna sömu fæðingar og fyrir sömu tímabil koma til frádráttar fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum skv. 15. og 16. gr. ATL.

Greiðslur sjúkradagpeninga erlendis frá vegna sama sjúkdóms og sömu tímabila koma til frádráttar sjúkradagpeningum skv. 38. gr. ATL.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. og 54. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um miðlun vátrygginga nr. 473/1994.

1. gr.

2. málsliður 3. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Kröfum um þekkingu og starfsreynslu skal talið fullnægt hér á landi séu uppfyllt ákvæði 8. og 9. gr. eftir því sem við getur átt.

2. gr.

20. gr. orðist svo:

Vátryggingamiðlari skal kaupa starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur leyfi til starfsemi hér á landi til að fullnægja vátryggingaskyldu sinni.

Vátryggingafjárhæð skal miðuð við þá áhættu sem í starfseminni felst, en að lágmarki eftirtöldum fjárhæðum vegna tjóna sem valdið er af gáleysi innan hvers vátryggingaárs:

1. 25 milljónum kr. þegar vátryggingamiðlari starfar á sviði persónutrygginga.
2. 150 milljónum kr. starfi vátryggingamiðlari að miðlun greinaflokka sem teljast til stóráhættu samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi að greiðsluvátryggingum undanteknum, eða í atvinnurekstri þar sem eru fleiri en 100 ársverk.
3. 50 milljónum kr. í öðrum vátryggingum en þeim sem tilgreindar eru í töluliðum 1 og 2.

Starfi vátryggingamiðlari á fleiri en einu sviði samkvæmt 1. - 3. tölul. 2. málsgr., gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

Vátryggingaeftirlitið getur gert kröfu um að vátryggingafjárhæðir séu hærri en segir í 2. málsgr. telji eftirlitið það nauðsynlegt vegna umfangs og eðlis starfseminnar og skal slík krafa rökstudd.

Vátryggingin skal greiða bætur vegna tjóns sem tjónþoli verður fyrir vegna starfsemi vátryggingamiðlara eða starfsmanna hans og valdið er af gáleysi. Vátryggingafélagi er heimilt að undanskilja ábyrgð sína vegna tjónsatburða sem valdið er af stórkostlegu gáleysi.

Vátryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika sem verða á vátryggingatímabili sbr. 91. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingataka í vátryggingaskilmálum en slíkt ákvæði má ekki skerða réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun sjálfsáhættu skal getið í vátryggingaskilmálum. Vilji vátryggingafélag fremur geta sjálfsáhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun skal Vátryggingaeftirlitinu tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda. Heimilt er að semja svo um að vátryggingafélag greiði ekki sjálfsáhættu til þriðja manns ef vátryggingataki leggur fram bankaábyrgð sem Vátryggingaeftirlitið samþykkir. Samþykki Vátryggingaeftirlitsins skal háð því skilyrði að komi til greiðslu úr vátryggingunni greiði viðkomandi banki sjálfsáhættuna skilyrðislaust út til þriðja aðila.

Vátryggingin skal taka til starfsemi vátryggingamiðlara hvar sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Þegar lögaðili rekur vátryggingamiðlun telst vátryggingaskyldunni fullnægt með kaupum á sameiginlegri vátryggingu.

Vátryggingaeftirlitið skal gera tillögu til ráðherra vátryggingamála um breytingar á vátryggingafjárhæðum, telji það ástæðu til, og skulu breytingar tilkynntar með auglýsingu í B - deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingataka og Vátryggingaeftirlitinu þegar í stað. Vátryggingatíma telst ekki lokið fyrr en liðnir eru 4 dagar frá því að vátryggingafélagið tilkynnti Vátryggingaeftirlitinu og vátryggingataka sannanlega um lok vátryggingar. Að liðnum nefndum 4 daga fresti telst leyfi til vátryggingamiðlunar fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi starfsábyrgðartrygging hafi verið keypt. Vátryggingaeftirlitið skal gefa vátryggingataka tækifæri til að tjá sig um lok vátryggingarinnar áður en til brottfalls starfsleyfis kemur.

Ákvæði 1. málsgr. eiga einnig við um bankaábyrgð sem heimilað er samkvæmt 7. málsgr. 20. gr. að komi í stað sjálfsáhættu vátryggingataka starfsábyrgðartryggingar hjá vátryggingafélagi.

Vátryggingaskilmálar starfsábyrgðartryggingar og breytingar á þeim skulu sendir Vátryggingaeftirlitinu áður en þeir koma til framkvæmda.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. málsgr. 81. gr. og 98. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 657 15. desember 1994

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 5.000 skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 431/1984.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfisráðuneytið, 15. desember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Reykjavík.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlegt holræsagjald til borgarsjóðs Reykjavíkur.

2. gr.

Af öllum fasteignum, er falla undir 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,15% af heildarfasteignamati fasteignarinnar, þ.e.a.s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

3. gr.

Borgarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% gjald samkvæmt 2. gr., án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimta með sama hætti og fasteignaskatta.

5. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi, ef um eignarlóð er að ræða, bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalds, og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

6. gr.

Reglugerð þessi skal taka gildi við álagningu holræsagjalds árið 1995.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

15. desember 1994 Nr. 659

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Hafnarfirði nr. 507/1975.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 60 1. febrúar 1994, um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar.

1. gr.

Síðari málsliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Af sérstöku fóðurgjaldi skal innheimta 1,00 kr. af hverju kg.

2. gr.

Relugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 661 21. desember 1994

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994.

1. gr.

2. málsliður 1. mgr. 33. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd.

2. gr.

3. málsliður 4. töluliðar 62. gr. B samþykktarinnar orðast svo:
Einnig annast félagsmálaráð verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991.

3. gr.

Við 10. tölulið 62. gr. B samþykktarinnar bætist eftirfarandi málsliður:
Nefndin fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 546/1993.

1. gr

Við 10. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 2. og 3. málsgrein svohljóðandi

Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. mgr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 2.000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

12. desember 1994 Nr. 663

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

19. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Norðfjarðar, sem er Neskaupstaður. Hámarkstala er 7 vörubifreiðar.

2. gr.

23. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Ekils, sem er Vestmannaeyjar. Hámarkstala er 8 vörubifreiðar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 12. desember 1994 staðfest breytingu á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps, sbr. samkomulag milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dagsett 9. desember 1994.

Í samkomulaginu segir m.a. svo: „Hreppamörkin fylgja landamerkjum aðliggjandi jarða svo sem þeim er lýst í þingmálabókum sýslumannsembættis Suðurmúlasýslu

að austan ráða landamerki Kappeyrar og Búða frá sjó
að vestan landamerki Gestsstaða og Kirkjubóls
að sunnan og til sjávar landamerki Tungu og Kirkjubóls.

Framangreindar jarðir Kappeyri, Gestsstaðir og Tunga eru í Fáskrúðsfjarðarhreppi og eru ofangreind landamerki jafnframt hreppamörk sveitarfélaganna Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps."

Breyting þessi á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 665 21. desember 1994

AUGLÝSING

um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1995.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 381/1994, um bifreiðagjald, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. janúar 1995 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd kr. 5,72.
Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki kr. 3,71.
Þó skal aldrei greiða lægra gjald en kr. 2.923, né hærra gjald en kr. 18.470.
Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera kr. 1.157.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Rúnar Hannesson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987.

1. gr.

15. gr. breytist þannig:

a. Orðin „eða sölu notaðra bifreiða“ í 1. málsl. falli niður.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Áður en veitt er leyfi til staðsetningar verslunar með notaðar bifreiðir skal leita umsagnar borgaryfirvalda hvað varðar staðsetningu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1995.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1994 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1995. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1995 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1994. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1994 en tekjuskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1995 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1993 og 1994 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1994 sé meira 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1993 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 5%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 90/1990 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1995 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 668 22. desember 1994

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1995.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1995. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1995 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 8% af álögðu markaðs-gjaldi á árinu 1994.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1995 skv. 2. gr., ef sýnt er fram á að markaðsgjald muni lækka um a.m.k. 25% á milli ára.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1995 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

20. desember 1994 Nr. 669

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1995.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1995.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1995 verið ákveðið 8,78 %.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 671 23. desember 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Eftirtaldir aðilar, sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., eiga rétt til endurgreiðslu og skal þeim endurgreiddur tilgreindur hundraðshluti af álögðum virðisaukaskatti:

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	54%
Hitaveita Hvammstanga	14%
Hitaveita Blönduóss	36%
Hitaveita Rafmagnsveitna ríkisins, Siglufirði	53%
Hitaveita Hríseyjar	30%
Hitaveita Akureyrar	62%
Hitaveita Reykjahlíðar	24%
Hitaveita Egilsstaða og Fella	41%
Hitaveita Rangæinga	54%
Selfossveitur vegna Hitaveitu Eyra	39%
Hitaveita Þorlákshafnar	10%
Hitaveita Suðurnesja	19%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	52%
Orkubú Vestfjarða	59%
Rafmagnsveitur ríkisins	62%

b. Fyrir hlutfallstöluna »62%" í 3. mgr. kemur: 63%

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, gildir frá 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón Guðmundsson.

5. desember 1994 Nr. 672

REGLUR

um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda.

I. KAFLI
Hlutverk og starfssvið.

1. gr.

Hlutverk samkeppnisyfirvalda, þ.e. Samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar, er að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga, m.a. með því:

1. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,
2. að hafa eftirlit með að ekki séu veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða á annan hátt,
3. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,
4. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,
5. að hafa eftirlit með greiðslukortastarfsemi,
6. að aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að,
7. að annast eftirlit með framkvæmd þeirra sérlaga sem svo er mælt fyrir um, svo sem laga um neytendalán og laga um alferðir.

2. gr.

Starfssvið samkeppnisyfirvalda er að hafa eftirlit með hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslun og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Afskipti af launum eða öðrum starfskjörum launþega samkvæmt kjarasamningum falla utan starfssviðs samkeppnisyfirvalda.

3. gr.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir Samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Jafnframt annast Samkeppnisstofnun jafnan samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla.

4. gr.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og ennfremur málum sem hafa stefnumarkandi eða víðtæk áhrif.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir um aðgerðir á grundvelli 17. og 18. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð tekur allar ákvarðanir um stjórnvaldssektir eða dagsektir á grundvelli samkeppnislaga, nema þegar um er að ræða ákvörðun Samkeppnisstofnunar til bráðabirgða, sbr. 5. gr. reglna þessara.

5. gr.

Samkeppnisstofnun er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Slíkar ákvarðanir skulu teknar í samráði við formann Samkeppnisráðs eða staðgengil hans sé þess kostur og lagðar fyrir næsta fund Samkeppnisráðs. Skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum.

II. KAFLI
Málsmeðferð.

6. gr.

Samkeppnisyfirvöld taka mál til meðferðar, hvort heldur er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði. Taki samkeppnisyfirvöld upp mál að eigin frumkvæði skal við meðferð þess fylgja ákvæðum 9.-14. gr. reglna þessara eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Erindi skulu vera skrifleg og þar skal greint frá nafni, heimilisfangi og kennitölu þess sem sendir erindið. Erindi skal undirritað af þeim sem ber það fram eða umboðsmanni hans. Unnt er að krefjast vottorðs til sönnunar á umboði. Samkeppnisstofnun getur ákveðið að erindi sé skilað á sérstöku eyðublaði sem stofnunin lætur í té.

Lýst skal tilefni erindis og skýrt hvaða lögvörðu hagsmuni hlutaðeigandi hafi að gæta, sbr. 9. gr. reglna þessara. Málavextir skulu skýrðir eins ítarlega og kostur er. Erindum skal jafnan fylgja rökstuðningur með vísan í lagaákvæði og þau sönnunargögn sem tiltæk eru og máli skipta, svo sem samninga, viðskiptaskilmála og hagtölur.

Ávallt skal send staðfesting á móttöku erindis innan hæfilegs frests og jafnframt tilkynnt að erindið kunni að verða kynnt þeim sem kvörtun beinist að eða öðrum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta.

8. gr.

Samkeppnisyfirvöld geta ákveðið að taka aðsent erindi til meðferðar að eigin frumkvæði þrátt fyrir að það sé ekki sett fram með réttum hætti eða af réttum aðila, sbr. 7. gr. reglna þessara.

9. gr.

Þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eiga aðild að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum.

10. gr.

Telji samkeppnisyfirvöld að erindi fullnægi ekki lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun og meðferð eða gefi ekki tilefni til athugunar af öðrum ástæðum skal hlutað-

eigandi tilkynnt um þá niðurstöðu. Jafnframt skal kynna kæruleið og frest til að skjóta niðurstöðu samkeppnisyfirvalda til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Leitast skal við að afgreiða erindi eftir þeirri röð sem þau berast. Þó er heimilt að raða málum í forgangsröð ef ástæða þykir til.

11. gr.

Ákveði samkeppnisyfirvöld að taka mál til meðferðar skal þeim einstaklingi, lögaðila eða stjórnvaldi sem athugun beinist að, skýrt frá efni þess og gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum, nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum. Samkeppnisstofnun getur sett aðila ákveðinn frest í þessu skyni.

Samkeppnisstofnun kynnir málsaðilum efni gagna málsins nema slíkt sé bersýnilega óþarft eða ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglna þessara eigi við.

12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á er samkeppnisyfirvöldum heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls ef hagsmunir hans, af því að notfæra sér vitneskju úr þeim, þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, einkum þegar um er að ræða viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar sem eðlilegt má telja að leynt fari.

Sé þess óskað að farið verði með upplýsingar sem trúnaðarmál skal tilgreina ástæðu þess. Komi í ljós að ósk um trúnað sé ekki réttmæt en upplýsingarnar ráða ekki niðurstöðu máls verða þær ekki lagðar til grundvallar.

Ákvörðun um að synja eða takmarka aðgang málsaðila að gögnum skal rökstudd og tilkynnt aðila. Í tilkynningu skal greina málsaðila frá rétti hans til að skjóta ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan 14 daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að birtar verði almennar upplýsingar sem ekki geyma viðkvæm viðskiptaleg eða tæknileg atriði, einkum ef slíkt er nauðsynlegt til að upplýsa á hvaða málsástæðum ákvörðun samkeppnisyfirvalda er byggð.

13. gr.

Að lokinni gagnaöflun leggur Samkeppnisstofnun málið fyrir Samkeppnisráð til umræðu og ákvörðunar, sbr. þó ákvæði 5. gr. reglna þessara. Í þeim tilvikum sem atvik máls eru umdeild eða óskýr getur Samkeppnisstofnun dregið saman atvikalýsingu í greinargerð og óskað eftir athugasemdum málsaðila áður en málið er lagt fyrir Samkeppnisráð.

Niðurstaða samkeppnisyfirvalda getur ýmist verið stjórnvaldsákvörðun, sem er bindandi að lögum, eða álit, hvort heldur leiðbeiningar um gildandi rétt eða álitsgerð á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga.

14. gr.

Samkeppnisyfirvöldum er heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt.

15. gr.

Eftir að máli er lokið skal niðurstaðan tilkynnt málsaðila og er hún bindandi eftir að hún er komin til aðila. Veita skal leiðbeiningar um kæruheimild og fresti til að skjóta málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þegar það á við.

III. KAFLI
Fundir Samkeppnisráðs o.fl.

16. gr.

Samkeppnisstofnun boðar, að höfðu samráði við formann Samkeppnisráðs eða staðgengil hans, til fundar í ráðinu. Ef meirihluti ráðsmanna krefst þess er skylt að boða til fundar. Með fundarboði skal fylgja dagskrá og gögn eftir því sem við verður komið.

Aðalmaður getur, þegar hann er staddur fjarri fundarstað eða hefur sérstakt óhagræði af því að sækja fund, óskað eftir við formann eða staðgengil hans að fundur fari fram gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði fundi þannig háttað að allir ráðsmenn geti átt orðastað við þann fjarstadda. Þegar ákveðið er að funda með þessum hætti skal hinn fjarstaddi ráðsmaður ávallt hafa átt þess kost að kynna sér málsgögn.

Geti aðalmaður ekki mætt til fundar og ekki er fundað samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal aðalmaður tryggja að varamaður taki sæti hans ef kostur er.

17. gr.

Málsmeðferð fyrir Samkeppnisráði skal vera skrifleg. Þó er unnt að heimila munnlega málsmeðferð þegar sérstaklega stendur á að mati ráðsins.

18. gr.

Samkeppnisráð er starfshæft þegar meirihluti ráðsmanna situr fund og ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

Forstjóri Samkeppnisstofnunar og aðrir starfsmenn sem hann tilnefnir sitja fundi Samkeppnisráðs. Haldnar skulu fundargerðir um fundi ráðsins.

19. gr.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt samkeppnislögum og stjórnsýslulögum.

IV. KAFLI
Gildistaka.

20. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1994, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 5. desember 1994.

F. h. samkeppnisráðs

Georg Ólafsson.

Páll Ásgrímsson

Nr. 673 23. desember 1994

REGLUGERÐ

um skylduvátryggingu fiskiskipa.

1. gr.

Fiskiskip merkir í reglugerð þessari vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland og sigla undir íslenskum fána.

2. gr.

Skylt er að vátryggja fiskiskip húftryggingu og hafa ábyrgðartryggingu gegn skaðabótakröfu þriðja manns vegna tjóns sem fiskiskipið veldur og vátryggingataki er ábyrgur fyrir samkvæmt lögum, hjá bátaábyrgðarfélagi sem starfar samkvæmt lögum um bátaábyrgðarfélög nr. 18/1976 með síðari breytingum eða hjá öðru vátryggingafélagi sem hlotið hefur starfsleyfi og með þeim skilmálum sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Vátryggingin skal taka til fiskiskipsins og fylgifjár þess enda séu þessir munir um borð í fiskiskipinu.

3. gr.

Ekki er skylt að vátryggja fiskiskip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini í eitt ár. Þá er heldur ekki skylt að vátryggja fiskiskip, sem horfið er varanlega úr rekstri eða hefur varanlega misst leyfi til að veiða í atvinnuskyni, sbr. lög um stjórn fiskveiða. Vátryggingafélagi er þá heimilt segja vátryggingu fiskiskipsins upp, en tilkynna skal veðhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara.

4. gr.

Vátryggingasvæði eru skilgreind sem hér segir.

1. Svæðið frá Hornafirði að Búðum, þ.m.t. Vestmannaeyjar, Hornafjörður og Búðir ekki meðtalin.
2. Svæðið frá og með Búðum að Brjánslæk.
3. Svæðið frá og með Brjánslæk að Skagatá.
4. Svæðið frá og með Skagatá til og með Hornafirði.

Bátaábyrgðarfélagi eða öðru vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á því svæði er skylt, sé þess óskað, að vátryggja vátryggingaskyld fiskiskip sem skrásett eru á því svæði.

5. gr.

Segi vátryggingataki skylduvátryggingu upp skal uppsögn fylgja skrifleg staðfesting á því að stofnað hafi verið til vátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Flytjist vátryggingaskylt fiskiskip í vátryggingu til eða frá bátaábyrgðarfélagi skal jafnframt tilkynna Samábyrgð Íslands um flutninginn.

Verði eigendaskipti á fiskiskipi heldur vátrygging gildi sínu nema vátryggingafélagi berist tilkynning um að stofnað hafi verið til nýrrar skylduvátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi, sbr. 1. mgr.

Vátryggingafélag getur ekki sagt upp vátryggingu vegna vanskila iðgjalda.

Sé fiskiskip sem er vátryggt skylduvátryggingu svipt haffærisskírteini skal Siglingamálastofnun ríkisins þegar í stað tilkynna það viðkomandi vátryggingafélagi.

6. gr.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu meta fiskiskip til fjár. Um skoðun þeirra og virðingargerðir fer skv. 13. gr. laga nr. 18/1976 með síðari breytingum.

Vátryggingaverð fiskiskips skal vera hið sama og matsverð þess.

Ef fyrir hendi eru sérstakar ástæður sem rýra markaðsverð fiskiskips er heimilt að semja um lægri vátryggingarfjárhæð en greinir í 2. mgr. Vátryggingafjárhæðin má þó ekki við slíka breytingu verða lægri en samanlagðar veðskuldir sem hvíla á skipinu.

Ef ágreiningur er um vátryggingarverð samkvæmt þessari málsgrein skal skorið úr með mati sérfróðra manna, er héraðsdómur þar sem vátryggingafélag á varnarþing, dómkveður.

7. gr.

Ef fiskiskip er statt utan síns vátryggingasvæðis þegar það verður fyrir tjóni skulu skoðunarmenn þess svæðis sem fiskiskipið er statt á framkvæma skoðunina.

Sé fiskiskipið statt erlendis ber að tilkynna hlutaðeigandi vátryggingafélagi eða Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eins fljótt og unnt er um tjónið og ákveða vátryggingafélagið eða Samábyrgðin skoðunarmenn.

Fari viðgerð fram í viðgerðarstöð sem skoðunar- og matsmaður starfar við, skal annar matsmaður fenginn til að framkvæma skoðun og viðgerðarmat, ef því verður við komið.

8. gr.

Vátryggingafélag og eigandi fiskiskips geta samið um að þegar greiddar verði tjónabætur, aðrar en bætur fyrir altjón, skuli draga sjálfsábyrgð eiganda frá hverju einstöku tjóni.

Tilhögun sjálfsábyrgðar skal koma fram í vátryggingaskilmálum, vátryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

Vátryggingafélag skal greiða þriðja manni sjálfsábyrgðarfjárhæð og endurkrefja eiganda fiskiskipsins.

Hafi vátryggingarverð fiskiskips verið ákveðið lægra en matsverð þess samkvæmt 3. mgr. 6. gr. skal sjálfsábyrgð eiganda í sérhverju tjóni, öðru en altjón, miðast við það hlutfall sem vátryggingarverðið er lægra en matsverðið, auk sjálfsábyrgðar skv. 1. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Vátryggingafélagið greiðir tjón á fiskiskipi af völdum þess að það sekkur eða því hvolfir, storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, snjóflóðs, aurskriðu, elds, sprengingar, eldingar, strands, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, áreksturs á annan fastan eða fljótandi hlut, með þeim takmörkunum, er ákveðnar eru í reglugerð þessari eða vátryggingaskilmálum.

Bætur fyrir skemmdir eða missi fiskiskipsins skulu við hvern einstakan vátryggingaatburð ekki vera hærri en vátryggingaverðið nema annað leiði af 53. gr. laga nr. 20/1954.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu vátryggingafélags, þótt svo kynni að standa á, að tjónbóta verði krafist af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu.

Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bætir vátryggingafélagið aðeins þegar fiskiskip verður fyrir slíkum tjónum vegna þess að það veiti aðstoð fiskiskipum, sem tryggð eru skylduvátryggingu fiskiskipa.

Vátryggingafélagið bætir skemmdir á fiskiskipinu með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað. Vátryggður skal sjálfur annast viðgerð nema vátryggingafélagið fari fram á annað.

Óski vátryggður að fá tjónbætur greiddar án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi fiskiskipið ekki verið metið óbætandi, og er þá heimilt að semja um bætur eftir atvikum, en aldrei mega þær vera hærri en 90% af matsupphæð tjónsins að frádreginni sjálfsábyrgð skv. 8. gr.

Nú rekst vátryggt fiskiskip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er vátryggingafélagið þá greiðsluskylt þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.

10. gr.

Vátryggður á rétt til bóta fyrir altjón þegar:

1. Fiskiskipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.

2. Fiskiskipið verður fyrir svo miklum skemmdum að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærri fjárhæð en vátryggingarverðinu.
3. Fiskiskipið hverfur úr umráðum vátryggðs með þeim atvikum sem greind eru í 1. mgr. 71. gr. laga nr. 20/1954.
4. Fiskiskipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki með þeim atvikum sem lýst er í 72. gr. laga nr. 20/1954 enda sé tjónið ekki innan marka venjulegra skilmála fyrir stríðs- og óeirðatryggingu. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að skipið er gert upptækt í refsimáli eða kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.

Sökkvi fiskiskip, strandar eða verði fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölulið þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfa dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algeran skiptapa, að björgun fiskiskipsins sé ekki lokið í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að tjónsatburður varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

11. gr.

Vátryggingafélagið greiðir bætur, sem vátryggðum er skylt að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri, þegar fiskiskipið eða áhöld þess hafa rekist á annan fastan eða fljótandi hlut, ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess. Aldrei skal þó greiða hærri fjárhæð en sem nemur takmarkaðri ábyrgð útgerðarmanns samkvæmt siglingalögum eða alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að, nema annað leiði af 92. gr. l. nr. 20/1954.

Með sömu takmörkunum og um getur í 1. mgr. skal bæta kostnað við að fjarlægja flak fiskiskipsins.

Hafi vátryggingafélag greitt bætur fyrir tjón á fiskiskipi eða öðrum munum öðlast það rétt vátryggðs til hinna vátryggðu muna.

12. gr.

Öll vátryggingaskyld fiskiskip eru skyld að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafist eftir venjulegum björgunarreglum heldur skal hún ákveðin af því vátryggingafélagi þar sem fiskiskipið sem bjargað er, er vátryggt, í samræmi við reglur þessarar greinar. Þegar fiskiskip eru ekki vátryggð hjá sama vátryggingafélagi og það fiskiskip sem er bjargað er vátryggt hjá bátaábyrgðarfélagi, ákveður stjórn Samábyrgðar Íslands um greiðslu.

Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins er hjálpina þáði.

13. gr.

Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í fiskiskipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum af fiskiskipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Sama gildir um aukaiðgjöld, sem reiknuð eru af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.

Með sama hætti hafa önnur vátryggingafélög lögveð í fiskiskipum sem tryggð eru skylduvátryggingu.

14. gr.

Um skylduvátryggingu fiskiskipa skv. reglugerð þessari gilda lög um vátryggingasamninga nr. 20/1954 með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.

Í vátryggingaskilmálum skal nánar kveðið á um gildissvið skylduvátryggingar fiskiskipa.

Skylt er að senda ráðuneyti vátryggingamála og Vátryggingaeftirliti skilmála vegna skylduvátryggingar fiskiskipa áður en þeir koma til framkvæmda. Sama gildir um breytingar á þeim.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 22. gr. laga um bátaábyrgðarfélög nr. 18/1976, sbr. 18. gr. laga nr. 116/1993, öðlast gildi 1. janúar 1995. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur skylduvátryggðra fiskiskipa hafa frest til 15. janúar 1995 til að tilkynna bátaábyrgðarfélögum uppsögn á skylduvátryggingu fiskiskipa enda fylgi uppsögninni staðfesting á nýrri vátryggingu sbr. 5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 674 23. desember 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

1.7.5. gr.
hljóði svo:

1.7.5. Markaðssetning og samræmi við staðla og ákvæði um öryggi.

Heimilt er að setja rafföng á markað ef sýnt er fram á samræmi þeirra við öryggisákvæði staðla skv. grein 1.7.4.

Áður en rafföng eru markaðssett skal festa á þau CE-samræmismerkið sem sýnt er í viðauka 7. CE-merkið er til staðfestingar á því að farið sé að öllum ákvæðum reglugerðar þessarar, þar með töldum reglum um aðferðir við samræmismat sem mælt er fyrir um í viðauka 8.

Framleiðandi eða fulltrúi hans, með staðfestu innan EES, ber ábyrgð á réttri notkun CE-merkisins og að merkið sé sett á rafföngin, eða ef það er ekki hægt, á áfastan merkimiða, umbúðir, leiðbeiningar um notkun eða ábyrgðarskírteini þannig að það sé auðsjáanlegt, auðlæsilegt og óafmáanlegt.

Ef CE-merkið hefur verið sett á rafföng á röngum forsendum er framleiðenda eða fulltrúa hans skylt að leiðrétta það og sjá til þess að rafföngin samræmist ákvæðum um CE-merkingar, að öðrum kosti verður varan tekin af markaði.

Óleyfilegt er að setja á raffönga merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hverskonar aðrar merkingar á rafföngin eða merkjaplötu að því tilskyldu að þær hindri ekki að CE- merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Ef raffönga lúta líka ákvæðum reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða á um að setja skuli CE-merki á viðkomandi vöru skal ganga út frá því að varan sé einnig í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Sé framleiðanda heimilt að velja hvaða fyrirkomulagi hann beitir við samræmismat skal CE-merkið eingöngu sýna samræmi við það fyrirkomulag sem beitt er og skal tilvísun til þess fylgja rafföngunum. Tilvísanir skulu vera eins og þær eru birtar í EES deild Stjórnartíðinda EB. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að raffang sem hann flytur inn eða selur sé CE-merkt.

Heimilt er að krefjast vottorða til stuðnings merkingu raffanga. Merki og öll vottorð skulu vera staðfest af aðila sem tilnefndur hefur verið af aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis.

Heimilt er að setja raffönga á markað án þess að þau uppfylli ákvæði greinar 1.7.4, ef slíkir staðlar eru ekki til. Í þeim tilfellum skal framleiðandi eða fulltrúi hans leggja fram prófunarskýrslu um samræmi raffanga við tilskilin öryggisákvæði frá prófunarstofu sem tilnefnd hefur verið af aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis.

2. gr.

Eftirfarandi texti bætist við:

Ákvæði til bráðabirgða.


Ákvæði reglugerðar þessarar um CE-merki taka gildi 1. janúar 1995. Þó skal fram til 1. janúar 1997 heimilt að markaðssetja og taka í notkun raffönga sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 543/1993 um markaðssetningu raffanga sem gilda hér á landi til 1. janúar 1995.

Viðauki 7.

CE-samræmismerking og EB-samræmisyfirlýsing.

1. CE-Samræmismerking.

CE-samræmismerkið skal samanstanda af upphafsstöfunum »CE" með eftirfarandi útliti:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni vera óbreytt. Hinir ýmsu hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

2. EB-samræmisyfirlýsing.
Í EB-samræmisyfirlýsingunni skulu eftirfarandi þættir koma fram:
- nafn og póstfang framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu á EES-svæðinu,
- lýsingu á rafföngunum,
- tilvísun í samhæfða staðla,
- ef við á, tilvísun í þau tækniákvæði sem samræmisyfirlýsingin byggir á,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur heimild til að skuldbinda framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES-svæðisins,
- tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið sem CE-merkið var sett á.

Viðauki 8.

Innra framleiðslueftirlit.

1. Innra framleiðslueftirlit er sú málsmeðferð sem framleiðandi eða fulltrúi hans, með staðfestu innan EES, skal beita til að tryggja og lýsa yfir að rafföng séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Framleiðandi eða fulltrúi hans skal festa CE-merki á hvert raffang og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

2. Framleiðandi skal útbúa tæknigögn þau sem lýst er í 3. tölul. og skal hann hafa þau aðgengileg fyrir eftirlitsstjórnvöld í a.m.k. 10 ár frá því varan var síðast framleidd.

3. Tæknigögnin skulu gera kleift að meta samræmi raffanganna við kröfur reglugerðarinnar. Þau skulu, eftir því sem við á vegna slíks mats, ná til hönnunar, framleiðslu og virkni raffanganna. Í þeim skal eftirfarandi koma fram:
- almenn lýsing á rafföngunum,
- heildarhönnun, framleiðsluteikningar og skrá yfir íhluti, undireiningar, rafrásir o.s.frv.,
- skrá yfir staðla sem notaðir eru í heild sinni eða að hluta til, og lýsingar á þeim lausnum sem gripið er til í því skyni að fullnægja öryggiskröfum þessarar reglugerðar ef stöðlum er ekki beitt,
- niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, rannsóknir sem farið hafa fram o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

4. framleiðandi eða fulltrúi hans, með staðfestu innan EES, skal varðveita afrit af samræmisyfirlýsingunni með tæknigögnum.

5. Framleiðandi skal tryggja að framleiðsluferlið skili framleiðsluvörum sem eru í samræmi við tæknigögnin og önnur ákvæði þessarar reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi, um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971, með áorðnum breytingum er sett með stoð í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60, 31. maí 1979. Reglugerðin er sett til að fullnægja ákvæðum tilskipunar ráðherraráðs ESB, 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993 um breytingu á tilskipun 73/23/EBE, frá 19. febrúar 1973, um

raffönd sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka, sem er hluti II. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, EES.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

28. desember 1994 Nr. 675

REGLUGERÐ

um leigumiðlun.

I. KAFLI
Próf til réttinda leigumiðlunar.

1. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis til leigumiðlunar er að viðkomandi hafi lokið prófi er staðfestir að hann hafi góða þekkingu á húsaleigulögum, lögum um húsaleigubætur, lögum um fjöleignarhús, kunnáttu í bókhaldi ásamt hagnýtum atriðum sem reynt getur á við leigu húsnæðis, s.s. gerð umboða, þinglýsingu og um skuldbindingargildi samninga.

2. gr.

Þeir sem óska eftir að fá leyfi til að reka leigumiðlun skulu senda skriflega beiðni þess efnis til félagsmálaráðuneytis ásamt beiðni um að gangast undir próf það sem tilgreint er í 1. gr.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa prófnefnd sem skal hafa yfirumsjón með prófunum. Félagsmálaráðherra skipar nefndina til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og a.m.k. einn þeirra lögfræðingur. Kostnaður af störfum prófnefndar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Prófnefnd heldur gerðarbók. Í henni skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

5. gr.

Prófnefnd ákveður fjölda prófa og hvar og hvenær próf skulu haldin. Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Við skrifleg próf skal nemandi hafa a.m.k tvær klst. til að vinna að úrlausn.

6. gr.

Prófnefnd stendur fyrir prófum og tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr. Hafi nefndarmenn ekki sérþekkingu á bókhaldi er prófnefnd heimilt að ráða aðila með

sérþekkingu á sviði bókhalds til þess að semja þann hluta prófverkefnis, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófúrlausnir.

Einkunnir á prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast próf þarf viðkomandi að hljóta a.m.k. 7.0 í einkunn. Mat prófnefndar á úrlausn er endanlegt.

7. gr.

Kostnað vegna prófa skal greiða með prófgjöldum er félagsmálaráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar. Við ákvörðun prófgjalds skal miða við að þeir sem gangast undir prófið greiði af því allan kostnað. Námskeiðsgjald skal greitt fyrirfram áður en gengið er til prófs. Prófgjald er óendurkræft.

II. KAFLI
Tryggingarskylda leigumiðlara.

8. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og hugtök þessa merkingu:

1. *Viðskiptamaður:* Einstaklingur eða lögaðili sem leigumiðlari annast milligöngu um leigu fyrir.

2. *Tjónstilvik:* Hvert einstakt skaðabótaskylt atvik er hefur tjón í för með sér, sbr. 91. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingasamninga.

3. *Ábyrgðartrygging:* Vátrygging gegn skaðabótaábyrgð sem vátryggður kann að baka sér gagnvart þriðja manni (tjónþola) vegna atvika sem hafa tjón í för með sér og hann ber ábyrgð á. Tjónþoli nýtur ekki góðs af ábyrgðartryggingu nema hann eigi skaðabótakröfu á hendur vátryggðum.

9. gr.

Leigumiðlara ber eftir almennum reglum skaðabótaréttar að bæta viðskiptamönnum sínum það tjón sem hann kann að baka þeim með störfum sínum.

10. gr.

Leyfi til leigumiðlunar er háð því skilyrði að fullnægjandi tryggingar séu í gildi, sbr. 4. tl. 1. mgr. 74. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Til að fullnægja tryggingaskyldu skal leigumiðlari:

1. Kaupa vátryggingu hjá vátryggingarfélagi sem leyfi hefur til starfsemi hér á landi, eða

2. afla sér bankatryggingar hjá viðskiptabanka eða sparisjóði.

Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingarfélag, viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna það félagsmálaráðuneytinu þegar í stað með sannanlegum hætti. Vátryggingartíma eða ábyrgðartíma telst þó eigi lokið fyrr en liðnir eru fjórir dagar frá því félagsmálaráðuneytinu var tilkynnt um brottfall tryggingarinnar. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til leigumiðlunar úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett.

11. gr.

Vátrygging skal ná til þeirra tjónstilvika sem verða á vátryggingatímabili sbr. 91. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954.

Trygging leigumiðlara skv. 10. gr. skal vera ábyrgðartrygging gegn skaðabótakröfum sem stofnast þegar viðskiptamaður hans verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi leigumiðlarans, sbr. 9. gr. og valdið er af gáleysi. Ekki greiðast bætur vegna tjónsatburðar sem valdið er af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Með tryggingunni skal greiða bætur allt að 500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónstilviks sem verður á hverju 12 mánaða millibili. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tólf mánaða tryggingartímabils getur þó ekki orðið hærri en 1.500.000 kr.

Heimilt er að semja um sjálfsáhættu vátryggingartaka í einstökum tjónum en slíkt ákvæði hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingar-skilmálum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Tryggingarfjárhæðir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við lánskjaravísitölu desember-mánaðar 1994 og skulu breytast í samræmi við breytingar á henni.

12. gr.

Leigumiðlurum, vátryggingarfélögum, viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að takmarka ábyrgð sína samkvæmt framangreindum reglum með samningum eða annan hátt.

13. gr.

Vátryggingarskilmálar vátryggingar samkvæmt kafla þessum og breytingar á þeim skulu sendar Vátryggingareftirlitinu áður en þeir koma til framkvæmda.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Undanþegnir skilyrðum I. kafla reglugerðar þessarar eru lögfræðingar. Sé leigumiðlari starfandi lögmaður, löggiltur fasteignasali eða starfsmaður sveitarfélags er hefur starfstryggingu er uppfyllir skilyrði II. kafla reglugerðarinnar þá er viðkomandi undanþeginn ákvæðum þess kafla.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 82. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, sbr. 74. gr., öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku reglugerðar þessarar stunda leigumiðlun samkvæmt XV. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994 og hafa ekki fengið til þess löggildingu, samkvæmt lögum um húsa-leigusamninga nr. 44/1979 skulu sækja um leyfi til félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Að sex mánuðum liðnum frá gildistöku laganna er með öllu óheimilt að stunda leigumiðlun án leyfis þar að lútandi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Elín S. Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds.

1. gr.

Greiða skal skipulagsgjald 3‰ af brunabótamati í eitt sinn af hverri nýbyggingu sem reist er.

Nýbygging skv. 1. mgr. telst hver nýreist húseign sem virt er til brunabóta, viðbyggingar við eldri hús og endurbætur eða breytingar á húsum, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar, eða hækkun virðingar húseignar vegna endurbótanna nemur 1/5 verðs eldra hússins.

Undanþegnar greiðslu skipulagsgjalds eru húseignir sem byggðar eru á lögbýlum í tengslum við landbúnað, sem stundaður er í atvinnuskyni utan skipulagðra þéttbýlisstaða og er aðalstarf ábúanda viðkomandi lögbýlis. Með landbúnaði er skv. reglugerð þessari átt við búvöruframleiðslu, garðrækt, loðdýrarækt, fiskeldi og skógrækt.

2. gr.

Sýslumenn lögsagnarumdæmis sem húseign er í, annast innheimtu skipulagsgjalds, en í Reykjavík tollstjóri. Þinglýstur eigandi húseignar þegar brunabótavirðing fer fram er greiðandi skipulagsgjalds, sem fellur í gjalddaga á virðingardegi. Gjaldið fellur í eindaga mánuði síðar. Gera má lögtak fyrir skipulagsgjaldi, sbr. lög nr. 90/1989.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

3. gr.

Fasteignamat ríkisins skal tilkynna innheimtumanni fjárhæð brunabótavirðingar húseignar, þegar eftir að virðing hefur farið fram, og geta þess sérstaklega hvort um er að ræða fasteign sem greiða ber skipulagsgjald af. Fasteignamat ríkisins veitir innheimtumönnum þær upplýsingar um brunabótamat fasteigna, sem nauðsynlegar eru vegna innheimtu skipulagsgjalda.

4. gr.

Umhverfisráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna álagningar og innheimtu skipulagsgjalda.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 35. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið hvað snertir hlutverk Fasteignamats ríkisins, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995. Frá þeim tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1980.

Umhverfisráðuneytið, 22. desember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar skal endurgreiða áður innheimt grunngjald samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 554/1993 um breytingu á rg. nr. 639/1989. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast endurgreiðslu gjaldsins.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um afnám reglugerða nr. 172/1991 og 182/1991.

1. gr.

Reglugerð nr. 172/1991 um (2.) breytingu á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra, nr. 27/1983 og reglugerð nr. 182/1991 um (9.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988 eru hér með felldar úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 1994

29. desember 1994 2809 Nr. 679

REGLUGERÐ

um gjaldeyrismál.

I. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenska ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að:
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmætan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda. Til erlendra aðila teljast m.a. starfsmenn erlendra sendiráða hér á landi sem eru erlendir ríkisborgarar og varnarlið á vegum Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Sama gildir um skyldulið þessara aðila sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn, þ.m.t. innborgun á reikning í íslenskum krónum í eigu erlends aðila, hvort sem innstæða er endanlega flutt úr landi eða fjármunir nýttir hérlendis.

Milliganga um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri merkir í reglugerð þessari að:

1. stunda gjaldeyrisviðskipti í atvinnuskyni fyrir eigin reikning eða gegn endurgjaldi,
2. koma á gjaldeyrisviðskiptum milli aðila gegn endurgjaldi.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum, þ.m.t. ráðstöfun söluandvirðis,
2. útgáfu, kaupum eða sölu á hlutabréfum, skuldabréfum, víxlum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og hvers konar öðrum langtíma- eða skammtímaverðbréfum, þ.m.t. kröfukaupum,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. afleiddum viðskiptum (á ensku: derivatives) hvers konar, þ.m.t. framvirkum viðskiptum (á ensku: forwards, futures), viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum, á ensku: option), gjaldmiðla- og vaxtaskiptum (á ensku: swap) og hvers konar samblandi valkvæðra viðskipta og/eða gjaldmiðla- og vaxtaskipta (t.d. á ensku: swaption),
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga, fjölskyldna og lögaðila.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,
4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum og hliðstæðum gjaldeyrisviðskiptum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins, þar á meðal lántaka með sérstökum skilyrðum, sbr. 39. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, teljast einnig bein fjárfesting.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi, sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

II. KAFLI
Meginreglur um gjaldeyrisviðskipti.

2. gr.
Óheft gjaldeyrisviðskipti.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

Í reglugerð þessari er nánar kveðið á um skilyrði þau sem gilda um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar og réttindi og skyldur þeirra er þau stunda.

3. gr.

Bein fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Um skilgreiningu á erlendum aðila í þessu sambandi fer eftir þeim lögum og teljast því hérlend útibú erlendra lögaðila til erlendra aðila.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands alla erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati Seðlabankans. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

4. gr.

Hlutabréfaviðskipti erlendra aðila.

Kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum eru háð þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Tilkynna ber Seðlabankanum öll kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til kaupa erlends aðila á hlutabréfum í félagi sem hann hefur ekki átt í áður og kaupa á viðbótarhlutafé í slíku félagi. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati bankans. Tilkynningarskyldan hvílir á viðkomandi félagi.

5. gr.

Fasteignaviðskipti erlendra aðila hér á landi.

Um heimildir erlendra aðila til að kaupa eða öðlast afnotarétt yfir fasteignum hér á landi fer eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

Óheimilt er innlendum aðila að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti erlendra aðila vegna kaupa eða leigu á fasteign nema framvísað sé samningi, afsali eða öðrum heimildarskjölum með áritun dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Reikningar í innlendum og erlendum innlánsstofnunum.

Innlendir aðilar sem opna bankareikninga erlendis eru upplýsingaskyldir um stofnun þeirra til Seðlabankans.

Erlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í íslenskum krónum eða erlendri mynt í innlendum innlánsstofnunum enda séu reikningarnir ávallt skráðir með nafni reikningseiganda og íslenskri kennitölu hans.

Innlánsstofnunum ber að skila reglulega upplýsingum um innstæður á reikningum þessum til Seðlabankans.

7. gr.

Lántökur erlends stjórnvalds.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

III. KAFLI

Öryggisákvæði.

8. gr.

Tímabundin stöðvun tiltekinna fjármagnsflutninga.

Seðlabankanum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að hans mati óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.- 5. tölul.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Heimildir til gjaldeyrisviðskipta.

Þeir aðilar sem hyggjast hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri, aðrir en þeir sem hafa til þess heimild samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, skulu hafa til þess starfsleyfi frá Seðlabankanum. Heimilt er Seðlabankanum við veitingu slíkra starfsleyfa að afmarka þau við tiltekna þætti gjaldeyrisviðskipta, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992.

Seðlabankinn setur nánari reglur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gilda um þá aðila sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða hafa starfsleyfi Seðlabankans, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992.

10. gr.

Hagskýrslugerð og upplýsingaskylda.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti, verslun með erlendan gjaldeyri og fjármagnshreyfingar sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegri hagskýrslugerð og eftirliti. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur þar um, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf, þ.á.m. um viðskipti sem fara fram án milligöngu þeirra er hafa starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta, eða heimild til slíkra viðskipta samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, og gerð eyðublaða.

11. gr.

Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál.

Viðskiptaráðherra skipar samstarfsnefnd um gjaldeyrismál. Í henni sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og þeirra aðila sem ráðherra velur til samstarfs. Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd gjaldeyrismála, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um gjaldeyrismál og framkvæmd þeirra.

12. gr.

Þagnarskylda.

Þeir sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, öðlast gildi 1. janúar 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 471/1992, um gjaldeyrismál.

Viðskiptaráðuneytið, 29. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Kjartan Gunnarsson.

29. desember 1994 Nr. 680

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 497/1992 og 288/1993.

1. gr.

2. málsliður 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 32/1990, sbr. breytingu við 4. gr. rg. nr. 497/1992, orðist svo:

Þar komi fram nafn og heimilisfang fóðurkaupanda, tegund og magn fóðurs.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar komi ný mgr. er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þó skal aldrei endurgreiða af meira magni kjarnfóðurs samkvæmt þessum útreikningi heldur en viðkomandi aðili hefur sannanlega keypt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 681 30. desember 1994

REGLUGERÐ

um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1995 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 1. flokk húsbréfa 1995. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 1. flokki 1995, skal vera að hámarki 6.500 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5.000.000, í undirflokki B kr. 1.000.000, í undirflokki C kr. 100.000 og í undirflokki D kr. 10.000. Vextir í 1. flokki 1995 eru 4,75% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilsfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilsfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í

Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala janúar mánaðar 1995.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. janúar 1995 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. janúar 1995.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. janúar 1996. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. september 1995. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. janúar 2020. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr., sbr. IV. kafla laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. bætast tveir nýjir töluliðir er orðast svo:

25. 15% af lífeyri sem greiddur er úr lífeyrissjóðum til manna sem ná 70 ára aldri á staðgreiðsluári, enda hafi lífeyrissjóðurinn hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins, skv. lögum nr. 55/1980, eða starfi samkvæmt sérstökum lögum.
26. Launatekjur barna hjá sama launagreiðanda að hámarki fjárhæð skv. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 1994

30. desember 1994 2817 Nr. 683

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 474/1994.

1. gr.

Við 1. fl. vörugjaldskrár í 1. mgr. 12. gr. bætast eftirfarandi vörur: kísilgúr og þörungamjöl.

Gjald pr. tonn af kísilgúr og þörungamjöli er því kr. 103,00.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að taka þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Stjórnartíðindi B 100, nr. 683. Útgáfudagur 2. janúar 1995.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1994

Nr. 684 2818 30. desember 1994

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1995 vera 0,16% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga nr. 113/1990.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Stjórnartíðindi B 101, nr. 684. Útgáfudagur 3. janúar 1995.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 1994

19. desember 1994 2819 Nr. 685

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað.

I. Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Eskifjarðarkaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita lögráða einstaklingum, (18 ára eða eldri) sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýli með sér inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja samþykki allra íbúðareigenda.

c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn kemur sér saman um og er staðfest af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið að þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir löggæslu-, björgunar- og leiðsöguhunda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

d. Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi en einnig getur bæjarstjórn gert heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.

f. Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn, ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer. Einnig skal við ólina festa merki er sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundur hreinsaður.
Hundaeiganda er skylt að tilkynna ef hundur drepst eða flyst á aðra þéttbýlisstaði á svæðinu eða út af eftirlitssvæðinu.

g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss, innan marka þéttbýlis. Annars staðar skulu þeir vera undir umsjá eiganda eða ábyrgs aðila á hans vegum.
Hundaeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h. Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem um ræðir í III. - V. og VII. - XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, en þeir eru m.a. eftirfarandi:

Steindórsprent Gutenberg hf.

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og förgunarstaði.
4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar.
12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgöngutæki.

i. Ákvæði stafliðs h. gildir ekki fyrir hunda sem eru notaðir til löggæslu- og björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

j. Á búendum lögbýla sem eru innan marka bæjarins er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta, án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gildi sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.

k. Óheimilt er að láta hund sem er eldri en þriggja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda bæjarstjórn, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá bæjarstjórn. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda embættum löreglustjóra í Eskifjarðarkaupstað skrá um leyfða hunda.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. ákvæði f. liðar 2. greinar, og eintak af samþykkt um hundahald í Eskifjarðarkaupstað.

Ekki er skylt að sækja um leyfi fyrr en hundur hefur náð þriggja mánaða aldri. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað öll áður útgefin leyfi til hundahalds telji hún til þess brýna þörf.

5. gr.

Bæjarstjórn eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Eskifjarðarkaupstað og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur, og um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og hundaeftirlitsmanns, er heimilt að lóga honum þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því að hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

II. Kattahald.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er aldrei heimilt að halda fleiri ketti en tvo eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Allir heimiliskettir skulu bera merkta hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur, nafn eiganda, heimili og símanúmer.

9. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði, en geti að öðrum kosti sætt takmörkunum um kattahald hafi borist skriflegar kvartanir um ónæði eða hættur sem kettir þeirra sannanlega valda, sbr. 7. gr.

10. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum flækings- eða villiköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. tveimur sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

III. Viðurlög og gildistaka.

11. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hunda- og kattahald gilda, skal hann sæta skriflegri áminningu fyrir minni háttar brot. Vegna annarra brota getur viðkomandi sveitarstjórn afturkallað leyfið.

12. gr.

Ítrekuð brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum eða varðhaldi. Með brot skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

13. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 398/1978 um hundahald í Eskifirði

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Djúpavogshrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Djúpavogshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Djúpavogshrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar að Búlandi 3, fundarsal hreppsnefndar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafundi í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar og/eða sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar og/eða sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti eða sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti eða sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa sent út dagskrá til hreppsnefndarmanna fyrir hreppsnefndarfund.

17. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundi hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4 Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn hans skulu taka sæti á hreppsnefndarfundi samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, nefndar eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar eða oddvita og/eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í hreppsráði eða öðrum nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn

að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Hreppsnefnd getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði milli hreppsnefndarfunda. Aukafundi skal halda, ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

51. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi. Hann sér um, að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll hreppsráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann og varaformann hreppsráðs. Kjósa má sveitarstjóra formann hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnsýslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana hreppsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um, að ársreikningar hreppssjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana hreppsins lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag hreppssjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsnefndarmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá tekur hreppsráð fullnaðarákvarðanir í málum, sem hreppsnefnd hefur falið því að afgreiða. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Oddviti hreppsnefndar og/eða sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsráðs eða hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsráð eða hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Kjörstjórn fer jafnframt með kosningar til sveitarstjórnar skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Hreppsráð.* Þrír hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer jafnframt með málefni umhverfisnefndar.
3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð er kosið skv. 5. gr. laga nr. 40/1991og fer jafnframt með störf þau, sem áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 82/1969 og nr. 58/1992. Öldrunarmál og málefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum nr. 28/1991.
4. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Tveir fulltrúar í nefndina og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Jafnframt fer skólanefnd með málefni tónlistarskólans og leikskóla.
8. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
9. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd fer jafnframt með málefni vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.

10. Forðagæslu- og fjallskilanefnd. Fimm aðalmenn og þrír til vara sem fer með málefni búfjáreftirlits samkvæmt lögum nr. 46/1991. Fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttarmálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur nr. 472/1991.
11. Einn úttektarmaður og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

63. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

64. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

65. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsráð eða hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 687 22. desember 1994

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Sjóminja- og smiðjumunasafn J. Hinrikssonar.

Jósafat Hinriksson, kt. 210624-3769, Fornastekk 10, 109 Reykjavík, stofnar hér með sjálfseignarstofnun og setur henni svofellda skipulagsskrá.

1. gr.

Stofnunin heitir Sjóminja- og smiðjumunasafn J. Hinrikssonar og er heimili hennar og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að eiga og reka Sjóminja- og smiðjumunasafn sem ætlað er að hafa menningarsögulegt gildi í víðtækasta skilningi, m.a. með því að safna og varðveita muni frá atvinnuháttum liðinna tíma s.s. sjóminja og smiðjumuna.

Í því skyni er stofnuninni heimilt að taka við safnmunum til eignar og kaupa, ef nauðsynlegt reynist.

Í þessu starfi má stofnunin hafa samstarf við einstaklinga, félagasamtök, sveitarfélög, ríki eða stofnanir þess.

3. gr.

Stofnfé.

A) Jósafat Hinriksson, kt. 210624-3769, Fornastekk 10, 109 Reykjavík, leggur til alla safnmuni sína, sem eru í Sjóminja- og smiðjusafni hans að Súðavogi 4 í Reykjavík, inni og úti, svo og aðra muni sem hann á eða kann að eignast, svo og alla sýningarkassa, hillur og merkingar sem tilheyra safni hans nú.

B) Vélsmiðja J. Hinrikssonar hf., kt. 430470-0199, Súðavogi 4, Reykjavík hefur lofað að leggja stofnuninni til árlega, næstu 10 árin, fé til að reka safnið og kaupa húsnæði það sem safnið er nú í.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og skal fyrsta stjórn stofnunarinnar skipuð þannig:

Jósafat Hinriksson, kt. 210624-3769, formaður.
Ólöf Þ. Hannesdóttir, kt. 250332-6109,
Hanna Sigríður Jósafatsdóttir, kt. 230151-3769,
Karl Hinrik Jósafatsson, kt. 071155-7819, skrásetjari,
Smári Jósafatsson, kt. 190459-2339.

Varamenn í stjórn:

Birgir Þór Jósafatsson,
Ólöf Þ. Hannesdóttir yngri, listamaður.

Framangreind stjórn skal sitja þar til stjórnarmaður óskar þess að verða leystur frá stjórnarstörfum.

Ef stjórnarmaður óskar að vera leystur frá stjórnarstarfi eða fellur frá skulu þeir sem sitja eftir í stjórninni velja nýjan stjórnarmann úr hópi afkomenda Jósafats Hinrikssonar og Ólafar Þ. Hannesdóttur og ber þá að hafa í huga að hinn nýji stjórnarmaður hafi áhuga á að starfa fyrir stjórnina og samþykki það.

Jósafat Hinriksson er formaður stjórnarinnar en að honum gengnum velur stjórnin sér nýjan formann.

Stjórnin skal sjálf sjá um að vinna að markmiðum stofnunarinnar og sjá um rekstur hennar. Heimilt er að greiða stjórnarmönnum laun og ráða má hún framkvæmdastjóra ef fjárhagur leyfir.

Stjórnin gerir árlega skýrslu um störf sín sem lögð er fram á aðalfundi hennar sem halda ber fyrir apríl lok ár hvert.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Veðsetning og sala safnmuna er ekki heimil og til breytinga á samþykktum þessum og til þess að leggja stofnunina niður þarf samþykki allra stjórnarmanna á fullskipuðum fundi.

5. gr.

Reikningar.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða reikninga stofnunarinnar og skal endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár.

6. gr.

Verði sjálfseignarstofnunin lögð niður sbr. 4. gr. skulu safnmunir og aðrar eignir að frádregnum skuldum renna til aðila sem að mati fráfarandi stjórnar hefur áhuga og bolmagn til að reka safnið með reisn.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. október 1994.
Jósafat Hinriksson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SAMÞYKKT

um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Hornafjarðarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Hornafjarðarbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og starfsmenn í helstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Þriggja ára áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar, og skulu fundir hefjast kl. 16.00 nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarstjóri í samráði við forseta getur þó ákveðið að fella niður fundi. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef fjórir bæjarfulltrúar krefjast þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar starfsmanna skv. 1. tölulið 6. gr. þessarar samþykktar.
2. Fundargerðir bæjarráðs.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforseti skal kjörinn til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef meirihluti viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll í tæka tíð til bæjarstjóra. Bæjarfulltrúa er jafnframt skylt að boða eða láta boða varamann sinn á fund og er honum heimilt að ákveða hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi og skal þá tilkynna það til bæjarstjóra, ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

27. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef bæjarfulltrúi óskar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem kjör eins fulltrúa eða starfsmannaráðningar sveitarfélags, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls, meginefni, umræðu og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því. Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt meðan þannig hagar til.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með mál-

frelsi og tillögurétti. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa þessara flokka/framboðsaðila sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki bæjarráði kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardagur og tími skal ákveðinn í upphafi hvers kjörtímabils. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Aukafundi er heimilt að boða með styttri fyrirvara. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs en í forföllum hans tilnefnir formaður ritara í hans stað. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem tekin eru fyrir, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þær geta átt við.

52. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð annast ráðningar helstu starfsmanna sveitarfélagsins. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð fer yfir fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

54. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Ákvæði þessarar greinar tekur ekki til þeirra nefnda þar sem önnur sveitarfélög en Hornafjarðarbær eiga einnig fulltrúa.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það.

Starfsmaður nefndar í samráði við formann eða varaformann í forföllum hans boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfund skal að jafnaði halda fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins, ef hún telur þess þörf. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Á fyrsta fundi nefndar skal kjörinn ritari sem skal færa fundargerð í gerðabók. Með leyfi bæjarstjórnar getur nefnd þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð send bæjarstjóra í sérstöku erindi og lögð fyrir bæjarráð til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Ásamt öðrum þeim verkefnum sem tilgreind eru í samþykktum þessum hefur bæjarráð yfirumsjón með vatnsveitum, fráveitum og sorpeyðingu sveitarfélagsins og samningum við launafólk sveitarfélagsins.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Kjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir, þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi* skv. lögum Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

B. **Til fjögurra ára.** Að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985 um almannavarnir skal almannavarnanefnd í sýslum skipuð lögreglustjóra, byggingarfulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni, slökkviliðsstjóra sem sýslumaður tilnefnir og þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar.
2. *Atvinnumálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd fylgist með atvinnumálum sveitarfélagsins og gerir tillögur til bæjarstjórnar. Atvinnumálanefnd kýs þrjá úr sínum hópi til að annast verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun. Í þeim lögum segir að sveitarstjórn skuli kjósa a.m.k. þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar í sveitarfélaginu. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda í sveitarfélaginu einn fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina. Ef fleiri en eitt stéttarfélag er starfandi í sveitarfélagi tilnefnir fulltrúaráð þeirra eða félögin sameiginlega fulltrúa. Hlutverk stjórnarnefndar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar í sveitarfélaginu og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefst til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu.
3. *Byggingarnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélagsins, fjallar um byggingarleyfisumsóknir, hefur umsjón með því að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.
4. *Félagsmálaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 en félagsmálaráði eru falin verkefni barnaverndarnefndar. Félagsmálaráð annast framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og starfar skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Undir það heyrir einnig verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru falin störf áfengisvarnarnefndar skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, og störf jafnréttisnefndar skv. 13. gr. laga nr. 28/1991. Jafnframt hefur félagsmálaráð eftirlit með stjórn og rekstri leikvalla og eftirlit með dagvistun í heimahúsum. Einnig fer ráðið með verkefni sem því eru falin af bæjarstjórn.
5. *Hafnarstjórn.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Hafnarstjórn fer með stjórn Hornafjarðarhafnar skv. fyrrnefndum lögum.
6. *Heilbrigðisnefnd Austur-Skaftafellssýslu.* Þrír fulltrúar af fimm og þrír til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. *Heilbrigðis- og öldrunarráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fer með yfirstjórn heilbrigðis- og öldrunarmála. Ráðið getur einnig farið með stjórn hjúkrunarheimilis, dvalarheimilis og annarra stofnana í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í samráði við Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu.
8. *Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu.* Fjórir fulltrúar af sjö og jafnmargir til vara.
9. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skipa nefndina skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír eru tilnefndir af sveitarstjórn og tveir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar og almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál. Húsnæðisnefnd sinnir jafnframt verkefnum skv. 83. gr. húsaleigulaga nr. 39/1994, þ.e. fylgist með framkvæmd húsaleigumála samkvæmt þeim lögum og aflar upplýsinga um þau mál í sveitarfélaginu eftir því sem kostur er. Jafnframt veitir húsnæðisnefnd aðilum leigusamnings, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.
10. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Í yfirkjörstjórn þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild; þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
11. *Landbúnaðarnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Meðal verkefna landbúnaðarnefndar er umsjón með forðagæslu, eyðing refa, minka og vargfugls, garnaveikibólusetning, fjallskilamál, landgræðsla, forkaupsréttur jarða og eftirlit með hreindýraveiðum. Sveitarstjórn ræður tvo búfjáreftirlitsmenn til starfa til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni sbr. lög nr. 46/1991. Landbúnaðarnefnd fer með hlutverk gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu.
12. *Menningarmálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk menningarmálanefndar er að efla listir, vísindi og þjóðleg fræði, einnig að standa fyrir sýningum og flutningi verka. Menningarmálanefnd getur farið með stjórn Sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu í samráði við Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu. Nefndin fer með störf stjórnar bókasafns skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
13. *Skipulagsnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Skipulagsnefnd hefur forgöngu um gerð skipulagstillagna, fjallar um skipulagstillögur er henni berast og hefur eftirlit með því að skipulagsákvæði séu haldin. Skipulagsnefnd sinnir jafnframt verkefnum umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndinni ber því að sinna umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu.
14. *Skólanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Í samráði við skólastjóra lítur nefndin eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Ennfremur getur skólanefnd lagt fram tillögur um umbætur í skólastarfi fyrir skólastjóra í skólahverfinu. Skólanefnd getur einnig farið með stjórn Tónskólans í samráði við Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu.
15. *Umhverfisnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfisnefnd annast störf náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971. Umhverfisnefnd fer jafnframt með stjórn fólkvangsins í Óslandi sbr. auglýsingu nr. 427/1982.
16. *Þjónustuhópur aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu.* Fjórir skipa þjónustuhópinn sem er samstarfshópur starfsliðs Heilsugæslustöðvarinnar í sýslunni og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélaganna.
17. *Æskulýðs- og tómstundaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit

með æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfi á vegum sveitarfélagsins og umsjón með íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins.

18. *Fulltrúar á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
19. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið sérstakar starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður í lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

63. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum.

Bæjarstjóra er skylt að hafa ákveðinn viðtalstíma sem auglýstur er á skrifstofu sveitarfélagsins.

66. gr.

Bæjarstjóri í samráði við bæjarráð ræður aðra þá fasta starfsmenn sem bæjarstjórn ræður ekki og veitir þeim lausn frá störfum nema bæjarráð ákveði annað eða að vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði gilda um ráðningu í stöður hjá sveitarfélaginu.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 3. mgr. svo og starfssvið þeirra.

Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana eftir reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

67. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum hvaða störf skulu talin föst störf hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess, auk þeirra starfa sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

VII. KAFLI

Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi samþykkt um stjórn bæjarins Hafnar í Hornafirði og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 537/1988 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Nesjahrepps nr. 87/1989.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

27. desember 1994 Nr. 689

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar hefur verið ákveðið að heimila bílastæði norðan Aðalgötu 16 (á Kirkjuvegi), Ólafsfirði.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsfirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Ólafsfirði, 27. desember 1994.

Björn Rögnvaldsson.

REGLUGERÐ

um snyrtivörur.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til framleiðslu, innflutnings, innihalds, merkinga og pökkunar snyrtivara ásamt kynningu þeirra.

2. gr.

Snyrtivörur eru efni eða efnablöndur sem ætluð eru til notkunar á mannslíkamann s.s. hörund, hár, neglur, varir, ytri kynfæri, tennur eða slímhimnu í munni.

Snyrtivörum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

Í viðauka 1 við reglugerð þessa er að finna nánari upptalningu á því hvað telst til snyrtivara.

Takmarkanir.

3. gr.

Snyrtivörur mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda:

a) Efni sem talin eru upp í viðauka 2.
b) Efni sem talin eru upp í viðauka 3 ef þau eru notuð utan þeirra marka og án þeirra skilyrða sem kveðið er á um.
c) Litarefni önnur en þau sem tilgreind eru í viðauka 4. Litarefnin sem talin eru upp í viðauka 4 ef þau eru notuð utan þeirra marka og án þeirra skilyrða sem kveðið er á um.
d) Rotvarnarefni önnur en þau sem tilgreind eru í viðauka 5. Rotvarnarefnin sem talin eru upp í viðauka 5 ef þau eru notuð utan þeirra marka og án þeirra skilyrða sem kveðið er á um.
e) Efni til síunar útfjólublárra geisla önnur en þau sem tilgreind eru í viðauka 6. Efnin sem ætluð eru til síunar útfjólublárra geisla og talin eru upp í viðauka 6 ef þau eru notuð utan þeirra marka og án þeirra skilyrða sem kveðið er á um.

Merkingar.

5. gr.

Hafa skal til hliðsjónar við merkingu og kynningu á snyrtivörum að þær mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna. Þess skal einnig gætt að ekki sé notað orðalag, heiti, ímyndir eða önnur tákn, sem gefa til kynna eiginleika sem þessar vörur hafa ekki.

6. gr.

Ílát og umbúðir fyrir snyrtivörur skulu merktar með óafmáanlegu, auðlæsilegu og greinilegu letri. Merkingar skulu vera á íslensku, norðurlandamáli, öðru en finnsku, eða ensku. Þó skulu varnaðarorð sem fram koma í viðauka 3 vera á íslensku.

7. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á íláti og umbúðum:

a) Nafn og heimilisfang framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila.
b) Innihaldsefni, í röð eftir minnkandi magni.
c) Fyrningardagssetning, fyrir vörur með minna geymsluþol en þrjú ár. Skal geymsluþol merkjast sem " best fyrir " þar sem getið er um mánuð og ár.
d) Sérstakar varúðarráðstafanir sem viðhafa skal við notkun, einkum þær sem tilgreindar eru í dálkinum "notkunarreglur og varnaðarorð" í viðauka 3, skulu prentaðar á ílát og umbúðir. Það sama á við um sérstakar viðvaranir fyrir snyrtivörur til faglegra nota, einkum í hársnyrtiiðnaði. Ef þessu verður ekki við komið skulu fyrrnefndar viðvaranir koma fram á meðfylgjandi fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti.
e) Nettómagn vörunnar gefið upp í einingum metrakerfisins (kg, g, l, ml), nema innihaldið sé minna en 5 g eða 5 ml eða um sé að ræða ókeypis sýni.

8. gr.

Þar sem því verður ekki við komið vegna stærðar eða lögunar vörunnar, t. d. þegar um er að ræða sápu, baðkúlur og aðrar smávörur, að birta upplýsingarnar sem um getur í 7. gr. b-lið á íláti, eða umbúðum, fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti skal birta þær í tilkynningu við ílátið þar sem viðkomandi snyrtivara er til sýnis og sölu.

9. gr.

Ef snyrtivara inniheldur efni sem fellur undir ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, skal merkja vöruna á íslensku í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

10. gr.

Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður snyrtivara skal hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila:

a) Efnasamsetningu vörunnar. Þegar um er að ræða ilmvötn eða ilmgefandi blöndur, skal einnig koma fram heiti og flokkunarnúmer ilmefnablöndu.
b) Tækniforskrift hráefna og fullunninna vara, hreinleika efnanna og vottorð um örverufræðilegt eftirlit sem gilda fyrir viðkomandi snyrtivörur.
c) Öryggisupplýsingar fyrir fullunna vöru með tilliti til heilsu manna.
d) Fyrirliggjandi upplýsingar um óæskileg áhrif á heilsu manna vegna notkunar viðkomandi snyrtivöru.

Eftirlit og rannsóknir.

11. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

12. gr.

Rannsóknir á efnainnihaldi snyrtivara skulu framkvæmdar samkvæmt ákvæðum tilskipana ESB um greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, sjá viðauka 7.

13. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal, ef svo ber undir, annast rannsóknir vegna opinbers eftirlits með snyrtivörum. Stofnunin getur þó falið öðrum viðurkenndum rannsóknarstofnunum, innlendum eða erlendum, að annast slíkar rannsóknir. Farið skal með niðurstöður rannsókna sem trúnaðarmál.

14. gr.

Hafi eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að tilteknar snyrtivörur innihaldi efni sem skaðað geta heilsu manna þá er honum heimilt að stöðva sölu og dreifingu vörunnar. Ef framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili óskar eftir því að fá að dreifa slíkri vöru, skal eftirlitsaðili meta hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um heilnæmi hennar. Rannsóknir skulu vera á kostnað þess aðila sem óskar eftir því að fá að dreifa vörunni.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

15. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að snyrtivörur hér á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

16. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Einnig voru höfð til hliðsjónar þau af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka XVI. kafla 1. tl., tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE og 93/47/EBE, svo og tilskipun nr. 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE og 93/73/EBE.

Umhverfisráðuneytið, 29. desember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki 1
Leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

1. Krem, fleyti, húðmjólk, hlaup og olíur fyrir húð (hendur, andlit, fætur og o.s.frv.).
2. Andlitsmaskar (þó ekki kornmaski).
3. Lituð dagkrem (fljótandi, pasti, púður).
4. Förðunarpúður, baðpúður, hreinlætispúður o.s.frv.
5. Handsápa, ilmsápa o.s.frv.
6. Ilmvatn, snyrtivatn og kölnarvatn.
7. Bað- og steypibaðsvörur (sölt, froða, olía, hlaup o.s.frv.).
8. Háreyðingarvörur.
9. Lyktareyðir, svitalyktareyðir.
10. Hársnyrtivörur;
    hárlitunar- og aflitunarvörur,
    hárliðunar- og afliðunarvörur, festir,
    hárlagningarvörur,
    hárhreinsivörur (vökvi, þurrhárþvottalögur, hárþvottalögur),
    hárnæringarvörur (vökvi, krem, olía),
    hárgreiðsluvörur (vökvi, hárlakk, hárgljái).
11. Rakstursvörur (sápa, froða, vökvi o.s.frv.).
12. Andlits- og augnförðunarvörur og viðeigandi hreinsiefni.
13. Varaáburður.
14. Vörur til tann- og munnhirðu.
15. Naglasnyrtivörur og naglalakk.
16. Vörur fyrir viðkvæm þrif útvortis.
17. Sólbaðsvörur.
18. Brúnkukrem án sólar.
19. Efni til að lýsa húð.
20. Efni sem vinna gegn hrukkum.

Viðauki 2
Listi yfir efni sem óheimilt er að nota í snyrtivörur.

Tilskipun ráðsins nr. 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ásamt breytingum.

Viðauki 3
Listi yfir efni sem leyfð eru í snyrtivörur með ákveðnum skilyrðum.

Tilskipun ráðsins nr. 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ásamt breytingum.

Viðauki 4
Listi yfir litarefni sem leyfð eru í snyrtivörur.

Tilskipun ráðsins nr. 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ásamt breytingum.

Viðauki 5
Listi yfir rotvarnarefni sem leyfð eru í snyrtivörur.

Tilskipun ráðsins nr. 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ásamt breytingum.

Viðauki 6
Listi yfir efni til síunar útfjólublárra geisla sem leyfð eru í snyrtivörur.

Tilskipun ráðsins nr. 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ásamt breytingum.

Viðauki 7
Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE og 93/73/EBE.

Viðaukar 2. - 7. verða gefnir út í sérstakri handbók sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

Tilskipun 76/768/EBE ásamt breytingum og viðbótum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE og 91/184/EBE eru birtar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S-19. II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XVI. Snyrtivörur, bls. 1-121. Breytingar og viðbætur í tilskipunum 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE og 93/47/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 485-500.

Tilskipun 80/1335/EBE ásamt breytingum og viðbótum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE og 85/490/EBE eru birtar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S-19. II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XVI. Snyrtivörur, bls. 122-234. Breytingar og viðbætur í tilskipun 93/73/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 501-520.

SAMÞYKKT

um hundahald innan þorpsmarka á Bakkafirði.

1. gr.

Hundahald er leyfilegt innan þorpsmarka á Bakkafirði að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Íbúum skráðum með búsetu í sveitarfélaginu geta sótt um leyfi til hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps á þar til gerðu eyðublaði til þess að hafa hund. Ólögráða einstaklingur skal fá samþykki lögráða ábyrgðarmanns sem skráður skal við leyfisveitingu hundsins.

Hreppsnefnd, eða aðilar á hennar vegum, gefur út leyfi og annast eftirlit með hundahaldi innan þorpsmarka Bakkafjarðar í samráði við heilbrigðisnefnd, og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda ef þörf krefur.

3. gr.

Hundaeigendur skulu árlega greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem hreppsnefnd samþykkir. Hundahreinsun og merki eru innifalin í leyfisgjaldinu. Hundaeigendum er skylt að hafa ól á hundum sínum með áðurnefndu merki. Þeim er og skylt að mæta með hunda sína til árlegrar hundahreinsunar og endurnýjunar leyfis.

4. gr.

Hundaeigandi skal gæta þess vel að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundaeigendum er skylt að þrífa undan og eftir hunda sína innan þorpsgirðingar.

5. gr.

Hundaeigendum er skylt að hafa hundaeigendatryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Leyfi er ekki veitt nema gegn framvísun vottorðs um gildandi hundaeigendatryggingu.

6. gr.

Lausaganga hunda innan þorpsgirðingar er stranglega bönnuð. Hundaeigendum í þorpinu er heimilt að hafa hunda sína lausa á eigin lóðum enda sé hundheld girðing á lóðarmörkum.

Ef hundar ganga lausir innan þorpsgirðingar skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þá. Lögreglan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Ef eigandi gefur sig fram eða finnst skal hann greiða áfallinn kostnað. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan viku skal honum ráðstafað til nýs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða hann aflífaður í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundaeiganda. Hið sama á við um óskráða aðkomuhunda sem ekki er vitjað innan viku frá því að þeir eru handsamaðir.

Ef hundur er handsamaður fimm sinnum skal hreppsnefnd afturkalla leyfi hundaeiganda til að halda hund.

7. gr.

Hættulegum hundum (samkvæmt úrskurði dýralæknis) og hundum sem eigi er leyfi fyrir skal þegar lóga.

8. gr.

Ef hundaeigandi brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða varðhaldi.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi 1. mars 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 692 30. desember 1994

REGLUR

um útreikning og færslu vaxta við Seðlabanka Íslands o.fl.

1. Viðskiptareikningar

1.1 Innstæður

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir sem færast í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn, nema sérstaklega sé um annað samið.

1.2 Yfirdráttur

Yfirdráttur á viðskiptareikningi umfram kvóta sbr. 7. tölulið er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna skjalaskipta, skal hlutaðeigandi innlánsstofnun án tafar gera ráðstafanir til að eyða honum. Það getur hún gert með því að selja Seðlabankanum verðbréf gegn endurkaupasamningi, sbr. 5. tölulið, og fá söluna vaxtafærða („valideraða") með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur verðbréfaviðskiptanna. Við slíka „valideringu" greiðist 0,1% gjald. Hlutaðeigandi innlánsstofnun skal framvísa umræddum verðbréfum fyrir kl. 10:30 á fyrsta banka-afgreiðsludegi eftir að yfirdráttur myndaðist.

2. Innstæðubréf

Af innstæðubréfum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Framboð innstæðubréfa er háð nánari ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni.

3. Verðtryggð innlán

Um verðbætur og vexti innstæðna á verðtryggðum reikningum fer sem hér segir:

- Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt. Lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. lánskjaravísitölu, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta.
- Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á lánskjaravísitölu, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.
- Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölufærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.
- Vextir af verðtryggðum reikningum reiknast í lok mánaðar af lægstu innstæðu mánaðarins og leggjast við höfuðstól um áramót.

4. Verðbréfasala gegn endurkaupasamningi

Að beiðni innlánsstofnana selur Seðlabankinn ríkisvíxla úr eigu sinni skv. nánari lýsingu í 5. lið hér á eftir, sem gildir með breyttum gerendum þar sem innlánsstofnanir eru kaupendur í stað Seðlabankans.

5. Verðbréfakaup gegn endurkaupasamningi

Að beiðni innlánsstofnunar kaupir Seðlabankinn verðbréf gegn endurkaupasamningi skv. nánari lýsingu hér á eftir. Bréfin skulu berast Seðlabankanum fyrir kl. 14:00 þann dag sem þau óskast keypt (bókuð). Endurkaupadaginn skal bera upp á afgreiðsludag banka. Bréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga eða útdráttardegi fyrir lok samningstímans. Séu bréf dregin út á samningstímanum, skal fyrirgreiðslan gerð upp þá þegar og skal þá miðað við sömu ávöxtun og samið var um.

Varðandi þessi verðbréfakaup gildir tiltekin ávöxtun skv. ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni. Út frá ávöxtun skal reiknuð forvaxtaprósenta með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar F er forvaxtaprósenta, A ávöxtun d dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur(^) táknar veldi, stjarna (*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir:

$$F = [\ 1 - 1/(1+A/100)^{(d/360)}]*36000/d$$

5.1 Ríkisvíxlar

Seðlabankinn kaupir ríkisvíxil af innlánsstofnun enda skuldbindi hún sig til að endurkaupa víxilinn eftir því sem næst 10 daga. Kaupverð Seðlabankans skal vera nafnverð víxilsins að frádregnum framangreindum forvöxtum til gjalddaga hans. Endurkaupaverð skal reiknað á sama hátt.

5.2 Önnur verðbréf

Seðlabankinn kaupir, skv. ákvörðun bankastjórnar hverju sinni, önnur verðbréf útgefin af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, enda skuldbindi hlutaðeigandi innlánsstofnun sig til að endurkaupa þau eftir því sem næst 30 daga. Kaupverð

Seðlabanka skal vera markaðsverð að frádregnum framangreindum forvöxtum, sem reiknast til loka samningstímans. Með markaðsverði er átt við meðalverð í viðskiptum með hlutaðeigandi verðbréf á Verðbréfaþingi daginn áður en samið er um kaupin, en sé ekkert viðskiptaverð fyrir hendi skal miða við hæsta kauptilboð þann dag. Endurkaupaverð skal vera framangreint markaðsverð.

6. Erlendur lánakvóti

Af lánum innan erlends lánakvóta eru vextir reiknaðir mánaðarlega frá 21. hvers mánaðar til 20. næsta mánaðar og færðir fyrir mánaðarlok.

7. Reikningskvóti

Seðlabankinn úthlutar banka reikningskvóta. Úthlutuð fjárhæð gildir fyrir hverja 2 samliggjandi almanaksmánuði. Kvótinn verður tilgreindur sem margfeldi af fjárhæð notaðs kvóta og fjölda daga, sem hann er notaður. Vextir af notuðum reikningskvóta eru tilgreindir sem forvextir í einn dag en reiknaðir mánaðarlega frá 21. hvers mánaðar til 20. næsta mánaðar og færðir í mánaðarlok. Umbreyting forvaxtaprósentu (F) yfir í vaxtaprósentu (V) með tveimur aukastöfum, sem notuð er til þess að reikna vexti mánaðarlega, er eftirfarandi:

$$V=[1/(1-F/36000)^{30}-1]*1200$$

8. Víxillán

Vextir víxillána, sé um þau að ræða, eru forvextir. Séu forvextir teknir fyrir lengri tíma en 3 mánuði í senn skulu þeir ákveðnir þannig að raunveruleg árleg ávöxtun verði ekki meiri en þegar um 3 mánuði er að ræða.

9. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1995. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands frá 31. maí 1994.

Reykjavík, 30. desember 1994.
Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.**

Nr. 693 30. desember 1994

REGLUGERÐ

um starfsemi neytendamáladeildar Vátryggingaeftirlitsins.

Starfssvið neytendamáladeildar.

1. gr.

Neytendamáladeild Vátryggingaeftirlitsins skal:

a) hafa með höndum upplýsinga- og kvörtunarþjónustu fyrir vátryggingataka og vátryggða hjá vátryggingafélögum. Upplýsingaþjónustan felst í því að gefa neytendum almennar upplýsingar um vátryggingamálefni, t.d. um löggjöf, skilmála vátryggingafélaga, túlkun á þeim og réttarstöðu gagnvart vátryggingafélagi. Kvörtunarþjónustan felst í því að gefa neytendum upplýsingar um réttarstöðu þeirra í einstökum ágreiningsefnum við

vátryggingafélag, svo og að veita viðtöku kvörtunum um viðskiptahætti eða starfshætti vátryggingafélags og fylgja slíkum kvörtunum eftir, sbr. b-lið þessarar greinar, þegar efni gefast til,

b) hafa eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Komi fram misbrestur í framkvæmd þessara þátta hjá vátryggingafélagi, skal neytendamáladeild gefa fyrirmæli um úrbætur á því sem úrskeiðis hefur farið. Neytendamáladeild skal gera almennar kannanir á þessum þáttum hjá vátryggingafélögum, þegar ástæða þykir til,

c) fylgjast, eftir því sem kostur er, með vátryggingaskilmálum sem í boði eru hér á landi og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptahætti. Telji neytendamáladeild að svo sé ekki skal gefa fyrirmæli um að tilteknum ákvæðum sé breytt eða þau afnumin,

d) kanna skilmála lögboðinna vátrygginga, svo og breytingar á þeim, áður en þeir eru boðnir á vátryggingamarkaði,

e) leitast við að koma upplýsingum og fræðslu til almennings um vátryggingamálefni, m.a. um skilmála vátryggingafélaga og löggjöf.

Málsmeðferð Neytendamáladeildar.

2. gr.

Upplýsinga- og kvörtunarþjónusta neytendamáladeildar skal að jafnaði fara fram munnlega. Neytendamáladeild getur óskað eftir því við neytanda að hann leggi fyrirspurn fram skriflega. Skal fyrirspurninni þá svarað skriflega.

Áður en neytandi leitar til neytendamáladeildar, skal hann þegar það á við fyrst leita eftir afstöðu vátryggingafélags þess er mál varðar.

Neytendamáladeild skal, þegar það á við, leita álits og rökstuðnings þess vátryggingafélags sem mál varðar, áður en neytanda eru gefnar upplýsingar eða umsögn um mál hans.

Neytendum skulu gefnar leiðbeiningar um gagnaöflun eftir því sem unnt er.

Vátryggingafélagi er skylt að veita neytendamáladeild aðgang að þeim gögnum sem neytendamáladeild þarf á að halda og eru í vörslu þess.

Neytendamáladeild skal gæta hlutleysis í starfi sínu.

Neytandinn og það vátryggingafélag sem mál varðar, eiga jafnan rétt á að fá afrit af gögnum þess máls sem um er fjallað, innan þeirra marka sem lög og reglur setja.

Upplýsinga- og kvörtunarþjónusta neytendadeildar skal vera neytendum að kostnaðarlausu.

3. gr.

Neytendamáladeild hefur ekki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum milli neytenda og vátryggingafélags um bótaskyldu eða bótafjárhæð. Neytendum skal bent á hvaða úrræði þeir hafa til að ná fram rétti sínum, m.a. hvaða aðili eða aðilar fari með úrskurðarvald eða dómsvald í málum þeirra.

Skráning mála.

4. gr.

Neytendamáladeild heldur skrá yfir þær fyrirspurnir og kvartanir sem berast til deildarinnar. Í skránni skulu koma fram upplýsingar um aðalatriði hverrar fyrirspurnar og hvaða upplýsingar voru gefnar neytanda.

Neytendamáladeild skal gefa út ársskýrslu um starfsemi deildarinnar.

Samstarf við úrskurðarnefnd.

5. gr.

Berist neytendamáladeild fyrirspurnir um ágreiningsefni sem falla undir starfssvið úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 485/1994, skal neytendum bent á að þeir geti borið málið undir nefndina.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 55. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 694 22. desember 1994

REGLUGERÐ

um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings, sem innihalda tiltekin efni.

Gildissvið.

1. gr.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða takmarka innflutning, framleiðslu eða notkun tiltekinna efna, sem geta verið eitruð eða hættuleg, í leikföng, skrautmuni og spaug- og gabbvarning.

Leikföng.

2. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn leikföng ef þau innihalda bensen og styrkur óbundins bensens er meiri en 5 mg/kg, miðað við þyngd leikfangsins eða hluta þess.

3. gr.

Óheimilt er að nota efni, sem flokkast undir reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, í leiki sem ætlaðir eru fyrir einn eða fleiri þátttakendur.

Skrautmunir og skreytingar.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn skrautmuni, t.d. skrautlampa eða öskubakka, sem innihalda efni í vökvaformi ætluð til þess að ná fram mismunandi ljós- eða litaáhrifum, ef efnin flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 236/1990.

5. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn efni í úðabrúsum, sem ætluð eru til skemmtunar eða skreytinga, t.d. glimmer eða jólasnjó, ef innihald úðabrúsans flokkast sem eldfimt, mjög eldfimt eða afar eldfimt samkvæmt reglugerð nr. 236/1990.

Spaug- og gabbvarningur.

6. gr.

Óheimilt er að framleiða eða flytja inn spaug- eða gabbvarning sem inniheldur efni sem flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 236/1990.

Enn fremur er óheimilt að framleiða, flytja inn eða nota eftirtalin efni í spaug- eða gabbvarning eða í hluti ætlaða til slíkra nota, svo sem í hnerriduft og fýlubombur:

- Duft úr sápuberki (*Quillaja saponaria)* ásamt sápuefnum sem gerð eru úr þessu efni.
- Duft úr rótum *Helleborus viridis* (fjallskuggi) og *Helleborus niger* (jólarós).
- Duft úr rótum *Veratrum album* (hvít hnerrirót) og *Veratrum nigrum* (svört hnerrirót).
- Bensidín og afleiður þess.
- o-Nítróbensaldehýð.
- Viðarduft (sag).
- Ammóníumsúlfíð.
- Ammóníumvetnissúlfíð.
- Ammóníumfjölsúlfíð.
- Rokgjarnir esterar brómediksýru; metýlbrómasetat, etýlbrómasetat, própýlbrómasetat, bútýlbrómasetat.

Eftirlit.

7. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

Viðurlög.

8. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 19. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, 3., 4. og 6. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauð-synjavörum, og 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 4. tl., tilskipun 76/769/EBE um takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablanda, eins og henni er breytt með tilskipunum 79/663/EBE, 82/806/EBE, 83/264/EBE og 89/677/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu að undanskilinni 5. gr. sem tekur gildi 1. janúar 1996.

Umhverfisráðuneytið, 22. desember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hlutverk nokkurra starfsstétta og lögaðila við aðgerðir gegn peningaþvætti.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að verði notuð til að þvætta peninga. Þessir aðilar eru samkvæmt reglugerð þessari:

1. Póst- og símamálastofnunin, þ. m. t. Póstgíróstofan.
2. Greiðslukortafyrirtæki.
3. Verðbréfamiðlarar.
4. Skiptistöðvar sem fengið hafa leyfi Seðlabanka Íslands til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti sbr. 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

2. gr.

Aðilar þeir sem nefndir eru í 1. gr. skulu láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni og tilkynna ríkissaksóknara um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara eða lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, skal láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna rannsóknarinnar.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal ríkissaksóknara tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

3. gr.

Stjórnendur, starfsmenn og aðrir, sem vinna í þágu þeirra aðila sem í 1. gr. getur, eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki frá þeim vitneskju um að ríkissaksóknara hafi verið sendar upplýsingar skv. 2. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 80 18. maí 1993 um aðgerðir gegn peningaþvætti, öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptaráðuneytið, 27. desember 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1995

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1995.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 52.000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir fyrir árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1995.

1. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virt er fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1995.

2. gr.

Eigendur annarra fasteigna sem virtar eru fasteignamati og ekki annast sorphirðu sjálfir fá sérmerkta sorppoka gegn gjaldi sem er kr. 130,00 á poka og innifelur það kostnað við sorphirðu.

3. gr.

Sorphirðugjald á aðrar fasteignir fellur niður enda annast eigendur sjálfir alla hreinsun og eyðingu sorps.

4. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.200.

5. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir fyrir árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 698 29. desember 1994

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Skeggjastaðahreppi á árinu 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að hafa hund í Skeggjastaðahreppi, sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald innan þorpsmarka Bakkafjarðar frá 29. desember 1994, skal vera kr. 6.000 á árinu 1995. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. mars 1995 og er óafturkræft. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsun og merki við fyrstu skráningu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktar um hundahald innan þorpsmarka Bakkafjarðar skal vera kr. 3.300 í fyrsta skipti, kr. 5.500 í annað skipti og kr. 7.700 í þriðja, fjórða og fimmta skipti.

3. gr.

Um greiðslu vaxta af vangreiddum gjöldum fer samkvæmt lögum nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur látið reikna breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1995 er 199,1 stig:

A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi **194.400** kr.
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 190.900 kr.

B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglug. nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi **5.840** kr.
Frá janúar 1994 var þessi fjárhæð 5.730 kr.

C. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum, sbr. 22. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum.
Í stað 600.000 kr. komi **1.166.600** kr.
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 1.145.500 kr.

D. 1. mgr. 5. gr. reglug. nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi **680.500** kr.
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 668.200 kr.

E. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglug. nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi **777.800** kr.
Frá 1. janúar 1994 var þessi fjárhæð 763.700 kr.

Reykjavík, 31. desember 1994.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

29. desember 1994 Nr. 700

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hafnarfirði fyrir árið 1995.

1. gr.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta sorphirðugjald kr. 3.000, vegna förgunar neyslu-úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu fyrir árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og gildir fyrir árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 701 29. desember 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn nr. 307/1986.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður sem verður töluliður 1.5., svohljóðandi:

1.5 Til Húsavíkurhafnar telst ennfremur hafnarsvæði hafnarinnar í Flatey á Skjálfanda.

2. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður sem verður töluliður 2.5., svohljóðandi:

2.5. Hálshreppur er eigandi hafnarinnar í Flatey á Skjálfanda. Hreppsnefnd Hálshrepps og bæjarstjórn Húsavíkur fara sameiginlega með stjórn hafnarmála Flateyjarhafnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytis. Hafnarstjórn Húsavíkur fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar Húsavíkur.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23 29. mars 1994, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ársæls Jónassonar, kafara.
Dags. 28. júlí 1991 með breytingum 29. desember 1994.

1. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Ársæls Jónassonar, kafara og björgunarsérfræðings, kt. 021001-2449, Hringbraut 53, Reykjavík, sem andaðist 2. mars 1990, skulu allar eftirlátnar eigur hans renna í minningarsjóð er beri nafn hans, sbr. fyrirsögn hér að ofan.
Þær eignir sem renna til sjóðsins eru eftirfarandi:

Fasteignir:

Hringbraut 63, efri hæð, kjallari og bílskúr.
Hluti lóðarinnar Vesturgata 24, Reykjavík.
Hluti jarðarinnar Mið-Meðalholts í Flóa.
Hluti jarðarinnar Þingdalur í Flóa.
Hluti jarðarinnar Tortu í Biskupstungum.

Samtals að fasteignamati 1. desember 1993	kr. 8.994.000,00.
Inneign í verðbréfasjóði þann 28. desember 1994	kr. 28.500.000,00.
Hlutabréf þann 28. desember 1994	kr. 705.000,00.

Að auki eru ýmsir lausamunir í búinu, svo sem innbú, sérslegin mynt o.fl.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa jafnan fimm menn: Formaður Björgunarsveitarinnar Ingólfs, forseti Slysavarnafélags Íslands, forseti Ferðafélags Íslands, og auk þeirra Jónas Halldórsson, trésmiður, Langholtsvegi 178, Reykjavík og Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi, Hafnarstræti 11, Reykjavík. Að tveim þeim síðasttöldu frágengnum skulu einhverjir af nánustu ættingjum mínum í móðurætt taka sæti í stjórninni, eftir tilnefningu þess sem víkur, en njóti hans ekki við skal sá, sem eftir situr tilnefna eftirmanninn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja menningar og mannúðarstarfsemi, sem stofnanda var hugleikin, á þann hátt sem mælt er fyrir í næstu grein.

4. gr.

Helmingur af árlegum tekjum sjóðsins skal ávallt lagður við höfuðstól en öðrum helmingi skal varið þannig: Árið 1991 fellur hann til Björgunarsveitarinnar Ingólfs í Reykjavík til kaupa á björgunartækjum og upp frá því skal helmingi tekna annað hvert ár varið í sama skyni.

Það árið, sem ekki er úthlutað til Björgunarsveitarinnar skal helmingur af árstekjum renna til Ferðafélags Íslands og varið til að stuðla að heilbrigðu útilífi almennings með því:

a) Að auðvelda gönguferðir til æskilegra staða. Skal þar sérstaklega haft í huga að greiða gönguleið sunnanvert upp á Esju m.a. með lagningu strengjabrautar þar sem þess teldist þörf.
b) Að byggja sæluhús eða skýli í óbyggðum til öryggis og hagræðis fyrir ferðamenn.

Sérákvæði eru um fasteignir sjóðsins í næstu grein.

5. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá stofnanda má aldrei selja fasteignir búsins, aðrar en hluta í lóð að Vesturgötu 24.

Leigutekjur af íbúðum og bílskúr að Hringbraut 63 falla til sjóðsins og ávaxtast á sama hátt sem önnur peningaeign hans.

Eignarhluta stofnanda í jörðunum Tortu í Biskupstungum, Mið-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi og Þingdal í Villingaholtshreppi skal eingöngu nýta til skógræktar, á jörðunum sjálfum svo sem framast er kostur. Tekjum af jörðunum skal varið í sama skyni, svo og því andvirði þeirra sem kynni að falla til við þvingaða sölu eða eignarnám. Sjóðsstjórn er heimilt að fela Skógrækt ríkisins eða viðurkenndu skógræktarfélagi í Árnessýslu að sjá um framkvæmd skógræktar á jörðunum.

6. gr.

Peningaeign sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem arðgæfastan og fulltryggðan hátt, t.d. í spariskírteinum ríkissjóðs eða öðrum sambærilegum verðbréfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman árlega eigi síðar en í apríl og skulu þá liggja fyrir reikningar næstliðins almanaksárs, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem sjóðsstjórn hefur kjörið. Í endurskoðun felst m.a. að gæta þess að tekjum hafi verið varið í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Breytingu á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að stjórn sjóðsins samþykki þær einróma og ráðherra samþykki þær.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af undirrituðum samkvæmt fyrirmælum stofnanda í erfðaskrá hans dags. 9. júlí 1983, sem jafnframt mælir svo fyrir að fylgt sé óskráðum hugmyndum, sem hann lét í ljósi við gerð erfðaskrárinnar. Staðfestingar á skránni verður leitað þegar skorið hefur verið úr ágreiningi um gildi erfðaskrárinnar.

Reykjavík, 29. desember 1994.
Unnsteinn Beck.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Vík í Mýrdal.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

1.1 Hafnarsvæði hafnarinnar í Vík í Mýrdal markast af landamörkum Víkurjarða að vestan og Víkurá í austri, 500 metra til sjávar frá Seilasteini og 100 metra til norðurs (lands).

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

2.1 Mýrdalshreppur er eigandi hafnarinnar. Hreppsnefnd fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytis.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði hreppsnefndar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er hreppsnefnd kýs og jafnmörgum til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

2.3 Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og hreppsnefndar.

2.4 Hafnarstjóri, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2.5 Auk hinna kjörnu fulltrúa á sveitarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir hreppsnefnd til staðfestingar. Hafnarstjórn skal leita staðfestingar hreppsnefndar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2. Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:

- Ráðningar fastra starfsmanna, sbr. 5. gr.
- Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
- Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til hreppsnefndar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingarmál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og byggingarnefndar áður en þau eru lögð fyrir hreppsnefnd. Innan hafnar má ekki gera nein hafnarannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða hreppsnefndar komi til. Hafnarstjóri hefur eftirlit á hafnarsvæðinu, með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

4.1 Hafnarstjóri sem skipaður er af hreppsnefnd að fenginni tillögu hafnarstjórnar fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem

leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtökum erindum til hennar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og hreppsnefndar.

4.3. Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á hafnarsvæðinu. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra sem hann felur slík störf. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af hafnarstjóra getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun hafnarstjóra ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningstæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Sérhvert fiskiskip skal boða áætlaða komu sína til hafnarstjóra með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst klst. fyrirvara.

8. gr.

Lestun og losun, almennt.

8.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

8.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

8.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar.

8.4 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án leyfis hafnaryfirvalda.

8.5 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er sér hefur um verkið, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

9. gr.

Um hafnargjöld.

9.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám er settar skulu í samræmi við ákvæði 11. gr. hafnalaga.

10. gr.

Umferð og fleira.

10.1 Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin.

10.2 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis.

11. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

11.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

11.2 Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn á hafnarsvæðið skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum nema leyfi hafnarstjóra komi til.

11.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem veldur mengun.

11.5 Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

12.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á mannvirkjum hafnarinnar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum um skaðabætur verður ekki við komið, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

13. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

13.1 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Mýrdalshrepps.

13.2 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUR

um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skv. 62. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993.

I. KAFLI.
Gildissvið.

1.gr.

Reglur þessar eru skilgreining á meginatriðum í góðri endurskoðunarvenju hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum sbr. 62. gr. laga nr. 43/1993 og 11. gr. laga nr. 123/1993. Reglur þessar eru einnig leiðbeinandi hvað varðar skipulagningu, framkvæmd og áritun um könnun á árshlutareikningum sömu stofnana.

II. KAFLI.
Markmið endurskoðunar ársreiknings.

2. gr.

Endurskoðun ársreiknings lánastofnunar skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við ákvæði þessara reglna. Markmið endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu og efnahag lánastofnunar og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem um stofnunina gilda, félagssamþykktir og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi stofnunar.

Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

Hvort upplýsingar í rekstrarreikningi og skýringum gefi glögga mynd af rekstri stofnunar í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Hvort útlán, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi, í eigu stofnunar og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig að veðsetning og aðrar kvaðir á eignum komi fram í ársreikningi.

Hvort skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Hvort rekstrar- og efnahagsreikningur sé í samræmi við bókhald viðkomandi stofnunar.
Hvort einstakir liðir rekstrar- og efnahagsreiknings séu sundurliðaðir og flokkaðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram í ársreikningi.

III. KAFLI.
Hlutverk og staða endurskoðanda.

3. gr.

Endurskoðandi má ekki vera háður stjórnendum stofnunar, eiga sæti í stjórn eða vera starfsmaður. Endurskoðanda lánastofnunar er ennfremur óheimilt að starfa í þágu stofnunarinnar að verkefnum sem skert geta óhæði hans gagnvart stofnuninni. Jafnframt skal endurskoðandi forðast að vera beinn þátttakandi í mikilvægum útlána- og rekstrarákvörðunum lánastofnunar eða koma með fyrstu tillögur að verðmætamati eigna eða skuldbindinga lánastofnunar, einkum ef í slíku mati felst annað en aðstoð við tæknilega útreikninga út frá gefnum forsendum.

Endurskoðandi lánastofnunar má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari eða sem ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

4. gr.

Endurskoðandi getur ekki samþykkt leiðsögn eða íhlutun stjórnanda lánastofnunar eða þriðja aðila um framkvæmd endurskoðunar. Hann getur þannig ekki gert samkomulag sem kveður á um takmörkun endurskoðunar.

5. gr.

Löggiltum endurskoðanda lánastofnunar er heimilt að nota aðstoðarmenn og sérfræðinga við einstaka þætti endurskoðunarvinnunar enda séu þeir faglega hæfir til starfans. Endurskoðandi skal einnig, samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn lánastofnunar, og í þeim mæli sem hann telur eðlilegt, byggja vinnu sína á athugunum og könnunum sem innri endurskoðunardeild lánastofnunar framkvæmir, enda hafi hann gengið úr skugga um að sjálfstæði, óhæði og fagleg þekking starfsmanna deildarinnar sé nægjanleg til þess að á vinnu þeirra sé byggjandi. Endurskoðandi skal ávallt yfirfara og framkvæma nauðsynlegar athuganir á gæðum og umfangi þeirrar vinnu innri endurskoðunardeildar sem hann hyggst byggja niðurstöður sínar á.

IV. KAFLI.
Framkvæmd og umfang endurskoðunar.

6. gr.

Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með þessu er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum sem hæfir og samviskusamir endurskoðendur nota. Meginþættir í framkvæmd endurskoðunar eru sem hér segir:

> Könnun á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, bókhaldsskipulagi og skipulagi annarra starfsþátta með tilliti til áreiðanleika þeirra bókhaldskerfa sem í notkun eru og með tilliti til innra eftirlits.

Athuganir og söfnun gagna til að staðfesta réttmæti einstakra liða sem fram koma í ársreikningi. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal kanna hvaða reikningsútskriftir og staðfestingar eru sendar frá stofnuninni og meta á grundvelli góðrar endurskoðunarvenju hvort nauðsynlegt sé að framkvæma viðbótarkannanir. Jafnframt felst í þessu að endurskoðandi skal, við endurskoðun ársreiknings, framkvæma sérstakar kannanir á stöðu stærstu skuldara með tilliti til greiðslutrygginga og afskriftaþarfar. Endurskoðandi skal einnig afla yfirlýsinga stjórnenda um að allar eignir, skuldir, ábyrgðir, kvaðir og skuldbindingar komi fram í ársreikningi og að stjórnendum sé ekki kunnugt um áhættu eða atvik, fyrir eða eftir lok reikningsárs, sem tengjast fjárhagsstöðu lánastofnunar og kynnu síðar að leiða til umtalsverðrar skerðingar á þeirri fjárhagsstöðu sem fram kemur í ársreikningnum.

Könnun á starfsemi stofnunar, þróun hennar og horfum, fyrst og fremst til að meta hættuna á því að eigið fé stofnunarinnar fari á næsta ári undir það lágmark sem kveðið er á um í 54. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 67. gr. sömu laga og 10. gr. laga nr. 123/1993, sbr. 12. gr. sömu laga.

7. gr

Endurskoðanda ber að ganga úr skugga um að sú lýsing á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, og innra eftirliti sem hann byggir mat sitt á við ákvörðun um umfang og aðferðir við endurskoðun ársreiknings sé áreiðanleg. Það skal meðal annars gert með dreifikönnunum á færslum á hinum ýmsu sviðum bókhaldskerfisins og reglulegum könnunum á einstökum þáttum innra eftirlits.

Leiði kannanir í ljós að bókhaldskerfi og innra eftirlit tryggja með viðunandi hætti að bókhald sé í góðu horfi getur það leitt til þess að umfangsmikil könnun einstakra bókhaldsliða sé ekki nauðsynleg.

V. KAFLI.
Mikilvægi og áhætta.

8. gr

Við ákvörðun um framkvæmd og umfang athugana vegna endurskoðunar og áritunar á ársreikning, ber endurskoðanda að hafa í huga mikilvægi einstakra þátta og áhættu. Endurskoðandi skal haga könnun sinni þannig að meginhersla sé lögð á þá liði ársreiknings og þá þætti innra eftirlits, sem mestu máli skipta og þar sem hætta á verulegum skekkjum er mest.

Hinir ýmsu liðir ársreiknings eru háðir mismikilli áhættu að því er skekkju varðar. Styrkur innra eftirlits hefur áhrif á áhættuna og þar með ákvarðanir um framkvæmd og umfang endurskoðunar.

Gott innra eftirlit stofnunar getur hinsvegar aldrei alfarið komið í stað þess að endurskoðandi framkvæmi sjálfstæðar athuganir og gagnasöfnun til staðfestingar réttmæti einstakra mikilvægra liða ársreikningsins. Þannig skal endurskoðandi ávallt framkvæma sérstakar athuganir á raunvirði eigna stofnunar og kanna sérstaklega þá áhættu sem kann að vera tengd skuldbindingum eða samningum sem stofnunin hefur átt aðild að. Dreifing útlána og útlán til stærstu lánþega, greiðslutryggingar og afskriftaframlög skulu einnig könnuð sérstaklega.

9. gr

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri lánastofnunar eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar skal endurskoðandi skriflega tilkynna það stjórnendum hlutaðeigandi stofnunar og bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða þegar um sparisjóð er að ræða, ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að stjórnendur hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

VI. KAFLI.
Skipulagning og skráning endurskoðunarvinnu.

10. gr.

Árleg endurskoðunarvinna skal í meginatriðum vera fyrirfram skipulögð í endurskoðunaráætlun, sem er skrifleg lýsing á fyrirhuguðu umfangi og framgangi endurskoðunarinnar og þar sem á skipulegan hátt er farið yfir þá þætti í innra og ytra umhverfi lánastofnunar sem áhrif geta haft á endurskoðunarvinnuna.

Endurskoðun skal síðan framkvæmd í samræmi við endurskoðunarfyrirmæli sem er skrifleg lýsing á þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja endurskoðunaráætlun.

Umfang og niðurstöðu einstakra endurskoðunaraðgerða og heildarniðurstöður um einstaka liði ársreiknings skal skrá á vinnuskjöl. Vinnuskjölunum skal safnað saman og þau geymd á kerfisbundinn hátt.

11. gr.

Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórn eða stjórnendur skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef endurskoðanda þykir ástæða til skal hann gera tillögur til stjórnar lánastofnunar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti eða innri endurskoðun og öðru því sem hann telur að geti verið til bóta í rekstri lánastofnunar.

VII. KAFLI.
Áritun ársreiknings og endurskoðunarskýrsla til stjórnar.

12. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina þar frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Í árituninni skulu koma fram upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við gildandi lög og reglur og að í því sambandi hafi verið framkvæmdar þær endurskoðunaraðgerðir sem endurskoðandinn hefur talið nauðsynlegar. Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Endurskoðandi skal undirrita og dagsetja áritun sína á þeim degi sem hann lýkur endurskoðunarvinnu sinni, þ.m.t. sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir

uppgjörsdag og sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir að venjulegri endurskoðunarvinnu lýkur, fram til dagsetningar áritunar. Endurskoðandi skal ekki árita ársreikning fyrr en stjórnendur hafa staðfest hann með undirritun sinni.

13. gr.

Auk þess að árita ársreikning stofnunar skal endurskoðandi að lokinni hefðbundinni endurskoðunarvinnu senda stjórn viðkomandi stofnunar sérstaka endurskoðunarskýrslu vegna ársuppgjörsins. Í slíkri skýrslu skal endurskoðandi, eftir því sem við á, gera grein fyrir eftirfarandi:

Helstu þáttum þeirrar endurskoðunarvinnu sem framkvæmd hefur verið í tengslum við endurskoðun ársreiknings, þ.m.t. hvernig staðið hefur verið að könnun á útlánum stofnunarinnar.

Umsögn endurskoðandans á framlögum í afskriftareikning, þar á meðal umsögn um sérstök framlög vegna stærstu lánþega.

Helstu niðurstöðum endurskoðunarkannana á innra eftirliti stofnunarinnar og áliti endurskoðanda á gæðum innra eftirlitiskerfis stofnunarinnar og starfsemi innri endurskoðunardeildar. Í þessu samhengi er eðlilegt að vísað sé til þeirra ábendinga og athugasemda sem endurskoðandi hefur skriflega komið á framfæri við stjórnendur stofnunarinnar fyrr á árinu.

Aðrar þær athugasemdir og ábendingar sem endurskoðandi telur ástæðu til að koma á framfæri við stjórn stofnunarinnar s.s. athugasemdum varðandi rekstur stofnunar, varðveislu eigna og athugasemdum vegna áhættustýringar stofnunar vegna t.d útlánaáhættu, gengisáhættu eða vaxtaáhættu.

VIII. KAFLI.

Könnun árshlutareikninga lánastofnana.

14. gr.

Endurskoðandi skal því aðeins árita árshlutareikning sem kannaðan að hann þekki vel til starfsemi stofnunarinnar og rekstrarumhverfis hennar.

Könnun á árshlutareikningum byggist á mati á mikilvægi og áhættu með sama hætti og þegar um endurskoðun er að ræða, en vinna endurskoðanda er hins vegar ekki eins umfangsmikil og við endurskoðun.

Við framkvæmd könnunar á árshlutareikningi skal endurskoðandi með greiningaraðgerðum meta innra samræmi reikningsskila og hvort afkoma og breytingar á eignum, skuldum og hag stofnunar séu eðlilegar og í samræmi við þá þekkingu sem endurskoðandi hefur á starfsemi stofnunarinnar. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal meta þróun í stærstu útlánunum, greiðslutryggingum og afskriftaframlögum og endurskoðandi skal með fyrirspurnum afla vitneskju um þau atvik eftir lok uppgjörstímabils, fram til þess dags sem áritun endurskoðanda er dagsett, sem gætu haft verulega þýðingu fyrir reikningsskilin.

Könnun felur í sér greiningaraðgerðir og fyrirspurnir sem gerðar eru í því skyni að staðfesta niðurstöðu reikningsskila og að gera enn frekari athuganir ef þær aðgerðir reynast

ekki fullnægjandi. Umfang og eðli þeirra aðgerða sem endurskoðandi telur þörf á að beita í hverju einstöku tilfelli byggist á faglegri þekkingu hans og þekkingu hans á einstökum áhættuþáttum í reikningsskilum stofnunarinnar.

Komist endurskoðandi að því að reikningsskilum sé áfátt í verulegum atriðum skal hann framkvæma frekari athuganir til þess að geta tekið ákvörðun um fyrirvaralausa yfirlýsingu í áritun sinni eða hvort sérstakur fyrirvari sé nauðsynlegur.

Vinnuskjöl endurskoðanda um könnun ársreiknings skulu innihalda lýsingu á því í hverju vinna hans var fólgin ásamt niðurstöðum.

Að lokinni könnun sinni skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um reikningsskilin með áritun á þau. Yfirlýsingin skal vera ótvíræð, skýr og skiljanleg og þar skal gerð grein fyrir könnuninni og umfangi hennar. Hafi endurskoðandi komist að raun um umtalsverða skekkju, verulega óvissu, að mikilvægar upplýsingar vanti í ársreikning eða að líkur séu á að eigið fé hlutaðeigandi stofnunar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. laga nr. 43/1993 og 10. gr. laga nr. 123/1993 skal endurskoðandi setja fram fyrirvara og gera grein fyrir í hverju hann er fólginn. Séu reikningsskilin einhverjum annmörkum háð m.t.t. laga og reglna um bókhald og reikningsskil viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skal endurskoðandi ekki gefa yfirlýsingu um afkomu eða efnahag stofnunarinnar.

IX. KAFLI.
Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 62. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. desember 1994.

Seðlabanki Íslands.
Bankaeftirlit.

Steingrímur Hermannsson.

Þórður Ólafsson.

EMBÆTTI OG SÝSLANIR.

1991:

12. ágúst var Birni P. Flygenring, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í almennum lyflækningum með hjartalækningar sem undirgrein og starfa sem slíkur hér á landi.

16. september var Gunnari Jónassyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum barnalækningum hér á landi.

1993:

14. janúar var Hákoni Hákonarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

11. júní var gefin út löggilding handa Ólöfu Dóru Kondrup til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr íslensku á frönsku og úr frönsku á íslensku.

23. júní var Gunnar Ahlbäck skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Sundsvall.

14. september var Jóhannesi Kára Kristinssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

7. október var Ragnheiði Thoroddsen veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

20. október var Guðlaugu Ingvarsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

2. nóvember var Magnúsi Jóni Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

22. nóvember var Nönnu Sigríði Kristinsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. nóvember var Margréti Árnadóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum hér á landi.

6. desember var Hlíf Steingrímsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

8. desember var Karli Strand, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1994.

9. desember var Jörn Jörgensen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Esbjerg.

13. desember var Otto Guðjónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lýtalækningum sem undirgrein við skurðlækningar hér á landi.

S.d. var Úlfari Þórðarsyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1994.

20. desember var gefið út skipunarbréf handa séra Ólafi Jens Sigurðssyni fyrir Ingjaldshólsprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi, frá 1. janúar 1994 að telja.

21. desember var Einar Magnússon, deildarstjóri, skipaður skrifstofustjóri 1. stigs í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Eggert Sigfússon, settur deildarstjóri, skipaður deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. desember 1993 að telja.

S.d. var Ragnheiður Haraldsdóttir, hjúkrunarfræðingur, skipuð deildarstjóri í heilbirgðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Sigurður Guðmundsson, læknir, skipaður til að vera yfirlæknir við lyflækningadeild Landspítalans frá og með 1. janúar 1994 að telja.

22. desember var Bjarna Ásgeirssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

23. desember var Njörður P. Njarðvík skipaður prófessor í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1993 að telja.

S.d. var Lárusi Þór Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S.d. var Stefáni Einari Matthíassyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í æðaskurðlækningum sem undirgrein við skurðlækningar hér á landi.

S.d. var Sæmundi Pálssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannréttingum hér á landi.

S.d. var Emil Lárusi Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilslækningum hér á landi.

27. desember var Ólafur S. Andrésson skipaður í stöðu sérfræðings í sameindalíffræði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Greg J. Beuerman skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í New Orleans.

S.d. var Jörg Hübner skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Lübeck með sambandslandið Schleswig-Holstein sem umdæmi.

28. desember var Ragnheiði Harðardóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. desember var Bjarka H. Diego, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Einari S. Hálfdánarsyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni Björgvini Garðari Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

31. desember var Rúnar Guðjónsson, sýslumaður í Borgarnesi, skipaður til þess að vera sýslumaður í Reykjavík frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi, skipaður til þess að vera sýslumaður á Siglufirði frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Sigurður Hall Stefánsson, settur héraðsdómari, skipaður til þess að vera héraðsdómari við héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Stefáni Jóhannssyni veitt lausn sem kjörræðismaður Svíþjóðar með ræðismannsstigi á Seyðisfirði fyrir aldurs sakir.

S.d. var Bertil Falck skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Gautaborg.

S.d. var Gösta Lundholm veitt lausn sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Gautaborg.

S.d. var Ragnheiði Árnadóttur, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Gudmund Knutsen, héraðsdýralækni í Vestur-Eyjafjarðarumdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Sverri Markússyni, héraðsdýralækni í Mýrasýsluumdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1994 að telja.

1994:

5. janúar var Óskari Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum hér á landi. Jafnframt var fellt úr gildi sérfræðileyfi hans í lungnalækningum frá 26. janúar 1983.

10. janúar var Sigurði Heiðdal, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í smitsjúkdómum sem undirgrein við almennar lyflækningar hér á landi.

S.d. var Heather Alda Ireland skipuð kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Vancouver.

11. janúar var Birni Guðbrandssyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1994.

S.d. var Reinhard Meiners skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Bremerhaven með sambandslandið Bremen sem umdæmi.

13. janúar var dr. Þóri Kr. Þórðarsyni veitt lausn frá embætti prófessors við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. september 1994 að telja, að hans eigin ósk.

20. janúar var staðfest að Jörmundur Ingi Hansen er forstöðumaður Ásatrúarfélagsins.

S.d. var Írisi Sveinsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. janúar var dr. Halldór Ármann Sigurðsson skipaður dósent í íslenskum málvísindum við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1994 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá stöðu dósents í íslensku máli fyrir erlenda stúdenta við heimspekideild frá sama tíma að telja.

28. janúar var Önnu Theodóru Gunnarsdóttur, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá 1. mars 1994 að telja.

1. febrúar var Sigurður Gunnarsson skipaður til þess að vera sýslumaður í Vík í Mýrdal frá 1. febrúar 1994 að telja.

S.d. var Inger L. Jónsdóttir skipuð til þess að vera sýslumaður á Eskifirði frá 1. febrúar 1994 að telja.

S.d. var séra Jónasi Gíslasyni, vígslubiskupi í Skálholti, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá 1. júní 1994 að telja.

4. febrúar var Eiríkur Rögnvaldsson skipaður prófessor í íslensku við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. maí 1993 að telja.

S.d. var Sigrún Aðalbjarnardóttir skipuð prófessor í uppeldisfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1994 að telja.

9. febrúar var Kolbeini Kristóferssyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1994.

S.d. var Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

11. febrúar var Stefán Skarphéðinsson skipaður til þess að vera sýslumaður í Borgarnesi frá 1. mars 1994 að telja.

15. febrúar var Vilhjálmur *Peter* Holbrook skipaður prófessor í örveru- og ónæmisfræði við tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 1. desember 1992 að telja.

S.d. var Jón Ólafsson, haffræðingur, skipaður prófessor í hafefnafræði við efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. júlí 1994 að telja.

18. febrúar var gefið út skipunarbréf handa Kristni Jens Sigurþórssyni, guðfræðingi, fyrir Þingeyrarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi, frá 20. febrúar 1994 að telja.

22. febrúar var Þóröi *Herberti* Eiríkssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S.d. var Hróbjarti Darra Karlssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

23. febrúar var Júlíusi Smára, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurði R. Arnalds, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. febrúar var Guðmundi Birgi Ólafssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1. mars var Jóni Ísberg, sýslumanni á Blönduósi veitt lausn frá embætti, frá 24. apríl 1994 að telja.

S.d. var Vilhelmínu Haraldsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með blóðsjúkdóma sem undirgrein hér á landi.

2. mars var Sigurjón Mýrdal skipaður lektor í uppeldis- og kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. febrúar 1994 að telja.

4. mars var gefin út löggilding handa Ægi Breiðfjörð til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Ástríði Sólrúnu Grímsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. mars var Eduardo Rihan skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Mexíkó.

S.d. var Stanislaw Laskowski skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Póllandi.

9. mars var Guðrúnu Svanborgu Hauksdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Gísla Baldurssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

10. mars var Jóhannesi Karli Sveinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. mars var Baldvini Birni Haraldssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

14. mars var sr. Sigurði Ægissyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Bolungarvíkurprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. júní 1994 að telja.

S.d. var gefin út löggilding handa Tryggva Pálssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

16. mars var Hannesi Hrafnkelssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

24. mars var Ingimar Sigurðssyni veitt lausn að eigin ósk frá embætti skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. mars 1994 að telja.

25. mars var Ásgeiri Á. Ragnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ingu Þöll Þórgnýsdóttur, lögfæðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. mars var Þóröi Þórðarsyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

29. mars var Ingvari Sveinbjörnssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

30. mars var Guðjón Baldursson, læknir, skipaður í hlutastöðu lektors (37%) í líffærafræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1994 að telja.

5. apríl var gefin út löggilding handa Sigurði Óskarssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

7. apríl lagði Hilmar Pálsson, löggiltur fasteigna- og skipasali, inn leyfisbréf sitt til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

8. apríl var Ágúst Þorleifsson skipaður héraðsdýralæknir í Vestur-Eyjafjarðarumdæmi frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Rúnar Gíslason skipaður héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi frá 1. febrúar 1994 að telja.

S.d. var Ármann Gunnarsson skipaður héraðsdýralæknir í Austur-Eyjafjarðarumdæmi frá 1. apríl 1994 að telja.

S.d. var Gunnar Gauti Gunnarsson skipaður héraðsdýralæknir í Mýrasýsluumdæmi frá 1. apríl 1994 að telja.

12. apríl var Petru Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

15. apríl var Gísli Ágúst Gunnlaugsson skipaður dósent í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1994 að telja.

18. apríl var Þórólfur Halldórsson hdl. skipaður til þess að vera sýslumaður á Patreksfirði frá 1. maí 1994 að telja.

S.d. var Kjartan Þorkelsson, sýslumaður í Ólafsfirði, skipaður til þess að vera sýslumaður á Blönduósi frá 25. apríl að telja.

19. apríl var Cameron Buchanan skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Edinborg.

20. apríl var Erni Kristjáni Snorrasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

26. apríl var Sigurði Björnssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Guðmundi Ingva Sverrissyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í embættislækningum sem undirgrein við heimilslækningar hér á landi.

3. maí var gefin út löggilding handa Hauki Bjarnasyni, héraðsdómslögmanni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

10. maí var Sigurjóni Halldórssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

17. maí var Júlíus Valsson, læknir, skipaður í stöðu tryggingayfirlæknis frá og með 1. júní 1994 að telja.

19. maí var Baldur Sigurðsson, M.A., skipaður lektor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1994 að telja.

20. maí var gefin út löggilding handa Þórarni Jónssyni, lögfræðingi, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

24. maí var Baldvin Þorkeli Kristjánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum hér á landi.

25. maí var Sesselju Jónsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Steingrími Wernerssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Helga Jónssyni, lækni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með gigtlækningar sem undirgrein hér á landi.

26. maí var Guðmundi I. Guðmundssyni, lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Hjördísi E. Harðardóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Hallgrími Ásgeirssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þóru Björgu Magnúsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

30. maí var Guðríði Kolku Zophoníasdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Sólveigu Hólmfríði Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

31. maí var gefin út löggilding handa Kristjáni Kristjánssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Sveini M. Sveinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

1. júní var Ómari Stefánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

3. júní var Jóni Vilberg Guðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðs- dómi.

S.d. var Daníel Benediktssyni, lektor í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, veitt lausn frá starfi frá 1. september 1994 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var sr. Sigurður Sigurðsson skipaður til þess að vera vígslubiskup í Skálholtsstifti, frá 3. júní 1994 að telja.

7. júní var gefin út löggilding handa Daða Jóhannessyni héraðsdómslögmanni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

8. júní var Sigríði Kristinsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. júní var gefin út löggilding handa Magnúsi Leópoldssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Jóni Ólafssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Tékklands með ræðismannsstigi í Reykjavík.

10. júní var Ólafía Kristný Ólafsdóttir viðurkennd sem staðgöngumaður forstöðumanns Bahá'iatrúfélagsins í júnímánuði 1994.

13. júní var sr. Þorleifi Kjartani Kristmundssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Kolfreyjustaðarprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi og frá embætti prófasts í Austfjarðaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. september 1994 að telja.

S.d. var dr. Sigurður Reynir Gíslason skipaður til að gegna stöðu fastráðins sérfræðings við jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá 1. júní 1994 að telja.

16. júní var Hafdísi Helgu Ólafsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

21. júní var Markús Sigurbjörnsson, prófessor, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. júlí 1994 að telja.

S.d. var Gunnari M. Guðmundssyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. september 1994 að telja.

22. júní var Halldóri Frímannssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

23. júní var Dögg Pálsdóttur, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

24. júní var Jóhannesi Bjarna Björnssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. júní var gefin út löggilding handa Guðlaugu Geirsdóttur til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Sigríður Jósefsdóttir skipuð til þess að vera saksóknari við embætti ríkissaksóknara frá 1. júlí 1994 að telja.

30. júní var Kristjáni Gunnari Valdimarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1. júlí var Ólafur Valsson skipaður til þess að vera héraðsdýralæknir í Dalvíkurumdæmi frá 1. júlí 1994 að telja.

S.d. var dr. Gunnar Sigurðsson skipaður til þess að vera forstöðumaður Aðfangaeftirlits frá 1. júní 1994 að telja.

S.d. var Stefán Karlsson, mag. art., skipaður forstöðumaður Stofnunnar Árna Magnússonar á Íslandi frá 1. júlí 1994 að telja. Forstöðumaðurinn er jafnframt prófessor í heimspekideild Háskóla Íslands með takmarkaða kennsluskyldu.

5. júlí var Snjólaug Ólafsdóttir, lögfræðingur, skipuð skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti og falið að veita forstöðu Norðurlandaskrifstofu ráðuneytisins frá 1. júlí 1994.

S.d. var Þorbjörgu I. Jónsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

12. júlí var Björn Rögnvaldsson, sýslumannsfulltrúi, skipaður til þess að vera sýslumaður á Ólafsfirði frá 16. júlí 1994 að telja.

14. júlí var Ástráður Eysteinsson skipaður prófessor í almennri bókmenntafræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1994 að telja.

S.d. var Halldór Ármann Sigurðsson skipaður prófessor í almennum málvísindum við heimspekideild frá 1. september 1993 að telja.

26. júlí var Margrét Jónsdóttir skipuð í stöðu dósents í íslensku fyrir erlenda stúdenta við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1994 að telja.

28. júlí var Þorgeir Örlygsson skipaður prófessor í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1994 að telja.

S.d. var Guðmundur Georgsson, læknir, ráðinn forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um sex ára skeið frá 1. júlí 1994 að telja.

S.d. var Guðmundur Georgsson skipaður prófessor við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1994 að telja.

4. ágúst var Arnóri Hannibalssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Litháen með ræðismannsstigi í Reykjavík.

5. ágúst var Jóni Ísberg, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. ágúst var Kristjáni Val Ingólfssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Grenjaðarstaðarprestakalli, í Þingeyjarprófstsdæmi, að eigin ósk, frá 1. október 1994 að telja.

S.d. var Gunnlaugur Claessen, ríkislögmaður, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. september 1994 að telja.

10. ágúst var gefið út skipunarbréf handa séra Ágústi Einarssyni fyrir Raufarhafnarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi, frá 20. ágúst 1994 að telja.

S.d. var séra Davíð Baldursson, sóknarprestur í Eskifjarðarprestakalli, skipaður prófastur í Austfjarðaprófastsdæmi, frá 1. september 1994 að telja.

17. ágúst var Brynjólfi Bjarnasyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni í Chile með ræðismannsstigi í Reykjavík.

S.d. var Pétri Guðmundssyni, hrl. veitt viðurkenning sem kjörræðismanni í Uruguay með ræðismannsstigi í Reykjavík.

19. ágúst var Markúsi Sigurbjörnssyni veitt lausn frá prófessorsembætti við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1994 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Ásgeir Haraldsson skipaður prófessor í barnasjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1995 að telja.

23. ágúst voru eftirtaldir læknar skipaðir í hlutastöður (37%) lektora og dósenta við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1994 að telja:

Gísli Einarsson í stöðu lektors í endurhæfingarfræði.

Guðjón Vilbergsson í stöðu lektors í fæðinga- og kvensjúkdómafræði.

Halldór Jónsson í stöðu lektors í slysalækningum.

Jens A. Guðmundsson í stöðu dósents í fæðinga- og kvensjúkdómafræði.

Sigurður Guðmundsson í stöðu dósents í lyflæknisfræði.

24. ágúst var Matthíasi Geir Pálssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni Ármanni Guðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þórarni Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. ágúst var gefin út löggilding handa Brynjari Franssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

26. ágúst var Sigurbirni Þorbergssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

2. september var endurútgefið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi til handa Bjarna Lárussyni lögfræðingi.

9. september var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Einari Karli Hallvarðssyni lögfræðingi.

S.d. var Páli Gíslasyni, yfirlækni á handlækningadeild Landspítalans veitt lausn frá störfum yfirlæknis frá og með 1. janúar 1995.

S.d. var Víkingi H. Arnórssyni, yfirlækni Barnaspítala Hringsins, veitt lausn frá störfum yfirlæknis frá og með 1. janúar 1995.

S.d. var Sveinn Guðmundsson, læknir, settur til þess að gegna störfum yfirlæknis Blóðbankans frá og með 1. janúar 1995 til og með 31. desember 1995.

14. september var Bjarna Bjarnasyni veitt lausn frá lektorsstöðu í uppeldisgreinum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1994 að telja að hans eigin ósk.

15. september var Víkingi Arnórssyni, prófessor við læknadeild og Þórhalli Vilmundarsyni, prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands, veitt lausn frá embætti frá 31. desember 1994, að telja, að þeirra eigin ósk.

S.d. var Bogi Andersen skipaður prófessor í lífefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1995 að telja.

16. september var Stefáni Þórarni Ólafssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. september var Kaarina Suonio veitt lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Tampere, Finnlandi.

21. september var Guðmundi Þór Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefin út löggilding handa Jóni Gunnarssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

30. september var Edward J. Derwinski skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Chicago.

4. október var gefið út skipunarbréf handa séra Þóri Jökli Þorsteinssyni fyrir Selfossprestakalli í Árnesprófastsdæmi, frá 1. október 1994 að telja.

S.d. var gefin út löggilding handa Sigurði V. Ragnarssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

6. október var gefin út löggilding handa Gunnari Ólafssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

7. október var Kristjáni Ólafssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

10. október var Margréti Hauksdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. október var Birgi Brynjólfssyni veitt lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Winnipeg.

12. október var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Óðni Elíssyni lögfræðingi.

13. október var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Páli Hreinssyni lögfræðingi.

17. október var Aristotle P. Halikias skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Chicago.

21. október var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Ellý K. J. Guðmundsdóttur lögfræðingi.

S.d. var Ásgeiri Þór Árnasyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

28. október var Þórhildur Líndal, lögfræðingur, skipuð umboðsmaður barna til fimm ára frá 1. janúar 1995 að telja.

3. nóvember var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Önnu Jóhannsdóttur lögfræðingi.

4. nóvember var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Þórdísi Ingadóttur lögfræðingi.

S.d. var gefin út löggilding handa Guðmundi Birni Steinþórssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

9. nóvember var Ragnhildi E. Þórðardóttur veitt lausn fyrir aldurs sakir frá embætti deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. janúar 1995 að telja.

10. nóvember var Haukur Jónasson, læknir, sviptur leyfi til þess að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum svo og svefnlyfjum og róandi lyfjum frá og með 10. nóvember 1994 að telja.

S.d. var Gunnari Ármannssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

12. nóvember var Georg R. Wiederkehr skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Zürich.

14. nóvember var gefið út skipunarbréf handa Sigríði Guðmundsdóttur, guðfræðingi, fyrir Hvanneyrarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi, frá 20. nóvember 1994 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Þóreyju Guðmundsdóttur, guðfræðingi, fyrir Desjamýrarprestakalli í Múlaprófastsdæmi, frá 20. nóvember 1994 að telja.

S.d. var sr. Sigríði Guðmarsdóttur veitt lausn frá embætti sóknarprests í Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. febrúar 1995 að telja.

17. nóvember var Jóhannesi Sigurðssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

24. nóvember var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Birnu Hreiðarsdóttur lögfræðingi.

S.d. var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Sölva Sölvasyni lögfræðingi.

25. nóvember var gefin út löggilding handa Grétari Eggerti Ágústssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

5. desember var Sveini Sveinssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Erlu Svanhvíti Árnadóttur, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

7. desember var gefið út leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Katrínu Theodórsdóttur lögfræðingi.

8. desember var sr. Jens Hvidtfeldt Nielsen veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hjarðarholtsprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi að eigin ósk frá 1. febrúar 1995 að telja.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 14/1994.

Samkvæmt ákvæðum 3. málsl. 7. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga hefur ríkisskattstjóri reiknað út þær fjárhæðir er um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laganna og gilda vegna innborgana á árinu 1995.

Lágmarksfjárhæð skv. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 45.500 og hámarksfjárhæð kr. 455.000. Lágmarksfjárhæð skv. 3. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 11.375 og hámarksfjárhæð kr. 113.750.

Reykjavík, 21. desember 1994.

Garðar Valdimarsson,
ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1994

15. desember 1994 2889 Nr. 707

REGLUGERÐ

um Menningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita útgefendum og/eða höfundum fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu, sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt getur sjóðurinn veitt fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi s.s. vegna hljóðbókagerðar.

Endurútgáfu vandaðra rita má styrkja, ef ástæða þykir til. Sjóðstjórn getur átt frumkvæði að einstaka úthlutunum.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórn Menningarsjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar.

Stjórn Menningarsjóðs ákveður í hverju tilviki hvernig greiðslum úr sjóðnum skuli háttað. Stjórnin getur ákveðið að greiðslur fari fram í áföngum eftir því sem kostnaður fellur til.

Stjórn Menningarsjóðs ræður sjóðnum starfslið eftir því sem þörf krefur. Menntamálaráðherra ákveður þóknun sjóðstjórnar. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr Menningarsjóði. Heimilt er sjóðstjórninni að semja við bankastofnun um að annast vörslu sjóðsins og fjárreiður hans.

3. gr.

Sjóðstjórn úthlutar styrkjum úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári. Auglýst er með venjulegum hætti eftir umsóknum og skulu þær verða á sérstökum umsóknareyðublöðum Menningarsjóðs.

B 197
Gutenberg

4. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu skulu einkum vera þessi:

1. Handrit eða handritsdrög fylgi umsókn.
2. Verkið samræmist markmiðum sjóðsins að mati sjóðsstjórnar, sbr. 1. gr.
3. Heimildaskrár og/eða vandaðar hjálparskrár skulu fylgja fræðiritum.
4. Samkomulag um útgáfu liggi fyrir.
5. Gerð og frágangur verka fullnægi almennum gæðakröfum.
6. Upplag sé að jafnaði eigi minna en 750 eintök.
7. Eðlileg dreifing sé tryggð.
8. Útgáfutími sé ákveðinn.

Þá er styrkveiting ennfremur bundin því skilyrði að Menningarsjóður fái afhent endurgjaldslaust 5 eintök útgefins ritverks sem notið hefur styrks úr sjóðnum og að þess sé getið í útgefnu riti að Menningarsjóður hafi styrkt útgáfuna.

5. gr.

Nú er verk ekki gefið út innan hæfilegs tíma að mati sjóðstjórnar og fellur þá styrkloforð niður. Hafi styrkur verið greiddur ber styrkþega að endurgreiða hann, ásamt venjulegum vöxtum, sem vera skulu jafnháir og almennir sparisjóðsvextir við Landsbanka Íslands.

6. gr.

Stjórn Menningarsjóðs tekur árlega saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Eintak af skýrslunni skal sent menntamálaráðuneyti, ríkisbókhaldi og ríkisendurskoðun.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 79/1993 og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 390/1993 um Menningarsjóð.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUR

um kaupskrárnefnd varnarsvæða.

1. gr.

Utanríkisráðherra skipar kaupskrárnefnd til að fjalla um ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenskra starfsmanna varnarliðsins, einkum vinnulaun, launabætur og öryggi við vinnu, sbr. 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum, til fjögurra ára í senn og þremur til vara. Nú kemur til afgreiðslu mál er snertir nefndarmann beint, umbjóðendur hans eða atvinnuhagsmuni, sbr. reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi, og víkur hann þá sæti við afgreiðslu máls en varamaður hans tekur sæti.

2. gr.

Kaupskrárnefnd skal hlutast til um að laun og önnur starfskjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins séu jafnan eigi lakari en tíðkast á almennum vinnumarkaði samkvæmt viðurkenndum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í hlutaðeigandi starfsgrein.

3. gr.

Þegar um er að ræða starf, sem gildandi kjarasamningar taka ekki til, getur kaupskrárnefnd við ákvörðun launa og annarra starfskjara fyrir umrætt starf, valið viðmiðunarstarf, sem að dómi nefndarinnar er hliðstætt, enda séu ákvæði um síðarnefnda starfið að finna í viðurkenndum kjarasamningi. Slík viðmiðun getur gilt að hluta eða öllu leyti eftir ákvörðun kaupskrárnefndar.

4. gr.

Hafi stéttarfélög, faggreinafélög eða sambönd stéttarfélaga athugasemdir við ákvarðanir kaupskrárnefndar skv. 2. og 3. gr. hér að framan, skulu þau koma þeim á framfæri við kaupskrárnefnd ásamt skriflegri greinargerð þar sem athugasemdir eru rökstuddar. Sama gildir ef hlutaðeigendur telja að umtalsverðar breytingar hafi átt sér stað á starfi, starfstilhögun eða öðru sem máli skiptir.

Kaupskrárnefnd skal leita umsagnar starfmannahalds varnarliðsins um erindi sem henni berast samkvæmt þessari grein.

Synji kaupskrárnefnd erindi samkvæmt þessari grein skal nefndin rökstyðja synjun sína.

5. gr.

Kaupskrárnefnd kemur saman svo oft sem þörf er á, svo og ef einhver nefndarmanna óskar þess sérstaklega.

Fundarritari, tilnefndur af utanríkisráðherra, bókar fundi kaupskrárnefndar.

Telji kaupskrárnefnd þörf á, í því skyni að upplýsa mál, getur hún boðað á fund sinn fulltrúa hlutaðeigandi stéttarfélags eða sambands, svo og fulltrúa starfsmannahalds varnarliðsins.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur kaupskrárnefnd, í samráði við utanríkisráðherra, leitað eftir sérfræðiaðstoð, í því skyni að leiða til lykta ágreining eða álitamál.

7. gr.

Til afgreiðslu einstakra mála í kaupskrárnefnd þarf samþykki allra nefndarmanna. Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Kaupskrárnefnd kemur skriflega á framfæri við utanríkisráðherra upplýsingum um hvaða kjarasamningar skulu gilda á varnarsvæðum á hverjum tíma, svo og um breytingar á þeim.

